Alþingi 1961

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1961, þriðjudaginn 10. október, var áttugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en nítugasta og sjöunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Séra Jón Auðuns dómprófastur sté í stólinn og lagði út af Efesus. 4. 26.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
3. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
4. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
7. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
12. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
13. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
14. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
15. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
16. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
17. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
18. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
19. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
20. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
21. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
22. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
23. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
24. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
25. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
26. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
27. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
28. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
29. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
30. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
31. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
32. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
33. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
34. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
35. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
36. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
37. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
38. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
39. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
40. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
41. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
42. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
43. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
44. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
45. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
46. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
47. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
48. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
49. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.
50. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
51. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Enn fremur voru á fundinum Einar Sigurðsson, 3. (vara)þm. Austf., Hjörtur Hjálmarsson, 5. (vara)þm. Vestf., Jón Pálmason, 2. (vara)þm. Norðurl. v., og Sveinn S. Einarsson, 1. (vara)þm. Reykn.

Ókomnir til þings voru:

1. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
2. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
3. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
4. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
5. Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e.
6. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
7. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
8. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
9. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 13. september 1961 var gefið út svo hljóðandi bréf handhafa forsetavaldsins:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstréttar, gera kunnugt:

Við höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1961.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 13. september 1961.

Ólafur Thors, Jónatan Hallvarðsson,
Friðjón Skarphéðinsson.

Ólafur Thors.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um, að reglulegt Alþingi 1961 skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1961."

Samkvæmt því bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, til gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram. Bið ég því aldursforseta, Gísla Jónsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (GíslJ): Ég leyfi mér og veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þingmanna, að bjóða herra forseta Íslands, forsetafrúna og fylgdarlið þeirra allt velkomið úr vesturför þeirra, um leið og ég fyrir hönd Alþingis þakka alla virðingu og vináttu þeim sýnda á ferðalagi þeirra til Kanada, svo og þann sóma, er þau hafa aflað þjóð sinni á þessari ferð sinni. Þá hæstv. núv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. býð ég velkomna í hin virðulegu og vandasömu embætti. Hæstv. fyrrv. forsrh., sem fengið hefur um skeið frí frá störfum sér til hvíldar og hressingar, óska ég góðs afturbata og vænti, að hann að liðnu orlofi komi hér aftur til starfa sinna með fullum starfskröftum. Alla hv. alþm. býð ég velkomna til þings, svo og embættismenn þingsins og starfslið þess allt. Fyrir þingi því, sem nú er að hefja störf sín, koma til með að liggja mörg þýðingarmikil mál. Megi samstarf og samhugur verða slíkur í meðferð mála, að lausn þeirra verði hvort tveggja í senn Alþingi til sóma og landi og þjóð til heilla.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (GíslJ): Áður en þingstörf hefjast, vil ég leyfa mér að minnast þeirra manna, sem átt hafa sæti á Alþingi og látizt hafa, frá því er síðasta Alþingi var slitið, en þeir eru Jóhann Þ. Jósefsson fyrrum ráðherra, sem lézt í sjúkrahúsi í Hamborg 15. maí, Gunnar Ólafsson kaupmaður, sem andaðist að heimili sínu í Vestmannaeyjum 26. júní, Angantýr Guðjónsson verkstjóri, sem varð bráðkvaddur í Vestmannaeyjum 6. ágúst, og Ásgeir Sigurðsson skipstjóri, sem varð bráðkvaddur í Stafangri 22. september.

Jóhann Þ. Jósefsson fæddist í Vestmannaeyjum 17. júní 1886 og var því tæplega 75 ára, þegar hann lézt. Foreldrar hans voru Jósef skipstjóri þar Valdason bónda í Gerðakoti undir Eyjafjöllum Ketilssonar og kona hans, Guðrún Þorkelsdóttir í Vestmannaeyjum Einarssonar. Þegar Jóhann var á fyrsta ári, drukknaði faðir hans, og ólst hann upp hjá móður sinni og stjúpföður, sem fórst einnig við sjósókn. Jóhann, sem var á fimmtánda ári, gerðist þá fyrirvinna móður sinnar og réðst skömmu síðar til starfa við verzlun Gísla J. Johnsens í Vestmannaeyjum. Í ársbyrjun 1910 stofnaði hann til verzlunarrekstrar og útgerðar í Vestmannaeyjum í félagi við Gunnar Ólafsson og Pétur Thorsteinsson. Nokkru síðar keyptu þeir Jóhann og Gunnar hlut Péturs í fyrirtækinu, sem dafnaði vel undir ötulli stjórn þeirra. Höfðu þeir félagar þann atvinnurekstur með höndum fram á árið 1955, en dagleg umsjón með rekstrinum hvíldi löngum meir á herðum Gunnars vegna margs konar starfa Jóhanns á öðrum sviðum. Jóhann fluttist búferlum til Reykjavíkur á árinu 1935, gegndi þar ýmsum opinberum störfum og hafði verzlunarrekstur þar um skeið.

Jóhann Þ. Jósefsson vann um langt skeið að landsmálum og margs konar félagsmálum. Hann átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja frá 1919 til ársins 1938 og var um hríð forseti bæjarstjórnar. Hann var einn af frumkvöðlunum að stofnun Björgunarfélags Vestmannaeyja, átti sæti í stjórn þess og var framkvæmdastjóri þess, meðan hann átti heimili í Vestmannaeyjum. Lengi var hann formaður Lifrarsamlags Vestmannaeyja, var í stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda frá stofnun þess og sat í síldarútvegsnefnd um skeið. Hann átti sæti í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1931—1932, í landsbankanefnd 1938—1944, og var margsinnis á tímabilinu 1931—1939 sendur af hálfu ríkisstj. til verzlunarsamninga við Þýzkaland. Þingmaður Vestmanneyinga var hann á árunum 1924—1959, sat á 43 þingum alls. Hann var forseti efri deildar á sumarþinginu 1942 og forseti neðri deildar á þinginu 1942—1943. Á árunum 1944—1947 átti hann sæti í nýbyggingarráði og gegndi þar formannsstörfum. Fjármála- og sjávarútvegsmálaráðherra var hann 1947—1949 og sjávarútvegsmálaráðherra 1949—1950. Árið 1950 var hann kjörinn einn þriggja fulltrúa Íslands á þingi Ev-

rópuráðs, átti þar sæti til æviloka og var á heimleið af fundi þess, er hann lézt. Hann var framkvæmdastjóri Samlags skreiðarframleiðenda frá stofnun þess 1953 til ársloka 1960.

Jóhann Þ. Jósefsson naut ekki annarrar skólamenntunar en barnafræðslu, en hann aflaði sér víðtækrar menntunar af sjálfsdáðum og lagði einkum stund á tungumálanám. Með framúrskarandi ástundun og dugnaði náði hann slíkri leikni í tungumálum, að einsdæmi mun vera um sjálfmenntaðan mann, sem hafði ekki hlotið aðra skólamenntun en frumstig barnafræðslu. Jók hann allar stundir ævi sinnar við þessa kunnáttu með lestri úrvalsbóka, ekki einasta á Norðurlandamálum, heldur og á þýzku, ensku og frönsku, og skaraði á því sviði fram úr öllum samtíðarmönnum sínum óskólagengnum. Kom málakunnátta hans sér jafnan vel, ekki aðeins í viðskiptum við erlenda menn, er hann hafði allt frá æskuárum, heldur í erindrekstri hans erlendis fyrir þjóð sína og í starfi hans í Evrópuráði. Þar átti hann sæti sem einn af forsetum þingsins, stýrði fundum með festu og virðingu og mælti þá jafnan á franska tungu. Var lítilli þjóð mikill sómi og landkynning að slíkum fulltrúa. Hann kunni glögg skil á atvinnumálum þjóðar sinnar, einkum þó sjávarútvegsmálum og viðskiptamálum. Í störfum hans á Alþingi og annars staðar að opinberum málum kom þekking hans að góðu haldi. Á Alþingi vann hann ötullega að umbótum í sjávarútvegsmálum, jafnframt hagsmuna- og framfaramálum kjördæmis síns, og í nýbyggingarráði hafði hann forustu um margs konar framkvæmdir í atvinnumálum Íslendinga. Þekking hans á viðskiptamálum reyndist heilladrjúg í samningagerðum við aðrar þjóðir, og að markaðsmálum sjávarútvegsins vann hann mikið starf í Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og Samlagi skreiðarframleiðenda. Hann var tillögugóður í mannúðarmálum, hafði sára reynslu af slysum á hafi og í lofti og beitti sér fyrir raunhæfum ráðstöfunum til slysavarna. Samband íslenzkra berklasjúklinga kaus hann einn af fyrstu heiðursfélögum sínum fyrir frábæra baráttu í berklavarnamálum og djúpan skilning á kjörum berklasjúklinga. Mat hann þá viðurkenningu jafnan mikils.

Jóhann Þ. Jósefsson var skörulegur á velli og prúðmenni í framkomu. Hann var laginn samningamaður, ötull málafylgjumaður og lét ekki hlut sinn eftir liggja í umræðum um þau efni, sem voru honum hugfólgin. Hann var þó ekki einungis traustur og öruggur samherji, heldur jafnframt réttsýnn, prúður og rökfastur andstæðingur þeirra, sem áttu ekki samstöðu með honum um lausn vandamála. Hann var vinnusamur og afkastamikill, þótti góður húsbóndi og var reglusamur á öllum sviðum. Síðustu missirin var hann ekki heill heilsu, en gekk að verki, meðan kraftar entust. Við fráfall hans er á bak að sjá heilsteyptum og mikilhæfum athafnamanni og virðulegum og mikilsvirtum fulltrúa, ekki aðeins á Alþingi, heldur á hverjum þeim stað, þar sem hann kom fram fyrir þjóð sína.

Gunnar Ólafsson fæddist 10. febrúar 1864 í Sumarliðabæ í Holtum. Hann varð því 97 ára gamall og hefur náð hæstum aldri þeirra manna, sem átt hafa sæti á Alþingi á tímabilinu frá 1845, varð rúmum mánuði eldri en Páll Melsteð sagnfræðingur, sem andaðist á sama aldursári og Gunnar. Foreldrar Gunnars voru Ólafur bóndi í Sumarliðabæ Þórðarson bónda á Húsum í Holtum Jónssonar og kona hans, Guðlaug Þórðardóttir bónda í Sumarliðabæ Jónssonar. Ólst Gunnar upp hjá foreldrum sínum í hópi margra systkina og var snemma settur til vinnu. Fimmtán ára að aldri fór hann að heiman til sjóróðra og stundaði síðan um árabil sjómennsku á vertíðum og sveitastörf á sumrum. Tvær haustvertíðir stundaði hann skósmíðanám, en veturinn 1888—1889 var hann 2—3 mánuði í kvöldskóla verzlunarmanna og var það allt hans skólanám. Árin 1889—1896 var hann við verzlunarstörf í Reykjavík. 1896 varð hann bókari við Brydesverzlun í Vík í Mýrdal og verzlunarstjóri þar 1899. Er hann bauð sig fram til þingsetu sumarið 1908, varð hann að láta af því starfi og fluttist á næsta ári til Vestmannaeyja og hóf þar verzlunarstörf. Í ársbyrjun 1910 hófst félag þeirra Jóhanns Þ. Jósefssonar um verzlun og útgerð, og starfaði Gunnar síðan við þann atvinnurekstur fram á elliár.

Gunnari Ólafssyni voru falin ýmis trúnaðarstörf. Í Skaftafellssýslu var hann m. a. hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður, og í Vestmannaeyjum átti hann sæti í sýslunefnd og hafnarnefnd og gegndi þar sýslumannsstörfum í fjarvist sýslumanns. Í Vestmannaeyjum tók hann einnig þátt í margs konar félagsskap um atvinnurekstur. Hann var einn hinna mörgu nýju alþingismanna eftir kosningarnar sumarið 1908 og sat á þingi fyrir Vestur-Skaftfellinga 1909 og 1911, en gaf þá ekki kost á sér til lengri þingsetu. Á Alþingi 1926 tók hann sæti sem landskjörinn þingmaður eftir fráfall Hjartar Snorrasonar. Alls sat hann því á þremur þingum.

Gunnar Ólafsson var ungur settur til vinnu og reyndist dugandi verkmaður, enda þrekmenni. Hann átti lítinn kost skólagöngu, en hvarf um hálfþrítugt að verzlunarstörfum, og þau urðu ævistarf hans, sem hann rækti jafnan vel. Hann var mikill að vallarsýn, traustur í viðskiptum, hagsýnn og einbeittur. Hann afsalaði sér starfi, sem hann undi þó vel, frekar en hvika frá þeirri stefnu, sem hann hafði markað sér. Hann var ómyrkur í máli, sjálfstæður í skoðunum sínum og ódeigur að berjast fyrir þeim. Hann var vel ritfær og hélt jafnan fast á málstað sínum í rökræðum. Æviminningar sínar samdi hann, og er þar mörgum fróðleik um samtíð hans bjargað frá gleymsku. Við fráfall hans er lokið löngu ævistarfi mikils athafnamanns, og með honum er genginn óvenjulegur og sterkur persónuleiki.

Angantýr Guðjónsson fæddist í Reykjavík 22. maí 1917 og var því 44 ára, þegar hann andaðist. Foreldrar hans voru Guðjón fisksali í Reykjavík Jónsson tómthúsmanns í Árnakoti á Álftanesi Jónssonar og kona hans, Málhildur Þórðardóttir bónda í Ormskoti í Fljótshlíð Ívarssonar.

Æviferill Angantýs Guðjónssonar var hvorki langur né fjölbreyttur. Hann átti heimili í Reykjavík allan aldur sinn, hóf ungur störf hjá

Reykjavíkurbæ og vann þar til æviloka, hafði verkstjórn með höndum síðustu árin. Hann var vinsæll meðal samstarfsmanna sinna og greiðvikinn þeim, sem til hans leituðu. Stefna hans í stjórnmálum var eindregin, og hreinskilinn var hann um skoðanir sínar. Hann var hlédrægur, en komst ekki hjá trúnaðarstörfum í flokki sínum, og sérhvert verkefni, sem hann tók að sér að leysa, vann hann af alúð. Á Alþingi tók hann sæti sem varaþingmaður vorið 1958. Hann mun hafa átt við vanheilsu að stríða um nokkurt skeið, en nú er hann fallinn frá fyrir aldur fram.

Ásgeir Sigurðsson fæddist 28. nóvember 1894 í Gerðiskoti í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu og skorti því rúma tvo mánuði á 67 ára aldur, þegar hann féll frá. Foreldrar hans voru Sigurður bóndi þar og víðar austanfjalls, síðar fasteignasali í Reykjavík, Þorsteinsson bónda á Flóagafli Guðmundssonar og kona hans, Ingibjörg Þorkelsdóttir í Óseyrarnesi í Flóa Jónssonar.

Ásgeir Sigurðsson ólst upp hjá foreldrum sínum austanfjalls og var ungur settur til vinnu, ýmist í sveit eða við sjó. Árið 1910 fluttist hann með foreldrum sínum til Reykjavíkur og hóf sjómennsku, sem hann stundaði jafnan upp frá því. Fyrstu árin vann hann hásetastörf, en 1914 lauk hann farmannsprófi við stýrimannaskólann og 1917 réðst hann stýrimaður til Eimskipafélags Íslands. Hjá Eimskipafélaginu starfaði hann um 12 ára skeið. Seint á árinu 1929 var hann ráðinn til Skipaútgerðar ríkisins, og var hann síðan skipstjóri á skipum þeirrar útgerðar til æviloka.

Ævistarf Ásgeirs Sigurðssonar var sjómennska, lengst af skipstjórn í strandferðum við Ísland. Á fyrstu skipstjórnarárum hans voru siglingaskilyrði við strendur landsins allt önnur og lakari en nú, er tækniþróun síðustu áratuga hefur mildað erfiðleikana í baráttu við storma og myrkur. Var þá engum meðalmanni hent að stjórna skipi við strendur Íslands, hvernig sem viðraði, og halda þó settri áætlun um ferðir. En í þessu starfi sínu reyndist Ásgeir jafnan hinn traustasti stjórnandi, enda gerðist hann þaulkunnugur öllum siglingaleiðum umhverfis landið. Úr hverri raun kom hann heill á húfi og reyndist farsæll í hvívetna. Á styrjaldarárunum síðustu stjórnaði hann skipi sínu giftusamlega í hættuför til að sækja Íslendinga, sem tepptir voru erlendis. Í stopulum tómstundum milli skyldustarfa á sjó vann hann mikið starf að málum stéttar sinnar. Hann var formaður Skipstjórafélags Íslands 1936—1957 og gerðist hvatamaður að stofnun Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og var forseti þeirra samtaka frá stofnun þeirra 1937 til dánardags. Í félögum þessum og á öðrum vettvangi hafði hann mikil afskipti af málefnum sjómannastéttarinnar, barðist fyrir menningar- og öryggismálum hennar og hvers konar hagsmunamálum öðrum. Hann átti sæti sem varaþingmaður á þremur þingum á árunum 1956—1958 og beitti sér þar m. a. fyrir umbótum í hafnarmálum. Sem forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands átti hann frá 1940 sæti í nefnd til að gera tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála.

Ásgeir Sigurðsson var glæsilegur á velli og stórbrotinn í lund. Persónuleiki hans var slíkur, að honum veittist létt að halda uppi stjórn og reglu á skipum sínum. Virðuleg framkoma hans og prúðmennska í öllum háttum gerðu hann að ákjósanlegum leiðtoga áhafnar og farþega í sæförum. Í Noregsför þeirri, sem átti að verða og varð síðasta skipstjórnarför hans, reyndi mjög á þrek hans, en hann hlífði sér ekki, þegar starfs hans þurfti við. Skipi sínu kom hann heilu í höfn sem jafnan áður. Nokkru síðar bar andlát hans brátt að, og á íslenzka þjóðin þar á bak að sjá traustum forvígismanni einnar mikilvægustu stéttar þjóðfélagsins.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þeirra fjögurra manna, sem ég nú hef minnzt, virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (GíslJ): Alþingi hefur borizt bréf frá Gunnari Gíslasyni alþm.:

„Glaumbæ, 7. okt. 1961.

Vegna anna á ég óhægt með að mæta til þings fyrstu daga þess og óska þess, að fyrsti varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Pálmason, taki sæti mitt á Alþingi um sinn.

Virðingarfyllst,
Gunnar Gíslason.

Til forseta sameinaðs þings, Reykjavík."

Þá hefur einnig borizt bréf frá formanni þingflokks Alþýðuflokksins:

„Reykjavík, 10. okt. 1961.

Þar sem Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., er fulltrúi Íslands á allsherjarþingi Hinna sameinuðu þjóða og getur ekki setið á þingi næstu vikur, er hér með samkvæmt beiðni hans farið fram á, að varamaður, Hjörtur Hjálmarsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Emil Jónsson,
form. þingflokks Alþýðuflokksins.

Til forseta sameinaðs þings."

Þá hefur enn fremur borizt hér skeyti frá Jónasi Péturssyni:

„Skrifstofa Alþingis,
Reykjavík.

Vegna ólokinna starfa við tilraunabúið á Skriðuklaustri get ég ekki mætt á Alþingi nú og óska, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Einar Sigurðsson, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Jónas Pétursson."

Að síðustu er svo bréf hér frá framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Reykjavík, 9. okt. 1961.

Samkvæmt beiðni Ólafs Thors, 1. þm. Reykjaneskjördæmis, sem að læknisráði hefur tekið sér frí frá störfum næstu mánuði, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans,

Sveinn S. Einarsson verkfræðingur, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.
Til forseta sameinaðs þings."

Þessu bréfi fylgir og kjörbréf herra verkfræðings Sveins S. Einarssonar, og ber því að skipa í kjördeildir, þar sem kjörbréf hans hefur ekki verið rannsakað. Kjörbréf allra hinna þriggja hafa verið rannsökuð áður, enda hafa þeir allir tekið sæti á þingi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Rannsókn kjörbréfs.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AGl, ÁB, BGr, HH, BK, BGuðm, BP, EggÞ, FS, GeirG, GJóh, HÁ, HermJ, JSk, JR, KGuðj, KK, MÁM, SE, ÞÞ.

2. kjördeild:

AuA, BBen, BFB, EOl, EmJ, GíslJ, GÞG, HV, IngJ, IG, JÁ, JÞ, EinS, MJ, ÓB, ÓlJ, SvE, RH, SÁ, SÓÓ.

3. kjördeild:

AGb, ÁÞ, BjörnJ, EðS, EI, EystJ, FRV, GíslG, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, HS, JóhH, KJJ, LJós, PÞ, PS, SI, SkG.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Sveins S. Einarssonar, 1. (vara)þm. Reykn., og fékk 3. kjördeild bréfið til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Var nú gert fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn kjörbréfsins lokinni var fundinum fram haldið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Lögum samkvæmt og þingsköpum á aldursforseti að stýra fundum Alþingis í upphafi, þar til forseti sameinaðs þings hefur verið kjörinn. Nú er hér mættur á þingi Jón Pálmason, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. Ef ég man rétt, er hann nokkru eldri en sá hv. þm., sem nú situr í forsetastóli, og ég vil því leyfa mér að skjóta því fram til athugunar, hvort það sé ekki hv. 2. þm. Norðurl. v., Jón Pálmason, sem nú eigi að stýra fundi Alþingis, þar til kjör forseta hafi farið fram.

Aldursforseti (GíslJ): Út af fyrirspurn frá hv. 1. þm. Norðurl. v. skal það tekið fram, að bréf það, sem kom frá Gunnari alþm. Gíslasyni, gat sjálfsagt ekki verið tekið fyrir, fyrr en settur hafði verið fundur hér á Alþingi, og því ekki vitað, hver tæki sæti hans, fyrr en það bréf lá fyrir. Þetta hefur verið rætt við skrifstofustjóra Alþingis, og þótti rétt að skipta ekki um aldursforseta í Sþ., fyrr en forseti hefði verið kjörinn. En að sjálfsögðu tekur Jón Pálmason við aldursforsetastörfum í Nd., þegar deildarfundir hefjast.

Frsm. 3. kjördeildar (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Herra forseti. 3. kjördeild hefur yfirfarið kjörbréf Sveins S. Einarssonar, sem kallaður hefur verið til þings í forföllum Ólafs Thors, 1. þm. Reykn. Það er smávægileg villa, sem kjördeildin fann í bréfinu, sem annaðhvort mun stafa af ritvillu eða af misgáningi, þ. e. að Sveinn S. Einarsson er þar talinn hafa hlotið kosningu sem 2. varaþm., en kjörbréf hans sem 2. varaþm. hefur sennilega verið gefið út, áður en gefið var út kjörbréf til mín sem 8. landsk. þm., en ég átti þriðja sæti á lista Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. Þetta er aðeins smávægileg villa, en Sveinn S. Einarsson er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. Þess var óskað, að ég gæti um þetta. Hefur kjördeildin að öðru leyti einróma lagt til, að kosning Sveins S. Einarssonar verði tekin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Þessu næst undirritaði Sveinn S. Einarsson, 1. (vara)þm. Reykn., drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 11. okt. var fundinum fram haldið.

Þessir þingmenn voru nú til þings komnir auk þeirra, sem áður eru taldir:

1. Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e.
2. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
3. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.

Aldursforseti (GíslJ): Þá er fundi haldið áfram í sameinuðu Alþingi. Út af fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. hér á þinginu í gær um það, hvort ekki bæri að fela hv. alþm. Jóni Pálmasyni, sem mættur er sem varaþm. hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnars Gíslasonar, aldursforsetastörfin, þar sem vitað er, að hann er elztur þeirra þm., er nú eiga sæti á Alþingi, og vegna ummæla dagblaða um þetta atriði skal tekið *fram eftirfarandi:*

Eftir að forseti Íslands hafði í gær sett Alþ., óskaði hann eftir því, að aldursforseti þingsins, 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, tæki nú við fundarstjórn, þar til kosinn hefði verið forseti sameinaðs þings, allt samkv. fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. þingskapa.

Gegn þessum fyrirmælum forseta Íslands var engum mótmælum hreyft, enda Alþ. þá ókunnugt um bréf hv. 2. þm. Norðurl. v., þar sem óskað er eftir því, að varamaður hans taki sæti hér á Alþ. Um það atriði, hverjum forseta Íslands bæri að fela fundarstjórn, gat ekki verið neinn ágreiningur. Það er að fullu fylgt fyrirmælum þingskapa um það atriði.

Hvort rétt hefði verið að fela Jóni Pálmasyni, hv. varaþm. 2. þm. Norðurl. v., fundarstjórn í sameinuðu Alþ., eftir að samþykkt hafði verið, að hann tæki sæti aðalmanns hér á Alþ., verður ekki heldur deilt um. Verkefni aldursforseta er að stjórna fundi í Sþ., þar til

forseti Sþ. er kosinn, og standa fyrir kosningu hans. Þessu verkefni verður ekki skipt á milli tveggja manna, og ber þeim þm., sem forseti Íslands fól fundarstjórn í upphafi þings, að stjórna fundum, þar til því verkefni er lokið. Að sjálfsögðu ber aldursforseta Nd., sem nú er hv. þm. Jón Pálmason, að setja fyrsta fund þeirrar deildar og stjórna honum, þangað til forseti þar hefur verið kjörinn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði aths. hér á fundinum í gær um stjórn fundarins. Og ég vil leyfa mér að ítreka þá aths. Ég tel, að þar sem Jón Pálmason hefur tekið sæti á Alþ. sem 2. þm. Norðurl. v. og hann er elztur þeirra manna, sem nú sitja á þingi, þá eigi hann að stýra fundi og láta fram fara kosningu forseta. Ég get að sjálfsögðu fallizt á það með hæstv. forseta, að það hafi verið eðlilegt, að herra forseti Íslands tilnefndi Gísla Jónsson, hv. 1. þm. Vestf., til þess að stýra fundi, þar sem þá lá ekki fyrir bréf Gunnars Gíslasonar, hv. 2. þm. Norðurl. v., um, að hann gæti ekki mætt á þinginu, og ósk hans um það, að varamaður tæki sæti. En eftir að það bréf kom fram og Jón Pálmason tók hér sæti sem 2. þm. Norðurl. v., tel ég alveg tvímælalaust, að hann hafi þegar átt að taka við starfi aldursforseta og stýra fundi.

Það er algild regla, að þegar varaforseti tekur við stjórn fundar í þingi um hríð, vegna þess að aðalforseti er ekki viðstaddur til að gegna því starfi, þá víkur varaforseti úr stóli, þegar aðalforseti mætir síðar á fundi og er tilbúinn að taka við fundarstjórn. Á sama hátt á fyrrv. aldursforseti að víkja úr forsetastóli á þingsetningarfundi, þegar annar maður honum eldri tekur sæti á þinginu, og þá á hann að taka við stjórn fundarins. Ég sé ekki, að um þetta geti orðið deilt. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann víki úr fundarstjórasæti og feli aldursforseta þingsins, Jóni Pálmasyni, að taka við stjórn fundarins og stýra kosningu aðalforseta. Fari svo mót von minni, að hv. 1. þm. Vestf., sem nú er í forsetastóli, vilji ekki verða við þessum tilmælum, þá vil ég bera fram til vara þau tilmæli til hans, að hann láti Alþingi skera úr um þetta mál, til þess að þm. gefist kostur á að koma í veg fyrir, að ákvæði þingskapa séu brotin. Reglur þeirra ber að virða og eftir þeim að fara.

Aldursforseti (GíslJ): Út af ósk hv. 1. þm. Norðurl. v. skal ég skýra frá því, að ég get því miður ekki orðið við hans ósk um að víkja á þeim rökum, sem hann hefur fært hér fram, ekki vegna mín persónulega, heldur vegna þess, að ég tel, að það stríði á móti ákvæðum þingskapa. Það er þess vegna, sem ég hef lesið upp þau orð hér um þetta efni, að ég vil, að það sé staðfest í alþingisumræðum til eftirbreytni síðar meir. Ef hv. þm. heldur fast við þá till. sína að bera það undir deildina, þá er það að sjálfsögðu velkomið af minni hálfu, og óska ég þá helzt eftir, að það komi skrifleg tillaga um það.

ATKVGR.

Till. um, að Jón Pálmason taki við störfum aldursforseta, felld með 31:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, HermJ, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EOl, EystJ, GJóh.

nei: GTh, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, HH, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, GÍG, GíslJ.

HÁ, IG, ÞÞ, EðS, GeirG, GíslG, JPálm greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÞG, AGl, BP, FRV) fjarstaddir.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm., með 32 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 16 atkv. og Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., 8 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., með 32 atkv. — Gísli Jónsson hlaut 1 atkv., en 23 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., með 32 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓB, á B-lista SkG. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarstjóri (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Guðlaugur Gíslason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),

Jón Árnason (A),
Gunnar Gíslason (A),
Karl Guðjónsson (C),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Birgir Finnsson (A).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Gísli Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Birgir Kjaran (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Emil Jónsson (A).

Varamenn:
Ólafur Thors (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Gunnar Thoroddsen (A),
Einar Olgeirsson (C),
Gísli Guðmundsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.

Gísli Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Björn Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e. Deildina skipuðu þessir menn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
7. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
8. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og á fundi nema Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og Pál Þorsteinsson, 5. þm. Austf.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl., með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv., með 11 atkv. — 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf. með 11 atkv. — 8 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, en á B-lista KK. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og **Karl Kristjánsson,** 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Jón Árnason.
6. — — Björn Jónsson.
7. — — Hermann Jónasson.
8. — — Ólafur Björnsson.
9. — — Auður Auðuns.
10. — — Eggert G. Þorsteinsson.
11. — — Páll Þorsteinsson.
12. — — Sigurvin Einarsson.
13. — — Alfreð Gíslason.
14. — — Finnbogi R. Valdimarsson.
15. — — Ásgeir Bjarnason.
16. — — Friðjón Skarphéðinsson.
17. — — Jón Þorsteinsson.
18. — — Kjartan J. Jóhannsson.
19. — — Magnús Jónsson.
20. — — Ólafur Jóhannesson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram tveir eða þrír listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Magnús Jónsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Jón Árnason (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Sigurvin Einarsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Páll Þorsteinsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Auður Auðuns (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jóni Pálmasyni, 2. þm. Norðurl. v., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
5. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
6. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
15. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
16. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
17. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
18. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk þm.
19. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
20. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
21. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
23. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
24. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
26. Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e.
27. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
28. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
29. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
30. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
31. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
32. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
33. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
34. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
35. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
36. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
37. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
38. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
40. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., og Ólafur Thors, 1 þm. Reykn. Í stað Birgis Finnssonar var á fundinum varamaður hans, Hjörtur Hjálmarsson, í stað Gunnars Gíslasonar Jón Pálmason, í stað Jónasar Péturssonar Einar Sigurðsson og í stað Ólafs Thors Sveinn S. Einarsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., og Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., með 21 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., hlaut 10 atkv. og Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 7 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., með 20 atkv. — 16 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., með 21 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PS, en á B-lista BFB. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., og
Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Geir Gunnarsson.
11. — — Björn Pálsson.
12. — — Eysteinn Jónsson.
13. — — Ingvar Gíslason.
14. — — Gunnar Jóhannsson.
15. — — Gísli Jónsson.
16. — — Benedikt Gröndal.
17. — — Halldór E. Sigurðsson.
18. — — Einar Olgeirsson.
19. — — Sigurður Ingimundarson.
20. — — Gísli Guðmundsson.
21. — — Einar Ingimundarson.
22. — — Birgir Kjaran.
23. — — Alfreð Gíslason.
24. — — Jón Skaftason.
25. — — Guðlaugur Gíslason.
26. — — Ágúst Þorvaldsson.
27. — — Skúli Guðmundsson.

28. sæti hlaut Jónas Pétursson.
29. — — Sigurður Ágústsson.
30. — — Jónas G. Rafnar.
31. — — Halldór Ásgrímsson.
32. — — Birgir Finnsson.
33. — — Eðvarð Sigurðsson.
34. — — Matthías Á. Mathiesen.
35. — — Karl Guðjónsson.
36. — — Ólafur Thors.
37. — — Lúðvík Jósefsson.
38. — — Gunnar Gíslason.
39. — — Hannibal Valdimarsson.
40. — — Þórarinn Þórarinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Birgir Kjaran (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Gísli Jónsson (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Björn Pálsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Birgir Finnsson (A),
Geir Gunnarsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Birgir Finnsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarstjóri (A),
Benedikt Gröndal (A),
Einar Olgeirsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarstjóri (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Lækkun aðflutningsgjalda.

Á 14. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum [74. mál] (stjfrv., A. 95).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum. Í grg. frv. er rakin allýtarlega saga aðflutningsgjalda síðan tollskrá var fyrst sett hér árið 1939. Sú tollskrá markaði á ýmsa lund tímamót í sögu tollmála, eins og nánar er rakið í grg. En á þessum tveim áratugum, sem síðan eru liðnir, hafa margvíslegar breytingar verið gerðar varðandi aðflutningsgjöldin. Árið 1947 var lögfest álag á vörumagnstoll og á verðtoll, og hafa þau álög síðan verið aukin og hækkuð. Árið 1948 var innleiddur innflutningssöluskattur. Árið 1951 var tekið upp bátagjaldeyriskerfið með sínum álögum. Árið 1956 var í fyrstu innleitt framleiðslusjóðsgjald, síðar innflutningsgjald sérstakt og yfirfærslugjald einnig á því sama ári, sem síðar var hækkað á árinu 1958. Vegna þess, hve ýtarlega þetta mál allt er rakið í athugasemdum við frv., skal ég ekki rekja þetta frekar hér að sinni. En nú er svo komið, að á flestum aðfluttum vörum hvíla eftirtalin gjöld: Vörumagnstollur og álag á hann, verðtollur og álag á hann. Álagið á vörumagnstollinn er nú 340% og á verðtollinn 80%. Innflutningssöluskattur, sem nú er 15%. Innflutningsgjald, sem er mismunandi hátt eftir því, um hvaða vörutegundir er að ræða. Tollstöðvagjald 1%. Gjald í byggingarsjóð ríkisins 1%. Enn fremur eru innheimt sérstök aðflutningsgjöld af nokkrum vörum, svo sem innflutningsgjald af benzíni og hjólbörðum, rafmagnseftirlitsgjald og matvælaeftirlitsgjald.

Strax þegar núv. ríkisstj. hafði tekið við störfum í nóv. 1959, var hafizt handa um endurskoðun tollskrárinnar. Var sú endurskoðun falin fjórum embættismönnum, þeim ráðuneytisstjórunum í fjármála- og efnahagsmálaráðuneytinu, tollstjóranum í Reykjavík og hagstofustjóra. Þegar hefur verið lögð mikil vinna í endurskoðun tollskrárinnar. Í stað þess að hin gildandi tollskrá var í öndverðu byggð á nafnaskrá eða svokallaðri nomenclature Þjóðabandalagsins gamla, verður henni nú breytt og samin eftir hinni svokölluðu Brüssel-nafnaskrá, sem flestar vestrænar þjóðir hafa nú tekið upp. Ég geri ráð fyrir, að þessari tollskrárendurskoðun, sem er geysimikið verk, verði lokið á næsta ári og að frv. til nýrrar tollskrár megi leggja fyrir haustþingið 1962.

En jafnhliða hinni almennu endurskoðun tollskrárinnar hefur verið unnið að athugun á sérstöku vandamáli, sem er ólöglegur innflutningur vara eða smygli. Á fyrri hluta ársins 1960 var hafin sérstök athugun á þessu máli með aðstoð hagstofunnar. Það var reynt að gera sér grein fyrir því, hvaða vörutegundir það væru, sem helzt væru fluttar inn ólöglega, án þess að greiða af þeim lögmælta tolla, og í öðru lagi að reyna að gera sér einhverja hugmynd um það í stórum dráttum, hversu miklu þessi ólöglegi innflutningur mundi nema. Að sjálfsögðu er ákaflega erfitt að slá hér nokkru föstu, en ýmis atriði voru höfð til hliðsjónar. Það var í fyrsta lagi athugaður innflutningur samkvæmt verzlunarskýrslum um nokkur undanfarin ár. Í öðru lagi var höfð hliðsjón af því, sem talin var eðlileg notkun landsmanna á þessum vörutegundum, sem um var að ræða. Í þriðja lagi að sjálfsögðu árleg fjölgun landsmanna og aukin notkun eða neyzla af þeim ástæðum. Í fjórða lagi höfð hliðsjón af framleiðslu íslenzkra iðnaðarvara. Og margvíslegar aðrar upplýsingar og viðmiðanir var reynt að nota til að gera sér einhverjar hugmyndir um þetta.

Það kom m. a. í ljós, að strax af könnun verzlunarskýrslna mátti sjá, að hinn löglegi innflutningur hafði dregizt stórlega saman á vissum vörutegundum, þó að vitað væri, að notkun þeirra vörutegunda væri sízt minni en áður hefði verið, jafnvel heldur meiri, og án þess að aukning innlendrar framleiðslu gæti gefið hér skýringu á. Niðurstöður þessara athugana voru þær, að varðandi allmargar vörutegundir væri um ólöglegan innflutning í mjög stórum stíl að ræða. Má þar nefna sem dæmi margs konar ytri fatnað, kvensokka, úr og fjölmargt fleira, sem ég skal ekki upp telja, en margar þessara vara eru taldar í því frv., sem hér liggur fyrir.

Það var því ljóst af þessari athugun, að hér var um að ræða tugmilljónatap fyrir ríkissjóð á ári hverju, miðað við það, ef innflutningur væri að öllu eða mestu löglegur á þessum vörum. Hér var ekki eingöngu um að ræða stórfellt tap fyrir ríkissjóð í misstum tolltekjum, heldur einnig í ýmsum greinum verulega gjaldeyrissóun, vegna þess að töluvert af þessum smyglaða varningi er erlendis keypt í smásölu

og því greidd að óþörfu smásöluálagning, sem á mörgum vörum er mjög há í öðrum löndum og miklu hærri en hér, í stað þess að ef þessar sömu vörur væru keyptar að löglegum leiðum og fluttar inn af innflutningsfyrirtækjum, mundu þær keyptar að sjálfsögðu með miklu hagkvæmari kjörum og mætti m. a. komast hjá hinni erlendu smásöluálagningu. Hér var því um hvort tveggja að ræða, stórfellt tap fyrir ríkissjóð og óþarfa gjaldeyriseyðslu.

Nú skal ég ekki rekja hér, hverjar muni vera meginorsakir smyglsins eða hins ólöglega innflutnings. Til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar orsakir. En á því er enginn vafi og öll reynsla bendir til þess, að jafnskjótt og gjöld af aðfluttum vörum tóku að hækka verulega umfram það, sem ákveðið var í tollskránni upphaflega, hafi ólöglegur innflutningur á hátollavörum aukizt, án þess að tollyfirvöld fengju rönd við reist. Það má ætla, að eftir að innflutningsgjaldið var lögleitt í árslok 1956, hafi þó ólöglegur innflutningur á þeim vörum ýmsum, sem það tók til, aukizt stórlega.

Það er skoðun allra þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, að meginorsök hins ólöglega innflutnings sé sú, að heildaraðflutningsgjöldin á mörgum vörum séu orðin svo há, að þess muni vart dæmi annars staðar í vestrænum löndum. Auk þess hafa að sjálfsögðu verzlunarhöft og það, að innkaup á ýmsum vörutegundum voru bundin við ákveðin lönd, vöruskiptalönd, undanfarin ár, haft sína þýðingu í þessu efni. Hið margfalda gengi, uppbótakerfið, gjaldeyrisfríðindi hafa að sjálfsögðu einnig stuðlað hér nokkuð að. Þessi atriði skal ég ekki rekja hér frekar, en aðeins taka fram, að ég tel, að óhjákvæmilegt sé að ráðast til atlögu gegn smyglinu og að það mál þoli enga bið. Það er einnig svo hér eins og annars staðar, að ef aðflutningsgjöld ganga úr hófi fram, skapar það andsnúið almenningsálit. Afleiðingin verður virðingarleysi fyrir lögunum og almenn viðleitni til að komast hjá greiðslu gjaldanna. Það skapar einnig atvinnusmyglurum mikla gróðavon og möguleika til að leggja fram mikið fé og fyrirhöfn og leggja í nokkra áhættu til starfsemi sinnar vegna þess, hve ábatavonin er mikil á hinn veginn. Og þessi öfl hafa verið hér að verki á undanförnum árum og leitt til stórfelldra tolllagabrota, ríkissjóði til tjóns og heilbrigðum viðskiptarekstri til verulegs baga.

Til þess að reyna að draga verulega úr hinum ólöglega innflutningi, tel ég, að verði að fara tvær leiðir samtímis. Önnur er sú að lækka aðflutningsgjöld á ýmsum þeim vörum, sem vitað er að flytjast í stórum stíl ólöglega til landsins, og samtímis þessu að herða tollgæzlu og tolleftirlit.

Varðandi aðflutningsgjöldin er nú svo komið, að á fjölda vara og það nauðsynjavara eru aðflutningsgjöldin í heild komin á annað hundrað prósent, á mörgum vörum eru þau á milli 200 og 300% og hæst munu þau komast nú upp í 344% á einstaka vörutegund.

Ég tel, að strangara tolleftirlit og tollgæzla ein út af fyrir sig nægi ekki, það hefur verið reynslan yfirleitt í öllum löndum, þar sem aðflutningsgjöld hafa verið orðin mjög há, heldur þurfi þetta tvennt, sem ég nefndi, að haldast í hendur. Aðalsjónarmið þessa frv. er sem sagt að lækka verulega aðflutningsgjöld á hátollavörunum, og í því sambandi vil ég taka fram, að í þetta frv. er engin vara tekin, sem nú ber minna en 100% heildargjöld. Í fyrsta lagi koma hér til greina ýmsar vörur, sem engin framleiðsla er á hér innanlands og aðflutningsgjöld eru há á og að talið er í verulegu magni smyglað til landsins. Í öðru lagi koma svo ýmsar vörur, sem fluttar eru ólöglega í stórum stíl til landsins, en einnig eru framleiddar hér á landi. Þar kemur tillit til hins íslenzka iðnaðar og tollvernd sú, sem eðlilegt þykir að veita íslenzkum iðnaði. Nú er það svo, að ýmsar greinar íslenzks iðnaðar njóta hér mjög mikillar tollverndar. Aðrar iðnaðargreinar njóta hins vegar engrar verndar og bera sig vel engu að síður. Nú er rétt að taka fram og hafa í huga, að sú mikla tollvernd, sem sumar greinar íslenzks iðnaðar eiga við að búa, er ekki til komin eftir óskum iðnaðarins, heldur fyrir fjárþörf ríkissjóðs og útflutningsatvinnuveganna. Hins vegar hefur í skjóli þessara háu aðflutningsgjalda vaxið hér upp margvíslegur iðnaður. Og þess ber auðvitað að gæta, að þótt slík tollvernd sé ekki á komin eftir óskum iðnaðarins, verður að sjálfsögðu að fara í það varlega og í áföngum að draga verulega úr þeirri vernd, sem iðnaðurinn hefur notið um mörg undanfarin ár.

Varðandi þetta mál má að sjálfsögðu hafa mikinn stuðning af áliti þeirrar nefndar, sem skipuð var fyrir nokkrum árum og skilað hefur ýtarlegu áliti. Þessi nefnd var skipuð til að rannsaka þjóðhagslegt gildi neyzluvöruiðnaðarins og skilaði áliti í des. 1960, en þar er að finna mjög mikinn fróðleik um íslenzkan iðnað og hversu háttað er vernd eða verndarleysi einstakra greina hans. Í því yfirliti kemur það m. a. í ljós, hversu feikilega er misjafnlega háttað um vernd iðnaðarins. Út í þetta mál skal ég ekki fara hér almennt, vegna þess að það kemur fyrst og fremst til athugunar í sambandi við hina almennu endurskoðun tollskrárinnar, þar sem að sjálfsögðu verður að kanna þetta í hverri einstakri grein sem nákvæmlegast.

Nú er það töluvert ólíkt, hversu hinn erlendi kostnaður við framleiðslu á iðnaðarvörum hér á landi er há hundraðstala af verði vörunnar. Stundum er erlendi kostnaðurinn eða erlendu hráefnin kannske 40—45% af heildarverði vörunnar. Stundum er erlendi kostnaðurinn upp undir 70%. Og við ákvörðun þess, hvert á að vera hlutfallið milli tolla á vörunni fullunninni og tolla á efnivöru til sams konar iðnaðarframleiðslu hér, þarf m. a. að hafa hliðsjón af þessu, hversu stór hundraðshluti hinn erlendi kostnaður er í verði hinnar fullunnu íslenzku iðnaðarvöru. Í þessu sambandi skal ég aðeins nefna eitt, að það er almenn regla í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að þar sem fullunna varan er t. d. með 100% heildargjöldum, er hráefni til sams konar vöru sett með 90% heildargjöldum eða 10% lægra. Með þessu er að sjálfsögðu engu slegið föstu um það, hver eigi að vera framtíðarreglan um hlutfallið milli aðflutningsgjalda á fullunninni vöru og hráefni, það mál

þarf miklu nákvæmari rannsóknar við. Í sambandi við lækkun samkvæmt þessu frv. á aðflutningsgjöldum af fullunninni vöru, sem einnig er framleidd hér á landi, hefur verið leitazt við eftir föngum að lækka þá einnig aðflutningsgjöld á viðkomandi hráefni. Þar sem hins vegar er mjög mikið ósamræmi í núgildandi tollalögum um álögur á innfluttar vörur og hráefni, hefur þótt réttara til öryggis að setja inn 3. gr. í þetta frv., sem er á þá leið, að ef í ljós kemur, að aðflutningsgjöld á innfluttri vöru, sem lög þessi taka til, reynast lægri en aðflutningsgjöld á efnivöru í sams konar vöru framleidda innanlands, þá sé heimild til að lækka gjöld á efnivörunni, ef verðmæti hennar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar. Þetta ákvæði er sjálfsagt að hafa í frv. til öryggis fyrir íslenzkan iðnað, ef það kæmi í ljós úr hinu mikla völundarhúsi tollamálanna íslenzku nú í dag, að einhverjar efnivörur kynnu að vera hærra tollaðar en innflutta varan fullunnin.

Meginflokkar varanna, sem ræðir um í þessu frv., eru því annars vegar innfluttar vörur, sem alls ekki eru framleiddar hér á landi, en talið er að smyglað sé að verulegu leyti, og í öðru lagi innfluttar vörur, sem einnig eru framleiddar hér, og þá hafa þessi sjónarmið verið höfð í huga, sem ég hér hef getið, og við undirbúning þessa frv. haft náið samráð við þá aðila eða þau samtök, sem þetta mál snertir mest, og hefur verið leitað álits og haft samráð bæði við Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga í sambandi við þetta mál.

Auk þessara vara, sem eru meginefni þessa frv., hafa verið teknar með nokkrar vörur, sem ekki er talið að séu fluttar í stórum stíl ólöglega til landsins, ef til vill lítils háttar smyglað, en þar sem aðflutningsgjöld eru mjög há, hefur þótt rétt að taka þær með, en eins og ég gat um, fjallar þetta frv. ekki um neinar þær vörur, sem bera nú lægri heildargjöld en 100%.

Sú aðferð hefur verið höfð við undirbúning þessa máls og samningu þessa frv., að annars vegar hefur verið reiknað út, hver eru heildaraðflutningsgjöld á hverri einstakri vörutegund, sem frv. nær til, og í grg. á bls. 8, þar sem fjallað er um 2. gr. frv., er talið upp um alla helztu vöruflokkana, hver heildargjöldin séu nú og hvað lagt er til að þau verði. Hins vegar þótti sú aðferð hentugri varðandi sjálft frv. að ákveða þar einn verðtoll og verðtollsprósentu, sem komi í staðinn fyrir núgildandi verðtoll, verðtollsálag, vörumagnstoll, álag á vörumagnstoll og innflutningsgjald, og þær prósentur, sem greinir í 2. gr. frv., eru á þessu byggðar.

Þetta þurfa menn að hafa í huga við samanburð á 2. gr. og svo yfirlitinu í aths. við þá grein. M. ö. o.: í þeim prósentum, sem notaðar eru í 2. gr. varðandi verðtollinn, er þar fyrir utan innflutningssöluskattur, tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald og rafmagnseftirlits- og matvælaeftirlitsgjald, eftir því sem við á.

Í grg. um 2. gr. er einnig skýrt frá því, hvernig þessar tölur svara hverjar til annarra, þannig að þegar t. d. heildargjöldin eru lækkuð niður í 125%, þá samsvarar það í 2. gr. frv. 92% verðtolli o. s. frv., eins og þarna er nánar greint. Eða m. ö. o. þýða 125% heildargjöld, að verðtollurinn er ákveðinn 92%, 100% heildargjöld samsvara 70% verðtolli, 90% samsvara 62%, 80% samsvara 54%, 75% heildargjöld samsvara 52% verðtolli, 52% heildargjöld samsvara 30%. Ég vænti þess, að hv. þdm. fái nægar skýringar á þessum samanburði í grg., sem frv. fylgir.

Þetta frv. mun leiða til verðlækkunar á þeim vörum, sem það tekur til. Ég skal nú gefa hér yfirlit eða nokkur dæmi um það, hvernig sumar vörutegundir munu lækka í verði. Nokkrar þeirra, sem í frv. eru taldar, eru síðan 2. sept. í haust óháðar verðlagsákvæðum, álagning þeirra er frjáls, en af viðræðum við forráðamenn kaupsýslumanna veit ég, að það er vilji þeirra og stefna að stilla álagningu á slíkar vörur mjög í hóf, og þau dæmi, sem ég mun nefna hér, eru byggð á upplýsingum frá samtökum kaupsýslumanna, sem reikna með því, að framkvæmdin verði almennt þessi, þótt einstakar verzlanir hafi óbundnar hendur varðandi hinar álagningarfrjálsu vörur.

Af fatnaðarvöru má nefna, að regnkápur, sem nú kosta um 1940 kr., munu lækka um ca. 430 kr. Kvenkápur, sem nú kosta 2580 kr., munu lækka um ca. 630 kr. Hattar, sem nú kosta um 640 kr., munu lækka um 160 kr. Vettlingar, sem nú kosta 185 kr., munu lækka um ca. 26 kr. Kvensokkar, nælonsokkar, sem kosta nú um 68 kr., lækka um ca. 20 kr. Kjólaefni úr gervefnum, sem nú kosta 78 kr. metrinn, lækka um ca. 10 kr.

Af matvöru má nefna sem dæmi dós af niðursoðnum ávöxtum, sem nú kostar 60 kr., mundi lækka um ca. 11 kr. Súpur í pökkum, sem kosta nú um 18 kr., mundu lækka um tæpar 3 kr.

Af öðrum vörum má nefna lampa, sem nú kosta 1080 kr., munu lækka um ca. 110 kr. Baðker, sem nú kosta 3160 kr., munu lækka um ca. 270 kr. Úr, sem nú kosta 2170 kr., munu lækka um ca. 990 kr. Ódýrar ljósmyndavélar, sem nú kosta um 700 kr., munu lækka um ca. 250 kr. Íþróttatæki t. d., sem nú kosta um 620 kr., munu lækka um 200 kr. Æfingaföt íþróttamanna, sem nú kosta um 400 kr., munu lækka um 130 kr.

Þessi dæmi sem ég hér nefni, eru tekin varðandi verð á einstökum vörutegundum nú og eru samkvæmt upplýsingum frá samtökum kaupsýslumanna, hvernig verðið mundi verða, ef þetta frv. verður að lögum.

Sú spurning rís að sjálfsögðu: Þolir ríkissjóður þann tekjumissi, sem mundi leiða af þessari tollalækkun? Ég hef látið reikna það út, að ef innflutningur á þeim vörum, sem frv. tekur til, yrði óbreyttur á næsta ári frá því, sem hann var 1960, mundi tekjutap ríkissjóðs vera 46 millj. kr. Þetta er miðað við það, að þetta frv. hefði engin áhrif til þess að draga úr hinum ólöglega innflutningi. Hins vegar miðar þetta frv. að því og aðrar þær aðgerðir, sem í undirbúningi eru varðandi bætt tolleftirlit og tollskoðun, — þetta miðar og stefnir í þá átt, að verulega dragi úr smyglinu og löglegur innflutningur þessara vara aukist stórlega. Þetta frv. er því ekki byggt á þeirri hugsun, að ríkissjóður tapi tekjum við samþykkt

þess, heldur að ríkissjóður verði fyrir engu tapi, ef þessar ráðstafanir ná tilgangi sínum. Meginsjónarmiðið er það að gerbreyta svo því ástandi sem nú er um innflutning þessara vörutegunda, að ríkissjóður verði ekki fyrir neinu tapi þrátt fyrir hinar miklu tollalækkanir.

Varðandi hina hliðina á þessu máli, sem er umbætur á tolleftirliti, þá er hafinn undirbúningur að endurskoðun á löggjöfinni um tollheimtu og tolleftirlit. Það er hafin endurskoðun þessarar löggjafar og undirbúningur að margvíslegum umbótum í framkvæmd og skipulagi þessara mála, því að til þess að vinna bug á smyglinu eða draga stórlega úr því verður auðvitað jafnframt tollalækkuninni að gera ákveðnar ráðstafanir í þá átt að styrkja eftirlitið, tollgæzluna.

Ég skal ekki fara hér ýtarlega út í það, hvaða ráðstafanir eru á döfinni, aðeins geta um örfá atriði, sem til athugunar koma sérstaklega: Það verður að koma á auknu eftirliti með flutningi á ótollafgreiddum vörum innanlands. Það hafa hingað til engar hömlur verið á því, að skipafélög eða aðrir farmflytjendur hafi getað skilað af sér vörum á hvaða höfn sem er, ef þeir hafa þar aðeins skráða afgreiðslu. Um hitt hefur ekki verið sinnt, hvort nokkur aðstaða hefur verið til tolleftirlits með vörunum á viðkomandi höfn. Vöruskoðun hvarvetna þarf að auka, bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Í sambandi við tollmeðferð á verzlunarvörum er það til athugunar að herða ábyrgð vöreigenda á efni innflutningsyfirlýsingar og þeirra skjala, sem lögð eru fram henni til staðfestingar. Í lögum er nú heimild til þess að merkja vörur við tollafgreiðslu til að auðkenna þær frá ólöglegum varningi, sem kynni að vera á markaðinum. Þessu hefur dálítið verið beitt, en það er athugandi, hvort ekki er ráðlegt að auka þessar aðgerðir til þess að geta betur fylgzt með þessum málum. Það er nú of lítil aðstaða til að gera verðsamanburð á aðfluttum vörum við tollafgreiðslu eða staðreyna sannleiksgildi þeirra upplýsinga, sem gefnar eru um innkaupsverð og tollverð vöru. Á þessu þarf að verða breyting. Mjög auknar samgöngur á seinustu árum hafa valdið því í nágrannalöndum okkar, að eldri aðferðir við tolleftirlit hafa reynzt ófullnægjandi, og hefur í flestum grannlöndum okkar verið breytt mjög um framkvæmd tolleftirlits og teknar upp nýjar aðferðir. Víða hefur verið komið upp við tollgæzluna sérstökum eftirlitsdeildum, sem fylgjast með framboði á vörumarkaðinum og reyna að rekja tolllagabrot út frá dreifingunni innanlands. En tolleftirlitið hér á landi hefur hingað til aðallega beinzt að því að finna smyglvöru í þeim flutningatækjum, sem hún er flutt í til landsins, eða þegar hún er að koma til landsins. En ef smyglið hefur tekizt og varan sloppið í gegnum hendur tolleftirlitsins, hafa verið minni brögð að því að reyna að fylgja eftir. Þessar sérstöku eftirlitsdeildir, sem stofnsettar hafa verið í ýmsum nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku, með mjög góðum árangri, eiga að fylgjast með framboðinu á markaðinum og, eins og ég gat um, reyna að rekja smyglið og tolllagabrotin út frá dreifingunni innanlands, og þessar nýju aðferðir hafa gefið mjög góða raun og til athugunar að taka það einnig upp hér.

Varðandi þá höfn, sem langmest af varningi fer um, Reykjavíkurhöfn, þá er aðstaðan hér með öllu óviðunandi fyrir tolleftirlitið. Hér þarf gerbreytta aðstöðu. Það þarf að byggja hér tollstöð með vöruskemmu á hentugum stað við höfnina, til þess að þar sé hægt að taka inn, strax þegar skip kemur í höfnina, allar vörur úr skipinu, en til þess er ekki nokkur aðstaða eins og nú er. Um nokkurra ára skeið hefur verið lagt sérstakt gjald, tollstöðvagjald, á innfluttar vörur og safnað í sjóð. Því miður hefur enn ekki verið hafizt handa um byggingu slíkrar tollstöðvar eða skemmu, en í þessum sjóði eru nú um 20 millj. kr., svo að fjárskortur ætti ekki að hamla því, að hægt sé að ráðast hér í nauðsynlegar aðgerðir.

Ýmsar af þeim ráðstöfunum, sem ég hef nefnt og eru í athugun, eru skipulagsatriði, sem hægt er að framkvæma án lagabreytinga, en um sumt þarf lagabreytingar, og ýmsum breytinganna verður ekki komið á án nokkurs aukins kostnaðar og talsvert róttækra breytinga á núverandi starfsháttum. En það er trú mín, að sá kostnaður, sem kann að verða nauðsynlegur til að koma í framkvæmd betra og raunhæfara tolleftirliti en nú er, muni skila sér margfaldlega í auknum ríkistekjum og bættri aðstöðu fyrir heilbrigt athafna- og viðskiptalíf í landinu.

Ríkisstj. væntir þess, að þetta frv. og þær ráðstafanir, sem því munu fylgja, fái góðar undirtektir, bæði hér á hv. Alþingi og hjá öllum almenningi í landinu. Það er að sjálfsögðu mikið fjárhagsmál, mikið hagsmunamál og kjaramál fyrir fólkið, að það takist, sem hér er gert ráð fyrir. Það er líka mál, sem varðar sæmd okkar Íslendinga, að reynt sé að uppræta með sem beztum árangri það ófremdarástand, sem nú ríkir í þessum málum, sem eru þjóðinni sannast sagna til vansæmdar. Fyrir almenning er þetta frv. að sjálfsögðu nokkur kjarabót, því þó að hér séu ekki fyrst og fremst vörur, sem ganga inn í vísitöluna, — en sá hefur verið hátturinn undanfarin ár og áratugi að hugsa fyrst og fremst um að borga niður eða lækka gjöld á vísitöluvörum, — þó að ekki nema sumar þessara vara gangi inn í vísitöluna, þá ætla ég þó, að sérhver fjölskylda í landinu noti eitthvað af þeim vörum, sem frv. fjallar um, og þetta frv. er flutt og þessar ráðstafanir gerðar í trausti þess, að með þeim takist að draga úr hinum ólöglega innflutningi og beina honum inn á brautir laga og heiðarleika. Þetta frv. er þess eðlis, að það þarf að fá skjóta afgreiðslu á Alþingi. Öll tollafgreiðsla á þeim vörum, sem frv. tekur til, hlýtur að stöðvast nú þegar og þangað til frv. er orðið að lögum. Ég vil því beina þeim tilmælum til hv. fjhn., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, að hún geri sér far um að hraða athugun þess og afgreiðslu hjá sér, og að sjálfsögðu standa henni til boða þær upplýsingar, sem hún óskar eftir að fá. Ég vænti þess einnig, að hv. þdm. fallist á að láta þetta frv. fá greiða göngu í gegnum þessa hv. deild. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta frv. mun hafa verið sent öllum alþm. síðdegis í gær, á sunnudegi. Það hefur því ekki verið mikill tími fyrir alþm. að athuga þetta frv. í einstökum atriðum, og það, sem ég vildi segja hér nú, eru aðeins nokkur almenn orð um þetta frv. og ástæðurnar fyrir flutningi þess.

Hér er um að ræða frv. til laga um lækkun aðflutningsgjalda á nokkrum vörutegundum. Þær vörutegundir, sem um er að ræða, eru allar í flokki hátollaðra vara. En annars sýnist mér kenna ýmissa grasa í þessu frv. hvað vörutegundir snertir. Þar er um að ræða nauðsynjavörur eins og fatnað, einkum kvenfatnað, og þar er um að ræða skrautmuni og prjál úr ódýrum efnum, kveikjara og reykjarpípur og annað þess háttar, sem verður að teljast hrein munaðarvara. Ég verð að taka það fram, að ég fagna því sérstaklega að sjá í þessu frv. til laga um lækkun á aðflutningsgjöldum þær nauðsynlegu vörutegundir, sem ég gat um, sérstaklega kvenfatnað, kvenskó og kvensokka, því að vitanlegt er, að þessar vörur eru engin munaðarvara, þótt þær til þessa hafi verið tollaðar með þeim. Annars eru í stórum dráttum þær vörur, sem hér er um að ræða, að því er mér sýnist, ávextir, krydd og snyrtivörur, viss fatnaður, eins og ég tók fram, einkum kvenfatnaður, gólfteppi og hreinlætistæki, lampar og myndavélar, íþróttatæki og hljóðfæri og loks lindarpennar og kveikjarar og annað þess háttar.

Það leiðir af því, að tollar eru lækkaðir, að vöruverð lækkar frá því, sem var, og nefndi hæstv. fjmrh. í sinni ræðu nokkur fróðleg dæmi slíks. Ég vil nú segja, að þessu beri að fagna og að ekki sé vanþörf á, að eitthvað sé flutt þess efnis að lækka vöruverðið í landinu. Að þessu leyti ber að fagna þessu frv. Það, sem mér þykir þó leiðinlegt í sambandi við þetta frv., er, að hæstv. ríkisstj. flytur þetta frv. alls ekki af neinni umhyggjusemi fyrir kaupendum þeirra vara, sem hér er um að ræða, það er síður en svo. Tilgangurinn með flutningi frv. er allt annað en að bæta kjör almennings. Að vísu leiðir það af þeirri breytingu, sem hér er fyrirhuguð, en eins og hæstv. ráðherra tók fram áðan fylgir hér nokkur kjarabót, og hann sagði það líkt og það væri algert aukaatriði eða jafnvel nokkuð, sem nánast bæri að harma. Nei, frv. er ekki flutt af umhyggju fyrir notendum þessara vara, heldur er tilgangurinn annar. Það var ekki heldur við því að búast, að ríkisstj., sem hingað til hefur gert allt til þess að skerða kaupmátt launanna, færi nú allt í einu að stíga spor í gagnstæða átt. Tilgangurinn með þessu frv. er, að því er mér skilst, einvörðungu sá að bæta aðstöðu ríkissjóðs, bæta aðstöðu ríkisvaldsins í samkeppni við smyglara. Með þessu frv. á að rétta hlut ríkisvaldsins í samkeppni, sem stendur á milli þess annars vegar og smyglara hins vegar og ríkisvaldið hefur farið halloka í. Þankagangur ríkisstj. virðist vera þessi: Miklu magni af smávarningi er smyglað inn í landið og seldur þar í stórum stíl á svörtum markaði. Smyglarar og milliliðir þeirra stórgræða á þessu, en ríkissjóður tapar að sama skapi. Tollgæzlan í landinu stendur algerlega magnþrota gagnvart þessu fyrirbæri. Í stað þess að hefjast þegar handa um að efla tollgæzluna og grípa smyglarana, er leitað annarra úrræða. Til þess að draga úr smyglinu og rétta þannig við hag ríkissjóðs eru hátollar lækkaðir á þeim vörutegundum, sem mest er smyglað af í dag. Af þessari ástæðu og henni einni er þetta frv. flutt. Með því á, eins og ég sagði, að bæta aðstöðu ríkisvaldsins í viðureign þess við smyglarana.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að athuga, hverjir það eru, sem stunda smygl. Í greinargerð frv. er sagt, að 30—40 þús. manns komi árlega til landsins. Að sjálfsögðu eru smyglararnir í þessum hópi. Mér hefur dottið í hug, að þessum þúsundum manna, sem koma til landsins árlega, megi með tilliti til smyglstarfsemi skipta í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum yrðu þá venjulegir ferðalangar, erlendir og innlendir, fólk, sem fer landa á milli sér til skemmtunar og hvíldar, til náms eða kynningar erlendis, til lækninga eða þá í ýmiss konar opinberum eða hálfopinberum erindrekstri. Þetta er fyrsti flokkurinn. Annar flokkurinn eru áhafnir flugvéla og skipa, sem fara á milli landa. Og loks yrðu í þriðja flokkinum atvinnumenn á sviði verzlunar og viðskipta.

Ef við lítum nú á hvern þessara flokka örlítið, þá er fyrsti flokkurinn, hinir almennu ferðalangar, langfjölmennastur. Þetta fólk hefur ekki ráð á að smygla í stórum stíl. Þetta fólk hefur ekki ráð á að flytja neins konar varning inn í landið í stórum stíl eða til þess að hagnast á því. Því er skammtaður gjaldeyrir, og sá gjaldeyrir gerir ekki betur en duga til brýnustu nauðsynja, á meðan dvalizt er erlendis, eins og gildi krónunnar er nú háttað. Það má því ganga út frá því, að það séu ekki mikil brögð að smygli hjá mönnum í þessum hópi.

Í öðrum flokknum eru áhafnir flugvéla og skipa. Hvað er um þennan flokk að segja? Það helzt, að áhafnir flugvéla og skipa fá hluta af launum sínum greiddan í erlendum gjaldeyri. Hvers vegna er þetta gert? Þetta er gert til þess, að þetta fólk, sem hér um ræðir, geti drýgt laun, sem annars væru ófullnægjandi. Ég heyrði það fyrir fáum árum, að það væri gert ráð fyrir því, að áhafnir skipa og flugvéla notuðu sinn erlenda gjaldeyri til að drýgja kaupið með því að kaupa erlendar vörur og flytja inn í landið. Ég tel vafalaust, þó að ég þekki ekki vel til þessara mála, að orsakir til smyglunar smávarnings inn í landið eigi að nokkru leyti rætur sínar að rekja til þessa fyrirkomulags í launagreiðslum. Og ég vil segja, að ef þetta atriði er rétt, þá á hið opinbera, þá á ríkisvaldið ekki svo lítla sök á þessu smygli, sem nú er kvartað svo mjög um.

Þriðji flokkurinn, sem ég nefndi, er sá hópur kaupsýslumanna, sem ferðast landa á milli í atvinnulegum erindum. Það liggur nærri að ætla, að í þeim hópi gætu fyrirfundizt einstaklingar, sem í ábataskyni reyndu og iðkuðu smygleiðina. Þessir menn munu hafa gjaldeyri og hann í ríkum mæli, ef sannur er sá almannarómur, sem allir kannast við, almannarómurinn um stöðug og stórfelld gjaldeyrissvik vöruútflytj-

enda og vöruinnflytjenda. Þá lægi nærri að mínum dómi í þessu sambandi að líta betur eftir, skerpa eftirlitið með gjaldeyristilfærslum þessara aðila, bæði útflytjenda og innflytjenda.

Ef þetta er rétt skipting á þeim mönnum, sem fara á milli landa, og þeirra hlutdeild í smyglinu, þá eru það aðallega áhafnir skipa og flugvéla og auk þess einstakir óprúttnir kaupsýslumenn, sem löggæzlan á í höggi við með svo lélegum árangri eins og hér hefur verið lýst af hæstv. ráðh. Ég geri þetta að umtalsefni af því, að mér finnst ástæða til að athuga, hvaða leiðir eru til þess að draga úr smygli, aðrar en þær að hopa á hæli og lækka tolla eingöngu af tilliti til smyglaranna.

Mér dettur í hug, hvort það væri ekki rétt af hæstv. ríkisstj. að taka í þessu sambandi til náinnar athugunar að beita sér fyrir breytingu á launakjörum áhafna flugvéla og skipa, beita sér fyrir því að koma þeim launakjörum í það horf, að það yrði ekki beinlínis ætlazt til þess, að hluti launanna fengist með smyglstarfseminni. Hæstv. ríkisstj. ætti einnig í sambandi við baráttu við smyglstarfsemina að íhuga, hvort ekki væri kominn tími til að ganga á milli bols og höfuðs á gjaldeyrissvikum á sviði útflutnings og innflutnings. Væri það ekki nær en stíga spor eins og nú skal stigið, að draga í land, lækka tolla á vörutegundum, sem mest er smyglað af, í því skyni einu að bæta aðstöðu sína við keppinautinn mikla, smyglarana? Mér finnst næstum því, að segja megi, að hæstv. ríkisstj. líti á smyglarana nánast sem hættulegan, en heiðarlegan keppinaut, og það beri nauðsyn til að taka upp samkeppnisbaráttuna, og þetta er gert á þennan hátt. Í aðgerð eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., lækkun hátolla í því skyni að draga úr ólöglegum innflutningi, — í þessu felst uppgjöf tollgæzlunnar í landinu. Það er vegna vanmáttar hennar, að hæstv. ríkisstj. neyðist til að lækka þessa tolla.

Ég skal taka það fram, eins og ég gerði raunar í upphafi máls míns, að ég er fylgjandi frv. í heild og sérstaklega fylgjandi því, að ýmiss konar nauðsynjavörur í hátollaflokknum skuli lækkaðar. En það eru innan um hlutir, sem engin ástæða er til að lækka tolla á, eins og ég raunar drap á áðan. Þessi uppgjöf hæstv. ríkisstj. minnir mig á aðra uppgjöf, sem sömu hæstv. ríkisstj. henti á síðasta ári. (**Fjmrh.**: Það væri fróðlegt að vita, hvaða vörutegund það er, sem hv. þm. vill ekki lækka tolla á.) Munaðarvörur, glysvarningur. (**Fjmrh.**: Munaðarvörur?) Já, kveikjarar, reykjarpípur, skartgripir, prjál úr gleri og ódýrum málmum, eins og þarna er tekið fram.

Þessi uppgjöf minnir á aðra uppgjöf hæstv. ríkisstj., sem átti sér stað á síðasta ári. Þá stóð þessi sama hæstv. ríkisstj. ráðþrota andspænis skattframtölum borgaranna. Hún taldi þá svíkja skatt í stórum stíl, og gagnvart því vandamáli sá hún ekkert annað úrræði en að lækka skattana. Henni var bent á aðrar leiðir, eins og t. d. aukið eftirlit með skattframtölum, líkt og tíðkast víða erlendis. En á slíkt vildi hún ekki hlusta. Hún vildi draga úr skattsvikum með því einu að lækka beinu skattana og þá einkum skattana á hátekjumönnunum, sem auðvitað munaði mest um skattsvik hjá. Og til þess að bæta upp það tjón, sem ríkissjóður varð fyrir með þeirri skattalækkun, varð að grípa til söluskattsins illræmda og bæta ríkissjóði þannig upp tapið, sem skattsvikin höfðu til leiðar komið. Eins er um það, sem hér liggur fyrir. Í stað þess að styrkja tollgæzluna eru tollar lækkaðir. Það er sama undanhaldsleiðin.

Tilgreindur tilgangur með þessu frv. er, eins og ég hef margsagt, sá að draga úr ólöglegum innflutningi. Mér dettur í hug, að til viðbótar kynni að liggja á bak við dálítið annað. Hæstv. fjmrh. hefur áður opinberlega lýst því sem sinni skoðun og stefnu, að tollar almennt verði lækkaðir og að í stað þeirra lækkana komi hækkanir á söluskatti, eftir því sem á þurfi að halda. Ég hygg því, að hér sé um byrjun að ræða þessarar stefnu hæstv. ráðh., að lækka tolla almennt. Og ég hygg, að þessi stefna sé miðuð við þá viðleitni að keyra þjóðina síðan með góðu eða illu inn í Efnahagsbandalag auðvaldsríkjanna í Mið- og Suður-Evrópu. En eitt er víst, og það er, að þetta tollalækkunarfrv. er ekki komið til af góðu. Það er ekki flutt í þeim tilgangi að bæta kjör almennings, og svo kann að fara, um það er lýkur, að þetta frv. boði allt annað en kjarabætur fyrir almenning. Má raunar ganga að því vísu, að eitthvað komi hér í staðinn, hækkun söluskatts eða annað, áður en langt um líður, enda er það í fullu samræmi við stjórnarstefnuna hingað til.

Ég stóð hér upp fyrst og fremst til þess að ræða um höfuðtilgangínn með þessu frv., smyglstarfsemina í landinu og hvernig mætti draga úr henni. Nú vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að ekki verður smygl upprætt með aðgerðum eins og hér eru fyrirhugaðar. Það má e. t. v. draga eitthvað úr ólöglegum innflutningi þeirra vara, sem um er getið í þessu frv. En lengra nær ekki árangurinn af þessari baráttu. Smyglið getur haldið áfram í jafnstórum stíl og áður og gerir það áreiðanlega að öllu öðru óbreyttu. Er ekki tóbak og áfengi flutt inn ólöglega í stórum stíl — eða hvað segir hin rækilega athugun hæstv. fjmrh. um það? Hann segir í grg. frv., að hann hafi látið framkvæma rækilega athugun á smyglstarfseminni og hinu vonlausa verki tollgæzlunnar. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. þessara spurninga: Hve mikil brögð eru nú að ólöglegum innflutningi áfengis og tóbaks? Í öðru lagi: Telur ekki tollgæzlan líkur á, að sá innflutningur aukist eftir þá tollalækkun, sem fyrirhuguð er nú? Í þriðja lagi: Hvað hefur athugun hæstv. ráðh. leitt í ljós varðandi ólöglegan innflutning annarra eiturefna en tóbaks og áfengis, nautnalyfjanna svokölluðu? Eru mikil brögð að slíku smygli nú þegar, og eru líkur fyrir, að það aukist vegna þverrandi eftirspurnar á *nælonsokkum og brjóstahöldum*?

Þessar spurningar varða almenning og það væri mjög fróðlegt, ef hæstv. ráðh. sæi sér fært að svara þeim. Það væri almenningi hollt að fá vitneskju um niðurstöður þeirrar rækilegu athugunar, sem hæstv. ráðh. hefur látið gera í sambandi við tollsvik og smyglstarfsemi. Því miður er ég ekki í miklum vafa um gagnsleysi

þeirrar viðleitni, sem felst í þessu frv. Smyglið heldur áfram, það finnur sér að einhverju leyti nýjan farveg, það er allt og sumt, sem gerist. Það er enginn vafi á, að smyglarar finna einhver úrræði í þessari frjálsu samkeppni við ríkisvaldið. Aðalatriðið fyrir smyglara er, að tollgæzlan verði framvegis jafnvanmáttug og hún hefur verið til þessa, en úr þeim vanmætti bætir þetta frv. ekki hætishót. Ég fer um þetta svo mörgum orðum af því, að í grg. fyrir frv. hæstv. ráðh. er það sagt berum orðum, að í frv., efni frv. felist öruggasta leiðin til þess að vinna bug á þessum ósóma. Ég hygg, að það þurfi allt annað til að vinna bug á þeim ósóma, sem hér er um að ræða. Það þarf fyrst og fremst að bæta aðstöðu tollgæzlunnar. Á þá þörf minntist raunar hæstv. ráðh. í sinni ræðu, en það er sú þörf, sem mest knýjandi er nú og hefði þurft að byrja á.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka ósk mína um, að hæstv. ráðh. svari þeim fyrirspurnum, sem ég beindi til hans nú. Ég tel það skipta miklu máli. Það er vitað, að miklu er smyglað af áfengi og tóbaki. Margfaldast ekki sá ólöglegi innflutningur að sama skapi og dregur úr öðrum innflutningi?

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. 9. þm. Reykv. tók fram hér áðan, hefur ekki verið mikill tími til þess að athuga þetta frv., því að efni þess virðist hafa komið síðar í hendur okkar þm. hér í d. en Mánudagsblaðsins, svo að það kann nú að vera, að ýmislegt í sambandi við þetta mál kunni að skýrast betur og það verði betra tækifæri til þess að kryfja málið að ýmsu leyti til mergjar, þegar það hefur hlotið athugun í nefnd. En ég vildi þó nú þegar við 1. umr. málsins gera nokkur atriði frv. að umræðuefni, eins og þau koma mér fyrir sjónir við mjög lauslega athugun.

Það hefur komið fram, bæði í grg. með frv. og í ræðu hæstv. fjmrh., að megintilgangur frv. sé af hálfu ríkisstj. sá að draga stórlega úr ólöglegum innflutningi á vissum hátollavörum, sem talið er að sé nú mjög mikill. Og það virðist vera skoðun hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., að eina leiðin til þess að vinna bug á þessum ósóma, sem hann nefnir svo réttilega, sé að draga úr ágóðavon smyglarans með því að minnka verðmismuninn á vörunni heima og erlendis. Það kann að vísu að vera eitthvað til í þessari kenningu, en þó finnst mér hún að ýmsu leyti töluvert vafasöm. Mér finnst það vera mjög vafasöm kenning, að sá, sem vill hagnast með ólögmætum hætti, láti af þeirri tilhneigingu, ef hagnaðurinn minnkaði eitthvað. Mér þykir t. d. ekki sennilegt, að sá, sem nú kynni að hagnast um 200% með smygli, láti af því, þó að hagnaðurinn minnki niður í 100%. Ég held, að hann mundi halda því áfram, ef hann gæti, og ég vil þess vegna segja það, að af þeim tveimur leiðum, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan í sinni ræðu um varnir gegn smygli, mundi ég hallast að því frekar, að síðari leiðin, þ. e. a. s. að endurbæta tollgæzluna, hefði veruleg áhrif. Mér þykir líka ákaflega ósennilegt, að áhafnir skipa og báta og flugvéla, sem sérstaklega eru tilgreindar í frv. sem hættulegir smyglarar — (Gripið fram í.) Það stendur í grg. Það eru sérstaklega nefndir farþegar og áhafnarmeðlimir sem þátttakendur í smyglinu, á bls. 7 efst, ef hæstv. ráðh. hefur ekki lesið þá grg., sem hann hefur sent með frv. Ég held, að þeir og reyndar aðrir, sem ferðast á milli landa, muni undir öllum kringumstæðum halda áfram að nota þann gjaldeyri, sem þeir fá annaðhvort sem laun eða afla sér með öðrum hætti, til þess að flytja einhverja vöru til landsins og leitast við að koma henni undan álagningu aðflutningsgjalda, eftir því sem þeim frekast er unnt. Ég held, að á þessu verði engin breyting, jafnvel þó að breytingar á aðflutningsgjöldum á vissum tegundum geti orkað í þá átt að beina smyglhættunni inn á aðrar brautir, það viðurkenni ég að muni vel geta átt sér stað.

En við skulum sleppa þessu og jafnvel gera ráð fyrir því, að eitthvert verulegt hald sé í þessari aðalkenningu, sem mér virðist frv. vera byggt á. Þá hlýtur það þó að ráða mestu um það, hvort þessi aðferð er virk í þeim tilgangi, sem henni er ætlað að vinna, að um það verði að ræða, að raunverulegar verðlækkanir verði í fullu samræmi við þá lækkun á aðflutningsgjöldunum, sem lögð er til, því að ef endanlegt verð á vörunum til neytendanna verður lítið breytt frá því, sem áður var, þá get ég ekki séð, að þetta komi að neinu haldi. Nú er það auðvitað svo, að það eru ekki aðflutningsgjöldin ein, sem ákveða endanlegt verð vörunnar eða gera út um það, hvernig sú vara, sem löglega er fengin, stendur sig í samkeppni við ólöglegan innflutning. Þar kemur vitanlega fleira til og þá alveg sérstaklega álagningin á vörurnar. Mér sýnist því, að það sé vel hugsanlegt, að lækkun á aðflutningsgjöldum komi ekki fram nema þá að mjög litlu leyti, og mér virðist engin trygging fyrir því, að hún geri það að nokkru leyti, — engin fullkomin trygging, — ef ekki er sett fyrir þann leka, að álagningin hækki að sama skapi og aðflutningsgjöldin eru lækkuð. Ef sú yrði raunin, þá sé ég ekki, hvert gagn er að þessari aðferð hæstv. ríkisstj. til þess að draga úr smyglinu.

Og þá er ég nú kominn að því, sem ég tel raunverulega vera aðalatriðið í þessu máli, þ. e. a. s. hverjum komi lækkun aðflutningsgjaldanna, eins og að henni er staðið, fyrst og fremst til góða. Kemur hún almenningi, sem kaupir vörurnar að síðustu, til góða, eða beinast þessar lækkanir og sá mismunur, sem þarna kemur fram, inn á aðrar leiðir? Ég vil taka undir það með hv. 9. þm. Reykv., að auðvitað væri það mikið fagnaðarefni, ef þessi hæstv. ríkisstj., sem nú fer með völd og hefur ekki gengið eins hart fram í neinu í sinni valdatíð og að hækka verð erlendrar vöru með því að hækka aðflutningsgjöld stórkostlega, líka á þessum vörum, sem hér er rætt um, væri allt í einu snúin við á þeirri braut dýrtíðar, sem hún hefur gengið, og hygðist nú fara að lækka vöruverð almennt í landinu aftur. Þetta væri auðvitað mikið fagnaðarefni, og því bæri líka að fagna, jafnvel þótt ekki væri nú byrjað á meira en því að lækka nokkuð aðflutningsgjöld á þeim vörum, sem síður verða taldar til brýnustu lífsnauðsynja, en ekki almennt á þeim vörum, sem

allra nauðsynlegastar eru. Það bæri að sjálfsögðu að fagna því einnig. En þá kemur þessi spurning: Hefur verið staðið þannig að þessari tillögugerð, sem hér er á ferðinni, að það sé tryggt, að lækkanirnar á gjöldunum komi fram í vöruverðinu, eða hafa einhverjar sérstakar ráðstafanir verið gerðar í þá átt? Ég held, að ef svo hefði verið, þá hefði bæði í grg. frv. og eins í ræðu hæstv. ráðherra verið lögð miklu meiri áherzla á það atriði, að þessar ráðstafanir kæmu almenningi til góða. En í grg. er alls ekki minnzt á þetta, hins vegar gerði hæstv. ráðh. þá hlið málsins að nokkru að umtalsefni, og kem ég að því síðar, en þó ekki að neinu aðalatriði í málinu.

Í þessu sambandi verður ekki komizt fram hjá því að minna á þá staðreynd, sem kann að vísu að vera dálitið óþægileg fyrir hæstv. ráðh. og fyrir ríkisstj., sem er að hæla sér af þessum aðgerðum, sem hún hér er að leggja til, að hún beitti sér fyrir því á s. l. hausti, að nýjar reglur voru settar um verðlagningu, og með tilkynningu verðlagsyfirvaldanna, frá 31. ágúst s. l. ætla ég það sé, sem ég hef hér í höndunum, er saminn mjög langur listi yfir vörur, sem hér eftir skulu vera undanþegnar öllum verðlagsákvæðum. Ég hef ekki haft tíma til að bera þennan lista tilkynningar verðlagsnefndar frá 31. ágúst frá orði til orðs saman við þær vörur, sem nú eru taldar upp í frv. og á að lækka aðflutningsgjöldin af, en ég hygg, að það skeiki a. m. k. sáralitlu, að þessi tilkynningalisti verðlagsyfirvaldanna sé nákvæmlega þræddur í þessu frv., sem hér er lagt fyrir þingmenn. Það virðist því, að það vöruval, sem þarna hefur verið, hafi alls ekki verið valið með tilliti til þess, að þarna væri um vörur að ræða, sem mikil hætta væri á að væru smyglaðar, þó að það séu að vísu mjög margar þeirra, heldur svo að segja 100% eða kannske alveg, — ég skal ekki alveg fullyrða það, — verið þræddur þessi listi yfir þær vörur, sem verzlunarstéttin hefur ótakmarkaða heimild til að verðleggja eftir sínum geðþótta. Ég býst t. d. við því, að það verði frekar erfitt að fá menn til að trúa því, að það sé sérstök hætta á því, að t. d. hlutum eins og baðkerum, salernisskálum, ljósakrónum, jólatrjám og öðru slíku sé smyglað til landsins. Þetta val á þessum tegundum til þess að lækka aðflutningsgjöldin getur því ekki staðið í sambandi við þá meginröksemdafærslu, sem færð hefur verið fram fyrir frv. Eða hafa kannske verið brögð að því, að þessum vörum væri smyglað í stórum stíl til landsins? Mér finnst það afar ólíklegt.

Auðvitað ber ekki að skoða þessi orð mín svo, að ég sé andvígur því, að aðflutningsgjöld séu lækkuð á þessum vörum fremur en hinum, því að á því er auðvitað brýn nauðsyn. En þetta sannar hins vegar ekkert annað en það, að það er önnur meginregla, sem hefur verið höfð í huga, þegar verið var að velja vörurnar til að lækka á þeim aðflutningsgjöldin, heldur en það, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta að hafi verið eina eða a. m. k. aðalástæðan. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála og sé alveg opinbert leyndarmál, að með þessu frv. sínu er ríkisstj. fyrst og fremst að efna loforð, sem hún hefur gefið verzlunarstéttinni um aukinn hagnað og hún gaf í viðræðum sínum við heildsala og samtök kaupmanna í ágúst s. l. og að þar sé höfuðástæðuna og höfuðrökin að finna fyrir flutningi þessa frv. Þetta hálfopinbera samkomulag, sem ríkisstj. gerði þá við verzlunarstéttina um það, að hún fengi takmarkalausa álagningarheimild á vissar vörutegundir, var gert á sama tíma og álagning var einnig stórhækkuð almennt á þeim vörum, sem verðlagsákvæðin voru þá ekki numin af og sannanlegt er að nam miklu meira en sá aukni tilkostnaður, sem verzlunin hafði af kauphækkununum í sumar. En kröfur verzlunarstéttarinnar gengu lengra en að fá almennum álagningarreglum breytt. Þær gengu einnig í þá átt að fá miklu meira en áður hafði verið af vörum undanþegið öllum verðlagsákvæðum, þannig að hún gæti aukið hagnað sinn af þeim mjög verulega frá því, sem áður var. Og þegar böndin bárust sérstaklega að þessum vörutegundum, sem í þessu frv. felast, kom sú mótbára frá hálfu verzlunarstéttarinnar, að aðflutningsgjöldin væru svo há á þessum vörum, að það væri ekki unnt að hækka álagninguna, nema aðflutningsgjöldin yrðu lækkuð. Og það er það, sem verið er að gera núna. Það er verið að rýma til fyrir verzlunarstéttinni, lækka aðflutningsgjöldin, til þess að verzlunarstéttin geti aukið sína álagningu. Og til þess hefur hún ótakmarkaða heimild samkv. ákvörðun ríkisstj., sem hún tók í ágúst s. l.

Hæstv. ráðh. nefndi hér nokkur dæmi þess, að verðlag mundi lækka á ákveðnum vörutegundum, og sumt af því virtist vera allverulegt. En hvar hefur hæstv. ráðh. tryggingu fyrir því, að lækkunin verði þessi, þegar afnumin hafa verið öll verðlagsákvæði? Getur það ekki verið hvenær sem er, að heildsalar og smásalar telji sér hagkvæmt að hækka álagninguna og jafnvel svo mikið, að ekkert verði eftir handa neytendum? Ég get ekki séð, að gegn þessu sé nokkur trygging til. Eða ef það var alveg öruggt, að verðið mundi lækka á öllum þessum vörutegundum, hvers vegna máttu þær þá ekki vera undir verðlagsákvæðum áfram? Hvers vegna mátti það ekki vera tryggt, að a. m. k. einhver hluti af lækkun aðflutningsgjaldanna kæmi neytendum til góða? Við skulum segja, að það hafi verið nauðsynlegt að hækka eitthvað álagninguna, sem ég reyndar dreg mikið í efa, — en því í ósköpunum mátti þá ekki halda einhverju eftir af verðlagsákvæðunum sem tryggingu fyrir neytendur? (**Fjmrh.**: Má ég aðeins segja til skýringar, að það er svolítill misskilningur í þessu. Mikill meiri hluti þeirra vara, sem frv. fjallar um, er enn undir verðlagsákvæðum.) Ég mun ganga úr skugga um það síðar, hvað hæft er í þessari síðustu fullyrðingu hæstv. ráðh., sem hann gerir úr sæti sínu, en ég get til glöggvunar á því, hvað hér er um að ræða, tekið nokkur dæmi um það, hvaða vörur eru taldar upp í tilkynningu verðlagsyfirvaldanna frá 31. ágúst. Það eru þær matvörur, sem um er að ræða í frv., að ég held, niðursoðnir ávextir og skyldar vörur, sem frekar er þar talið upp og ég ætla að passi algerlega við frv. Það eru fatnaðarvörur, yfir-

leitt allur ytri fatnaður og allur tilbúinn fatnaður, sem er vitanlega eitt af því þýðingarmesta í frv. Það er skófatnaður, kvenskór, — það er kannske tilviljun, að það er eina skótegundin, sem er lækkuð samkv. frv., og eina skótegundin, sem er undanþegin verðlagsákvæðum. Það eru þær byggingarvörur, sem upp eru taldar í frv., það eru þær rafmagnsvörur, sem upp eru taldar í frv., það eru þau ritföng, sjálfblekungar, skrúfblýantar o. s. frv. Skrifstofuvélar munu að vísu ekki vera þarna. Það er það eina, sem ég kem auga á í flýti, sem er ekki upp talið af þeim vörutegundum, sem hámarksálagning hefur verið numin af. En það kann að vera fleira, ég hef ekki haft nægan tíma til að kanna það. En ég held, að það sé fráleitt, að þessi fullyrðing standist, að þarna sé um meiri hlutann að ræða. En það kemur að sjálfsögðu í ljós síðar, hvor okkar hæstv. ráðh. hefur á réttara að standa í því efni.

Ég held þess vegna, að ef það hefur verið aðaltilgangurinn með þessu frv. að hindra ólöglegan innflutning, eins og fært er fram sem aðalröksemd fyrir frv., þá hefði verið alveg nauðsynlegt, um leið og aðflutningsgjöldin voru lækkuð, að tryggja það, að sú lækkun kæmi fram í verðlaginu. En það er einmitt það, sem hefur verið látið hjá líða. Það má kannske segja, að það hafi verið stíflað fyrir einn smygllækinn og hindraðar orsakir þess að einhverju leyti þannig, en það hefur þá verið tekin stíflan úr á öðrum stað, og mér sýnist tvísýnt, hvort rennslið í nýja farveginum verður ekki eins mikið og í þeim fyrri. En þarna er sem sagt verið að leyna því, hver sá tilgangur var, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakti og eins og ég hef rakið er opinbert leyndarmál, að það er samningur við heildsalastéttina, sem verið er að halda með þessu, og ekkert annað. Og það er a. m. k. engin trygging fyrir því, að þetta komi neytendum að nokkru teljandi gagni, og ekki heldur fyrir því, að það hafi neitt að segja viðvíkjandi heildarmagni smyglvarnings til landsins.

Þetta var það, sem ég vildi segja um frv. sjálft. En í sambandi við það, að í grg. frv. er boðað, að nú standi yfir allsherjarendurskoðun á lögum um tollskrá, og það hefur reyndar verið boðað áður af hæstv. fjmrh., og að þessari athugun eigi að vera lokið fyrir árslok 1962, þá vil ég segja það, að ég tel það þess vert, að það sé gagnrýnt, bæði í sambandi við þessa sérstöku heildarendurskoðun á tollalögum og eins í sambandi við þetta krafs í tollskrárlögin, sem þetta frv. er, því að annað er það ekki, að slík endurskoðun á svo mikilvægu og flóknu löggjafaratriði sem hér er um að ræða fari fram án þess, að nokkrir aðrir fái að koma þar nærri en þeir, sem beint starfa í þágu ríkisstj., embættismenn hennar eða tilkvaddir pólitískir fulltrúar. Ég held, að þegar um svo flókin mál og margþætt er að ræða eins og þessi, sé í raun og veru alveg óverjandi annað en að stjórnarandstaðan fái á hverjum tíma að fylgjast með í slíkum rannsóknum og eiga sína fulltrúa í þeim nefndum, sem að slíkri endurskoðun vinna. Ég tel, að það sé bæði ólýðræðislegt og óheppilegt fyrir alla aðila og líka fyrir hæstv. ríkisstj. að viðhafa þá aðferð að leyna stjórnarandstöðuna öllu, sem verið er að gera í þessum efnum, þangað til fullbúnum frumvörpum er skellt á borðið og hv. þm. er ætlað að afgreiða þau jafnvel á nokkrum klukkutímum, en a. m. k. í bezta falli á nokkrum sólarhringum, og það um löggjafaratriði, sem sérfræðingar og nefndir hafa glímt við jafnvel svo að árum skiptir. Ég held, að slíkt sé ekki í samræmi við kröfur þingræðisins og geri það í raun og veru í þessu tilfelli að hálfgildings skripaleik. Ég held, að slíkar endurskoðanir á allra flóknustu löggjafaratriðum ættu að jafnaði að fara fram á vegum milliþinganefnda, sem til þess væru sérstaklega kjörnar af hv. Alþingi. En núv. hæstv. ríkisstj. virðist hafa alveg sérstaka andúð á slíkum vinnubrögðum, bæði í þessu sérstaka efni, sem ég hef gert hér að umtalsefni, og öðru, að nokkrir komi nálægt slíkum löggjafarundirbúningi aðrir en þeir, sem hún hefur beint í sinni þjónustu. Ég held, að þau vinnubrögð séu ekki fallin til þess að auka á traust, hvorki þingmanna né almennings, á þeim aðgerðum og þeirri löggjöf, sem um er að ræða hverju sinni. Og það væri betur, að hæstv. ríkisstj. sæi að sér og tæki upp önnur vinnubrögð í þessum efnum.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Áður en þetta mál fer til nefndar, vildi ég vekja athygli á örfáum atriðum. Það er í sjálfu sér ekki að lasta, að nú er talið hægt að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörutegundum, eitthvað um 30 númer, að ég ætla, sem upp eru talin í 2. gr., en eru í raun nokkuð á annað hundrað tegundir vöruflokka. Um leið og ég segi þetta, vil ég þó láta í ljós nokkra vantrú á, að tollalækkun þessi afstýri smygli í verulegum mæli. En nú er um það talað mikið opinberlega, að smygl hafi tíðkazt hér í mjög stórum stíl undanfarið um alllangan tíma. Aðferð til að afstýra smygli hlýtur fyrst og fremst að vera allt önnur en þessi, sem hér er lagt til, strangara eftirlit, meiri viðurlög, — því að smygl er fjárdráttur og ekkert annað en fjárdráttur, — sektir og refsingar. En þó vil ég ekki neita því, að þetta kunni einhverju að áorka sem hliðarráðstöfun, ef farið er út í það að taka verulega föstum tökum á smyglinu um leið. Þess vegna er ég því ekki andvígur, að þetta frv. komi fram og að breytt verði um til lækkunar á aðflutningsgjöldum á þeim vörum, sem hér eru taldar. Þó tel ég, að nokkuð af þeim vörum séu vörur, sem eigi að vera hátt tollaðar, óþarfavarningur, sem eigi að bera mikla tolla og aðflutningsgjöld, ef vörur á annað borð eiga að bera þau. En nú er boðað, að heildarendurskoðun á tollskránni standi yfir og að hún muni verða lögð fram næsta haust, og ég tel, að því beri að fagna. Og margt af þessum vörum, sem hér eru upp taldar í 2. gr., eru að sjálfsögðu nauðsynjavörur og mjög æskilegt, að þær geti lækkað í verði.

En það, sem ég vildi sérstaklega víkja að hér, er það, að um leið og tollskráin er opnuð eða ákvæðum um tollskrá er breytt eitthvað, þyrpist að heill flokkur annarra vara, sem margur mundi æskja að einnig væri tekinn til með-

ferðar, þegar talið er fært að lækka tolla á þessari vöru eða hinni. Og samkvæmt því, sem ég sagði hér áðan um það, að allmikið af þessum vörum, sem hér um ræðir, er varningur, sem verður að telja lítt þarfan, þá finnst mér, að hinn endinn á tollskránni, þ. e. a. s. þörfustu vörurnar, hafi orðið um of út undan nú. Og eins og hér hefur verið drepið á, hefur þingmönnum unnizt fremur lítill tími til að skoða þann lista, sem hér er lagt til að tollar lækki á, og enn minni tími til að glöggva sig á þeim vörum, sem utan við þennan lista standa. Þess vegna er ekki svo auðvelt að koma fram beinni tillögu hér á þessu augnabliki um breytingar, enda naumast þess að vænta, að um miklar breytingar á þessu frv. verði að ræða. En það eru til vörur í þessu landi, sem eru það hátt tollaðar eða það há innflutningsgjöld á, að ég tel, að eins og sakir standa, sé það óbærilegt, og það eru einmitt þessar vörur, sem ég vildi óska að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar og gerir væntanlega tillögur um, sæi sér fært að athuga um, hvort ekki væri hægt að taka inn, um leið og breytingar eru annars gerðar á tollskránni. Ég á þarna fyrst og fremst við landbúnaðarvélar. Það kann að hljóma hjáróma að taka þær til samanburðar við þessar vörur, sem hér um ræðir, en eins og hagar nú í þessu landi, get ég sagt það hér, að ég hef setið um tækifæri til að vekja athygli á því að taka tolla þeirra og önnur innflutningsgjöld til athugunar og breytinga, strax og einhverjir möguleikar væru á, því þó að þær séu ekki í hæsta tollflokki, eru þau gjöld af þeim, eins og verð þeirra er nú orðið, svo gífurleg, að ég álít, að það sé óhjákvæmilegt að breyta þeim. Einn bóndi er nú þeim örlögum seldur, að hann verður að komast yfir mikinn fjölda landbúnaðarvéla, og það ástand hefur verið smátt og smátt að skapast frá allt öðru ástandi, sem var t. d. fyrir einum áratug, — hann verður að eignast margs konar heyvinnuvélar, hann verður að eignast súgþurrkunarvélar, hann verður að eignast saxblásara, og hann verður að eignast umfram allt dráttarvél. En ein dráttarvél ný kostar nú á annað hundrað þús. kr. af þeirri gerð, sem þær eru flestar keyptar og taldar beztar. Ég var að reyna með naumum tíma að afla mér upplýsinga um það hjá fulltrúa tollstjóra, hvað aðflutningsgjöld af einni dráttarvél mundu vera há nú. Hann var alllengi að átta sig á þessu dæmi, því að aðflutningsgjöld eru með mörgu móti, með álagi og aftur álagi, og þess vegna er dæmið nokkuð flókið, en hann sagði þó að lokum, að aðflutningsgjöld af dráttarvélum mundu vera í kringum 35% af því, sem vélin stæði í innflutt, þegar búið væri að leggja aðflutningsgjöld á. Þá getum við séð, hvað ein dráttarvél, sem kostar 100 þús. kr. út úr verzlun eða frá umboðinu, muni gefa í ríkissjóð í aðflutningsgjöldum. Þessu gjaldi tel ég alveg óumflýjanlegt að létta af, helzt að öllu leyti. Sá bóndi, sem þarf að kaupa dráttarvél á 100 þús. eða 120 þús. kr. máske, með þeim tækjum, sem henni fylgja, getur hvergi nokkurs staðar fengið lán til þeirra hluta. Og það er útilokað einnig, að hann eigi peninga til þess, — a. m. k. er það útilokað um alla byrjendur, en það eru fyrst og fremst þeir nú, sem þurfa á því að halda að kaupa nýjar vélar.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vil óska eftir því, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, taki það til vandlegrar yfirvegunar, hvort ekki sé hægt að bæta einhverju inn á þann lista, sem hér liggur fyrir. Það eru að sjálfsögðu ýmsar fleiri vörur, sem kannske stendur eitthvað svipað á og um dráttarvél bóndans. Þó efast ég um, að nokkur einasta vörutegund sé eins hart leikin eða nokkur maður, sem þarf að kaupa atvinnutæki, og til samanburðar við það vil ég geta þess, að ég veit ekki betur en að útgerðarmenn, sem kaupa aflvélar í fiskibáta eða skip, fái þær ótollaðar. Það verður leiðrétt, ef þetta er skakkt, en ég veit ekki betur en þetta sé svona. Ég er ekki að kenna neinum um þetta sérstaklega. Þessi gjöld hafa verið lögð á fyrir löngu og hafa smáhækkað eins og annað með hækkuðu verðlagi og lækkuðu gengi. En á þeim tíma, sem við nú erum á, er nauðsynlegt að létta þessum gjöldum af, helzt að öllu leyti. Ég get tekið það fram, að það eru allmiklu lægri innflutningsgjöld á flestum öðrum landbúnaðarvélum, a. m. k. heyvinnuvélum, eitthvað í kringum 21 eða 22%. En svo eru aftur, að ég hygg, hærri gjöld á sumum öðrum, t. d. eins og á súgþurrkunarvélum. En þó að því sé haldið fram, að þetta falli ekki inn í þann ramma, sem hér liggur fyrir, þá vil ég þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessu, og ég hygg, að möguleikar væru á því að koma inn ákvæði samhliða þessu frv., a. m. k. í heimildarformi, til þess að létta þessum gjöldum af eða lækka þau a. m. k. stórlega. En ef það er ekki fært í sambandi við þetta frv., þá verður að finna ráð til þess á öðrum vettvangi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. á þessu stigi, enda er mjög liðið á þann fundartíma, sem venjulegur er hér, og ég vil ekki tefja fyrir því, að þetta mál fái tiltölulega skjóta og greiða afgreiðslu hér í deildinni. Auk þess er það svo, að þrátt fyrir tiltölulega ýtarlega grg. með þessu frv. og þrátt fyrir ýtarlega framsöguræðu af hálfu hæstv. fjmrh., er erfitt að fara út í ýtarlegar umr. um þetta frv. á þessu stigi, þar sem þm. hefur gefizt svo lítið tóm til að athuga það, en málið hins vegar í eðli sínu þannig, að það er talsvert flókið, og er þess vegna eðlilegra, að það sé fyrst rækilega athugað í þingnefnd og þegar sú athugun liggur fyrir sé málið fyrst rækilega rætt.

Ég vil þó á þessu stigi láta þá skoðun mína koma í ljós, að ég tel, að það sé ekki vonum fyrr, að frv. komi fram, sem gengur í þá átt, sem þetta frv. gerir, sem sé horfi til lækkunar aðflutningsgjalda. Ég hygg, að þeir hafi verið margir, sem bjuggust við því, að lækkun aðflutningsgjalda mundi sigla hraðbyri í kjölfar þeirrar gengislækkunar, sem gerð var s. l. sumar. En eins og allir sjá og ekki þarf hér mörg orð um að hafa, leiðir slík gengislækkun til þess, að tolltekjur ríkissjóðs hljóta að vaxa mjög verulega, og því hefði sú gengislækkun, sem framkvæmd var s. l. sumar, átt að geta

leitt til þess, að slaka hefði mátt á aðflutningsgjöldum, auk þess sem slík ráðstöfun hefði verið eðlileg til þess að reyna að draga nokkuð úr þeirri kjaraskerðingu, sem gengislækkunin leiddi til og hlýtur að leiða til. Að svo miklu leyti sem þetta frv. þess vegna horfir til lækkunar á aðflutningsgjöldum og þá þar af leiðandi, að ætla má, felur í sér kjarabætur fyrir almenning, þá ber að mínum dómi að fagna því. Hitt er svo annað mál, og það vil ég taka þegar fram, að á þessu stigi er ekki hægt að ætlast til þess, að menn taki þegar í stað afstöðu til einstakra atriða í þessu frv., vegna þess að þar eru talin upp mörg atriði. Ég verð þó að segja, að eftir fljótlega athugun er ég þeirrar skoðunar, að þó að þessar vörur, sem þarna eru taldar, séu að vísu ekki þær allra brýnustu nauðsynjavörur né þær vörur, sem teknar eru inn í vísitölu, þá séu þó þetta vörur, sem menn telja sér almennt nauðsynlegt að komast yfir, og þess vegna vil ég fyrir mitt leyti ekki gera lítið úr því, ef hægt er að lækka verðlag á þessum vörum, en að því ætti lækkun aðflutningsgjaldanna að stefna að öllu öðru óbreyttu.

Hitt er svo annað mál, að um leið og hreyft er lækkun aðflutningsgjalda á vörum þeim, sem greinir í þessu frv., hlióta að sjálfsögðu að koma til athugunar margar aðrar vörur, sem líka getur verið full þörf á að lækka á aðflutningsgjöld. Og það hlýtur að verða athugað í þeirri nefnd, sem þetta frv. fær til athugunar, hvort ekki er ástæða til að bæta ýmsum vörutegundum við þær, sem þarna eru upp taldar, og ég verð að láta í ljós undrun mína á þeim ummælum, sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni, sem voru í þá átt, að mér skildist, að hann gerði ráð fyrir því, að þess mætti ekki vænta, að um brevtingar á þessu frv. yrði að ræða. (**BGuðm**: Miklar brevtingar.) Miklar. Ég verð að láta í ljós þá skoðun mína, að um þetta frv. verði auðvitað fjallað á allan venjulegan hátt, að það verði athugað í nefnd, og að það hlióti að koma fram ýmsar brtt. við það, og þá sé ég auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að þær brtt. verði samþykktar, ef menn við skoðun málsins sjá, að það er þörf á að bæta þarna fleiri vörutegundum við.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 10. landsk., þar sem hann var að tala um þau aðflutningsgjöld, sem hvíldu á landbúnaðarvélum, þá vil ég segja það, að mér og mínum flokksmönnum hefur verið það lengi ljóst, að verðlag á þessum vörum er svo hátt, að það er ókleift eða illkleift fyrir bændur að eignast þær. Og alveg sérstaklega má minna á það í sambandi við það dæmi, sem hann tók alveg sérstaklega til meðferðar, dráttarvélar, að svo er komið hag bænda nú, eins og mönnum er kunnugt, að þeir þeirra, sem ráðast í það fyrirtæki að afla sér dráttarvéla, kaupa nú helzt inn gamlar og uppgerðar vélar. Það er þess vegna áreiðanlegt, að það mun ekki standa á mínu fylgi né minna flokksmanna við till. í þá átt að slaka eitthvað til í þessu efni, og ég sé ekki, að hv. 10. landsk. þurfi að vera mjög vondaufur um það, að till. í slíka átt, ef fram kemur, fái þær undirtektir, að hún nái samþykki. Og þannig er það sjálfsagt með ýmis önnur atriði, sem koma til skoðunar í sambandi við þetta mál, að það getur verið fullkomin ástæða til þess að bæta þarna við fleiri vörutegundum og fleiri atriðum, þegar málið er skoðað niður í kjölinn.

Ég dreg það ekki í efa, að það hafi tekið nokkurn tíma hjá hv. 10. landsk. að fá upplýsingar um það hjá tollstjóra, hver væru aðflutningsgjöld af einni dráttarvél. En hins vegar hefði það verið ákaflega fljótgert fyrir hv. 10. landsk. að reikna út, hver áhrif síðasta gengislækkun, sem gerð var á s. l. sumri, hafði á verðlag þeirrar dráttarvélar.

Það er að sjálfsögðu svo, að þegar farið er að athuga aðflutningsgjöld, þá geta menn komið auga á mörg gjöld, sem menn teldu þörf á að lækka. En það er ekki nema önnur hliðin á málinu. Jafnframt verður að gera sér grein fyrir því, á hverjum tekjum ríkissjóður þurfi að halda, og það verður að sjálfsögðu að hafa það í huga við alla lækkun, vegna þess að það gæti út af fyrir sig verið nokkuð þýðingarlítið að vera að lækka gjöld á þessum og þessum vöruflokkum, ef svo á móti því ætti að koma, að með einhverjum öðrum hætti ætti að hækka opinber gjöld, ef í einhverju öðru formi ætti að hækka skatta eða tolla eða aðrar tekjur ríkissjóðs. Það er að vísu gert ráð fyrir því í athugasemdum við þetta frv., að þessi lækkun aðflutningsgjalda, sem þarna er boðuð, muni ekki hafa í för með sér neitt verulegt tap fyrir ríkissjóð, hann muni vinna lækkun gjaldanna upp, vegna þess að innflutningur á þessum vörum muni fara vaxandi. Þetta er þó auðvitað áætlun, sem með öllu er óvíst að muni standast, og þess vegna hefur það auðvitað verið reiknað út, eins og sjálfsagt er, hverju nema mundi sú tekjurýrnun, sem ríkissjóður yrði fyrir af lækkun þessara aðflutningsgjalda að óbreyttum innflutningi, og ef ég tók rétt eftir, upplýsti hæstv. fjmrh., að sú upphæð næmi 46 millj. kr. Þá tölu vil ég að sjálfsögðu ekki rengja, enda þótt mér sýnist hún fljótt á litið nokkuð lág. En hvað sem um það er, er það þó atriði, sem hafa verður í huga, þegar mál þetta í heild er metið, hverjum tekjumissi ríkissjóður kunni að verða fyrir af þessum ástæðum og hvernig við því muni verða brugðizt. Og að einmitt gefnu þessu tilefni langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann geti nú við meðferð þessa máls hér, sem stefnir í þessa átt, sem gerð hefur verið grein fyrir, gefið yfirlýsingu um það, að á þessu þingi muni ekki til þess koma — eða á þessu þingi hafi ríkisstj. ekki uppi neinar ráðagerðir eða fyrirætlanir um það að leggja á eða hækka skatta, tolla eða gjöld til ríkissjóðs í öðru formi.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að í athugasemdunum við þetta frv. er það fært fram sem höfuðástæða fyrir lækkun aðflutningsgjaldanna, að nauðsynlegt sé að reyna með þessum hætti að draga úr eða koma í veg fyrir smygl og annan ólögmætan innflutning á þessum vörutegundum, sem talinn er hafa átt sér stað að undanförnu. Ég vil segja það, að ef ekki hefði legið önnur ástæða, og ef ekki væri hægt að benda á aðra réttmæta ástæðu til lækkunar á þessum gjöldum heldur en þessa, sem sýn-

ist vera gerð að höfuðástæðu í athugasemdum frv., þá hefði ég talið þessa leið varasama. En eins og ég hef þegar tekið fram, lít ég svo á, að einmitt af öðrum ástæðum, sem sé þeim hækkunum, sem orðið hafa á vöruverði vegna aðgerða hæstv. ríkisstj., sé lækkun aðflutningsgjaldanna eðlileg. Það er að sjálfsögðu æskilegt og nauðsynlegt, að reynt sé að vinna gegn smygli og ólöglegum innflutningi á vörum eftir megni. En ég verð að taka undir það, sem fram hefur komið hjá öðrum ræðumönnum, sem talað hafa hér á undan mér, og ég skal ekki fara frekar út í, að það er náttúrlega beinni leið til þess að reyna að koma í veg fyrir það ólöglega smygl að herða á tollgæzlunni og reyna að gera hana svo styrka sem unnt er. Enn fremur verður náttúrlega í sambandi við þessar umr. um smygl og ólöglegan innflutning að gera sér grein fyrir því, af hverju hann stafar. En sú ástæða, sem hér er á bent, að tollar eða aðflutningsgjöld af þessum vörum séu hér hærri og það miklu hærri, að sagt er, en í öðrum löndum, er að mínu viti ekki nema ein ástæðan til þess, að slíkur innflutningur á sér stað. Ég held þess vegna, að ef á að koma í veg fyrir hann eða reyna að sporna við smygli, verði að taka til athugunar fleiri atriði, eins og raunar líka hefur verið bent á í þessum umr. Ég held t. d., að það verði að taka til skoðunar í því sambandi það atriðið, sem bent hefur verið á, að það hafa vissar starfsstéttir hér veruleg gjaldeyrisfríðindi, þ. e. a. s. þær fá hluta af sínum launum greiddan í erlendum gjaldeyri. Nú mun það vera lagaskylda þessara aðila, ef þeir eyða ekki þessum gjaldeyri, að skila honum til íslenzkra banka. Þó að mér sé ekki fullkunnugt um það efni, hygg ég, að það fari tiltölulega lítið fyrir því, að slíkum gjaldeyri sé skilað til íslenzkra banka, en það getur hæstv. fjmrh. sjálfsagt upplýst betur. Og ég hygg, að það sé vafasamt a. m. k., svo að ekki sé meira sagt, eftir gildandi löggjöf, hvort það er löglegt fyrir þessa aðila, sem fá þennan gjaldeyri, að safna honum fyrir erlendis. Og ef það er rétt skilið, þá sýnast ekki margir kostir eftir fyrir þessa menn, sem fá þennan erlenda gjaldeyri upp í hendurnar, og þá varla um annað að ræða fyrir þá en að reyna að kaupa vörur fyrir hann erlendis. Ég held, að það þurfi að taka það til skoðunar, ef það á að vera svo, sem ég vil hér ekkert andæfa, að það eigi að greiða vissum starfsmönnum svo og svo mikið af sínum launum í erlendum gjaldeyri, — þá held ég, að það verði að taka til skoðunar, hvort ekki verður þá að gera ráð fyrir því, að þeir geti átt þann erlenda gjaldeyri, t. d. lagt hann í banka erlendis. Það er auðvitað, ef slíkan hátt ætti að taka upp, að þá yrði að setja um það sérstakar reglur. En ég sé ekki annað en að menn verði að horfast í augu við afleiðingarnar af því fyrirkomulagi, sem þarna er tekið upp. Eitthvað verða mennirnir að gera við þann gjaldeyri, sem þeir fá í hendurnar. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, en vildi aðeins benda á þetta atriði í þessu sambandi, að það er náttúrlega, þegar verið er að ræða um smyglið og hinn ólöglega innflutning, ekki svo einfalt mál, að það sé bara ein ástæða, sem þar liggur til grundvallar. Og það getur að mínum dómi verið þar um að ræða fleiri ráð til lækninga en það, sem hér hefur verið bent á.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil að endingu endurtaka það, að ég álít, að það sé ekki vonum fyrr, eftir því sem aðstæður allar eru nú, að það komi fram frv. um lækkun aðflutningsgjalda. En um leið og þetta frv. kemur fram, hlýtur það auðvitað að verða tekið til athugunar og það rækilegrar athugunar í þeirri nefnd, sem frv. fær til meðferðar, hvort það sé ekki ástæða til þess að gera hér enn frekari breytingar en þetta frv. gerir ráð fyrir og lækka aðflutningsgjöld á enn fleiri vörum, eins og t. d. hv. 10. landsk. þm. hefur bent á, og ég fyrir mitt leyti geri ráð fyrir, að það hljóti að koma fram ýmsar brtt. í þá átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 103, 105 og 108, 106, 109, 111).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 103 ber með sér, hefur n. ekki að öllu leyti getað orðið samferða við afgreiðslu málsins. Við þrír, sem að meirihlutanál. stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en tveir hv. nm., þeir 1. og 5. þm. Norðurl. e., hafa að vísu tjáð sig samþykka frv., svo langt sem það nái, en hafa áskilið sér rétt til þess að flytja við það brtt. og munu skila sérálitum.

Vegna þeirrar ýtarlegu og skilmerkilegu framsöguræðu, sem hæstv. fjmrh. hafði fyrir þessu frv. við 1. umr. málsins, get ég orðið miklu stuttorðari en ella, en vil þó aðeins með nokkrum orðum gera grein fyrir ástæðunum til þess, að ég tel þetta frv. spor í rétta átt og það beri að samþykkja, og vænti ég þess, að þeir hv. nm. aðrir, sem að meirihlutaálitinu standa, muni einnig geta tekið undir mest af því, sem ég segi, þó að það sé ekki allt bindandi fyrir þá líka.

Það sjónarmið hefur komið fram í sambandi við þetta frv., að rétt sé að vísu að lækka tollana, svo langt sem frv. nái, en þar sem um breytingar á tollskránni sé að ræða, sé það margt fleira, sem breyta þurfi. Þetta sjónarmið kom bæði fram í nefndinni og líka, eins og hv. þdm. er kunnugt, við 1. umr. málsins hér í deildinni. Varðandi þetta atriði er afstaða okkar, sem að meirihlutanál. stöndum, sú, að okkur er það vitanlega ljóst, að það er margt fleira í tollskránni, sem breyta þarf, en þar sem upplýst hefur verið, að tollskráin er nú til endurskoðunar, og gert er ráð fyrir því, að frv. til nýrra tollskrárlaga verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, þá teljum við eðlilegt, að frekari breytingar en þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, bíði þeirrar endurskoðunar, sem nú stendur yfir og gert er ráð fyrir að ljúki innan langs tíma.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv., er megintilgangur þess sá að draga úr hinu stórfellda smygli, sem vitað er

að hefur átt sér stað undanfarin ár. Og það getur varla farið á milli mála, að það eru auðvitað hin geysiháu aðflutningsgjöld, sem hafa gert smyglstarfsemina ábatavænlega, þannig að hún hlyti að hverfa, ef þessi gjöld væru lækkuð nægilega mikið. Hvort sú lækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, muni hins vegar nægja í þessu skyni, verður auðvitað álitamál, og kem ég nánar að því á eftir. En ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að hin feiknaháu aðflutningsgjöld hafa fleiri ókosti en þann einn að skapa jarðveg fyrir smygl, þannig að lækkun aðflutningsgjaldanna er af fleiri ástæðum æskileg en þessari einu. Að vísu getur varla verið ágreiningur um, að það er óhjákvæmilegt í okkar þjóðarbúskap, að aðflutningsgjöld séu mikilvægur þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs. Sömuleiðis mun varla vera ágreiningur um það heldur, að slík aðflutningsgjöld eigi að vera misjafnlega há, þannig að miður þarfar vörur beri hærri aðflutningsgjöld en brýnar nauðsynjar. Um þetta hygg ég að allir séu út af fyrir sig sammála. Á hinu má þó engan veginn missa sjónar í þessu sambandi, að það er ekki til neinn algildur mælikvarði á það, hvað er þarfi og hvað sé óþarfi. Ef ég tek þann lista yfir vörur, sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld séu lækkuð á, þarf ekki annað en að nefna vissar vörutegundir á þessum lista því til sönnunar, að mikill ágreiningur hlýtur að vera um það, hve miklar nauðsynjavörur sé þar um að ræða og hvort þar sé um að ræða nauðsynjavörur. Ég býst t. d. við, að flestir hv. þdm. séu sammála um það, að vörutegundir eins og vörur úr kóralli, tilbúnar perlur og þess háttar sé óþarfi og sennilega sömuleiðis ýmsar þær snyrtivörur, sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld séu lækkuð á, eins og andlitsfarfi, naglalakk, augnabrúnalitur og ýmislegt fleira. Við erum sennilega flestir sammála um þetta, og þó er ég raunar ekki alveg viss um það. Það vill svo til hér í þessari hv. deild, að við eigum hér sæti 19 karlmenn, en aðeins ein kona. En ef það væri nú þannig, að það væru konur okkar 19, sem sætu hér í hv. deild í staðinn, þá er ég ekki alveg viss um, að sjónarmiðið yrði það sama, og hef ég þó valið þá vöruflokkana í þessu sambandi, þar sem ég býst við að viðtækast samkomulag væri um það, að hér væri um óþarfavarning að ræða. Hvað snertir flest annað, sem hér er nefnt, þá held ég, að sjónarmiðin yrðu enn skiptari. Ég man t. d., að hv. 9. þm. Reykv. nefndi reykjarpípur sem ótvírætt dæmi um óþarfavarning. Sá allstóri meiri hluti þingmanna, sem reykir ekki pípu, er honum sjálfsagt sammála, en aftur á móti minni hlutinn, sem ég tilheyri, lítur öðruvísi á þetta mál. Við teljum okkur jafnnauðsynlegt að eiga okkar pípu eins og margt annað, sem við notum. Nælonsokkar eru e. t. v. dæmi um slíka vörutegund, sem ágreiningur getur auðvitað verið um, hvort sé nauðsynjavara eða ekki. Ég býst nú við, hvað þá vörutegund snertir, að meiri hluti okkar líti þannig á, að hér sé ekki um óþarfavöru að ræða. En öðrum augum hefur verið litið á þetta fyrr. Þeir rosknu og ráðsettu menn, sem á sínum tíma hefur verið fengið það vandasama verkefni að finna leiðir til þess að afla ríkissjóði tekna, hafa litið svo á, að ungu stúlkunum og kvenfólkinu yfirleitt væri ekki vorkunn að því að ganga í ullarsokkum, eins og ömmur þeirra og langömmur, en ef þær þurfi að nota þetta erlenda hýjalín, þá séu þær ekki of góðar til þess að greiða um leið allháan skatt til almenningsþarfa. Þannig hefur verið á þetta litið. Nú veit maður, að notkun þessarar vöru er orðin svo algeng, að ég hugsa, að það séu fáir, sem líti þannig á, að hér sé um óþarfa að ræða. Þannig er ábyggilega með flestar þær vörutegundir, sem á þessum lista eru, að sjónarmiðin munu vera mjög skipt í því efni, hvort um óþarfa vöru sé að ræða eða ekki. Það er gert ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda á hljóðfærum. Hinum ómúsíkölsku finnst, að hér sé um óþarfa að ræða, en þeir, sem yndi hafa aftur á móti af sönglist, líta öðruvísi á þetta. En þetta eru nú aðeins dæmi um það, að ekki er til neinn algildur mælikvarði á það, hvaða vörutegundir séu þarfar og aðrar óþarfar. Meðan tollarnir eru þó innan skynsamlegra takmarka, gerir það ef til vill ekki svo mikið til, þó að þetta geti verið álitamál, en þegar þannig er komið, að tollarnir eru orðnir 300% eða meira, þá þýðir þetta í rauninni, að öllu efnalitlu fólki a. m. k. er meinað að nota þessar vörur. Og það getur varla verið álitamál, að hér er í rauninni um verulega skerðingu að ræða á frjálsu neyzluvali eða rétti borgaranna til þess að ráðstafa tekjum sínum á þann hátt, sem þeir óska sjálfir eftir, að stjórnarvöldin hafa fellt þann úrskurð, að vissar vörutegundir séu slíkur óþarfi, að allur almenningur í landinu eigi að neita sér um þær.

En fyrir utan þetta atriði er það víst, að tollarnir hafa líka veruleg áhrif á uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Það má auðvitað lengi um það deila, hve mikillar tollverndar einstakar atvinnugreinar eiga að njóta. Eins og kunnugt er, getum við með tvennu móti aflað okkur þeirra nauðsynja, sem við notum. Við getum annaðhvort framleitt þessi gæði innanlands til eigin nota eða að við kaupum þau í skiptum fyrir vörur, sem við framleiðum til útflutnings. Ef við tökum einhverja tiltekna vörutegund sem dæmi, t. d. útvarpstæki, þá má segja, að tvær leiðir séu til þess að framleiða útvarpstæki hér á landi. Leiðin, sem farin er hvað þá vörutegund snertir, er sú, að við seljum fiskafurðir og notum þann gjaldeyri, sem við fáum fyrir þær, til þess að kaupa útvarpstæki. Hins vegar væri auðvitað sá möguleiki fyrir hendi að koma hér á fót verksmiðju, sem framleiddi útvarpstæki. Tæknilega séð væri ekkert því til fyrirstöðu. Hvað þessa vöru snertir er mér að vísu ekki kunnugt um það, að uppi hafi verið raddir um, að skynsamlegt væri að koma hér á fót útvarpstækjaverksmiðju. Menn hafa gert sér það ljóst, að hvað þessa framleiðsluvöru snertir mundi verða svo miklu dýrara að framleiða hana innanlands en kaupa hana erlendis frá, að slíkt mundi ekki borga sig. Það verður svo auðvitað að meta í hverju tilfelli, hvort ódýrara er að afla sér vörunnar á þann hátt að framleiða hana innanlands eða fá hana í skiptum fyrir útflutningsafurðir. Ef efnahagssjónarmið ein réðu í því sambandi,

yrði niðurstaðan sú, að við kaupum vöruna erlendis frá, ef hún er svo miklu ódýrari sem nemur flutningskostnaði hingað. Nú vitum við, að þegar tollar eru ákveðnir, er það ekki út frá þessu sjónarmiði eingöngu. Atvinnusjónarmið og ýmislegt annað getur skapað því grundvöll í fjöldamörgum dæmum, að rétt þyki að láta hina innlendu framleiðslu njóta tollverndar, eins og það er kallað, þ. e. a. s. að leggja aðflutningstoll á erlendar vörur, sem geri það að verkum, að innlenda framleiðslan verður samkeppnisfær að því marki, sem tollurinn setur. Ég hugsa, að ekki sé ágreiningur um það, að þetta geti í mörgum dæmum verið réttmætt. Annað mál er það, hvort ekki beri að setja því einhver takmörk, hvað tollverndin má vera mikil. Það getur vel verið verjandi af atvinnuástæðum og öðrum að leggja á 20% verndartoll eða svo, sem þýðir það að vísu, að sú vara, sem við notum, verður sem þessu nemur dýrari en erlenda varan. Hitt hlýtur auðvitað að verða meira álitamál, hvort eðlilegt sé, að tollverndin sé 200 eða 300%, sem þýðir það, að við kaupum innlendu vöruna, þó að það sé þrisvar sinnum dýrara eða meira að framleiða hana hér innanlands. En hvað sem þessu líður, ætti varla að vera ágreiningur um, að það að leggja það sjónarmið til grundvallar tollverndinni, hversu þarfar þær vörur eru taldar, sem um er að ræða, sé ekki skynsamlegt. En þar sem tollskráin er fyrst og fremst sniðin með þetta fyrir augum, að metið er, hvort um þarfar eða óþarfar vörur sé að ræða, þá þýðir það það, að sé um óþarfavarning að ræða, þykir sjálfsagt, að tollverndin sé um 200 eða 300%, ef um nauðsynjavörur er að ræða, er tollverndin engin eða mjög lítil. Það að byggja tollskrána upp á þennan hátt skapar í rauninni tilhneigingu til þess, að iðnaðurinn hér í landinu verði byggður upp á þann hátt, að það verði fyrst og fremst arðvænlegt að framleiða óþarfavarning, því að eftir því sem vörurnar eru óþarfari, eftir því er tollverndin meiri. Að vísu er það nú svo, að þrátt fyrir þessa óskynsamlegu uppbyggingu tollskrárinnar frá þessu sjónarmiði hefur framleiðsla óþarfavarnings ekki aukizt svo sem ástæða væri til að öðru leyti. En að svo er, er ábyggilega ekki löggjafanum að þakka, heldur iðnaðarmannastéttinni, að hún hefur lítið þannig á og gert sér ljóst, að þessir geysiháu tollar eru óskynsamlegir, það geti ekki verið um að ræða ástand, sem verði til frambúðar, og þess vegna hefur iðnaður á þessu sviði ekki risið upp í þeim mæli, sem annars hefði verið eðlilegt.

Af þeim ástæðum, sem ég hef þegar gert grein fyrir, ætti það að vera ljóst, að þó að smyglið sé aðalástæðan til þess, að þessi ráðstöfun hefur verið gerð, er lækkun tollstiganna einnig af öðrum ástæðum æskileg, og tel ég, að ekki megi á því missa sjónar, þegar þetta frv. er rætt. Í því sambandi vaknar líka auðvitað spurningin um það, hvaða áhrif þetta muni hafa á hag almennings í landinu. Við meðferð málsins í fjhn. beindum við þeirri fyrirspurn til hagstofustjóra, hvaða áhrif mætti gera ráð fyrir að þessi tollalækkun hefði á vísitöluna. Hvað snertir hin beinu áhrif á vísitöluna eða þau, sem vitað er um, munu þau vera tiltölulega lítil. Hagstofustjóri gerði ráð fyrir, að það yrði ekki nema um það bil hálft stig, en upplýsti þó jafnframt, að óbein áhrif mundu koma fram á þann hátt, að hráefni til ýmiss konar iðnaðar koma til að lækka, og þá er það sérstaklega fatnaður, sem þar er um að ræða, en það eru stærstu liðirnir í þessu hvað innflutningsmagn snertir, en um það væri óvissa, hvað mikil áhrif sú lækkun hefði á vísitöluna. En í þessu sambandi má vekja athygli á því, að gera má ráð fyrir, að sá sparnaður í útgjöldum, sem af þessu leiðir fyrir almenning, sé raunverulega meiri en vísitalan gerir ráð fyrir. Stendur þetta auðvitað bæði í sambandi við það, að vísitöluútreikningurinn byggist yfirleitt á efnahag fólks, sem hefur mjög lágar tekjur og notar þess vegna tiltölulega lítið af þessum vörum, auk þess sem annað atriði hefur líka þýðingu í sambandi við þetta, og það er það, að gera má ráð fyrir því, að jafnvel þó að miðað sé við fjölskyldur, sem hafa svipaðan efnahag og vísitölufjölskyldan, þá má gera ráð fyrir því, að vísitalan vanmeti þann þátt, sem þessar vörur eiga í útgjöldum viðkomandi fjölskyldna, og það stafar blátt áfram af því, að þegar upplýsingum er safnað um neyzlu þessara aðila, þá má einmitt gera ráð fyrir því, að útgjöld til vörutegunda eins og þessara falli þar niður. Þegar fjölskyldurnar eru beðnar að halda búreikninga, eru skrifuð upp venjuleg heimilisútgjöld, en hins vegar þó að keypt sé jólatré eða jólatrésskraut, þá er það nokkuð, sem fellur niður, þannig að ekki er vafi á því, að vísitalan vanmetur þau áhrif til lækkunar útgjalda, sem sú tollalækkun, sem hér er um að ræða, mundi hafa.

Aðalatriðið í sambandi við frv. þetta og áhrif þess er þó auðvitað spurningin um það, hvort þessi ráðstöfun muni ná tilgangi sínum og hvort ekki séu þá önnur úrræði fyrir hendi í þessu efni, sem e. t. v. gætu betur náð tilætluðum árangri. Hvað síðara atriðið snertir, hefur verið á það bent, að leiðin til þess að koma í veg fyrir smygl eigi ekki að vera sú að lækka aðflutningsgjöldin verulega. Það hefur jafnvel verið orðað þannig og var orðað þannig, ef ég man rétt, af einum hv. þdm. við 1. umr. málsins, að hér væri beinlínis um að ræða uppgjöf gagnvart smyglurunum, en leiðin til þess að draga úr smyglinu eigi að vera sú að herða á tollgæzlunni, en ekki að lækka tollana. Nú dreg ég það að vísu ekki í efa, að með stórauknu tolleftirliti væri vafalaust hægt að draga úr smyglinu. Með því að gera alla tollskoðun miklu strangari en hún áður hefur verið og fjölga þá tollgæzlumönnum tilhlýðilega mikið, þá er ekki vafi á því, að ná mætti meiri eða minni árangri í þessu efni. Spurningin er aðeins sú: Hvað kostar að fara þessa leið? Hvað kostar það bæði í útgjöldum fyrir ríkissjóð og í óþægindum fyrir þá, sem t. d. ferðast landa á milli o. s. frv.? Það væri hægt að ganga svo til verks að grandskoða hvern mann, karl og konu, sem fer á milli landa, og væri þó varla nóg einu sinni að gera það, þegar til landsins er komið, heldur líka, þegar viðkomandi fer úr landinu, því að fylgjast yrði þá með því, hvað viðkomandi hefur haft með sér. Þessa leið væri

auðvitað hægt að fara. En spurningin er sú, hvað þetta kostar og hvor leiðin, sú að lækka tollstigana þannig, að þeir verði hóflegir, eða leggja í stóraukinn kostnað við aukið eftirlit, er almenningi hagkvæmari. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sú leiðin, sem er ódýrari og minni óþægindum veldur, er að lækka tollstigana. Ég sá nú einhvern síðustu dagana í einu af dagblöðum bæjarins, að það var sagt sem svo: Á s. l. ári voru skattar lækkaðir vegna þess, að ekki væri hægt að hafa fullnægjandi eftirlit með skattsvikum, nú á að lækka tolla, til þess að koma í veg fyrir smygl. Og svo heldur blaðið áfram: Mundi þá ekki næsta skrefið vera það að afnema umferðarlögin, af því að þau eru brotin, og þá næst að afnema hegningarlögin, af því að vitað er, að meiri eða minni brot á þeim eiga sér stað? — En það, sem sést yfir, þegar slíkur samanburður er gerður, er þetta, að það er sá munur á tolla- og skattalögum annars vegar og umferðar- og hegningarlögunum hins vegar, að síðarnefndu lögin eru í samræmi við réttarmeðvitund almennings, en það verður ekki sagt, þegar skattstigar og tollstigar hafa farið fram úr vissu marki. Auðvitað er enginn ágreiningur um, að það eitt, að ákveðin lög séu brotin, réttlætir auðvitað ekki og skapar ekki grundvöll fyrir því, að þau verði afnumin. En það er ekki nóg að líta á það eitt, heldur verður líka að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á því, að lögin eru brotin. Hér er auðvitað mjög mikill eðlismunur á umferðarlögunum og hegningarlögunum annars vegar og þeirri löggjöf, sem hér er um að ræða, hins vegar. Af því að allur almenningur gerir sér ljósa nauðsyn umferðarlaga og hegningarlaga og slík löggjöf er í fullu samræmi við almenna réttarmeðvitund, þá er það að jafnaði þannig, að almenningur hjálpar löggæzlumönnum til þess að koma upp um brot, sem eiga sér stað hvað þessa löggjöf snertir. Ef einhver gerist ökuníðingur, telur almenningur sér skylt og telur sér hag í því að stuðla að því, að það komist upp, e. t. v. að undanteknum nákomnum venzlamönnum þess, er í hlut á. Allt öðru máli gegnir, ef um er að ræða brot á skatta- eða tollalögum. Ef ég verð var við það, að samferðamaður minn í flugvél eða á skipi stingur nokkrum viskýflöskum í handtösku sína og kemst fram hjá tollvörðunum með það, hvernig væri litið á það, ef ég gerði tollvörðunum aðvart í þessu efni? Allur þorri fólks mundi skoða það sem ódrengskap. Og ef ég einhvern tíma gerði þetta, þá væru það ábyggilega tiltölulega fáir, sem mundu túlka það þannig, að það væri vegna löghlýðni. Allur almenningur mundi líta þannig á, að mér væri illa við þennan mann og hefði á ódrengilegan hátt náð mér niðri á manninum með þessu.

Það má nefna í þessu sambandi gjaldeyrislöggjöfina. Samkvæmt lögum ber öllum að skila þeim gjaldeyri, sem þeir hafa afgangs, til bankanna. En hver okkar ætli mundi nú gera það, ef við förum til útlanda og eigum eftir pundsseðil eða eitthvað þess háttar afgangs af ferðapeningunum, að labba með seðilinn í Landsbankann og skipta honum þar fyrir íslenzka peninga? Ég held, að það mundu fáir viðstaddra svara því játandi í fullri hreinskilni, að þeir mundu gera það, og væri ástæðan e. t. v. í sjálfu sér ekki sú, að menn teldu það verulegu máli skipta eða óskuðu að gera sig lögbrjóta fyrir svo lítið, heldur mundu menn ekki gera þetta, þótt ekki væri af annarri ástæðu en þeirri, að þeir mundu vita, að það yrði hlegið að þeim, ef þeir kæmu í bankann með þessa peninga.

Það er þessi eðlismunur, sem er á löggjöf, sem er í fullu samræmi við réttarmeðvitund almennings, og það er fordæmt, ef hún er brotin, og þeirri löggjöf, sem er það ekki, þannig að það er varla nokkur borgari, sem gerir sér samvizku af því, þó að hann brjóti þessi lög, og það er talinn ódrengskapur af óviðkomandi að koma upp um það. Ef þannig háttar um, þá þýðir ekki að minu áliti að herða á löggæzlunni. Af slíku verður árangur ekki nema takmarkaður, og hann verður gífurlega dýr. Í þessu efni er að minu áliti aðeins ein leið fær, nefnilega sú að samræma þessa löggjöf hinni almennu réttarmeðvitund. Þá fyrst, þegar því skilyrði er fullnægt, verður hún með góðu móti framkvæmd og með viðráðanlegum kostnaði.

Þá vil ég aðeins drepa á það atriði, sem eðlilega hefur þegar verið rætt varðandi þetta frv. og sennilega kemur til að verða rætt við framhald umr., en það er spurningin um það, hvort sú ráðstöfun, sem hér er um að ræða, muni ná tilgangi sínum og hvort þetta muni ekki þýða meira eða minna tekjutap fyrir ríkissjóð. Hvað síðara atriðið snertir, hvort ríkissjóður muni hér tapa í tekjum, þá verður auðvitað ekki neitt sagt með neinni vissu í því efni. Hæstv. fjmrh. gat þess í framsöguræðu sinni, að gerð hefði verið á því athugun, eftir því sem föng eru á, hvað mikil mætti ætla að notkunin á þessum vörum væri og hve mikill væri innflutningurinn hins vegar. Niðurstöður þeirrar athugunar voru þær, sem allir vita í rauninni, að hvað snertir fjöldamargar af þessum vörutegundum, þá eru líkur á því, að mjög verulegt smygl eigi sér stað, og hvað sumar vörutegundirnar snertir, þá sé það ekki nema lítill hluti af því magni, sem notað er, sem flutt er inn á löglegan hátt. Við meðferð málsins í nefndinni var þeirri fsp. beint til hagstofustjóra, að hann var beðinn að gera sér grein fyrir því, hvað mikið innflutningurinn þyrfti að aukast, til þess að tolltekjur ríkissjóðs af þessum vörum yrðu þær sömu og áður voru þrátt fyrir tollalækkunina. Hagstofustjóri lét gera þá athugun, og niðurstaðan varð sú, að innflutningsmagnið þyrfti að jafnaði að aukast um 58%, til þess að tolltekjurnar héldust óbreyttar. Með tilliti til þess, hvað innflutningur er lítill af mörgum þessum vörutegundum, mundi ég telja, að allar skynsamlegar líkur bentu til þess, að hér yrði ekki um tilfinnanlegt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð og jafnvel hið gagnstæða, en í því efni verður auðvitað ekki neitt fullyrt.

Það sjónarmið kom fram við 1. umr. þessa máls, að þó að hér væri að vísu um verulega tollalækkun að ræða, kæmist maður ekki fram hjá því, að eftir sem áður yrði þó arðvænlegt að smygla þessum vörum, og látinn var í ljós ótti um það, að smyglið mundi halda áfram þrátt fyrir þessa tollalækkun, því að hún væri

ófullnægjandi. Ég tel, að í þessu efni gæti e. t. v. meiri svartsýni en efni eru til, og skal í örstuttu máli færa nokkur rök að því. Þess ber þar í fyrsta lagi að gæta, að það er auðvitað síður en svo nauðsynlegt að lækka tollana ofan í ekki neitt til þess að fyrirbyggja smygl. Þetta stendur auðvitað bæði í sambandi við það, að allir vita þó, að áhætta fylgir smyglinu, þó að hún sé mismunandi mikil, og eftir því sem smyglið er arðvænlegra, eftir því verður auðvitað meira freistandi að leggja í þessa áhættu. Það liggur í augum uppi, að við þessa tollalækkun verður það minna arðvænlegt en ella að selja hina smygluðu vöru, svo að það reikningsdæmi, hvort það borgi sig að leggja í þá áhættu, sem smyglið hefur í för með sér, hlýtur undir öllum kringumstæðum að breytast þannig, að líkurnar á hagnaði verða minni en þær áður voru, þannig að draga ætti undir öllum kringumstæðum úr smyglinu. Hvað mikið það verður, hlýtur auðvitað óvissa að ríkja um. En öðru atriði má líka vekja athygli á í þessu sambandi, og það er það, að gera má ráð fyrir því, að allverulegur hluti af hinum smyglaða varningi er keyptur á smásöluverði. Vörur, sem fluttar eru hins vegar almennt hingað til landsins, eru keyptar á verksmiðjuverði, eins og kunnugt er, og verðmismunurinn hér á milli er vitanlega allmikill, þó að það sé mismunandi fyrir mismunandi vörutegundir. En í ekki fáum dæmum má gera ráð fyrir því, að smásöluverðið sé allt að því helmingi hærra — og jafnvel meira — heldur en verksmiðjuverðið. Þetta gerir það að verkum, að ekki er hægt að selja smyglaðan varning, sem keyptur er á smásöluverði, með hagnaði, jafnvel þó að um verulega tolla sé að ræða. Þessi atriði ber auðvitað að hafa hugföst í þessu sambandi.

Þá vil ég aðeins víkja að einu atriði, sem hér hefur komið fram, nefnilega því, að það hefur verið spurt sem svo: Hvaða trygging er fyrir því, að sú verðlækkun, sem tollalækkunin gerir mögulega, komi neytendunum til góða í lækkuðu vöruverði, en komi ekki fram sem hærri álagning á þær vörutegundir, sem hér er um að ræða? Og vegna brtt., sem ég sé að hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur flutt einmitt varðandi þetta atriði, þá er sérstakt tilefni til þess að ræða þetta lítils háttar.

Í þessu efni hefur verið bent á það, að samkvæmt ákvörðunum verðlagsyfirvalda á s. l. sumri hafi verið sleppt verðlagsákvæðum í bili á margar þær vörutegundir, sem hér er um að ræða. Varðandi spurningu, sem hér var borin fram við fyrri umr. málsins af sama hv. þm., hvort gert hefði verið ráð fyrir því, að allar þessar vörur yrðu undanþegnar verðlagsákvæðum og jafnvel samið um það við verzlunarstéttina, þá get ég aðeins upplýst, að mér, sem á einmitt eins og stendur sæti í verðlagsnefndinni, sem á þó að hafa æðsta vald í þessum málum, er algerlega ókunnugt um, að um neitt slíkt samkomulag sé að ræða, og undir öllum kringumstæðum er verðlagsnefndin ekki aðili að slíku samkomulagi. Hitt er ekki óeðlilegt, að það séu að nokkru leyti einmitt sömu vörurnar, sem á s. l. sumri voru undanþegnar þessum ákvæðum, og þær, sem tollarnir eru nú lækkaðir á, án þess að þarna sé nokkurt beint samband á milli. Sú eðlilega ástæða til þess er sú, að eins og kunnugt er, þá eru hæstu tollarnir á þeim vörutegundum, sem taldar eru miður nauðsynlegar. Þegar ekki þótti annað fært af ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér nánar, á s. l. hausti en að koma að nokkru til móts við kröfur frá verzlunarstéttinni, bæði kaupmönnum og kaupfélögum, um það, að slakað yrði á álagningarákvæðum, þá var það auðvitað ekki óeðlilegt, að í því skyni yrðu líka valdar vörutegundir, sem teldust ekki til brýnna nauðsynja, svo að þannig er sameiginleg ástæða til þess, að háir tollar eru á vörunum og að það eru einmitt þessar vörutegundir, sem voru valdar, þegar gerð var þessi tilslökun á verðlagsákvæðunum. Hitt er rétt að upplýsa, því að það er það, sem mestu máli skiptir í sambandi við það, sem hér er um að ræða, að bæði er það svo, að þetta afnám verðlagsákvæðanna er tímabundið, það gildir aðeins til 1. sept. n. k., og í öðru lagi væri það á algerum misskilningi byggt, að þetta þýði það, að þessar vörur séu nú undanþegnar öllu verðlagseftirliti. Það er eftir sem áður eftirlit með verðlagningu þessara vara, og verðlagsskrifstofan mun fylgjast með því eins og áður, hvað á þær er lagt. Ég tel ekki líklegt, bæði með tilliti til þess, að þetta afnám ákvæðanna er tímabundið og fylgzt er vitanlega með því, hvað á þessar vörur er lagt, að verzlunarstéttin mundi yfirleitt sjá sér hag í því að hækka mjög álagningu á slíkum vörum. Það mundi draga úr líkunum fyrir því, að þeirri tilraun, sem í litlum stíl hefur verið gerð til þess að slaka á verðlagsákvæðum, yrði haldið áfram. Ég tel mjög ólíklegt, þótt ekki sé nema aðeins frá hagsmunasjónarmiði verzlunarstéttarinnar séð, að hún mundi telja sér hag í því að misnota hvað þessar vörutegundir snertir það frelsi, sem hún hefur fengið. Jafnvel þó að svo yrði að einhverju leyti, sem ég tel ekki líklegt, þá má þó í þessu sambandi benda á, að ef það ætti að verða almennt, að lækkun tollanna kæmi fram í hærri álagningu, þá yrðu kaupfélögin líka að vera aðilar að slíku. En ég hygg, að þeir, sem mestan efa hafa látið í ljós um árangur þessara ráðstafana, mundu sízt væna kaupfélögin um aðild að slíku samsæri gegn neytendunum.

Mér er það ljóst, að því fylgir auðvitað áhætta að gera þá tilraun, sem hér er um að ræða. En ég tel samt sem áður sjálfsagt að gera hana, bæði vegna þess, að skynsamleg von er til þess, að draga megi á þennan hátt úr smygli, án þess að ríkissjóður þurfi að tapa í tekjum, og vegna þess, að lækkun tolla hefur einnig, svo sem ég hef gert grein fyrir, í ýmsu öðru tilliti hagstæð áhrif á þjóðarbúskapinn.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Við 1. umr. um þetta mál gerði ég það nokkuð að umtalsefni, að stofninn í vöruvalinu í þessu frv. væru þær vörutegundir, sem með ákvörðun verðlagsnefndar frá 31. ágúst s. l. voru undanþegnar verðlagsákvæðum. Ég sagði þá, að mér virtist svo við fljóta yfirsýn og án þess að um nákvæma athugun væri að ræða, að þá kæmu svo til allar þær vörur, sem taldar eru upp í

þessari tilkynningu verðlagsnefndar, til skila í þessu frv. Við nákvæma athugun, sem ég hef síðar gert á þessu, hef ég komizt að raun um, að af 62 tollskrárnúmerum, sem tiltekin eru og undanþegin eru verðlagsákvæðum með ákvörðun verðlagsnefndar, eru 47 af þeim, sem nú á að lækka gjöldin á og koma til skila að því leyti í þessu frv. En 15 tollskrárnúmer samtals, sem þá voru felld undan verðlagsákvæðum, hafa hins vegar ekki hlotið lækkun á aðflutningsgjöldunum. Í þessum 15 vörutegundum, sem álagning hefur verið gefin frjáls á, en hins vegar hafa ekki verið lækkuð aðflutningsgjöld á, er aðallega um að ræða búsáhöld, hvers konar búsáhöld úr leir og gleri, niðursuðuglös, hitaflöskur og fleiri glervörur og skrifstofuvélar, einnig rafmagnsþræðir einangraðir og eitthvað fleira. Mér finnst það strax vera nokkuð einkennandi fyrir valið á þeim vörum, sem á að lækka aðflutningsgjöldin á, að búsáhöldin skuli þar algerlega hafa verið skilin eftir. Þau eru þó sannarlega nokkuð hátolluð vara, og í þessum tilvikum, sem ég nefndi sérstaklega, með búsáhöldin úr leir og gleri, þá er um að ræða, að þær vörur bera yfir 100% aðflutningsgjöld samtals og hærri en ýmsar af þeim vörum, sem hugmyndin er að lækka gjöldin á. Mér virðist því, að það hefði átt að koma mjög til greina, fyrst á annað borð var farið að breyta aðflutningsgjöldum á hátollavörum til lækkunar, að taka þessar vörutegundir með, og ég fæ ekki betur séð en að það að taka nokkurn hluta og það verulegan hluta af búsáhöldum undan verðlagsákvæðum án þess að lækka nokkuð aðflutningsgjöldin á þeim hafi það í för með sér, að þessar brýnu nauðsynjar, vil ég segja, þó að þær séu hátollaðar, muni, hækka í verði og það jafnvel stórlega umfram það, sem gengisfellingar og aðrar slíkar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, gefa beint tilefni til.

Það er ekki heldur um það að ræða, að aðflutningsgjöld á öðrum heimilistækjum en þessum, sem ég nefndi hér og voru undanþegin verðlagsákvæðum í lok ágústmánaðar s. l., hafi verið tekin inn í þetta frv., þó að þau tæki séu í tiltölulega háum tollflokkum og séu nú orðin það dýr, að mjög mörg heimili í landinu verði að neita sér um að kaupa þau. Það mætti nefna ýmsar fleiri hátollavörur, sem telja má til almenns varnings og jafnvel nauðsynja, sem hefði ekki verið síður ástæða til að lækka aðflutningsgjöldin á og jafnvel enn þá ríkari en á ýmsum þeim vörum, sem hér hefur verið gert og í þessu frv. er að finna, eins og t. d. rafeldavélar, þvottavélar, ísskápar, viðtæki og önnur rafknúin heimilistæki. Það mætti nefna ýmis bökunarefni, sápur og ýmsa smærri hluti t. d. til bygginga, bifreiðavarahluti og varahluti í aðrar vélar. Allt saman eru þetta hátt tollaðar vörur og um leið vörur, sem almenningur verður að neita sér um að meira eða minna leyti og hefðu að mínu áliti ekki átt minni rétt til þess að vera lækkaðar í verði en þær vörur, sem fundið hafa náð fyrir augum þeirra, sem standa að þessu frv., heldur að af því hefði leitt meiri hagsbætur í ýmsum tilfellum fyrir almenning, ef tollalækkanirnar á annað borð kynnu að skila sér að einhverju leyti í því endanlega verði, sem neytandinn að síðustu greiðir fyrir þær. En ég nefni þessi dæmi fyrst og fremst til þess að sýna, að það sjónarmið að lækka aðflutningsgjöldin sérstaklega til hagsbóta fyrir neytendur hefur ekki ráðið þeirri tillögugerð, sem hér er á ferðinni, jafnvel ekki innan þess ramma, sem það markaði frv., að halda sig við hátollavörurnar.

En að sjálfsögðu hafa lækkanir á gjöldum af brýnustu nauðsynjum aldrei komið til greina í þessu sambandi af hálfu hæstv. ríkisstj. Um þetta stendur ekki í sjálfu sér mikil deila, vegna þess að það hefur í raun og veru verið viðurkennt, t. d. af hæstv. fjmrh., að þetta sjónarmið hefði ekki ráðið, heldur hitt sérstaklega, að tilgangurinn væri sá að reyna að hefta eða draga úr smyglinu. En það sjónarmið hefur þó sýnilega ekki heldur ráðið algerlega, því að inn í þetta frv. hafa verið teknar ýmsar vörur, sem jafnvel er algerlega útilokað að reynt sé að flytja inn á ólögmætan hátt, og aðrar, sem hafa ekki, svo að vitað sé, komið við sögu smyglmálanna. Það mætti t. d. nefna baðker og fleira þess háttar, hljóðfæri, jafnvel upp í stór hljóðfæri, ljósakrónur, jólatré, blómlauka, gólfábreiður og sitthvað fleira, þar sem smygl kemur alls ekki til greina. Ég spurði þá menn, sem skipuðu tollskrárnefndina og hafa undirbúið þetta frv. með hæstv. ríkisstj. eða fyrir hana, hvers vegna þessar vörur hefðu verið valdar, ef það hefði verið eini tilgangurinn eða aðaltilgangurinn að miða frv. við það, að komið yrði í veg fyrir smygl, og þeir nefndu sem helztu ástæðuna fyrir þessu, að það hefði verið leitazt við, jafnframt því sem þessu sjónarmiði væri þjónað, að lækka verð á nokkrum öðrum vörum en þarna er um að ræða með tilliti til þess, að sem flestar greinar verzlunarinnar fengju einhverjar lækkanir á aðflutningsgjöldum. Þetta svar þeirra manna, sem bezt mega hér um vita, styður að mínu áliti það, sem ég sagði hér við 1. umr. málsins, að ein höfuðástæðan fyrir frv. væri sú, að innflytjendur ættu fyrst og fremst að njóta góðs af þessum aðgerðum. En að öðru leyti gefur þetta svar og raunar allar staðreyndir málsins um vöruvalið jafnframt fulla ástæðu til þess að taka til athugunar um gjaldalækkanir á öðrum hátollavörum en frv. fjallar um. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að flytja brtt. um, að teknar verði upp í frv. nokkrar hátollaðar vörur, sem ég tel að veruleg hagsbót væri fyrir allan almenning að væru lækkaðar í verði, og ég hef gert það í því trausti, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér í hv. d. vilji ekki aðeins sýna innflytjendum velvilja sinn og greiðasemi, heldur vilji líka hugsa ofur lítið um hagsmuni þeirra, sem kaupa vörurnar og skapa verzlunarstéttinni hagnað með vörukaupum sínum, og gera það með því að gera ráðstafanir til þess að lækka verð á nokkrum þeim vörum, sem sérstaklega koma til greina í þessu sambandi.

Þessar brtt. mínar eru á þskj. 111, og þær vörur, sem þar er aðallega fjallað um, eru eftir þeirri röð, sem þær eru tilgreindar á þskj., og í samræmi við röðina í tollskránni. Það er í fyrsta lagi ris og aðrar korntegundir í 19. kafla,

en það eru ýmis matvæli, sem flutt eru til landsins og eru úr korni, tilreidd. Þetta eru vörur, sem eru notaðar á hverju heimili meira eða minna og bera nú milli 90 og 100% heildaraðflutningsgjöld. Þá legg ég til, að handsápur og raksápur í 32. kafla verði einnig lækkaðar, lækkuð aðflutningsgjöld af þeim, en heildaraðflutningsgjöldin af þeim eru nú 107.9%. Þá legg ég til, að inn í þetta verði tekin búsáhöld úr leir og búsáhöld úr gleri, en eins og ég sagði áður, bera þessar vörur nú 108% heildaraðflutningsgjöld, og mér finnst sérstök ástæða til þess að taka þessar vörur inn í, af því að þær hafa verið undanþegnar öllum verðlagsákvæðum og því allar líkur á, að þær mundu hækka í verði til neytenda, ef aðflutningsgjöldin yrðu ekki eitthvað lækkuð á þeim. Þá er í till. mínum einnig um, að gjöld verði lækkuð á olíukyndingartækjum og enn fremur, sem er einn af stærri liðunum í mínum till., að heimilistæki í 73. kafla, þ. e. a. s. rafknúin heimilistæki, og útvarpsviðtæki verði lækkuð niður í verðtoll 30% og undanskilin öðrum aðflutningsgjöldum á sama hátt og þær vörur, sem hér eru í frv. Þetta eru vörur, sem bera nú almennt frá 84 og upp í 100% aðflutningsgjöld, flest þó um 84%. Og þá legg ég loks til, að bifreiðavarahlutir í 75. kafla verði lækkaðir nokkuð í aðflutningsgjöldum. Þessar vörur bera nú 77% heildaraðflutningsgjöld, en samkvæmt mínum till. mundu þau verða rösk 50%, þannig að aðflutningsgjöldin mundu lækka um 17%, sem mundi sennilega geta þýtt það, að ef álagningu er ekki breytt á þeim, þá mundu þær geta lækkað í verði í kringum 10%. En almennt mundu till. mínar, ef samþ. yrðu, geta haft í för með sér milli 10 og 20% verðlækkun á þeim vörum, sem þær fjalla um. Þessir vöruflokkar, sem ég hef tekið, eru alls upp á kringum 90 millj., en lækkanirnar eru yfirleitt minni en gert er ráð fyrir í frv. á þeim vörum, sem þar er um að ræða, þannig að heildartekjutap af þessum sökum fyrir ríkissjóð gæti lauslega áætlað að vísu ekki orðið meira en kringum 25 millj. kr. En ég vil þó taka það fram, að vegna þess að lítill tími hefur verið til þess að ganga nákvæmlega úr skugga um svona atriði, sem krefjast töluverðra útreikninga, þá eru þessar tölur ekki nákvæmar, en þær munu ekki vera fjarri sanni.

Hæstv. fjmrh. gat þess í frumræðu sinni fyrir þessu frv., að hér væri um að ræða vörur, sem vegna þess að þær hefðu haft há aðflutningsgjöld, hefðu yfirleitt borið lága álagningu. Hér kom hæstv. ráðh. inn á mjög mikilsvert atriði í málinu, sem hann gerði þó ekki frekari skil, en ég tel að bendi alveg í ákveðna átt og ég tel einnig að geti í raun og veru skoðazt sem eitt aðalatriði í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður tekið fram, að það sé alveg útilokað að meta þetta frv. alveg einangrað og til þess að rétt mynd fáist af því, hvert stefnt er með því, þá verði að skoða einnig þær aðgerðir í verðlagsmálunum, sem gerðar hafa verið alveg nýverið og ég hef minnzt á, og einnig hugsanlegar breytingar í sömu átt.

Það, sem hér liggur fyrir með þessu frv., er, að það á að lækka aðflutningsgjöld á tilteknum hátollavörum um 46 millj. kr. og e. t. v. rýra tekjur ríkissjóðs um þá upphæð eða hluta af þeirri upphæð, því að það er vissulega rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. (ÓB) sagði hér áðan, að hér er um tilraun að ræða, og það kom greinilega fram í þeim viðræðum, sem fjhn. átti við þá, sem höfðu samið frv., að þeir voru ekki jafnbjartsýnir og hæstv. fjmrh. á það, að þetta hefði engan tekjumissi í för með sér fyrir ríkissjóð, og tóku það skýrt fram, að þar væri um algert vafaatriði að ræða, sem fengist ekki úr skorið á neinn hátt annan en með reynslunni. Þetta er kannske ekki stór upphæð, ef hún er borin saman við fjárl. og ekki ef hún er borin saman við þær stórfelldu gjaldahækkanir, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur framkvæmt, og að sjálfsögðu er hér aðeins um örsmátt brot að ræða af öllum þeim gífurlegu verðhækkunum, sem ríkisstj. hefur leitt yfir með aðgerðum sínum. Vísitala vöru og þjónustu hefur nú hækkað yfir 30 stig, frá því að viðreisnin tók gildi, eða um milli eitt og tvö stig á hverjum mánuði að meðaltali, þannig að þótt hér komi frv., sem felur það í sér, að vísitalan lækki aftur um ca. ½ stig, — útreikningar hagstofunnar eru upp á 0.4, — þá virðist það ekki duga nema til þess að svara á móti hálfs mánaðar verðhækkunum hjá hæstv. ríkisstj., eins og þær hafa verið að meðaltali, frá því að hún tók við völdum. Þegar þetta er skoðað í því ljósi, þá er ekki um stóra hluti hér að ræða. En þetta er þó á hinn bóginn samt svo stór upphæð, að menn hljóta að spyrja: Hvert fara þessar 46 millj.? Lenda þær hjá innflytjendum eða öðrum kaupsýslumönnum að miklu eða öllu leyti eða skila þær sér til neytendanna í landinu með lækkuðu vöruverði? Eða er það tryggt, — og um það hefur verið spurt hér af öðrum þm. en mér og ekki fengizt enn nein svör við því, — er það þá tryggt, að ekki verði lagðar á nýjar álögur í einhverju formi í staðinn fyrir þær, sem nú er af létt? Vill hæstv. ríkisstj. gefa yfirlýsingar um það? Þetta eru allt saman spurningar, sem skipta miklu máli, þegar þetta mál allt saman er metið.

Það er alkunnugt, að ákvörðun verðlagsnefndar, sem gerð var 31. ágúst, var gerð að tilhlutan ríkisstj. og eftir kröfum verzlunarstéttarinnar. En þær kröfur, sem verzlunarstéttin bar þá fram í sambandi við þær viðræður, voru viðtækari en að fá álagninguna frjálsa á ákveðnum vörutegundum. Krafan var einnig um það, að aðflutningsgjöldin yrðu lækkuð, vegna þess að þessar vörur væru orðnar svo dýrar, að það væri útilokað, að verzlunarstéttinni væri nokkur hagur að því að fá frelsi til álagningar, ef vörurnar yrðu ekki eitthvað lækkaðar í innkaupsverði um leið. Ég veit það, að þessari staðhæfingu minni muni ekki verða neitað, vegna þess að hún er rétt. Og það hefur verið gengið að báðum þessum kröfum verzlunarstéttarinnar nú þegar varðandi meiri hlutann af þeim vörum, sem hér er rætt um. Um það er ekkert að villast. En þá kann að vakna sú spurning: Hvað um þær vörur, sem enn þá eru undir verðlagsákvæðum? Eru engar líkur á því, að svo kunni að fara, að þær verði að einhverju eða öllu leyti teknar

undan verðlagsákvæðum og verzlunarstéttinni gefið fullt frelsi til þess að leggja einnig á þær eftir vild sinni? Hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að sér væri kunnugt sem nm. í verðlagsnefnd, að engar slíkar ákvarðanir hefðu verið teknar og engar ætlanir væru uppi um slíkt. En ég vil þá í sambandi við þetta, sem ég efast reyndar ekki um að sé út af fyrir sig rétt, spyrja þennan hv. þm. um það, hvort honum sé einnig ókunnugt um það, að slíkar kröfur séu uppi hjá verzlunarstéttinni. Og þegar við nú höfum fyrir okkur þá undanlátssemi, sem innflytjendum hefur verið sýnd af hæstv. ríkisstj. og af verðlagsnefndinni, þá verður maður tæplega borinn þungum sökum, þó að hjá manni vakni verulegar grunsemdir um það, að síðar kunni að verða horfið að þessu ráði. Hv. þm. sagði það líka, sem er út af fyrir sig alveg rétt, á sama hátt og hin fullyrðing hans, að ákvörðun verðlagsnefndar hefði ekki verið tekin varanlega, heldur aðeins í bili, þ. e. a. s. til 1. sept. n. k., og það yrði fylgzt með álagningunni. Þetta er alveg rétt, að skylda kaupsýslumanna til þess að skila verðútreikningum hefur ekki verið numin úr gildi, og vitanlega er alltaf möguleiki fyrir því, að gerðum ákvörðunum sé breytt í þessu efni. En telur hv. þm., að einhverjar líkur séu á því, að þetta verði gert?

Í sambandi við þetta vil ég bæta því við, að ef það væri trú þessa hv. þm. og raunar enn frekar ef það væri trú ríkisstj., að verzlunarstéttin hefði alls ekki sótzt eftir álagningarfrelsinu til þess að hækka álagninguna, heldur mundi hún sízt fara hækkandi, eftir hverju var þá sótzt? En ef þetta væri samt sem áður rétt, þá væri það með öllu útlátalaust að samþ. þá till., sem ég flyt á öðru þskj., á þskj. 106, um það, að verðlagsnefnd skuli ákveða hámark álagningar í heildsölu og smásölu á allar þær vörutegundir, sem lög þessi taka til, og eftir þeirri meginreglu, að álagningin verði ekki hærri en hún hefur verið að undanförnu og ekki hærri en hún var við síðustu verðlagsákvarðanir í þeim tilvikum, sem álagningin hefur nú verið gefin frjáls. Ef allt er hér í þessum efnum eins og þessir hv. þm. vilja halda fram, hvers vegna má þá ekki setja þessi ákvæði til frekari tryggingar, til þess að taka af allan vafa um, að hér sé allt sem þeir vilja vera láta?

Það er líka vert að benda á það, að hér hefur verið t. d. af hæstv. fjmrh. farið með tölur um það, hvað þessar aðflutningsgjaldalækkanir hefðu miklar lækkanir á vöruverði í för með sér, og ég hygg, — og það verður þá leiðrétt, ef það er rangt hjá mér, — að í öllum þeim útreikningum hafi hann gengið út frá því, að álagningin lækkaði að hundraðstölu á sama hátt og varan komin til landsins lækkaði, að gjöldunum meðtöldum. En hvernig ætlar nú hæstv. ráðh. að fullyrða það, eftir að öðrum aðila hefur verið gefið fullt frelsi — og án þess að stjórnarvöld fái þar nokkru um ráðið — til þess að ráða því raunverulega verði, sem neytendur kaupa vöruna fyrir, — hvernig ætlar hann að heimfæra það við þessa staðhæfingu sína? Hvernig getur hann fullyrt slíkt, þegar hann er búinn að afhenda öðrum aðila valdið til þess að ákveða, hvað varan kosti? Hvernig getur hann þá staðhæft það, að verðlækkunin muni verða slík, sem hann segir og byggir á því, að álagningin verði algerlega óbreytt? Ég held, að hæstv. ráðh. verði því að endurskoða þessar staðhæfingar sínar eða a. m. k. að setja það stóra „ef“ við þær: ef verzlunarstéttin notfærir sér ekki það frelsi, sem hann hefur beitt sér fyrir að veita henni í þessum efnum. Og ég verð að segja það, að ég fyrir mitt leyti tel það alls ekki láandi fyrir verzlunarstéttina, eftir að hún er búin að sækjast eftir því að fá álagninguna hækkaða í þeim tilgangi auðvitað að bæta hag sinn og hefur fengið til þess fullt leyfi stjórnarvalda, þó að hún notfæri sér það til þess að auka sinn hagnað.

Ég varpaði hér áðan fram þeim spurningum, og ég vil enn þá endurtaka þær, hvort hæstv. ráðh. vilji gefa yfirlýsingu um það, að engar nýjar álögur verði lagðar á í stað þeirra, sem hér hefur verið létt af, og í öðru lagi, hvort hann vilji gefa yfirlýsingu um það, að ríkisstj. muni hindra það, að nokkrar breytingar á verðlagsákvæðum í hækkunarátt verði gerðar á þeim vörutegundum, sem eru að vísu minni hlutinn af þeim vörum, sem hér er um að ræða, — að nokkrar ráðstafanir af hálfu verðlagsyfirvalda eða ríkisstj. verði gerðar í þá átt að auka álagningarfrelsi varðandi þær vörur. Ég tel, að með þessum spurningum sé í raun og veru komið að kjarna þessa máls, því aðalatriði, hvort þessar lækkanir eigi að verða til hagsbóta almenningi, sem hefur þolað þyngstar búsifjar af verðhækkunarstefnu hæstv. ríkisstj., eða hvort það eigi að einskorðast að mestu eða öllu leyti við innflytjendur, sem er sú stétt manna, sem mest hefur bætt aðstöðu sína í skjóli stjórnarstefnunnar og þó alveg sérstaklega nú á síðustu mánuðum.

Eins og ég sagði áður, er meginbrtt. mín við frv. þess efnis, að bætt verði inn í það ákvæðum um, að allar vörur, sem gjöld hafa verið lækkuð á, verði eftirleiðis háðar verðlagsákvæðum, sem fylgi þeirri meginreglu, að álagningin standi að hundraðstölu óbreytt frá því, sem verið hefur að undanförnu. Ef þessi till. mín yrði samþ., væri staðfest, að fullyrðingar hæstv. fjmrh. um verðlækkanirnar hefðu við full rök að styðjast, og líka væri með samþykkt hennar girt fyrir það, að slakað yrði á verðlagshömlum á þeim vörum, sem nú eru undir verðlagsákvæðum, og þá væri þeirri vafalausu kröfu alls almennings, að þessir milljónatugir, þó að þeir séu ekki fleiri en fjórir, sem lækkanirnar nema, kæmu fram í lækkuðu verðlagi og yrðu til ótvíræðra hagsbóta fyrir hann. Ef svo þessu til viðbótar kæmi ótvíræð yfirlýsing um það, að ekki yrðu hækkuð önnur gjöld í stað þeirra, sem lækkuð hafa verið, þá teldi ég að væri um tvímælalaust batamerki að ræða hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. sérstaklega. En mæti þessi meginbrtt. mín hins vegar fullri andstöðu hv. stjórnarþingmanna, hlýtur hins vegar að staðfestast sá grunur, sem ég lét strax í ljós viðkomandi þessu máli, að hér fylgi lítill hugur í verðlækkunarátt máli, heldur sé sýndar-

mennskan og þjónustan við innflytjendastéttina það, sem fyrst og fremst ræður fyrirhuguðum aðgerðum, en ekki umhyggja fyrir hagsbótum almenningi til handa. Og með því að samþ. þessa brtt. mína væru líka auknar líkur fyrir því, að þeim tilgangi að hefta ólögmætan innflutning yrði náð, því að eins og ég hef áður rakið og reyndar fleiri, þá veltur allt á í því efni, að gjaldalækkanirnar leiði af sér verðlækkanir, sem eitthvað dregur um, og að samkeppnisaðstaða lögmæts innflutnings á þessum vörum batni þannig verulega á markaðnum, því að annars hlýtur að bregðast með öllu sú von, að frv. hafi nokkur áhrif í þessa átt.

Eins og þróunin hefur verið í tíð hæstv. ríkisstj. í verðlagsmálum, hljóta auðvitað allir að telja hverja þá ráðstöfun, sem felur í sér einhvern lækkunarsnefil, til bóta fremur en hitt, og af þeirri ástæðu hef ég lýst mig fylgjandi þessu frv., svo langt sem það nær. En hitt verða svo hv. aðstandendur frv. að afsaka, þó að bæði ég og áreiðanlega margir aðrir falli ekki beinlínis í stafi yfir því, eins og það er að heiman búið og með hliðsjón af forsögu þess, og þó enn þá síður ef svo færi, að vísu á móti veikri von minni, að engar tryggingar verði settar fyrir því, að þetta hugsanlega hálfa vísitölustig til lækkunar reyndist eitthvað meira en orðin tóm, þegar til reyndarinnar kemur.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að taka frv. þessu vel og mæla með samþykkt þess, þó að það sé ekki eins og ég hefði óskað. Ég tel, að í frv. felist vottur þess, að um afturhvarf sé að ræða hjá hæstv. ríkisstj., og ég tel mig ekki taka frv. illa, þó að ég geri við það nokkrar athugasemdir og flytji við það nokkrar brtt., sem ég tel að séu til mikilla bóta og í raun og veru felist stjórnarstuðningur í, stuðningur til fyllra afturhvarfs. Raunar má telja, að þetta afturhvarfsfrv. sé nokkuð seint á ferð, vegna þess að ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. léti nokkuð snemma á sínu stjórnartímabili í það skína, að tollalöggjöfin mundi verða löguð til lækkunar. Og það var af fullum ástæðum, að hæstv. ráðh. gerði þetta, því að með efnahagslöggjöfinni 20. febr. 1960 og gengisfellingunni, sem í henni fólst, var gerð stökkbreyting að því er aðflutningsgjöld snerti til hækkunar. Útflutningssjóðurinn var lagður niður, gengisfellingin átti að fullnægja því verkefni, sem hann hafði haft, að bæta upp útfluttar afurðir, en tekjuöflun sú, er fyrir hann hafði verið gerð til að fullnægja því verkefni, var samt ekki lögð niður að sama skapi, heldur var henni ráðstafað til ríkissjóðs, og þetta þýðir vitanlega auknar álögur almennings frá því, sem þær áður voru. Í sumar var svo tollagrundvöllurinn hækkaður enn um 13%, og verðlagið tók þá stökk til hækkunar.

Höfuðgalli þessa frv. er, að mér virðist, sá, að það léttir ekki sem skyldi bagga þess fólks, sem erfiðastar byrðar ber, — byrðar, sem viðreisnin hefur bundið því. Hátollavörur, en það eru þær einar, sem frv. inniheldur, eru að meira leyti vörur, sem það fólk kaupir ekki, sem á við erfiðan fjárhag að búa. Það kaupir lífsnauðsynjarnar einar. Þegar að þessu var vikið við 1. umr. og þegar að þessu var vikið í fjhn., þá voru svörin á þá leið, að tollalöggjöfin í heild væri í endurskoðun. Það er sjálfsagt rétt. En þó að svo sé, tel ég enga tryggingu fyrir, að sú endurskoðun komi nógu fljótt til úrbóta, því að þannig er ástatt, að aðgerðir í þessum efnum þyrftu að koma strax. Hinn samvizkusami frsm. meiri hl. fjhn. sagði líka aðeins, að tillögur um frekari breytingar á tollalöggjöfinni mundu koma fram „innan langs tíma“. Þetta sagði hinn samvizkusami maður. Hann sagði ekki: innan skamms, nei, „innan langs tíma“. Og það er nokkuð teygjanlegt og það gefur þeirri hugsun undir fótinn, að ekki séu þarna hröð verk á ferð og skjótar úrbætur í nánd.

Málflutningurinn í athugasemdum frv. og í munnlegum greinargerðum um það er töluvert annarlegur. Það er aðallega talað um, að frv. sé flutt til þess að ráða bót á því mikla smygli, sem eigi sér stað og geri það að verkum, að hátollarnir nýtist ekki sem skyldi. Hvers vegna er áherzla lögð á þetta? Er hæstv. ríkisstj. það máske feimnismál, að dýrtíðin, sem viðreisnin hefur skapað, er lítt bærileg og verður að lækka. Álögurnar þarf að lækka vegna almennings og atvinnurekstrarins í landinu, sem er undirstaða allrar afkomu þjóðarinnar. Á þetta er ekki minnzt í málflutningnum, svo að teljandi sé. Hitt er meginatriðið, eins og ég tók fram áðan, — hv. frsm. meiri hl. kallaði það líka aðalatriði, — að tollsvikin eru orðin að sögn svo mikil, að ekki verður rönd við reist. Og það á að laga með því að minnka ávinninginn, sem ólöglegur innflutningur hefur í för með sér fyrir þann, sem framkvæmir hann. Ég álít, að varlega skyldi því treyst, að þjóð okkar, sem er því miður ólöghlýðin þjóð og hefur tamið sér undanbrögð frá lagaboðum, láti sér segjast, þó að ávinningur lækki. Óknyttir fara oft og einatt ekki eftir ávinningi, og sá, sem hefur tamið sér að leita sér ávinnings á þennan hátt, hann er fundvís á nýjar leiðir, þó að aðrar séu gerðar ógreiðfærar, sem hann hefur áður komizt.

Ég álít, að manndómlegra væri að efla tollgæzlu mjög sterklega og enn fremur sjálfsagður hlutur að efla vöruskoðun við tollafgreiðslu, sem fullyrt er að sé mjög lélega framkvæmd. Mér skilst og skildist það á þeim mönnum, sem komu til fjhn. til að upplýsa hana um þessi mál, að einmitt allmiklar líkur væru til, að það ætti sér stað í stórum stíl, að fluttar væru inn vörur undir fölskum merkjum, og þetta gæti átt sér stað af því, að vöruskoðun hefði ekki verið framkvæmd.

Að leggja ekki á nauðsynlega tolla, til þess að enginn smygli, er heldur annarleg hagfræði. Það er hagfræði umrenningsins gamla, Hannesar stutta, sem sagðist aldrei hafa átt úr um dagana, til þess að enginn gæti stolið því frá sér. Skyldi ekki hæstv. ríkisstj. hafa smyglið sem tylliástæðu eins og Hannes stutti hafði þjófhræðsluna sem yfirbreiðslu þess, að hann hafði aldrei átt peninga til að kaupa sér vasaúr? Skyldi ekki hátollavaran vera að bregðast

í innflutningnum af því, að viðreisnin dregur svo skarplega úr kaupgetunni? Skyldu ekki kaup á henni hafa minnkað af þeim sökum ískyggilega fyrir ríkissjóðinn? Er ekki frv. um tollalækkun á þessum vörum, sem það inniheldur, en ekki brýnni nauðsynjum, einmitt af þeim ástæðum gert, að það á að örva kaupin á þessum varningi með þessari þó takmörkuðu lækkun, sem þar er á ferð?

Í sumar sá ég þess getið í Morgunblaðinu, að hæstv. fjmrh. hefði boðað lækkun hátolla á samkomu einni, en aftur á móti gert ráð fyrir hækkun almennra söluskatta í staðinn. Er það sú stefna, sem er þarna með skýlu fyrir andlitinu á ferðinni? Um þetta var spurt við 1. umr. af hv. 3. þm. Norðurl. v., um það, hvort búast mætti við hækkun slíkri í kjölfarið, en engu var svarað. Þetta út af fyrir sig skiptir vitanlega mjög miklu máli í sambandi við þetta frv.

Efnahagsástandið er þannig hjá þjóðinni á þessu tímabili, sem við nú lifum, tímabili viðreisnarinnar, að almenningur þarf á tollalækkun að halda og atvinnuvegirnir líka og það strax, eins og ég sagði áðan. Ég flyt þess vegna á sérstöku þskj. tillögur, sem ganga einmitt í þá átt. Þær eru sumar um meiri lækkun á innflutningsgjöldum á vörum, sem eru í frv., aðrar um, að teknir séu inn í frv. nýir vöruflokkar, og skal ég nú gera grein fyrir þessum tillögum hverri fyrir sig.

Tillögurnar eru á þskj. 109. Þær eru allar við 2. gr. frv.

1. till. er, að í kafla nr. 40 komi til viðbótar skíði og skíðastafir í nr. 55 og verði álag 30%. Enn fremur kastkringlur og kastspjót í nr. 65a með sama tolli. Þetta snertir íþróttamenn. Í frv. eru á tveimur stöðum ívilnanir í tollum frá því, sem nú er, á hlutum, sem íþróttamenn þurfa á að halda. Annað er á fatnaði, sem að vísu er ekki eins brýnt að létta tollum af eins og ýmsu öðru, sem íþróttamennirnir þurfa til sín, vegna þess að framleiðsla er innanlands á þeim vörum. Hitt er á áhöldum sambærilegum við þau, sem hér eru upp tekin. Ég tel, að það sé ákaflega þýðingarmikið fyrir þjóðina, að íþróttalífið geti dafnað, og það sé eitt af mikilsverðustu atriðunum til uppeldis að gera íþróttamönnunum sem léttast fyrir og örva þá sem mest til þess að nota frístundir sínar til þess að iðka íþróttir, sem geta eflt þá andlega og líkamlega. Þegar vinnutíminn hefur verið styttur, eins og nú er orðið, frá því, sem var í gamla daga, og þegar vélarnar eru farnar að létta erfiðinu af fólkinu, svo að það þarf ekki á þeim átökum að halda, sem styrkja líkamann og efla hreysti hans, þá þarf íþróttalíf að koma í staðinn. Það þarf að koma, bæði til þess að menn verði líkamlega hraustir og þeir noti tómstundirnar ekki til ónytja, sem er svo hætt við að bjóði æskunni heim. Ég álít, að þegar farið er að lækka tolla, þá eigum við að taka tillit til þessa. Það er að vísu gagnstætt því að veita fararleyfi á Keflavíkurflugvöll til að taka þar þátt í dansleikjum, en ég álít, að það sé gagnstætt því eins og á að vera.

2. till. er, að kafli nr. 46B breytist svo, að vefnaður úr gerviþráðum í nr. 6, 12a og 12c verði með 50% álagi. Að öðru leyti er þessi kafli óbreyttur frá því, sem er í frv., aðeins tekin upp umorðun, sem leiddi af því, að þessi brtt. er borin fram og sleit sundur samsetninguna í kaflanum. Hér er um það að ræða að lækka úr 62% niður í 50% gerviþræði og vefnað, sem almenningur notar mjög mikið, og ég hygg, að þetta geti komið sér vel fyrir margan og sé sjálfsagt að gera, úr því að tök eru á því og farið er að lækka tolla, og segja má þá, að eftir svona breytingu, yrði hún samþykkt, sé tekið tillit til í þessu efni þarfar, sem er almenn.

3. tillagan er, að í stað 62 í kafla 47 komi 50, þ. e. a. s. lækkað verði á sama hátt það, sem sá kafli hefur inni að halda í nr. 47, en það er mjög hliðstætt efni og er í kafla 46 B. Með þessu er ekki farið niður fyrir það lágmark, sem höfundar frv. virðast aðallega hafa bundið sig við, að tollarnir samtals verði 50%, en ekki minna. Hins vegar sé ég enga ástæðu til þess að binda sig við þessa reglu, af því að ég vil gefa frv. fyllra innihald og gera það líka ávinning fyrir almenning, sem þarf að kaupa, en ekki aðeins miða við smyglarana. Ég hef ekki heldur séð ástæðu til þess með tillögum mínum að binda mig við lækkun á tollum aðeins á vörum, sem hafa verið í 100% tollum samanlögðum eða meira. Ég tel, að það verði að fara eftir því, hvers konar vörur það eru, er meta skal, hvort tollar séu of háir eða of lágir.

4. tillagan er, að í stað 70% í kafla 51, í síðasta lið, komi 62%. Hér er um að ræða það, sem heitir „aðrir sokkar úr gerviþráðum", er færast í nýtt tollskrárnúmer, 8b, í þessum kafla. Næsti liður á undan eru heilsokkar kvenna úr gerviþráðum, er færast í nýtt tollskrárnúmer, 8a, í sama kafla, og þá er tollur færður niður í 30%, og það er víst eini staðurinn, þar sem út af er brugðið, þannig að farið er niður fyrir 50%, — nei, það eru tveir eða þrír, — ég bið afsökunar, þessi regla hefur ekki verið eins bindandi og ég sagði áðan við samningu frv. — Þarna er um kvensokka að ræða, sem færðir eru niður í 30%. Ég tel rétt að færa niður aðra sokka einnig úr gerviþráðum, en legg þó ekki til, að farið sé neðar með þá en í 62 úr 70, og miða þá við það, að framleiðslan á þessari vöru innanlands er dálítið fullkomnari en á kvensokkunum og þar af leiðandi ekki rétt vegna iðnaðarins innanlands að fara eins langt niður með þá og kvensokkana, en hins vegar ekki rétt að mínu viti að hafa tollana hærri en 62%, eins og er á fatnaði yfirleitt samkvæmt frv.

Í kafla nr. 63 koma í viðbót skautar í nr. 82, fari niður í 30%, og kastkúlur til íþróttaiðkana, skíðabindingar og skíðastafir í nr. 104a færist niður í 30%. Þetta eru áhöld, sem íþróttafólkið þarf til sín og er erfitt að fá innanlands, þarf að kaupa erlendis frá, og fyrir því eru sömu rök og ég flutti í sambandi við fyrstu tillöguna um að færa tollana á þessum vörum niður.

Þá er ég kominn að 6. till. Hún er um það, að á eftir kafla 71 komi kafli nr. 72, vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu í tollskrárnr. 10, 11, 12a, 12b, 13a, 13b, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 21a, 21b, 21c, verði tollfrjálst

allt. Þessar vörur eru: plógar, vörumagnstollur á þeim er nú 8.8 og verðtollur 3.6%, herfi, vörumagnstollur 8.8 aurar og 3.6% verðtollur, hjóladráttarvélar, vörumagnstollur 8.8 aurar og verðtollur 14.4%, og hlutar til dráttarvéla, 8.8 vörumagnstollur og 14.4% verðtollur. Þá eru það líka sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar, mjaltavélar, strokkar, skilvindur, sáðvélar, ostapressur, áburðardreifarar, kartöfluupptökuvélar o. fl. Á öllum þessum tegundum véla eru 8.8 aura vörumagnstollur og 3.6% verðtollur. Þetta eru allt saman áhöld, sem landbúnaðarmaðurinn notar, og svo er nú komið búskaparháttum, að þessi áhöld mega teljast til lífsnauðsynja við búskapinn. Það verður að segja um bóndann, að engin stétt hefur, að því er virðist, orðið harðar úti undir viðreisnarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. heldur en hans stétt. Og það hefur farið svo, að dráttarvélarnar, sem eru óhjákvæmilegur búshlutur, ef landbúnaðarstörf eiga að geta gengið nokkuð og búskapur blessazt, þær hafa orðið svo dýrar, að bændur treysta sér alls ekki til þess að kaupa þær, en kaupa yfirleitt gamlar vélar, sem erlendir menn hafa fleygt frá sér. Þetta er sönnun þess, hvernig ástæður bændanna eru. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. séu misjafnlega kunnugir högum bænda, í raun og veru ókunnugir sumir, en ég vænti þess, að þó að hv. stjórnarliðar kunni máske að hlusta á mig með tortryggni, þegar ég tala um þessi mál, þá muni þeir taka gildan vitnisburð hv. 10. landsk. þm., sem hann flutti hér við 1. umr. Ég vitna til þess vitnisburðar í þessu sambandi. Ég legg til, að þessi áhöld verði skattfrjáls í innflutningi, en vil benda á, að á þeim hvílir auðvitað söluskatturinn óhreyfður, þó að þessi till. verði samþykkt, svo að hann borgar nokkuð fyrir sig, þrátt fyrir það.

Þá er 7. till., að í kafla nr. 73 bætist við: vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar, í nr. 37, 38b—45. Ég legg til, að tollar á þessum vörum verði lækkaðir niður í 30%. Þessar vörur eru rafmagnstæki alls konar, eldavélar og þess háttar, hitunar- og suðutæki, strauvélar, þvottavélar, hrærivélar, eldhúsvélar og önnur áhöld, kæliskápar, bónvélar, ryksugur. Á þessum varningi eru nú tollar þannig, að á eldavélum og bökunarofnum er 8.8 aura vörumagnstollur, en 14.4% verðtollur og svo innflutningsgjald 68.2%. Og sams konar tollar eru á þessum vörum öllum, nema 45. lið, það eru önnur áhöld, þar er 8.8 aura vörumagnstollur og 27% verðtollur, en eins og á hinum vörunum 68.2% innflutningsgjald. Hér er því um háa tollun að ræða, og ég legg til, að hún verði færð niður í 30%. Þetta eru hlutir, sem almenningur þarf á að halda og heimili, þar sem rafmagn er á annað borð, geta naumast neitað sér um og verða þess vegna að teljast til lífsnauðsynja, eins og komið er.

Þá eru í 6. till. bifvélar (mótorar) og hlutar til þeirra, ótaldir annars staðar, í kafla nr. 30, verði tollfrjálst. Þetta eru bátavélar og hlutar til þeirra. Á þeim hvílir nú 8.8 aura vörumagnstollur og 3.6% verðtollur, ekkert innflutningsgjald. En sú undantekning er með bátavélar, sem fluttar eru inn vegna nýsmíðis, að heimilt er að fella niður af þeim verðtollinn, og það hefur verið gert. Enn fremur eru engir tollar á þeim vélum, sem fluttar eru inn í bátum, sem smíðaðir eru erlendis. Ég tel fyrir mitt leyti, að engin ástæða sé til þess að tolla þær vélar, sem fluttar eru inn til að setja í eldri báta, þar sem eru orðnar útslitnar vélar. Ég tel, að það eigi eins að létta tollum af vélum til þess, engin ástæða að vera að hvetja menn til að brenna skip sín strax og vél er ónothæf og fara heldur yfir í það að láta smíða nýjan bát. Ég held þess vegna, að þessi breyting geri ekki það aðeins að lyfta undir, létta þeim, sem sjóinn sækja, tilkostnað í stofnkostnaði, heldur líka blátt áfram hvetji til þess að hagnýta þær eignir, sem til eru.

Þegar ég talaði um landbúnaðarvélarnar áðan, benti ég ekki á það, sem ég vil leyfa mér að benda á nú, að úr því að veittur er afsláttur á tollum, eins og nú er, að því er snertir bátavélar, þá er alveg sambærilegt að veita líka afslátt á tollum að því er snertir vélar til landbúnaðarins. Hjóladráttarvélar eru í raun og veru bátur bóndans.

Loks er þá í þessum till. mínum 8. till., við kafla nr. 47, við hann bætist: radartæki, dýptarmælar, fisksjár í nr. 16a og verði tollfrjálst. Radartæki, dýptarmælar og fisksjár eru nú tollaðar að því er vörumagnstoll snertir með 30.8 aurum og að því er verðtoll snertir með 14.4%. Þessi tæki eru nú orðin lífsnauðsynjatæki þeirra, sem veiðiskap stunda á sjónum, og nútíðarveiðitæknin er það, sem lyftir aflabrögðunum á seinustu árum. Þetta eru dýr tæki, og ég held, að það sé óviðeigandi, þegar farið er að lækka tolla á annað borð og þykir ára til þess, að létta ekki tollum af þessum dýru og merkilegu og arðgæfu tækjum sjómannanna.

Ég hef nú minnzt á þessar tillögur hverja og eina, og ég leyfi mér að vænta þess, að þeim verði vel tekið. Þær eru allar til að gera frv. miklu frambærilegra og því í raun og veru, eins og ég tók fram áðan, stuðningur við hæstv. ríkisstj. Í þeim er tekið tillit til almennings, sem vantar í frv., og tillit til atvinnuveganna, bæði til lands og sjávar, sem líka vantar í frv. Ég trúi ekki að óreyndu öðru en hv. þdm. vilji laga frv. með því að samþykkja inn í það till. mínar.

Um till. hv. 1. minni hl., get ég sagt það, að ég er þeim yfirleitt fylgjandi, sumar koma nokkuð inn á það svið, sem ég hafði í till. mínum. Um sértillögu hans og aðaltillögu, að því er snertir verðlagsákvörðun, verð ég að segja það, að ég legg ekki mikið upp úr nauðsyn þeirra ákvæða, vegna þess að ég treysti samvinnufélögunum til þess að stilla í hóf álagningu og hafa þar fordæmi um, sem að gagni kemur fyrir alla.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. fjhn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli, og að sjálfsögðu verð ég einnig að þakka hv. 1. þm. Norðurl. e., sem hefur nú lýst yfir ákveðnum stuðningi við stjórnina í vissu máli, sem sagt stuðningi við hana í því að fylgja og framkvæma

þetta frv., þó að hann vilji bæta þar að vísu nokkuð við. Það er ekki að undra, þótt þessi hv. þm. taki velviljaða afstöðu til frv., því að ég les það í blaði hans í gær, að það beri að fagna þessum árangri af baráttu framsóknarmanna, sem sagt, þetta frv., sem hér liggur fyrir, er beinn árangur af baráttu þess ágæta flokks.

Það eru nokkrar fyrirspurnir, sem ég vildi byrja á því að svara.

Það hefur verið spurt um, hvort ég vilji gefa yfirlýsingu um, að engar nýjar álögur verði lagðar á í stað þeirrar lækkunar, sem þetta frv. feli í sér, og því er fljótsvarað, að stjórnin hefur ekki gert ráð fyrir því, að neinar álögur yrðu á lagðar í stað þess. Í rauninni kom þetta fram í minni framsöguræðu, því að ég skýrði þar svo frá, að það væru vonir ríkisstj., að þessar lagfæringar og lækkanir mundu leiða til þess, að innflutningur þeirra vara, sem frv. fjallar um, mundi færast miklu meir inn á löglegar brautir og draga úr smyglinu og tekjur ríkissjóðs mundu aukast við það og vega upp að mestu eða öllu leyti það tekjutap, sem ella mundi verða.

Í öðru lagi var spurt um það við 1. umr. af hv. 3. þm. Norðurl. v., hvort ég vilji gefa almennt yfirlýsingar um það, að engar nýjar skatta- eða tollaálögur yrðu á lagðar á þessu þingi. Ég vil taka það fram út af þeirri fyrirspurn, að fjárlagafrv., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi, byggist á því, að engar nýjar álögur verði á lagðar. Nú hef ég auðvitað enga heimild til þess að gefa yfirlýsingar um það, hver verður niðurstaða hjá hv. fjvn. og hv. Alþingi í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Ef fjárlögin verða afgr. í meginatriðum eins og fjárlagafrv. byggist á, þá er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum álögum. Ef Alþingi hins vegar teldi nauðsynlegt eða ákvæði að hækka gjöld fjárlaganna að einhverju verulegu marki, skapast að sjálfsögðu nýtt viðhorf.

Þá var fyrirspurn um það, hvort ríkisstj. mundi koma í veg fyrir það, að aukið yrði álagningarfrelsi á vörutegundum, m. ö. o. að verzlunin fengi frjálsa álagningu á fleiri vörutegundir. Um þetta atriði liggur ekkert fyrir. Það er verkefni verðlagsnefndarinnar samkvæmt lögum að ákveða, á hvaða vörum skuli vera verðlagsákvæði og á hverjum ekki.

Sami hv. þm., sem var frsm. 1. minni hl. fjhn., spurði, hvernig ég gæti fullyrt, hver yrði verðlækkunin á hinum einstöku vörutegundum. Nú er að vísu töluverður skoðanamunur, veit ég, milli okkar tveggja um þýðingu verðlagsákvæða. Þessi hv. þm. virðist telja, að verðlagsákvæði séu ákaflega gagnleg vörn fyrir almenning. Ég er ekki eins trúaður og hann á gildi verðlagsákvæða, og þó að þau geti stundum átt rétt á sér undir vissum skilyrðum og m. a. ef vöruskortur er í landinu, innflutningshöft o. s. frv., er hitt líka ljóst, að í ýmsum tilfellum og á ýmsa lund hafa verðlagsákvæði orðið beinlínis til skaða, orðið til tjóns fyrir þjóðfélagið í heild og almenning. Við vitum, að þessi verðlagsákvæði, sem hér hefur verið haldið uppi mjög lengi, eru yfirleitt miðuð við prósentálagningu, þ. e. a. s. að innflytjandinn og svo smásalinn má leggja ákveðinn hundraðshluta á verð vörunnar að viðbættum opinberum gjöldum. Á þessu skipulagi eru ákaflega margir annmarkar, m. a. sá meginannmarki, að í þessu felst engin hvatning til innflytjandans til að ná sem hagkvæmustum innkaupum, heldur þvert á móti. Hans hagur verður þeim mun meiri í álagningu sem hann kaupir dýrar og óhagkvæmar inn. Nú mætti segja, að ef innflutningur væri frjáls á vörunni og heilbrigð samkeppni, þá ætti þetta ekki að koma að sök. En á undanförnum árum, þegar höft hafa verið og vöruskortur og takmarkanir á innflutningi ýmissa vörutegunda, hefur þetta auðvitað verið hin mesta meinsemd, að hafa slíkt skipulag, að innflytjendur hefðu ekki hvatningu, heldur þvert á móti, til hagstæðra innkaupa. M. ö. o.: það er ýmislegt í þessum verðlagsákvæðum og verðlagseftirliti, sem er meingallað og leiðir til tjóns fyrir þjóðfélagið. Eins og ég gat um, getur verðlagseftirlit að sjálfsögðu oft átt rétt á sér, einkum þegar um vöruskort er að ræða, höft eða annað þess háttar, en að það sé einhver allsherjar lífselixír fyrir alþýðu manna, það er alger misskilningur, þannig að á því er enginn vafi, að í sumum tilfellum verður vöruverð hagstæðara með bæði innflutningsfrelsi og álagningarfrelsi heldur en með þeim höftum, bæði um innflutning og álagningu, sem þessi hv. þm. trúir svo mjög á.

Varðandi svo áhrif þessara tollalækkana á verð varanna, virðist það koma glögglega fram hjá þessum hv. þm., 5. þm. Norðurl. e., og málgagni hans, sem slær því mjög upp, að í rauninni sé alveg óvíst og ekkert öryggi fyrir því, að um nokkra verðlækkun verði að ræða, vegna þess að verzlunin muni gleypa þessar tollalækkanir á þeim vörutegundum, þar sem ekki eru hámarksákvæði. Nú býst ég við, að hv. þm. dragi þessa ályktun aðallega af því verzlunarviðskiptasvæði, þar sem hann er kunnugastur og þar sem hann er búsettur, sem er Akureyri. Þar er verzlunin, m. a. smásöluverzlunin, náttúrlega að mjög miklu og mestu leyti í höndum Kaupfélags Eyfirðinga. Ég veit ekki, hvort kynni hv. þm. eða reynsla hans af þessu mikla verzlunarfyrirtæki er með þeim hætti, að hann telji það nokkuð öruggt, að það muni gleypa þessa tollalækkun varðandi þær vörur, sem nú er frjáls álagning á. Ég vil alls ekki taka undir þann dóm eða þær ályktanir hv. þm., því að ég held þvert á móti, að bæði kaupfélög og kaupmenn muni reyna að stilla álagningu sinni í hóf, þar sem álagningin hefur verið gefin frjáls.

Að því er varðar þær upplýsingar, sem ég gaf hér í framsöguræðu um lækkun á smásöluverði á mörgum vörutegundum, var sú skýrsla byggð á upplýsingum og áætlunum frá tvennum samtökum kaupsýslumanna hér, þ. e. Kaupmannasamtökum Íslands og Félagi ísl. stórkaupmanna. Ég tel enga ástæðu til að telja, að þær áætlanir og útreikningar, sem þessi félög gerðu, séu rangar, og ég tel öruggt, að þessi félög muni beita sér fyrir því af alefli við sína félagsmenn, að álagningin verði ekki meiri en í þessum útreikningum er gert ráð fyrir, þó að einstakir innflytjendur og kaup-

menn hafi frjálsar hendur. Á þessum upplýsingum eru byggðar þær verðlækkanir í smásölu, sem ég skýrði hv. deild frá s. l. mánudag.

Hugleiðingar hv. þm. um það, að kaupfélögin og kaupmennirnir muni stinga allri þessari tollalækkun í sinn eigin vasa, — mér finnst þetta ekki byggt á nokkurri skynsemi eða viti Þessir aðilar vita það ósköp vel, að sú ákvörðun um mánaðamótin ágúst-september að afnema hámarksákvæði á nokkrum vörum er gerð í tilraunaskyni, og ég hef ekki heyrt, að á þeim rúmum tveim mánuðum, sem síðan eru liðnir, hafi orðið neinar sérstakar hækkanir á þessum vörum eða að þessi verzlunarfyrirtæki hafi misnotað þetta álagningarfrelsi. Það er auðvitað líka ljóst, að ef þessir aðilar misnota þetta frelsi, hefur verðlagsnefnd og verðlagsstjóri hvenær sem er í hendi sér að breyta þessu og taka upp aftur verðlagsákvæði og verðlagseftirlit. Ég býst við, að bæði forráðamenn kaupfélaga og kaupmanna séu ekki svo skyni skroppnir, að þeim dytti það í hug í sambandi við tollalækkanir að ætla að fara að hrifsa til sín í álagningu meginhlutann af þessu, því að þeim er það auðvitað ljóst sjálfum, hverjar afleiðingar hlytu af því að verða. Þær hlytu auðvitað að verða þær, að þetta yrði sett undir verðlagseftirlit að nýju. Í öðru lagi ætla ég, að það sé orðin svo mikil samkeppni í smásölunni hér á Íslandi, að m. a. mundi hún útiloka slíkar aðgerðir.

Þá var fsp. um það frá hv. 9. þm. Reykv. við 1. umr. málsins, hvort ég gæti gefið upplýsingar um, hversu miklu væri smyglað af áfengi til landsins. Því miður get ég ekki svarað því og efast um, að það séu aðrir, sem um það geta gefið upplýsingar. Hann spurði í öðru lagi um það, hvort ég gæti gefið sams konar upplýsingar um smygl á tóbaki, og í þriðja lagi um smygl á eiturlyfjum. Mér er þetta því miður ókunnugt allt saman og get engar upplýsingar um það gefið. (**AGI:** Var engin athugun gerð á þessu? Vill ekki ráðh. skýra frá því?) Nei, ég hef aldrei skýrt frá því. Ég sagði, að það hefði farið fram rækileg athugun á því, hversu mikill mundi vera ólöglegur innflutningur á ýmsum vörutegundum, og þá eru það vörutegundir að sjálfsögðu, þar sem hægt er að gera sér nokkra hugmynd um eðlilega notkun landsmanna á þeirri vöru, og miðað við löglegan innflutning fyrr og síðar. Í því sambandi má gera sér nokkra grein fyrir því t. d., hvað landsmenn þurfa á ári hverju mikið af ytra fatnaði, hvað þeir þurfa mikið af skóm, hvað kvenþjóðin íslenzka þarf mikið af sokkum á hverju ári o. s. frv. Nokkra hugmynd má gera sér einnig um það t. d., hve mikil þörf er fyrir við skulum segja armbandsúr fyrir landsmenn á ári hverju, og þannig mætti lengi telja. En engar slíkar áætlunartilraunir hafa verið gerðar varðandi þessar þrjár vörutegundir. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. getur gefið upplýsingar um það, hvað mundi teljast eðlileg þörf eða neyzla landsmanna á eiturlyfjum eða tóbaki eða áfengi. Ég get ekki gert það, og engum af þeim sérfræðingum, sem ég hef haft samráð við um þetta, hefur dottið í hug að gera slíkar áætlanir. Ég get því ekki heldur svarað þeirri lokaspurningu hans, hvort minnkuð eftirspurn eða minnkað smygl á nælonsokkum og brjóstahöldum, eins og hann orðaði það, muni auka smygl á eiturlyfjum, áfengi og tóbaki. Ég sannast sagna skil varla þessar spurningar. Eitthvað liggur vafalaust á bak við þær hjá hv. þm., en svör við þessu get ég því miður ekki gefið.

Þá kom það fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann lét þau orð falla, sem ég get ekki látið hér ómótmælt, að í grg. þessa frv. séu áhafnir flugvéla og skipa stimplaðar sem smyglarar og það í stórum stíl. Hv. þm. vitnaði í því sambandi í grg. þessa frv., 7. bls., og vildi ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp það, sem segir um þetta mál í grg., sem sýnir, að þetta er á algerum misskilningi og rangtúlkun byggt hjá hv. þm. Þar segir svo:

„Þegar litið er til þess, að árlega munu koma til landsins um 30—40 þús. farþegar og áhafnarmeðlimir, verður hér um verulegt magn að ræða í heild, og stafar það ekki sízt af því, að ýmsar vörur, sem almennt eru í farangri manna, svo sem fatnaður, hefur verið mun hagkvæmara að kaupa erlendis en hér á landi. Má búast við, að eitthvað dragi úr þessum kaupum vegna þeirrar verðlækkunar, sem leiðir af þessu frumvarpi.“

Það, sem hér er sagt, er það, að hinn mikli innflutningur ferðamanna, sem tekið er fram í mgr. næst á undan að sé með leyfi tollgæzlunnar og átölulaust af hennar hendi, að úr honum muni draga við það, að sams konar vörur lækka í verði hér vegna tollalækkunar.

Sami hv. þm. lét þau orð falla, að það virtist vera skoðun ríkisstj. og mín, að eina leiðin til að vinna bug á þessum ósóma, þ. e. smyglinu, sé að draga úr ágóðavon smyglarans. Það sama ætla ég að hafi komið hér fram hjá einhverjum öðrum þingmönnum, en mér þykir ákaflega leitt, ef sá kafli framsöguræðu minnar hefur alveg farið fram hjá þeim, sem fjallaði einmitt um það, að brýn nauðsyn væri samhliða tollalækkuninni að endurskipuleggja og herða tolleftirlit og tollskoðun. Það var allýtarlega út í það farið í minni framsöguræðu, og þykir mér furðulegt, ef það hefur farið fram hjá báðum framsögumönnum minni hlutanna. En ræðumenn hér, hver eftir annan, stagast á því, að það eigi eingöngu að lækka tollana og ekki hugsa neitt um annað.

Það er þó rétt í sambandi við ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, að í grg. sé veitzt að áhöfnum flugvéla og skipa um smygl, að flokksbróðir hans, hv. 9. þm. Reykv., lét þessi orð falla hér í sinni ræðu:

„Áhafnir flugvéla og skipa fá hluta af launum sínum greiddan í erlendum gjaldeyri. Ég tel vafalaust, að orsakir til smyglunar smávarnings inn í landið eigi að nokkru leyti rætur sínar að rekja til þessa fyrirkomulags í launagreiðslum.“

Þetta eru ummæli hv. 9. þm. Reykv. Og hann heldur áfram:

„Mér dettur í hug, hvort ekki væri rétt, að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir breytingu á launakjörum áhafna flugvéla og skipa, beitti

sér fyrir að koma þeim launakjörum í það horf, að það væri ekki beinlínis ætlazt til þess, að hluti launanna fengist með smyglstarfsemi."

Ég býst við, að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi alveg ruglazt í þessu, hann hafi haldið, að ég hafi sagt þau orð, sem flokksbróðir hans lét um þessi mál falla.

Ég ætla, að það séu ekki mörg atriði önnur, sem ég þarf að gera að umtalsefni hér. En þó er rétt að benda á þann furðulega misskilning, sem raunar er ekki nýr, sem kemur fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að vegna þess að þetta frv. mundi aðeins lækka vísitöluna um hálft stig, þá sé það í rauninni harla lítils virði. Hér gægist fram enn það gamla sjónarmið, að það sé vísitalan, sem sé eini rétti mælikvarðinn á lífskjör fólksins. Þetta kom alveg greinilega fram, þegar hann og hans flokksbræður voru að hefja starfsemi sína í vinstri stjórninni, því að í des. 1956 hækkuðu þeir stórkostlega aðflutningsgjöld á ýmsum vörum, — það var kallað innflutningsgjald, — og það var alveg nákvæmlega vinzað úr þannig, að vísitöluvörurnar skyldu ekki lenda undir því, heldur aðrar vörur. M. ö. o.: þarna var verið að skekkja vísitöluna sem mælikvarða á lífskjör fólksins, skekkja hana verulega. Vitanlega er fjölmargt, sem er ekki reiknað með í vísitölunni, sem hefur áhrif á lífskjör fólksins, eins og hv. frsm. meiri hl. rakti hér greinilega í sinni framsöguræðu. (Gripið fram í.) Enn þá stendur þetta svo ríkt í huga hv. þm., að það sé engin kjarabót, fyrst hún lækki ekki vísitöluna neitt að gagni. Hér með þessu frv. er farið inn á nýjar brautir, þannig að það er ekki verið að hugsa um það eins og í tíð vinstri stjórnarinnar eingöngu að skekkja vísitöluna eða miða skatta og álögur og allt þess háttar bara við vísitöluna, en hirða ekkert um annað, heldur er hér um að ræða margar þýðingarmiklar vörur fyrir almenning, sem þó hafa óveruleg áhrif á vísitöluna.

Varðandi svo þau ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e., sem hér talaði síðast, þar sem hann gefur í skyn, að það sé eiginlega eingöngu vegna viðreisnarinnar, sem dregið hafi úr löglegum innflutningi og smyglið færzt í aukana, og þess vegna sé stjórnin að glíma við afleiðingar af viðreisninni, vildi ég benda þessum hv. þm. aðeins á það, að eftir athugun á þessu máli er það komið greinilega í ljós, að þó að hér hafi vafalaust verið meira og minna smygl um langan aldur, þá færist það fyrst í aukana, eftir að vinstri stjórnin kemur til og hækkar innflutningsgjöldin gífurlega á ýmsum vörum í desember 1956, þannig að strax á árinu 1957 dregur stórlega úr löglegum innflutningi margra hátollavara, sem vafalaust er bein afleiðing af þessum miklu álögum.

Ég tel ekki ástæðu til að svara fleira af því, sem hér hefur komið fram, en varðandi þær brtt., sem fram hafa komið, þá eru þær að sjálfsögðu allar til athugunar í sambandi við endurskoðun tollskrárinnar, sem unnið er að.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. kafli nr. 6 samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 111,1 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 20, 21, 31 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,2 felld með 10:8 atkv.

2. gr. kafli nr. 37, 38, 39A, 40 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 109,1 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 46A samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 109,2 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 46B samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 109,3 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 47, 48, 49, 50 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 109,4 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 51, 52, 54, 55, 58 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,3 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 59 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,4 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 60 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,5 felld með 10:9 atkv.

— 109,5 felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 63, 71 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 109,6 fyrri liður felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE.

nei: AuA, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, JKs, EggÞ.

BGuðm greiddi ekki atkv.

1 þm. (FS) fjarstaddur.

Brtt. 109,6 síðari liður felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK.

nei: JKs, AuA, BGuðm, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, EggÞ.

1 þm. (FS) fjarstaddur.

Brtt. 109,7 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE.

nei: AuA, BGuðm, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, JKs, EggÞ.

1 þm. (FS) fjarstaddur.

Brtt. 111,6.a tekin aftur.

— 111,6.b felld með 10:9 atkv.

2. gr. kafli nr. 73 samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 111,7 fyrri liður felld með 10:9 atkv.

— 111,7 síðari liður felld með 10:9 atkv.

— 109,8 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, HermJ, KK.

nei: KJJ, MJ, ÓB, JKs, AuA, BGuðm, GTh, JÁ, JÞ, EggÞ.

1 þm. (FS) fjarstaddur.

2. gr. kafli nr. 77, 78, 79, 82, 84, 85 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. síðari málsgr. samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 106 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BjörnJ, FRV, SE, AGl.

nei: BGuðm, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, JKs, AuA, EggÞ.

HermJ, KK, ÓlJ, PÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (FS) fjarstaddur.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það hefur verið rætt um það við fyrri umr. þessa máls, að mikill vafi geti leikið á því, að hve miklu gagni almenningi komi sú lækkun, sem leiðir af samþykkt þessa frv. Mikið af þeim vörum, sem hér er um að ræða, er ekki háð verðlagseftirliti, og er mjög á valdi kaupmanna, hve mikið af þessari lækkun fær að koma almenningi til góða. Hæstv. fjmrh. hefur hjá samtökum kaupmanna kynnt sér þessa spurningu að nokkru, en að sjálfsögðu ekki fengið viðhlítandi svör. Svörin eru óákveðin. Nú gætir ýmissa grasa í þessu frv. hvað vörur snertir. Sumt eru tvímælalaust að flestra dómi munaðarvörur og vörur, sem hægt er að kalla óþarfar. En á meðal þeirra vörutegunda, sem hér um ræðir, eru vörur, sem einnig að flestra dómi verða að teljast nauðsynjavörur, og þar á meðal hversdagslegur fatnaður. Ég vil sérstaklega í því sambandi benda á kaflana í 2. gr., kafla nr. 50, nr. 51, nr. 52, nr. 54 og nr. 55. Í þessum köflum er rætt um vefnaðarvörur, prjónavoðir, fatnaðarvöru ýmiss konar, einkum kvenfatnað, og flestar af þessum vörum heyra til hversdagsfatnaðar. Mér finnst því talsverð ástæða til, að hið háa Alþingi reyni að tryggja almenningi eins og kostur er á, að hann fái að njóta góðs af þeim tollalækkunum, sem hér er um að ræða. Nú hefur verið felld tillaga um, að allar vörur, sem hér um ræðir í þessu frv., skyldu vera háðar verðlagsákvæðum. Ég vil nú freista þess við þessa síðustu umr. að bera fram brtt., sem aðeins tekur til nokkurra kafla í 2. gr., einmitt kaflanna, sem ég taldi upp. Ég vil gera till. um, að sá fatnaður allur, sem þar um ræðir, verði háður verðlagsákvæðum og ákvæðum um hámarksálagningu. Með því einu móti getur Alþingi tryggt, að almenningur fái raunverulega lækkun á þessum nauðsynjavörum. Það fer ekki á milli mála, hvar valdið liggur til að verðleggja þessar vörur, þegar frv. er orðið að lögum. Þá er valdið farið frá Alþingi og það lagt í hendur Kaupmannasamtakanna. Það er á þeirra valdi, hvort nokkur lækkun á þessum vörum verður í framkvæmd. Ég skal í því sambandi benda á, að í fyrradag birtist í blaði hæstv. fjmrh., Vísi, viðtal við formann Kaupmannasamtaka Íslands. Að sjálfsögðu og eðlilega fagnar hann þessu frv. og væntanlegri samþykkt þess. Viðtalinu lýkur formaður Kaupmannasamtakanna með þessum orðum, — hann segir:

„Kaupmannasamtökin munu væntanlega á næstunni gera almenningi nánari grein fyrir, hvernig tollalækkanirnar koma til með að verka í einstökum atriðum."

Greinilegar en þetta verður að mínum dómi ekki sagt, að um þessar væntanlegu lækkanir til almennings er allt óráðið enn. En sá, sem valdið hefur, Kaupmannasamtökin, mun innan skamms gera almenningi grein fyrir, hvernig þessum lækkunum verður varið. Þetta er í mínum augum mjög stórt atriði (Gripið fram í.) Hann svaraði náttúrlega fyrir sín samtök. En þetta sýnir greinilega, hvert valdið er lagt, ef það er látið af hendi héðan.

Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja fram skriflega tillögu, sem hljóðar svo:

„Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vörur í tollskrárköflum nr. 50, nr. 51, nr. 52, nr. 54 og nr. 55, nánar tilgreindar í þessari grein, skulu háðar verðlagseftirliti, og má álagning ekki vera hærri hlutfallslega en hún var í ársbyrjun 1961."

Ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari skriflegu tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 116) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, ekki ætluð til þess að lengja þessar umr., en aðeins til að vekja athygli á atriði, sem óneitanlega hlýtur að koma upp í huga manns við að hlýða á flutning ræðu þeirrar, sem hv. 9. þm. Reykv. hér flutti, og brtt. hans. Því er mjög haldið á lofti, að ef þetta verði að lögum og ekki verði settar hér frá Alþingi ákveðnar hömlur, sé slík vá fyrir dyrum, að þeir, sem selja þessar vörur, muni misnota í stórum stíl aðstöðu sína til að arðræna almenning. Mér sýnist, að ýmsum þeim, sem um þetta hafa talað hér, hljóti að gleymast sú staðreynd, eða a. m. k. verður manni að hugsa, hvort þeim hafi gleymzt sú staðreynd, að mjög verulegur hluti af allri smásöluverzlun í landinu er í höndum samvinnufélaga. Þau eru starfandi í hverju einasta byggðarlagi landsins. Sums staðar eru þau einu fyrirtækin, sem starfa þar, smásölufyrirtækin, og hér í Reykjavík er starfandi mjög öflugt kaupfélag, sem flokksbræður hv. 9. þm. Reykv. stjórna. Ég hefði haldið, að það væri mjög kærkomið tækifæri fyrir samvinnufélögin að fá aðstöðu til þess að sýna það í verki undir frjálsum álagningarreglum, að þau gættu það vel hagsmuna fólksins, að það kæmi berlega í ljós, að þeirra vöruverð væri þá þeim mun lægra, ef aðrir ætluðu að misnota sér álagningarfrelsið.

Ég minnist þess, að ég hlýddi á það fyrir nokkrum árum, og raunar hefur það ekki verið nýtt sjónarmið hjá talsmönnum samvinnufélaganna, og má þar minna á ýmsar ræður, sem hv. framsóknarmenn hafa flutt um það, sem ég tel vera hárréttar, ef menn á annað borð hafa trú á samvinnufélögunum og aðstöðu þeirra til að gæta hagsmuna fólksins, að þá sé það í rauninni í þeirra þágu, að álagning sé frjáls og þau fái með því að sýna yfirburði sína yfir annað skipulag. Ég get því ekki séð með nokkru móti, að það geti orðið til neinna hagsbóta, þó að þessar brtt., sem hér er

um að ræða, verði samþykktar, og tel, að í raun-inni mættu allir þeir aðilar, sem á samvinnu-félögin trúa, fagna því, að þarna hefðu þau aðstöðu til þess raunverulega að sýna það og sanna, að þau tryggðu almenningi hin beztu kjör.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér nokkur orð og mælti gegn þeirri till., sem ég var nú að bera fram. Mér heyrðist hann bregða upp gamalli plötu, sem oft heyrist hjá Sjálfstæðisflokksmönnum, þar sem þeir reyna að setja upp samvinnuhreyf-inguna gegn kaupmannasamtökunum. Nú skal ég ekkert fara út í það, hvort ég treysti betur samvinnufélögunum eða kaupmannasamtökun-um. Það þarf ekki að vera til umr. hér. Hér er aðeins það til umr., hvaða vald í þessu efni Alþingi vilji veita þessum aðilum. Og ég er þeirrar skoðunar, að vegna mikilvægis þeirra nauðsynjavara fyrir almenning, sem ég ræddi hér um, eigi Alþ. ekki að sleppa valdinu frá sér í þessu efni. Að öðru leyti kom fram hjá þessum hv. þm. skoðun Sjálfstæðisflokks-manna á verðlagsákvæðum og ákvörðun um hámarksálagningu. Í því er ekki neitt nýtt. En ég vil aðeins benda hv. þm. á, að hér í þessari hv. þingdeild eru Sjálfstæðisflokksmenn e. t. v. þeir einu um þessa skoðun. Ég veit ekki betur a. m. k. en Alþfl. sé enn þá inni á því, að verð-lagseftirlit og ákvörðun um álagningu sé til hagsbóta neytendunum í landinu. Þrátt fyrir allt er mér ekki kunnugt um, að Alþfl. hafi gengið af þessari trú sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., var lagt fram og kom til 1. umr. hér í þessari hv. deild s. l. mánudag. Í dag hefur farið fram 2. umr. og atkvgr. lokið. Og síðan hefur málið verið tekið til 3. umr. þegar að 2. umr. lokinni. En fyrir lágu allmargar brtt., sem hafa verið felldar, og að gefnu tilefni vil ég óska þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá í dag og að það verði síðan tekið fyrir á morgun, vegna þess að mér finnst vera hér um svo mikið stór-mál að ræða, að ekki sé ástæða til að hraða því svo mjög eins og nú á að gera. Ég vænti þess, að forseti verði við þessari ósk minni.

Forseti (EggÞ): Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þessar óskir hv. þm., að málið hefur verið til umhugsunar þingmanna á fjórða sólarhring, og er það í fullu samræmi við það, sem áður hefur verið gert undir svip-uðum kringumstæðum. Tollamál hafa gengið í gegnum báðar deildir þings á þeim sama tíma sem það hefur nú verið hjá þessari einu deild. Ég get ekki orðið og mun ekki verða við þessum óskum hv. þm., því að ég tel, að hér sé um fyllilega lögmæta afgreiðslu að ræða á máli, sem mjög knýjandi er að fá end-alok um á annan hvorn veginn, sem meiri hluti þingmanna verður endanlega að ráða um.

Ásgeir Bjarnason: Ég tel það vera brot á þingsköpum og öllum venjulegum reglum, þeg-ar um svona mikið stórmál er að ræða, að hraða því svo mjög og gefa þingmönnum ekki kost á að athuga málin eins og nauðsynlegt er. Hér er um löggjöf að ræða, sem færir ríkissjóði hundruð millj. kr. tekjur árlega. Og þegar það er vitað, að sú tollalækkun, sem á sér stað samkv. frv. þessu, mun nema eitthvað í kring-um 40 millj. kr. eða í kringum 260 kr. á hvert mannsbarn í landinu, þá fæ ég ekki séð, að hér sé um svo þýðingarmikinn þátt að ræða, sem hér er tekinn út úr, að það megi ekki íhuga málið frekar og færa fram óskir til leið-réttingar á tollalöggjöfinni, því að við vitum það, að margt má þar til betri vegar færa. Ég viðurkenni, að hér sé um nokkra leiðréttingu að ræða, en miklu minni en þeir, sem að frv. standa, vilja vera láta.

Ég vil játa, að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum áðan, þegar hv. 10. landsk. (BGuðm), sem hafði lýst því hér við 1. umr., að nauðsyn bæri til að lækka toll á heimilis-dráttarvélum og ýmsum tækjum til landbúnað-arins, brást, þegar honum gafst sannarlega kostur á því að fá óskir sínar uppfylltar með eigin atkv. Ég hefði gjarnan viljað færa fram aðrar óskir í sambandi við landbúnaðarmálin, og af þeim ástæðum óskaði ég eftir því, að umr. yrði frestað til morguns. En nú gefst þess ekki kostur, og ég lýsi megnustu ótrú á svona vinnubrögðum.

Forseti (EggÞ): Ég vil aðeins í sambandi við þessi kurteislegu orð þm. nú síðast taka það fram, að hann hlýtur að hafa verið hér viðstaddur, þegar afbrigði voru veitt fyrir því, að þetta mál væri tekið til 3. umr., með 15 shlj. atkv. Málið er til 3. umr. Það er hins vegar enn þá á valdi þingmanna, hvað lengi sú umræða stendur. Hinn hluti ræðu hans vitnar sjálfur um sig. Það er óþarfi fyrir mig að taka nokkuð frekar fram í því efni.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að það væri nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þess sem mest. Eins og þá var skýrt frá og kunn-ugt er, hafa allar tollafgreiðslur á þeim vör-um, sem frv. fjallar um, stöðvazt, frá því að frv. kom fram. Það er því í fullu samræmi við þær óskir, sem bornar hafa verið fram af ríkis-stj. hálfu, sem hæstv. forseti telur ekki rétt né fært að fara nú að draga afgreiðslu þessa máls, og ég held, að hv. 1. þm. Vesturl. geti ekki átalið það með fullri sanngirni, þó að reynt sé að hraða máli eins og þessu, því að ég ætla, að þess séu ótalmörg fordæmi, að þeg-ar svona stendur á, er talin brýn nauðsyn að hraða málum. Hins vegar hafa hv. deildarmenn fengið, eins og hæstv. forseti tók fram, all-mikinn tíma til þess að kynna sér málið, og það hefur verið athugað rækilega í hv. fjhn., og þar hafa þeir þrír trúnaðarmenn eða emb-ættismenn, sem sérstaklega hafa undirbúið frv., verið kvaddir til þess að gefa upplýsingar, og hef ég ekki heyrt annað en þeir hafi gefið greiðlega allar þær upplýsingar, sem um var beðið.

En í sambandi við þessa ósk hv. 1. þm. Vesturl. kemur það í rauninni í ljós, að sumir hv. þm. vilja taka tollskrármálin og tollamálin í heild inn í þetta frv. eða meðferð þess, sem er náttúrlega alger misskilningur. Tollskrármálin í heild eru til endurskoðunar, og sú löggjöf, hin endurskoðaða tollskrá, verður ekki tilbúin fyrr en næsta haust, en verður þá lögð fyrir þing, er það kemur saman haustið 1962. Hins vegar hafa nokkrar hátollavörur, sérstaklega vörur, sem mikið er um ólöglegan innflutning á, verið teknar inn í þetta frv. sem alveg sérstakt mál, sem þolir ekki bið. Það kemur fram, bæði hjá hv. 1. þm. Vesturl. og í þeim brtt., sem minni hlutar fjhn. hafa borið hér fram, að þeir vilja blanda öllum mögulegum tollamálum öðrum inn í þetta frv. T. d. hef ég skýrt frá því hér áður, að inn í frv. eru eingöngu teknar hátollavörur, þ. e. a. s. þær, sem eru með yfir 100% samanlögð heildargjöld nú. En í brtt. hv. minni hl. fjhn. eru teknar ýmsar vörur, sem er mjög mikill innflutningur á, þar sem heildargjöld eru ekki 100% eða yfir það, heldur allt niður í, að ég ætla, 20% og í lægsta flokki tæplega 15% heildargjöld. Hér er þá komið út á allt aðra braut, og ef ætti að fara að taka einhverjar slíkar vörur, sem eru ekki hærri gjöld en þetta á, erum við náttúrlega komnir út á hálan ís í sambandi við þetta, því að þá koma ekki aðeins tugir, heldur hundruð annarra vörutegunda til athugunar, sem vissulega væri æskilegt að lækka toll á. Ég skal geta þess t. d. út af þeim brtt., sem hér voru til atkvgr. áðan, á þskj. 109 og 111, frá hv. minni hlutum fjhn., að ef þær tillögur hefðu verið samþykktar, væri samkv. þeim um að ræða tekjutap fyrir ríkissjóð um 43 millj. kr., sem ætti þá að samþykkja hér án þess undirbúnings, sem málið að öðru leyti hefur fengið mánuðum saman. Um það tekjutap, sem frv. í heild er talið hafa í för með sér, hafa verið nefndar tölurnar milli 40 og 50 millj., en um leið er tekið fram, að það er gert ráð fyrir að vinna það tekjutap upp að mestu með auknum löglegum innflutningi þeirra vara. Nú eru margir stórir liðir í þessum brtt. á þskj. 109 og 111, sem hvorki eru hátollavörur í þeim skilningi, sem lagður er í það orð, né heldur eru fluttar ólöglega til landsins að neinu marki. Gagnstætt því, sem er um frv. sjálft, annars vegar tekjutap af því, hins vegar von um að vinna það tekjutap upp, þá mundu þessar brtt. hv. minni hl. í meginatriðum, vil ég segja, ekki í öllum greinum, þýða beint og óruggt tekjutap fyrir ríkissjóð, sem í heild er talið að nemi um 43 millj. kr.

Ég vildi aðeins benda hv. þm. á að blanda ekki almennum tollamálum eða almennri endurskoðun tollskrárinnar í þetta mál, sem hér liggur fyrir. En ég get tekið það skýrt fram, að öll þau atriði, sem hér hefur verið bent á í þessum umræðum og í brtt. minni hlutanna, verða að sjálfsögðu tekin til gagngerðrar athugunar í sambandi við hina almennu endurskoðun tollskrárinnar.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en með tilliti til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, — og þessar umræður um málið hafa nokkuð dregizt á langinn, — þá sé ég ástæðu til þess að svara nú með örfáum orðum fsp., sem beint var til mín sérstaklega af hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) við 2. umr. málsins. Ég svaraði henni ekki þá, vegna þess að ég taldi það atriði ekki svo mikilvægt, að ég vildi koma í veg fyrir, að umræðunni yrði lokið fyrir venjulegan fundartíma, með því að kveðja mér hljóðs. En af því að þau atriði, er sérstaklega fólust í þeirri fsp., hefur nú borið á góma, nefnilega verðlagsmálin, þá tel ég rétt að svara fsp. með örfáum orðum. Hún var á þá leið, hvort það væri skoðun mín, að verðlagsyfirvöldin mundu framlengja heimild til afnáms verðlagsákvæða á nokkrum vörutegundum eftir 1. sept. 1962. Svarið er í stuttu máli það, að auðvitað mundi það fara eftir mati verðlagsyfirvaldanna á því, hvort sú heimild, sem hér er um að ræða, hafi verið misnotuð eða ekki, og ég veit, að þeir, sem verzla með þessar vörur, hvort sem það eru kaupmenn eða kaupfélög, gera sér það fyllilega ljóst, að undir því verður það komið, hvort afnám verðlagsákvæðanna verður framlengt eða ekki. Og ég tel, að í þessu felist það aðhald fyrir þessa aðila, að það sé með öllu óþarft að samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir, og aðrar brtt., sem þegar hafa verið hér fram bornar og ganga í sömu átt.

Í öðru lagi vil ég á það benda, — er það ekki rétt með farið hjá mér, að það sé 46. kafli til 52. kafla, sem brtt. nær til? (**Gripið fram í:** 50.—55., að báðum meðtöldum.) Já, 50.—55. kafli, að báðum meðtöldum, þ. e. aðallega tilbúinn fatnaður. Nokkuð af þeim vörum, sem undir þetta falla, eru hráefni til fatnaðarframleiðslu, svo að með tilliti til þess yrðu verðlagsákvæði að vera viðtækari en fælist í slíkri samþykkt, þannig að þau yrðu þá einnig að ná til innlendrar framleiðslu úr þeim efnum, sem hér er um að ræða.

Annars vil ég gjarnan undirstrika það, sem ég benti á í framsöguræðu minni við 2. umr. og hefur nú einnig komið fram m. a. í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), að það felst ekki í þessari till. sérstakt traust til kaupfélaganna og samvinnuhreyfingarinnar í landinu, en vitað er, að þau verzla í mjög stórum stíl með þær vörur, sem hér er um að ræða, svo að sú vernd, sem samvinnuhreyfingin á að veita neytendunum, væri þá lítils virði, ef sérstök ástæða væri til slíkrar samþykktar, ekki sízt með tilliti til þess, að innflutningur þeirra vörutegunda, sem hér er um að ræða, mun yfirleitt vera frjáls.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég er ekki eins þingvanur maður og hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), en það hafði ég þó haldið, að ekki væri það venja hér á hv. Alþ. að gera atkvæðagreiðslu einstakra þm. að umræðuefni, er mál eru til umræðu. En úr því að hv. þm. sá ástæðu til að gera það, vil ég aðeins segja það, að við 1. umr. þessa máls gerði ég tilraun til þess að fá þá n., sem hafði málið til meðferðar, til að taka fleiri vörutegundir inn í þetta frv. Það fékkst ekki neitt jákvætt út úr því við af-

greiðslu n. á þessu máli. En ég hef gert nokkuð til þess að reyna að þoka þessu máli áfram, og ég tel það síður en svo til framdráttar málinu, ef ég hefði farið við atkvgr. þá, sem hér fór fram áðan, að nota mér veikindaforföll þingmanns til að knýja fram breyt., sem ég hafði áður talað um, og ef hv. 1. þm. Vesturl. álítur, að það sé til framdráttar málum að nota sér slík tækifæri, þá má hann hafa þá skoðun fyrir mér.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna aths., sem hæstv. fjmrh. gerði við tillögu mína og 1. minni hl. fjhn., — aths., sem telja má að hafi verið á þá leið, að þær tillögur gætu ekki fallið undir þetta mál, eins og það lægi fyrir. Það var á honum að heyra, að ekkert mætti taka inn í þetta frv. annað en hátollavörur og helzt smyglvörur. Þetta er þó frv. til lækkunar á innflutningsgjöldum. Það er einkennilegt, að hæstv. ráðh. skuli detta í hug að verja þetta frv., þetta einhliða frv., þetta takmarkaða frv. sitt með svona rökum. Þessi afstaða hæstv. ráðh. minnir mig á eina söguna af Molbúum Íslendinga, Bakkabræðrum. Svona er hún: Þeir fóru einu sinni að leita að á, sem þá vantaði og þeir voru hræddir um að hefði farið ofan í, eins og kallað er. Í þessari leit fundu þeir kú, sem þeir áttu, niðri í. En af því þeir höfðu ekki farið að leita að kúnni, þá sögðu þeir: „Nei, við látum kúna vera, það verður hugað að henni á réttum tíma í kvöld.“ En um kvöldið var náttúrlega sú kýr dauð, sem þeir gengu þarna að.

Hæstv. fjmrh. verður að gá að því, að í landi okkar eru ýmsir, sem stynja undir dýrtíðinni. Hann segir í þessu sambandi: Það er verið að endurskoða tollalöggjöfina, hún verður tekin til meiri breytinga en þetta, annaðhvort eftir skamman eða langan tíma. — En hann má gá að því, að þá verði ekki mennirnir orðnir uppgefnir, kýrin dauð, eins og hjá Bakkabræðrum.

Nei, þetta eru tyllirök, sem hæstv. ráðh. færði fram. Og með þau rök á vörum getur hann ekki varið það að fella undan þær till., sem voru felldar hér áðan frá minni hl.

Ég hef ekki mikla trú, eins og ég sagði áðan, á verðlagsákvörðunum yfirvalda. Þess vegna er ég ekki sérstakur fylgjandi beirrar skriflegu brtt., sem hér var lögð fram. Ég treysti því, að samvinnufélögin takmarki álagningu eins og hægt er. Og mér þykir reyndar ánægjulegt að heyra, að hæstv. sjálfstæðismenn grípa einmitt til þessara raka sem helztu raka núna. Ég vildi vona, að það væri vottur þess, að þeir væru að taka stefnu okkar framsóknarmanna, úr því að þeir telja hana geta veitt þessa vernd, eins og það var orðað.

Um atkvæðagreiðslu hv. 10. landsk. (BGuðm) ætla ég ekki að ræða, þó að ég finni nú hins vegar ekki, að hún sé að sjálfsögðu neitt sérstaklega friðhelg við umræður, eins og hann vildi vera láta. Ég vil aðeins segja það, að hann átti sverðið, en brá því ekki.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það hefur aðeins tognað úr þessum umræðum og er ekkert við því að segja, það er varla vítavert að ræða svo stórt mál örfáar mínútur, meðan menn þola við vegna kvöldmatarins. En ég ætla mér ekki að lengja þær mikið, heldur drepa hér á örfá atriði í stuttu máli.

Ég skildi hæstv. fjmrh. svo við 2. umr. þessa máls, að hann deildi á vinstri stjórnina fyrir það að hafa lagt innflutningsgjald með þeim hætti á vörur, að það væri til þess að halda niðri vísitölu framfærslukostnaðar. Ég neita þessu alls ekki, að það hafi verið höfð hliðsjón af framfærslukostnaðinum hjá almenningi í landinu, og ég álít, að það hafi verið lofsvert, því að það er ekki hægt að neita því, að framfærsluvísitalan gefur þó nokkuð mikla hugmynd um það, hve dýrt er að lifa fyrir allan almenning í landinu. Það er ekki vítavert að reyna að halda þeim kostnaði niðri. En ef hæstv. ráðh. vill endilega deila á vinstri stjórnina fyrir þetta, hvað hefur þá þessi hæstv. ríkisstj. gert? Hún hefur gripið til annars ráðs og það er að greiða niður lífsnauðsynjar manna og það í stórum stíl, miklu stærri stíl en áður var gert. Hvaða eðlismunur er nú á þessu? Er annað lofsvert, en hitt vítavert? Niðurgreiðslur ríkissjóðs á árunum 1956—58, þ. e. á þremur árum, námu samtals 283 millj. kr., en niðurgreiðslur núverandi ríkisstjórnar á árunum 1959—60 og eins og þær eru áætlaðar fyrir 1961, þær eru ekki 283 millj., þær eru 913 millj. á þessum þremur árum. M. ö. o.: á þessum þremur árum hafa þessir stjórnarflokkar greitt samtals 630 millj. kr. meira í niðurgreiðslur en vinstri stjórnin. Ég held því, að það taki því varla að vera með ádeilur á vinstri stjórnina vegna innflutningsgjaldsins.

Hæstv. fjmrh. og reyndar fleiri hafa dregið í efa, að verðlagseftirlitið sé til nokkurs gagns, og hafa sjálfsagt á grundvelli þeirra skoðana greitt atkvæði gegn þeim till., sem fluttar hafa verið um, að verðlagseftirlit sé haft með sumum þeim vörum, sem eru í þessu frv. Ég vil ekki taka undir þær raddir, að verðlagseftirlit geti ekki verið til gagns. En ef það er ekki til gagns, til hvers er þá hæstv. ríkisstj. að halda uppi þessu verðlagseftirliti? Má þá ekki spara þessa peninga, sem fara í það? Það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn: rökstyðja það, að verðlagseftirlit sé ekki til gagns, og halda samt uppi dýru verðlagseftirliti.

Hæstv. ráðh. drap á það og fann að því, að stjórnarandstæðingar flyttu brtt. við frv., sem hefðu í för með sér um 43 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, ef samþykktar yrðu. Ekki finnst mér það vítavert að fara fram á 43 millj. kr. tollalækkun á mestu nauðsynjavörum alls almennings í landinu, þegar hæstv. ríkisstj. flytur frv. um 46 millj. kr. lækkun á vörum, sem allur almenningur vægast sagt kaupir lítið af. Hæstv. ráðh. hefur rökstutt frv. með því, að það muni ekki verða tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, af því að gert sé ráð fyrir, að þeim mun meira verði flutt inn, þegar verðið lækkar, og ég er ekki frá því, að þetta sé á rökum byggt. En heldur hann þá ekki, að það verði meira keypt af hinum vörunum líka, ef verðið lækkar? Mundu t. d. ekki fleiri bændur kaupa sér

dráttarvélar, ef verðið lækkaði? Af hverju eru engar nýjar dráttarvélar, svo að segja, keyptar núna inn í landið? Af því að verðið er of hátt. Eru ekki alveg sömu rökin fyrir þessu? Það eru því miklar líkur til þess, að þó að okkar brtt. hefðu verið samþykktar, þá mundi innflutningurinn geta aukizt, nema allur almenningur sé orðinn svo aðþrengdur, að hann geti alls ekki keypt vörurnar, þótt þær lækki, og engir geti yfirleitt bætt við sig vörukaupum nema þeir, sem hafa yfirleitt ráð á að kaupa hátollavörur.

Hv. 10. landsk. þm. (BGuðm) var með aðfinnslur við hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), að hann hafi minnzt á atkvæðagreiðslur. Ég skil ekki, að það sé nein ný bóla á Alþ., að það sé gert, og ekkert vítavert við það. En ég verð að segja, að ég skildi ekki, hvað hann var að fara. Honum fórust orð eitthvað á þá leið, að hann vildi ekki notfæra sér fjarveru manns, sem væri veikur. Það þýðir það, að hefði hann greitt atkvæði í samræmi við það, sem hann var búinn að tala, þá hefði tillagan um dráttarvélarnar verið samþykkt. M. ö. o.: hefði enginn verið veikur, þá gat hann greitt atkvæði með henni, því að þá féll hún, en af því að einn var veikur, þá varð hann að sitja hjá, því að þá féll hún líka.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta þessum fundi um stutta stund, svo að þingmönnum gefist kostur á að flytja brtt. skriflega, og það hef ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl. í hyggju, að flytja skriflega brtt. En ástæðan til þess, að við mælumst til þessa, er sú, að það er ekki hægt að móta þá tillögu nema hafa fyrir sér tollskrána, með þeim útreikningum, sem henni fylgja á tollunum, ef á að taka út úr einhvern lið af þeim, sem búið er að fella. Ég skal nefna sem dæmi, að það hefur verið felld till. um að fella niður tolla á landbúnaðarvélum. Nú er það svo, að það eru misjafnlega háir tollar á landbúnaðarvélum. Það eru bæði 3.6% og 14.4%. Ef við höfum í hyggju að flytja till. aðeins um þær, sem eru með 14.4%, þá getum við það ekki nema hafa tollskrána við höndina og vitna í rétta kafla og númer. Þetta þarf ekki að taka ýkjalangan tíma, en það er ekki hægt að gera þetta í sæti sínu, þegar umr. er að verða lokið og málið að ljúkast hér í hv. deild. Ég gæti trúað, að hálftími eða svo væri alveg nóg, sem fundinum væri frestað, til þess að það væri hægt að koma þessu fyrir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl. flytjum eina brtt. við þessa umr. Hún er um það, að einum lið í 72. kafla tollskrárinnar verði breytt, það eru hjóladráttarvélar, bæði vélarnar sjálfar og hlutar til þeirra. Í till. þeim, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti, var ein tillagan um það, að gera skyldi tollfrjálsar landbúnaðarvélar, sem þar voru taldar upp og voru í allmörgum liðum. Eins og ég gat um áðan, eru misjafnlega háir tollar á þessum vélum, þó að þær hafi allar verið upp taldar þarna í till. Flestar þessar vélar eru í 3.6% verðtolli, nema hjóladráttarvélar eru í 14.4% verðtolli. Við flm. þessarar brtt. viljum freista þess, hvort hv. þingmenn geti ekki fallizt á, að þessar vélar, sem eru í hærri tollinum, dráttarvélarnar sjálfar og hlutar til þeirra, verði tollfrjálsar, en frekari tillögur gerum við ekki. Ég held, að hv. þm. hljóti að sjá, að þetta er þó sanngirnismál og getur ekki raskað neinu samhengi í frv., þótt þessi breyting ein sé gerð. Um þörfina þarf ekki að fjölyrða hjá bændunum að fá einhverja lækkun á þessum dýrmætu búvélum sínum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 117) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sú till., sem hér er flutt, fer fram á, að ein tegund véla, hjóladráttarvélar, verði tollfrjáls og sama gildi um hluta til þeirra. Í sambandi við þetta er það aðallega tvennt, sem ég vildi taka fram. Heildaraðflutningsgjöld af þessum vélum og hlutum til þeirra munu vera nú kringum 34%. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er hvergi lagt til að lækka gjöld á vörum, sem hafa heildaraðflutningsgjöld undir 100%. Í öðru lagi: í sambandi við meðferð þessa máls hafa komið fram óskir frá iðnaðinum um það, að lækkaðir yrðu tollar á vélum til iðnaðar. Einnig hafa komið fram óskir frá forráðamönnum sjávarútvegsins um, að lækkaðir yrðu tollar á vélum til sjávarútvegsins og fiskiðnaðar. Nú er það svo, að á þessum vélum til iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar eru svipaðir tollar nú, þó einna lægstir á landbúnaðarvélum. Ég tel, að ef ætti að lækka tolla á einni tegund véla, til eins af þessum atvinnuvegum, þá verði ekki hjá því komizt að taka málið á miklu víðtækari grundvelli vegna jafnréttis og jafnræðis milli atvinnuveganna og láta þá einnig vélar til hinna atvinnuveganna fylgja með.

Þar sem fyrir liggur í fyrsta lagi, að frv. er eingöngu miðað við hátollavörur, en ekki vörur eins og þessar, í öðru lagi, að hér er ekki um að ræða atriði í frv., sem það að meginstofni er byggt upp á, að um verulega mikið magn af ólöglegum innflutningi sé að ræða, og auk þess, að hér er visst samræmi í tollalögum milli atvinnuveganna innbyrðis, þá tel ég ekki fært annað en að mæla gegn þessari tillögu, eins og sakir standa. Hins vegar vil ég ítreka það, sem ég hef áður sagt hér, að þessir tollar á vélum, bæði til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, verða teknir til alveg sérstakrar meðferðar við undirbúning þeirrar nýju tollskrár, sem marglýst hefur verið yfir að stendur nú yfir, og sú hin nýja tollskrá eða frv. að henni verður lagt fyrir haustþingið 1962. Af þessum ástæðum hlýt ég að leggja gegn því, að þessi till. verði samþykkt, enda náttúrlega er flm. fyllilega ljóst, að hér er verið að ræða um mál, sem stendur ekki í samhengi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, heldur hina almennu endurskoðun tollskrárinnar.

Sigurvin Einarsson: Ég mun ekki tala lengi, það er fjarri því, ég hef ekki ástæðu til þess, skal aðeins segja örfá orð.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að það eru aðeins hátollavörur í frv. En þar með er ekki sagt, að það sé meiri réttur að taka allar þær há-

tollavörur inn í frv. en að taka einhverja vöru með lægri tollum. Svo nauðsynleg getur sú vara verið, sem er á lægri tollunum, að hún eigi alveg jafnmikinn rétt.

Þá leggur hæstv. ráðh. enn áherzlu á, að frv. sé miðað við það að koma í veg fyrir smygl. En það er ekki miðað við það nema að nokkru leyti, því að í frv. er mikið af vörum, sem kemur ekki til mála að séu neinn almennur smyglvarningur. Eða hvernig er hægt að telja t. d. ljósakrónur, baðker, gólfteppi og annað þess háttar smyglvörur? Það get ég ekki séð. Það eru þá allar vörur smyglvörur, ef þær geta fallið undir það.

Þá segir hann, að það þurfi að taka til endurskoðunar og muni verða teknir til endurskoðunar tollar á vélum til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. Ég býst við, að þetta sé alveg rétt athugað. En það er sá munur á nú, að öll skip og þar með vélarnar í þeim skipum, sem flutt eru til landsins, er allt tollfrjálst — og ekki bara tollfrjálst, heldur eru engin innflutningsgjöld á þeim. Í öðru lagi eru allar þær vélar, sem fluttar eru inn og settar í þau skip, sem smíðuð eru hér innanlands, líka tollfrjálsar. En þessar nauðsynlegustu vélar landbúnaðarins eru það ekki. Þó að það sé tekið tillit til þessara véla, þá eru þær ekki gerðar á neinn hátt jafnréttháar og þessar vélar sjávarútvegsins, því að önnur innflutningsgjöld haldast, þó að tollurinn falli, t. d. söluskatturinn, svo að ég held, að það sé ekki ósanngirni í því að veita bændastéttinni þá ívilnun, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það var örlítil fyrirspurn til hæstv. fjmrh. út af þeim orðum, er hann lét falla hér áðan um það, að hin almenna endurskoðun tollskrárinnar væri þegar hafin og mundi verða lagt fram frv. á næsta Alþingi eftir þá endurskoðun. Og sérstaklega gat hann þess, að það mundi vera í sérstakri athugun allt, er varðaði atvinnuvegina, landbúnað, sjávarútveg og iðnað. Út frá því vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. og ekki sízt út frá þeim ummælum, sem féllu hér í kvöld af vörum hv. 10. landsk., að hann væri þegar búinn að gera mikið til þess, að tollar mundu lækka á landbúnaðarvélum, þá vildi ég vita það hjá hæstv. ráðh., hvort endurskoðunin, sem nú stæði yfir varðandi þær vélar og þau tæki, sem inn væru flutt til atvinnuveganna, væri með það fyrir augum, að stórlækkaðir yrðu tollar. Það er æskilegt að fá þetta þegar fram.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. vitnaði í mig um það, að tollskrárendurskoðunin mundi þegar hafin. Þetta er náttúrlega nokkuð ónákvæmt orðalag, vegna þess að hún var hafin fyrir tæpum tveimur árum. Hún er búin að standa yfir í tvö ár, og það var alltaf gert ráð fyrir því, að þessi ýtarlega endurskoðun hlyti að taka a. m. k. tvö ár. En nú lítur út fyrir sem sagt, að henni verði lokið á næsta sumri, þannig að hin nýja tollskrá verði lögð fyrir þingið 1962.

Ég endurtek það, að tollskrárnefndinni hefur verið falið að athuga alveg sérstaklega tolla af vélum til atvinnuveganna og leita upplýsinga frá nágrannalöndum um meðferð þeirra mála þar. Að sjálfsögðu mun ég ekki og get ekki á þessu stigi gefið upplýsingar um neitt af þessum einstöku atriðum, hvort tollar á þessari vöru eða annarri vöru muni lækka, standa í stað eða hækka eða hvernig breytingar þar verði, vegna þess að tillögur tollskrárnefndarinnar liggja alls ekki fyrir um það. Það, sem ég hef sagt og ítreka hér, er þetta, að nefndinni hefur verið falið alveg sérstaklega að athuga tollana af vélum til atvinnuveganna.

ATKVGR.
Brtt. 116 felld með 8:4 atkv.
— 117 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ.
nei: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, JKs, AuA, GTh, EggÞ.
BGuðm greiddi ekki atkv.
2 þm. (FRV, FS) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, HermJ, JÁ, JÞ, KK, KJJ, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, SE, JKs, AGl, AuA, ÁB, BGuðm, BjörnJ, EggÞ.
2 þm. (FRV, FS) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um lækkun aðflutningsgjalda á nokkrum vörum. Í grg. frv. er rakin allýtarlega saga aðflutningsgjalda, síðan tollskráin var lögtekin árið 1939, en síðan hafa orðið ákaflega tíðar og þýðingarmiklar breytingar á aðflutningsgjöldum. Um sögu þessara mála vil ég vísa til grg. og skal ekki rekja það hér frekar að sinni, að öðru leyti en því að minna á, að nú er svo komið, að á flestum aðfluttum vörum hvíla eftirtalin gjöld: Vörumagnstollur og álag á hann. Verðtollur og álag á hann. Álagið á vörumagnstollinn er nú 340% og á verðtollinn 80%. Innflutningssöluskattur, sem nú er 15%. Innflutningsgjald, sem er mismunandi hátt eftir því, um hvaða vörutegundir er að ræða. Tollstöðvagjald 1%. Gjald í byggingarsjóð ríkisins 1%. Og enn fremur eru innheimt sérstök aðflutningsgjöld af nokkrum vörum, svo sem innflutningsgjald af benzíni og hjólbörðum, rafmagnseftirlitsgjald og matvælaeftirlitsgjald.

Strax eftir að núv. ríkisstj. hafði tekið við störfum í nóv. 1959, var hafizt handa um endurskoðun tollskrárinnar. Sú endurskoðun var falin fjórum embættismönnum, þeim ráðuneytisstjórunum í fjmrn. og efnahagsmrn., tollstjóranum í Reykjavík og hagstofustjóra. Þegar hefur verið lögð mikil vinna í endurskoðun tollskrárinnar. Í stað þess að núgildandi tollskrá var í öndverðu byggð á nafnaskrá eða tollskrárfyrirmynd Þjóðabandalagsins gamla, þá verður henni breytt nú og samin eftir hinni svokölluðu Brüssel-nafnaskrá, sem flestar vestrænar þjóðir hafa tekið upp. Þessi breyting ein

út af fyrir sig, sem er bráðnauðsynleg, kostar mjög mikla vinnu. Tollskrárendurskoðunin er geysimikið verk, og ætla ég, að henni verði lokið á næsta ári, svo að frv. til nýrrar tollskrár megi leggja fyrir haustþingið 1962.

En jafnhliða þessari almennu endurskoðun tollskrárinnar hefur verið unnið að athugun á sérstöku vandamáli, en það er ólöglegur innflutningur vara eða smyglið. Það var á fyrri hluta ársins 1960, sem hafin var á þessu sérstök athugun með aðstoð hagstofunnar. Það var reynt að gera sér grein fyrir því, hvaða vörutegundir það væru, sem helzt væru fluttar inn ólöglega og án þess að greiða af þeim lögmæta tolla, og reynt að fá einhverja hugmynd um það í einstökum greinum, hversu miklu þessi ólöglegi innflutningur mundi nema. Að sjálfsögðu er ákaflega erfitt að slá hér nokkru föstu, en það eru ýmis atriði, sem má hafa hér til hliðsjónar. Það var í fyrsta lagi athugaður innflutningur samkvæmt verzlunarskýrslum um nokkur undanfarin ár og borinn saman. Í öðru lagi var reynt að meta eða áætla, hvað væri talin eðlileg notkun eða neyzla landsmanna á þeim vörutegundum, sem um er að ræða. Í þriðja lagi er höfð hliðsjón af árlegri fjölgun landsmanna og aukinni notkun af þeim ástæðum. Og í fjórða lagi var höfð hliðsjón af framleiðslu íslenzkra iðnaðarvara, og margvíslegar aðrar upplýsingar og viðmiðanir var reynt að nota til þess að fá nokkra hugmynd hér um.

Eftir að þessi athugun hafði farið fram, mátti sjá það ljóslega, sem í rauninni flesta hafði grunað og margir vitað áður, að hinn löglegi innflutningur hafði dregizt síðustu árin stórlega saman á vissum vörutegundum, þó að vitað væri, að notkun þessara vörutegunda væri sízt minni nú en áður, og án þess að aukning innlendrar framleiðslu gæti gefið hér skýringu á.

Niðurstöður þessara athugana, sem að sjálfsögðu verður að taka með miklum fyrirvörum vegna þess, hve erfitt er að gera hér nákvæmar áætlanir um hinn ólöglega innflutning, niðurstöður þessara athugana voru þær, að varðandi margar vörutegundir væri um ólöglegan innflutning í mjög stórum stíl að ræða, og má nefna þar sem dæmi ýmiss konar ytri fatnað, kvensokka, úr og fjölmargt fleira, sem ég skal ekki telja upp hér, en margar þessara vara eru taldar upp í því frv., sem hér liggur fyrir.

Það var því ljóst af þessari athugun, að hér var um að ræða tugmilljónatap fyrir ríkissjóð á ári hverju, miðað við það, ef allur eðlilegur innflutningur væri löglegur á þessum vörum. Og hér var ekki eingöngu um að ræða stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóðinn, heldur einnig verulega gjaldeyrissóun, vegna þess að töluvert af hinum smyglaða varningi er erlendis keypt í smásölu og því greidd að óþörfu smásöluálagning, sem víða erlendis og á mörgum vörum er mjög há og miklu hærri en hér tíðkast á Íslandi, í stað þess að ef þessar vörur væru fluttar inn að löglegum leiðum af innflutningsfyrirtækjum, væru þær keyptar í heildsölu eða frá verksmiðju með hagkvæmari kjörum. Það er því ljóst, að hér hefur verið um að ræða bæði stórfellt tap fyrir ríkissjóð og óþarfa gjaldeyriseyðslu.

Nú kom sú hugmynd upp í sambandi við þessar athuganir, hvort hér væri ekki hægt að vinna margt samtímis: Í fyrsta lagi að lækka tolla á ýmsum vörum og þar með lækka verulega vöruverð til hagsbóta og kjarabóta fyrir almenning. Í öðru lagi, hvort unnt væri að gera þetta án þess, að ríkissjóður ætti á hættu að missa tekjur. Í þriðja lagi að vinna m. a. með þessu móti að því að draga úr hinum ólöglega innflutningi eða smyglinu. Það frv., sem hér liggur fyrir, er árangurinn af þessum athugunum.

Nú er það að vísu svo, að það eru margvíslegar orsakir, sem liggja til hins ólöglega innflutnings vara. Á því er enginn vafi og öll reynsla bendir til þess, að jafnskjótt og gjöld á aðfluttum vörum tóku að hækka verulega frá því, sem ákveðið var í tollskránni frá 1939, hafi ólöglegur innflutningur aukizt, án þess að tollyfirvöldin fengju rönd við reist. Það má ætla, að eftir að innflutningsgjaldið var lögleitt í árslok 1956, hafi ólöglegur innflutningur á þeim vörum ýmsum, sem það tók til, aukizt stórlega. Það er skoðun þeirra manna, sem mest hafa um þessi mál fjallað, um athugun á þeim, að meginorsök hins ólöglega innflutnings sé sú, að heildaraðflutningsgjöldin séu orðin allt of há, svo há, að þess munu vart dæmi annars staðar í vestrænum löndum. Þó eru hin háu aðflutningsgjöld vafalaust ekki eina orsökin að smyglinu. Verzlunarhöft þau, sem hér hafa verið í gildi lengi, og m. a. þær takmarkanir, sem stafa af viðskiptum við jafnkeypislöndin, hafa vafalaust haft sín áhrif í þessu efni, því að þegar ekki er leyfður frjáls innflutningur á vöru, heldur frá tilteknum löndum, þá eru venjulega töluverð brögð að smygli á sams konar varningi, ef hann er talinn betri, frá öðrum löndum, sem leyfi eru ekki veitt á. Í þriðja lagi má svo benda á, að ástandið í okkar efnahagsmálum og efnahagskerfi á undanförnum árum hefur valdið hér töluverðu um, bæði hið margfalda gengi, uppbótakerfið, gjaldeyrisfríðindi margvísleg, allt þetta hefur haft þau áhrif að auka hinn ólöglega innflutning.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lækka verulega aðflutningsgjöld á ýmsum vörum. Aðflutningsgjöldin eru í mörgum tilfellum milli 100 og 200%, alloft milli 200 og 300%, og í einu tilfelli komast heildaraðflutningsgjöldin upp í 344%, á einni vörutegund. Í þessu frv. eru teknar fyrst og fremst ýmsar hátollaðar vörur og gjöldin á þeim færð niður, þannig að á þessum vörum er gert ráð fyrir, að hæstu aðflutningsgjöld verði samtals 125% skv. þessu frv.

Að því er varðar hinn ólöglega innflutning, þá tel ég, að óhjákvæmilegt sé að ráðast til atlögu gegn honum, gegn smyglinu, og að það mál þoli enga bið, og það, sem hér þarf að gera, er að mínu áliti tvennt, og það þarf að gerast samtímis. Annað er að lækka aðflutningsgjöldin til þess að draga úr hinni miklu ágóðavon smyglaranna og um leið að lækka vöruverð, en samhliða þessari lækkun tollanna þarf að gera róttækar endurbætur á tollgæzl-

unni, tolleftirlitinu. Ég tel, að strangara tolleftirlit og tollgæzla ein út af fyrir sig nægi ekki. Það hefur reynslan yfirleitt sýnt í öllum löndum, þar sem aðflutningsgjöldin hafa verið orðin mjög há, að það hefur þurft þetta tvennt saman, strangara tolleftirlit og lækkun hinna háu gjalda.

Varðandi þær lækkanir, sem hér er lagt til að gerðar verði, skal ég taka það í fyrsta lagi fram, að í frv. er engin vara tekin, nema hún beri nú yfir 100% í heildaraðflutningsgjöld. Þó að mjög væri æskilegt að færa niður gjöld á ýmsum öðrum vörum, sem bera lægri gjöld en þetta, hefur í þessum áfanga ekki þótt rétt að taka annað en hátollavörurnar, þær sem eru með yfir 100% gjöldum, og þó að sjálfsögðu ekki nema nokkurn hluta þeirra.

Það, sem frv. fjallar um, eru í fyrsta lagi þær vörur, sem talið er að sé smyglað í stórum stíl til landsins og ekki eru framleiddar hér á landi, þ. e. a. s. enginn íslenzkur iðnaður í þeim greinum. Í öðru lagi komi svo til greina ýmsar vörur, sem talið er að smyglað sé að verulegu leyti, en sams konar eða svipaðar vörur eru framleiddar hér á landi. Og þá komum við að því, hvert tillit á að taka til hins íslenzka iðnaðar, og hefur það verið eitt mesta vandaverkið í sambandi við samningu og undirbúning þessa frv. að rannsaka það mál, eftir því sem unnt er.

Ég skal ekki fara hér almennt út í umr. um tollvernd eða nauðsyn á tollvernd íslenzks iðnaðar. Það mál verður í heild kannað rækilega við áframhaldandi endurskoðun tollskrárinnar, og um það munu að sjálfsögðu liggja heildartillögur fyrir næsta haust, þegar tollskráin kemur fyrir hv. Alþingi. En í því sambandi má geta þess, að tollvernd íslenzks iðnaðar er með ákaflega margvíslegum og ólíkum hætti. Sumar íslenzkar iðngreinar njóta alls engrar tollverndar og standa sig vel í samkeppninni, þótt engrar verndar njóti. Aðrar vörur njóta mjög mikillar og óhóflega mikillar tollverndar, og svo höfum við alls konar stig þarna á milli.

Þegar lækka skal tolla á tilbúnum varningi innfluttum, sem keppir við íslenzka framleiðslu, verður að sjálfsögðu að gæta þess vandlega, að engar efnivörur til hins íslenzka iðnaðar séu tollaðar hærra en hinn tilbúni varningur. Í þessu frv. hefur verið fylgt því meginsjónarmiði, að þar sem ákveðin eru 100% aðflutningsgjöld á unna eða tilbúna vöru, þá eru ákveðin 90% aðflutningsgjöld af efnivöru til sams konar framleiðslu innanlands. M. ö. o.: það er í meginatriðum miðað við það, að efnivaran sé tolluð 10% lægra en fullunna varan. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikil tollvernd fyrir íslenzkan iðnað, þegar það er athugað, að efnið í íslenzkar iðnaðarvörur er frá 40% upp í 70% af verði íslenzku iðnaðarvörunnar, þegar hún er fullunnin.

Þó að þetta sjónarmið hafi verið haft hér, vil ég engu slá föstu um það, hver verður niðurstaðan við hina endanlegu endurskoðun tollskrárinnar. Um það verður að sjálfsögðu haft náið samráð við iðnaðinn og iðnfyrirtæki og samtök þeirra hér á landi til þess að finna sanngjarnar reglur í þessu efni, og það má vel vera, að ekki þyki rétt að hafa tollverndina sömu eða svipaða hundraðstölu, miðað við innflutning á efnivörum, í öllum greinum, heldur e. t. v. mismunandi eftir því, hve mikill hluti af kostnaðarverði hinnar íslenzku vöru erlenda efnivaran er. Vegna þess að aðflutningsgjöldin hér eru orðin ákaflega flókin, má vera, þótt reynt hafi verið að finna hér allar þær efnivörur, sem notaðar eru til sams konar framleiðslu og lagt er til að lækka tolla á, að einhverjar einstakar efnivörur hafi orðið út undan, og þess vegna er sem öryggi sett ákvæði í 3. gr. þessa frv. um það, að ef í ljós kemur, að efnivara sé hærra tolluð en innflutta varan fullunnin, þá sé heimild til þess að lækka aðflutningsgjöldin á efnivörunni.

Auk þessara tveggja vöruflokka, sem eru aðaluppistaða þessa frv., annars vegar vörur, sem eru ekki framleiddar hér á landi og talið er að fluttar séu inn í stórum stíl ólöglega, og í öðru lagi vörur, sem fluttar eru inn ólöglega, en sams konar eða svipuð framleiðsla er einnig á þeim vörutegundum hér, — auk þessara tveggja flokka eru svo teknar nokkrar, tiltölulega fáar, aðrar vörur, þó að ekki sé talið, að um smygl á þeim í stórum stíl eða jafnvel verulegt smygl sé að ræða, en hins vegar óeðlilega háir tollar á nú.

Þetta frv. mun leiða til verðlækkunar á þeim vörum, sem það tekur til. Í hv. Ed. gaf ég nokkurt yfirlit með nokkrum dæmum um það, hvernig einstakar vörutegundir mundu lækka í verði, og skal ég ekki endurtaka það hér. En í því sambandi er rétt að minnast á það, að nú mun vera frjáls álagning á um það bil helmingi þeirra vöruflokka eða tollskrárnúmera, sem rætt er um í þessu frv., en verðlagsákvæði hins vegar um hinn helminginn. Þar sem verðlagsákvæði eru í gildi, eiga auðvitað verðlagsnefnd og verðlagsstjóri að geta tryggt það, að tollalækkunin komi kaupendunum, neytendunum sjálfum til góða. Spurning er um það, hvort tryggt sé, að þessi tollalækkun komi neytendum til góða varðandi þær vörur, sem álagning er frjáls á. Þetta hefur af sumum verið dregið nokkuð í efa. Í sambandi við það vil ég geta þess fyrst, að frjáls álagning var veitt á þessar vörur um mánaðamótin ágúst-september. Síðan það var gert, er nú liðinn hálfur þriðji mánuður. Ég hef ekki heyrt sérstakar kvartanir yfir því, að þetta álagningarfrelsi hafi verið misnotað eða þær vörur, sem þannig er frjáls álagning á, hafi hækkað neitt óeðlilega eða hlutfallslega meira en aðrar. Ég tel, að af þeirri reynslu megi nokkuð marka um framvindu þessara mála síðar. Í öðru lagi er það auðvitað ljóst, að hér var um að ræða tilraun til að gefa frjálsa álagningu á nokkrum vörum, og ef sú tilraun mistekst, ef verzlunaraðilar misnota að einhverju leyti þetta álagningarfrelsi, eiga þeir að sjálfsögðu jafnan yfir höfði sér, að verðlagseftirlit verði tekið upp aftur á þeim vörum. Nú ætla ég, að til slíks muni ekki koma, og það er rétt að taka fram, að í sambandi við undirbúning þessa frv. var rætt ýtarlega við og leitað álits fimm aðila,

þeir voru Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands. Af þeim viðræðum og öllum undirtektum geri ég ráð fyrir því, að verzlunaraðilar muni staðráðnir í því að gæta mjög hófs í álagningu á þær vörur, sem frjáls álagning er á. Frá Félagi íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtökum Íslands fékk ég upplýsingar um áætlað smásöluverð á ýmsum þessara vara, sem frjáls álagning er á, og þau dæmi, sem ég nefndi í hv. Ed., voru öll byggð á upplýsingum frá þeim. Í þeim dæmum er alls staðar reiknað með því, að álagning, bæði í heildsölu og smásölu, verði lægri í krónutölu á hverja einingu eftir þessa tollalækkun en áður. Það má vera, að í sumum tilfellum telji þessir verzlunaraðilar óhjákvæmilegt að hækka eitthvað álagningarprósentuna, þegar verðið eða sá grundvöllur, sem þeir byggja álagninguna á, lækkar verulega, en ég vil endurtaka, að ég ætla, að í flestum eða öllum tilfellum sé gert ráð fyrir, að álagning bæði í heildsölu og smásölu verði í krónutölu lægri á hverja einingu eftir en áður.

Í blaðaviðtali, sem fulltrúar frá Kaupmannasamtökum Íslands áttu í gær og rakið var bæði í kvöldútvarpi í gær og eins í blöðum nú, kemur skýrt fram, að það sé stefna og vilji samtakanna að gæta hér hins fyllsta hófs og láta þessar tollalækkanir koma fyrst og fremst neytendum til góða. Hitt er að sjálfsögðu annað mál, að verzlanir munu njóta góðs af þeim auknu viðskiptum, þeirri auknu sölu, sem gera má ráð fyrir að hið lækkaða verð leiði af sér.

Næsta spurning er svo að sjálfsögðu þessi: Þolir ríkissjóður þann tekjumissi, sem mundi leiða af þessari tollalækkun? Það er gert ráð fyrir því, að ef innflutningur á þeim vörum, sem frv. tekur til, yrði óbreyttur á næsta ári frá því, sem hann var 1960, mundi tekjutap ríkissjóðs vera upp undir 50 millj. kr. á ári. Þessi tala er þá miðuð við það, að þetta frv. hefði engin áhrif í þá átt að draga úr hinum ólöglega innflutningi. Hins vegar er það stefna og tilgangur frv. m. a. og annarra þeirra aðgerða, sem í undirbúningi eru, að draga úr smyglinu og að löglegur innflutningur þessara vara aukist verulega. Þetta frv. er því ekki byggt á þeirri hugsun, að ríkissjóður muni tapa tekjum við samþykkt þess, a. m. k. neitt að ráði, heldur á þeirri hugsun, að ríkissjóður verði fyrir engu tapi, ef ráðstafanir þessar ná tilgangi sínum.

Varðandi hina hliðina á þessu máli, sem er aukið tolleftirlit, er þegar hafin endurskoðun á löggjöfinni um tollheimtu og tolleftirlit. Ég skal ekki ræða að þessu sinni, hverjar eru þær helztu endurbætur, sem ráðgert er að gera á tollgæzlunni, en það má nefna það, að vöruskoðun þarf að sjálfsögðu hvarvetna að auka, bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur, og varðandi Reykjavíkurhöfn, sem er langstærsta höfnin og mjög mikið af vörum fer um, þarf að bæta mjög alla aðstöðu, því að aðstaðan fyrir tollgæzluna hér er með öllu óviðunandi. Nú er það svo, að mörg undanfarin ár hefur verið lagt á sérstakt tollstöðvagjald, sem safnað hefur verið í sjóð til þess að byggja tollstöð og vöruskemmu eða skemmur, sem nauðsynlegar eru í sambandi við tollgæzluna. Í þeim sjóði eru nú um 20 millj. kr., svo að fjárskortur ætti ekki að hamla því, að hægt sé að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir.

Nú er það svo, að ýmsar endurbætur á tollgæzlunni er hægt að gera án lagabreytinga, þær eru skipulags- og framkvæmdaatriði, en um aðrar þarf lagabreytingar. Það má einnig gera ráð fyrir því, að ef á að herða tolleftirlitið, verði ekki komizt hjá því að stofna til nokkurs aukins kostnaðar frá því, sem nú er. En það er trú mín, að sá kostnaður, sem kann að verða nauðsynlegur, til þess að koma í framkvæmd betra og raunhæfara tolleftirliti en nú, muni skila sér margfaldlega í auknum ríkistekjum og bættri aðstöðu fyrir heilbrigt athafna- og viðskiptalíf í landinu. Ef ég mætti draga það saman í fáeinum orðum, þá ætla ég, að framvinda þessa máls verði sú, ef hún verður eins og stofnað er til af stjórnarinnar hálfu, að í fyrsta lagi muni fólkið, almenningur, hagnast á mikilli verðlækkun margra vara, að ríkissjóður muni ekki tapa tekjum, því að löglegur innflutningur muni aukast að sama skapi og smyglið minnkar, að verzlanir muni ekki fá meira í sinn hlut, meiri álagningu en nú, en þeirra hagur verði vaxandi viðskipti, þegar varan verður ódýrari og selst betur, að þjóðfélaginu öllu verði það hagur og sómi, að upprætt verði að verulegu leyti sú meinsemd, sem allt of lengi hefur grafið um sig á Íslandi, og loks, að smyglararnir verði þeir einu, sem tapa.

Þetta frv. hefur hlotið góðar undirtektir. Það má geta þess m. a., að í nál. hv. 2. minni hl. fjhn. í Ed. segir svo, um leið og sá minni hl. vildi gjarnan bæta þar nokkrum vörum við, með leyfi hæstv. forseta, „að tillögurnar í þessu frumvarpi feli í sér mjög mikilsverðar lagfæringar á atriðum, sem almenning varða og atvinnuvegina til lands og sjávar.“

Afgreiðsla frv. varð einnig sú í hv. Ed., að þar var frv. samþykkt við 3. umr. þess með 18 shlj. atkv., þ. e. a. s. með jákvæði allra viðstaddra deildarmanna.

Þetta frv. er þess eðlis, að nauðsyn er að hraða afgreiðslu þess, vegna þess að frá því að frv. var lagt fram og þangað til það öðlast lagagildi, stöðvast að sjálfsögðu öll tollafgreiðsla á þeim vörum, sem frv. fjallar um. Ég vil því beina því vinsamlega til hv. fjhn. þessarar deildar að reyna að hraða afgreiðslu þess eftir föngum, helzt svo, að hægt væri að taka málið til 2. umr. á mánudaginn kemur. Ég vil taka það fram, að þeir embættismenn, sem unnið hafa að samningu frv., eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að veita fjhn. allar þær upplýsingar, sem hún óskar eftir.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það ber margt til þess, að ég mun ekki verða langorður um þetta mál. Í fyrsta lagi hefur það verið rætt í Ed. og þar á meðal af mínum flokksbræðrum og afstaðan til þess í raun og veru

mótuð. Í annan stað stendur þannig á, að ég þarf að víkja af fundi eftir örstutta stund. Og loks er líka efni þess þannig, að það er engin ástæða til þess að hafa um það mjög langar umr. Ég vildi aðeins taka þetta fram núna:

Ég veit, að það vakti undrun margra 1960, þegar gengislækkunin var innleidd, að nær öllum þeim álögum, sem lögleiddar höfðu verið til þess að standa undir útflutningsuppbótum, var haldið í gildi, og átti fjármagnið að renna framvegis til ríkissjóðs, en uppbæturnar voru að sjálfsögðu felldar niður, því að gengislækkunin kom í staðinn. Þetta vakti undrun margra, að það skyldu ekki þá strax vera felld úr gildi þau gjöld, sem höfðu verið lögð á í því skyni að standa undir uppbótunum. Síðan var lögleiddur söluskattur á innflutninginn ofan á þetta, 8.8%, og loks almennur söluskattur innanlands í viðskiptum. Þá var gengið lækkað á nýjan leik nú í sumar. En allan þennan tíma var álögunum haldið. Það er ekki fyrr en nú með þessu frv., að hæstv. ríkisstj. leggur til að lækka tolla á þeim vörum, sem mest höfðu orðið fyrir barðinu á þessari þróun. Það hafði verið innleitt sérstakt gjald á hátollavörur, sem átti að renna í útflutningssjóðinn.

Það má því segja, að þetta frv. sé sízt fyrr fram komið en vænta mátti, en er þó að sjálfsögðu betra seint en aldrei. Mér skilst, að ef innflutningur á þessum vörum helzt óbreyttur, muni hér vera um tilslökun að ræða, sem nemur 45 millj. kr. En ríkistekjurnar munu hafa vaxið á þessum tveimur árum frá 1958 um hartnær 1000 millj. kr. Ég hef ekki tölurnar hjá mér, en það mun ekki vera langt undir 1000 millj., sem ríkistekjurnar hafa vaxið á þessum tveimur árum. Það er því ekki há fjárhæð, sem hér er gert ráð fyrir að sleppa af öllu því, sem bætzt hefur við tekjur ríkissjóðs undanfarið, sumpart fyrir nýjar álögur beinar og sumpart fyrir verðhækkunaráhrif gengislækkananna.

Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs muni í rauninni ekkert skerðast vegna þessarar lagasetningar, því að smygl muni minnka svo mikið og löglegur innflutningur aukast að sama skapi á þessum vörum. Um þetta skal ég ekkert segja fyrir fram. Það væri vonandi, að smygl færi minnkandi. En það er, held ég, hættulegt fyrir hæstv. ráðh. að treysta á, að ekki verði leitazt við að smygla eftir sem áður, þótt tollarnir séu lækkaðir á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., því að gífurlegur hagnaður er auðvitað af smygli, ef það tekst, þótt þessi tollalækkun eigi sér stað. Ég held, að hæstv. ráðherra hljóti því að vera ljóst, að smyglvandamálið verður ekki leyst með þessu frv., enda heyri ég, að hann ráðgerir aukna tollgæzlu, og er ekki nema gott um það að segja.

Ég býst við, að að baki þessa frv. liggi tvennt fullt eins mikið og baráttan við smyglið. Annað, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðherra hafa séð, að verðlag á þessum vörum, sem hér er fjallað um, er komið langt úr öllu hófi, þar sem tvennar gengislækkanir eru komnar og hátollunum haldið, sem fóru í uppbæturnar. Hitt sé, að hæstv. ráðherra hafi komizt að þeirri niðurstöðu við nánari athugun, að ríkissjóður mundi geta séð af einhverju af tekjum sínum til tollalækkunar á móti þeim ógnar-verðhækkunum, sem stafað hafa af gengislækkunum undanfarið og nú t. d. þeirri síðustu. Síðasta gengislækkunin færði ríkissjóði stórkostlegar tekjur, og ráðherrann mun hafa séð, að því er mér getur helzt skilizt, við nánari athugun, að það var hægt að sjá af einhverju af þessum nýju tekjum til þess að lækka tollana.

En þá kemur spurningin um, hvort ekki sé sjálfsagt, að sú tollalækkun, sem ríkissjóður þannig hefur ráð á að gera vegna þess, hversu gjöldum hefur verið haugað á nú nýlega, — hvort sú tollalækkun á ekki að ná enn meira til almennings en hægt er með því að einskorða sig við þær vörur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það var meginstefnan í þeirri vinnu, sem mínir flokksbræður lögðu í þetta mál í Ed., að reyna að fá því til vegar komið, og munum við beina áhrifum okkar í sömu átt í þessari hv. d., jafnframt því sem við fylgjum frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, var gripið til þess ráðs á árinu 1951, eftir gengislækkunina, sem samþ. hafði verið í marzmánuði 1950, að veita bátaútvegi landsmanna stuðning á þann hátt, að myndaður var sérstakur listi af vörum, sem kallaðar voru síðan bátagjaldeyrisvörur, og bátaútveginum heimilað að ráða nokkuð sérstöku gjaldeyrisálagi á innflutning á þessum vörum. Þessar vörur, sem voru á bátalistanum svonefnda frá árinu 1951, voru því næstu ár á eftir tollagðar mun meira en flestar aðrar vörur, sem voru fluttar til landsins. Þessu kerfi var síðan haldið áfram, en breytt nokkuð í árslokin 1960, og síðan voru þessar vörur almennt kallaðar hátollavörur, og það fór ekkert á milli mála, að þar voru margar vörur, sem taldar voru minna nauðsynlegar, mjög hátt tollaðar í innflutningi. En við gengislækkunina, sem var samþ. í febrúarmánuði 1960, og eins við gengislækkunina, sem samþ. var nú aftur í sumar, í ágústmánuði, þá vitanlega fór það svo, að verðlagið á þessum vörum, sem voru á bátagjaldeyrislistanum, eða hátollavörunum, sem nefndar voru á tímabilinu 1957—59, var orðið gífurlega hátt. Það var því alveg augljóst mál, að það hlyti að því að koma, að það yrði að lækka eitthvað þessa sérstöku tolla, sem höfðu verið lagðir á þessar vörur, og það er einmitt það, sem nú er verið að gera. Að vísu er það svo, að mér sýnist, að það séu ekki allar vörur teknar, sem voru á bátagjaldeyrislistanum áður eða hátollavörulistanum, þó nokkrir verðflokkar eru skildir eftir, sem enn bera gífurlega há tollgjöld.

Það er kunnugt mál, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið þess vör, að innflutningur einmitt á þessum vörum hefur dregizt verulega saman. Undan því hefur verið kvartað sárlega, að ríkissjóður hafi ekki fengið þær tekjur af innflutningi þessara vara, sem gert hafði verið ráð fyrir. Ég álít, að skýringin á því sé ákaflega einföld, hún sé í öllum aðalatriðum sú, að verðlag þessara vara var orðið allt of hátt, þegar svo var komið, að gamla aukagjaldið vegna útflutningsuppbót-

anna hvíldi á þessum vörum og þar að auki gengislækkunin, sem olli vitanlega miklum verðbreytingum almennt á vörum, og þar að auki gengislækkunaráhrifin, sem urðu einnig til þess að hækka þessar vörur. Ég held, að samdrátturinn í innflutningi hafi fyrst og fremst stafað af þessu óeðlilega verðlagi, sem þarna var orðið, og því sé það í raun og veru megintilgangurinn hjá hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að reyna þó að halda áfram nokkrum innflutningi á þessum vörum með því að stilla verðlaginu á þeim nokkuð í hóf. Hina skýringuna gef ég aftur heldur lítið fyrir, að ástæðunnar til þessarar lækkunar á aðflutningsgjöldum sé að leita til þess, að hér sé verið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr smygli. Ég efast að vísu ekkert um það, að þó nokkur ólöglegur innflutningur hefur átt sér stað á þessum vörum, og vel má segja það, að því hærri sem tollarnir séu á slíkum vörum, því meiri hætta sé á því, að ólöglegur innflutningur eigi sér stað. Eflaust má segja, að slíkt gildi að einhverju leyti. En ég held, að það sé ekki aðalskýringin á því, hvað ríkið hefur misst mikið af tollum í sambandi við innflutning þessara vara nú upp á síðkastið. Ég held, að aðalskýringin liggi í hinu, að verðlagið var orðið allt of hátt eftir gengisbreytingarnar.

Ég fyrir mitt leyti er því algerlega samþykkur efni frv. um það að lækka tollstigana, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., á þeim vörum, sem það nær yfir. Ég tel, að þar sé stefnt í eðlilega átt, og hefði mátt gerast miklu fyrr, hefði í rauninni átt að gerast, þegar gengislækkunin var samþykkt í febrúarmánuði 1960. En ég sakna þess, að það skuli ekki ýmsar aðrar vörur vera með í þessari lækkun, sem algerlega eins er ástatt um að mínum dómi. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að við það hefði verið miðað í þessu frv. að taka hér ekki inn neinar vörur, sem bæru ekki a. m. k. 100% innflutningstolla. En mér skilst, að það hafi hins vegar ekki verið teknar allar vörur, sem bera 100% og þar yfir. Hvers vegna þá ekki að miða það við að taka allar þær vörur, sem bera yfir 100%, og lækka þær allar, en það sýnist mér að ekki sé gert?

Þá er hitt atriðið, sem ég tel að helzt skorti á í sambandi við þetta frv., en það er að tryggja, að sú tollalækkun, sem nú verður ákveðin hér væntanlega á þessum vörum, skili sér til almennings í landinu í lækkuðu verði á þessum vörum. Ég dreg mjög í efa, að það megi treysta á, að þessi tollalækkun komist alla leið til kaupendanna, ef það skipulag er haft á, að álagningin á þessum vörum sé frjáls. Ég heyri það, að hæstv. fjmrh. gerir sér vonir um það, að verzlunarstéttin, innflytjendur og smásalar, misnoti ekki það frelsi, sem þeir hafa til þess að ákveða álagninguna, með því að taka til sín verulegan hluta af þessari tollalækkun. Hann hefur góð orð þeirra um það, að þeir muni ekki gera það, og ég heyrði líka, að hann sagði, að hann héldi, að það frelsi, sem ákveðið hefði verið í álagningu á ýmsum vörum nú fyrir 2—3 mánuðum, hefði ekki verið misnotað. Ég tel enga reynslu komna í þeim efnum og engar skýrslur komnar fram um það, sem gætu sannað neitt í þeim efnum. En hitt vitum við, að mjög svipað þessu hefur átt sér stað hér áður, og það hafa verið gerðar á því opinberar athuganir. Þegar t. d. bátagjaldeyrisfyrirkomulagið var ákveðið 1951, var ákveðið að gefa frjálsa álagningu á þeim vörum. Og þá var það, að t. d. flokksmenn hæstv. fjmrh. héldu því mjög fram, að þeir hefðu trú á því, að hin frjálsa álagning mundi beinlínis leiða til þess, að álagningin lækkaði frá því, sem hafði verið undir verðlagseftirlitskerfinu. En þetta var rannsakað ýtarlega á þessum árum. Verðlagsyfirvöldin í landinu létu athuga þetta og gáfu út opinberar skýrslur um það, hvernig þetta hefði farið. Reynslan var þá sú, að álagningin stórhækkaði, hækkaði meira að segja svo, að hinir orðvörustu menn, sem nú þekkjast hér á Alþingi, kölluðu þetta hreint siðleysi í viðskiptum, hvernig sú verðlagning breyttist þá. Ég verð því að segja það af þeirri reynslu, sem liggur fyrir, að ég efast mjög um, að það megi á það treysta, að þessi tollalækkun skili sér til þeirra, sem hún á að koma að gagni, almennings í landinu, ef ekki eru ákvæði um það bundin í lögum, að það skuli í öllum aðalatriðum gilda sama álagningarregla og áður gilti, þannig að tollalækkunin komi fram í útsöluverðinu. Ég hef ekki svo mikið traust á smásölum, heildsölum og ekki heldur samvinnuhreyfingunni í landinu, að þessir aðilar tryggi þetta alveg eftirlitslaust. Þar ber ég fyrir mig reynsluna og ekkert annað. Ég mundi því óska eftir því, að sú breyting yrði gerð á þessu frv., að ákveða, að haft skuli eftirlit með verðlagningu á öllum þeim vörum, sem þetta frv. fjallar um, til þess að það sé tryggt, að tollalækkunin komi fram í útsöluverðinu.

Ég skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál. Það væri vitanlega hægt að ræða um það langt mál í sambandi við stefnuna í viðskiptamálum almennt. Ég skal ekki fara langt út í það. Mér sýnist fyrir mitt leyti, að ástæðan til þess, að þetta frv. er nú flutt af hæstv. ríkisstj., sé einfaldlega sú, að nú hefur ríkisstj. rekið sig á það gegnum dýrkeypta reynslu, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi þessara vara höfðu minnkað stórlega vegna þess, að verðið á vörunum var orðið allt of hátt. Og kaupgeta almennings, sem hefur verið minnkuð allverulega, segir vitanlega til sín í sambandi við kaup á þessum vörum. Menn hafa keypt minna af þeim að undanförnu en áður var. Þetta held ég að séu meginskýringarnar á því, hvernig komið er í þessum efnum, en kenningin um smyglið held ég að eigi lítinn rétt á sér. Ég held, að sala á þessum hátollavörum hafi ekki minnkað núna síðustu tvö árin eins og raun ber vitni um vegna þess, að smyglið hafi verið miklu meira nú þessi ár en áður var. Það kann að vera, að það hafi verið eitthvað meira, en ekki vil ég gera mikið úr því. En hinu vil ég svo aftur beina til hæstv. fjmrh. í þessum efnum, að það er vissulega ástæða til þess að taka mjög föstum tökum þetta smygl, sem menn vita að á sér stað. Það þarf ekki aðeins að herða á tolleftirliti, sem þó er vitanlega sjálfsagt að gera, það þarf líka að reyna að taka fyrir rót

þessa, sem liggur í því, að gjaldeyri þjóðarinnar er stolið undan á ólöglegan hátt. Enginn flytur inn þessar vörur að neinu ráði, nema hann komist á einn eða annan hátt yfir gjaldeyri fram hjá lögum landsins. Talið um þetta mikla smygl er því í rauninni jafnframt staðfesting á því, að gjaldeyriseftirlitið bilar. Þjóð, sem er að kvarta undan því, að hún hafi ekki nægan gjaldeyri til sinna þarfa, veit það, að hann er tekinn ólöglega og notaður til þess, sem er ekki almennt leyfilegt. Hér þarf vitanlega að herða á eftirliti stórlega frá því, sem nú er, og það væri mikil nauðsyn á því, að það væri gert.

Að öðru leyti vil ég svo segja það, að ég er í aðalatriðum frv. samþykkur, mun hins vegar flytja brtt. við frv., bæði í þá átt að auka nokkuð við vöruflokka, sem yrðu aðnjótandi þessarar lækkunar á verðtolli, og eins till. um það að tryggja, að tollalækkunin komi raunverulega fram í útsöluverðinu, en fram hjá því finnst mér vera gengið í frv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég vil þakka bæði hv. 1. og hv. 4. þm. Austf. fyrir góðar undirtektir undir frv. og fyrirheit þeirra um stuðning við það. Það eru örfá atriði, sem ég vildi minnast á úr ræðum þeirra.

Hv. 1. þm. Austf. hóf mál sitt á því, að það hefði vakið undrun margra, að með efnahagslögunum eða gengisbreytingunni 1960 hefði nær öllum álögum, sem áttu að standa undir útflutningsuppbótunum, verið haldið í gildi, þó að útflutningsuppbæturnar væru afnumdar. Þetta er ekki rétt mynd, sem hv. þm. gefur. Í fyrsta lagi féll að sjálfsögðu niður við gengisbreytinguna yfirfærslugjaldið, sem var 55% og átti m. a. að standa undir útflutningsuppbótum. Í öðru lagi var það innflutningsgjald, sem var eftir ákvörðunum í tíð vinstri stjórnarinnar 62% af sumum vörum, lækkað 1960 niður í 40%, það innflutningsgjald, sem var 40%, var lækkað í 30%, og það innflutningsgjald, sem var 22%, var lækkað í 15%. Allt þetta var gert með efnahagsmálalögunum, og skil ég ekki almennilega, hvernig það má vera, að það hefur farið fram hjá hv. 1. þm. Austf.

Hv. 4. þm. Austf. sagði, að aðalástæðan til þess, að dregið hefði úr innflutningi á ýmsum vörum eða hann dregizt saman, væri sú, að verðlagið væri orðið allt of hátt eftir gengisbreytingarnar. M. ö. o.: það er hans skoðun, að samdrátturinn í innflutningi margra vara stafi af of háu verðlagi vegna gengisbreytinganna nú á þessu ári og í fyrra. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm., því að ég ætla, að það sé mál kunnugra manna, að aðalástæðan fyrir samdrættinum á innflutningnum séu aðgerðir þessa hv. þm. og hv. 1. þm. Austf. og annarra ágætra manna í vinstri stjórninni, því að eftir þá gerbreytingu, sem varð á aðflutningsgjöldum með hinni svokölluðu jólagjöf 1956, er innflutningsgjaldið var lögtekið, frá 22% upp í 62%, af flestum þeim vörum, sem þetta frv. fjallar um, þá er það samróma álit flestra kunnugra manna, að þá hafi fyrst verulega dregið úr innflutningnum og smyglið færzt í aukana. Þetta sýna verzlunarskýrslur, ef bornar eru saman frá því ári við næstu ár á undan og næstu ár á eftir. Ég held, að það sé alger misskilningur, að aðalástæðan fyrir þessu séu gengisbreytingarnar, enda er þá lítt skiljanlegt, hvers vegna innflutningur á ýmsum þessum vörum minnkaði á árunum 1957 og 1958 frá því, sem áður var, þ. e. a. s. 2—3 árum áður en gengisbreytingarnar komu til.

Hv. 4. þm. Austf. dregur mjög í efa, að þessi tollalækkun komist alla leið til neytendanna, og hann lýsir því yfir, að hann beri hvorki traust til stórkaupmanna, smásala né samvinnufélaga í þeim efnum. Nú skal ég ekkert um það ræða, hvort hann treystir einum eða öðrum, en þó skyldi maður ætla, að eitthvert traust bæri hann til samherja sinna, sem stjórna einu stærsta samvinnufélagi þessa lands, sem er hér í Reykjavík. En svo rótgróið er vantraust hans, að hann vantreystir sínum mönnum einnig.

Hann ber þau rök fram fyrir þessu vantrausti sínu, að reynslan sanni, að ástæða sé til þess. Og þegar hann fer svo að sanna með reynsludæmum, þá ber hann fyrir sig um 10 ára gamalt dæmi, eða ég ætla, að það sé frá 1951 eða 1952, þegar verðlag hafði verið gefið frjálst á nokkrum vörum og verið misnotað. Það má vel vera, að það hafi verið gert. En hv. þm. neitar alveg að taka nokkurt mark á því dæmi, sem við höfum fyrir augunum, því, að frjáls hefur verið álagning á mörgum vörutegundum nú í tvo og hálfan mánuð, án þess að kvartanir hafi sézt um, að það hafi verið misnotað. Hv. þm. afgreiðir þetta reynsludæmi aðeins með því, að það liggi engar skýrslur fyrir um það. En mér er spurn: Ef þetta álagningarfrelsi hefði verið misnotað eða misnotað svo, að það væri algert siðleysi, eins og hann komst að orði, að gert hefði verið fyrir 10 árum, ætli hefði þá ekki heyrzt hljóð úr horni, ætli hefði ekki einhvers staðar í blöðum verið á það minnzt, að þessar vörur hefðu hækkað óhóflega, ætli þessir miklu dýrkendur verðlagseftirlitsins, Alþýðubandalagsmennirnir, hefðu ekki reynt að finna einhver slík dæmi, og ætli það hefði ekki verið skylda verðlagsstjórans að benda þá á þessa misnotkun? Ég held, að í stað þess að vera að fara 10 ár aftur í tímann, sé bezt að miða við það, sem nú hefur verið að gerast og er að gerast í þessum málum undanfarnar vikur og undanfarna mánuði. Um þetta er að sjálfsögðu ekkert hægt að fullyrða. Hv. 4. þm. Austf. og flokksbræður hans hafa tröllatrú á verðlagsákvæðum og verðlagseftirliti, sem þeir telja í rauninni flestra meina bót, þó að reynslan hafi sýnt, að í sumum tilfellum hefur það verið stórskaðlegt fyrir þjóðina, — ég segi: stórskaðlegt, vegna þess að verðlagsákvæðin eru yfirleitt þannig byggð upp, að þau eru miðuð við hundraðstölu af innkaupsverði vörunnar að viðbættum tollum o. s. frv. Það þýðir, að innflytjendur hafa ekki hina minnstu hvatningu í þessum ákvæðum, til þess að fá sem hagstæðust og ódýrust innkaup, heldur þvert á móti, þeir skaðast á því að gera hagkvæm innkaup, vegna þess að þeim mun ódýrari sem varan er í innkaupi, þeim mun minni

er álagningin í krónutölu, sem þeir fá. Nú má segja, að þetta ætti ekki að koma að sök, ef algert innflutningsfrelsi er og nóg framboð á vörunni, því að þá skapar samkeppnin, hin frjálsa samkeppni, verðlagið. En þegar skortur hefur verið á vöru, eins og oft hefur verið hér á undanförnum áratugum, vegna innflutningshafta og gjaldeyrisskorts, hefur þetta vafalaust oft bitnað á þjóðinni, að þessi verðlagsákvæði í prósentum hafa sízt verið til bóta, heldur jafnvel til skaða. Með þessu segi ég ekki, að verðlagsákvæði geti ekki átt rétt á sér, á vissum tímum sérstaklega. Þegar um vöruskort er að ræða á vissum vörutegundum, getur verið óhjákvæmilegt að grípa til verðlagsákvæða. En þegar innflutningsfrelsi, verzlunarfrelsi er og nóg framboð á vöru, þá mundi ég ætla, að hagur neytendanna, kaupendanna, sé margfalt betur tryggður með frjálsu verðlagi, frjálsri samkeppni, heldur en verðlagsákvæðum.

Um þennan ágreining eða mismunandi traust og vantraust okkar hv. 4. þm. Austf. þýðir auðvitað ekki að ræða frekar. Það er reynslan ein, sem úr því sker.

Lúðvík Jósefsson: Háttv. forseti. Aðeins örfá orð. — Það var í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér viðvíkjandi innflutningi á hátollavörum í tíð vinstri stjórnarinnar. Það var heldur skemmtilegt að heyra það, að hann talaði sérstaklega um, að það hefði dregizt saman innflutningur á hátollavörum í tíð vinstri stjórnarinnar. Eitthvað minnir mig nú, að ég hafi heyrt þetta koma úr hinni áttinni stundum áður. En þá hafði það verið einn aðaláróðurinn einmitt hjá hans flokki og honum sjálfum, að uppbótakerfið allt saman lifði á innflutningi á hátollavörum og allt hefði verið gert til þess að reka menn til að kaupa hátollavörur. Það er alveg rétt, að árin áður en vinstri stjórnin tók við, var innflutningur á þessum vörum enn þá meiri en hann var í tíð vinstri stjórnarinnar. 1957 og 1958 minnkaði innflutningurinn á hátollavörum, — það er rétt, — þó að flokkur hæstv. ráðh. hafi alltaf klifað á hinu allan tímann, þangað til nú þykir betra að snúa því aftur við. En því dettur mér ekki í hug að neita, að innflutningur á þessum vörum var mikill árin 1957 og 1958 og 1959 og miklum mun meiri en hann hefur verið nú eftir að viðreisnin var samþykkt. Það er nefnilega þannig með mikið af þessum vörum, að það er vitanlega ekki hægt að flytja þetta inn alveg endalaust. Þegar svo hafði verið, að það hafði verið stöðvun á innflutningi á ýmsum þessum svonefndu hátollavörum í allmörg ár, tímabilið eftir 1950, þá fór það svo, að árin 1955 og 1956 var ofsamikill innflutningur t. d. á heimilistækjum og öðrum slíkum hátollavörum. Það vitanlega dró dálítið úr því aftur árin 1957 og 1958 af eðlilegum ástæðum. En nú hins vegar er enginn vafi á því, að salan á þessum vörum, eftir að gengisbreytingin var gerð í febrúarmánuði 1960, hefur farið langt niður fyrir það mark, sem eðlileg kaupgeta í landinu mundi samsvara. Kaupgetan hefur verið skrúfuð niður svo mikið, að menn hættu að kaupa þessar svonefndu lúxusvörur.

Nei, það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þær ráðstafanir, sem voru gerðar í upphafi tíma vinstri stjórnarinnar í sambandi við tolla á þessum vörum, hafi leitt til þess, að þá hafi smygl stóraukizt. Þá var bætt við nokkrum vörum á gamla bátalistann, og hækkanir voru nokkrar, en þær voru ekkert mjög miklar og hvergi nærri því að vera eins gífurlegar og þær hækkanir voru á þessum vörum, sem komu með gengisbreytingunni í febrúarmánuði 1960. Þá varð alveg stórkostleg hækkun á þessum vörum, þrátt fyrir þessa tiltölulega litlu lækkun á tollstiganum, sem hæstv. ráðh. gat hér um, en verðlagningin vitanlega þaut upp á öllum þessum vörum eftir gengisbreytinguna í febrúar 1960.

Svo var það aðeins hitt atriðið, hvað megi treysta á álagningarfrelsið. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að reynslan ein verður að skera úr um það, hvor okkar hefur rétt fyrir sér í þeim efnum. Ég veit, að hann hefur mestu ótrú á verðlagseftirliti og vill það feigt. Hann vill losna við verðlagseftirlit, það veit ég. Hann virðist trúa á álagningarfrelsið. Þessu er alveg öfugt farið um mig. Ég hef ekki trú á álagningarfrelsi og tel, að það þurfi að vera visst aðhald að þeim, sem ákveða álagningu á vörur og þjónustu. En ekki get ég fallizt á þau rök hjá hæstv. ráðh., að hann megi miða mikið við það, sem gerzt hefur í þessum efnum nú á tveggja og hálfs mánaðar tímabili. Hann veit það auðvitað mætavel, að áhrif eru ekki komin fram á þessum tíma nema að litlu leyti, og þegar verðlagið þýtur allt upp í kringum mann hér í þessu landi á flestöllum vörum, svo að segja frá degi til dags, þá er auðvitað ekki von, að almenningur átti sig á því, hvað af þessum verðhækkunum stafar af því, að álagningin hefur verið hækkuð, og hvað stafar af ýmsum öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Hið rétta er, að það hefur engin athugun enn þá farið fram á því, til hvers þetta álagningarfrelsi hefur leitt. En dæmið, sem ég nefndi, um það höfðu opinberir aðilar fjallað, og þá hafði það sýnt sig, að frelsið um álagningu leiddi ekki til þess, sem hæstv. ráðh. miðaði alla sína trú við.

Svo eru fullyrðingar hæstv. ráðh. um það, að verðlagseftirlit jafnvel stórskaði, valdi jafnvel stórum skaða í sambandi við verðlagningu á vörum og haldi hér uppi hárri verðlagningu. Skyldi það vera með öllu ástæðulaust, að verzlunarmenn berjast svo ákaft fyrir því að losna við verðlagseftirlit? Skyldi það vera alveg ástæðulaust, að þeir vilja endilega losna við það? Nei, það fylgir vitanlega alveg á eftir þeirri fullyrðingu verzlunarstéttarinnar, að hér hafi verzlunin þurft að búa við lægri álagningarreglur en í nálægum löndum og það sé lífsnauðsyn að hækka álagningarreglurnar, og þegar þeir fá ekki hækkun á álagningarreglunum, sem þeir vitna til sí og æ að séu allt of lágar hér, þá vilja þeir fá reglurnar afnumdar. Það er auðvitað með alveg ákveðið atriði í huga, sem þeir eru að biðja um þetta.

Hæstv. ráðh. verður að hafa sína skoðun á

þessum efnum og ég mína. En ég held mér við það, að öruggara væri fyrir almenning eða fyrir neytendur í landinu að hafa verðlagsákvæði a. m. k. í þessum efnum, þegar verið að lækka tollana mjög verulega, til þess að tryggja það, að þeir fái að njóta tollalækkunarinnar í lækkuðu verði á þessum vörum, og af því mun ég flytja brtt. í þá átt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 121, 122 og 125, 123, 124, 126).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Frv. til laga um lækkun á aðflutningsgjöldum á ýmsum vörum hefur verið til meðferðar í fjhn. hv. deildar. Á fundi n. mættu ráðgjafar ríkisstj. um samningu þessa frv., þeir tollstjóri, hagstofustjóri og ráðuneytisstjóri fjmrn., og gáfu þar ýmsar upplýsingar og svöruðu fyrirspurnum.

Nefndin er í heild sammála um stefnu frv. Hins vegar telur minni hl., að of skammt sé gengið, og auk þess vill hann eða hluti hans flytja brtt. við frv., og skila þeir þess vegna sérstökum nál., sem þeir munu gera grein fyrir.

Tollar eru í sjálfu sér eðlilegur tekjustofn fyrir ríki, enda lagðir á innflutning á vörum í öllum löndum, eftir því sem frekast er kunnugt um. Hins vegar er tollþunginn ákaflega mismunandi í hinum ýmsu ríkjum, en óvíða trúlega jafnmikill og hér á landi. Tollabyrðin hefur farið stöðugt vaxandi hérlendis, en úr hófi hefur þó keyrt á síðustu áratugum, svo að nú munu tollar að sögn hvergi vera jafnháir, a. m. k. í Vestur-Evrópu, og nú tíðkast hér á landi. Þessa þróun verður að telja mjög óæskilega og það af tveimur ástæðum: Fyrst og fremst orka háir tollar beint á lífskjör almennings og á afkomu atvinnuveganna. Þeir valda dýrtíð og gera atvinnuvegina ekki samkeppnishæfa í öðrum löndum. Og í öðru lagi leiða þeir gjarnan til lögbrota, þ. e. a. s. reynt er að flytja inn varning með ólöglegum hætti til landsins.

Tollahækkanirnar hér á landi hafa skeð með mörgum og mismunandi hætti og stafa af mismunandi ástæðum. Sumpart hafa nýir tollar og innflutningsgjöld með nýjum nöfnum verið lögð á. Sömuleiðis hafa gömul gjöld verið hækkuð. Þá hefur og tollgrunninum oft verið breytt, þannig t. d., að tollur var í sína tíð greiddur af fob-verði vara, en síðan var sá háttur tekinn upp að greiða beint af cif-verði vara, og svo má segja, að gengisbreytingar, beinar og óbeinar, hafi einnig haft veruleg áhrif til tollahækkunar. Það ber því vissulega að fagna því, að með frv. þessu er staldrað við og raunar snúið til baka, snúið við á tollahækkunarbrautinni. Þó ber eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. aðeins að líta á frv. þetta sem takmarkaðan áfanga, þar sem tollskráin í heild mun vera til endurskoðunar.

Tilgangur frv. er, eins og ég sagði, takmarkaður, og sýnist hann vera þríþættur: í fyrsta lagi að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning, í öðru lagi að hafa áhrif til lækkunar á verðlagi ákveðinna vörutegunda og í þriðja lagi að lækka einmitt tollana á þeim vörum, sem mestan tollþungann hafa fram til þessa borið.

Stjórnarandstaðan hefur innt eftir því, hvers vegna einar og aðrar vörur væru ekki teknar með í þessu frv., sem æskilegt hefði verið. Því er til að svara, að hér er um tilraun að ræða og fáar aðrar vörutegundir munu fullnægja öllum þeim þrem sjónarmiðum, sem ég áður gat um. Í öðru lagi eru tollar, eins og öllum er kunnugt, einn veigamesti tekjustofn fjárhagskerfis ríkisins og svigrúm því ekki ótakmarkað til að gerbreyta þeim, án þess að annað komi í staðinn. Sem dæmi má nefna, að ef innflutningur héldist óbreyttur að magni á þeim vörum, sem nú stendur til að lækka tolla á, mundi það kosta íslenzka ríkið 46 millj. kr. á ári í tekjumissi. Og til þess að ríkið héldi tekjum sínum, yrði ekki fyrir neinum tekjumissi, þyrfti innflutningur sömu vara að hækka um 58%. Það verður að svo komnu engu um það spáð, hver árangur verður af þessu frv., ef að lögum verður, en þessar tölur geta þó gefið vísbendingu um, að hæpið sé að svo stöddu að gera stórfelldari lækkanir í tilraunaskyni. Sýni það sig hins vegar í framkvæmdinni, að frv. beri tilætlaðan árangur, getur verið í því góð vísbending og þeim mun nauðsynlegri, þar sem heildarendurskoðun tollskrárinnar stendur nú einmitt yfir og tilætlunin, að niðurstöður þeirrar endurskoðunar verði lagðar í frumvarpsformi fyrir Alþingi á komandi hausti. Meiri hl. fjhn. telur því, að hér sé stigið spor í rétta átt og af varfærni, og mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Háttv. forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., varð öll fjhn. d. sammála um það, að rétt væri að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Ég kaus þó að gefa út sérstakt nál. og gera þar grein fyrir afstöðu minni til málsins og þá um leið fyrir brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv.

Ég tel, að frv. gangi of skammt og að það sé eðlilegt að lækka hér hin háu aðflutningsgjöld á fleiri vörutegundum en um getur í frv., og að það sé sízt minni ástæða til þess að taka þær vörur, sem ég legg til að lækkuð verði aðflutningsgjöld á, heldur en ýmsar þær vörur, sem tilgreindar eru í frv. Og í öðru lagi flyt ég svo brtt. við frv. um það, að þær vörur, sem nú er gert ráð fyrir að lækka aðflutningsgjöld á, verði allar settar undir verðlagseftirlit, svo að tryggt megi verða, að sú tollalækkun, sem hér verður samþykkt, komi fram í útsöluverði á þeim vörum, sem hér er fjallað um.

Af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur frv. þetta fyrst og fremst verið rökstutt með því, að ætlunin sé með því að draga úr smygli í landinu. Það má segja, að aðalskýringin frá hálfu hæstv. fjmrh. fyrir því, að hann leggur nú til að velja

þessar vörur sérstaklega og lækka á þeim tolla, sé sú, að stórkostlegt smygl eigi sér stað í sambandi við sölu á þessum vörum og það stafi fyrst og fremst af því, að aðflutningsgjöld á þeim séu orðin óeðlilega há. Ég dreg það að vísu ekki í efa, að smygl muni vera talsvert í landinu. En ég hef sagt það áður, þegar þetta mál hefur verið rætt hér, að ég vil þó ekki álíta, að smygl sé neitt verulega miklu meira en það hefur verið, og ég held, að það séu aðrar orsakir, sem liggja til þess, hve sala hefur dregizt stórkostlega saman á þeim vörum, sem hér um ræðir. Það liggur nú fyrir, að á s. l. ári, 1960, varð stórkostlegur samdráttur í innflutningi á þeim vörum, sem frv. fjallar um. Það mun láta nærri, að samdrátturinn nemi í kringum 27%. Ef þessi skýring hæstv. ríkisstj., sem hún hefur lagt hér allmikla áherzlu á, væri rétt, þá væri þar með því slegið föstu, að á árinu 1960 hafi orðið snöggleg breyting til stóraukins smygls í landinu. Það er nú upplýst af þeim, sem með framkvæmd þessara mála hafa að gera, að þeir lýsa því alveg afdráttarlaust yfir, að samdrátturinn í innflutningi — löglegum innflutningi — á þessum vörum hafi einkum og sérstaklega átt sér stað á árinu 1960. Þó að ég vilji ætla, að margt hafi gengið aflaga í sambandi við viðreisnarstefnuna í fjárhagsmálum, þá held ég samt ekki, að þessi sök, sem hæstv. ríkisstj. er þarna á beinan eða óbeinan hátt að leggja á viðreisnarpólitíkina, sé í raun og veru rétt. Ég held, að það, sem hefur verið að gerast í þessum málum, sé einfaldlega það, sem við stjórnarandstæðingar bentum á strax í upphafi. Það var alveg fyrirsjáanlegt, að hér mundi verða um mjög verulegan samdrátt að ræða í innflutningi á ýmsum vörum, að minnkandi kaupmáttur í landinu hlyti að segja til sín í því, að fólk keypti minna, sérstaklega af þeim vörum, sem menn gætu fremur látið ógert að kaupa. Þetta hefur komið skýrt fram einmitt í sambandi við þessar hátollavörur. Þær hafa minnkað í innflutningi stórkostlega samkvæmt skýrslum á árinu 1960, og það er vegna þess, að verðlagið með gengisbreytingunni í febrúarmánuði 1960 var hækkað jafnstórkostlega og menn þekkja. Það náði vitanlega engri átt að halda öllum þeim miklu innflutningsgjöldum, sem í gildi voru áður, eftir að hin stórkostlega gengislækkun var samþykkt í febrúarmánuði 1960. Slíkt hlaut vitanlega að leiða til þess, að innflutningur og sala á þessum vörum mundi dragast saman. Nú hefur hæstv. ríkisstj. rekið sig á þetta í framkvæmd. Hæstv. fjmrh. hefur fengið að finna til þess, að fólkið í landinu kaupir minna af þessum vörum, þessar vörur gefa ríkissjóði minni tekjur en áður, og af því neyðist nú ríkisstj. til þess að viðurkenna staðreyndir og slaka nokkuð á. Hún viðurkennir það sem sagt, að viðreisnarverðlagið fær ekki staðizt. Það er óhjákvæmilegt að lækka það, t. d. í þeim tilfellum, þar sem tekjur ríkissjóðs eiga í hlut. Ég held, að þetta sé aðalskýringin og að þannig beri að líta á þessa hluti.

En einmitt í framhaldi af þessu held ég, að það sé hollt fyrir hæstv. ríkisstj. að átta sig á því, að hér er um miklu fleiri vörur að ræða, sem eins stendur á um og almenningur í landinu verður nú að neita sér um að kaupa. Ég flyt hér brtt. um, að verulega verði lækkuð aðflutningsgjöld t. d. á alls konar heimilistækjum, rafmagnsheimilistækjum. Innflutningur þeirra og sala á þeim hefur stórkostlega minnkað. Hér er þó um býsna þörf tæki að ræða á flestum heimilum, en þó skal það játað, að þau eru þess eðlis, að hægt er að komast af án þeirra. Ég held, að það væri ekki síður nauðsyn á því að örva nokkuð innflutning aftur á þessum ágætu tækjum heldur en t. d. að örva nú aftur innflutning á loðskinnum og naglalakki og ýmsu öðru, sem tilgreint er í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef líka leyft mér að flytja hér till. um, að lækkuð verði aðflutningsgjöld á búsáhöldum, útvarpstækjum, varahlutum í ýmsar vélar, en aðflutningsgjöld á öllum þessum vörum eru hrikalega há nú, þegar tillit er tekið til verðskráningarinnar á gjaldeyrinum. En það er vitanlega óhjákvæmilegt að hafa það atriði einnig í huga, þegar menn virða fyrir sér gjöldin, sem áður voru, því að þau voru að verulegu leyti svona há á þessum vörum vegna þess, að gengi krónunnar var skráð eins og það var.

Ég tel sem sagt, að það beri að fagna því, að hæstv. ríkisstj. er að átta sig á því, að viðreisnarverðlagið fær ekki staðizt á fjöldamörgum vöruflokkum. En ég vonast til, að ríkisstj. átti sig á því, að hún gengur allt of skammt í þessum efnum. Hér þarf að koma til lækkun á miklu fleiri vöruflokkum. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. segir, að í þessu frv. hafi einvörðungu verið teknar og lækkuð aðflutningsgjöld á þeim vörum, sem nú bera yfir 100% aðflutningsgjöld. En það liggur þó fyrir, að fjöldamargar vörur eru enn miklu nauðsynlegri en þær, sem tilgreindar eru í þessu frv., sem bera aðflutningsgjöld, sem eru langt yfir 100%. Af hverju má ekki taka þær vörur líka?

Þá tel ég, að það nái í rauninni engri átt að samþykkja slíka tollalækkun sem þetta frv. fjallar um, án þess að tryggja með sérstökum ráðstöfunum, að tollalækkunin komi örugglega fram í útsöluverði á vörunum. En nú liggur það einmitt fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því á þessu ári að undanþiggja verðlagsákvæðum allmargar þeirra vara, sem þetta frv. fjallar um. Einmitt af því að það hefur verið gefin á þessu ári frjáls álagning á ýmsum þeim vöruflokkum, sem frv. fjallar um, tel ég, að það sé óhjákvæmilegt, ef á að tryggja, að tollalækkunin komi fram í útsöluverði á vörunum, að setja þessar vörur undir verðlagsákvæði á ný. Ég vil líka benda á það, að flestar þær vörur, sem hér er gert ráð fyrir að lækka tolla á, eru þess eðlis, að það er mjög erfitt fyrir almenning í landinu að átta sig á því, hvað er rétt verð á slíkum vörum. Vörurnar eru mjög breytilegar að gæðum og útliti, eins og yfirleitt hinar svonefndu lúxusvörur eru. Það er því mjög auðvelt, þegar ekkert eftirlit er með álagningunni, fyrir þá, sem hafa söluna á vörunni með höndum, að stinga í sinn vasa þeirri tollalækkun, sem þarna er ákveðin. En ég vil vænta þess, að það hafi þó verið meining hæstv. ríkisstj. að

sjá um það, að sú tollalækkun, sem hér verður væntanlega samþykkt, komi fram í útsöluverði á vörunum, en hún eigi ekki að lenda í vösum milliliðanna. En það verður varla tryggt á annan hátt en þann að fela verðlagsyfirvöldunum að gæta að því, að útsöluverð á vörunum lækki í hlutfalli við tollalækkunina.

Ég veit, að það er öllum ljóst, að þær vörur, sem hér er um að ræða, eru þess eðlis, að það er mjög erfitt fyrir almenning að fylgjast með réttu verðlagi á þeim. Vörur eins og t. d. þær, sem ég skal lesa hér upp nokkur nöfn á, eins og ilmsmyrsl, naglalakk, varalitur, baðsalt, ilmpappír, loðskinn og annað þess háttar, þetta eru svo breytilegar vörur, að það er ómögulegt að hugsa sér, að almenningur í landinu geti fylgzt með því, hvort það hefur raunverulega verið tekið tillit til tollalækkunarinnar við verðlagningu á þessum vörum eða ekki. Þannig er yfirleitt ástatt með þessar vörur, og ég álít, að ef það er í raun og sannleika vilji ríkisstj. að sjá um, að þessi verðlækkun komist út í útsöluverðið, en lendi ekki hjá milliliðunum, þá eigi hún að standa að því að samþykkja tillögu mína um það, að a. m. k. fyrst um sinn verði þessar vörur, sem hér er nú ætlað að lækka tolla á, settar undir verðlagsákvæði, svo að það sé tryggt, að sá njóti, sem átti að njóta lækkunarinnar.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum að sinni. Brtt. mínar eru á þskj. 124, þar sem ég legg til, að bætt verði við frv. allmörgum vörutegundum, og önnur er á þskj. 123, þar sem ég legg til, að þessar vörur, sem frv. fjallar um, verði settar undir verðlagsákvæði. En að öðru leyti er ég samþykkur efni frv., svo langt sem það nær.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég skila sérstöku nál. um þetta frv. og fáeinum brtt. einnig. Ég lagði þetta inn strax þegar skrifstofa þingsins var opnuð í morgun, og mér skilst, að nál. mitt og tillögur sé hvort tveggja væntanlegt frá prentsmiðjunni nú eftir litla stund. Ég mun þó byrja að ræða um málið, því að sjálfsagt er að greiða fyrir því, að það komist áfram gegnum þingið.

Ég mæli með frv. eins og meðnm. mínir í fjhn., tel hins vegar, að það sé of skammt gengið, og legg fram tillögur um nokkrar tilslakanir á tollum til viðbótar.

Frv. þetta er um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum. Og það er ástæða til að fagna því, þótt pínulítið sé. Menn hafa nefnilega átt öðru að venjast frá hæstv. núv. ríkisstj. Skömmu eftir að hún kom til valda, aðeins fáum vikum síðar, beitti hún sér fyrir ýmiss konar löggjöf um efnahagsmál, sem m. a. hafði það í för með sér, að tollar og önnur gjöld, sem leggjast á vörur, hækkuðu alveg stórkostlega. Ég hef gert dálitla athugun á því með samanburði á tölum í ríkisreikningi, hvað þessi hækkun var mikil. Ég hef athugað í fyrsta lagi, hvað tollar og slík gjöld námu mikilli upphæð samkv. ríkisreikningnum fyrir 1959. Það, sem ég hef lagt þar saman, eru vörumagnstollur, verðtollur, söluskattur, innflutningsgjald af benzíni, þó að frádregnum þeim hluta, sem fer til brúasjóðs og vegasjóðs, og gjald af innlendum tollvörum. Samkvæmt ríkisreikningnum hafði ríkissjóður á árinu 1959 520 millj. kr. í tekjur af þessum gjaldstofnum. En svo kom hæstv. núv. ríkisstj. til skjalanna í lok ársins, og þegar maður athugar, hvað mikið kom í ríkissjóðinn frá þessum gjaldstofnum árið 1960, koma út hvorki meira né minna en 967 millj. kr. Hækkunin frá árinu áður á tollunum og söluskatti og slíkum gjöldum, sem mun leggjast á vörurnar, er 447 millj. Það eru milli 80 og 90%. Ég skal taka fram, að ég dró frá söluskattinum síðara árið þann hluta hans, sem fór til jöfnunarsjóðs, til þess að hér kæmi fram aðeins það, sem fer í ríkissjóðinn sjálfan. Ég vil þó geta þess í þessu sambandi, ég tel rétt að gera það, að síðara árið, þ. e. a. s. árið 1960, voru niðurgreiðslur á vöruverði, sem ríkissjóður stóð straum af, 107 millj. kr. hærri en árið áður.

En hér er ekki öllu lokið. Hæstv. ríkisstj. mun hafa þótt þörf á að gera betur, því að nú á þessu ári, sem er að líða, lækkaði hún krónuna, eins og kunnugt er. Það er það, sem sumir kalla gengislækkun stjórnarinnar nr. 2, og sú gengislækkun hafði náttúrlega í för með sér gríðarmikla hækkun á tollum og slíkum gjöldum. Mér hefur verið sagt, að það sé gizkað á, að þessi viðbót við tollana í ár vegna gengislækkunarinnar muni nema á að gizka 90 millj. kr. Þar við bætist svo hækkun á söluskatti í smásölu, 3% skattinum, sem verður auðvitað veruleg vegna gengisbreytingarinnar í ár. Þarna kemur því eitthvað á annað hundrað milljóna enn í ofanálag á tollana.

Það er sannarlega ekki vanþörf á því að snúa við, og stjórnin sýnir hér svolitla viðleitni í þá átt, þótt lítil sé. Það er áætlað, að þessi lækkun á tollum, sem stjórnarfrv. felur í sér, muni nema um það bil 46 millj. kr., miðað við heilt ár, að óbreyttu innflutningsmagni. Það sjá allir, að þetta er ekki nema örlítið brot af öllum þeim tollahækkunum, sem dunið hafa yfir í tíð núv. stjórnar í ofanálag á það, sem fyrir var, sem stundum var nú talað um af ýmsum mönnum að væri töluvert.

Það er nokkur siður um þessar mundir að tala um vísitölu og vísitölufjölskyldu. Mér er sagt, að þessi tollalækkun, sem hér er á ferðinni, muni hafa dálítil áhrif á vísitöluna, en þó nær það ekki hálfu vísitölustigi. Það er nokkuð innan við hálft stig, sem sagt er að þetta geri til lækkunar á vísitölunni. Eins og ég sagði áðan, er gott að taka þessu, þótt lítið sé og þó að hæstv. stjórn sé hér alveg óskaplega stuttstíg. Og þó að það líti út fyrir, að það séu smyglarar, þeir sem stunda ólöglegan innflutning, sem raunverulega eigi frumkvæðið að þessu, en ekki hæstv. ríkisstj., þá er gott að taka þessu fyrir því.

Það hefur komið fram hjá stjórninni, að frv. sé fyrst og fremst flutt til þess að koma í veg fyrir smygl eða draga úr því. Að þessu er vikið í athugasemdum, sem fylgja frv. Þetta kom enn greinilegar fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh., og þetta kom einnig fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. hér áðan, þar sem hann nefndi þessa

ástæðu fyrsta af þeim, sem liggja til þess, að slíkt frv. er borið fram. Frv. virðist því ekki vera flutt vegna þess, að hæstv. stjórn telji, að tollarnir séu of háir og það þurfi að lækka þá, þ. e. a. s. ekki fyrst og fremst þess vegna, heldur vegna þess, að það sé nokkur ólöglegur innflutningur á sumum þessum vörum. Þetta minnir mann á það, að áður hefur hæstv. stjórn, sem nú situr, beitt sér fyrir og komið fram nokkurri lækkun á tekjuskatti. Það var aðallega til hagsbóta fyrir hátekjumenn, því að lækkunin hafði lítið að segja fyrir allan þorra manna, sem hafa meðaltekjur og þar fyrir neðan, það var ekki það hár tekjuskattur á þeim áður. En ég minnist þess, að þegar þetta frv. var á ferðinni, þá var það m. a. rökstutt með því, að skattsvik hefðu verið töluverð og m. a. af þeirri ástæðu væri rétt að draga mjög úr beinu sköttunum til þess að minnka skattsvikin. Frv. var m. a. flutt til að fyrirbyggja skattsvik, að því er manni skildist. Núv. ríkisstj. hefur lagt á söluskatt, sem er langtum hærri en sá, sem áður var. Söluskatturinn er innheimtur þannig, að verzlanir og ýmis önnur fyrirtæki eiga að leggja skattinn á þær vörur, sem þau selja, og þá þjónustu, sem þau veita, og síðan skila honum til ríkissjóðs. En hvernig skyldi vera með innheimtuna á skattinum? Er ekki nokkur hætta á því, að það komi ekki allt til skila á réttum stað, sem á að fara í ríkissjóðinn? Getur ekki komið að því, áður en langt líður, að hæstv. stjórn telji, að það þurfi að lækka söluskattinn, vegna þess að það séu einhver dæmi um það og kannske nokkur brögð að því, að þeir, sem innheimta hann, skili honum ekki? Mér sýnist, að það væri nokkuð í samræmi við það, sem orðið er, ef stjórnin hreyfði því máli, áður en langt líður, það hefði komið í ljós, að það væru vanskil á söluskattinum, og líklega yrði þá að grípa til þess ráðs að afnema hann, a. m. k. að einhverju leyti.

Fleiri tekjulindir hefur ríkissjóður en þær, sem ég hef nú nefnt. Lengi hefur það verið svo, að ríkið hefur verzlað með áfengi og tóbak og haft af því drjúgar tekjur, og samkvæmt lögum er öllum öðrum bannað að verzla með þær vörur. Stundum hefur orðið vart við það, að tilraunir eru gerðar til þess að smygla þessum vörum inn í landið, sérstaklega víni og vindlingum, og trúlegt, að þetta hafi oft tekizt, að flytja inn eitthvað af slíku fram hjá laganna vörðum. Er nú ekki hugsanlegt og getur ekki vel verið, að stjórnin sé farin að velta því fyrir sér, hvort ekki mætti draga úr þessum tilhneigingum manna og koma í veg fyrir smygl að töluverðu leyti með því að lækka prísana hjá einkasölunni? Jafnvel þó að ekki væri nú farið með verðið alla leið niður í ráðherraverð á þessum vörum, þá get ég vel hugsað, að það mætti takast að taka fyrir smyglið, kannske að verulegu leyti. Enginn skilji orð mín svo, að ég sé að mæla með þessu eða gefa stjórninni fyrirheit um stuðning við slíka ráðstöfun, enda er það þannig nú orðið, ef ég man rétt, að hún þarf ekki að bera það mál undir þingið. Ég held helzt, að hún hafi fengið hér samþykkt fyrir ekki löngu breytingu á lögum í þá átt, að það mætti ákveða verðið á þessum vörum með reglugerð. Nei, ég mæli ekki með þessu, en mér kemur það í hug, að það geti vel verið, að stjórnin sé farin að hugleiða þetta, að grípa til þessa ráðs.

Því miður er það svo hjá okkur, að fleiri lög eru brotin en gjaldheimtulöggjöfin. Ég ætla ekki að eyða tíma í að tala mikið um það, en við sjáum það svo að segja daglega hér í blöðum og heyrum um það í útvarpinu, að umferðarlögin svokölluðu eru brotin og oft verða af því slys og mikið tjón á ýmsan hátt. Þó nokkuð af þessum umferðarlagabrotum stafar af því, að menn kaupa allmikið af áfengi hjá einkasölunni eða þá hjá öðrum og gera sig seka um það að hreyfa ökutæki, þótt þeir séu undir áhrifum áfengis, sem auðvitað er bannað og enginn ætti að gera. En sjálfsagt mætti fækka mjög brotum á umferðarlögunum, ef þau væru gerð eitthvað frjálslyndari. Ég veit ekki, hvort okkar nýi dómsmrh. hæstv. er nokkuð farinn að íhuga það mál. Það er alveg víst, að umferðarlagabrotum mundi fækka stórlega, ef það væri í lög tekið, að menn mættu vera vel „samkvæmishæfir", sem svo er nefnt, þó að þeir aki bifreið sinni.

Ég fæ ekki betur séð en að það gægist fram í þessu máli og hafi áður komið fram sú stefna núverandi hæstv. stjórnar að koma í veg fyrir lagabrot með því að afnema lög. Ég vil ekki fullyrða, að þetta geti ekki átt rétt á sér í einstöku tilfellum. Það getur vel verið, að það séu þau lög til, — það eru nú svo mörg lög til í okkar landi, — það getur vel verið, að það sé eitthvað af lögum, sem að skaðlitlu mættu missa sig. En fljótt á litið finnst mér, að það ætti fremur að hafa aðrar aðferðir við það að vinna á móti lagabrotum heldur en að nema úr gildi lögin, sem brotin eru. Ég ætla ekki að tala meira um þetta að sinni. Ég vil bara benda á þetta og þá stefnu, sem mér finnst hér gægjast fram. Þó að ég ræði ekki um það frekar, þá er það vissulega eða væri merkilegt rannsóknarefni út af fyrir sig, eins og einn kunnur embættismaður vor mundi segja, ef hann væri hér staddur.

Ég vildi þá gera grein fyrir ýmsum brtt., sem ég flyt við frv. Mér þykir það að vísu heldur lakara, að þær eru ekki komnar hér á borðin hjá hv. þdm. Ég vona, að það verði svo að segja á hverri stundu. Ég veit, að hæstv. forseti vill þoka málinu áfram, eftir því sem hægt er, og ég skal því byrja á að minnast á þessar tillögur, þó að þær séu ekki enn komnar.

Ég flyt í fyrsta lagi brtt. um það, að tollur á vefnaði, bæði úr gerviþráðum og ull, verði lækkaður nokkru meira en er í frv. Það er um að ræða þar vörur, sem almennt eru allmikið notaðar. Það mun hafa verið flutt inn af þessum vefnaði á árinu 1960 fyrir milli 20 og 30 millj. kr. Allur almenningur notar töluvert af þessu. Í frv. er lagt til, að verðtollurinn verði 62%, en ég legg til, að hann færist niður í 50%. Till. um þetta var einnig flutt í Ed. af fulltrúa Framsfl. í fjhn. þar.

3. brtt. er við kafla nr. 51, sem er á bls. 2 í stjórnarfrv. Það er brtt. við síðasta liðinn þar,

sem er þannig orðaður: „Aðrir sokkar úr gerviþráðum“ — færast í nýtt tollskrárnúmer. Lagt er til í frv., að sá tollur verði 70%, ég legg til, að hann færist niður í 62%.

Þá legg ég til, að bætt verði inn í frv. nýjum ákvæðum. Í fyrsta lagi um það, að gerðar verði tollfrjálsar nokkrar vélar, sem nauðsynlegar eru við atvinnureksturinn, bæði landbúnað og sjávarútveginn. Það eru í fyrsta lagi hjóladráttarvélar og hlutar til þeirra. Það vita allir, að þetta eru alveg bráðnauðsynleg tæki fyrir þá, sem stunda landbúnað. Þessar vélar hækkuðu vitanlega ákaflega í verði við gengislækkunina, bæði 1960 og nú aftur í sumar, og það eru allmiklir tollar á þessum nauðsynlegu tækjum einnig. Á hjóladráttarvélum er nú vörumagnstollur og 14.4% verðtollur. Svo kemur söluskatturinn þar til viðbótar. Ég hef kynnt mér útreikning á verði á heimilisdráttarvél, sem flutt er til landsins nú á þessu ári, eftir gengisbreytinguna í sumar, 37 hestafla vél. Verðreikningurinn sýnir, að bóndinn þarf að borga fyrir þessa vél nú rúmlega 105 þús. kr. En af þessari upphæð fara hvorki meira né minna en 26850 kr. í ríkissjóð í tollum og söluskatti, þ. e. rösklega fjórði parturinn af verðinu. Þetta er vitanlega óþolandi álag á svo bráðnauðsynleg tæki. Í þessum sama lið eru einnig ýmsar smærri vélar til landbúnaðar, eins og sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar, og svo plógar og herfi. Þetta eru allt tæki, sem eru alveg nauðsynleg með dráttarvélunum. Og þá eru einnig fleiri vélar undir þessum lið, einnig til landbúnaðar, svo sem mjaltavélar, skilvindur, strokkar og þess háttar. Till. mín er um það, að dráttarvélarnar og þessar smærri vélar verði tollfrjálsar. En ég vil vekja athygli á því, að þótt sú tillaga verði samþykkt hér, þá er söluskatturinn eftir á þessum vélum, og ég tel naumast hægt að taka það mál upp í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. En þannig er það með söluskattinn, að á dráttarvélunum er hann meiri hlutinn af þessari upphæð, sem ég nefndi. Af þessum 26850 kr., sem alls þarf að borga til ríkisins af dráttarvélinni nú, er eitthvað yfir 16000 söluskattur. Hitt eru tollar.

Ég er einnig með brtt. um að létta tolli af bifvélum eða mótorum, sem eru aðallega notaðir í skip og báta, og enn fremur af tækjum til sjávarútvegsins, sem nú er talið alveg nauðsynlegt að hafa á skipunum, það eru radartæki, dýptarmælar og fisksjár. Ég legg til, að tollur af þessum tækjum verði felldur niður, en á þeim mun nú ekki vera neinn söluskattur.

Þá er loks till. frá mér um að lækka toll á ýmsum rafmagnstækjum, sem fjöldi af heimilum þarf nú að nota og notar. Sem betur fer er það nú svo, að mikill meiri hluti heimila í þessu landi hefur rafmagn til heimilisnota og hjálpar við atvinnurekstur, og þetta eru því orðnar, má segja, nokkuð almennar nauðsynjavörur, sem hér er um að ræða. Það eru t. d. eldavélar, hitunar- og suðutæki önnur, hrærivélar, kæliskápar, ryksugur og þess konar áhöld, sem fólk yfirleitt telur sig hafa mikla þörf fyrir. Það eru mjög há gjöld á þessum vörum. Á flestu þessu mun nú vera verðtollur 14.4% og svo innflutningsgjald þar að auki, sem er 68.2% eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið. Svo kemur söluskatturinn ofan á þetta, bæði innflutningssöluskatturinn, samtals með viðaukanum 16.5%, og svo 3% í smásölunni. Menn sjá af þessu, að það er geysilegur skattur í allt, sem leggst á þessi nauðsynlegu tæki. Till. mín er um það, að tollurinn verði framvegis 30% verðtollur á þessum tækjum. Ég sá hér áðan brtt. frá hv. 1. minni hl. fjhn., og mér sýnist, að hann muni vera með tillögu svipaða þessari.

Það veldur miklum örðugleikum fyrir alla þá, sem eru að stofna heimili, — það eru margar fjölskyldur ár hvert, sem gera það, — hvað allt er dýrt, sem til þess þarf. Það eru fyrst og fremst byggingarnar, sem eru ákaflega dýrar, og svo öll áhöld, heimilisáhöld alls konar, komin í gríðarhátt verð, eins og fleira, og það mundi strax verða nokkur léttir að því fyrir þetta fólk, ef þessi gríðarhái tollur á slíkum tækjum væri nokkuð lækkaður, eins og hér er lagt til. Það þarf ekki heldur að lýsa fyrir mönnum hér þeim miklu erfiðleikum, sem eru á því fyrir þá, sem atvinnurekstur stunda, bæði til lands og sjávar, að ná í nýjar vélar og önnur nauðsynleg tæki til atvinnurekstrarins. Á það við ekki síst um þá, sem eru að hefja atvinnurekstur, byrja búskap, útgerð eða annan atvinnurekstur. Þetta er vitanlega erfiðast fyrir byrjendurna, en það er líka mjög erfitt fyrir marga aðra, sem þurfa að endurnýja þessi tæki. Erfiðleikarnir liggja í því, að allt er þetta orðið geysilega dýrt. Ég tel því, að það væri full þörf á því að létta tollum af þessum nauðsynlegu tækjum að meira eða minna leyti. Og um það eru mínar brtt., eins og ég þegar hef gert grein fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, a. m. k. ekki að sinni, en vil leyfa mér að öðru leyti að vísa til þess nál., sem átti að vera komið hingað fyrir skömmu, eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk, en hefur ekki verið útbýtt enn þá. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að ekki yrði atkvgr. um málið, fyrr en brtt. mínar eru komnar. Nú sé ég, að það er byrjað að útbýta þeim í deildinni, og ég vildi óska eftir því, að atkvgr. fari ekki fram, fyrr en hv. þdm. hafa allir þessar tillögur í höndum og geta kynnt sér þær.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta mál, en ég vildi leyfa mér að gera örstuttar athugasemdir.

Frsm. meiri hl. fjhn. taldi vera þrjár aðalástæður til þess, að þessir vöruflokkar væru frekar teknir en aðrir. Ég hygg, að tvær ástæðurnar eigi við flestar vörur í landinu, þ. e. að verðið er hátt á þeim og þörf væri að lækka tollana. En þriðja atriðið er, að það sé meira smyglað af þessum vörutegundum en öðrum, vegna þess að tollar á þeim séu hærri, en ekki af því, að þær séu meiri nauðsynjavörur fyrir almenning. Það má vera, að þetta sé rétt. En hitt er ég sannfærður um, að þó að tollarnir verði lækkaðir á þessum vörum, eins og ráð er

fyrir gert í þessu frv., þá verður ekki komið í veg fyrir smyglið eingöngu með því. Við vitum það, að smyglið er mjög vel skipulagt hér á landi. Það er mörgum vörutegundum smyglað og sjálfsagt miklu fleiri en þessum. Við verðum því að leita að ástæðunum fyrir því, að svona mikið er um smygl. Ég hygg, að það sé aðallega tvennt, það sé, að þeir, sem fara á milli landa, hafi of mikil ráð á erlendum gjaldeyri, og í öðru lagi, að eftirlitið sé ekki nógu strangt. Við vitum, að sjómenn og áhafnir flugvéla og aðrir slíkir fá nokkurn hluta af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri. Þeir þurfa eitthvað að gera við þennan gjaldeyri, og þá kaupa þeir eðlilega vörur fyrir hann, og ég hygg, að eftirlitið sé í mörgum tilfellum lítið sem ekkert, þannig að þetta sé hægðarleikur. Í sumum tilfellum er þeim beinlínis leyft að hafa með sér vissan skammt af vörum, eins og t. d. vín, — ég veit ekki nákvæmlega, hvað það er mikið, svona eina eða tvær flöskur, eitthvað svoleiðis, en það dregur sig saman, og þegar verið er að leyfa mönnum, sem ferðast milli landa, að hafa einhvern ákveðinn skammt með sér, þá er ákaflega þægilegt að láta fljóta eitthvað meira með. Það má vera, að smygl minnki með þessar vörutegundir við þessar lagabreytingar, en smyglararnir fara þá bara yfir í aðrar vörutegundir, þannig að þetta eitt verður ekki nóg til að koma í veg fyrir smygl. Ég hygg, að allir menn óski eftir því, að það verði dregið úr smyglinu, því að það er viss tegund af spillingu og ranglæti, sem því fylgir, en það verður ekki gert með þessu einu saman.

Viðvíkjandi því, hvort meiri þörf er á að lækka tolla af þessum vörum eða öðrum, þá hygg ég, að menn séu sammála um, að ekki sé mest þörf að lækka tolla á þessum vörum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að neinar brtt. verði samþ. hér við þetta frv. og þess vegna þurfi ekki að fjölyrða mikið um það. En ef ætti að taka þær vörur, sem mest þörf væri á að lækka tolla á, þá mundu það vera heimilistæki og tæki til atvinnurekstrar, bæði vegna skipa og landbúnaðar. Þeir, sem eru að hefja búskap, þurfa að kaupa vélar, og þeir, sem eru að mynda heimili í kaupstöðunum, þurfa að kaupa heimilistæki, og raunar hvar sem er. Það er mest ástæða til þess að lækka verðlag á þessum vörum, ef litið er á þá hlið málsins.

Það er staðreynd, að þessar vörur eru lækkaðar í verði vegna smyglsins, og þá er það líka staðreynd, að það eru afbrotamennirnir, sem eru farnir að hafa áhrif á löggjöfina. Vitanlega er fólkið fegið, að verð lækkar á vörum, en það stendur fyrst og fremst í þakklætisskuld við smyglara, og ef smyglararnir halda nú þessari starfsemi áfram og fá að þrífast, þá verða þeir vinsælir hjá þjóðinni, ef þeim tækist að lækka verðlag á fleiri vörutegundum. Það er dálítið hæpin leið að fara að láta þá menn, sem brjóta lögin, ráða allt of miklu í þjóðfélaginu.

Ég er engan veginn að mæla á móti þessu frv., að það geti ekki verið gott, það sem það nær. En það nær bara skammt, og við getum ekki hugsað okkur það í framtíðinni, að þeir menn eigi að ráða tollalöggjöfinni, sem brjóta hana. Það er óeðlilegt og ósanngjarnt. Þess vegna held ég, að það þurfi að gera gangskör að því að koma í veg fyrir smyglið, það verði að fara aðrar leiðir og róttækari en þessar. Það eru ótrúlegar leiðir, sem smyglararnir hafa, og þekkja kannske engir þær allar nema þeir sjálfir. Þess vegna held ég, að tollstjóri og fjmrh. ættu að reyna að fá einhvern snjallan smyglara í þjónustu sína, því að hann yrði allra manna lagnastur að koma upp um smyglara, ef hann á annað borð væri eftirlitinu trúr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 124 felld með 20:12 atkv.
— 126,1—3 felld með 21:15 atkv.
— 126,4—6 felld með 24:15 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 123 felld með 22:6 atkv.
4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, MÁM, SvE, PS, SÁ, SkG, ÞÞ, AGb, PP, HH, BK, BBen, HB, BP, PK, JPálm, EOl, EmJ, EystJ, GeirG, GíslG, ÞK, GuðlG, GÍG, GunnG, GJóh, GÞG, HÁ, IRH, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, JR, RH.
4 þm. (SI, ÁÞ, HS, KGuðj) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 131).

---

2. Skemmtanaskattsviðauki 1962.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962 [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Um langt árabil hefur skemmtanaskattur verið innheimtur með nokkrum viðauka. Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum hefur verið innheimtur með 200% álagi og skattur af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Frá því Alþingi fyrst samþykkti þetta álag á skemmtanaskattinn, hefur það ávallt framlengt lagaákvæði um þessa skattheimtu til eins árs í senn. Þó að um það megi eflaust deila, hvort lagasetning um skattheimtu skuli aðeins látin gilda til eins árs í senn, hefur Alþ. aldrei ákveðið að hverfa frá þessu, og þess vegna er nú frv. um framlengingu þessa skatts, sem gilt hefur

um langt árabil undanfarið, nú enn flutt. Í því eru engar efnisbreytingar, þar er aðeins um að ræða framlengingu á skatti, sem verið hefur lengi í gildi.

Ég vil leyfa mér að óska þess, herra forseti, að þessu frv. verði vísað að lokinni umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var eitt atriði, sem mig langaði til að minnast á í sambandi við þetta frv. og var enda nokkuð vikið að í sambandi við umr. um skemmtanaskatt á síðasta þingi.

Hv. þm. er kunnugt um það, að skemmtanaskatturinn er fjáröflun, sem varið er til þess að halda uppi ýmiss konar mikilvægri starfsemi í landinu, m. a. styrkja byggingu félagsheimila o. fl., og það hefur því mikla þýðingu, hvernig til tekst með þennan tekjustofn. Nú hefur reyndin orðið sú, og það mun vera enn svo og ég hygg í vaxandi mæli, að það hefur verið leyft, enda þótt ég efist mjög um raunar, að það sé löglegt, að samkomuhús fengju að hafa opið lengur en til hálftólf á kvöldin, sem þó er gert ráð fyrir í áfengislögum, og þetta hefur valdið því, að það er hætt að selja aðgang að veitingahúsunum, svo sem áður var, og afleiðingarnar af því þær, að af þessum samkomum er hætt að greiða skemmtanaskatt. Nú er því ekki að leyna, að þessi breytta tilhögun veitingahúsanna hefur, að ég hygg, ekki aðeins slæm áhrif í þessa átt, að rýra skemmtanaskattinn, heldur beinlínis á fleiri sviðum. Út í það efni skal ég ekki fara hér, því að það er ekki til umr., heldur aðeins skemmtanaskatturinn sjálfur. Nú er það svo, hygg ég, að mikill meiri hluti skemmtanaskattsins hefur innheimzt hér í Reykjavík, og ég er mjög hræddur um, að ef svo verður áfram, að þessi háttur verði á hafður hér og það í ríkara mæli en verið hefur, að hætt verði að krefja um aðgangseyri að dansleikjum á veitingastöðum, þá muni innan tíðar þessi skattstofn verða lítils virði. Mér þykir mjög líklegt, að hæstv. menntmrh. hafi látið kanna þetta mál, og þætti hins vegar mjög fróðlegt að vita, hvort af því hefur enn orðið nokkur niðurstaða eða hvort honum sýnist ekki, að hér stefni beinlínis til nokkurs óefnis í sambandi við þennan mikilvæga tekjustofn, sem hér er um að ræða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er hv. þm. alveg sammála um, að sú breyting á skemmtanahaldi í veitingahúsum hér í höfuðstaðnum, sem orðið hefur á undanförnum árum, gefur tilefni til þess að endurskoða framkvæmd á innheimtu skemmtanaskatts. Og ég er alveg sammála efni ræðu hans hvað þetta snertir. Einmitt vegna þess, að ég er þessarar skoðunar, fól ég fyrir alllöngu, það var snemma á s. l. vori, embættismönnum í menntmrn. að eiga viðræður við samtök gistihúsaeigenda um þetta efni. Það, sem þeir í umboði mínu sögðu vera fyrirætlun menntmrn., sem fer með innheimtu skemmtanaskattsins, var, að það væri skoðun rn., að þau veitingahús, sem annaðhvort hefðu á boðstólum sérstök skemmtiatriði á þeim tíma, sem veitingahúsin eru venjulega opin, þ. e. a. s. frá kl. 9—11.30, eða létu dansa lengur en til kl. 11.30 að kvöldi, væru skemmtanaskattsskyld, jafnvel þó að þau seldu ekki sérstaklega aðgang að veitingasölum sínum. Þessum skilningi hefur verið mjög eindregið andmælt af hálfu samtaka veitingahúsaeigenda og jafnvel dregið í efa af þeirra hálfu, að gildandi lög um innheimtu skemmtanaskatts veiti ríkisvaldinu heimild til þess að innheimta skemmtanaskatt af veitingahúsunum, þegar um þess konar skemmtanahald er að ræða, sem ég lýsti, þ. e. annaðhvort sérstakar sýningar á venjulegum opnunartíma eða þá dans eftir kl. 11.30.

Vegna þess að í ljós hefur komið við lögfræðilega athugun á málinu, að réttur ríkisvaldsins til innheimtu slíks skemmtanaskatts að lögum óbreyttum kann að orka tvímælis, hef ég ekki viljað gera ráðstafanir til þess enn, að skemmtanaskattur verði innheimtur af þeim veitingahúsum, sem hér eiga hlut að máli. Og það er enn í athugun, hvort hægt er með einfaldri stjórnarvaldsákvörðun að kveða á um skemmtanaskattsskyldu þessara aðila eða hvort nauðsynlegt er að breyta lögunum til þess að gera innheimtu slíks skemmtanaskatts mögulega. Þetta mál er í athugun í stjórnarráðinu, og ég vona, að þeirri athugun geti orðið lokið innan skamms. En ég vil láta það koma skýrt fram, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, að skemmtanaskatt eigi að greiða af þess konar samkomuhaldi, sem ég hef nefnt, jafnvel þótt ekki sé um sölu aðgangseyris að samkomunum að ræða, og er ég að þessu leyti algerlega sammála þeim ummælum hv. þm., sem fram komu í ræðu hans um þetta efni.

Ef sú lögfræðilega athugun, sem nú stendur yfir á málinu, leiðir til þess, að gildandi lög veiti menntmrn. og tollstjóra heimild til þess að heimta skemmtanaskatt af þeim veitingastöðum, sem hafa sýningaratriði á boðstólum á venjulegum opnunartíma eða láta dansa eftir kl. 11.30, mun menntmrn. ákveða, að þessi hús skuli greiða slíkan skemmtanaskatt. Ef lögfræðileg athugun leiðir til þess, að lagaheimild skorti til slíkrar ákvörðunar, mun ég beita mér fyrir því, að lagt verði fyrir Alþ. frv. til breyt. á skemmtanaskattslögunum, sem heimili slíka skattheimtu.

Í þessu sambandi vil ég líka láta það koma fram, að til athugunar eru og tvenns konar aðrar breytingar á skemmtanaskattslögunum. Annars vegar er það til athugunar að láta greiðsluskyldu ná til fleiri aðila en nú. Svo sem kunnugt er, er skemmtanaskattur nú ekki innheimtur á stöðum, sem hafa færri en 1500 íbúa. Þetta hefur valdið því, að skemmtanahald hefur flutzt úr bæjum, sem hafa fleiri en 1500 íbúa, í nálægar sveitir, þar sem þarf ekki að greiða skemmtanaskatt. Skemmtanahaldið hefur flutzt aðeins út fyrir kaupstaðar- eða bæjarmörkin á þeim stöðum, þar sem skemmtanaskatt er skylt að greiða, þótt skemmtanirnar séu aðallega sóttar af fólki, sem býr á stöðum, þar sem búa fleiri en 1500 manns, og því er um skemmtanaskattsskyldu að ræða. Ekki hefur enn

verið tekin ákvörðun um, hvort ríkisstj. leggur til breytingar á skemmtanaskattslögunum í samræmi við þetta, en það er til athugunar.

Þriðja breytingin, sem til athugunar er, er sú að undanþiggja leiksýningar Leikfélags Reykjavíkur greiðslu skemmtanaskatts til jafns við leiksýningar Þjóðleikhússins hér í Reykjavík. Ákvörðun um, hvort þetta verður gert, hefur ekki heldur verið tekin enn. En þetta vildi ég láta koma fram, fyrst skemmtanaskattinn almennt bar á góma hér við þessa umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 48).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og álit n. á þskj. 48 ber með sér, hefur hún orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt. Eins og nál. ber með sér, var einn hv. nm., hv. 5. þm. Reykn., Finnbogi R. Valdimarsson, fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, þannig að hann er óbundinn af þessu nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12 fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Þetta mál er komið frá hv. Ed. og var þar samþykkt samhljóða. Í því felast engin nýmæli. Efni þess er, að á næsta ári skuli innheimta skemmtanaskatt með sama viðauka og hann hefur verið innheimtur með um langt skeið undanfarið. Sú venja hefur skapazt hér á hinu háa Alþ. að framlengja ákvæði um viðauka við skemmtanaskatt til eins árs í senn aðeins, og hefur svo jafnan verið, frá því er viðaukinn var fyrst lögleiddur. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort æskilegt sé að framlengja viðauka við skatta eða skatta yfirleitt til aðeins eins árs í senn, en þó hefur hinu háa Alþingi aldrei sýnzt rétt að breyta frá þessari venju, og hefur því ríkisstj. ekki talið ástæðu til að gera tillögur um, að frá henni verði breytt nú.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til 2. umr. og hv. menntmn.

Matthías Á. Mathiesen: Hæstv. forseti. Við 1. umr. þessa máls í Ed. bar á góma breytingar á lögum um innheimtu skemmtanaskatts almennt, og minntist hæstv. menntmrh. þar á breytingu, sem, eins og hann gat um, ekki væri ákveðin enn, en hefði komið til greina, þ. e. a. s. að undanþiggja Leikfélag Reykjavíkur frá greiðslu skemmtanaskatts jafnt við leiksýningar Þjóðleikhússins í Reykjavík. Ég vildi aðeins láta koma fram athugasemdir í sambandi við þetta, að það fordæmi, sem hér mundi verða skapað, gæti e. t. v. leitt til þess, að leikfélög, sem stunduðu leiksýningar hér í næsta nágrenni við Reykjavík, mundu fara fram á slíkt hið sama, og reyndar sá ég það í blaðaviðtali við hæstv. ráðh. í gær, að hann hafði orðið var við ýmsar hreyfingar í þá átt. Ég vildi ekki láta hjá líða við 1. umr. þessa máls að vekja athygli á þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 12, n. 87).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur athugað frv. það, sem liggur fyrir á þskj. 12, og eins og nál. á þskj. 87 ber með sér, mælir n. með því, að frv. verði samþykkt og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 136).

---

3. Almannatryggingar (stjfrv. um hækkun bóta).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatryggninganna [42. mál] (stjfrv., A. 47).

Á 8. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið nokkurn veginn ófrávíkjanleg regla

á undanförnum árum, að bótagreiðslur almannatrygginganna hafa verið látnar fylgja launahækkunum, sem orðið hafa, þegar um einhverjar launahækkanir að ráði hefur verið að ræða. Nú hefur það einnig orðið nokkurn veginn föst venja, að þessar breytingar hafa verið látnar fylgja þeim breytingum, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna.

Á s. l. sumri voru laun opinberra starfsmanna hækkuð til samræmis við þær breytingar, sem höfðu orðið hjá öðrum, um 13.8%, og var hækkunin látin gilda frá 1. júlí 1961. Þetta frv., sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir því, að allar bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar skuli, eftir því sem við getur átt, hækka um 13.8% frá 1. júlí 1961 og að næsta 1. júní, 1962, verði bæturnar enn hækkaðar um 4%, til samræmis einnig við það, sem ákveðið hafði verið fyrir opinbera starfsmenn ríkisins.

Í 2. gr. frv. er svo heimild fyrir Tryggingastofnunina að greiða þessa hækkun bóta á árinu 1961 í einu lagi fyrir árslokin og sömu hlutfallshækkun fyrir fyrstu fimm mánuði af árinu 1962 einnig í einu lagi fyrir júnílok það ár.

Í 3. gr. er svo heimild fyrir Tryggingastofnunina til að taka lán, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast, til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem af þessum hækkunum leiðir.

Þessi hækkun, sem talin er að verða muni á árinu 1961 af þessum sökum, er áætluð 28.2 millj. kr., þar af 10.4 millj. vegna fjölskyldubótanna einna, sem ríkissjóður greiðir einn, en hinar 18 millj. tæpar skiptast svo, eins og aðrar bótagreiðslur Tryggingastofnunarinnar, þannig, að hinir tryggðu bera nokkurn hluta kostnaðarins, ríkið nokkuð og ýmsir aðrir aðilar enn annan hluta af kostnaðinum.

Í lögum um almannatryggingar er heimilað að taka tillit til halla eða afgangs, sem verða kann á rekstri stofnunarinnar, og leiðrétta það, sem á vantar eða afgangs hefur orðið, á næsta ári. Í sambandi við þessi auknu útgjöld á árinu 1961, sem gert er ráð fyrir að verði mætt með lántöku í bili, þá er vitaskuld gert ráð fyrir því, að þessum kostnaði verði jafnað niður á aðilana á árinu 1962, eins og öðrum útgjöldum almannatrygginganna.

Ég tel mig svo ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð. Málið liggur ákaflega einfaldlega og ljóst fyrir. En ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða, nú þegar við þessa 1. umr., að láta í ljós undrun mína á þessu frv., sem hér liggur fyrir. Raunar kom mér það ekki með öllu á óvart, því að þetta frv. sýnir rausnarskapinn í garð bótaþega almannatrygginga á sama hátt og rausnarskapur sömu hæstv. ríkisstj. hefur verið gagnvart öðrum þeim, sem upp á náð hennar eru komnir, eins og t. d. fastlaunamenn. Ég vil minna á, að þegar bótafé til gamalmenna, sjúklinga og öryrkja var hækkað á öndverðu ári 1960, var í rauninni verið að bæta fyrir gamlar syndir. Annað var ekki gert þá. Þetta fólk hafði, eins og öllum er kunnugt, lengi verið beitt óvenjumiklu ranglæti, enda voru kjör þess orðin á árinu 1959 og fram á árið 1960 langt fyrir neðan það, sem getur kallazt mannsæmandi.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en aðeins rifja upp eitt dæmi, sem sýnir þetta glögglega. Í árslok 1959 nam ellilífeyrir hér á landi aðeins 17% af launum verkamanna, en á sama tíma nam þessi ellilífeyrir í Svíþjóð og Danmörku 30—35% af verkamannalaunum. Eftir leiðréttinguna, sem gerð var í marz 1960 hér, hækkaði þetta hlutfall Íslands úr 17% upp í tæp 24%. Það fór þannig að nálgast það, sem á Norðurlöndum annars staðar tíðkast. Meiri var þessi hækkun ekki í ársbyrjun 1960. Hún nálgaðist að vera það sómasamlega og var ekkert fram yfir það. Síðan hafa að sjálfsögðu allar fjárhæðir bóta almannatrygginganna staðið algerlega í stað í landinu. En það er annað, sem hefur ekki staðið í stað í þessu landi, og er verðlagið þar á meðal. Dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum, svo að segja dag frá degi, alla þessa 18 mánuði, sem síðan eru liðnir. Matvæli, fatnaður og þjónusta hafa að meðaltali hækkað um 25—30% síðan í marz 1960, og enn eru þessir liðir, þessir mikilsverðu liðir vísitölu framfærslukostnaðarins, óðum að hækka. Opinbera vísitalan hefur hækkað á sama tíma úr 101 stigi upp í, að ég hygg, 114 stig í október, en við þau 114 stig má ýkjulaust bæta 10 stigum, sem vísitalan hefur verið lækkuð um á þessu tímabili vegna aðgerða, sem gamalmennum og flestum öryrkjum koma lítt eða ekki til góða. Þar á ég við lækkun beinna skatta og fjölskyldubætur.

Það þarf ekki að fjölyrða um þetta. Það ber allt að sama brunni. Þær hækkanir, sem bótaþegar fengu snemma á síðasta ári og voru ekki óverulegar, hafa frá fyrsta degi verið að renna út í sandinn. Þannig hefur þessi leiðrétting, sem þá var gerð á gömlu og stóru ranglæti, þegar verið gerð að engu. Þetta þykir mér rétt að benda á nú þegar við þessa 1. umr.

Nú vill hæstv. ríkisstj. hækka þessar bætur almannatrygginganna um 13.8%. Ég vil benda á, að sú hækkun gerir ekki einu sinni að vega upp á móti þeirri dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur síðan 1. júlí í sumar, hvað þá því í dýrtíðinni, sem áður var komið og eftir á að koma nú á næstu mánuðum. Samkvæmt því, sem ég sagði áðan og ég tel réttast, hefði þessi hækkun nú átt að nema ekki minna en 25—30%, ef stuðzt er við opinberar skýrslur um verðhækkanir, en í stað þess skal nú bótaþegunum af hæstv. ríkisstj. skammtað 13.8%.

Ég veit það vel, að talsmenn hæstv. ríkisstj. munu afsaka sig með því, að hækkun bótafjárins í apríl 1960 hafi átt að mæta komandi dýrtíð. En þetta er ekki rétt, eins og ég tók fram. Hækkunin var fyrst og fremst leiðrétting á ástandi, sem bótaþegum var orðið óþolandi. En nú er aftur komið í sama farið og var 1959 eða allt til apríl 1960 um ástand bótaþeganna í efnahagslegu tilliti. Nú er aftur komið í sama farið, og 13.8% hækkun breytir þar litlu um á þessum tímum dýrtíðar og óðaverðbólgu. Það, sem gera hefði átt strax, þegar hækkun bótanna

var samþykkt í marz 1960, var að vísitölutryggja allar greiðslur til bótaþega almannatrygginganna. Þetta var réttlætismál, sem allir hefðu átt að viðurkenna og hjálpast að við að tryggja. En stjórnarflokkarnir voru ófáanlegir til þess, og komu þó fram tillögur um það hér á þingi, en voru felldar. Ég veit, að nú mun slík tillaga koma fram hér í þessari hv. d., og ég vænti þess, að hún hljóti betri undirtektir en sams konar tillögur fengu hér á þinginu í marz 1960.

Að lokum vil ég láta í ljós þá von mína, að hv. félmn. athugi þetta mál gaumgæfilega, fyrst og fremst að þessi 13.8% eru allsendis ófullnægjandi uppbætur handa bótaþegum almannatrygginganna, og í öðru lagi, að hún athugi það af gaumgæfni, hvort ekki geti talizt fært að verðtryggja allar bætur almannatrygginganna héðan í frá. Hér er um að ræða lífeyri, sem er svo lágur, að alger óhæfa ætti að teljast, ef lækkaður yrði að verðgildi um eina krónu, hvað þá meira.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get verið út af fyrir sig sammála hv. 9. þm. Reykv. um það, að æskilegt væri, að bætur almannatrygginganna gætu verið hærri og meiri en þær nú eru. Þó ber þess að geta, að þær breytingar, sem gerðar voru í fyrra, á árinu 1960, voru meiri en nokkurn tíma hefur átt sér stað áður í sögu almannatrygginganna hér á landi. Það var þá tekið mjög stórt stökk til hækkunar, — stökk, sem kostaði ríkissjóðinn og Tryggingastofnunina hundruð milljóna króna, og stökk, sem kom bótagreiðslum almannatrygginga á Íslandi í einu vetfangi, að heita mátti, að krónutölu næstum því á sama stig og þar, sem bezt gerist á Norðurlöndum. Nú er það ekki alveg einhlítt að bera saman krónutöluna á Norðurlöndum og krónutöluna hjá okkur, því að kostnaðurinn við að lifa getur verið misjafn í þessum löndum, og ég ætla, að ef réttlátur samanburður væri á því gerður, hvað framfærslukostnaðurinn hjá okkur er og framfærslukostnaðurinn þar, þá mundi sá samanburður ekki verða óhagstæður fyrir Ísland, eins og nú er, þannig að hlutfallið á milli okkar og þeirra, bótaþeganna hér á Íslandi og þar, mundi batna hinum íslenzku í hag.

Það er að vísu alveg rétt, að dýrtíðin hefur aukizt og það hefur orðið nokkur hækkun á framfærslukostnaðinum á því tímabili, sem liðið er, síðan þessi lög voru sett og til dagsins í dag. En það var við setningu laganna í upphafi gert ráð fyrir því, að nokkur hækkun mundi verða, og bótahækkunin við það miðuð, að bótaþegarnir gætu tekið á sig nokkuð af þessari hækkun. Hins vegar skal ég vera fyrstur manna til þess að viðurkenna það, að æskilegt væri að geta haft bæturnar hærri og afkomu þess fólks sem bótanna nýtur, betri. En þá verður um leið að gera sér grein fyrir því, að til þess að geta greitt þessar bætur verður að afla ríkissjóði tekna á móti, til þess að kerfið geti staðizt, og hefur verið farið, að ég ætla, eins langt með bótagreiðslur á þessu stigi og talið hefur verið mögulegt og viðráðanlegt fjárhagslega fyrir ríkissjóðinn. Þó er þess að geta, að með þessari hækkun nú, 13.8%, er fengin hækkun á bótunum, sem nokkurn veginn samsvarar þeirri hækkun, sem orðið hefur á framfærslukostnaðinum á þessu tímabili.

Hv. þm. sagði, að stjórnarflokkarnir hefðu verið ófáanlegir til leiðréttingar á s. l. ári eða að ganga lengra en gert var. En ég vil nú stjórnarflokkunum til afsökunar a. m. k. segja það, að þeir voru á þessu ári búnir að gera meira en nokkurn tíma hafði áður verið gert til leiðréttingar í þessu máli, og a. m. k. kemst ég þá ekki hjá því að geta þess, að Alþýðubandalagið harkaði það af sér að hafa mann í félagsmálaráðherrastóli í þrjú ár, án þess að gera þessa leiðréttingu. Það er hægara um að tala en í að komast, þegar þessu þarf að breyta.

Það er rétt að geta þess í sambandi við þá tillögu, sem hv. þm. nefndi, sem ég hef nú séð og er búið að útbýta, að endurskoðun almannatrygginganna stendur yfir, og ég vildi vænta þess, að hann gæti þá komið á framfæri við þá nefnd, sem að því vinnur, sínum áhugamálum, þannig að athuga mætti, hvort ekki gætu þá tekizt einhverjar þær leiðréttingar, sem til bóta kynnu að horfa.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vildi drepa á. Ég held, að hann hafi misskilið mig lítið eitt í sambandi við mín ummæli. Ég vanþakkaði ekki stjórnarflokkunum þá hækkun, sem gerð var á bótum almannatrygginga í marz 1960, síður en svo. Ég viðurkenndi það þá og viðurkenni það enn, að það var myndarlegt spor, en ég viðurkenndi ekki, að þetta ætti að vera gert til þess að mæta komandi dýrtíð, heldur til þess að leiðrétta gamalt ranglæti. Þarna skildi á milli. En það, sem ég sagði áðan um stjórnarflokkana, var það, að í marz 1960 hefðu komið fram tillögur hér í þinginu um verðtryggingu, vísitölutryggingu bótanna. Því hefðu stjórnarflokkarnir snúizt öndverðir gegn og fellt þær tillögur. Þetta var það eina, sem ég nefndi í sambandi við stjórnarflokkana, og ég veit, að hæstv. ráðh. ber ekki á móti þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 91).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um hækkun á bótum almannatrygginganna. Eins og fram kemur í nál., hafa fjórir nefndarmenn, sem á fundi voru í heilbr.- og félmn., samþykkt að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv., vísa þar til athugasemda við frv. og þess, er fram kom við 1. umr. málsins. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í frv. er gert ráð fyrir, að það komi til framkvæmda, ef að lögum verður, nú fyrir næstkomandi áramót, og væri því að sjálfsögðu æskilegt, að ekki yrði langur dráttur á fullnaðarafgreiðslu málsins.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, var ég ekki mættur á nefndarfundi, þegar mál þetta var afgreitt, og vegna þess vil ég lýsa því yfir, að ég er samþykkur ályktun n. og tek þátt í fyrir mitt leyti að mæla með samþykkt frv. Það er eins og segir í athugasemdum, að venja hefur verið, þegar laun hafa hækkað í landinu, að hækka líka framlög trygginga að því er ellilaun og örorkubætur snertir. Og nú er ekki aðeins um það að ræða, að laun hafi verið hækkuð, heldur hefur gengið líka verið lækkað, svo að það væri skrýtinn maður, sem væri því mótfallinn, að þetta frv. yrði samþ., hefði ekki þá tillitssemi til hins aldraða og vanheila fólks. Ég segi: Minna má alls ekki vera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþykkt samhljóða. Efni þess er að heimila, að bætur almannatrygginganna verði hækkaðar frá 1. júlí 1961 eins og laun opinberra starfsmanna, en það hefur verið regla nú um langan undanfarinn tíma, að bætur almannatrygginganna og laun opinberra starfsmanna hafa fylgzt að. Í þetta frv. er ekkert tekið annað en þetta eina atriði. Það eru ýmsir, sem hafa hug á að breyta almannatryggingalögunum á ýmsan veg, og kom það fram nokkuð við umr. þessa máls í hv. Ed. En nefnd er nú starfandi, sem vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna í heild og er, að ég ætla, alllangt komin með sín störf, og ég tel fara miklu betur á því, að allar breytingar á lögunum um almannatryggingar verði látnar bíða, þangað til sú nefnd hefur skilað áliti, en þetta eina atriði, sem er aðkallandi og nauðsynlegt að fá afgreitt nú þegar, verði afgreitt út af fyrir sig.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn., og ég vildi um leið leyfa mér að láta í ljós þá ósk, að sú hv. nefnd reyndi að flýta afgreiðslu þessa máls, því að eftir henni er beðið af þeim, sem eiga að inna þessar bótagreiðslur af hendi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 140).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um hækkun á bótum almannatrygginga. Eins og fram kemur í nál., hefur heilbr.- og félmn. tekið mál þetta til afgreiðslu og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nm. voru fjarstaddir við þessa afgreiðslu nefndarinnar, þeir hv. 4. þm. Reykn. og hv. 4. landsk. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 149).

---

4. Skráning skipa og aukatekjur ríkissjóðs.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1948, um skráningu skipa, og l. nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um breyt. á lögum um skráningu skipa og lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Nú er sú skipan á höfð, að gjöld þau, sem tekin eru fyrir skoðun skipa og fyrir mælingu skipa, eru ákveðin í reglugerð, en önnur gjöld fyrir þá þjónustu, er greinir í 1. gr. þessa frv., eru ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Eftir athugun og endurskoðun á þessum þjónustugjöldum hefur þótt réttara að hafa sama hátt hér á, þannig að þessi gjöld yrðu einnig ákveðin með reglugerð, og er það efni þessa frv.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum og ekki líklegt til þess að vekja miklar umræður. Ég vil þó strax láta það koma fram við 1. umr. þessa máls, að ég álít, að í þessu frv. felist skökk stefna að því leyti, að með því er verið að taka út úr lögum ákvörðun gjalda og fela ráðherrum að ákveða þau gjöld. Það eru að vísu mýmörg dæmi fyrir þessu, að gjöld séu ákveðin með reglugerðum, en ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki rétt aðferð, hitt sé meir í samræmi við okkar stjórnarhætti yfirleitt, að það sé Alþingi, sem kveði á um hæð gjaldanna.

Ég geri ráð fyrir því, að hin raunverulega ástæða til þess, að þetta frv. er flutt, sé sú, að það sé talin þörf á því að hækka þessi gjöld, og ég skal ekki á neinn hátt vera því andvígur. En mér sýnist, að það hefði verið einfalt að gera það með lagabreytingum, og því fremur hefði ég talið, að það væri rétt að fara þá leið, þar sem ég álít, að í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 40 1954, séu mörg ákvæði, sem þurfa endurskoðunar við. Ég er þeirrar skoðunar, að mörg þau gjöld, sem þar greinir, séu óeðlilega þungbær, miðað við þá skattstofna, sem þar er um að ræða. Það væri full þörf á því að taka þau lög til heildarathugunar, þó að þau séu að vísu ekki gömul.

En það var bara um þetta stefnumið frv., sem ég vildi láta koma fram strax við þessa umr. Ég álít, að það sé skökk stefna að hverfa að því að taka út úr lögum ákvarðanir gjalda og fela framkvæmdarvaldshöfum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þær aths., sem hv. þm. kom fram með, eru að sjálfsögðu réttar að því er snertir skatta, tolla og slík gjöld til ríkissjóðs, þá sé eðlilegast og í mestu samræmi við okkar stjórnarskrá og stjórnskipun, að slíkt sé ákveðið í lögum. Varðandi þau gjöld, sem hér er um að ræða, gegnir hins vegar nokkuð öðru máli, þar sem hér er um að ræða gjöld eða greiðslu fyrir tiltekna þjónustu, eins og útgáfu mælibréfa, afrit af ýmsum skjölum o. s. frv., svo að að því leyti virðast mér athugasemdir hans, sem að sjálfsögðu eiga rétt á sér um skatta til ríkissjóðs, eiga ekki alls kostar við um þessi gjöld.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 60).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. við 1. umr., er meginbreytingin frá gildandi lögum sú, að gjöld þau, sem nánar eru til tekin í 1. gr. frv., skuli eftirleiðis ákveðin með reglugerð, en ekki sérstökum lögum, og er lögunum frá 1948 um skráningu skipa og lögunum frá 1954 um aukatekjur ríkissjóðs breytt til samræmis við þetta. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. á þskj. 60 ber með sér, er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Að gefnu tilefni vegna athugasemda, sem fram komu við 1. umr. frv. frá hv. 3. þm. Norðurl. v., vil ég taka það fram, að ég býst við, að fjhn. öll sé sammála því sjónarmiði, að þegar um er að ræða skatta til ríkisins, þá væri það auðvitað ekki spor í rétta átt, að slík gjöld skuli ákveðin með reglugerð, en ekki með lögum. Hins vegar ber þess að gæta, og það er ástæðan til þess, að n. mælir með þessu frv., að hér er ekki um að ræða eiginlega skatta, heldur gjöld fyrir ákveðna þjónustu, sem það opinbera veitir. En bæði með tilliti til þess, að hér er um mjög lítilfjörlegan tekjustofn að ræða, svo og þess, að Alþ. mundi hafa litla aðstöðu til þess að meta það, hve há gjöld skuli greiða fyrir þá þjónustu, sem hér um ræðir, leit n. þannig á, að eðlilegt væri að taka upp þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins út af aths. þeirri, sem hv. frsm. minntist á. Það er að sjálfsögðu rétt hjá honum, að það er nokkur eðlismunur á þeim tekjur ríkissjóðs, sem beint eru skattar eða tollar í ríkissjóð, og þeim, sem telja má endurgjald fyrir þjónustu innta af hendi af ríkisins hálfu. En að gefnu þessu tilefni vildi ég aðeins benda á það, að yfirleitt öll þau gjöld, sem greinir í lögum um aukatekjur ríkisins, eru gjöld fyrir þjónustu, og það er væntanlega ekki stefna hvorki hæstv. fjmrh. né fjhn. að fara að breyta þeim lögum á þá lund að ákveða eftirleiðis öll þau þjónustugjöld, sem þar greinir, með reglugerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Í gildandi lögum er nokkuð mismunandi háttur hafður á um ákvörðun þjónustugjalda í sambandi við skip, skráningu þeirra, skoðun, mælingu, útgáfu skírteina o. s. frv. Sum þessara gjalda eru beinlínis ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en önnur þeirra eru ákveðin í reglugerð. Sá háttur er hafður á um þau gjöld, sem tekin eru fyrir skoðun skipa og gjöld fyrir mælingu skipa. Við athugun og endurskoðun á þessum þjónustugjöldum hefur þótt réttara að

hafa hér um öll þessi gjöld þann sama hátt á, að þau séu ákveðin með reglugerð. Og það er efni þessa frv., að þau gjöld, sem talin eru í 1. gr. frv., svo sem fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum, afrit mælibréfa, einkaleyfi á skipsnafni, nafnbreyting á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa, að þessi gjöld skuli ákveðin í reglugerð.

Þetta frv. hefur legið fyrir Ed. og var þar samþ. shlj. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 112 og 146).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 4, um breyt. á l. um skráningu skipa og lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Eins og nú háttar, eru gjöld fyrir ýmsa þjónustu í þágu skipa á vegum skipaskoðunar ríkisins ýmist ákveðin í reglugerð eða með lögum frá mismunandi tíma. Gjöld fyrir skoðun og mælingu skipa eru t. d. ákveðin með reglugerð, en ýmis önnur gjöld fyrir svipaða þjónustu eru ákveðin með lögum frá 1948 og aukatekjulögunum frá 1954. Frv. felur í sér þá breytingu, að framvegis skuli ákveða öll þessi gjöld með reglugerð. Gjöld þau, sem hér er um að ræða, sem ákveðin voru með lögum áður, eru flest mjög lág. Þetta er frá nokkrum tugum króna og hæst, að ég ætla, 1000 kr. Ekki er óeðlilegt, að gjöldin þurfi nokkurrar samræmingar við, og eðlilegast, að sami háttur sé hafður á um þau öll. Meiri hl. n., þeir hv. 4 þm., sem undirrita álitið, leggur því til, að það verði samþ. óbreytt að lokinni þessari umr.

Einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. v., mun sennilega gera grein fyrir séráliti sínu og mun helzt hafa það við þetta að athuga, að réttara sé af prinsipástæðum, að þingið ákveði þessi gjöld sjálft. Ég held, að ekki sé ástæða í þessu sambandi til sérstakrar varfærni, enda er hér ekki um að ræða skatt eða toll, heldur aðeins um að ræða mat á greiðslu fyrir tiltekna þjónustu. Meiri hl. n. telur það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, til hægðarauka og ekki ástæðu til þess að ætla, að gjöldin verði hækkuð nema til samræmingar um verðlag. Auk þess eru gjöldin öll, eins og ég hef sagt, mjög lág og a. m. k. ekki ástæða til þess, að sum þeirra séu ákveðin með lögum, en önnur með reglugerð. Meiri hl. leggur því til, hæstv. forseti, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. frá mér um þetta frv. mun verða útbýtt nú á þessum fundi, geri ég ráð fyrir. Ég skilaði því til skrifstofunnar í morgun, og þar er ekki um langt mál að ræða, svo að ég geri ráð fyrir, að það komi til þingdeildarinnar innan skamms.

Það er efni frv., að lagt er til, að nokkur gjöld, sem nú eru ákveðin í lögum, skuli framvegis ákveðin með reglugerð frá ríkisstj. Ég tel, að það sé ekki rétt stefna að láta ákveða gjöld til hins opinbera með reglugerðum frá ráðuneytum, og ég tel, að það eigi ekki að ganga lengra í því efni en þegar hefur verið gert. Hv. meiri hl. fjhn. bendir á, að hér sé aðeins stefnt að nauðsynlegri samræmingu á gjöldum fyrir ákveðna þjónustu. Það er að sjálfsögðu hægt að samræma þessi gjöld öðrum með því að breyta ákvæðum laganna um upphæð gjaldanna og engin þörf að gera þessa breyt. á l. þess vegna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það má segja, að þetta mál út af fyrir sig sé ekki stórt. En eins og ég hef tekið fram, tel ég, að ekki sé rétt stefnt með því að hætta að ákveða gjöldin í lögum, heldur fela ríkisstj. á hverjum tíma að setja reglugerð um þetta, og því legg ég til, að þetta frv. verði felt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27., 28. og 29. fundi í Nd., 28. og 30. nóv., 4. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til. 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 168).

---

5. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sumir tekjustofnar ríkissjóðs, gjöld og gjaldaviðaukar, gilda aðeins um eitt ár í senn. Hefur svo verið um allmarga gjaldstofna um langan aldur og þeir þá framlengdir frá ári til árs.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt að framlengja ýmis þeirra gjalda og gjaldaviðauka, sem þannig hefur farið um undanfarin ár. Tvö nýmæli eru í þessu frv. Annað, að í það er sett heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum, en sú heimild hefur verið í öðrum lögum áður, slíkum framlengingarlögum, og einnig er sett inn í þetta frv. ákvæði um, að 8% innflutningssöluskattur skuli gilda á árinu 1962. Ég vil taka það fram hér, að að sjálfsögðu er stefnt að því að fella í ein lög sem mest af því, sem hér er um að ræða varðandi aðflutningsgjöldin og þar með innflutningssöluskattinn. Er ráðgert, að það komi til meðferðar í sambandi við endurskoðun tollskrárinnar, en að endurskoðun hennar hefur verið unnið nú í tæp tvö ár, og var ætlunin að reyna að koma frv. um nýja tollskrá fyrir þetta þing. En það er mjög hæpið, að það geti orðið, og viðbúið, að það dragist til haustþingsins 1962. Þau gjöld og gjaldaviðauka, sem í þessu frv. eru, en snerta ekki aðflutningsgjöld eða koma til greina í sambandi við tollskrá, þarf auðvitað að fella inn í frambúðarlög, því að sannast sagna er það óviðkunnanlegt til lengdar, þó að svo hafi nú verið á annan áratug, að framlengja þannig jafnan frá ári til árs ýmsa tekjustofna ríkisins.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem nú er hér til 1. umr., er gamall kunningi að meginstofni til, þó að því fráskildu, eins og hæstv. fjmrh. reyndar hefur þegar getið um, að 5. gr. þess, um viðbótarsöluskattinn, er ný í þessu árlega framlengingarfrv. Það má heita orðin föst og undantekningarlaus venja hin síðari ár, að á hverju reglulegu Alþingi sé lagt fram og afgreitt frv. sem þetta um áframhaldandi heimild til þess að heimta inn á næsta fjárlagatímabili þar til tekna skatta og gjöld með viðauka. Þessi venja er orðin svo föst og rótgróin, að almennt mun nú orðið litið á þessa skattaviðauka, bæði af þingmönnum og öllum almenningi, sem varanlega skatta þrátt fyrir þetta sérstæða form, sem á er haft. Þó að segja megi, að þessi árlega lagasetning skapi óþarfa umsvif, þar eð raunverulega er um fasta og varanlega skatta að ræða, vil ég þó alls ekki finna að þeim starfsháttum út af fyrir sig, sem sagt að árlega sé að formi til leitað álagningarheimildar Alþingis. En ég vil undirstrika, að í reyndinni og í vitund almennings, eins og ég áðan sagði, er þarna um að tefla skatta, ákveðna alveg óákveðið og til ófyrirsjáanlegs tíma, hvað sem öllu formi á þessu líður. Um þetta frv. hefði því vissulega ekki verið ástæða til þess að ræða, ef ekkert nýtt hefði þar komið fram. En eins og þegar hefur verið sagt, er ákvæði 5. gr. um viðbótarsöluskattinn nýtt í þessu framlengingarfrv., og það er þetta atriði frv., sem gefur mér tilefni til nokkurra orða.

Hjá því verður ekki komizt að mínum dómi að gera nú þegar á þessu stigi málsins nokkrar athugasemdir við þetta efni frv., 8% viðbótarsöluskattinn. Um leið og viðbótarsöluskatturinn er tekinn inn í þetta fasta framlengingarkerfi og þar með viðurkennt, að honum sé í raun og veru ætlað varanlegt frambúðargildi um ófyrirsjáanlegan tíma, þykir mér full ástæða til við 1. umr. málsins að minna aðeins á og rifja upp stuttlega tilurðarsögu þessa söluskattsviðauka, enda þótt því verði að sjálfsögðu síðar við 2. umræðu málsins gerð miklu fyllri skil.

Það var vitað, þegar löggjöfin um efnahagsmál var sett árið 1960, að í kjölfar hennar mundi sigla almennur söluskattur, og enn fremur, að haldast mundi sá innflutningssöluskattur, sem þá hafði verið um skeið. Hins vegar var ekki á það minnzt, að innflutningssöluskatturinn ætti að hækka. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir almennum söluskatti að upphæð 280 millj. kr., og í greinargerð þess frv. var orðrétt sagt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“ Í athugasemdum og umræðum um efnahagsmálafrv. á sínum tíma var aldrei að því vikið, að áformað væri að breyta söluskatti af innflutningi, og í áróðursbæklingi ríkisstj., Viðreisn, sem svo var kallaður og út var gefinn á ríkiskostnað, svo sem frægt er orðið, var sagt frá því, að nýr, almennur söluskattur yrði lagður á allar nauðsynjar landsins barna, frá vöggu til grafar, en jafnframt tilkynnt, að innflutningssöluskattinum skyldi ekki breytt. En þegar söluskattsfrv. nokkru síðar var lagt fram, kom nokkuð annað í ljós, svo sem flestum hv. þdm. mun enn í fersku minni.

Þrátt fyrir yfirlýsingu ríkisstj. um, að hún ætlaði sér ekki að breyta þágildandi söluskatti af innflutningi, kom í ljós að hún meir en tvöfaldaði hann, eða úr 7 og upp í 15%, eða þó öllu heldur úr 7.7% upp í 16.5%. Í greinargerð söluskattsfrv. sagði þá, að m. a. af því, að hinn almenni söluskattur, 3% skatturinn, kæmi ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð væri liðið af árinu, þá væri fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fengist ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárlaga gerði ráð fyrir. Síðan segir í grg. með söluskattsfrv. orðrétt svo: „Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8%, eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.“ Þetta átti svo sem ekki að verða neinn varanlegur skattur eða standa um langan, ófyrirsjáanlegan tíma, heldur átti þetta aðeins að vera bráðabirgðaúrræði til að brúa bilið, sem varð af því, að almenni neyzlusöluskatturinn varð ekki innheimtur allt árið, vegna þess að almenni neyzlusöluskatturinn var ekki innheimtur á fyrsta ársfjórðungi 1960. Í ræðu, sem ég hélt þá við meðferð söluskattsfrv., leyfði ég mér að vefengja þetta fyrirheit hæstv. ríkisstj., og fleiri stjórnarandstæðingar tóku nú í þann strenginn og létu í ljós, að vafasamt mundi vera, að stjórnin stæði við það fyrirheit sitt að fella

þennan viðaukasöluskatt niður um n. k. áramót. En stjórnarsinnar voru þá ákaflega hneykslaðir af þessum getsökum í ríkisstjórnar garð. Svo leið tíminn, og í draumalandi efnahagsaðgerðanna hefur hann sjálfsagt liðið hjá hæstv. ríkisstj. í áhyggjuleysi, og ef til vill hefur hún getað tekið undir með skáldinu og sungið: „Ég vissi ei, hvernig tíminn leið", — en eitt er víst, að í desembermánuði vaknaði stjórnin upp við vondan draum og varð þess vör, að hugsa þyrfti fyrir næsta ári. Og viti menn, þá var lagt fram frv. um breytingu á bráðabirgðaúrræði söluskattslaganna, á þá lund, að í stað orðanna „til ársloka 1960" skyldi koma: til ársloka 1961. M. ö. o.: bráðabirgðaviðbótarsöluskatturinn skyldi innheimtur allt árið 1961. Og hverjar voru ástæðurnar? Í athugasemdum við það lagafrv. sagði orðrétt: „Það er stefna ríkisstj. að afgreiða fjárlög fyrir árið 1961 hallalaus án þess að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld. Til þess að svo megi verða, er ekki unnt að fella niður á árinu 1961 söluskatt þann af innfluttum vörum, sem nú er í gildi samkvæmt a-lið ákvæða til bráðabirgða við lögin um söluskatt."

Ég efast ekkert um það út af fyrir sig, að á fjárhæð þeirri, sem þarna var um að tefla, hafi þurft að halda til þess að afgreiða fjárlög hallalaust, en í munni hæstv. ríkisstj. er það að *framlengja* bráðabirgðaviðbótarsöluskattinn, sem úr gildi átti að falla um áramótin og samkvæmt eindregnu fyrirheiti átti ekki að framlengja, það er allt annað en að leggja á nýja skatta, en ég er hræddur um, að flestum *gangi illa að gera greinarmun á þessu tvennu*. Og ég hygg, að flestir verði að líta svo á, að þarna sé um hreinan orðaleik að ræða, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Og nú er svo þessi viðaukasöluskattur kominn í þetta frv., *settur inn í þetta fasta framlengingarfrv.*, eins og ég hef áður sagt. Þar með er það af hálfu hæstv. ríkisstj. undirstrikað svo glöggt sem verða má og viðurkennt, að þessum skatti er ætlað varanlegt gildi til frambúðar, til alveg óákveðins tíma, og í athugasemdum við þetta frv., sem hér liggur fyrir, eru engar ástæður tilfærðar. Þar segir aðeins um þetta atriði, með leyfi forseta: „Þá gerir frv. ráð fyrir, að ákvæðin um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 10 1960, um söluskatt, skuli gilda til ársloka 1962." Þarna er ekki hægt að segja annað en að mjög sé talað af mikilli hógværð orðið um þennan söluskatt nú.

Ég skal ekki draga það neitt í efa, að á fjárhæð þessari, 188 millj., ef ég man rétt, sem þessi viðbótarsöluskattur er áætlaður í fjárlagafrv., þurfi að halda til þess að afgreiða nú greiðsluhallalaus fjárlög. Og ég ætla ekki heldur á þessu stigi, áður en mál þetta hefur verið kannað í nefnd og áður en fjárlagafrv. hefur nokkuð verið kannað, að setja fram neinar fullyrðingar um það, hvort í raun og veru sé hægt að komast af án þessa skatts, eins og allt er nú í pottinn búið, eða ekki. En ég verð að segja það, að ég álít, að hægt væri að finna einhverjar álögur, sem betur kæmu við almenning heldur en þessi skattur gerir, því að engum blöðum er um það að fletta, að þessi skattur er stórlega dýrtíðaraukandi og bitnar þyngst á þeim, sem allra síst skyldi. Ég vil líka segja það í annan stað, að það ætti að vera hægt að spara eitthvað á útgjaldaliðum fjárlaga, og í því sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á það, að í hinu kunna riti, Viðreisn, sem ég áðan nefndi, var heitið algerri endurskoðun á fjármálum ríkissjóðs og því heitið, ef ég man rétt, að upp skyldi tekinn stórfelldur sparnaður. En efndir á þessu fyrirheiti hafa vægast sagt orðið fremur litlar. Staðreyndirnar hafa orðið þær, að fjárlögin hafa á því tímabili, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur setið við völd, hækkað um mörg hundruð milljónir króna, og staðreyndin er líka sú, að á þessu tímabili, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið við völd, hefur stærri hluti af ríkistekjum en áður farið í rekstrarkostnað og rekstrargjöld, *en minni hluti* tiltölulega til stuðnings atvinnuvegum og til uppbyggingar. Og sparnaðurinn er þess háttar, að eftir honum hefur verið ákaflega lítið tekið á þessum árum, og ég held satt bezt að segja, að hann *sé fólginn í fáeinum sýndarráðstöfunum* aðeins, en það sé sannast sagna, að á þessu tímabili hafi alls engar raunhæfar sparnaðarráðstafanir verið gerðar. Og til viðbótar því, sem ég sagði áðan um hitt atriðið, sem augljóst er, að skattur þessi, *eins og reyndar má nú kannske segja um tolla yfirleitt*, sé dýrtíðaraukandi, þá vil ég aðeins styðja mitt mál með tilvitnun í skýrslu Per Draglands, sérfræðings ríkisstj. í efnahagsmálum, sem þá var, en í þessari *skýrslu segir hann orðrétt*:

„Er hækkun söluskatts í innflutningi úr 7.7% í 16.5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, *hafa í för með sér 3% sparnað fyrir visitölufjölskyldu*." Og síðan heldur Dragland áfram: „Slík lækkun ætti að mínum dómi að ganga fyrir, jafnskjótt og hægt er að framkvæma hana, ekki síst vegna þess, að eftir gengislækkunina situr Ísland uppi með óvenjuháa tollvernd, sem ekki aðeins gerir vörurnar dýrari, heldur getur einnig hvatt til framleiðslu og atvinnurekstrar, sem hvorki í bráð né lengd er hagkvæmur fyrir heildina. Á sama tíma sem bæði útgerðina og fiskvinnslustöðvarnar skortir vinnuafl, ber að forðast eins og unnt er að opna leiðir fyrir atvinnurekstur, sem aðeins getur þrifizt í skjóli hárra tollmúra."

Þetta sagði trúnaðarmaður hæstv. ríkisstj., Per Dragland, og við þau orð hans þarf ég hér ekki í sjálfu sér neinu að bæta. Og ég skal ekki hafa þessi orð um þetta mál öllu fleiri á þessu stigi málsins. En það, sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á á þessu stigi og við þessa 1. umr. málsins, er þetta, að með upptöku viðbótarsöluskattsins í þetta frv., — þetta árlega frv., — er frambúðargildi af hálfu hæstv. ríkisstj. viðurkennt, og eftir þetta fæ ég ekki séð nema um tvennt sé að velja fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, að játa annaðhvort hreinlega, að í öndverðu hafi verið í sambandi við það um meiri háttar reiknings-

skekkju að ræða eða það hafi verið hafðar uppi í sambandi við þetta mál, bæði á því fyrsta þingi, sem það fékk til meðferðar, og eins á því næsta, blekkingar, hreinar blekkingar, þar sem því var haldið þá fram í bæði skiptin, að þarna væri um bráðabirgðaúrræði að ræða, en nú liggur það hreint fyrir og er játað af hæstv. fjmrh., óbeint þó, að þetta hljóti að standa áfram, — jafnvel þótt því sé nú áætlaður takmarkaður tími, þá muni verða að taka það til athugunar í sambandi við samningu tollskrár, og þegar við heyrum það, þá vitum við, hvað klukkan slær.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. lauk sínu máli á því, að ríkisstj. yrði nú að viðurkenna, að varðandi 8% innflutningssöluskattinn hefði annaðhvort verið um meiri háttar reikningsskekkju að ræða eða uppi hafðar hreinar blekkingar. Hvor tveggja þessi fullyrðing hv. þm. er jafnstaðlaus. Hér var hvorki um að ræða nokkra reikningsskekkju né heldur hafðar í frammi nokkrar blekkingar. Ég skal í fáum orðum svara og þó í styttra máli en hv. þm. hafði hér örfáum meginatriðum hans máls.

Þess er þá fyrst að geta, að hann segir, að í grg. fjárlagafrv. fyrir 1960 hafi staðið þessi orð: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi“ — og því hafi það verið brigðmæli af hendi stjórnarinnar að flytja síðar á því þingi frv. um 8% viðbótarsöluskatt af innflutningi. Þetta mál liggur þannig fyrir, að þegar fjárlagafrv. var samið um áramót og í byrjun janúar, þá var ætlunin að afla þeirra tekna, sem þá var sýnt að á skorti, með söluskatti á smásölu, sem síðan var ákveðinn 3% söluskattur. Fyrir því standa þessi orð í grg., sem samin var um áramótin eða í byrjun janúar: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi“ — og það er rétt, að það var ekki áformað þá.

Þegar nokkrar vikur voru liðnar frá þeim tíma, að fjárlagafrv. var samið, og undirbúningur að frv. um söluskatt var vel á veg kominn, þá kom í ljós, að með smásöluskattinum einum væri ekki hægt að afla þeirra tekna, sem þurfti. Ástæðurnar hafa verið margraktar á þingi, m. a. í þessari hv. d., en þær voru í meginatriðum þrjár. Í fyrsta lagi var ákveðið að undanþiggja miklu meira þessum smásöluskatti en í öndverðu hafði verið ráðgert, og má segja, að langstærsti flokkurinn þar hafi verið öll mannvirkjagerð í landi hér. Það var ákveðið af ýmsum ástæðum að undanþiggja hana þessum skatti. Í annan stað var ekki unnt að láta þennan skatt, smásöluskattinn, ganga í gildi fyrr en þrír mánuðir voru liðnir af árinu, en fjárlagafrv. var samið og grg., eins og ég gat um, um áramót. Í þriðja lagi var ljóst, að smásöluskatturinn þyrfti að vera nokkru hærri en 3%, vafalaust 4—5%, ef ætti að ná þessari upphæð inn. Að athuguðum þessum þrem meginatriðum var ákveðið að bæta upp það, sem á skorti, með þessum 8% innflutningssöluskatti. Þetta er gangur málsins, sem hv. þm. þekkir ákaflega vel, því að hann hefur svo oft verið rakinn hér í þingi. Og það er ekkert rangt í því, sem segir í grg. fjárlagafrv. frá því í byrjun janúar, að þá var ekki áformað að leggja á þennan söluskatt. En við undirbúning og nánari athugun smásöluskattsins kemur það í ljós, að hann muni ekki nægja.

Í öðru lagi fullyrðir hv. þm., — og ég verð að segja, að ég er undrandi á þeirri fullyrðingu, — hann fullyrðir, að við umr. um söluskattsfrv. hafi ríkisstj. gefið eindregið fyrirheit um að framlengja ekki þennan 8% innflutningssöluskatt fram yfir árið 1960 eða lengur en til ársloka 1960. Mér er óskiljanlegt, hvernig hv. þm. leyfir sér að slá fram svona fullyrðingu, því að hún er með öllu ósönn. Þvert á móti, í umr. um það mál og margsinnis tók ég það skýrt og skorinort fram, að þó að nú væri aðeins ákveðið um gildi þessa innflutningssöluskatts fyrir árið 1960, þá lægi í því ekki neitt minnsta fyrirheit um það, að hann yrði ekki framlengdur, það mál þyrfti að skoða um haustið, þegar fjárlög yrðu samin, og það væri ekkert um það hægt að fullyrða fyrr en í sambandi við afgreiðslu fjárlaga þá í árslokin, hvort það væri rétt eða óhjákvæmilegt að framlengja þennan innflutningssöluskatt eða ekki. Ég minnist þess vel, og þessi ummæli og önnur slík standa víðar en á einum stað í umr. á þingi, því að ég einmitt tók þetta skýrt fram hvað eftir annað, bæði í sameinuðu þingi og hv. Nd. og þessari hv. deild.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. vill ganga svo langt að túlka það, að þegar skattur er kallaður bráðabirgðaskattur og gildi hans miðað við eitt ár, felist í því loforð um að framlengja ekki skattinn. Ef þessi er skilningur hv. þm., þá fer að verða lítið úr orðheldni formanns þingflokks hans, hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, því að enginn maður hefur oftar og lengur lagt fram frumvörp hér á Alþ. ár eftir ár um bráðabirgðaskatta, sem eru bundnir við eitt ár og koma svo á næsta ári og eru framlengdir þá. Ef hv. þm. vill viðhafa þennan skilning, sem ég skal ekkert fullyrða um, þá hittir það fyrst og fremst fyrir aðra en núv. ríkisstj.

En loks kem ég að því, sem hv. þm. gerði að einu meginatriði sinnar ræðu. Hann segir: Þar sem hér liggur fyrir frv., sem lagt hefur verið fram ár eftir ár, um bráðabirgðabreytingu og framlengingu ýmissa gjalda og gjaldaviðauka, og fyrst söluskatturinn er nú settur inn í þetta frv., þá þýðir það, að með því er verið að ákveða varanlegt frambúðargildi hans. — Ég hefði nú ætlað, að ef ætti að ákveða þessum innflutningssöluskatti varanlegt frambúðargildi, væri eðlilegast að flytja frv. um, að hann skuli gilda áfram ótiltekinn tíma, án tímamarks. En ég verð að segja, að mér finnst sú ályktun harla skringileg, að þegar sett er inn ákvæði um, að hann skuli gilda árið 1962, og það er sett inn í frv. um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga til eins árs, að hér sé verið að ákveða honum varanlegt frambúðargildi. Þetta held ég að sé ákaflega mikill misskilningur. Ég vil einnig taka það fram, að því fer fjarri, að þess-

um innflutningssöluskatti sé ætlað varanlegt frambúðargildi. Ég hef margsinnis lýst því yfir hér á Alþingi og minntist á það hér í frumræðu minni, að að því er stefnt að sameina öll aðflutningsgjöld helzt í eitt gjald eða sem allra fæst í einni tollskrá. Nú eru þessi aðflutningsgjöld mjög mörg og flókin og undanfarinn áratug á flestum þingum verið samþykkt einhver ný aðflutningsgjöld með einhverju heiti eða viðaukar. Við höfum vörumagnstoll, við höfum verðtoll, við höfum verðtollsviðauka, við höfum innflutningsgjald, við höfum innflutningssöluskatt, við höfum viðauka á hin og þessi gjöld, við höfum tollstöðvagjald og svona mætti lengi telja. Að því er unnið með samningu hinnar nýju tollskrár að sameina þessi gjöld í eitt, og innflutningssöluskattur sá, sem nú er í gildi, verður auðvitað tekinn þar með. Von mín er sú, að þegar hin nýja tollskrá kemur, geti hin samanlögðu aðflutningsgjöld lækkað og lækkað verulega frá því, sem þau eru nú.

Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði úr þessu sögulega yfirliti hv. þm., sem ég þarf að gera að umtalsefni. En ég vænti þess, að með þessum orðum hafi það komið skýrt fram í fyrsta lagi, að því fer fjarri, að fyrirheit hafi verið gefið um að framlengja ekki þennan skatt. Þvert á móti, ég hef margsinnis á Alþingi tekið það fram, að svo væri ekki, um það yrði að ákveða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Og í annan stað er ætlunin sú í sambandi við endurskoðun tollskrárinnar að sameina þar í eitt öll þau gjöld, sem nú eru á innflutningi til landsins, og vonir standa til, enda full nauðsyn á því að lækka þau frá því, sem nú er, því að Ísland býr nú við hærri aðflutningsgjöld en nokkurt annað land í Vestur-Evrópu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður, því að ég þarf svo sem ekki neinu að svara af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þar sem hann gat ekki, sem vonlegt var, vefengt, að ég hefði farið með rétt mál í minni frumræðu að því er varðaði tilurðarsögu þessa söluskatts. Þannig varð hæstv. fjmrh. að viðurkenna, að ég hefði farið með rétt mál og vitnað rétt í grg. fjárlagafrv., þar sem því var lýst yfir á sínum tíma, að það væri ekki áformað að breyta söluskatti af innflutningi. En hæstv. fjmrh. reyndi að verja sig með því, að þetta fjárlagafrv. hefði verið samið í janúarmánuði og þá hefði ekki allt málið legið svo ljóst fyrir sem þrem mánuðum síðar, þegar söluskattsfrv. var samþykkt, og hæstv. fjmrh. tíndi einkum til þrjár ástæður, sem hefðu valdið því, að það hefði orðið að hverfa að því ráði síðar að hækka þennan innflutningssöluskatt. Ástæðurnar voru þessar, að það hefði orðið að ráði að undanþiggja fleiri vöruflokka söluskatti en upphaflega hefði verið ráðgert. Í öðru lagi, að það hefðu glatazt þrír mánuðir af árinu 1960 í innflutningi af innflutningssöluskattinum, og í þriðja lagi hefði, þegar fjárlagafrv. var samið, ekki verið alveg búið að hnitmiða það, hvort sá illræmdi, almenni söluskattur yrði 3% eða jafnvel farið með hann upp í 4—5%. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt um það, hvað hefur verið á yfirvegunarstigi hjá hæstv. ríkisstj. í janúarmánuði 1960, og má vel vera, að það hafi þá verið í ráði hjá henni að leggja söluskattinn á mannvirkjagerð, eins og mér skildist á hæstv. fjmrh. Enn fremur má það vel vera, að það hafi verið hugleitt þá hjá hæstv. ríkisstj. að hafa almenna neyzluskattinn 4 eða jafnvel 5%. En ég hygg, að það standi þó eftir og hafi verið fært þá fram sem meginástæða fyrir viðbótarsöluskattinum, sem og hæstv. fjmrh. veit, að til hans hafi þurft að grípa af því, að ekki hafi verið hægt að innheimta söluskattinn á fyrsta ársfjórðungi 1960. En einmitt þetta sannar bezt, að það var þá hugsað af hálfu ríkisstj., að því er virtist, að þetta væri bráðabirgðaúrræði, og áreiðanlega er það ekki of fast að orði kveðið og ekki vitnað skakkt til hæstv. fjmrh., að hann hafi í umr. á Alþ. þá látið það í veðri vaka, að þessi skattur yrði ekki framlengdur, því þó að ég muni ekki ákveðin orð hæstv. fjmrh. til að tilfæra í þessu sambandi, man ég það vel, að bæði ég og aðrir spáðum því, að þessi skattur mundi verða framlengdur á sínum tíma, en eins og ég sagði áðan, var því tekið mjög illa af hæstv. ríkisstj. og talið, að við færum þar með mjög ósæmilegar og ómaklegar getsakir í garð hæstv. ríkisstj. Þessu getur hæstv. fjmrh. alls ekki mótmælt með góðri samvizku. Enn fremur kom það greinilega fram í sambandi við meðferð viðaukasöluskattsins, að stjórnarsinnar og ég tala nú ekki um málgögn hæstv. ríkisstj. túlkuðu það, — og ég skal óhræddur fletta með hæstv. fjmrh. í gegnum mörg eintök Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins, þar sem þetta mun standa skýrum stöfum, — að þessum viðbótarsöluskatti væri aðeins ætlað að gilda til áramóta. En þeir hafa e. t. v., þeir ágætu blaðamenn við þau blöð, ekki kynnt sér nægilega rækilega orðalag á ræðum hæstv. fjmrh., eða hugsanlegt er, að ekki hafi verið alveg nægilega ljós og ótvíræð í þessu efni sú hyggja hans, sem hann taldi hafa komið fram í sínum ummælum, að gera mætti ráð fyrir, að framlengja þyrfti þennan söluskatt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 59, 65 og 66).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, nál. meiri hl. á þskj. 59 og nál. minni hl. á þskj. 65 og 66, bera með sér, hefur ekki orðið samkomulag í n. um afgreiðslu málsins. Við þrír, sem að meirihlutanál. á þskj. 59 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en á það telja tveir hv. nm., þeir 1. og 5. þm. Norðurl. e., sig ekki geta fallizt. Aðalásteytingarsteinninn hefur verið það ákvæði í 5. gr. frv., að viðbótarsöluskatturinn er nú tekinn inn í þetta frv. Meiri hl. n. telur það eðlilegt og getur ekki á það sjónarmið fallizt, að

með þessu sé verið að festa söluskattinn sérstaklega í sessi, þar sem þessi lög munu framvegis eins og hingað til verða framlengd frá ári til árs og því auðvelt að fella ákvæðið um viðbótarsöluskattinn niður síðar, ef fært þykir af öðrum ástæðum. Meiri hl. getur vissulega á það sjónarmið fallizt, að æskilegt sé að afnema þennan skatt við fyrsta tækifæri, því að aðflutningsgjöld eru þegar orðin hærri en góðu hófi gegnir, þannig að æskilegt væri, að á þeim væri hægt að framkvæma lækkun í einhverri mynd, ekki sízt með því að fella þennan viðbótarsöluskatt niður. En enn sem komið er er afkoma ríkissjóðs því miður ekki slík, að hann megi við því að missa þennan tekjustofn, að öðru óbreyttu. Ef fella á hann niður, verður að gera annað af tvennu að skera niður útgjöld ríkissjóðs eða sjá ríkissjóði fyrir öðrum tekjustofnum. Að leggja hins vegar til, að skatturinn verði felldur niður með öðru móti, getur varla talizt ábyrg afstaða. En svo mjög sem hv. stjórnarandstæðingar hafa barizt á móti þessum viðbótarsöluskatti, hefur mér vitanlega ekki enn þá í sambandi við það verið bent á ákveðnar leiðir til þess að lækka útgjöld ríkissjóðs né heldur til þess að sjá ríkissjóði fyrir öðrum tekjustofnum, og meðan svo er ekki, verður sú andspyrna að mínu áliti tæpast tekin alvarlega.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. skýrði frá, urðu fjhn.-menn ekki sammála um tillögur gagnvart afgreiðslu þessa frv. Ég hef í nál. á þskj. 65 lagt til, að frv. verði samþ., að því undanskildu, að ég legg til, að 5. gr. verði felld niður. Framlengingarnar, sem frv. inniheldur frá 1. gr. til 4. gr., eru um hækkun á gjöldum, en orðnar fastar í framkvæmd og hafa samlagazt efnahagslífinu. Ég sé ekki, að neinn grundvöllur sé til að lækka þær eða fella þær niður. Ég hef ekki heldur við það að athuga, þó að tekin sé inn í 4. gr. heimild úr lögum nr. 79 frá 1960 um að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum. Hins vegar er ég mótfallinn 5. gr. og legg til, að hún verði felld niður. Þarna er eitt af óhreinu börnunum hæstv. ríkisstj., sem hún vill reyna að fela. Hún vill lauma því þarna inn, til þess að það hætti að minna á sig eins tilfinnanlega og ef það fer eitt sér. Þetta er framlenging á 8% viðbótarsöluskatti á innflutningi.

Þetta ólánsafkvæmi varð til á léttúðaraugnablikum fyrsta ársfjórðungs viðreisnarinnar. Það má segja, að það hafi komið óvart undir, því að hæstv. ríkisstj. sagði í sinni hvítu bók, Viðreisn: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi.“ Hún hélt þá, að kerfið, sem hún hafði sett upp, gengi ekki með þennan þunga.

En raunin varð önnur. Litlu seinna fæddist söluskattshækkunin, sem varð 8.8% í framkvæmd eða meira en helmingshækkun á þessum skatti. Þessi hækkun átti að vera aðeins til bráðabirgða, eins og hún var túlkuð, eða til ársloka 1960.

Á árinu 1960 var norskur sérfræðingur, Per Dragland, fenginn til landsins til að athuga efnahagsmálin og efnahagsaðgerðirnar. Hann sagði í skýrslu, sem birt var í stjórnarblöðunum:

„Er söluskattshækkun í innflutningi úr 7.7 í 16.5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskyldu.“

Í þessum orðum hins norska hagfræðings má glöggt heyra, að honum hefur verið skýrt svo frá, að skattaukinn ætti bara að vera til bráðabirgða. Enn fremur upplýsir hann, að þessi nýi baggi íþyngi vísitölufjölskyldunni um 3%. Þarna er því ekki um smámuni að ræða.

Þegar kom að árslokum og afgreiðslu fjárlaga fyrir 1961, beit hæstv. ríkisstj. á jaxlinn og framlengdi 8.8% viðbótina fyrir 1961. Nú ætlar hún að gera slíkt hið sama fyrir 1962, en á þann hátt að smeygja framlengingarákvæðinu inn í þetta frv. hjá hinum gömlu, árlegu framlengingum, sem farið er að telja sjálfsagðar. Með þessu viðurkennir hæstv. ríkisstj. raunar, að hún ætli alveg að bregðast með að létta þessum skattauka sínum af fólki, viðurkennir, að hún hafi sprungið á því limmi. En ég tel alls ekki rétt að gefa henni tækifæri til að láta þennan ósigur sinn svo auðveldlega gleymast. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. eigi, þangað til dagar hennar eru taldir, að fást við þennan skattauka sinn, þessa 3% dýrtíðaraukningu vísitölufjölskyldunnar, sem sérstaka framlengingu bráðabirgðaákvæðis í lögum um söluskatt. Á þann hátt gleymir hún síður þessu ólánsbarni sínu og framfærsluskyldu sinni á því. Með því fyrirkomulagi lagasetningarinnar er líka frekar hugsanlegt, að hún reyni að afnema þennan skattauka, eins og henni ber að gera samkvæmt sínum fyrri áformum og fyrirheitum. Ég legg þess vegna ákveðið til, að 5. gr. frv. verði felld, — mæli með samþykkt frv. að öðru leyti.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, mundi þetta frv. ekki hafa valdið miklum ágreiningi eða jafnvel engum, ef það væri nú flutt með svipuðu innihaldi og það hefur haft að geyma s. l. 2 ár, eða frá því að öllum þessum frumvörpum um framlengingarákvæði um ýmsa minni háttar gjaldheimtu var slengt saman í þennan svokallaða bandorm. En með 5. gr. frv. nú er í fyrsta skipti bætt inn í það ákvæði um árlanga framlengingu á bráðabirgðasöluskattinum svonefnda, sem hv. síðasti ræðumaður tók fram að ætti samkv. eðli sínu heima sem frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt. Eftir þeim lögum óbreyttum hefðu þessi ákvæði fallið niður um næstu áramót.

Ágreiningurinn um þetta ákvæði er þó að sjálfsögðu ekki um þetta formsatriði, nema þá að því leyti, sem bæri að skilja þennan flutning á framlengingarákvæðinu inn í þennan eilífðarbálk svo, að þessi svokallaði bráðabirgðasöluskattur sé þar með orðinn ein af hinum föstu og óbreytanlegu gjaldheimtuað-

ferðum, heldur er ágreiningurinn að sjálfsögðu um skattinn sjálfan, og það var að sjálfsögðu sá ágreiningur, sem olli því, að fjhn. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Ágreiningurinn um þetta atriði byggist að sjálfsögðu af hálfu okkar Alþýðubandalagsmanna á skoðun okkar almennt á sölusköttum og öðrum óbeinum sköttum, sem lagðir eru á hvers konar varning og neyzlu, en án tillits til efnahags. En að öðru leyti byggist hann á þeirri forsögu, sem þessi skattur á hér á hv. Alþ., en honum var, ef svo má að orði komast, smyglað hér í gegn á hv. Alþ. með bæði beinum og óbeinum fyrirheitum um, að hann ætti aðeins að vera til bráðabirgða, eins og sjálft nafn hans strax ber glöggt vitni um. Það hefur bæði við 1. umr. málsins og eins nú af hv. 1. þm. Norðurl. e. verið minnzt nokkuð á þessa hlið málsins, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um hana. En það er auðvitað algerlega vonlaust verk fyrir hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar að halda því fram, að hún hafi haft fullkomlega heiðarleg vinnubrögð: Í fyrsta lagi með því að lýsa því yfir, að ekki yrði hróflað við söluskatti af innflutningi, eins og var gert í ársbyrjun 1960, m. a. í grg. með fjárlagafrv., sem þá var lagt fram, en rjúka svo til og rúmlega tvöfalda hann nokkru síðar. Í öðru lagi með því að rökstyðja þessar aðgerðir sínar snemma á árinu 1960 með því einu, að almenni söluskatturinn gæfi ekki tekjur nema ¾ hluta úr því ári og þess vegna yrði að bæta þær upp með þessum bráðabirgðaskatti, en reyndin verður svo sú, að hann er framlengdur ár frá ári. Í þriðja lagi með því að fullyrða, þegar söluskattarnir voru margfaldaðir, að um enga nýja skattheimtu væri að ræða, heldur aðeins tilfærslu á gjaldheimtu, vitandi það, sem nú hefur sannazt, að samanlagðar tekjuskattur og söluskattar mundu hækka um á þriðja hundrað prósent, og það þó að hlutur sveitarfélaganna sé dreginn frá. En þessar staðreyndir liggja nú fyrir.

Það mætti auðvitað tína ýmislegt fleira til, sem sannar þá fullyrðingu mína, að þessum skatti hafi raunverulega verið smyglað í gegn hér á hv. Alþ. undir röngu yfirskini. En að öðru leyti er hann ekki verri en aðrir söluskattar, sem nú eru í gildi, og því er jafnvel ekki að neita, að hann hefur jafnvel minni galla en almenni söluskatturinn, sem núv. hæstv. ríkisstj. á einnig höfundarréttinn að, og þá sérstaklega að því leyti, að margs konar svindli og fiárdrætti verður síður við komið í sambandi við þennan skatt en almenna söluskattinn.

Það má segja, að viðreisn núv. stjórnarflokka hafi frá upphafi verið slungin tveimur meginþáttum, annars vegar gengisfellingu og kauplækkunum, hins vegar umbyltingu í skattamálum, — umbyltingu, sem hafði það að meginmarkmiði að afnema beina stighækkandi skatta, sem samkvæmt eðli sínu leggjast með meiri þunga á tekjuháa og efnamikla gjaldendur en þá, sem lítið eru aflögufærir, en auka í þess stað óbeina nevzluskatta, sem lagðir eru jafnt á allt vöruverð. Sama stefna var tekin upp í útsvarsmálum, þar sem gjaldheimtan var í vaxandi mæli færð yfir á herðar hinna efnaminni með því að draga úr stighækkun útsvara og taka upp söluskatta sem tekjustofna fyrir sveitarfélögin.

Þar sem, eins og ég áður sagði, ágreiningur um þennan skatt, sem hér er sérstaklega rætt um, er þannig fyrst og fremst deilan um heildarstefnuna í skattamálum, þá er rétt að athuga í sambandi við hann, hvernig viðreisnin í skattamálum hefur gefizt og hvernig hún hefur verkað á kjör almennings.

Ég ætla, að það sé auðsætt, að skattabylting hæstv. ríkisstj. hafi reynzt, næst á eftir gengisfellingunni, höfuðorsök þeirra gífurlegu verðhækkana, sem orðið hafa á síðustu tveimur árum. Eftir nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands hefur meðalhækkun á vörum og þjónustu, frá því að viðreisnin tók að verka, orðið 29% til þessa dags, og sú hækkun heldur áfram að vaxa með hverjum degi. Það er auðvitað, að gengisfellingarnar eiga á þessu mikla sök og kannske mesta, en hækkun tolla og skatta úr 796 millj. kr. á árinu 1959 í 1401 millj. kr. á árinu 1962, eða um 76%, lætur sig auðvitað ekki heldur án vitnisburðar í verðlaginu. 603 millj., sem lagðar eru á verðlagið, á brýnustu nauðsynjar jafnt sem aðrar, og enginn, jafnvel ekki sá, sem sjúkur er eða farlama, sleppur undan að taka sinn hluta af, — slíkt lætur sig auðvitað ekki án vitnisburðar í lífskjörunum, allra sízt hjá þeim, sem áður höfðu aðeins til hnífs og skeiðar.

Heildarhækkunin á sköttunum og tollunum um 76% segir þó auðvitað ekki nema hálfa sögu. Þar verður einnig að taka tillit og ekki síður til eðlisbreytingarinnar á skattheimtunni. Frá árunum 1959—62 hafa söluskattarnir, að frádregnum þeim hluta, sem rennur til bæjarfélaganna, hækkað um hvorki meira né minna en 286%, eða úr 166 millj. í 485 millj., en á sama tíma hefur tekju- og eignarskattur lækkað um 42%, úr 165 millj. í 95 millj. Árið 1959 nam tekju- og eignarskattur 20.7% af heildarupphæð tolla og skatta. 1962 verður hlutur tekju- og eignarskattsins 6.7% af heildarupphæð tollanna og skattanna. En á sama tíma hafa söluskattar til ríkissjóðs hækkað úr 20.8% af heildarskattheimtunni í 34%. M. ö. o. hefur sú gerbreyting orðið á, að fyrir tveimur árum voru beinir stighækkandi skattar því sem næst jafnmiklir og söluskattarnir, þar munaði aðeins 1 eða 2 millj. En nú er svo komið, að söluskattarnir eru rösklega fimmfaldir á við beinu skattana, og á sama tíma hefur heildarskattheimtan nær tvöfaldazt.

Áhrif þessarar byltingar í skattamálum hafa að sjálfsögðu orkað gífurlega til hækkunar á öllu verðlagi í landinu. Bráðabirgðasöluskatturinn einn nemur a. m. k. 6—8% af endanlegu smásöluverði allra innfluttra vara, matvara, byggingarvara, vefnaðarvara og annars nauðsynjavarnings. Þessi skattur er því mjög mikilvirkur dýrtíðarvaldur, og hann sést ekki fyrir, hver í hlut á. Hann krefur, eins og söluskattarnir yfirleitt, öryrkjann og gamalmennið um sinn hlut, jafnvel barnið og raunar alla þá, sem engum mundi koma til hugar að skattleggja á

nokkurn hátt til almenningsþarfa. En tiltölulega kemur hann þó þyngst niður á stórum, barnmörgum heimilum, sem verða að sjá sér farborða af launum og þurfa að kaupa hlutfallslega mest af hvers konar vörum, sem heyra til frumþarfa. En það voru einmitt barnmörgu fjölskyldurnar, sem fengu hlutfallslega minnstar sárabætur, þegar viðreisnarsköttunum var komið á, eins og öllum er kunnugt, þar sem fjölskyldubætur hækkuðu aðeins um 269 kr., ef ég man rétt, á hvert barn, sem var umfram fimm, má ég segja. Það mundi kannske vera hægt að halda því fram, að fullkomnar almannatryggingar, ellilífeyrir og fjölskyldubætur gætu tekið af sárasta broddinn í þessum efnum varðandi þá, sem eru verst settir. Ég ætla þó, að það fari mjög fjarri því, að þessar tryggingar, eins og þær eru nú, geri það. Elli- og örorkulífeyrir er fjarri því að nægja til þess að framfleyta lífinu, og verðhækkanirnar, sem sífellt dynja yfir, hafa verið og eru að smánaga utan af þeim réttarbótum, sem bótaþegar fengu 1960. Það var nefnilega séð fyrir því, um leið og lífeyririnn var hækkaður og bætur almennt, að svipta bótaþegana þá þeirri vernd, sem verðlagsuppbæturnar voru. Þannig var gefið með annarri hendinni, en tekið með hinni. Auk þess er svo þess að gæta, að tryggingabóta njóta menn án alls tillits til efnahags eða tekna og þær geta þess vegna ekki skoðazt sem neins konar uppbætur fyrir rangláta skattalöggjöf, — löggjöf, sem hlífir þeim, sem betur mega, en leggst með ofurþunga á þá, er minnsta hafa getu.

Það hefur auðvitað reynzt ofvaxið hv. talsmönnum ríkisstj. og hennar stefnu í skattamálum að afsanna það, sem liggur í augum uppi, að breytingarnar, sem gerðar hafa verið á skattalöggjöfinni, hafa allar verið í þágu hinna efnameiri í þjóðfélaginu. Ég rifja upp í því sambandi þær upplýsingar, sem ég aflaði mér hjá Skattstofu Reykjavíkur, þegar tekjuskattslögin voru hér til umr. á s. l. ári, en þar kom m. a. fram, að á sama tíma sem 2596 lægstu gjaldendur í Reykjavík fengu skattalækkun, sem nam 76 kr. á mann að meðaltali, fengu 1924 hæstu gjaldendurnir eftirgjafir, sem námu 9620 kr. á mann að meðaltali, eða rösklega 120 sinnum meiri lækkun að meðaltali. En svo var auðvitað mikill fjöldi skattleysingja, sem fengu ekki neina eftirgjöf, en var gert að greiða söluskatta af hverju og einu, sem þeir þurfa til síns lífsviðurværis.

Þegar ekki verður komizt hjá því að viðurkenna slíkar staðreyndir, — því að annað er vitanlega ekki fært, — þá er hopað í nýja varnarstöðu og sagt, að óbeinu skattarnir, söluskattarnir, verki líkt og stighækkandi skattar, vegna þess að auðvitað sé eyðslan meiri hjá þeim, sem eru tekjuháir, og þess vegna greiði þeir meira en þeir, sem hafa lágar tekjur. Í þessu getur að vísu falizt nokkurt sannleikskorn í sumum tilvikum, ef um einstakling er að ræða. En því fer fjarri og því mjög fjarri, að þetta fái staðizt, þegar um miklar tekjur er að ræða og auðvitað fer því enn þá fjær, að gróði félaga og fyrirtækja sé svo að nokkru nemi skattlagður með söluskattskerfinu.

Þegar hér er komið, er horfið að því að viðurkenna, að auðvitað væri langréttlátast að hafa sem mesta beina, stighækkandi skatta, og þetta hafa talsmenn stjórnarflokkanna orðið að endurtaka að væri rétt, svo að segja í hvert skipti, sem þessi mál hafa verið til umr. hér á Alþingi. Minnist ég nú sérstaklega ummæla hv. 11. þm. Reykv. um þetta á síðasta þingi, en þar tók hann þessa skoðun sína einmitt sérstaklega skýrt fram. En þeir fullyrða þá jafnframt, að á slíku skattakerfi sé sá regingalli, að það hafi óhjákvæmilega í för með sér óviðráðanleg skattsvik, sem engin leið sé að koma í veg fyrir, botnlausa spillingu, sem sýki þjóðfélagið, og útkoman verði sú, að þeir beri jafnvel léttustu byrðarnar, sem mestar ættu með réttu að hafa á herðum sínum. Heiðarleikinn sé þannig ofurseldur refsingu, en svikin verðlaunuð. Einn talsmanna hæstv. ríkisstj., hv. 5. þm. Vesturl., komst t. d. nýlega að þeirri niðurstöðu við 1. umr. fjárl. nú á þessu þingi, að skattsvikarar og smyglarar hefðu árlega af ríkissjóði upphæð, sem væri einhvers staðar á milli 300 og 500 millj., upphæð, sem nemur meira en þriðjungi af öllum tollum og sköttum ríkissjóðs.

Nú skal ég ekki draga úr fullyrðingum þessara manna um þá spillingu, sem ríkt hefur hér á landi hjá efnastéttum og gróðafélögum að þessu leyti, enda ættu þeir gleggst um það að vita. Hitt er svo annað mál, að almennir söluskattar virðast ekki hafa neina kosti til að bera umfram beina skattheimtu til þess að koma í veg fyrir skattsvik. Það má að vísu segja, eins og ég nefndi áðan, að söluskattar á innflutningi gefa minna svigrúm til undanbragða en beinir tekjuskattar, en almenni söluskatturinn gefur hins vegar þeim mun víðtækara svigrúm, enda mun vera vitað, að fjölmargir hafa þann skattstofn sem gróðaveg fyrir sig. Og nú er svo að sjá, að stefna eigi að því að auka söluskattana í framtíðinni, en draga enn úr þeim leifum, sem enn eru eftir af beinu sköttunum. Og jafnvel virðist vera ofarlega á baugi hjá hæstv. ríkisstj. að minnka jafnvel einnig söluskattinn á innflutningi, en auka almenna söluskattinn að sama skapi, og kom sú stefna m. a. fram hjá hv. frsm. fjhn., þar sem hann taldi, að aðflutningsgjöldin væru nú þegar orðin of há og þess vegna bæri að stefna að því að afnema þennan skatt, svo fljótt sem verða mætti. En hæstv. fjmrh. hefur hins vegar mjög haft á orði að undanförnu, að við hefðum hér miklu lægri almennan söluskatt en annars staðar væri og það kæmi vel til greina, að manni skilst, að hann verði hækkaður að sama skapi og þessi söluskattur, sem sízt er hægt að svindla á, yrði afnuminn. Það er þess vegna öruggt, að aukning almennra söluskatta er engin lækning á þeirri meinsemd, sem hæstv. stjórnarsinnar eru svo gjarnir á að lýsa, þegar þessi mál eru til umr.

En ég held, að það sé í þessu sambandi mjög nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hverjar eru höfuðástæðurnar fyrir skattsvikunum, og þá er líka réttmætt að spyrja okkur, sem erum formælendur beinna skatta, hvað

við viljum gera til þess að koma í veg fyrir svikin. Það vita allir, sem vilja vita, að hér á landi hefur aldrei verið til neitt, sem kalla mætti virkt skattaeftirlit, og það er sú staðreynd, sem er höfuðorsök skattsvikanna. Í skjóli við fullkomið eftirlitsleysi hafa svikin dafnað og sá hugsunarháttur, að ekkert sé athugavert við það að stela frá samborgurum *sínum á þann hátt að láta þá greiða skatta* fyrir sig. Hvenær eru menn dæmdir fyrir skattsvik á Íslandi? Það er víst vægilega að orði komizt, að það sé sjaldgæft. Þeir, sem stela 300—500 milljónum á ári af almannafé, eftir því sem talsmenn stjórnarflokkanna gizka á, leika lausum hala, þeir eru ekki dæmdir. Og þó eru Íslendingar áreiðanlega, þó að svona sé, hvorki óheiðarlegri né ólöghlýðnari en aðrar þjóðir, sem þekkja ekki skattsvik öðruvísi en sem glæpi af grófari tegund og meðhöndla þá, sem við slíka iðju fást, samkvæmt því. Ég held, að ástæðan fyrir því, að við erum verr farnir í þessum efnum en flestir aðrir, sé ekki sú, að beinir skattar séu eða hafi verið svo óbærilegir, þó að ég hins vegar geti fullkomlega fallizt á það, að um leið og komið væri á virku skattaeftirliti, mætti vel liðka til í skattalöggjöfinni og jafnvel hafa stighækkun *hennar minni en hefur verið og ná þó álitlegri* tekjum til almenningsþarfa. En ástæðurnar liggja áreiðanlega fyrst og fremst í framkvæmdaaðferðum skattalaganna eða ef til vill kannske réttara að segja: engri beitingu viðurlaga.

Skattstjórum og skattanefndum er og hefur verið ætlað að framkvæma eftirlit sitt með öllum framtölum, hvers einasta gjaldanda, áður en álagning fer fram, á örskömmum tíma. Það er öllum vitanlegt, sem eitthvert skyn bera á þessa hluti eða hafa reynt að kynna sér þá, að slíkt eftirlit er óhugsandi og verður aldrei annað en tilgangslaust kák, hversu vel sem þessir embættismenn reyna að gegna sinni skyldu. Höfuðbreytingin, sem hér þyrfti að gera, er sú, að eftirlit og endurskoðun framtala fari fram eftir á og yrði þá aðeins framkvæmt t. d. eftir úrdrætti á nokkrum hluta framtala, en yrði hins vegar gerð mjög gaumgæfileg og tæki í þeim tilfellum, sem um væri að ræða, mörg ár aftur í tímann. Slíkt kerfi hefur gefizt vel víða erlendis og stuðlað að því, að fáir vilja eiga á hættu að verða uppvísir að svikum, enda eru viðurlög slík, a. m. k. fjárhagslega, að ekki þykir fýsilegt að þurfa að þola þau.

Ég held þess vegna, þegar á þetta er litið, að röksemdir hv. stjórnarsinna fyrir skattabyltingu sinni og þeirri taumlausu hækkun á sköttum, sem þeir hafa lagt á, verði harla léttvægar, líka að þessu leyti. Ég held, að hér sé um að ræða sjálfskaparvíti, sem úr mætti bæta.

Það hefur nú þegar verið gengið miklu lengra en fært er á þeirri braut að auka óbeina verðhækkunarskatta, en afnema réttlátustu skatttheimtuna, þá sem byggð er á tekjum og efnahag einstaklinga jafnt sem fyrirtækja, og miklu lengra en gert hefur verið t. d. á Norðurlöndum, þar sem beinu skattarnir eru a. m. k. víðast margfaldur hluti ríkistekna á við það, sem hér er nú orðið. Það er vissulega kominn tími til þess að spyrna fótum við þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að spenna sífellt upp verðlagið í landinu með neyzlusköttum, og það er einmitt vegna forsögunnar varðandi þennan skatt, sem hér er til umr., að það væri eðlilegast að hefja andófið með því að fella hann niður og lækka *þannig allt verðlag í landinu til stórra muna.*

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Sú breyting, sem gerð var á skattalögunum með því að lækka beina skatta og taka upp svo mikla söluskatta sem mönnum er kunnugt um, hefur sínar afleiðingar fyrir alla hina efnaminni í landinu og sérstaklega þá, sem hafa marga að fæða og klæða. Þessi mál voru mjög til umr. á síðasta þingi, og við þær umr. hafði ég aflað mér nokkurra upplýsinga frá Skattstofu Reykjavíkur um áhrifin af því að lækka tekjuskatt og útsvör og setja á söluskatta í staðinn, eins og þá var gert.

Samkvæmt þeim upplýsingum lá það fyrir, að þriggja barna fjölskylda með 50 þús. kr. árstekjur lækkaði í útsvari og tekjuskatti um rúmar 900 kr., en jafnstór fjölskylda með 200 þús. kr. árstekjur lækkaði í tekjuskatti og útsvari *um rúmlega 30 þús. kr. M. ö. o.:* hátekjumaðurinn fékk jafnmikla skattalækkun og 33 lágtekjumenn. Ég kalla þetta nokkur tíðindi, og ég kalla það nokkurn vott um það, hver stefnan er í sjálfri skattalagabreytingunni. Þegar svo mjög er gengið á hagsmuni þeirra, sem eru lágtekjumenn og erfiðast eiga, þá er alvara á ferðum að mínum dómi, og mér ofbjóða sannast að segja þær staðhæfingar, sem hv. stjórnarsinnar hafa haldið fram, að hæstv. ríkisstj. hafi afnumið skatta á almennum launatekjum. Það er nýstárleg aðferð að afnema skatta á þennan hátt, að auka dýrtíðina í landinu fram úr öllu hófi með sölusköttum, en lækka aftur á móti beina skatta kannske um nokkur hundruð krónur á sömu fjölskyldu. Ég minnist þess, að eitt blað stjórnarflokkanna, Alþýðublaðið, afsakaði þessa ráðstöfun með því, að það væru margar gildrur lagðar fyrir hátekjumenn. Ég hef nú nefnt eina slíka „gildru". Hún er þessi: 30 þús. kr. skattalækkun á hátekjumanni, þegar lágtekjumaðurinn fær 900 kr. Það er meiri „gildran" þetta! En þegar einn hátekjumaður er farinn að lækka í beinum sköttum yfir 30 þús. kr., verður manni að líta á það, sem hagstofan áætlar meðalfjölskyldu, vísitölufjölskyldu, að lifa á yfir árið, en það eru 4.2 menn. Það mun vera komið í rúmlega 70 þús. kr., sem til þess er ætlað, en það er óneitanlega góð hjálp, sem hátekjumennirnir fá, ef þeir fá um 30 þús. kr. endurgreitt af verðhækkunum, eða um 40% af öllum þeim lífsnauðsynjum, sem fjölskyldan þarf með til að lifa af. Ég held, að það sé ekki ofsögum sagt, að slíkir hátekjumenn græða og græða vel á skiptunum, að lækka svona í beinum sköttum á móts við hina tekjuminni. Það er varla hægt að kalla þetta öðru nafni en því, að hæstv. ríkisstj. hefur gert hátekjumennina „stikkfría" í afleiðingum viðreisnarinnar með þessu móti.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gagnrýndi það hér áðan, að fulltrúi Framsfl. í nefndinni væri á móti þessari framlengingu söluskatts, en kæmi ekki með tillögu um tekjuöflun í staðinn. Ég vil minna hv. frsm. á það, að það er ekki farið að afgreiða fjárl. enn þá, og þá fyrst er tímabært fyrir hann að víta það, þegar hann sér, að það hefur verið samþykkt að fella niður þennan söluskatt og ekki liggja þá till. fyrir frá þeim, sem þá till. gerði, um tekjuöflun í staðinn, því að þetta frv. er ekki fjárlagaafgreiðsla, og hann sér þess vegna ekkert um það nú, hvort eða á hvern hátt framsóknarmenn mundu vilja standa að því máli. Það er því að mínum dómi algerlega tilefnislaust, þegar hann er að tala um, að það sé ekki hægt að taka þetta alvarlega. Alvaran kemur fram, þegar fjárlögin verða afgr. (**Fjmrh.**: En það er ekki að sýna neina alvöru núna.) Ja, ég veit ekki, hvað hæstv. ríkisstj. finnst. Mig minnir, að þegar núv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, hafi þeir aldrei komið með neinar fjáröflunartillögur, þegar þeir voru að gera tillögur um útgjöld þeirrar ríkisstj., — — eða man hæstv. fjmrh. nokkuð eftir því? (**Fjmrh.**: Já.) Nei, það held ég, að geti ekki verið. Ég vildi mælast til þess, að hann nefndi mér dæmi um það, þegar hann kemur hér í ræðustólinn á eftir. (**Forseti**: Við skulum ekki hafa samtöl í ræðunni.)

En af því að hæstv. fjmrh. tekur fram í, dettur mér í hug að leita upplýsinga hjá honum um eitt atriði, sem kom fram í ræðu hans, þegar hann talaði fyrir þessu frv. Hann sagði, að það væri ætlun ríkisstj. að sameina söluskatta og tolla, ef ég hef tekið rétt eftir, með endurskoðun tollalaganna, sem stendur yfir. Er það þá ekki rétt skilið, að það bendi til þess, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að sameina þennan innflutningssöluskatt og verðtoll? Mér dettur þetta í hug, af því að það eru skyldustu álögurnar og söluskatturinn er nánast verðtollur í þessum skilningi. Ef það er meiningin, þá sýnist mér það benda til þess, að hann hugsi sér, að söluskattarnir verði varanlegir undir öðru nafni. En hann sagði annað, sem mér fannst miklu merkilegra en þetta. Hann sagði, að þá mundi verða hægt að lækka tollana verulega. Er nokkur möguleiki að lækka innflutningsgjöld með því að sameina tvo skatta í einn? Og ef það er hægt, af hverju hefur það þá ekki verið gert fyrir löngu? Ég skildi þetta ekki þá. Það getur verið, að ég hafi misskilið hæstv. ráðherra, en mér þætti vænt um, ef hann vildi skýra þetta fyrir mér, því að ég sé ekki nokkra leið til þess, að honum takist að lækka innflutningsgjöld með því að skella saman tveimur í einn, ef hann gerði ekki annað. Ég ætla að bíða eftir því, að hæstv. ráðherra láti mér í té þessar upplýsingar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var rakinn nokkuð aðdragandi þess, og ég ætla, að þá hafi verið sýnt fram á í fyrsta lagi, hverjar ástæður lágu til þess, að þessi 8% innflutningssöluskattur var fyrst lögleiddur snemma árs 1960. Ég benti þá eins og raunar margsinnis áður á þær þrjár ástæður, sem til þess lágu. Svör hv. stjórnarandstæðinga eru þessi: Þeir minnast ekki á nema eina ástæðuna, hún hafi aðeins verið fyrir hendi fyrsta árið, því séu engar ástæður til að framlengja þennan söluskatt.

Ástæðurnar þrjár voru þessar: Í fyrsta lagi, að þegar frv. um söluskatt var samið, nokkrum mánuðum eftir að fjárlagafrv. hafði verið samið, var niðurstaðan sú, að ekki þótti fært að hafa skattinn hærri en 3%. Til að ná þeim upphæðum, sem þurfti, hefði hann þurft að vera nokkru hærri. Í öðru lagi voru stórir flokkar undanþegnir söluskatti, sem í upphafi hafði komið til orða að leggja einnig söluskatt á, eins og mannvirkjagerð í landinu. Í þriðja lagi var svo það, að árið 1960 gat söluskatturinn ekki gilt nema í þrjá ársfjórðunga. Þessi síðasta ástæða átti auðvitað eingöngu við árið 1960. Hinar tvær eiga við áfram, og ég fæ ekki skilið þá röksemdafærslu, að þegar þrjár ástæður liggja til einhverra aðgerða eða lagasetningar og ef ein þeirra á ekki lengur við, þá séu þar með hinar af sjálfu sér úr sögunni. Þessi er röksemdafærsla hv. stjórnarandstæðinga.

Í öðru lagi var sýnt fram á það hér við 1. umr., að það væri uppspuni frá rótum, að fyrirheit hafi verið gefin eða loforð af hálfu ríkisstj. eða minni hendi um það, að þessi skattur mundi alls ekki verða framlengdur, vegna þess að það er skjalfest í umr. frá þingi margsinnis, að ég tók það einmitt skýrt fram, að engin slík fyrirheit væri hægt að gefa, þvert á móti yrði að sjá til haustið 1960, þegar fjárlög yrðu samin eða undirbúin, hvort þyrfti á þessum tekjustofni að halda áfram eða ekki. Ég skal ekki rifja þetta upp frekar, enda var það mál þaulrætt við 1. umr., eins og raunar á tveimur undanförnum þingum ýtarlega.

Nú er óneitanlega dálítið einkennilegur þessi taugatitringur, sem grípur hv. stjórnarandstæðinga út af þessum 8% innflutningssöluskatti, því að þess er að gæta, að innflutningssöluskattur er ekki eitthvert uppátæki, sem núv. ríkisstj. hefur fundið upp á. Innflutningssöluskattur hefur verið hér í gildi lengi. T. d. var 7% innflutningssöluskattur í gildi allan stjórnartíma vinstri stjórnarinnar, án þess að hún gerði nokkuð til að hreyfa þar við. Og ekki aðeins það, heldur man ég ekki betur en sú stjórn, sem þessir hv. þrír þm., sem hér hafa talað við þessa umr. og andmælt frv., studdu, hafi staðið að því, ekki aðeins að halda þessum 7% innflutningssöluskatti, heldur leggja á stórkostleg ný aðflutningsgjöld, sem kölluð voru innflutningsgjöld og lögleidd voru haustið 1956 og síðan hækkuð. Þess vegna er ekki hægt að taka það hátíðlega, þó að þessir hv. þm. séu nú að hneykslast á því, að aðflutningsgjöld séu há, því að ekki aðeins var þeim viðhaldið, heldur stórhækkuð í tíð vinstri stjórnarinnar.

Vitanlega er hægt að ræða um það, og það hef ég komið inn á oft í umr. á Alþingi, að aðflutningsgjöldin í heild eru að mínu viti allt of há. En það er ekki sérstaklega þessi 8% innflutningssöluskattur, sem gerir meiri bölvun en önnur innflutningsgjöld. Vitanlega verð-

ur að taka aðflutningsgjöldin í heild, hvaða nafni sem þau nefnast. Ég sé ekki annað en þau hafi svipuð áhrif á vöruverðið, hvort það heitir 7% innflutningssöluskattur eða innflutningsgjöld eða verðtollur eða verðtollsviðauki eða eitthvað annað þess háttar. Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað ekki það sérstaklega að taka einn lið út úr, einn tekjustofn, einn lið af þessum aðflutningsgjöldum, heldur reyna að lækka aðflutningsgjöldin í heild.

Nú spyr hv. 4. þm. Vestf., hvernig það megi vera, að hægt sé að lækka aðflutningsgjöld með því einu móti að sameina þau, og mig undrar ekki, þó að hann spyrji. Mig undrar það ekki, því að ég hef ekki heldur komið auga á, að með sameiningunni einni væri hægt að lækka aðflutningsgjöld, svo að hann verður að spyrja fleiri en mig til þess að fá svar við þessari spurningu sinni. Þegar ég talaði um, að aðflutningsgjöld mundu væntanlega geta lækkað, þá er það fyrst og fremst af öðrum ástæðum. Ég tel nauðsynlegt að sameina og samræma aðflutningsgjöldin, m. a. til þess að spara vinnu, skriffinnsku og óþarfa tímaeyðslu, bæði hjá því opinbera og hjá atvinnurekendum og innflytjendum. Hins vegar tel ég, að hægt sé að lækka aðflutningsgjöldin af öðrum ástæðum, og það er fyrst og fremst ef tekst að koma í veg fyrir þann gífurlega ólöglega innflutning eða smygl, sem hér hefur átt sér stað um margra ára skeið. Og það er ekkert launungarmál, að þó að smygl hafi vafalaust átt sér stað um langan aldur hér á Íslandi, þá keyrði um þverbak eftir jólagjöf vinstri stjórnarinnar 1956, þegar innflutningsgjöldin voru á lögð og margar vörur hækkuðu svo stórkostlega í verði, og allar skýrslur, hagskýrslur, innflutningsskýrslur, benda til þess, að þá fyrst hafi smygl verulega færzt í aukana. Nú eru í undirbúningi ýmsar ráðstafanir til þess að reyna að draga úr þessu smygli, og það er sannfæring mín, og hún er byggð á áliti margra hinna kunnugustu manna, sem fjalla um tollamál og tolleftirlit hér á landi, að með því að koma einhverju viti í hæð aðflutningsgjaldanna, — en eins og kunnugt er, fara þau upp fyrir 300% á vissum vörutegundum, — með því að koma einhverju viti í þetta og með strangari tollskoðun og tolleftirliti megi draga verulega úr smyglinu. Það þýðir, að miklu meira af vörum kemur undir hinn löglega tollinnflutning, og þar með mundu tolltekjur ríkissjóðs hækka af þeim ástæðum.

Þetta vænti ég að sé fullnægjandi svar til hv. 4. þm. Vestf.

Hv. frsm. 1. minni hl., ætla ég það hafi verið, þ. e. 1. þm. Norðurl. e. (KK), hann sagði, að með því að ákveða framlengingu þessa innflutningssöluskatts í þessu frv. um framlengingu á bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, væri verið að lauma þessum söluskatti hér inn, væntanlega þannig, að hvorki þingmenn né þjóðin tæki eftir því. Mér finnst þetta lýsa ákaflega litlu trausti og trú á athygli alþingismanna, að það muni fara fram hjá þeim, að það sé verið að framlengja skattstofn upp á 188 millj. A. m. k. hef ég ekki þá trú — eða ekki þá vantrú, skulum við segja, á athyglisgáfu þingmanna, að slíkt fari fram hjá þeim, þó að þessi hv. þm. telji alþm. svo skyni skroppna. En út af þessu má einnig taka það fram, að í grg. frv. er alveg sérstaklega skýrt tekið fram, að þetta nýmæli sé í frv., að nú sé aukning 8% söluskattsins tekin þar inn í. Ég ætla, að í framsöguræðu minni hafi það komið allgreinilega fram. Hvað væri unnið við að kljúfa þetta frv. í tvö? Ég sé það ekki. Ég held fremur, að það verði að teljast til aukinnar hagkvæmni í vinnubrögðum að hafa þetta í einu frv. og láta þannig nægja sex umr. í þingi í staðinn fyrir tólf.

En það er annað í þessu máli, sem er rétt að vekja athygli á. Hér er um að ræða, eftir fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fyrir þingið, tekjustofn, sem nemur 188 millj. kr. Hv. stjórnarandstæðingar leggja til, að þessi tekjustofn sé felldur niður. Og á það var bent réttilega af hv. frsm. meiri hl., að varla er hægt að taka þetta alvarlega, þegar engar ábendingar koma fram um það, hvernig á að mæta þessu. Er það ætlun þessara þingmanna að afgreiða fjárlögin þá með þessum greiðsluhalla? Er það ætlunin að fella niður einhverjar ákveðnar fjárveitingar til að mæta þessu — og þær þurfa að vera allríflegar? Eða er ætlunin að afla ríkissjóði tekna á annan veg? Þessu hafa hv. þingmenn ekki svarað, nema hv. síðasti ræðumaður. Hann gefur okkur eiginlega fyrirheit um það, að Framsfl. muni taka það til athugunar fyrir jól, þegar fjárlögin koma til meðferðar. Og það er vissulega góðra gjalda vert, ef við heyrum eitthvað frá honum þá. En einhvern veginn stendur það þannig í mínum huga, að mér fyndist eðlilegra, áður en þessi gr. frv. er felld niður, að þá heyrðist eitthvað frá þessum mönnum, sem vilja fella niður þennan tekjustofn, hvað á að koma í staðinn, en ekki að bíða fram undir jól.

Hv. þingmenn vilja sem sagt fella þennan tekjustofn niður. En það snertir ekki aðeins ríkissjóð. Af þessum tekjustofni eiga sveitarfélögin að fá fimmtung, eða 37.6 millj. kr. Nú er ástæða til að spyrja sérstaklega hv. frsm. 1. minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. e., sem jafnan hefur verið mikill áhugamaður og framámaður um hagsmunamál sveitarfélaganna og er jafnan í trúnaðarstörfum fyrir samband þeirra: Hvers eiga sveitarfélögin að gjalda, að hann ætlar að svipta þau nú tekjustofni upp á 37.6 millj. kr., án þess að hann hafi nokkra till. um það að gera, hvað sveitarfélögin eiga að fá í staðinn? Eða er það ætlun hans að benda sveitarfélögunum á það, að þau eigi bara að hækka útsvörin aftur sem þessu nemur?

Hv. frsm. 2. minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), mælti hér mjög ákaft gegn stefnu núv. ríkisstjórnar í skattamálum. Hann vill hækka aftur beina skatta, en lækka söluskatta og aðflutningsgjöld, að því er virtist. Hann nefndi sig og sína samherja á þessa leið: „Við, sem erum formælendur beinna skatta.“ Nú skal ég ekki í þessu sambandi fara inn á almennar umræður um beina eða óbeina skatta. Ég hef mínar skoðanir á því og fer ekki dult með það,

að ég tel, að við þurfum að gæta hófs í hinum beinu sköttum, þannig að þeir verði ekki til þess að draga úr framtaki manna og vinnusemi, og um leið gæta hófs um hina beinu skatta þannig, að skattsvikin verði ekki stórfelld, eins og þau því miður hafa verið hér á undanförnum árum. Í annan stað hef ég einnig minnzt á það, að við þurfum að lækka aðflutningsgjöldin, sem eru óhóflega há. En mér kemur í hug eitt atriði í sambandi við þessar stefnuyfirlýsingar hv. 5. þm. Norðurl. e., þar sem hann vill draga úr óbeinum sköttum, sölusköttum sérstaklega, en hækka í staðinn beina skatta. Fyrir nokkrum dögum bárust mér í hendur tvær greinargerðir, sem samdar voru af skattamálayfirstjórn Sovétríkjanna, þar sem gerð er grein fyrir stefnu Sovétríkjanna og kommúnistanna þar í skattamálum. Og þar er stefnan þegar mörkuð, alveg ákveðið. Það er byrjað að lækka og afnema tekjuskattinn, þ. e. a. s. beinu skattana, og það er ekki eins og hjá okkur, að hann sé felldur niður á almennum launatekjum, en ætlunin sé að halda tekjuskatti að töluverðu marki á hinum hærri tekjum og atvinnurekstri, heldur er það mörkuð stefna Sovétríkjanna að fella niður allan tekjuskatt og hafa lokið því innan fjögurra ára. Þar er fjögurra eða fimm ára áætlun eins og oft áður hjá þeim ágætu herrum, en það er í árslok 1964, að ég ætla, sem á að vera búið, eftir þessari áætlun kommúnistanna, að fella niður allan tekjuskatt í Sovétríkjunum. (**BjörnJ**: Það skyldi nú koma upp úr dúrnum, að hæstv. ráðh. væri meiri aðdáandi Sovétríkjanna en ég?) Nú hef ég ekkert sagt um aðdáun mína eða gagnrýni á þessu, heldur er ég að skýra frá staðreyndum. Nú er það ekki þannig, að í Sovétríkjunum væri hægt að réttlæta þetta með því, að þar væru allir nokkurn veginn jafnháir í tekjum, því að það vita allir, að óvíða í veröldinni er launamismunur jafnmikill og þar. Gæðingarnir, sem þar eru nú í náðinni, flokksleiðtogarnir og aðrir slíkir, hafa svo margföld laun á við verkamenn, að slíkur launamismunur þekkist ekki þar, sem ég veit til. Og ef þessi gagnrýni hv. þm. er rétt, að við þær tekjuskattsbreytingar, sem hér voru gerðar í fyrra, hafi það verið tekjuhærri menn, sem nutu mests góðs af, hvað er þá að gerast í þessu dýrðarríki þar eystra? Þegar búið er að afnema allan tekjuskatt innan fjögurra ára, ætli það verði þá ekki hátekjumennirnir og foringjarnir, sem hafa haft aðalhagnaðinn og hann margfaldan á við verkamennina? Nú skýri ég ekki frá þessu hér til þess að taka undir þessa stefnu, því þó að ég telji, að lagfæra þurfi mjög skattalög hér, hef ég ekki verið því fylgjandi að fella niður með öllu tekjuskatta eða beina skatta. En ég minni hv. þm. á þetta hér, því að það virðist eftir þessu, að hann sé orðinn ákaflega tæpur á línunni, og ég verð að segja, að mér þykir það leitt, ef þessi hv. þm., sem persónulega er margt gott um, fær nú bágt fyrir hjá húsbændunum þar eystra.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Af ræðum hv. stjórnarandstæðinga hér um þetta mál hefur það komið fram, að þeir eru einkum andvígir hinum svonefnda viðaukasöluskatti í tolli. Ég get ekki tekið undir skoðanir þeirra í þessu máli, þar sem ég held, að til þess að taka afstöðu til ákveðinna skattaálagninga verði maður fyrst og fremst að gera sér grein fyrir tvennu, og það sé í fyrsta lagi, hvort ríkið hafi þörf fyrir þennan skatt, og í öðru lagi, hvort það væri heppilegra að leggja þennan skatt niður og ná þessum tekjum á einhvern annan hátt, með einhverri annars konar skattálagningu. Nú skilst mér á hv. stjórnarandstæðingum, að þeir mæli því ekki móti, að ríkið hafi þörf fyrir þessar tekjur, og þá hlýtur spurningin að vakna um það, hvort ríkið geti aflað þessara tekna að þeirra dómi á einhvern annan heppilegri hátt. Það hafa þeir ekki bent á. Að vísu hefur einn af þessum hv. þm. talað um, að það gæti komið fram við afgreiðslu fjárlaga, en skatta á að leggja á með lögum, en ekki með fjárlögum, þannig að það væri út af fyrir sig grundvöllur fyrir því, að þetta kæmi fram strax. En ef maður lítur til baka til síðasta árs, getur maður í raun og veru ekki tekið þetta alvarlega, sem þeir segja nú, því að þá börðust þeir líka á móti viðaukasöluskattinum í tolli, þá voru þeir beðnir að benda á leiðir, og þá bentu þeir ekki á neinar aðrar leiðir til að afla þessara tekna fyrir ríkið. Og þó að þeir lofi nú einhverjum ábendingum fyrir jól, tekur maður það mátulega hátíðlega.

Þessir hv. þingmenn hafa talað nokkuð almennt um skattamálin og gagnrýnt þá alveg sérstaklega, að þegar hin mikla lækkun fór fram á tekjuskatti, hafi tekjuskatturinn lækkað of mikið að þeirra dómi á hátekjumönnum. Ég vil aðeins minna á, að þegar tekjuskattsfrv. var hér til afgreiðslu á Alþ., báru þessir hv. stjórnarandstæðingar úr andstöðuflokkunum ekki fram neinar tillögur um það, að þeir vildu hafa annaðhvort stigann á hátekjumönnunum óbreyttan frá því, sem hann var áður, eða láta hann lækka minna en frv. ríkisstjórnarinnar gerði ráð fyrir. Það skyldi maður þó ætla að væri frumskylda stjórnarandstöðunnar, þegar hún er að berjast gegn einhverju, að hún bendi þá á, hvað hún vill láta koma í staðinn eða hvort hún vill hafa hitt óbreytt. Stjórnarandstaðan sat hjá, er greidd voru atkv. um þessa gr., og með þeim bágborna fyrirvara, ef ég man rétt, að þeir væru samþykkir sumu, þ. e. a. s. niðurfellingunni á lágtekjurnar, en þeir væru hins vegar andvígir svona mikilli lækkun skatts á háu tekjunum, þess vegna sætu þeir hjá. Það var auðvitað hægt fyrir þá að gera brtt., þó að þeir gerðu það ekki við alla greinina, heldur aðeins hluta úr henni, þannig að þetta var í sjálfu sér engin afsökun.

Það er því í raun og veru dálítið erfitt að rökræða þetta atriði, þar sem það liggur ekkert fyrir, engar ákveðnar tillögur um það frá stjórnarandstöðunni, hvað hún vill í þessu máli.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í skattamálin almennt. Mér fannst, að hv. 5. þm. Norðurl. e. héldi hér alveg sömu ræðuna og í fyrra, og ég ætla ekki að fara að endurtaka hér andsvör mín við henni þá. Það má, alveg eins og

hæstv. fjmrh. drap á, í raun og veru óska þessum hv. þm., 5. þm. Norðurl. e., til hamingju með það, að hann skuli þó hafa haldið þessa ræðu sína um skattamálin hér á Alþ., en ekki á flokksþinginu fyrir austan, því að þá hefði hann hiklaust verið stimplaður flokksfjandi og fengið þá útreið, sem þeir eiga von á, sem slíkan stimpil fá á sig.

Hv. 4. þm. Vestf. (SE) var að gagnrýna söluskattinn og reyndar hneykslast á því, að núv. ríkisstj. hefði lagt þennan skatt á. Ég vil aðeins af því tilefni rifja upp, að þegar flokkur þessa hv. þm. var í ríkisstj., en Alþfl. var utan ríkisstj., var lagður á söluskattur, og sá söluskattur var lagður á án þess, að beinir skattar væru lækkaðir á móti, og hann var lagður á án þess, að hluti af þeim söluskatti gengi til sveitarfélaganna til þess að lækka útsvörin, svo að það situr sízt á þessum hv. þm. að vera að hneykslast á álagningu söluskatts og hans flokksbræðrum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Ég bað hann í fyrri ræðu minni að nefna dæmi um það, hvernig núv. stjórnarflokkur, Sjálfstfl., hefði bent á fjáröflun á árum vinstri stjórnarinnar, þegar hann lagði til að fella mál fyrir þeirri stjórn. En hann nefndi ekkert dæmi, og ég er ekkert að lá honum það, ég get vel skilið það.

Hann taldi ástæðulaust af okkur að vera að fetta fingur út í 8.8% söluskattinn, af því að það hefði verið söluskattur áður, 7.7%. En skiptir það kannske engu máli fyrir fólkið í landinu, hvort 7.7% söluskattur er hækkaður upp í 16.5% og þar á ofan bætt 3% söluskatti af öllum vörum í smásölu? Ef þetta væri nægileg röksemd, mætti alveg eins hækka söluskattinn upp í 80% og segja: Það er ekkert við hann að athuga, því að það var 7% söluskattur hérna áður.

Hæstv. ráðh. taldi heppilegra að sameina þessi gjöld í einn innflutningsskatt eða toll. Ég er ekki að andmæla því, fjarri því, ég býst við, að það sé rétt hjá honum. En ekki eru það meðmæli með söluskattinum að gera hann t. d. að tolli, og ekki er söluskattur sama eðlis og tollur að því leyti, að tollar eru misjafnir á vörutegundum, en söluskatturinn er jafnhár á mestu lífsnauðsynjum manna eins og óþarfavarningnum. Allt þetta mælir gegn söluskattinum.

Hann gat þess, að það mundi spara vinnu að sameina þetta. Það getur verið. En ég geri varla ráð fyrir því, að hann búist við mikilli lækkun innflutningsgjalda með því einu að spara einhverja skrifstofustúlku hjá tollstjóra.

En hann lagði mikið upp úr því, að það þyrfti að afnema smyglið, og það er alveg rétt, það er nauðsynlegt. Reyndar veit ég ekki, hvaðan þeir fá þessar skýrslur yfir smyglið, sem stjórnarblöðin hafa verið að skýra frá og ræðumenn hér á hv. Alþ. Ég undrast það, hvernig þeir skuli geta talið þetta, jafnvel upp á milljónir, hvað smyglið er mikið. Hver heldur skrána yfir þetta? Hæstv. ráðh. sagði, að smyglið hefði alveg keyrt um þverbak á árum vinstri stjórnarinnar. Ekkert man ég eftir, að hann talaði um það þá eða hefði nein gögn í höndum að benda á þetta smygl. Hvaðan fékk hann þessar upplýsingar? Ekki neita ég því, að það mundi kannske hafa áhrif á smygl að lækka innflutningsgjöld og lækka þau þá eitthvað að ráði, þannig að þessir smyglarar græddu verulega minna á því að smygla. En ekki er þetta frv. um það. Það ber allt að sama brunni, það er ekki til að styðja áframhaldandi söluskatt. Og hvernig er hægt að lækka þessi innflutningsgjöld og með því koma í veg fyrir smygl? Ef það er hægt að koma í veg fyrir smygl með einhverjum ráðstöfunum, því hefur þá hæstv. ríkisstj. ekki gert það?

Nei, ég held, að ástæðan fyrir því að taka upp söluskatta í staðinn fyrir beina skatta sé önnur, hún sé sú, að það er náttúrlega auðveldara í innheimtu og að það ívilnar mjög rækilega, eins og ég nefndi, hátekjumönnunum, en leggst með meiri þunga á allan almenning, og með því móti er hægt að fá meiri tekjur, af því að það er allur fjöldinn, sem verður að greiða þessa skatta, um leið og fólkið kaupir í matinn. Ætli þetta sé ekki ástæðan? En út af aðfinnslum þeirra um það, að við gerum ekki ráðstafanir til tekjuöflunar í staðinn fyrir að fella niður þennan skatt, þá er náttúrlega fyrst og fremst því að svara, að þeir, sem hafa skapað þörfina fyrir 16.5% söluskatti, eiga sjálfir að sjá fyrir tekjunum. Hitt sagði ég og stend við, þegar þeir eru að kvarta undan því eða spyrja, hvort við ætlum að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla, að það er ekki verið að afgreiða fjárlög og að þeir ættu að kvarta, þegar að því kemur, en það á ekki heima undir umr. um þetta mál.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki í raun og veru miklu að svara af því, sem hér hefur komið fram, því að bæði hæstv. ráðh., sem hér talaði, og hv. 9. landsk. þm. (JÞ) komu hvergi við það, sem þó var aðalatriðið í minni ræðu. Það væri þá helzt það, að við, sem erum andvígir söluskattinum og sölusköttum yfirleitt, erum krafðir svara um það, hvar við vildum taka peninga í ríkissjóðinn, ef þessi skattur væri afnuminn. Ég verð að segja, að mér finnst það koma úr hörðustu átt hjá mönnum, sem hafa hækkað alla skatta og tolla til ríkissjóðs, eins og ég sagði í minni frumræðu, um rúmar 600 millj. kr. og þessar hækkanir er allar hægt að rekja til þeirrar stjórnarstefnu, sem þeir hafa fylgt, að krefja aðra um það, hvar eigi að taka fé í þá hít, sem þeir hafa skapað. En ég vil þó segja, að raunverulega fólst í minni ræðu fullkomin ábending um það, hvar ætti að taka það fé, sem ríkissjóður missti í, ef söluskatturinn yrði lagður niður. Ég taldi, að hér hefði verið fylgt þeirri stefnu að lækka óhæfilega mikið hlut beinna skatta í ríkissjóð, og sýndi fram á, að þessi tekjustofn hefur lækkað úr því að vera um það bil fimmti partur af ríkistekjunum í það að verða um líklega tólfti til fjórtándi partur, eða úr 20.7% af ríkistekjunum í 6.7%. Þarna

liggur auðvitað meginástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur talið sér nauðugt eða sæmilegt að innheimta þennan skatt. Það má benda á það, að ef hlutur tekjuskatts í heildarskattheimtunni væri nú hinn sami og hann var 1959, þ. e. a. s. rúmlega 20%, næmi tekjuskattur nú til ríkissjóðs kringum 300 millj. kr., eða ríflega 100 millj. kr. meira en hann nú gerir, þótt engar breytingar hafi á orðið, líklega kringum 120—130 millj. meira. Ef tekjuskattar væru nú svipaðir og þeir áður voru, væri því engin þörf á að innheimta þennan skatt.

Þeirri spurningu var að vísu ekki beint til mín, heldur til hv. 1. þm. Norðurl. e., hvort hann vildi lækka hlut bæjarfélaganna í söluskattinum um 37 millj. með því að fella þennan skatt niður. Ég segi fyrir mitt leyti, mér er engin launung á því, að ég teldi hag borgaranna, sérstaklega þeirra láglaunuðu, miklu betur borgið, ef þessar 37 millj. væru lagðar á með stighækkandi útsvörum heldur en með þessum skatti, og ég fyrir mitt leyti mundi ekki hika við að fylgja því, að framlagið til sveitarfélaganna yrði lækkað um þessa upphæð, ef við yrðum þá lausir við þessa skattheimtu. Ég held þess vegna, að það sé alveg ástæðulaust fyrir hv. talsmenn ríkisstj., bæði hæstv. ráðh. og aðra, að vera með nokkrar brýningar í því sambandi, að við getum ekki bent á tekjur handa þeim til að eyða, í sína eyðsluhít, því að við værum vissulega, ef við réðum stefnunni, ekki í neinum vandræðum með þetta.

Þá er það aðeins viðkomandi því, sem hæstv. ráðh. var að fræða okkur hér á, hvernig skattamálum væri varið í Sovétríkjunum. Ég verð að játa, að ég hef ekki þann kunnugleika á, að ég geti dæmt um sannfræði hans í þeim efnum, en efa þó ekki, að hann hafi sagt þar frá alveg eins og hann bezt vissi. En ég held, að hæstv. ráðh. geti sparað sér allar brýningar gagnvart mér í þessu sambandi, að ég þurfi fyrr eða síðar að standa einhvern reikningsskap gerða minna eða stefnu í skattamálum á erlendum vettvangi. En ég hygg, að það sé nokkuð miklu meira en hægt er að segja um hæstv. ráðh. Ég vil t. d. spyrja hann, hvernig það yrði með ákvörðun skatta á Íslandi, ef Ísland gengi í Efnahagsbandalagið, hvort það mundi þá vera Alþingi Íslendinga, sem réði því, hvaða skatta við hefðum hér, hvaða aðflutningsgjöld væru á lögð, og hvort það kynni ekki að fara svo, að hann undir þeim kringumstæðum, að Íslendingar gengju í Efnahagsbandalagið, mundi þurfa að svara til á erlendum vettvangi um sína stefnu í skattamálum. Ég held, að það væri þarfara fyrir hæstv. ráðh. að hugleiða þetta heldur en vera að brýna okkur Alþb.-menn á því, að við viljum ekki fylgja hér sömu stefnu í skattamálum og sovétstjórnin gerir. En samkv. lýsingu hæstv. ráðh. virðist ríkisstj. hafa sótt sína fyrirmynd fyrst og fremst þangað, ef allt er rétt, sem hann hefur um það sagt.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þar sem þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram á þessu frv. af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, hefur nú þegar verið svarað af hæstv. fjmrh. og hv. 9. landsk., get ég verið hér mjög stuttorður. En ég spurði að því í framsöguræðu minni, hvað ætti að koma í staðinn fyrir þann stóra tekjustofn fyrir ríkið, sem hér er um að ræða, eða hvaða útgjöld ætti að fella niður á móti þessum skattstofni, og komst þannig að orði, að meðan það lægi ekki fyrir, væri varla hægt að taka alvarlega till. um að fella þennan skattstofn niður. Ég tel þá litlu tilburði, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haft til þess að svara þessu, algerlega ófullnægjandi. Að vísu boðaði hv. 4. þm. Vestf. jólagjöf til þings og þjóðar, að mér skildist, frá Framsfl. og sú jólagjöf mundi vera fólgin, að manni skildist, — þar sem skattar eru nú ekki ákveðnir með fjárlögum, eins og hv. 9. landsk. réttilega tók fram, — í svo stórfelldum niðurskurði útgjalda hins opinbera, að með góðu móti sé hægt að fella niður nær 200 millj. kr. skattstofn. (**SE:** Sagði ég þetta?) Já. (**Gripið fram í:** Ég hef ekki heyrt það.) Ja, ég man ekki betur en hv. þm. segði eitthvað sem svo, að við stjórnarsinnar skyldum bara bíða rólegir til jóla. Við fögnum því, hugsa ég, allir, að eiga von á þessari ágætu jólagjöf, en meðan ekki hefur verið gefið neitt í skyn um það, í hverju hún sé fólgin, þá er þó varla hægt að mæla með því, að það stóra skref verði tekið til þess að lækka tekjur ríkissjóðs, sem vera mundi, ef fella ætti söluskattinn niður.

En viðvíkjandi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. tel ég ekki ástæðu til þess nú að fara út í það að ræða um beina eða óbeina skatta almennt. Þetta var gert ýtarlega á síðasta þingi, þegar skattamálin voru til meðferðar þá, og gefst sjálfsagt tóm til þess, áður en þessu þingi lýkur, þegar skattafrumvörp þau, sem boðuð hafa verið, verða lögð fram. En ég vil aðeins leyfa mér að minna hv. þm. á það, af því að hann talaði þannig, að tekjuskattar snertu eiginlega ekki neina aðra en hátekjumenn, þannig að verkamenn og öll alþýða manna fyndi ekki neitt fyrir slíkum sköttum, að það var fyrir 2—3 árum, eða áður en núverandi hæstv. ríkisstjórn kom til valda, þegar skattamál voru til umræðu hér á Alþ., að einn af flokksbræðrum hans, hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), bar fram till. um það að gera skattfrjálsar tekjur verkamanna og sjómanna af yfirvinnu og færði fyrir því þau rök, að í sínu byggðarlagi væri nú svo komið vegna hárra tekjuskatta og útsvara, að verkamenn teldu það alls ekki borga sig að vinna að sjávarafla, ef um eftirvinnu og næturvinnu væri að ræða. Þess vegna lagði hv. þm. til, að eftirvinna og næturvinna við verkun útflutningsafurða yrði gefin skattfrjáls. Þessi till. var samþ. á því þingi. Síðar kom það að vísu í ljós, að ekki mundu verða tök á af tæknilegum ástæðum að framkvæma þetta. En hvað sem því líður, þá hefur það sjálfsagt ekki verið úr lausu lofti gripið hjá þeim hv. þm., að full ástæða væri til þess að leiðrétta hina háu tekjuskatta og útsvör, einmitt vegna þess, hve þungt það kom til að bitna á yfirvinnu verkamanna og sjómanna. Þetta var skoðun hv. þm. á þeim tíma, og ég veit ekki betur en að till.

hans hafi verið studdar af öllum hv. þm. Alþb. Nú talar hv. þm. hins vegar um þessi mál þannig, að það að lækka tekjuskatt og útsvör sé nokkuð, sem aðeins komi hátekjumönnum til góða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓB, JKs, AuA, BGuðm, FS, GTh, JÁ, JÞ, EggÞ.
nei: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK.
2 þm. (FRV, KJJ) fjarstaddir.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 11. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Sumir tekjustofnar ríkissjóðs, gjöld og gjaldaviðaukar, hafa um langan aldur verið framlengdir frá ári til árs. Það er einnig efni þessa frv. að framlengja, þannig að gildi fyrir árið 1962, ýmis þau gjöld og gjaldaviðauka, sem hér eru talin. Sum þeirra hafa verið framlengd á þennan hátt í áratug eða meira. Tvö nýmæli eru hins vegar í þessu frv., annars vegar heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum, en slík heimild hefur verið í öðrum lögum áður, og hins vegar, að inn í þetta frv. er nú tekin framlenging fyrir árið 1962 á 8% viðbótarsöluskatti á innfluttum vörum.

Ég vil taka það fram, að tollskráin er í endurskoðun, og hefur verið unnið að þeirri endurskoðun síðan skömmu eftir að núv. stjórn var mynduð. Ætlunin er með þeirri nýju tollskrá að sameina og samræma sem flest af aðflutningsgjöldum, sem ríkissjóður hefur nú, og m. a. ýmislegt, sem er talið í þessu frv. Það er ekki hægt að fullyrða um það enn, hvenær hin nýja tollskrá verður tilbúin. Það var stefnt að því, að reynt yrði að koma henni fyrir yfirstandandi þing, en það er hæpið, að það takist, en fyrir haustþingið 1962 ætti það frv. að vera tilbúið.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2 umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 26., 27. og 28. fundi í Nd., 27., 28. og 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 3, n. 139, 147 og 148).

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Frv. á þskj. 3. heimilar ríkisstj., ef að lögum verður óbreytt, að innheimta ýmis gjöld til ríkissjóðs með álagi og að fella niður tolla af einstökum vörutegundum, sem inn eru fluttar, svo sem verið hefur um alllangt skeið. Hefur sá háttur jafnan verið hafður á að framlengja árlega slíkar heimildir með sérstökum lögum í stað þess að breyta ákvæðum um gjaldahækkunina í hverjum lagaflokki fyrir sig. Má sjálfsagt deila um þetta form, sem hér hefur verið haft á, en meiri hl. Alþingis hefur jafnan fallizt á þessa meðferð og ekkert haft efnislega við hana að athuga, þegar framlenging laganna hefur farið fram, þ. e. a. s. hvað snertir tekjuákvæðin. Þessi mál hafa því jafnan verið samþykkt ágreiningslaust hér á Alþingi árum saman.

Ákvæði í fyrstu fjórum greinum frv. eru óbreytt frá því, sem þau áður hafa verið, og geta tæplega valdið nokkrum ágreiningi nú í þetta skipti. Hins vegar er það nýmæli í frv. að taka upp, svo sem gert er í 5. gr., ákvæði um það, að ákvæði laga nr. 10 frá 1960, um söluskatt, skuli gilda fyrir árið 1962, en ákvæði þetta fellur úr gildi 31. des. þ. á., ef það verður ekki framlengt, annaðhvort með sérstökum lögum eða sem breyting á fyrrnefndum lögum um söluskatt. Efni þessa ákvæðis er að framlengja 8% viðbótarsöluskatt og láta ⅛ þeirra upphæðar ganga til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ég vil taka það fram, af því að það gæti valdið nokkrum ágreiningi, eins og frv. er samið, hvort áfram héldist það ákvæði, að ⅛ hluti þessarar upphæðar gengi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, að ég hef borið þetta undir hæstv. fjmrh., sem fullyrðir, að það sé meining ríkisstj., að þannig beri að skilja frv., að það haldist óbreytt ákvæði, eins og það var, þannig að einnig ⅛ hluti þessarar upphæðar gangi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Með þessu ákvæði er ekki tekin upp nein ný regla um heimild til þess að framlengja gildandi ákvæði um tekjur ríkissjóðs, og mundi koma efnislega í sama stað niður, hvort heldur ákvæði væri tekið upp í þetta frv. eða borið fram og samþykkt breyting á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, svo framarlega sem ákvæðinu yrði haldið þar óbreyttu, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að þessar tekjur séu allar óbreyttar.

Fjhn. þessarar hv. deildar hefur athugað þetta frv. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem settar eru fram í brtt. á þskj. 139, en breytingin er við 4. gr. Þykir breyting þessi nauðsynleg vegna laga um lækkun tolla, sem samþykkt var hér 20. þ. m.

Tveir nefndarmenn, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Austf., vilja ekki leggja til, að frv. verði samþykkt og gera að sjálfsögðu grein fyrir afstöðu sinni við þessa umr.

Ég legg til fyrir hönd meiri hl. fjhn., að frv.

verði samþ. með þeirri breyt. á 4. gr., sem borin er fram á þskj. 139.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga er gamall kunningi okkar. Í 1. gr. frv. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilt að innheimta á næsta ári nokkur gjöld með viðauka. Sömuleiðis eru ákvæði í 3. gr. um, að bifreiðaskattur og fleiri gjöld skuli innheimt á næsta ári einnig með viðaukum. Í 4. gr. er einnig ákvæði um hækkanir á tollum og heimild til að fella niður ýmis aðflutningsgjöld af fáeinum vörutegundum. Þau ákvæði, sem ég hef hér nefnt, hafa öll verið í lögum undanfarin ár og gilda fyrir árið, sem nú er að líða. Lagaákvæði þessi hafa um allmörg ár verið framlengd fyrir eitt ár í senn.

En í 5. gr. er ákvæði, sem ekki hefur áður verið í lögum um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga. Í 5. gr. segir, að gilda skuli til ársloka 1962 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum. En slík ákvæði eru nú í bráðabirgðaákvæðum við lög nr. 10 frá 1960, um söluskatt.

Hér er komið eitt af vandræðabörnum hæstv. ríkisstj., sem hún ætlar að hola niður á þessum stað. Fyrir tæpum tveimur árum, þegar stjórnin lagði fyrir Alþingi frv. til fjárlaga fyrir árið 1960, lét hún það fylgja því frv. í athugasemdum, að ekki væri áformað að breyta söluskatti af innflutningi. En það góða áform að hækka ekki söluskattinn var fljótlega lagt á hilluna, því að fáum vikum síðar lagði stjórnin fyrir þingið frv. sitt um söluskatt, og var þar m. a. lagt til, að þessi söluskattur af innflutningi yrði meira en tvöfaldaður. Átti það þó í fyrstu aðeins að gilda fyrir árið 1960 og gefið í skyn, að hann mundi ekki verða framlengdur. Svo fór þó, að á síðasta þingi var þessi viðbótarsöluskattur framlengdur fyrir árið, sem nú er að líða. Og enn er svo óskað framlengingar á þessum skatti.

Söluskattur í heild hefur hækkað ákaflega í tíð núv. ríkisstj. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1960 hafa verið innheimtir söluskattar á því ári að upphæð um það bil 439 millj., þar af fóru 56 millj. í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en hitt í ríkissjóðinn. Og þetta fer hækkandi. Í fjárlögum fyrir 1961 er áætlað, að söluskattarnir geri alls 509.5 millj., þar af í ríkissjóð 438½ millj. Og í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, frv. til fjárlaga fyrir 1962, er gert ráð fyrir því, að söluskattarnir nemi í heild 553 millj. kr., þar af í ríkissjóð 475 millj., en 78 í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þetta er því mikið fé, sem innheimt er með þessum hætti.

Þegar ákvæði um viðbótarsöluskattinn af innflutningi var framlengt á síðasta þingi, þá tel ég, að hæstv. stjórn hafi haft að forminu til rétta aðferð við það. Hún bar þá fram frv. um breyt. á l. um söluskatt, en í þau lög var þetta ákvæði upphaflega sett. Stjórnin bar á síðasta þingi fram frv. um það, að framlengingin yrði ákveðin í söluskattslögunum sjálfum, breytingum á þeim. En eins og áður segir, þá er nú breytt til að þessu leyti. Nú er það ætlun stjórnarinnar að koma þessu ákvæði inn í það frv., sem hér liggur fyrir, en það má í raun og veru segja, að þær álögur, sem um er að ræða í því frv., séu orðnar fastir tekjustofnar hjá ríkinu, þó að sá háttur hafi verið á hafður undanfarið að framlengja lagaákvæðin fyrir eitt ár í senn. Ég tel, að ef stjórnin telur þess þörf að leggja á þennan viðbótarsöluskatt enn á næsta ári að meira eða minna leyti, þá hefði hún átt að hafa sama hátt á og í fyrra að flytja um þetta sérstakt frv. um breytingu á söluskattslögunum að þessu leyti. Það er einmitt brýn þörf að taka þau lög til endurskoðunar, ýmis ákvæði þeirra. Það er þörf á því að koma þar inn ákvæðum um fleiri undanþágur en nú eru fyrir vissar vörur. Það væri einnig þörf á því að setja inn í þau lög ákvæði um það, að skýrslur um álagningu skattsins skuli liggja frammi almenningi til sýnis, á sama hátt og skýrslur um álagðan tekjuskatt og útsvör liggja árlega frammi í þeim skattumdæmum, þar sem gjöld þessi eru á lögð. Þetta tel ég að þyrfti að gera, því að í því væri fólgið nokkurt aðhald fyrir þá, sem kunna að vilja skjóta sér undan að skila söluskattinum, sem þeir innheimta fyrir hið opinbera.

Ég tel af þessum ástæðum ekki rétt að ákveða framlenginguna á viðbótarsöluskattinum í því frv., sem hér liggur fyrir, og flyt till. um það á þskj. 147, að 5. gr. frv. verði felld úr því. Verði hins vegar ekki á það fallizt af hv. þdm., þá flyt ég einnig á sama þskj. varatill. Hún er um það, að við 5. gr. bætist: „Af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra, nr. 12a og 12b í 72. tollskrárkafla, greiðist enginn söluskattur."

Eins og ég gat um áður, tel ég, að það þyrfti að gera ýmsar breytingar á söluskattslögunum. Það er erfitt að koma því við að flytja slíkar tillögur, þegar ákvæðinu er skotið aðeins inn í eina grein í frv., eins og það, sem hér liggur fyrir. Ég hef því að svo stöddu a. m. k. aðeins flutt í minni varatillögu till. um það, að hjóladráttarvélar og hlutar til þeirra verði undanþegin söluskatti. Þegar hér var til meðferðar fyrir skömmu frv. ríkisstj. um lækkun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum, bar ég fram till. um það, að dráttarvélarnar yrðu gerðar tollfrjálsar. Þessi till. mín var felld, en ég vil hér gera tilraun til þess að fá þessi nauðsynlegu tæki undanþegin söluskatti. Eins og ég gerði grein fyrir í umr. um það mál, eru opinber gjöld af þessum dráttarvélum og hlutum til þeirra svo há, að hneykslanlegt er. Af dráttarvél, sem nú kostar rúmlega 105 þús. kr. til kaupandans hér, fara 26850 kr. í tolla og söluskatt, eða meira en fjórði hlutinn af heildarverðinu. Og af þessum álögum til hins opinbera eru 16377 kr. söluskattar. Væntanlega þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þdm., að dráttarvélarnar eru ómissandi tæki fyrir þá, sem stunda landbúnað. Það má segja, að það sé ekki unnt að reka búskap nú án þessara véla. Og ég tel það algerlega óverjandi að heimta svo mikið í ríkissjóð, eins og nú er gert af þessum nauðsynlegu tækjum. Ég vil vekja athygli á því, að þó að samþ. verði till., sem ég ber hér fram um að undanþiggja vélarnar söluskatti, þá er

tollurinn eftir eða tollarnir, vörumagnstollur og verðtollur, sem gera til samans rúmlega 10 þús. kr. á hverja dráttarvél.

Ef fallizt verður á aðaltillögu mína um að fella burt 5. gr. í frv., þá geri ég ráð fyrir, að þetta mál komi til athugunar síðar í sambandi við breytingar á söluskattslögunum, en verði sú brtt. mín felld að nema burt 5. gr., þá vænti ég þess, að menn geti fallizt á þessa varatillögu mína að undanþiggja dráttarvélarnar sölusköttum.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjhn., gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég hef því skilað sérstöku nál. á þskj. 148. Ég tel, að það sé full ástæða til þess að nema staðar, eins og nú er komið, í sambandi við framlengingu á öllum þeim tolla- og skattaákvæðum, sem í gildi hafa verið, eftir að skattheimta ríkisins hefur raunverulega aukizt jafnmikið og raun er á, því að við tvær gengisbreytingar, sem nú hafa átt sér stað á stuttum tíma, hefur skattheimta ríkissjóðs einmitt í gegnum gildandi tollaákvæði og söluskattsákvæði raunverulega stóraukizt. En auk þess er svo að finna í þessu frv., í 5. gr. þess, ákvæðin um viðbótarsöluskattinn af innfluttum vörum, sem ákveðinn var árið 1960 og er 8% söluskattur af öllum innfluttum vörum. Sá skattur var lagður á á sínum tíma sem bráðabirgðaskattur, og það var fyllilega gefið í skyn, að þessi skattur ætti ekki að standa nema mjög takmarkaðan tíma. Ég og við Alþýðubandalagsmenn vorum á móti þessum skatti, þegar hann var á lagður, og við getum enn þá síður verið með honum, eins og málin eru nú komin, og við erum því algerlega á móti 5. gr. þessa frv.

Ég skal ekki fara í sambandi við afgreiðslu þessa máls út í skattheimtuna almennt, þó að nokkur ástæða væri til þess að rifja upp, hvernig komið er með skattheimtu ríkissjóðs. En ég tel, að hún hafi aukizt svo stórkostlega nú síðustu árin, að það sé full ástæða til þess að nema hér staðar og endurskoða ýmis þau ákvæði, sem er að finna í þessu frv., og sérstaklega að nema staðar að því leyti til að framlengja ekki aftur innflutningssöluskattinn, sem um ræðir í 5. gr. frv. Ég mun því verða með till. um að fella niður 5. gr. frv., en get auk þess ekki fylgt frv. óbreyttu þrátt fyrir það, því að ég tel, að þessi skattheimta, eins og nú er komið, eigi ekki rétt á sér, og lýsi því yfir andstöðu minni og míns flokks við frv. sem heild.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. og 2. minni hl. í fjhn. hafa nú gert grein fyrir afstöðu sinni, og hefur þar lítið komið fram annað en það, sem sagt er í nál. á þskj. 147 og 148.

Í nál. á þskj. 147 kemur greinilega fram, og er hv. 1. þm. Norðurl. v. raunverulega samþykkur því, að allar greinar þess frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 3, hefur Alþingi jafnan samþykkt, að undanskilinni 5. gr., enda er hér sá háttur hafður á, sem hefur verið hafður á um langt árabil og hann hefur verið með að samþykkja árum saman með öðrum í fjhn. þessarar hv. deildar. Um þau atriði þarf því ekki að deila við hv. frsm. 1. minni hl.

Hins vegar hefur hv. frsm. 2. minni hl., hv. 4. þm. Austf., lýst því yfir, að þessu sé hann einnig andvígur, hann vilji láta fella frv. allt, því að hann telji, að ríkissjóður þurfi ekki á þeim tekjum að halda, sem fyrstu fjórar greinar frv. ræða um. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að fyrir þessu þingi liggja nú ýmis frumvörp frá stjórnarandstöðunni og m. a. frá hv. flokksmönnum hv. 4. þm. Austf., sem krefjast allmikilla útgjalda, svo og frá Framsfl., þar sem ekki er bent á neinar sérstakar leiðir til þess að mæta þeim útgjöldum, og verð ég þá að líta svo á, að þegar hér koma tillögur um að fella þessi gjöld niður, sé það viðurkenning á því, að þau frumvörp eigi einnig að fara í körfuna, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum og hér lagt til að lækka verulega þá tekjustofna ríkisins, sem nú eru, ef þessar tillögur væru samþykktar, og er óþarft að ræða frekar um það. Báðir hv. þm. eru andvígir því, að 5. gr. verði samþykkt, m. a. vegna þess, að hér sé farið inn á nýjar brautir, að taka inn ákvæði úr öðrum lögum og framlengja það með þessum sérstöku lögum, sem hér eru til umræðu. Þessi afsökun er ekki veigamikil, því að það má alveg eins segja, að það ætti að taka upp þá reglu, sem ég út af fyrir sig hefði ekkert á móti, að breyta öllum þeim lögum, sem hér er verið að framlengja, með breytingu á lögunum sjálfum og gera þetta þannig að föstum tekjustofnum. En bæði er nú það, að það mundi taka miklu lengri tíma en eftir er til áramóta, en þá falla þessi ákvæði úr gildandi lögum, og auk þess væri þá um leið alveg ákveðið, að þetta skyldu vera óbreyttir framtíðartekjustofnar. Það má e. t. v. segja um þá tekjustofna, sem eru í fyrstu fjórum greinunum, að þeir séu orðnir fastir og að þeim verði ekki hreyft, en það er svo samt, að ég minnist þess, að fyrir tveimur árum, er framlengja skyldi hér skemmtanaskatt, að þá tókst hv. 1. þm. Norðurl. v. að halda hér á fjórða klukkutíma ræðu um það atriði, svo að ekki sýndist hann vera þá alveg sammála um, að það bæri að halda þessum skatti. En væri farið inn á þá leið núna að taka ákvæðin upp í sjálf lögin, þá væri sú hætta á ferðinni, að ekki væri hægt að koma þeim málum fram öllum saman fyrir áramót, og þess vegna hefur þessi háttur verið hafður á, og í eðli sínu er ekkert við það að athuga út af fyrir sig. Það er hins vegar opin leið fyrir hvaða þm. sem er að bera fram brtt. við söluskattslögin. Ég geri ekki ráð fyrir, að þær brtt. yrðu útkljáðar fyrir áramót. En ef meiri hl. Alþingis féllist á að breyta þeim lögum, þá yrði það gert, áður en þingi er slitið og þá vitanlega kæmu þar inn ákvæði, hvort hækka skyldi þetta gjald, sem hér um ræðir, og kæmi þá í sama stað niður, ef fyrir því er hér meiri hluti á þinginu.

En ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að væri þessi skattur felldur niður, þá eru um leið felldir niður verulegir tekjustofnar fyrir sveitarfélögin. Þessi skattur, sem

hér um ræðir nú og er hugsað að framlengja, sýnist mér gefa ekki minna en 47 millj. kr. til sveitarsjóðanna, og ég held, að bæði hv. 1. þm. Norðurl. v. og 4. þm. Austf. ættu þó a m. k. að gera einhverja tilraun til þess að koma með tillögur um, hvernig ætti að mæta þeirri tekjurýrnun fyrir sveitarfélögin, sem ég geri ráð fyrir að þeir beri nú meiri umhyggju fyrir en sjálfum ríkissjóðnum. En um það er heldur ekkert, hvorki í nál. né heldur kom um það nokkuð fram í ræðum þeirra.

Ég sé því ekki, að þau ummæli, sem hv. minni hl. hefur haft um þetta mál og byggt á till. sína um að fella frv., eins og hv. 4. þm. Austf. hefur gert, eða till. um að fella niður 5. gr., séu á rökum reist, og því held ég fast við þá till. meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 139 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 147 felld með 18:13 atkv.

— 147 varatill. felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IG, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EystJ, GJóh, HÁ, HS.

nei: JóhH, JP, JR, MÁM, SvE, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, HH, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, RH.

5 þm. (IngJ, EOl, GeirG, GíslG, GÞG) fjarstaddir.

5.—6. gr. samþ. með 21:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 167).

Of skammt var liðið frá 2 umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JP, JR, MÁM, SvE, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, HH, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, RH.

nei: KGuðj, LJós, EðS, GJóh, HV.

IG, JSk, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EystJ, GíslG, HS greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOl, GeirG, GÞG, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til einnar umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga var lagt fyrir þessa hv. deild og afgreitt hér. Síðan fór það til Nd. Á meðan var afgreitt frá Alþingi frv. um lækkun á ýmsum aðflutningsgjöldum, og til samræmis við þau lög voru í Nd. sett inn ákvæði í 4. gr. þessa frv. í niðurlagi II. töluliðar, þar sem bætt var við orðin: „Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar“ — síðan kemur viðbótin: „svo og vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 90 frá 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.“ Þetta var nauðsynleg lagfæring á frv. í samræmi við tollalækkunarfrv. Af þessum ástæðum er málið komið aftur hingað til þessarar hv. d. Ég veit ekki, hvort hv. fjhn. óskar eftir að fá málið til meðferðar, en ef ekki koma fram óskir um það, þá legg ég til, að frv. sé samþykkt svo breytt.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að óska eftir því, að málið færi til nefndar. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert að athuga við þá breytingu, sem gerð hefur verið á því í hv. Nd. Hins vegar finnst mér, að úr því að þetta mál hefur verið ómakað hingað til Ed., þá sé rétt að gera efni þess fyllra en það eitt að fallast á brtt., sem sett var inn í Nd.

Þegar frv. var flutt hér og afgr. hér í fyrra mánuði, flutti ég við það brtt. um það, að 5. gr. félli niður. Ég gerði grein fyrir þeirri till. og ástæðum til flutnings hennar og sé ekki ástæðu til að endurtaka þá grg. Till. var felld, og þar af leiðandi er ekki grundvöllur fyrir því að flytja hana aftur, þó að ég hins vegar telji, að 5. gr. ætti að falla niður. Ég tel rangt að vígja þennan viðbótarskatt til varanleika með því að negla hann í þetta árvissa frv. gamalla framlenginga. En um það skal ég ekki eyða fleiri orðum. Það er komið sem komið er. Hins vegar vil ég gera till. um að bæta við 5. gr. ákvæði um, að enginn söluskattur greiðist af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra. Algeng dráttarvél, sem bóndi kaupir, er nú komin yfir 100 þús. kr. að verði til hans. Aðflutningsgjöld og söluskattur af slíkri vél eru um 27 þús. kr. Þetta eru óheyrilegar álögur til ríkisþarfa á svo nauðsynleg tæki. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. felldu till. frá mér um afnám tolla á þessum tækjum, þegar tollalækkunarfrv. var á ferðinni hér í þessari hv. d. Nú vil ég gera tilraun til að prófa á ný hug þeirra í garð bændanna með því að leggja fram till. um afnám söluskattanna á þessum áhöldum. Það mun, ef sú till. yrði samþykkt og söluskattarnir felldir niður, muna í verði vélarinnar um nálega 16½ þús. kr. til lækkunar. En þrátt fyrir það mundi bóndinn, sem kaupir dráttarvélina, greiða um 10½ þús. í tollum af verði hennar til ríkisins. Og nú spyr ég: Getið þið ekki, hv. stjórnarstuðningsmenn, talið það ærið nóg, eins og nú er komið verði þessara hluta? Og þegar á það er litið, að gert er þarna ójafnt undir höfði bónda og útgerðarmanni, þá er það sterk ástæða til þess að samþykkja þessa till. Útvegsmaður-

inn fær vél í nýjan bát tollfrjálst og innflutt skip einnig. Sömuleiðis fær útgerðarmaðurinn radartæki, fisksjár og dýptarmæla án söluskatta. Ég veit ekki, hvaða grundvallarskoðun hefur verið hjá þeim, sem greiddu atkv. á móti því, að tollum væri létt af þessum hlutum. En svo hafa menn líka fulla ástæðu til þess að endurskoða afstöðu sína, og ég vil minna á það, sérstaklega hv. sjálfstæðismenn, að síðan þessar tillögur mínar voru felldar, sem ég gat um áðan, hefur komið í Morgunblaðinu mjög sterkorð grein frá málsmetandi bónda í Suður-Þingeyjarsýslu, sjálfstæðismanninum Hermóði Guðmundssyni frá Sandi, bónda í Árnesi, þar sem hann gerir þá réttmætu kröfu, að búvélar sitji við sama borð að því er tollgreiðslur snertir og söluskatta og áhöld til útgerðarinnar. Ég bendi á þetta vegna þess, að ég er þess fullviss, að þetta er almenn krafa bænda, hvar í flokki sem þeir eru, og hún er almenn vegna þess, að hún er réttmæt. Ég leyfi mér að skora á alla hv. þdm. að samþykkja till. mína, sem ég legg hér fram, en hún er breyting við 5. gr. á þá leið, að við hana bætist:

„Af hjóladráttarvélum og hlutum til þeirra, nr. 12a og 12b í 72. tollskrárkafla, greiðist enginn söluskattur."

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. Hún er skrifleg, af því að það er ekki tóm til þess að leggja hana fram öðruvísi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 171) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 171 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB.

nei: BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

1 þm. (FRV) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 172).

6. Innflutningur á hvalveiðiskipum.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 13. júlí s. l., þar sem heimilað var að veita h/f Hval leyfi til innflutnings á tveim hvalveiðiskipum, enda þótt þau bæði hafi verið eldri en 12 ára, þegar leyfið var gefið út.

Eins og kunnugt er, hefur þetta félag, hlutafélagið Hvalur, rekið hér hvalveiði með miklum myndarbrag allmörg undanfarin ár. Það varð fyrir því óláni í sumar, um miðjan júnímánuð s. l. eða rétt í byrjun hvalveiðivertíðarinnar, að eitt af skipum félagsins gereyðilagðist, og þar sem fleiri voru á fallanda fæti, sótti félagið um leyfi til kaupa á tveim nýjum skipum til viðbótar sínum fyrri skipastóli. Eftir nokkra eftirgrennslan komst félagið að því, að það mundi geta fengið keypt tvö skip, sem hentuðu mjög vel fyrir þennan rekstur, og ákvað að kaupa þau, ef leyfi fengist til þess, en bæði skipin voru eldri en svo, að hægt væri að flytja þau inn án sérstaks leyfis og þá sennilega, þó að það sé ekki alveg öruggt, án sérstakrar lagasetningar. Annað skipið var 14 ára gamalt og hitt tæplega 16 ára. Þessi skip voru, eins og ég sagði, að því er virtist mjög hentug til þessa veiðiskapar og fengust við mjög góðu verði, að því er talið var. Umsagnar skipaskoðunarstjóra var leitað um þetta, og hann lét skoða annað skipið, en að vísu ekki hitt, en taldi, að þau væru svo lík, að eitt gilti fyrir bæði, ef ekkert sérstakt kæmi í ljós, en kaupandi hafði áður kynnt sér, að það væri ekkert sérstakt athugavert við skipin. Skipaskoðunarstjóri segir svo í lok bréfs um þetta efni til rn., með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir þetta ákvæði laganna er ég því meðmæltur, að innflutningur þessara tveggja hvalveiðibáta verði leyfður, hvort sem til þess þarf lagaheimild eða ekki, því að hér er um mjög hagkvæm kaup að ræða og þessi tvö skip eru mun nýrri, stærri og því betur hæf til hvalveiða en þau íslenzk skip, sem nú stunda þessar veiðar."

Ég tel mig ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð, málið virðist liggja svo augljóst fyrir, en vildi aðeins leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni yrði frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 145).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt þau séu eldri en 12 ára, er samhljóða brbl., sem út voru gefin 13. júlí s. l. Skip þessi, sem hér um ræðir, munu vera byggð 1945 eða 16 ára gömul. Þau eru talin í góðu lagi og henta vel til hvalveiða. Skipin eru bæði þó nokkru stærri og gangmeiri en hin eldri skip félagsins, sem það hefur starfrækt á undanförnum árum.

Hvalveiðistöðin hefur jafnan verið starfrækt með fjórum veiðiskipum. Alls eru nú í eigu félagsins 7 skip að nafni til. Eitt þeirra er þó talið hafa gereyðilagzt á s. l. sumri. Aflvél þess mun hafa brotið sig niður svo mikið, að ekki verður endurbætt. Til viðbótar er það talið tímaspursmál, hve lengi verður unnt að halda úti þremur af hinum eldri skipum félagsins, enda eru þau öll mjög gömul. Það elzta er byggt 1925 og hin litið eitt síðar.

Svo sem fram kemur í nál. sjútvn. um mál þetta, mælir hún samhljóða með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Kjartan J. Jóhannsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að mæla með því, að frv. verði samþ. og því verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, er hingað komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið afgreitt, að ég ætla ágreiningslaust. Það er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 13. júlí s. l. um sama efni. Þannig stóð á þá, að eitt af skipum h/f Hvals, eitt af veiðiskipum þess félags, hafði bilað svo alvarlega, að það var talið nær ógerlegt að láta gera við það, enda svo gamalt orðið, að þegar af þeim orsökum orkaði það mjög tvímælis. Um sama leyti fékk þetta félag tilboð í tvö skip, sem talin voru henta þessari útgerð mjög vel, en sá galli var á, að þau voru bæði eldri en 12 ára. En til þess að skipaskoðunarstjóri geti mælt með innflutningi skipa, mega þau ekki eldri vera en 12 ára samkv. lögum um eftirlit með skipum. Nú var það hins vegar upplýst, að skipin voru annað 15, en hitt 16 ára, byggð 1946 og 1945, en bæði í ágætu ástandi, að því er talið var, og fáanleg fyrir mjög gott verð. Sem sagt, framkvæmdastjóri félagsins, Loftur Bjarnason, sótti mjög eindregið eftir því að fá þessi skip innflutt, og eins og kunnugt er, hefur hans fyrirtæki verið rekið með miklum myndarbrag og hann út af fyrir sig sjálfur mjög vel dómbær um þessa hluti, en hann hafði skoðað þau, áður en þessi umsókn kom fram.

Í bréfi skipaskoðunarstjóra til rn., sem dagsett er 11. júlí í sumar, er látin í ljós sú skoðun, þrátt fyrir ákvæði þeirrar greinar í lögum um eftirlit með skipum, sem ég minntist á, um það, að ekki væri unnt að mæla með innflutningi á 12 ára skipi eða eldra, þá er hann eindregið því fylgjandi, að innflutningur þessara tveggja hvalveiðibáta verði leyfður, hvort sem til þess þarf lagaheimild eða ekki, eins og segir í bréfi hans. En það getur orkað nokkuð tvímælis, hvort bannið gildir eingöngu um meðmæli skipaskoðunarstjórans eða hvort ráðuneytinu er alls óheimilt að leyfa innflutninginn eða ekki. Það hefur því alltaf í svipuðum tilfellum verið gripið til þess ráðs að gefa út lög, sem heimiluðu innflutninginn, svo að það væri ótvírætt, að löglega væri frá því gengið.

Ég tel óþarft að fara um þetta mál fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 178).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 178, mælir sjútvn. einróma með því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt óbreytt. Þarf engum orðum um þetta að fara. Hæstv. sjútvmrh. gerði í ræðu sinni við 1. umr. grein fyrir frv. og n. er því sammála og leggur til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 220).

---

7. Alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávarins.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um langt skeið hafa ýmsar þjóðir haft af því áhyggjur þungar, hversu óhreinkun sjávarins af völdum olíu hefur aukizt hin síðustu ár og áratugi með vaxandi notkun olíu og tilsvarandi flutninga á henni. Þessi óhreinkun sjávarins er að

því leyti öðruvísi en önnur óhreinkun sjávarins, að olían flýtur ofan á, safnast fyrir og er mjög lengi til trafala og óþæginda á yfirborði sjávarins. Olíumengun sjávar stafar að langmestu leyti frá skipum og þá fyrst og fremst frá olíuflutningaskipum, sem nú eru talin um 4000 að tölu í heiminum, og eru þá aðeins meðtalin skip, sem eru yfir 1000 brúttórúmlestir að stærð. Brúttórúmlestastærð þessa flota mun vera um það bil 30 millj. brúttóregistertonn. En auk olíuflutningaskipanna eru svo tugþúsundir skipa, smárra og stórra, sem nota olíu í einhverju formi til eldsneytis, og leggja þau meira eða minna sinn skerf til óhreinkunar sjávarins.

Þegar olíuflutningaskip hafa lokið losun farms síns, er venjulegt, að einhverjir geymar þeirra eru fylltir með vatni til kjölfestu og byrjað að hreinsa þá, sem tómir eru, til þess að hafa þá tilbúna til að taka við nýjum farmi á lestunarstað. Hreinsun þessi fer oftast fram á þann hátt, að sprautað er heitum sjó með miklum þrýstingi um alla geymana, og var til skamms tíma hinu olíublandaða vatni alltaf dælt í sjóinn, og svo er oft gert enn. Síðan er mokað saman botnfallinu og einnig því fleygt í sjó. Áður en skipin koma í lestunarhöfn, er svo *kjölfestuvatninu dælt í sjóinn, og á stórum* skipum getur olíublandaður sjór, sem þannig er settur útbyrðis, numið hundruðum smálesta, og fer það eftir tegund olíu þeirrar, sem síðast var flutt á geymunum, hve mikill hluti blöndunarinnar er olía. Nú er ekki svo að skilja, að olíuflutningaskip þurfi að þvo geyma sína í hverri ferð, en það er venjulega nauðsynlegt að gera það, þegar láta skal léttari olíu í geymana en var í geymunum næstu ferð á undan.

Flutningaskip, sem nota geyma sína ýmist fyrir olíu eða fyrir kjölfestu, koma næst olíuflutningaskipunum, að því er varðar olíuóhreinkun sjávarins. Fjöldi skipa notar olíugeyma sína fyrir kjölfestuvatn, þegar búið er að nota olíuna af þeim, og er svo hinu olíumengaða kjölfestuvatni dælt út, áður en skipi er lent að nýju eða taka þarf nýjar olíubirgðir um borð.

Í nær öllum vélknúnum skipum drýpur eitthvað af olíu niður og blandast austrinum í vélarrúmi, sem síðar er dælt út. Er hér venjulega um tiltölulega lítið magn að ræða í hverju skipi, en á hinn bóginn eru skipin mjög mörg.

Einnig eiga olíustöðvar í landi sinn þátt í olíuóhreinkun sjávarins, svo sem útflutningsstöðvar og afgreiðslustöðvar. Af eðlilegum fjárhagslegum ástæðum er þó reynt að forðast, að olía berist í sjó frá þessum stöðvum, en þegar það kemur fyrir, má oftar kenna um vangá eða óhöppum eða slælegum útbúnaði frekar en að um slæmt fyrirkomulag sé þar að ræða.

Sú afleiðing olíumengunar sjávarins, sem langmestan þátt virðist eiga í því, að aðgerðir hafa verið hafnar til þess að koma í veg fyrir þennan óþrifnað, er sú, að strendur landanna óhreinkast mjög af þessum orsökum, og þá er venjulegast hvað erlendar þjóðir snertir mest haft í huga skaðsemi hennar fyrir baðstaði og annað slíkt. Vera má, að einmitt þetta atriði sé svo ofarlega á baugi sem raun er á vegna þess, að það er sú hlið málsins, sem mest snertir almenning þar, enda óspart um það skrifað í blöð nágrannalandanna, þegar baðstrendur þar verða fyrir óhreinkun af völdum olíu.

Hins vegar er frá okkar sjónarmiði sennilegt, að sjófugladauði sé einna hvimleiðust afleiðing olíumengunar sjávarins. En þessi ástæða er venjulega talin í öðru sæti eða kemur sem nr. 2 í röksemdafærslu framámanna í þessu máli. Má vera, að það sé sökum þess, að tiltölulega fámennum hópi manna er kunnugt um þessa hlið málsins. En ef fuglar lenda í olíu, missir dúnn og fjaðrir einangrunarhæfileika sína og flothæfileika, þeir gegnblotna, geta ekki hafið sig til flugs og deyja ömurlega á löngum tíma.

Rannsóknir hafa farið fram á því, hve mikil brögð séu að olíudauða fugla. Í Bretlandi hafa þess háttar rannsóknir verið gerðar af The Royal Society for Protection of Birds, en fyrstu athuganir fóru fram á tímabilinu október—marz 1951—52, þannig að sjálfboðaliðar gengu reglulega á fjörur á strandlengjum í leit að olíudauðum fugli, og árangur athugana þessara gaf í skyn, að milli 50 þús. og 250 þús. *fuglar hefðu drepizt af völdum olíu* þennan vetur við Bretlandsstrendur einar. Rannsóknum þessum hefur verið haldið áfram, og niðurstöðurnar hafa orðið svipaðar og ég nú nefndi. Þjóðverjar hafa líka látið fara fram athuganir á þessu máli, og hefur þar verið stuðzt aðallega við skýrslur frá Helgolandi. Álitið er, að þar hafi um 12 þús. fuglar látið lífið ár hvert. Sömu sögu er að segja frá Hollandi og fleiri löndum, sem svipað er ástatt um.

Aðrar afleiðingar af óhreinkun sjávarins af völdum olíu er t. d. óhreinkun hafnarvirkja og veiðarfæra, og einnig er talið ekki útilokað, að gætt geti skaðlegra áhrifa af fljótandi olíu á dýralíf og gróður sjávarins. En um þetta atriði liggja ekki fyrir neinar skýrslur, sem hægt er að byggja á.

Upp úr heimsstyrjöldinni fyrri fer athygli manna að beinast að olíuóhreinkun sjávarins, enda fer þá mjög vaxandi fjöldi olíukyntra skipa og mótorskipa, tankskipum fjölgar mjög með hinni geysilegu notkun olíu í heiminum. Bretar ríða fyrstir á vaðið til aðgerða í þessum vanda með því að boða til ráðstefnu skipaeigenda, olíufélaga, hafnaryfirvalda og fleiri manna, með þeim árangri, að samþykkt voru þá lög, sem nefnd voru Oil in navigable waters act, 1922. Lög þessi bönnuðu gegn háum sektum, að olíu eða olíumenguðum sjó væri dælt útbyrðis í höfnum og landhelgi Bretlands. Ekki leið svo á löngu, þar til aðrar þjóðir höfðu samið svipuð lög eða reglur um þetta efni innan sinnar lögsögu, og brátt fóru að heyrast raddir um, að víðtækari aðgerðir væru nauðsynlegar, ef duga skyldi. Var fyrsta alþjóðaráðstefna um þessi mál haldin í Washington árið 1926, án þess að árangur hennar yrði þó verulegur. En árið 1934 skaut Bretastjórn málinu til Þjóðabandalagsins, sem skipaði þá nefnd sérfróðra *manna til að búa út uppkast að nýrri*

alþjóðasamþykkt um olíuvandamál. Er þeir höfðu lokið starfi sínu og átti að fara að kalla saman nýja alþjóðaráðstefnu, brauzt stríðið út, heimsstyrjöldin síðari, svo að nú höfðu menn öðrum hnöppum að hneppa í bili. En það næsta, sem gerist í málinu á alþjóðavettvangi, er ráðstefna, sem Bretar buðu til í London í maímánuði 1954. Störf þessarar nefndar byggðust að nokkru leyti á því, sem Þjóðabandalagið hafði gert í málinu, og svo höfðu margar þjóðir framkvæmt víðtækan undirbúning undir ráðstefnuna. Fulltrúar 32 landa tóku þátt í henni, en auk þess sendu 10 lönd önnur áheyrnarfulltrúa og Sameinuðu þjóðirnar sendu tvo. Árangurinn af ráðstefnunni varð svo alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu, 1954, og það er einmitt sú alþjóðasamþykkt, sem hér er lögð fyrir sem fskj. með því frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram um þetta efni.

Í 15. gr. samþykktarinnar segir, að hún skuli taka gildi 12 mánuðum eftir að minnst 10 ríkisstjórnir hafi gerzt aðilar að henni, og skulu þar af vera 5 stjórnir landa, sem hvert hefur yfir að ráða minnst hálfri milljón brúttótonna tankskipaflota. 12 lönd munu hafa verið búin að staðfesta samþykktina um mitt ár 1959. Í stórum dráttum er efni samþykktarinnar þetta:

Í fyrsta lagi er þar skilgreining á ýmsum orðum, sem í samningnum koma fyrir, og sundurgreining á, hvers konar olíu sé um að ræða, því að hún er fjarri því að vera öll jafnskaðleg og sum að heita má óskaðleg. Í öðru lagi eru talin þar undantekningarákvæði samþykktarinnar, sem gera ráð fyrir, að skip undir 500 brúttórúmlestum séu undanþegin henni og sömuleiðis hvalveiðiskip. Bannsvæði eru ákveðin í viðauka við samþykktina. Innan þeirra er tankskipum bannað að losa olíu eða olíumengaðan sjó. Kemur þetta einnig til með að gilda um önnur skip að þrem árum liðnum, frá því að samþykktin tekur gildi, nema þau séu á leið til hafna, þar sem ekki eru skilyrði til þess að losna við olíuúrgang, þá skulu slík skip reyna að losa sig við hann eins fjarri landi og framkvæmanlegt er. Þó er leyfi til að fleygja einkum botnfalli og sora í sjóinn, enn fremur má losa austurvatn í sjó, innihaldi það ekki olíur, eins og hér hafa verið skilgreindar, eða aðrar en smurolíur. Skip með olíumengað austurvatn skulu vera útbúin með nokkurs konar skilvindum eða skiljurum, þar sem hægt er að greina olíuna frá vatninu. Ríkisstj. skal tryggja, að fyrir hendi sé í aðalhöfnum fullnægjandi útbúnaður til þess að taka við sora og olíuúrgangi úr öðrum skipum en tankskipum. Mun þetta þó ekki ná til olíumengaðs kjölfestuvatns eða vatns, sem notað hefur verið til þvotta á olíugeymum. Olíufærslubók skal vera í hverju skipi, sem heyrir undir ákvæði samþykktarinnar. Og loks er svo gert ráð fyrir, að senda skuli Alþjóðasiglingamálastofnuninni og viðkomandi ráði Sameinuðu þjóðanna texta þeirra laga, tilskipana, fyrirmæla og reglugerða, sem miða að því að framkvæma ákvæði samþykktarinnar.

Enn var boðað til alþjóðaráðstefnu um málið í Kaupmannahöfn í júlí 1959. Báru menn þar saman bækur sínar um það m. a., hvað hefði gerzt, síðan alþjóðasamþykktin kom í gildi, og yfirleitt var það álit manna, að ástandið hefði farið batnandi, en þó tiltölulega hægt. Með tilliti til þess, að aðeins 12 ríkisstjórnir höfðu þá staðfest samþykktina, hvatti fundurinn aðrar stjórnir til þess að gera slíkt hið sama hið fyrsta.

Þetta er það, sem ég vildi segja um málið almennt. En hinn 6. apríl 1956 skipaði þáv. siglingamálaráðherra, Ólafur Thors, sjö manna nefnd til þess að athuga óhreinkun sjávar með olíu frá skipum, umbúnað olíustöðva í landi og óhreinkun sjávar af þeirra völdum og tjón, er þessi olíuóhreinkun veldur, og gera tillögur til rn. um málið. Í þessa nefnd voru skipaðir skipaskoðunarstjóri sem formaður n., vita- og hafnarmálastjóri, hafnarstjórinn í Reykjavík, einn fulltrúi frá olíufélögunum, einn fulltrúi frá skipafélögunum, einn efnafræðingur frá fiskideild atvinnudeildar háskólans og einn náttúrufræðingur. Þessi nefnd hefur svo haft málið til meðferðar síðan og skilaði áliti um áramótin síðustu. Niðurstöður n. eru þær, að n. leggur til: í fyrsta lagi, að Ísland gerist aðili að samþykktinni frá 1954, í öðru lagi, að settar verði reglur um meðferð olíu í olíustöðvum á landi, að því er varðar olíumengun sjávar, og að settar verði reglur um meðferð olíu við og í höfnum landsins og nái slíkar reglur þá einnig til íslenzkra skipa, sem samþykktin tekur ekki til, þ. e. a. s. til þeirra skipa, sem undanþegin eru, m. a. þeirra, sem eru minni en 500 brúttórúmlestir, og hvalveiðiskipa.

Þetta eru niðurstöður n., eftir að hún hafði kynnt sér málið hér heima, m. a. hvernig það horfði við af hálfu togara, fiskibáta, vöruflutningaskipa, olíuflutningaskipa, útlendra skipa og landsstöðva, þar sem olía er afgreidd. Þessi óhreinkun sjávarins af völdum olíu hér við land er tiltölulega miklu minni en hún er annars staðar, og er það ekki undarlegt, þar sem olíuflutningar og olíunotkun á okkar landi er miklu minni en annars staðar, svo að við náum kannske vart nema 1 eða 2‰ af þeirri olíunotkun, sem um hönd er höfð t. d. í Bretlandi, svo að ég taki eitthvert nálægt land. En hins vegar er á það bent, að þó að baðstrendur séu ekki víða hér á landi, sem kynnu að verða fyrir óþægindum af þessum sökum, geta verið og hafa orðið mikil óþrif af þessu, og er skemmst að minnast, þegar hér var sökkt olíuflutningaskipi á stríðsárunum og heita mátti, að Seyðisfjörður allur yrði svartur af olíu og allt líf, sem þar kom nálægt, drapst, bæði fuglar og gróður, og fiskur hvarf, þannig að það er ekki útilokað, að hér geti orðið tjón af þessum sökum, ef ekki er reynt til hins ýtrasta, eins og frv. og alþjóðasamþykktin gera ráð fyrir, að koma í veg fyrir þetta. Hins má líka geta, að þó að fugladauði hafi ekki orðið mjög mikill hér á landi af olíu í sjó, hefur hann þó orðið nokkur, og eru um það talsverðir vitnisburðir. Er sérstaklega athyglisvert að athuga í því sambandi, að sá fuglinn, sem verður kannske mest fyrir þessu, er einmitt okkar mesti nytjafugl, æðarfuglinn, sem væri hvað hatrammlegast að missa, a. m.

k. nokkuð verulega, vegna þessara aðgerða.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég hef reynt að gera grein fyrir málinu í heild, eins og það horfir við á alþjóðavettvangi, og tillögum þeirrar íslenzku nefndar, sem um málið hefur fjallað og það mjög rækilega um árabil, að segja má, skilaði áliti sínu um síðustu áramót og leggur eindregið og einróma til, að alþjóðasamþykktin verði staðfest hér á Íslandi, bendir m. a. á, að öll Norðurlöndin hin hafa gerzt aðilar að samþykktinni, og þó að vandamálið sé í minni mælikvarða hér hjá okkur en annars staðar, þá er það þó til og augsýnilega hættur, sem geta verið fyrir hendi af þessum sökum, ef ekki verður reynt til hins ýtrasta að koma í veg fyrir þessa óhreinkun sjávarins af völdum olíu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 150).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem er um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og enn fremur að setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, er að mestu leyti samhljóða alþjóðasamþykkt, sem gerð var í London hinn 12. maí 1954. Auk þess er með frv. þessu, ef að lögum verður, veitt víðtækari heimild um frekari varnir hér við land en alþjóðasamþykktin nær til, og kemur það fram í 3. gr. frv. Alþjóðasamþykktin nær hvorki til skipa, sem eru undir 500 brúttórúmlestum, né olíustöðva á landi.

Mál þetta hefur um árabil verið til meðferðar og athugunar hér á landi af nefnd, sem til þess var kjörin hinn 6. apríl 1956 af þáv. siglingamálaráðherra, Ólafi Thors. Skilaði nefndin áliti sínu til rn. í desembermánuði s. l.

Með þeirri ört vaxandi notkun olíu, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum um allan heim, hefur komið í ljós, að nauðsyn ber til þess, að settar verði skorður eða lög, sem fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu. Það er álit nefndarinnar, að höfuðorsök fyrir þeirri óhreinkun sjávar, sem nú á sér stað, megi rekja til hinna stóru olíuflutningaskipa, sem hreinsa geyma sína með gufu og dæla síðan olíumenguðu vatninu og botnfallssora úr tönkum skipanna í sjóinn. Auk þess er vitað, að hér veldur miklu kjölfestuvatnið, sem dælt er í sjóinn úr öllum skipum, bæði stórum og smáum. Skaðlegustu afleiðingarnar af óhreinkun sjávarins af völdum olíunnar eru taldar þessar: Í fyrsta lagi óþrif baðstranda og hafnarmannvirkja. Í öðru lagi mikill sjófugladauði. Og í þriðja lagi er talið ekki ólíklegt, að olíumengunin geti haft skaðleg áhrif á allt dýralíf og gróður sjávarins. Það er ekki að efa, að hér er um stórt hagsmunamál að ræða.

Hæstv. siglingamálaráðh. fylgdi máli þessu úr hlaði við 1. umr. hér í hv. deild með allýtarlegri ræðu, og tel ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Hins vegar má á það benda, eins og ég hef reyndar þegar gert, að með frv. þessu er gert ráð fyrir að ganga allmiklu lengra en alþjóðasamþykktin gerir um frekari varnir, og nær það sérstaklega til þess, að gert er ráð fyrir, að sett verði reglugerð, sem nær til smærri skipa, og enn fremur um meðferð olíu í olíustöðvum í landi.

Svo sem fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 150, mælir nefndin einróma með samþykkt frv. óbreytts. Vil ég því leyfa mér, herra forseti, að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið svo um alllangt skeið, að ýmsir hafa haft af því áhyggjur þungar, hversu óhreinkun sjávar af völdum olíu hefur aukizt hin síðustu ár og áratugi með vaxandi notkun olíu og tilsvarandi miklum flutningum á henni.

Olíumengun sjávar stafar að langmestu leyti frá skipum og þá fyrst og fremst olíuflutningaskipum, en þau skip eru nú talin vera um 4000 í gangi í heiminum og þá þau aðeins talin með, sem eru yfir 1000 brúttórúmlestir. Þegar olíuflutningaskip hafa lokið við losun farms síns, er venjulegt, að einhverjir af geymum þeirra eru fylltir af vatni til kjölfestu og byrjað að hreinsa þá, sem tómir eru, til þess að hafa þá tilbúna til þess að taka við nýjum farmi á lestunarstað. Hreinsun þessi fer fram á þann hátt, að það er sprautað í tankana heitum sjó með miklum þrýstingi, og var til skamms tíma hinu olíublandaða vatni alltaf dælt í sjóinn og er oft gert enn. Þess vegna getur það komið fyrir, að sjór verði af þessum sökum mjög mengaður olíu, sem flýtur ofan á sem brák, og vegna þess, hve hún er miklu léttari en sjórinn, þá heldur hún samhengi og getur flutzt um langan veg án þess að blandast við sjóinn, svo að nokkru nemi. Flutningaskip, sem nota geyma sína ýmist fyrir olíu eða fyrir kjölfestu, koma næst á eftir olíuflutningaskipunum að því er varðar óhreinkun sjávarins. Fjöldi skipa notar olíugeyma sína fyrir kjölfestuvatn, þegar

búið er að nota olíuna af þeim, og er svo olíumenguðu kjölfestuvatninu dælt út, áður en skipið er lestað eða þegar taka þarf nýjar olíubirgðir um borð. Í nær öllum vélknúnum skipum drýpur eitthvað af olíu niður og blandast við austurinn í vélarúminu, sem síðar er dælt út, og er hér að vísu venjulega um lítið magn að ræða í hverju skipi, en á hinn bóginn eru skipin orðin ákaflega mörg, sem olíuna nota. Einnig eiga olíustöðvar í landi sinn þátt í olíuóhreinkun sjávarins, svo að taka verður fullkomlega tillit til þeirra líka. En af eðlilegum fjárhagslegum ástæðum er þó reynt að forðast, að olían berist í sjó frá þessum stöðum, og þegar það kemur fyrir, má oftar kenna vangá eða óhöppum en slæmum útbúnaði, eins og t. d. að leki komi að geymum, pípum eða lokum eða eitthvað þess háttar.

Afleiðingar þessarar olíumengunar sjávarins og óþægindi í því sambandi eru ýmis. Sú afleiðing olíumengunarinnar, sem langmestan þátt virðist eiga í því, að aðgerðir hafa verið hafnar erlendis til þess að koma í veg fyrir þennan óþrifnað, er saurgun á ströndum landanna og þá alveg sérstaklega á baðströndunum. Þetta kemur náttúrlega ekki mikið við okkur. En saurgun stranda af þessum orsökum er ákaflega hvimleið og leiðinleg, og mátti bezt sjá það, hvernig Seyðisfjörður fór, þegar olíuskipið var skotið þar í kaf og nálega allur fjörðurinn fylltist af olíu frá höfninni og út í fjarðarmynni, svo að ströndin öll, sem að firðinum lá, varð raunar alveg svört og mjög leiðinleg á allan hátt, og þó að þetta hafi verið sérstakt tilfelli og óhapp, verður olíuóhreinkun sjávarins yfirleitt til þess, að strendur landa geta af þessum orsökum orðið svona útleiknar, þó að ekki þurfi það að vera eins mikið og var í þessu tilfelli.

Hjá okkur er talið, að sjófugladauði sé hvað hvimleiðasta afleiðing olíumengunar sjávarins, en kemur þó í öðru sæti í röksemdafærslu framámanna í þessum málum erlendis. En hér tel ég, að einmitt þetta atriði sé það, sem mestum skaða veldur okkur og leiðast sé að búa við. Við höfum ýmsa nytjafugla, svo sem æðarfuglinn, sem hefur oft og tíðum lent illa í þessu, og er æskilegt, að reynt verði að koma í veg fyrir það, eins og mögulegt er. Ef fuglar lenda í olíu, missa þeir möguleikann til þess að fljúga, *þeir missa dún og fjaðrir og flothæfileika*, þar sem fiðrið gegnblotnar. Þeir geta ekki hafið sig til flugs og deyja ömurlega, oft á löngum tíma.

Rannsóknir hafa farið fram á því erlendis sums staðar, hve mikil brögð séu að olíudauða fugla. Í Bretlandi hafa þess háttar rannsóknir verið gerðar af Royal Society for Protection of Birds, eða fuglaverndunarfélagi, verður það víst að þýðast, en fyrstu athuganir þar fóru fram á tímabilinu október-marz 1951—52, þannig að sjálfboðaliðar gengu reglulega á fjörur á strandlengjum í leit að dauðum eða olíuötuðum fugli. Árangur athugana þessara gaf í skyn, að milli 50 þús. og 250 þús. fuglar hefðu drepizt af völdum olíu þennan vetur við Bretlandsstrendur. Rannsóknum þessum var haldið áfram 3 næstu vetur, og voru niðurstöður svipaðar, eins og að ofan getur. Þjóðverjar hafa einnig látið fara fram athuganir á þessu máli, og hefur verið stuðzt við skýrslur frá fuglaathugunarstöð á Helgolandi í því efni. Er álitið, að a. m. k. 12 þús. fuglar hafi látið lífið hvert ár við strendur Þýzkalands af þessum orsökum. Sömu sögu hafa Hollendingar að segja, og hafa þeir látið fara fram allnákvæma athugun á strandlengjum síns lands og komizt að raun um, að a. m. k. 20 þús. fuglar farist árlega við Hollandsstrendur og geti þó sú tala verið miklu hærri, eða allt upp í 50 þús. fugla.

Aðrar afleiðingar af olíumengun sjávarins eru óhreinkun hafnarmannvirkja og veiðarfæra. En *ekki er vitað, að verulega hafi gætt skaðlegra áhrifa fljótandi olíu á dýralíf eða gróður sjávarins*. Þó er ekkert hægt að fullyrða um þetta, og má vel vera, að einmitt í þessu felist líka nokkur hætta.

Upp úr heimsstyrjöldinni fyrri fór athygli manna að beinast að olíuóhreinkun sjávarins, enda fer þá mjög vaxandi fjöldi olíukyntra skipa og mótorskipa og olíuflutningaskipum fjölgar mjög með hinni geysilegu aukningu olíunotkunar í heiminum. Bretar riðu fyrstir á vaðið til aðgerða í þessum vanda með því að boða til ráðstefnu skipaeigenda, olíufélaga og hafnaryfirvalda, með þeim árangri, að samþykkt voru lög, sem afgreidd voru árið 1922, um þessa hluti. Lög þessi bönnuðu gegn háum sektum, að olíu eða olíumenguðum sjó væri dælt útbyrðis. Og ekki leið á löngu, þar til aðrar þjóðir höfðu samið svipuð lög eða reglugerðir um þetta efni innan sinnar lögsögu, en þau gátu náttúrlega ekki tekið neinar ákvarðanir um það, sem gerðist utan þeirra lögsögu.

Árið 1934 skaut Bretastjórn málinu til Þjóðabandalagsins, sem þá var starfandi, og skipaði Þjóðabandalagið þá nefnd sérfróðra manna til að búa út uppkast að nýrri alþjóðasamþykkt um olíuvandamálið. Er hún hafði lokið sínu starfi og átti að fara að kalla saman nýja alþjóðaráðstefnu um málið, brauzt heimsstyrjöldin síðari út, svo að nú höfðu menn öðrum hnöppum að hneppa en hugsa um þessi mál. En það næsta, sem gerist í málinu á alþjóðavettvangi, er ráðstefnan, sem Bretar buðu til í London í maímánuði 1954, þar sem þessi alþjóðasamþykkt, sem hér liggur fyrir, varð til. Störf þessarar *samkundu, sem* kölluð var saman 1954, byggðust að verulegu leyti á því, sem Þjóðabandalagið hafði í málinu gert áður, og því, sem margar þjóðir höfðu framkvæmt á árunum fyrir styrjöldina. Fulltrúar 32 þjóða tóku þátt í þessari ráðstefnu í Bretlandi. Auk þess sendu 10 lönd áheyrnarfulltrúa og Sameinuðu þjóðirnar tvo áheyrnarfulltrúa. Og árangurinn af ráðstefnunni varð, eins og ég sagði, alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu.

Í stórum dráttum er efni þessarar samþykktar þetta:

Í fyrsta lagi er orðið „olía“ skilgreint og til hvaða olíutegunda þessi samþykkt taki, þ. e. a. s. aðallega til þyngri olíanna. Undantekninga frá ákvæðum samþykktarinnar er síðan getið,

en þær undantekningar taka til skipa, sem eru undir 500 brúttó-registertonnum, og til hvalveiðiskipa. Síðan kemur aðalefni samþykktarinnar, en það er, að bannsvæði eru ákveðin í viðauka við samþykktina, og innan takmarka þessara bannsvæða er tankskipum bannað að losa olíu eða olíumengaðan sjó. Og kemur þetta einnig til að gilda um önnur skip að þrem árum liðnum, frá því að samþykktin tekur gildi, nema þau séu á leið til hafnar, þar sem ekki eru skilyrði til að losna við olíuúrganginn, en þó skulu slík skip reyna að losa sig við hann eins fjarri landi og framkvæmanlegt er. Þá er ákvæði um, að skip með olíumengað austursvatn skuli útbúin skilvindum, þar sem hægt er að ná olíunni úr vatninu. Þá er ákvæði um það, að ríkisstj. skuli tryggja, að fyrir hendi sé í aðalhöfnum fullnægjandi útbúnaður til þess að taka við sora og olíuúrgangi úr öðrum skipum en tankskipum, og loks, að olíudagbók skuli vera færð í hverju skipi.

Þessi samþykkt var gerð í Bretlandi árið 1954, og til þess var ætlazt, að sem flest lönd gerðust aðilar að henni, og m. a. var því beint til íslenzku ríkisstjórnarinnar, að við tækjum einnig þátt í þessu samstarfi. Það varð til þess, að hinn 6. apríl 1956 skipaði þáv. siglingamálaráðh., Ólafur Thors, 7 manna nefnd til að athuga óhreinkun sjávar af olíu frá skipum, umbúnað olíustöðva í landi og óhreinkun sjávar af þeirra völdum og tjón, er þessi olíuóhreinkun veldur, og til að gera tillögur til rn. um málið. Í nefndina voru skipaðir auk skipaskoðunarstjóra, sem var formaður nefndarinnar, vita- og hafnarmálastjóri, einn fulltrúi olíufélaganna, einn fulltrúi skipafélaganna, einn efnafræðingur frá fiskideild atvinnudeildar háskólans, einn náttúrufræðingur og hafnarstjórinn í Reykjavík. Þessi nefnd hefur svo með meiri og minni töfum unnið að því að athuga þetta mál, og um áramótin 1960—61, eða í desember 1960, hefur þessi nefnd skilað áliti um málið. Tillögur n. eru þær í stuttu máli, að Ísland gerist aðili að samþykktinni frá 1954 og að settar verði reglur um meðferð olíu í olíustöðvum á landi, að því er varðar olíumengun sjávar, og loks, að settar verði reglur um meðferð olíu við og í höfnum landsins og næðu slíkar reglur þá einnig til íslenzkra skipa, sem samþykktin tekur ekki til, þ. e. a. s. skipa undir 500 tonnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Hér er um mál að ræða, sem margar erlendar þjóðir hafa snúizt þannig við, að þær telja nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þessa óhreinkun sjávarins, í fyrsta lagi, eins og ég sagði, vegna baðstrandanna, í öðru lagi vegna fuglanna, í þriðja lagi vegna þess, hve það er almennt hvimleitt, að hafnarmannvirki og strendur séu útataðar í olíu, og loks með hliðsjón af því, þó að ekki sé beinlínis um það vitað eða hægt að fullyrða neitt um það, að það er ekki útilokað og jafnvel kannske nokkuð líklegt, að þessi olíumengun sjávarins geti haft áhrif á dýralíf í sjónum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 177).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 177, tók sjútvn. fyrir frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar. Nefndin mælir einróma með því, að frv. nái fram að ganga, og leggur til, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 221).

---

8. Parísarsamþykktin um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Ed., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að veita ríkisstj. heimild til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd hina svokölluðu Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, en með þessari Parísarsamþykkt stofna aðildarríkin, ef við hugsum að gerast aðilar að henni, til varanlegra samtaka um verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar, og munu 60 ríki hafa gerzt aðilar að þessum samtökum, eins og fram kemur í grg. þessa frv. Iðnmrn. hefur haft þetta mál til undirbúnings og athugunar um alllangan tíma, og hefur málið haft nokkurn aðdraganda, en það er talið til hagræðis, að Íslendingar gerist aðilar að sam-

þykktinni, einkum og sér í lagi fyrir þá aðila, sem hér geta eignazt eða sækja eftir því að fá einkaréttindi fyrir uppfinningar og önnur svipuð atriði í sambandi við einkaréttindi á sviði iðnaðarins. Það má segja kannske, að það sé eitt veigamesta atriðið í þessu máli, sem fram kemur í 4. gr. um forgangsrétt, sem skapast með þessu frv. fyrir Íslendinga, og hægari aðstöðu til þess að njóta verndar í þeim ríkjum, sem eru aðilar að þessari samþykkt.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál nú. Það er ósköp eðlilegt, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, þurfi nokkurn tíma til þess að fara gegnum samþykktina sjálfa, sem fylgir hér með frv.

Ég vildi mega leggja til, að þessari umr. lokinni, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 135).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir frv. þessu flutti hæstv. iðnmrh. ýtarlega framsöguræðu við 1. umr. þess, svo að vart gerist nú þörf að skýra málið nákvæmlega. Meginefni frv. er, að Ísland gerist með samþykkt þess aðili að 60 þjóða samsteypu um verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þannig öðlast Íslendingar jafnréttisaðstöðu í öðrum aðildarríkjum um tiltekna lágmarksvernd með uppgötvanir sínar og önnur þau réttindi, sem Parísarsamþykktin svonefnda tekur til. Við samþykkt frv. þessa verður sú breyting á, að í stað þess að Íslendingar, sem einhverja uppgötvun gera, verða nú að sækja um staðfestingu á einkaleyfum í öllum hugsanlegum löndum, þar sem markaður kynni að vera fyrir uppgötvunina sjálfa, þá sækir viðkomandi aðeins til eins aðila, þ. e. a. s. aðalskrifstofu þessara samtaka, sem er í Genéve í Sviss. Frv. felur því í sér stóraukið öryggi fyrir alla þá, er hagnýtar uppgötvanir kunna að gera í næstu framtíð. Kostnaður sá, er af samþykkt frv. hlýzt, 40 þús. kr. á ári, er næsta hverfandi, þegar litið er til þess öryggis og þeirrar verndar, sem frv. hins vegar veitir.

Iðnn. hefur rætt málið á tveimur fundum og leitað um það umsagnar, bæði hjá Félagi íslenzkra iðnrekenda og Iðnaðarmálastofnun Íslands, en báðir þessir aðilar mæla með samþykkt frv. Eins og fram er tekið á þskj. 135, mælir nefndin einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 3. þm. Vestf. (KJJ), var vegna veikinda fjarstaddur endanlega afgreiðslu málsins í nefnd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 202).

Frsm. (Sveinn S. Einarsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og fram kemur í áliti n., sem prentað er á þskj. 202.

Parísarsamþykktin um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sem frv. gerir ráð fyrir að verði staðfest af Íslands hálfu og fái lagagildi hér á landi, tekur til einkaleyfa, iðnteikninga, iðnlíkana, vörumerkja, firmanafna og til upplýsinga um uppruna eða upprunaheiti og varna gegn óréttmætri samkeppni, eins og segir í 2. málslið 1. gr. samþykktarinnar.

Óþarft er að ræða þýðingu þessara eignarréttinda í löngu máli. Uppgötvun vernduð einkaleyfi hefur í mörgu tilfelli orðið grundvöllur stórra nýrra framleiðslugreina eða leitt til áður óþekktrar hagkvæmni og þar með bættrar samkeppnisaðstöðu. Hugmyndir að baki sérstakrar gerðar eða tilhögunar áður þekktra hluta, eins og þær koma fram í iðnteikningum, mynztri, líkönum o. s. frv., eru tíðum mjög mikilsverðar, og alkunnug er þýðing vörumerkja og upplýsinga um uppruna o. s. frv. Með aðild að samþykktinni skuldbinda þátttökuríkin sig til að veita þessum mikilsverðu eignarréttindum ákveðna lágmarksvernd, og þegar rætt er um svið iðnaðar í þessu sambandi, þá er það í miklu víðtækari merkingu en venjulega er lögð í þau orð, þannig að það tekur einnig til verzlunar, landbúnaðar og yfirleitt allrar framleiðslustarfsemi og jafnvel einnig náttúrugæða.

Íslendingar hafa í ýmsum greinum aðstöðu til þess að framleiða sérstakar gæðavörur. Þarf ég aðeins að nefna hér fiskinn, Norðurlandssíldina, lambakjötið og ef til vill, þegar tímar líða, vissar tegundir grænmetis. Við hljótum að leggja megináherzlu á að notfæra okkur hina sérstöku náttúrlegu aðstöðu okkar í þessum efnum og miða að því marki með strangri vöruvöndun, að íslenzkur uppruni þessara afurða og frágangur þeirra og vörumerki þau, sem þær eru settar undir, séu viðskiptavinum okkar vís vegar trygging hinna mestu gæða.

Ef þetta er hugleitt, þá er bersýnilegt, að sú vernd eignarréttinda, sem felst í Parísarsamþykktinni, getur verið undirstöðuatvinnuvegum okkar mikils virði. En í bráð er það þó ef til vill mest knýjandi, að aðild Íslands að samþykktinni auðveldar Íslendingum verulega að vernda einkaleyfishæfar uppgötvanir og koma þeim á framfæri erlendis án hættu á, að þær verði stældar eða hagnýttar með óréttmætum hætti.

Meðan Ísland stendur utan Parísarsambandsins, verður uppfinningamaður, sem telur sig hafa gert einkaleyfishæfa uppgötvun, að sækja strax um einkaleyfi í öllum þeim löndum, sem hann óskar að fá uppgötvunina verndaða í. Af þessu leiðir mjög mikinn kostnað, sem uppfinningamaður verður að leggja í, áður en úr því er skorið með rannsókn á umsókninni, hvort hún er einkaleyfishæf. Eins og nú háttar, verða því íslenzkir hugvitsmenn eitt af tvennu að ráða yfir verulegum fjármunum og vera þess albúnir að leggja þá í allmikla hættu með umsóknum í mörgum löndum þegar í upphafi eða eiga á hættu, að aðrir notfæri sér hugmyndir þeirra með röngu, ef aðeins er sótt um vernd fyrir þær í einu eða fáum löndum. Jafnframt leiðir af þessu, að mjög erfitt er um vik að kanna söluhorfur eða aðra hagnýtingarmöguleika, sem fyrir uppgötvuninni kunna að vera. Íslenzkir hugvitsmenn eiga því nú mjög óhæga aðstöðu í samanburði við uppfinningamenn flestra annarra landa, og er þetta vafalaust fremur skýring á því, hve tiltölulega fáar einkaleyfisumsóknir eru bornar fram af íslenzkum mönnum hér á landi, heldur en skortur á hugviti. Við þvílíkar aðstæður hafa menn mjög litla hvatningu til þess að leggja sig fram.

Í löndum þeim, sem aðilar eru að Parísarsamþykktinni, nýtur uppgötvun verndar frá þeim degi, sem beiðni um einkaleyfi hefur verið borið fram á í einhverju aðildarlandanna, og getur þá uppfinningamaðurinn beðið í allt að 12 mánuði með að sækja um einkaleyfi í hinum aðildarlöndunum, en nýtur eigi að síður verndar þann tíma. Þetta er í allflestum tilfellum nægilegur tími til þess, að hægt sé að ganga úr skugga um með frumrannsókn, hvers virði uppgötvunin kann að vera, og annað, sem er mikilsvert, hann getur strax án áhættu kynnt og sýnt uppgötvunina opinberlega og hafizt handa um að koma henni í verk. Þetta viðhorf er ekki síður þýðingarmikið fyrir það, að í Parísarsambandinu munu vera um 60 lönd og þ. á m. allur þorri hinna iðnaðarþróuðustu landa. Aðild Íslands að Parísarsamþykktinni til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar hefur því mjög mikla þýðingu fyrir hugvitsmenn hér á landi og mundi vafalaust mjög örva viðleitni manna til uppfinningastarfsemi, endurbóta á framleiðsluháttum o. s. frv. Og við megum ekki gleyma því, að margs konar rannsóknarstarfsemi fer nú mjög í vöxt, bæði á náttúruauðæfum landsins, hagnýtingu þeirra, og í margs konar framleiðslustarfsemi atvinnuveganna. Það fer ekki hjá því hér fremur en annars staðar, að þessi rannsóknarstarfsemi leiði til margvíslegra uppgötvana, sem séu þess virði að vera verndaðar á alþjóðavettvangi sem eign íslenzkra manna, þannig að þjóðin geti af því haft nokkurn hagnað.

Ég vil því eindregið leggja til, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt og því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

---

9. Dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 6. og 7. fundi í Ed., 20. og 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Ed., 24. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru framhald af hliðstæðu máli, sem lá fyrir síðasta Alþingi og var þá afgreitt, um breytingu á sakadómaraembættinu í Reykjavík, að gera fulltrúana, sem starfa við þessi embætti, sjálfstæðari en þeir hafa verið, svo sem að kveða upp dóma í umboði sakadómara í því tilfelli og nú samkv. þessu frv. í umboði borgardómara og úrskurði í umboði borgarfógeta, að þeir séu sjálfstæðir aðilar í þessu sambandi. Er lagt til, að í Reykjavík skuli nú vera 5—7 borgardómarar, og það miðast við fulltrúastörf þeirra manna, sem þar eru, og enn fremur 5—7 borgarfógetar og svo einn yfirborgarfógeti og yfirborgardómari. Allt þetta miðast við það í raun og veru, en enga fjölgun á embættunum, en að fulltrúarnir sjálfir hafi með þessu móti sjálfstæðari tilveru en ella. En þeirra ábyrgð og skylda er sú sama, sem áður hefur verið. Ég tel óþarft að hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. gat um, eru það að sjálfsögðu svipuð rök, sem hniga til þessara breytinga eins og breytingar á sakadómaraembættinu, sem gerð var á s. l. þingi.

Það embætti, sem ég vildi aðeins lítillega gera að umræðuefni við 1. umr. þessa máls, er embætti borgardómarans í Reykjavík. Í frv. segir, að borgardómarar skuli vera 5—7 eftir ákvörðun dómsmrh. Það er sami fjöldi og frv. gerir ráð fyrir með borgarfógeta, að þeir skuli einnig vera 5—7, og hæstv. ráðh. gat þess, að þessi fjöldi væri miðaður við fulltrúafjöldann, þannig að reiknað væri með, að flestir þessara fulltrúa yrðu þá borgardómarar eða borgarfógetar eftir því, hjá hvoru embættinu þeir hafa starfað. Nú tel ég, að þarna sé ekki um eðlileg hlutföll að ræða. Ég álít, að verkefni borgardómaraembættisins séu miklu meiri en verkefni borgarfógeta, enda hygg ég, að hjá borgardómaraembættinu starfi nú fleiri fulltrúar en hjá borgarfógeta, og ég mundi álíta, að að jafnaði þyrfti a. m. k. þremur fleiri fulltrúa hjá borgardómara en hjá borgarfógeta. Og það hefur líka orðið þannig í reynd, að það hefur verið óheyrilegur seinagangur á afgreiðslu dómsmála hjá borgardómaraembættinu. Það gengur þannig fyrir sig, að þegar gagnaöflun er lokið í málum og aðeins er beðið eftir því, að embættið eða viðkomandi fulltrúi embættisins eða dómari geti tekið málið fyrir til að dæma það, þá þarf iðulega að bíða eftir því í 6 mánuði og allt upp í heilt ár. Alveg sama er í raun og veru með aðra afgreiðslu hjá þessu embætti. T. d. þegar málflytjendur og aðrir, sem þurfa við þetta embætti að skipta, þurfa að fá endurrit dóma eða einhverra gagna, sem þar hafa verið lögð fram, þarf iðulega að bíða eftir því að fá þetta afgreitt frá skrifstofunni í 1—2 mánuði. Ég gæti bara rétt ímyndað mér það t. d., ef hv. alþm. þyrftu að fara hér á skrifstofu þingsins og láta vélrita eitthvað fyrir sig og þeim væri sagt, að þeir gætu spurt eftir þessu eftir mánuð, en þannig er afgreiðslan hjá þessu embætti. Nú vil ég skýrt taka það fram, að ég álít, að þessi seinagangur á afgreiðslu mála og annarra starfa hjá þessu embætti sé engan veginn borgardómaranum eða starfsfólki hans að kenna, heldur er ástæðan sú, að ríkisvaldið hefur skammtað þessu embætti starfskrafta. Og úr þessu þarf nauðsynlega að bæta. Að vísu mun það vera svo, að það á að bæta þarna við einum fulltrúa um næstu áramót, en það er allsendis ófullnægjandi. Það væri í raun og veru algert lágmark að mínum dómi, að það yrði bætt við tveimur fulltrúum og einni vélritunarstúlku. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að þegar svona gengur afgreiðsla hjá þessu embætti, þá vilja menn oft heldur þola óréttinn en leita til dómstólanna og fá þar mál sín afgreidd, þar sem þeir vita fyrir fram um, hversu óheyrilega langan tíma það muni taka. Það er líka rétt að taka það fram í þessu sambandi, að reglurnar um varnarþing leiða til þess, að það er mjög mikill málafjöldi einkamála rekinn hér í Reykjavík. Menn beina yfirleitt málunum til Reykjavíkur, ef það er heimilt. Þannig er borgardómaraembættið í Reykjavík í raun réttri að miklu leyti undirréttardómstóll fyrir allt landið. Og það er þess vegna, að þegar þetta embætti getur ekki innt skyldur sínar af hendi, þá bitnar það ekki eingöngu á Reykvíkingum og þeim, sem búa hér í nágrenninu, heldur í raun og veru getur það að meira eða minna leyti bitnað á mönnum úti um allt land.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari staðreynd. Ég tel, að borgararnir eigi þarna rétt á að fá miklu betri þjónustu, þeir þurfi ekki að þola þann réttarskort, sem í þessu felst, að dómsmál séu ekki afgreidd með eðlilegum hraða, og mér fannst einmitt rétt að vekja athygli á þessu nú, þegar verið er að endurskipuleggja þetta embætti ásamt öðrum fleirum, að þá verði jafnframt hugsað til þess, að þetta embætti hafi yfir nægum starfskröftum að ráða, til þess að það geti innt skyldu sína af hendi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get vel skilið þá aths., sem hér hefur komið fram, og ég vil láta þess getið, að ákvæði 2. og 3. gr. um 5—7 borgardómara og borgarfógeta mætti mjög gjarnan athugast í þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, og sjálfur vildi ég mega óska eftir því að mega hafa samráð við n., áður en hún afgreiðir málið að þessu leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 129).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var sú breyting gerð á embætti sakadómara, að ákveðið var, að sakadómarar skyldu vera 3—5 eftir ákvörðun ráðh. og skyldi einn þeirra vera yfirsakadómari. Hefur hann yfirstjórn yfirsakadómaraembættisins, skiptir störfum með sakadómurum og er í fyrirsvari út á við. Rökin fyrir þessari breytingu voru þau, að fjöldi sakadómsmála væri svo mikill, að útilokað væri, að einn sakadómari gæti fylgzt með þeim öllum, hvað þá kveðið upp dóma í þeim. Um langt árabil hafði það tíðkazt, að fulltrúar sakadómara rannsökuðu og dæmdu mál á ábyrgð sakadómara, enda þótt hann gæti ekki fylgzt með málsmeðferð og dómum nema að takmörkuðu leyti. Þótti því rétt að taka upp þann hátt að fjölga sakadómurum, sem ynnu á eigin ábyrgð að dómaraverkum og hefðu réttindi og skyldur sem dómarar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um borgardómaraembættið og borgarfógetaembættið, þessum embættum skuli breytt þannig, að borgardómarar og borgarfógetar verði 5—7 við hvort embætti. Sömu rök eru fyrir slíkri breytingu og þau, er gilda um sakadómaraembættið. Málafjöldi er slíkur við bæði þessi embætti, að ofvaxið er einum manni að fylgjast þar með öllu, sem gera þarf. Breyting borgardómaraembætt-

isins felst í 2. gr. frv., þar er gert ráð fyrir, að vera skuli 5—7 borgardómarar, þar af einn yfirborgardómari, sem hafi samsvarandi aðstöðu við embættið og yfirsakadómari hefur við sakadómaraembættið. Um samsvarandi breytingar á borgarfógetaembættinu er fjallað í 3. gr. frv. Önnur ákvæði frv. eru ekki nýmæli, nema í 12. gr. eru ákvæði um launagreiðslur til þessara embættismanna.

Allshn. þessarar deildar hefur haft frv. til meðferðar og nefndarformaður hefur átt viðræður við embættismenn þá, sem frv. fjallar um. N. leggur einróma til, að það verði samþ. með einni breytingu á 3. gr. auk örfárra orðabreytinga, eins og sjá má af nál. á þskj. 129. Brtt. n. gengur í þá átt, að dómsmrh. sé heimilt að ákveða, að borgarfógetar skuli vera 5—7, er hafi réttarstöðu samsvarandi borgardómurum og sakadómurum, m. ö. o.: í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að þetta skuli vera svo, er lagt til, að ráðh. verði heimilað að taka upp þessa skipan. Brtt. þessi er gerð að höfðu fullu samráði við borgarfógeta og dómsmrh., og því er ekki að leyna, að till. er upp tekin eftir ósk borgarfógeta. Embætti hans er að því leyti ósambærilegt við embætti sakadómara og borgardómara, að borgarfógetaembættinu fylgja miklu meiri fjárreiður og fjárhagsábyrgð. Borgarfógeta er því meiri vandi á höndum að skipta þessari ábyrgð og um alla tilhögun á rekstri embættisins, og hann kveðst illa treysta sér til að gera það nema með nokkrum fyrirvara og undirbúningi. Af þeim sökum er það að hans ráði gert og með samráði við dómsmrh., að n. leggur til, að 3. gr. verði heimildargrein.

Aðrar brtt. n. eru einungis orðalagsbreytingar til leiðréttingar og lagfæringar og þurfa ekki skýringa við.

Við 1. umr. um þetta mál hér í þessari hv. d. kom fram ábending frá hv. 9. landsk. þm. um það, að ástæða kynni að vera að athuga, hvort ekki þyrfti að hafa borgardómara fleiri en frv. gerir ráð fyrir. Þetta mál hef ég sérstaklega rætt við borgardómara og hann taldi ekki neina ástæðu til þess. Hefur því verið látið við svo búið standa.

Fleira ætla ég, að ekki þurfi að taka fram um þetta mál, nema tilefni gefist til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 129,1.a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 129,1.b—c samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 129,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 212 og 216).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Hæstv. forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar og athugunar frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed., en þar var það upphaflega lagt fram og á því gerðar þar smávægilegar breytingar, aðallega varðandi skipan borgarfógetaembættisins í Reykjavík. Einn nm., hv. 11. landsk. þm., er ósamþykkur frv. í einstökum atriðum, og leggur hann fram sérstakt nál. Eins og áður hefur verið lýst, er aðalefni frv. þessa það, að lagt er til í því, að borgardómarar og borgarfógetar í Reykjavík verði hér eftir 5—7, í stað eins, eins og verið hefur til þessa, og verði einn þeirra yfirborgardómari við borgardómaraembættið og einn yfirborgarfógeti við borgarfógetaembættið.

Eins og í grg. með frv. segir, er fjöldi einkamála, sem rekin eru í Reykjavík, nú orðinn svo mikill, að þeir dómarar, sem um þau fjalla, hafa um margra ára skeið ekki getað annað því að fara með málin og dæma í þeim sjálfir, heldur falið fulltrúum sínum að gera það, og þar á meðal uppkvaðningu dóma í þeim. Nú, þegar skipan sakadómaraembættisins í Reykjavík hefur verið þannig breytt, að sakadómarar eru orðnir 3—5 í stað eins áður, verður að telja í alla staði eðlilegt, að þeir menn, sem fara með og dæma mál sjálfstætt, eigi að bera fullt dómaranafn og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því, og gildir það að sjálfsögðu engu síður um einkamál en opinber mál.

Ég vil láta þess getið hér, að allshn. hefur borizt bréf frá Lögmannafélagi Íslands, dags. 6. þ. m., þar sem skorað er á nefndina að koma inn í frv. ákvæðum, sem banna dómurum og dómarafulltrúum að taka að sér lögfræðistörf. Hefur talsvert verið skirskotað til þessa bréfs af hálfu minni hl. nefndarinnar, hv. 11. landsk. þm. Það er að vísu rétt, að einhver brögð munu hafa verið að því, að dómarafulltrúar, bæði hér í Reykjavík og þó sérstaklega úti um land, hafi tekið að sér lögfræðistörf fyrir borgun. Þeir, sem kunnugir eru launakjörum þessara ríkisstarfsmanna, hljóta þó að viðurkenna, að þau séu ekki svo góð, að rétt sé að svo stöddu

að banna þeim að taka að sér aukastörf beinlínis sér til lífsframdráttar, enda munu ekki hafa verið svo mikil brögð eða almenn að því, að dómarafulltrúar og stjórnarráðsfulltrúar tækju að sér slík störf, að stétt praktíserandi lögfræðinga stafaði beinn voði af því. Einnig er það álit meiri hl. nefndarinnar, að sé svo, að rétt sé að banna með öllu þessum starfsmönnum að taka að sér lögfræðistörf, — en ég fyrir mitt leyti er ekki tilbúinn til að samþykkja það að svo stöddu, — þá eigi slíkt bann fremur heima í lögum um meðferð einkamála í héraði en í þeim lögum eða því frv., sem hér er til umræðu, en frv. um meðferð einkamála í héraði hefur einmitt verið lagt fram á því Alþingi, sem nú situr.

Ég tel að svo stöddu ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en eins og ég áður gat um, leggur meiri hluti allshn. til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Hæstv. forseti. Frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík var tekið fyrir á fundi allshn. hinn 13. des. s. l. Eftir að frv. hafði verið lítillega rætt, kom í ljós, að nm. voru ekki á eitt sáttir um afgreiðslu málsins. Fyrir fundinum lá bréf frá Lögmannafélagi Íslands, dags. 6. des. s. l., ásamt viðaukatillögu frá sama aðila við 11. gr. frv. Þessari viðbótartillögu fylgdi allýtarleg grg. um málið. Á þessum eina fundi, sem haldinn var í nefndinni um frv., gerði ég fsp. um það, hvort eða hvaða upplýsingar lægju fyrir um það, hvað hin fyrirhugaða breyting á gildandi lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn og gjaldheimtu í Reykjavík o. fl. mundi kosta ríkissjóð fram yfir það, sem nú er. Við þessu fengust engin viðhlítandi svör. Mér skildist þó, að nm. væru nokkurn veginn sammála um, að fyrirhuguð breyting kynni að hafa einhvern aukakostnað í för með sér, án þess þó að neinar upplýsingar lægju fyrir þar um. Ég spurðist þá enn fremur fyrir um það, hvort nefndarmenn gætu ekki gengið inn á viðbótartillögu þá, sem allshn. hafði verið send frá Lögmannafélagi Íslands, við 11. gr. frv., og ég hef hér áður minnzt á. Um það náðist ekki heldur samkomulag. Sem sagt meiri hl. allshn. gat ekki og vildi ekki fallast á þau rök, sem lágu til grundvallar sjónarmiði Lögmannafélagsins í málinu. Ég mun ekki hér nema að litlu leyti ræða um þessa afstöðu meiri hl. allshn. Sjálfsagt liggja til þess fleiri en ein ástæða. Hitt dylst mér þó ekki, að hagsmunir embættismannanna réðu þar allmiklu. Það var því sýnt, að ég gat ekki orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu málsins og hef því skilað séráliti, sem er á þskj. 216.

Við afgreiðslu flestra stærri mála, sem vísað er til nefnda Alþingis, er það nokkurn veginn viðtekin regla, að frv. eru send til umsagnar aðila, sem viðkomandi mál heyra undir eða snerta hagsmuni þeirra að meira eða minna leyti. En það merkilega hafði þó skeð, að allshn. Ed. — en frv. var flutt í Ed. — leitaði ekki eftir umsögn eða áliti samtaka lögmanna eða lögfræðinga um frv., og sama vanrækslan í meðferð málsins hafði endurtekið sig hjá allshn. Nd. Ég tel slík vinnubrögð alveg fráleit. Jafnvel þótt um hefði verið að ræða mál, sem ekki hefðu verið um neinar deildar meiningar, þá var málið í eðli sínu það mikilvægt og stórt, að það var sjálfsagt að leita umsagnar þar til tekinna manna og félagasamtaka. Nú hefur það t. d. sýnt sig, að um málið er alls ekki nein samstaða á milli þeirra aðila, sem þessi mál heyra undir að meira eða minna leyti. T. d. Lögmannafélag Íslands hefur mikið við frv. að athuga og hefur lagt til, að inn í frv. verði sett ákvæði, sem banni þeim embættismönnum, er um ræðir í 2.—6. gr., svo og fulltrúum þeirra, samkv. 10. gr., að hafa á hendi lögmannsstörf, svo og hvers konar önnur störf, er valda kunni vanhæfni þeirra. Það ber ekkert lítið þarna á milli. Í grg., sem fylgdi frá Lögmannafélagi Íslands og ég hef leyft mér að láta prenta sem fskj. með nál. mínu, er bent á m. a., að starfsmenn ríkisins, þeir sem í lögum þessum greinir, hafi sinnt ýmsum launuðum aukastörfum, sem trauðla geti samrýmzt stöðu þeirra, bent er á nokkur mál, svo sem matsnefndir, gerðardómsstörf, skiptaforstjórn úr dánarbúum og félagsbúum, málflutning og fasteignasölu, og tekið lögmannsþóknun fyrir. Bent er á, að erlendis þekkist það hvergi, að dómurum og fulltrúum þeirra sé leyft að gegna almennum lögmannsstörfum, það sé alls staðar talið siðferðilega rangt. Þá er og á það bent, að helzti gallinn á réttarfari á Íslandi sé sá, að afgreiðsla mála dragist úr hófi fram, sé um kennt mannfæð við þessi störf. Síðar segir orðrétt í grg. Lögmannafélagsins, með leyfi hæstv. forseta: „Vegna þessa hafa ýmsir þessara manna fengið launauppbætur úr ríkissjóði, en slíkt hefur verið talið stafa af því, að þeir gætu ekki annað embættisstörfum sínum á venjulegum starfstíma, heldur þyrftu að vinna þau í eftirvinnu. En ekki er von, að vel fari, þegar embættismenn þessir og fulltrúar þeirra eru önnum kafnir við ýmis störf, er eigi koma embættunum við.“ Hér virðist mér vera kveðinn upp allharður dómur yfir þessum embættismönnum, og fannst mér rétt, að þetta álit frá Lögmannafélagi Íslands kæmi fyrir almenningssjónir.

Ég get ekki betur séð en fulla nauðsyn beri til þess, að þessi mál verði rannsökuð, svo að það rétta komi í ljós. Séu þessi ummæli Lögmannafélagsins á rökum reist, sem enginn dómur skal hér á lagður, liggur alveg ljóst fyrir, að hér hafa átt sér stað alvarlegar misfellur í embættisrekstri, svo að ekki sé meira sagt, sem fyllsta ástæða er og beinlínis skylda hins opinbera að kippa í lag. Séu aftur á móti þessi ummæli ekki á rökum reist, ber að hreinsa þessa embættismenn af áðurnefndum áburði. Síðar í grg. segir m. a.: „Eftir er þó ótalið það, sem alvarlegast er. Þegar þessir menn hafa fjallað um málefni sem gerðardómsmenn, matsmenn eða gegnt ýmiss konar lögmannsstörfum í sambandi við þau, veldur það vitaskuld vanhæfi þeirra til að leggja dóm á þau. Verða þeir þá að víkja sæti, en dómsmrn. skipar setudómara til þess að fara með og dæma slík mál. Setu-

dómarastörf eru unnin á kostnað ríkissjóðs. Eykst jafnt og þétt sú fúlga, er ríkissjóður greiðir fyrir slík störf, er vel mætti komast af án, ef embættismenn þessir og fulltrúar þeirra væru ekki að fást við störf, er eigi samrýmast embætti þeirra.“

Í sambandi við það, sem hér segir og hefur verið sagt, get ég ekki betur séð en það sé bein skylda Alþingis að búa þannig um hnútana, að það sé útilokað, að slíkt ástand og hér hefur verið lýst geti haldið áfram að þróast. Löggjafanum ber alveg ótvírætt skylda til að ganga þannig frá málunum, að útilokuð sé, eftir því sem frekast er hægt, hvers konar spilling og misfellur í embættisrekstri. Ég fæ ekki betur séð en ef þetta frv., eins og meiri hl. allshn. leggur til, nær að verða að lögum, þá sé enn á ný verið að lögfesta sama ófremdarástandið og verið hefur, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Ég vil alveg sérstaklega taka undir það, sem segir í áðurnefndri grg., að ef framangreind till. verður samþykkt, mætti ætla, að tvennt vinnist, að ríkissjóði sparist verulegur kostnaður, og ekki síður hitt, að ríkisstarfsmenn þessir auki virðingu sína og verði sjálfstæðari í starfi, og tel ég það út af fyrir sig eitt aðalatriði málsins. Séu aftur á móti laun þessara opinberu starfsmanna svo lág, að þeir af þeim ástæðum telji sig þurfa að hafa með höndum önnur störf, sem þeir taka laun fyrir, ber vitanlega að kippa því í lag. Að sjálfsögðu ber ríkinu að greiða starfsmönnum sínum frambærileg laun, og ber þá í því sambandi að taka tillit til menntunar þeirra og þjóðfélagslegrar þýðingar þess starfs, sem þeir hafa verið settir í að gegna. Hitt ber að forðast, að þessir opinberu starfsmenn, svo og aðrir þeir, sem líkt stendur á um, telji sig til neydda vegna lélegra launa að taka að sér svo mikið af aukastörfum, að þeir af þeim ástæðum telji sig ekki geta gegnt störfum sínum á forsvaranlegan hátt. En það er einmitt það, sem fram kemur í grg. Lögmannafélagsins, að þar er beinlínis sagt, að þessir embættismenn hafi svo mörg önnur aukastörf, að þeir beinlínis trassi að gegna skyldustörfum sínum.

Þrátt fyrir það, þó að ég telji enga sérstaka brýna nauðsyn bera til þess, að frv. þetta nái fram að ganga, mun ég ekki greiða því mótatkv., svo framarlega sem viðbótartill. við 11. gr. verður samþ., og þá um leið í trausti þess, að frv., ef að lögum verður, auki ekki útgjöld ríkissjóðs verulega frá því, sem nú er.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls, bæði meiri hl. og minni hl. Áður en ég kem að afstöðu nefndarinnar, vil ég taka það fram, að þetta mál er í raun og veru framhald af öðru máli, sem samþykkt var hér á síðasta Alþingi, og efni þess er tekið upp í 4. gr., þ. e. varðandi breytingu á skipan sakadómaraembættisins í Reykjavík, þegar ákveðið var á síðasta þingi, að sakadómarar skyldu vera 3—5 eftir ákvörðun dómsmrh. og einn þeirra yfirsakadómari. Það má segja, að það var næsta eðlilegt, að í kjölfarið flytu þau embætti, sem hér er um að ræða, og þá einkum og sér í lagi embætti borgardómara, sem er fullkomin hliðstæða. Að nokkru leyti er um annað að ræða varðandi embætti borgarfógetans, enda fór það svo í meðferð málsins í Ed., að eftir að formaður nefndarinnar hafði rætt málið nánar við mig og við sameiginlega við borgarfógeta, þá lagði nefndin í Ed. til, og sú till. var samþ., að ákvæði þessa frv. varðandi borgarfógetaembættið skyldu vera heimildarákvæði. Það er þó ekki svo, að það vaki ekki fyrir í þessum efnum að koma því í sömu skipan og bæði sakadómaraembættinu og borgardómaraembættinu, en það þarf nokkur umsvif til þess, nokkurn tíma til þess að átta sig betur á því, hvernig með þá skiptingu skuli fara, því að það er auðveldara að fjölga dómurunum, sem taka við ákveðnum og tilteknum dómarastörfum, sem þeir fram að þessu hafa kveðið upp dóma í, þó að ævinlega hafi verið sem ósjálfstæðir dómarar, en embætti borgarfógetans er marggreindara og þau störf, sem þar undir heyra. Það verður að sjálfsögðu athugað, ef þetta frv. nær fram að ganga, og reynt að koma sem beztri skipan á, sem þar er auðið, að beztu manna yfirsýn.

Það er svo, að nefndin hér í þessari hv. d., allshn., hefur ekki orðið sammála og minni hl. hefur gert grein fyrir skoðun sinni, sem fram kemur í nál. á þskj. 216. Þó að ég verði ekki að niðurstöðu sammála hv. frsm. minni hl. allshn., hv. 11. landsk. þm., þá fellst ég almennt á þau sjónarmið, sem fram koma í hans nál., að þingnefndir eigi að vanda vel afgreiðslu mála og þingmenn eigi að vaka vel yfir siðferði og sómasamlegri meðferð í embættisrekstrinum. En sannleikurinn er sá, að við erum hér aðeins með eina grein af embættisrekstri ríkisins, og margt af því, sem fram kom hjá hv. þm. um þetta, á við fleiri, t. d. hv. alþingismenn, sem standa ekki öðrum að baki, ef því er að skipta, að reyna að ná sér í einhverja aukabitlinga eða aukabætur vegna þess, hvernig launafyrirkomulagið er hér í landi. Þetta verðum við allt saman að játa. Það er ákaflega erfitt að gera sig að dómara í þessum málum í einstökum tilfellum. Hins vegar er alveg rétt að taka þessi mál í heild fyrir og til endurskoðunar, og það hlýtur að líða að því. En það er allt annað heldur en að skjóta inn í meðferð einstaks máls eins og þessa tillögu, sem hv. flm. flytur að beiðni Lögmannafélags Íslands. Till. er þess efnis, að þessum tilteknu embættismönnum verði bönnuð öll aukastörf, og það er vitnað til þess, að þetta þekkist hvergi annars staðar. Ég er ekki kunnugur því. Lögmannafélagið ber ábyrgð á orðum sínum. Auðvitað væri æskilegast, að engir embættismenn ríkisins þyrftu að leita nokkurra aukastarfa. En sannleikurinn er sá, og við verðum að játa og viðurkenna það, að í dag eru þetta á svo mörgum sviðum svo ólífvænleg störf, að ef algerlega ætti að fylgja fram þeirri reglu, þá væri ekki hægt að fá menn í þessi embættisstörf ríkisins, a. m. k. engan veginn hæfa menn. Þetta er sú leiða staðreynd, sem við verðum að gera okkur grein fyrir. Ég er þess

vegna ekki samþykkur því, sem segir í áliti Lögmannafélagsins: „Ef framangreind tillaga verður samþykkt, má ætla, að tvennt vinnist, að ríkissjóði sparist verulegur kostnaður, og ekki síður hitt, að ríkisstarfsmenn þessir auki virðingu sína og verði sjálfstæðari í starfi.“ Ég held, að þriðja niðurstaðan yrði miklu líklegri, að ríkið yrði að horfast í augu við það, að það fengi ekki menn til þessara starfa, og það þyrfti að breyta launakjörum þeirra, til þess að svo mætti vera, en það vitum við, að verður ekki gert, nema með því að breyta launafyrirkomulagi opinberra embættismanna og starfsmanna í landinu í heild. Ég er heldur engan veginn reiðubúinn til þess að fallast á öll rök, sem fram koma í bréfi Lögmannafélagsins. Mér er kunnugt um, að það, sem vakir fyrir lögmönnunum í þessu sambandi, er það, að þeir hafa haft á orði, að það væru teknir frá þeim bitlingar og störf og þeir vildu einir að þessu sitja, en ekki, að embættismenn ríkisins í einu eða neinu tilfelli kæmu á þann vettvang. Það á ekki að skipa þá í matsgerðir, — lögmennirnir vilja kannske sitja að því einir, og það er líka skiljanlegt, — eða gerðardóma o. s. frv. Ég held þess vegna, að í raun og veru sé sú tillaga, sem þeir vilja bera fram, sem í sjálfu sér er eðlileg, borin fram af dálitið öðrum hvötum en þessum siðferðishvötum, sem fram koma í þeirra bréfi og grg. Mér þykir að vísu mjög vænt um, hversu gífurlega mikla umhyggju þeir bera fyrir hag ríkissjóðs og fyrir því, að embættismönnunum verði ekki á neinar misfellur í störfum þeirra. Það er gleðilegt til þess að vita, að slíkur andi skuli ríkja innan Lögmannafélagsins eins og þar kemur fram.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri með bréfi Lögmannafélagsins kveðinn upp þungur dómur yfir embættismönnunum, sem hér eiga hlut að máli. Ég tel ekki, að sá dómur, sem í sjálfu sér er þungur, sé fremur kveðinn upp yfir embættismönnunum, sem hér eiga hlut að máli, heldur en embættismönnum ríkisins í heild, og vitna til þess, sem ég hef áður sagt um það. Ég er síður en svo mótfallinn því, að þetta vandamál sé tekið til meðferðar. En þá er skoðun mín sú, að það verði að gerast almennt og eigi ekki heima í lögum um örfáa embættismenn ríkisins, en verði að taka til meðferðar varðandi þá alla, bæði í heild varðandi réttindi og skyldur þeirra, sem reyndar hafa nú ekki alls fyrir löngu verið sett lög um, og svo það, hvaða aðstaða þeim er búin til þess að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til þeirra.

Hv. 11. landsk., minni hl. allshn., fann að því og segir í sínu nál., að það megi teljast furðulegt, að þetta mál hafi ekki verið sent til umsagnar, eins og hann segir, félagssamtökum lögmanna og lögfræðinga, og vitnar til þess, að það sé algild regla. Og það er nokkuð algild regla að senda slík mál til umsagnar hlutaðeigandi aðilum. En í þessu sambandi kemur þetta ekki að sök, því að Lögmannafélagið hefur fjallað um þetta mál. Í bréfi Lögmannafélagsins til allshn. er skýrt frá því, að félagið hafi tekið málið til meðferðar á félagsfundi sínum og um málið hafi fjallað nefnd, sem fjallaði einnig um frv. um meðferð einkamála í héraði, og sú nefnd innan Lögmannafélagsins gerir þá tillögu sína, sem félagið tekur svo upp, að á 11. gr. verði gerð sú breyting, sem gerð hefur verið grein fyrir af hv. 11. landsk. þm. En Lögmannafélagið gerir enga aðra brtt. við frv., — þetta er sú eina, — og hefur, enda þó að því hafi ekki verið sent það, haft það til meðferðar og haft aðstöðu til þess að tjá sig um það.

Hv. 11. landsk., minni hl. allshn., sagðist ekki hafa getað fengið upplýsingar um það í n., hvort þetta mundi hafa í för með sér verulegan kostnað fyrir ríkissjóð. Það er því miður ekki á mínu valdi að gefa nákvæmar upplýsingar um þetta. En ég get fullyrt, að þetta mun ekki hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, og þar styðst ég við þá reynslu, sem fengin er af breytingu á sakadómaraembættinu, því að þeir, sem nú eru sakadómarar og voru áður fulltrúar sakadómaranna, hafa kvartað mjög undan því, að þeir hafi orðið vonsviknir við afgreiðslu þessa máls, því að launakjör þeirra hafi lítið breytzt, enda þó að þeir meti það, að þeir starfi sem sjálfstæðir embættismenn, og það byggist á því, að eftir að þeir eru orðnir sjálfstæðir embættismenn, eins og hér er um að ræða, fá þeir ekki þær tekjur fyrir aukavinnu, sem þeir áður fengu. Það liggur því í raun og veru fyrir í dag, að það sé að þessu leyti, varðandi launagreiðslurnar, lítill sem enginn viðbótarkostnaður af þeirri framkvæmd, sem við höfum haft á sakadómaraembættinu. Ég viðurkenni það, að þær umkvartanir, sem mér hafa borizt frá þessum nýju sakadómurum, hafa mikið til síns máls, þegar maður hefur í huga aðstöðu annarra embættismanna og hefur fyrir sér annars vegar launalögin og hins vegar þær launagreiðslur, sem fjöldinn af þessum mönnum í raun og veru fær. Þetta er ekki ný bóla, og fyrir löngu hefur verið bent á þetta og fjvn. hefur gert þessi mál að umtalsefni og það mjög ýtarlega á stundum. En þetta er, held ég, nægjanlegt til þess að slá því föstu, að hér verður ekki að ræða um verulegan kostnaðarauka. Hitt er augljóst mál, að við verðum að gera ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka af þessari breytingu.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það varðandi gagnrýni hv. minni hl. allshn. á því, hversu málið hafi borið bráðan að í allshn. og unnizt lítill tími til þess að ræða það þar, að þar vil ég taka á mig sök. Ég lagði mjög ríkt á við formann nefndarinnar, að þessu máli yrði lokið fyrir þinghlé nú fyrir jólin, og það er alveg rétt, að það er óæskilegt, þegar gagnrýni kemur fram, að þurfa að hraða málum, eins og hér hefur verið gert, og stundum verðum við að horfast í augu við það. En ég vil fyrir mitt leyti taka á mig fulla sök á því. En þar sem málið er að vissu leyti ekki ókunnugt og hluti af því samþykktur á síðasta þingi, og ég tel, að sú eina aths., sem fram kemur, frá Lögmannafélaginu, eigi ekki við í þessu sambandi, og n., sem hefur haft málið til meðferðar, gerir ekki aðra aths., þá vildi ég nú mega

vonast til þess, að þetta frv. fengi nú fram að ganga, og áherzlan, sem ég hef lagt á, að því yrði lokið nú fyrir þinghlé, er aðeins sú, að sú nýja skipan, sem hér er gert ráð fyrir, gæti komið til framkvæmda frá áramótum.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það var mjög ánægjulegt að fá þær yfirlýsingar hér frá tveim hv. þm. Sjálfstfl., hv. 4. þm. Norðurl. v. og hæstv. dómsmrh., að laun og það mjög þýðingarmikilla embættismanna í ríkiskerfinu væru svo lág, að það væri ekki hægt að ætlast til þess, að þeir gætu lifað af þeim einum saman. Ég held, að fyrsta ályktunin, sem menn hljóta að draga af þessum yfirlýsingum, sé sú, að það þarf að hækka þessi laun. Og ég held, að starfsmenn þess opinbera og þeirra bandalag hafi einmitt farið fram á það, að laun starfsmanna ríkisins væru hækkuð, og það sé orðin alveg brýn nauðsyn að taka það til alvarlegrar athugunar. Það verður satt að segja ekki annað séð en að ef staðið er á móti því að gera það og gera þarna verulegar breytingar á, þá sé á vissan hátt réttaröryggi landsmanna í hættu, t. d. hvað snertir einmitt þessi mál, sem hér er um að ræða. Það virðist vera samkomulag um það frá allra hálfu, að launin, sem þessir mjög þýðingarmiklu embættismenn, dómarar og aðrir slíkir, hafi, séu of lág, þannig að það verði að ætla þessum mönnum einhver aukastörf. Mönnum fyndist það kannske ekki nógu fínt, að menn, sem væru borgardómarar eða slíkt, væru t. d. á kvöldin við afgreiðslu í kvikmyndahúsum að hleypa inn eða eitthvað annað þess háttar, það mundi ekki samræmast þeim hugmyndum, sem menn gera sér um, hvað sé fínt að vinna. En hitt verð ég að segja, að fjærst öllu virðist þó, að þeir taki eitthvað að sér, sem snertir það svið, sem þeir sjálfir eru að vinna á, að þeir færu sjálfir að taka að sér, t. d. þeir, sem eru dómarar, einhvern málarekstur og annað slíkt, að t. d. bæjarfógetarnir á Siglufirði eða Akureyri eða annars staðar færu að auglýsa það, að þeir tækju að sér málafærslustörf í frístundum sínum. Það mundi ekki þykja viðkunnanlegt, og ég held, að það geri ekki nokkur þeirra, jafnvel þó að þeir hafi lág laun. Ég held þess vegna, að þetta sé mál, sem við verðum að taka til mjög alvarlegrar athugunar.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það hér áðan, að náttúrlega færist ekki alþm. að vera að koma fram með það, að það þyrfti að banna vissum starfsmönnum ríkisins að taka að sér launuð aukastörf, vegna þess að alþingismenn sæktust eftir þeim. Þar komum við að máli, sem er ekki síður þess vert, að það væri rætt. Það er vitað, að þeir menn, sem sitja á Alþingi Íslendinga, eru sem alþm. verr launaðir en nokkrir þm. nokkurs staðar annars staðar, þar sem ég þekki til í heiminum. Og hefur það þó löngum verið eitt af höfuðmálum í allri lýðræðisbaráttu þjóðanna að tryggja, að þeir menn, sem fólk kýs á þing, eigi að geta lifað af þeim launum, sem þeir fá, og þannig verið óháðir öðrum. Hér á Íslandi er það svo, að kaup þm. er fimmtungur á við það, sem kaup þm. er á Norðurlöndum, kannske upp í fjórðung, og ef þing eru ákaflega löng, þá kunna þau að slangrast upp í það að vera þriðjungur, eins og nú er komið, þannig að það er þá bezt að taka þau mál til alvarlegrar athugunar líka, því að það er til skammar. Það, sem hæstv. dómsmrh. kom með, eru því út af fyrir sig ekki rök fyrir því, að við eigum ekki að athuga þetta hvað dómarana snertir, heldur þvert á móti, að við eigum að taka til alvarlegrar umræðu líka þau kjör, sem alþm. Íslendinga búa við. Ég held þess vegna, að við ættum að reyna að gera nokkra byrjun einmitt í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, en reyna þá um leið að taka þá ákvörðun að hækka laun þessara manna, sem hér eiga hlut að máli, láta verða úr því að endurskoða þeirra launakjör, þegar þetta er viðurkennt.

Að hvaða leyti stendur öðruvísi á um þessa menn en aðra starfsmenn ríkisins? Ef ég man rétt, þá er það nú a. m. k. áreiðanlega að nokkru leyti á valdi ríkisstj. með þá almennu starfsmenn, sem gegna skrifstofustörfum og slíku, hve mikil tækifæri þeim gefast, a. m. k. í sínum skrifstofutíma, í sínum vinnutíma, til þess að sinna öðrum störfum. Ég býst við, að með reglugerð sé hægt að ráða þeim málum til lykta. Um dómara aftur á móti gegnir alveg sérstöku máli. Það er alveg sérstaklega fyrir mælt í stjórnarskránni, að dómarar skuli vera óháðir. Og öll sú þrískipting, sem á sér stað í allri okkar starfsemi, í öllu okkar stjórnarfari, byggist alveg sérstaklega á því, að dómarar séu óháðir, og hvað snertir hæstaréttardómara eru alveg sérstök ákvæði í stjórnarskránni, sem eiga að tryggja slíkt. Og hvað dómarana snertir almennt eru þar að auki ákvæði, sem tryggja þá sérstaklega viðvíkjandi embættaflutningi, og ef þeir víkja úr einu embætti, hafi þeir tækifæri til að fá annað, og annað slíkt, þannig að það er auðsjáanlega miðað við það í stjórnarskránni, að dómararnir sérstaklega skuli vera svo óháðir, að þeir eigi ekki að þurfa að taka fjárhagsleg tillit í sambandi við þau störf, sem þeir eiga að sinna, hvorki þannig, að þeir verði háðir öðrum né að þeirra tími sé það upptekinn af öðru, að þeir hættu að geta gegnt sínum skyldustörfum. Það er alveg greinilegt, að stjórnarskráin ætlast alveg sérstaklega til þess, að dómararnir í landinu séu fjárhagslega óháðir öllum öðrum, og þar með náttúrlega um leið, að þeir séu þannig launaðir, að þeir geti gegnt sínu starfi og öðru ekki. Það er kannske allt annað, hvort þeir kynnu að stunda t. d. skógrækt eða eitthvað þess háttar að gamni sínu í frístundum, en a. m. k., að þeir séu ekki að fást við löggæzlustörf og lögmannsstörf og annað þess háttar, það er alveg greinilegt, að stjórnarskráin ætlast til þess. Vildu þeir fara niður að höfn stundum í orlofinu sínu og vinna þar sem hafnarverkamenn, þá mundi það vafalaust bara hjálpa til að kynna enn þá betur fyrir þeim, hvernig líf þeirra manna er, sem þar vinna, og annað slíkt.

Ég held, að við eigum að taka þessi mál til miklu alvarlegri athugunar, ekki tengja þau endilega við öll önnur launamál ríkisins eða öll önnur starfsskilyrði og réttindi og skyldur allra

annarra starfsmanna ríkisins, heldur taka þessa starfsmenn ríkisins alveg sérstaklega út úr. Hér er á vissan hátt um það að ræða, hvernig er með réttaröryggið í landinu. Og satt að segja hefur það réttaröryggi ekki verið of mikið. Það hefur verið allerfitt, annars vegar fyrir menn og það jafnvel þótt þeir væru þingmenn, að fá nokkurn veginn þannig framfylgt reglum í yfirheyrslum og slíku, að þeir menn væru kallaðir fyrir rétt, sem áttu að kallast fyrir, bara vegna þess, að maður hefur haft það beinlínis á tilfinningunni, að dómararnir líti að einhverju leyti svo á sem ríkisstj. eða ráðh. hafi einhver sérréttindi í þjóðfélaginu, að þeir væru eitthvað upp yfir aðra hafnir og að jafnvel dómarar þyrftu að taka tillit til þess, hvort maður væri t. d. ráðh. á því augnabliki. Og það er anzi hart, að vissir dómarar í þjóðfélaginu skuli líta þannig á stundum, að það séu ekki allir menn jafnir fyrir lögunum. Ég held þess vegna, að við megum ekki hætta á neitt í þessu efni.

Það hefur verið minnzt á matsgerðir í þessu sambandi. Ég held satt að segja, að það sé fullmikið um það, að meira að segja æðstu dómarar í landinu séu látnir taka að sér matsgerðir. Ég álít það alls ekki heppilegt. Ég álít, að það væri heppilegra, að þeir væru þá launaðir miklu hærra en þeir eru.

Ég held, að þetta séu mál, sem vegna réttaröryggisins í landinu sé alveg nauðsynlegt að athuga. Ég get verið hæstv. dómsmrh. fyllilega sammála um, eins og hann skaut fram, að Lögmannafélagið virðist náttúrlega þarna vera að gæta sinna hagsmuna. Það er ósköp skiljanlegt, og ég er ekki að gera þess röksemdir að mínum í þessu efni, hvað það snertir, ef þeir líta þannig á, lögmennirnir, að starfsmenn ríkisins séu að taka frá þeim einhverja vinnu. En fyrir þann almenna borgara í þjóðfélaginu skiptir þessi röksemd að vísu engu máli, en hin röksemdin aftur á móti er höfuðatriðið, að dómararnir geti verið sjálfstæðir, öðrum óháðir, það vel launaðir í sínu embætti, að þeir geti gegnt því embætti fjárhagslega óháðir öllum öðrum, þar með líka sjálfu ríkisvaldinu, og hafi það góðan tíma til þess að hugsa um þessi mál, fylgjast með í öllum þessum málum, að borgarar landsins geti treyst á, að þeir séu sem færastir um að sinna þeim. Ég held þess vegna, að það hefði verið rétt byrjun að samþykkja þá brtt., sem hv. minni hl. allshn. flytur. Það væri rétt byrjun í þessum efnum og verið byrjað þar með á því sviði, sem þýðingarmest er. Og ég held, að það mundi um leið þýða, — þar er ég fyllilega sammála þeim hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. meiri hl., — það mundi þýða um leið, að við yrðum tafarlaust að taka launamál þessara manna til endurskoðunar. En svona getur þetta ekki gengið.

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég ætlaði að segja hér út af ummælum hv. 11. landsk. þm., frsm. minni hl. allshn., þar sem hann lét liggja að því, að meðferð þessa máls fyrir allshn. hefði ekki verið að öllu leyti þingleg og flýtt meira en góðu hófi gegndi. Ég skal nú með örfáum orðum skýra frá, hvernig afgreiðslu þessa máls bar að.

Ég held, að það hafi verið fyrir eitthvað viku, rúmlega þó líklega, sem þessu máli var vísað til allshn., og liðu því nokkrir dagar og þar á meðal ein helgi þannig, að málið var ekki tekið fyrir í nefndinni, og má vænta þess, að nefndarmönnum hefði á þeim tíma átt að gefast kostur á að athuga þetta frv. Á þriðjudaginn var boðaði ég svo til fundar í allshn. Þá bað hv. 11. landsk. mig um að fresta fundinum þangað til daginn eftir, og ég féllst orðalaust á það, vegna þess að hv. 11. landsk. sagði, að hann ætti eftir að kynna sér frv. Svo á áður ákveðnum tíma á miðvikudaginn var þessi fundur haldinn, og þar gerði hv. 11. landsk. þann ágreining í nefndinni, sem hann hefur nú gert grein fyrir.

Hv. 11. landsk. sagði einnig, að við afgreiðslu málsins í Ed. hefði ekki verið haft samstarf eða samráð við þá aðila, sem þetta mál varðar, og það hefði ekki verið sent til umsagnar neins þeirra. Það er alveg rétt, að málið mun ekki hafa verið sent til umsagnar neins aðila eða samtaka, en hins vegar stendur í fundargerðabók allshn. Ed., að nefndin hafi haft samráð við forstöðumenn borgardómara- og borgarfógetaembættisins, sem þetta frv. náttúrlega varðar fyrst og fremst. Hins vegar get ég ekki séð í fljótu bragði, að þetta frv. varði Lögmannafélag Íslands sérstaklega, frekar en mörg önnur mál, sem fyrir Alþingi koma. Og málið var ekki heldur sent til umsagnar þess félagsskapar, heldur sendi Lögmannafélagið álit sitt um það alveg óbeðið, sem var auðvitað ekkert út á að setja út af fyrir sig.

Mér þykir það líka leitt, að það virðist hafa farið fram hjá hv. 11. landsk. og einnig hv. 3. þm. Reykv., sem ég lagði talsverða áherzlu á í framsögu minni hér rétt áðan, að meiri hl. allshn. telur, hvað sem um það má segja, hvort eigi að banna dómarafulltrúum að taka að sér lögfræðistörf fyrir borgun eða ekki, að við töldum, að það bann ætti ekki heima í þessu frv., heldur miklu fremur í öðru frv., sem er hér til meðferðar á þessu sama þingi, og það er frv. til laga um meðferð einkamála í héraði.

Út af kostnaðinum við fjölgun borgarfógeta og borgardómara hefur hæstv. dómsmrh. sagt sitt álit um það. Ég man eftir því, að hv. 11. landsk. vék að því á þessum fundi í allshn., þar sem málið var til meðferðar, hvort ekki mundi verða útgjaldaaukning við þá fjölgun borgardómara og borgarfógeta, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég man það greinilega, að ég sagði, að sjálfsagt mundi einhver útgjaldaaukning verða, en gat þess um leið, að ég teldi ekki rétt að horfa í það í slíkum tilfellum, þar sem stefnt væri að frekara réttaröryggi, eins og ég tel vera gert með því frv., sem hér er til umr. Og ég verð að taka undir það með hæstv. dómsmrh., að það er stundum, en ekki alltaf, sem hv. 11. landsk. og hans flokksbræður eru einhverjir sérstakir sparnaðarpostular.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég tel rétt að fara örfáum orðum um frv. það, sem hér er verið að ræða, ekki kannske sízt fyrir það, að ég

hygg, að ég muni vera eini þm. í þessari hv. d., sem er starfandi lögmaður, og frv. þetta varðar þá stétt talsvert.

Ég vil strax í upphafi mótmæla því, sem mér fannst koma fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að frv. sem þetta varðaði Lögmannafélag Íslands ekkert umfram önnur félög í landinu. Þetta er að sjálfsögðu mikill misskilningur, því að einmitt þau aukastörf, sem þeir aðilar, er frv. þetta tekur til, hafa unnið á undanförnum árum, ganga beint inn á verksvið starfandi lögmanna. Ég vil líka, að það komi hér fram, fyrst ég á annað borð fór í ræðustólinn, að um afstöðu lögmanna til þessa frv. er alger einhugur, og kom það vel fram á seinasta aðalfundi Lögmannafélagsins, sem ég hygg að hv. 11. landsk. þm. hafi lítillega komið inn á í ræðu sinni áðan.

Mér sýnist, að það sé aðallega tvennt, sem menn verða að gera upp við sig, þegar þeir taka afstöðu til þessa frv. Það er í fyrra lagi, hvort rétt sé að taka þann hóp opinberra starfsmanna, sem frv. þetta tekur til, út úr, banna þeim að sinna þessum aukastörfum umfram aðra opinbera starfsmenn, sem engin launung er á að hafa drýgt tekjur sínar á undanförnum árum með allverulegri aukavinnu. Það hefur komið hér fram í ræðum m. a. hæstv. dómsmrh. og raunar frsm. meiri hl. hv. allshn., að það væri óeðlilegt að taka út úr nokkra aðila og banna þeim að sinna aukastörfum. Ég tel hins vegar, að það sé tvennt, sem geri það eðlilegt, að þetta sé gert nú. Í fyrra lagi er, eins og hv. 3. þm. Reykv. kom inn á, að dómarar hafa nokkra sérstöðu í starfsmannahóp ríkisins, og að það er mikilvægara, að þeir þurfi ekki að vera fjárhagslega háðir aukastörfum í sambandi við störf sín. Þetta atriði, að losa þá undan fjárhagsáhyggjum, á að tryggja almennt réttaröryggi í landinu, sem við að sjálfsögðu getum ekki verið ósammála um að æskilegt sé að gera. En svo er önnur ástæða, sem kemur til. Þetta frv. er flutt fyrst og fremst, að því er mér sýnist, til þess að gera mögulega nokkra launahækkun hjá umgetnum mönnum, þ. e. a. s. fulltrúum hjá borgardómara, hjá sakadómara og hjá borgarfógetanum í Reykjavík. Ef ástæða er til þess að taka þennan hóp fulltrúa út úr og hækka við þá laun umfram aðra opinbera starfsmenn, tel ég ekki óeðlilegt að auka jafnframt nokkuð á skyldur þeirra. Ég tel ekki óeðlilegt, að þar sem með frv. þessu er verið að hækka við þessa menn föst laun, að þá sé það réttlætanlegt að banna þeim að gegna aukastörfum jafnframt sínu fasta starfi. Ég fyrir mitt leyti tel því brtt. þá, sem hv. 11. landsk. þm. hefur flutt, sanngjarna og eðlilega, miðað við það, hvernig málið liggur fyrir. Ræðumenn, sem hér hafa talað, virðast allir vera sammála um, að mjög sé óæskilegt, að opinberir starfsmenn, sérstaklega þeir, sem langskólanám hafa stundað, þurfi að vera sér mjög úti um alls kyns aukatekjur fyrir utan aðalembættisstörf sín. Þetta er rétt og þyrfti að laga og það sem fyrst. Ég er ekki alveg viss um, að talsverð launahækkun hjá opinberum starfsmönnum, a. m. k. nokkrum hóp þeirra, þyrfti að kosta ríkissjóðinn svo mjög mikið, ef jafnframt væri ekki verið að borga þessum mönnum laun fyrir alls kyns aukastörf, sem þeir gegna jafnframt sínum föstu störfum.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en ég tel, og það er það aðallega, sem ég vildi láta hér fram koma, úr því að á sérstaklega að taka þessa dómarafulltrúa út úr og hækka við þá laun umfram aðra opinbera starfsmenn, að þá sé ekki óeðlilegt að binda þessa launahækkun því skilyrði, að þeim sé óheimilt að stunda aukastörf framvegis jafnframt sínum aðalstörfum.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var í allshn. hjá okkur, gat ég þess, að ég teldi rétt, ef ætti að fara að breyta ákvæðum líkt og minni hl. leggur til í sambandi við 11. gr. frv., þá ætti það að horfa við almennt og ætti þá að eiga við yfirleitt dómara og fulltrúa þeirra, bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur, og þess vegna bæri ekki að koma slíkri breytingu fram í sambandi við þetta frv., heldur annað frv., sem liggur hér fyrir til athugunar og úrslita, og það er í sambandi við einkamálalöggjöfina. Það er álit mitt, að breytingar af þessu tagi eigi að ræðast í sambandi við það frv., en ekki þetta.

Það er engin ný bóla, að embættismönnum og opinberum starfsmönnum sé illa launað hér á landi og að launalögin séu mjög úrhendis á ýmsa lund, og þarf ekki að hafa mörg orð um það, það er búið að ganga svo til lengi. En sannarlega væri það mjög ánægjulegt, ef meiri hluti þings gæti fallizt á það og það í verki, að launalöggjöfin væri tekin til endurskoðunar og þá ekki sízt að því er varðar þessa embættismenn, sem eiga að vera mjög sjálfstæðir í starfi og óháðir, eins og einn ræðumanna hér í dag gat um að væri ákveðið í sjálfri stjórnarskránni. Það er vissulega erfitt að vera dómari og sinna ýmsum störfum öðrum, en þarf ekki að fara verr úr hendi. En ég held, að ég geti lýst því yfir, að það er mjög þungur dómur og alls ekki réttur að mínu viti, sem kveðinn er upp í bréfi Lögmannafélags Íslands. Ég hef ekki heyrt annað en að þeir embættismenn, sem þar getur, þ. e. a. s. dómarar og fulltrúar dómara hér í Reykjavík, hafi yfirleitt unnið sín dómarastörf mjög vel, og kannske það eina, sem mætti fetta fingur út í, er, að þeim ynnist kannske seinna en vera bæri og með þyrfti. Það er alveg rétt. En að niðurstöður og annað slíkt væri ekki í mjög sæmilegu og enda góðu lagi, ég hef ekki heyrt annað en svo hafi verið, og það er sennilega ekki, að dómarar og fulltrúar þeirra hafi dregið mál hér vegna þess, að þeir hafi verið hlaðnir öðrum störfum, heldur eru dómsmál hér yfirleitt svo innviðamikil í Reykjavík og margþætt, að það vinnst ekki venjulegur vinnudagur til þess að ganga frá þeim. Ég þekki ýmsa af þessum mönnum, bæði dómurum og fulltrúum, sem vinna oft eftir venjulegan vinnutíma án þess yfirleitt að fá nokkra þóknun þar fyrir til að koma dómum og úrskurðum fram, og er mjög alsiða. — Ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við þann þunga dóm, sem Lögmannafélagið er einhuga

um að kveða upp yfir þessum embættismönnum hér í Reykjavík. Og mér skilst, að það eigi að byrja á því að lagfæra laun hinna opinberu embættismanna og þá ekki sízt dómara og fulltrúa þeirra. Ég segi fyrir mig, að ég er mjög inni á því og það væri mjög ánægjuríkt, ef meiri hluti þings vildi taka það mál fyrir og reyna að ganga nokkurn veginn viðhlítandi frá því. Og þá vil ég segja það, að ef sú gæti orðið niðurstaðan, þá er brtt. minni hl. og álit hans í þessu máli ekki úrhendis, heldur kemur fram á nokkurn veginn réttum og eðlilegum tíma.

Ég get getið þess í sambandi við brtt. á þskj. 216 frá minni hl., að þar segir, með leyfi forseta: „Embættismönnum þeim, er um ræðir í 2.—6. gr., og fulltrúum þeirra samkv. 10. gr. er óheimilt að hafa á hendi öll lögmannsstörf, svo og hvers konar önnur störf, er valda kunna vanhæfi þeirra.“ Ef maður ályktaði in contrario eða öfugt, þá ætti öðrum embættismönnum en *sem þar greinir að vera heimilt að hafa* lögmannsstörf og hvers konar önnur störf o. s. frv. Ég vil aðeins benda á þetta til athugunar, til að sýna fram á, að þetta er engan veginn eins augljóst og eðlilegt og kannske ætla mætti í fljótu bragði. Og þá kemur að því, sem ég sagði í upphafi, að till. af þessu tagi eða sem stefnir í þessa átt á heima í sambandi við frv. til laga um einkamálalöggjöfina og í sambandi við breytta launalöggjöf ríkisins.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. ræddi nokkuð um þetta frv. Hann gat þess m. a., að formaður allshn. Ed. hefði rætt við borgardómara og fleiri embættismenn, sem þessi lög fjalla um. Mér dettur ekki í hug að bera á móti því, að þetta sé rétt. En þá er bara spurningin þessi: Hvernig stóð á því, að allshn. Ed. og allshn. Nd. sendu ekki frv. til umsagnar félagssamtaka lögfræðinga og lögmanna hér í Reykjavík? Hvernig stóð á því? Því er haldið fram, að frv. hafi verið samið af dómurum hæstaréttar og að það út af fyrir sig eigi að vera einhver endanlegur úrskurður um það, að frv. sé þannig úr garði gert, að ekki sé hægt og eigi ekki að gera á því breytingar. Þetta kom beint fram á nefndarfundi hjá okkur í allshn. Þessum skilningi vil ég alveg mótmæla. Dómarar hæstaréttar eða hverjir sem það eru, sem semja lög, það má segja, að betur sjá augu en auga, og það er enginn, sem getur fullyrt neitt um það, þó að háttsettir embættismenn séu góðir lagasmiðir, að þá gangi þeir þannig frá frumvörpunum, að ekki sé eitthvað þar í, sem sé nauðsynlegt að lagfæra.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að það væri vitað, að ef þessir menn, sem lögin fjalla um, fengju ekki að starfa að öðrum málum utan síns embættis, mundu engir menn fást í þessi embætti. Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing. Ég verð að segja það, að ef það er slíkt ástand í launamálum opinberra starfsmanna, að laun þeirra séu svo lág, að þeir verði að sækja eftir aukastörfum til þess að geta lifað sómasamlegu lífi, sem hlýtur að meira eða minna leyti að ganga út yfir þau embættisstörf, sem þeir eru ráðnir til, þá vil ég halda því fram, að það sé fyllsta ástæða til að taka yfirleitt launamálakerfi ríkisins til alvarlegrar athugunar.

Við skulum viðurkenna það alveg hreinskilnislega, að með slíku fyrirkomulagi sem verið hefur á þessum málum og á nú að fara að lögfesta er verið að kalla á alveg sérstaka spillingu í embættismannakerfinu, og það er það, sem ég vil átelja og átel hér með, og það er einmitt þetta, sem Lögmannafélagið bendir réttilega á, að maður, sem er í embætti og notar mikið af starfstíma sínum til annarra starfa en þeirra, sem hans embætti tilheyra, hann er með því að svíkjast undan því að vinna sín skyldustörf, — og það sem meira er, það kallar á það, að oft og tíðum eru þessir menn með mál, sem þeir geta svo ekki verið dómarar í, og það þýðir, að dómsmrn. eða hver sem annars fer með þau mál verður að skipa setudómara í málið, og það kostar vitanlega aukin útgjöld *fyrir ríkissjóðinn*.

Það hefði verið alveg fyllsta ástæða til, ef til þess hefði unnizt tími að rannsaka ýmislegt í sambandi við þessi embætti, t. d. hve mikið er greitt fyrir aukastörf til þessara embættismanna. Það liggur ekkert fyrir um það, engar upplýsingar. Hvað hefur mikið verið greitt til setudómara í hinum ýmsu málum? Hvað er mikið greitt í innheimtulaun, bæði hér í Reykjavík og til bæjarfógeta og sýslumanna úti um allt land? Það vita allir, að bæði bæjarfógetar og sýslumenn og ekki síður embættismennirnir hér í Reykjavík og þá fyrst og fremst þeir hafa tvöföld og þreföld laun, miðað við þeirra föstu laun, bara fyrir ýmiss konar innheimtu. Meira að segja embættismaður hér í nágrenni Reykjavíkur hefur svo að skiptir tugum þúsunda bara fyrir það eitt að innheimta fyrir almannatryggingarnar. Ég er ekki að segja, að þessi laun komi ekki fram á skattskýrslu, það eru ekki mín orð. En þetta bara sýnir, að það hefði verið fyllsta ástæða til að fara betur í gegnum þessi mál en gert var. En það lágu engar slíkar upplýsingar fyrir, enda var svo mikið rekið eftir því að fá þetta mál í gegn nú fyrir áramótin, *að málið fékkst tæplega rætt á þessum eina* fundi, sem boðaður var til þess að afgreiða það.

Hv. frsm. meiri hl. allshn., hv. 4. þm. Norðurl. v., nefndi sem dæmi um það, hvað allsherjarnefndirnar hefðu haft gott samband við embættismennina, að það hefði verið talað við þá, — hann kom með það sama og hæstv. dómsmrh. Það má vel vera, að þetta hafi verið gert, mér var ekki kunnugt um það, alls ekki. En þá vil ég endurtaka þá spurningu, sem ég sagði hér áðan og enn stendur óhrakin: Af hverju höfðu ekki nefndirnar samráð við samtök lögfræðinga og lögmanna um málið? Vill hv. frsm. meiri hl. halda því fram, að þetta mál komi þeim ekkert við — eða hvað? Ég held, að hann ætti að gefa á því skýringu.

Nei, það er sannarlega ófært ástand, að opinberir starfsmenn skuli þurfa að afla sér svo og svo mikilla aukastarfa til þess að geta lifað sómasamlega. Slíkt hlýtur að ganga út yfir þeirra störf og í mörgum tilfellum hlýtur að kosta ríkissjóð stórar fjárupphæðir, sem ann-

ars væri hægt að komast af án, svo framarlega sem væri vel að þessum málum búið.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan: Ef það er rétt, að þessir starfsmenn hafi svo léleg laun, að þeir telji sig ekki getað lifað án þess að vinna svo og svo mikið af aukastörfum, sem hlýtur að ganga út yfir þeirra aðalembætti, þá er full þörf á því, að launakerfið yfirleitt sé allt tekið til gagngerrar rannsóknar, og þá um leið, að það verði settar hömlur gegn því, að slíkt ástand geti haldið áfram að þróast, sem mér virðist hafa gerzt undanfarið í embættiskerfinu hér í Reykjavík.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Þessar umr. eru að ýmsu leyti þarflegar og gagnlegar, þó að þær fari nokkuð á víð og dreif.

Hv. 11. landsk. þm. taldi það furðulega yfirlýsingu af minni hendi, að embættismenn íslenzka ríkisins þyrftu að leita eftir aukatekjum. Um þetta þarf ekki annað að segja en: „sakleysið, sízt má án þess vera." Og ef mönnum kemur þetta ókunnuglega fyrir sjónir, þá finnst mér það miklu furðulegra. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það, það skiptir ekki miklu máli.

Annað er alvarlegra, að hann lét sér það um munn fara hér, að með þessu frv., að svo miklu leyti sem um þessa embættismenn, sem hér greinir, væri að ræða, þá væri verið að kalla á sérstaka spillingu. Þessu mótmæli ég alveg. Hér er engin sérstök spilling á ferðinni. Þetta er sú sama spilling sem er alls staðar í okkar þjóðfélagi, hvert sem við lítum í hinu opinbera launakerfi okkar. (**Gripið fram í:** Hví þá ekki að afnema hana?) Afnema hvað? (**Gripið fram í:** Spillinguna.) Ég var að mótmæla, að hér væri um nokkra sérstaka spillingu að ræða. Svo skal ég víkja að hinu, vilja og tillögum manna til að afnema spillinguna. Og þá komum við að því, að það er vandlifað í þjóðfélaginu, því að hv. 11. landsk. sagðist vera með þessu frv., ef till. hans væri samþ., ef það kostaði ekki ríkissjóð neitt. En hv. 3. þm. Reykv. ætlar að fylgja þessu frv. á þeirri forsendu, að það kosti einmitt ríkissjóð eitthvað töluvert.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri ánægjulegt að fá þær yfirlýsingar frá mér, sem ég gaf áður um það, að þessir embættismenn og aðrir embættismenn hefðu ekki nógu há laun. Þessi yfirlýsing er ekki í fyrsta skipti fram komin af minni hálfu núna, svo að hún hefur ekki opinberazt á þessum tíma fyrir hv. þm. Ég hef margoft hér í þingsölunum einmitt vikið að því, hvað við værum á hættulegri braut staddir vegna þess, hve háu launin í embættismannakerfinu væru of lág. Það hefur ekki alltaf þótt vinsælt að hlusta á þetta, og ég hef fengið ýmsar ádrepur frá þm. úr stjórnarandstöðunni einmitt fyrir þetta viðhorf mitt. Þetta viðhorf reifaði ég seinast í útvarpsumr. hér frá Alþingi í sambandi við vantrauststillöguna á ríkisstj. í haust, og ég taldi, að jöfnuðurinn í launakerfinu væri orðinn okkur mjög hættulegur í framkvæmd. Og mér þykir vænt um, að hv. 3. þm. Reykv. er mér, eftir því sem ég skildi áðan, sammála að vissu leyti í þessu efni, þó að viðhorf hv. 11. landsk. sé allt annað, því að hv. 3. þm. Reykv. vildi einmitt taka sérstaklega fyrir launamál dómara og æðri embættismanna, sem hér er um að ræða, en ekki blanda þeim inn í endurskoðun á hinu almenna launakerfi. Þetta hlýt ég að skoða svo sem við séum að þessu leyti einmitt að verulegu leyti á sama máli. Það auðvitað hljómar alltaf miklu betur að segja: Við skulum hækka lágu launin og gera betur við þá, sem lítið bera úr býtum. — En við erum orðnir alveg, held ég, einstakir, a. m. k. skerum okkur úr öðrum þjóðum, þar sem þróun mála er miklu örari og hefur verið örari en hér að því leyti, að við höfum gert á undanförnum árum í æ ríkari mæli minni og minni launamismun hjá mönnum eftir því, hvort þeir voru með ábyrgðarmikil störf eða ábyrgðarlítil í þágu þess opinbera. Og ég hika ekki við að segja það, að ég veit, að ýmsir og margir af starfsmönnum ríkisins hafa alveg nægilega há laun, en það eru fyrst og fremst þeir, sem eru í hæstu launaflokkunum og ábyrgðarmestu stöðunum, sem hafa of lág laun. En það mál verður ekki fremur en endurskoðun á launakerfinu í heild afgreitt í sambandi við mál eins og það, sem hér er um að ræða.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, eru þessar umr. að ýmsu leyti þarfar, og ég skil þau mismunandi sjónarmið, sem fram hafa komið. En ég vil að lokum ítreka það, að mér finnst flest af því, sem fram hefur komið og menn hefur greint á um, eiga við á öðrum vettvangi en í sambandi við afgreiðslu þessara sérstöku laga, sem hér er um að ræða. En ég sagði, held ég, í minni fyrri ræðu, að það mundi ekki standa á mér að endurskoða marga þá galla, sem ég hef vikið að í okkar launakerfi og embættisskipulagi. Og ég hef verið alveg ófeiminn við að lýsa skoðun minni á þeim ágöllum, sem ég taldi á vera.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það eru nokkur orð út af þeim umr., sem hér hafa orðið.

Tveir af hv. þm., sem sæti eiga í allshn. og skipa þar meiri hl., hafa þegar tekið til máls á móti því, að till. á þskj. 216 væri samþykkt. Þessir menn eru báðir sýslumenn, og ég held, að af þeim fjórum mönnum, sem skipa meiri hl., séu þrír ýmist bæjarfógetar eða sýslumenn. Það er nú raunyerulega svo, að ég held, að það sé að því komið, að við þurfum að fara að taka þessi mál til allrækilegrar athugunar. Það er engan veginn viðkunnanlegt, að svo að segja embættismennirnir afgreiði sjálfir lög hér á þinginu um, hvernig embættismennirnir eigi að haga sér í þjóðfélaginu. Ég held, að það megi gjarnan taka nokkurt tillit til þess, sem þeir, sem eru utan við þetta embættiskerfi sjálft, segja í þessum efnum frá sjónarmiði þess almenna borgara. Ég held þess vegna, að fyrir okkar embættismannastétt og alveg sérstaklega hvað dómstólana snertir ættu menn að fallast á það og byrja á því með þessu frv., að um þessa dómara og þá fyrst og fremst skulum við segja dómarana hér í Reykjavík, svo að við byrjum dálítið á þeim, þá verði að gilda sérstök ákvæði. Þeir eru, eins og stjórnarskráin gerir

alveg sérstaklega ráð fyrir, einir af þeim alfáu dómurum í landinu, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Og þegar dómarar hafa ekki umboðsstörf á hendi, hafa þeir vissan ákveðinn rétt samkv. stjórnarskránni, sem engir aðrir menn hafa, þannig að það er alveg sérstaklega gengið út frá því, að slíka menn eigi að vernda, og um leið náttúrlega, að til slíkra manna verði að gera sérstakar kröfur, fyrst og fremst um það, að þeir séu fjárhagslega sjálfstæðir og þeir geti sinnt sínum málum. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt við það, þó að byrjað sé með því að gera þær kröfur til dómaranna í Reykjavík, sem gegna ekki umboðsstörfum, og hitt er svo hægt að athuga seinna í sambandi við meðferð einkamála í héraði, hvort farið er að gera þessa kröfu t. d. til dómara úti á landi, sem gegna umboðsstörfum, eða hvort menn vilja fara inn á það, sem ég held að hljóti nú að fara að liggja mjög nærri, að fara að aðskilja algerlega þetta tvennt, dómarana annars vegar og þá menn, sem gegna lögreglustjórastörfum, tollstjórastörfum, innheimtustörfum eða öðru slíku. Það er náttúrlega meira mál, sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni.

Hæstv. dómsmrh. kom inn á það og mótmælti því, að hér væri í sambandi við þetta frv. um einhverja sérstaka spillingu að ræða, það væri aðeins um þá almennu spillingu að ræða, og það get ég verið honum alveg sammála um. Það er bara verið að halda áfram með þá almennu spillingu í okkar þjóðfélagi. En spurningin er, hvort við ættum að reyna að gera eitthvað til að stöðva hana. Okkur var t. d. sagt á síðasta þingi, þegar við vorum látnir samþykkja ákvörðun um ný embætti, — það var embætti saksóknara, held ég, — að nú væri aldeilis verið að gera góða umbót á okkar réttarkerfi, nú gætum við þó verið öruggir, nú mundu ekki neinir aðilar fara að stinga neinum málum undir stól, nú kæmi óháður saksóknari, nú væri það ekki lengur pólitískur dómsmrh., sem réði um, hvort mál væri höfðað eða annað slíkt. Ég lét það í ljós þá, jafnvel þó að andstæðingur minn sæti í dómsmrh.-stóli, að ég hefði nokkurn veginn alveg eins mikið traust á því, að pólitískur dómsmrh. hefði yfir þessum málum að segja, vegna þess að þjóðin á miklu hægara með að kalla hann til ábyrgðar og hann hefur þess vegna miklu meira aðhald. Og hver hefur orðið reynslan? Gengur fljótt í saksóknaraembættinu með þau mál, sem beðið er eftir svo að segja og eru búin að vera lengi á döfinni? Það er sagt við okkur hér, ólögfróða mennina: Í guðanna bænum, þið þurfið að samþykkja að bæta þessum embættum við. Þetta er alveg nauðsynlegt fyrir réttaröryggið. Það þarf að taka upp sérstakt embætti saksóknara. Það þarf að koma upp svona mörgum sakadómaraembættum. Það þarf að koma upp svona mörgum borgardómaraembættum. — Jú, þetta getur allt saman verið gott og blessað. Ég held, að yfirleitt hafi þetta allt saman verið samþykkt hér nokkurn veginn samróma. En mér sýnist, að við þurfum bara að passa upp á hinn endann um leið, að embættin séu ekki sköpuð til að viðhalda og jafnvel efla þá almennu spillingu í þjóðfélaginu og að það sé reynt, um leið og þau nýju embætti eru sköpuð, að tryggja, að þau verði rekin eitthvað betur en þau gömlu voru. Ég held meira að segja, að hæstv. dómsmrh. hafi bent á það og það jafnvel alveg réttilega, að þeir kvörtuðu yfir því sumir, þeir, sem gerðir voru að sakadómurum og voru áður fulltrúar, að þeir hefðu jafnvel ekkert betri laun, vegna þess að þeir höfðu sem fulltrúar vafalaust greiðslu fyrir sína aukavinnu og annað slíkt, en þegar þeir eru sjálfir orðnir aðalmennirnir, dómararnir, þá vinna þeir oft og tíðum aukavinnu, eins og þeim mönnum, sem í æðstu embættum eru, er tamt að vinna, án þess að fá nokkra greiðslu þar fyrir, þannig að það er orðið ákaflega aðkallandi að breyta þessum lögum.

Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að háu launin eru of lág, og ég vona, að hæstv. dómsmrh. sé mér sammála um, að lágu launin séu allt of lág. Þá gætum við líklega farið að reyna að hjálpast að með að laga eitthvað launastigann í þjóðfélaginu. Það, sem virðist koma út úr þessum umr. hjá okkur, er, að launin, sem menn bera úr býtum, jafnt verkamenn fyrir sína vinnu sem embættismenn, sem sitja í allmiklum virðingarstöðum og þýðingarmiklum störfum fyrir þjóðfélagið, beri allt of lítið úr býtum. Og það þýðir, að við þurfum að endurskoða allt okkar þjóðfélagskerfi, allt okkar launakerfi, til þess að koma einhverju viti í þetta, því að það veit hver einasti maður, þó að menn séu kannske sammála um almenna spillingu í þjóðfélaginu, þá eru menn líka sammála um, að það er óskaplegt sleifarlag á okkar þjóðfélagsrekstri, sóun og vitleysa í því. Við skulum ekki fara út í það hérna. En ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að menn samþykktu þá tillögu, sem minni hl. allshn. hefur flutt, þó að bæjarfógetar og sýslumenn í nefndinni séu á móti henni, og ég held, að það væri góð byrjun, bæði til þess að endurskoða launakerfið og til þess að vinna eitthvað á móti þeirri almennu spillingu í þjóðfélaginu.

Matthías Á. Mathiesen: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessar umr., sem hér hafa farið fram. Mér þótti leitt að heyra hv. 3. þm. Reykv. nú, þegar hann ræddi um hið nýja saksóknaraembætti og gaf þar í skyn ákveðna hluti. Ég vildi mega segja, að sá embættismaður, sem þar hefur setzt í embætti, hafi ekki haft svo langan tíma til sinna starfa, að það sé hægt að fara að brigzla honum um það hér, að hlutdrægni eða eitthvað annað slíkt eigi sér stað í hans embættisrekstri, dráttur eða annað slíkt, og ég vildi mega mótmæla því hér.

Í sambandi við þær brtt., sem hv. minni hl. allshn. hefur komið fram með, þá er ýmislegt, sem hér hefur komið fram í þessum umr., sem réttilega hefur verið bent á að heima í sambandi við umr. um annað frv., sem liggur fyrir þessu þingi, þ. e. a. s. frv. um einkamálalöggjöfina. Það er t. d. í þessari brtt. orðað svo í lokin, að þessum embættismönnum sé óheimilt að hafa á hendi öll lögmannsstörf, svo og hver önnur störf, er valda kunna vanhæfi þeirra, og því hefur m a. verið haldið fram hér sem

rökum, að ef þetta sé ekki sett inn í, þá megi búast við því, að þessir menn séu í sínum vinnutíma að vinna að þeim störfum til þess að skapa sér aukatekjur. En við skulum bara láta okkur detta í hug, að maður, sem gegnir þeim störfum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, gerði á einni kvöldstund lítinn löggerning fyrir einhvern ágætan vin sinn, og svo liðu tímar og þessi löggerningur yrði valdandi því, að það yrði um hann málarekstur eða eitthvað slíkt. Og þessi fulltrúi sæti svo í þeim dómarastól, sem ætti að dæma um réttmæti löggerningsins eða eitthvað í sambandi við hann. Þannig geta menn séð, að þessi grein getur á engan hátt staðizt, ef það liggur að baki henni sú hugsun að útiloka það, að menn geti verið vanhæfir í sambandi við dómarastörf. Hitt er svo aftur annað mál, hvort á að heimila dómurum og dómarafulltrúum að hafa almenna lögmannsskrifstofu. Það er, eins og ég gat um áðan, á öðrum vettvangi, sem á að ræða um það. En ef farið yrði inn á þá braut t. d., að dómarafulltrúar og dómarar fengju ekki, þó að þeir rækju ekki lögmannsskrifstofu, að hafa sín lögmannsstörf, þá er ekki heldur úr vegi, að einmitt þeir málflutningsmenn, sem fá leyfi til þess að reka málflutningsskrifstofur, verði látnir uppfylla ríkari skilyrði til þess að fá leyfi til málflutnings. Það er oft og tíðum, sem menn leita til ágætra manna, sem sitja í þessum störfum, og óska eftir því, að þeir vinni fyrir sig einhver ákveðin lögmannsstörf, vegna þess að þeir treysta þeim.

Ég mundi álíta, að sú till., sem hér liggur fyrir, mundi á engan hátt bæta úr þessu frv. Ef fara á inn á þær brautir, sem hér hefur verið minnzt á, að sumu leyti réttilega, þá er það á allt öðrum vettvangi, þ. e. a. s. í sambandi við einkamálalöggjöfina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 216 felld með 20:7 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:4 atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

---

10. Lántaka hjá Alþjóðabankanum.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington [106. mál] (stjfrv., A. 173).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árunum 1951—53 voru tekin fimm lán af Íslands hálfu hjá Alþjóðabankanum, sem Ísland er meðlimur í. Þessi lán voru vegna Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar, áburðarverksmiðju, landbúnaðarframkvæmda og sendistöðvar á vegum útvarpsins. En nú í rúm 8 ár hafa engar lánveitingar átt sér stað frá Alþjóðabankans hendi til Íslands. Ég skal ekki rekja ástæðurnar fyrir því, að þessar lánveitingar hafa stöðvazt, en vil þó segja, að meginástæðan er það efnahagsástand, sem hér hefur verið á Íslandi, verðbólga og jafnvægisleysi í fjárhagsmálum, þannig að Alþjóðabankinn, sem lánar til meðlimaríkja sinna eftir ströngum og föstum reglum og ekki sízt með hliðsjón af efnahags- og gjaldeyrisástandi þeirra, mun ekki hafa talið efnahagsástandið hjá okkar þjóð með þeim hætti, að rétt væri að veita hingað lán.

Í fyrra ákvað ríkisstj. að leita hófanna að nýju eftir þetta 7—8 ára hlé og freista þess að fá bankann til þess að taka upp aftur lánveitingar til ýmissa nauðsynjaframkvæmda hér á landi. Ríkisstj. virtist, að viðreisnin og efnahagsaðgerðirnar ættu að hafa skapað grundvöll fyrir slíkar lánveitingar. Alþjóðabankinn heldur ársfund sinn á hverju hausti, og haustið 1960 hófu fulltrúar Íslands á bankafundinum, þá í Washington, máls á því við stjórn bankans, að lánveitingar yrðu teknar upp að nýju til Íslands. Þessari málaleitun var vel tekið, og komu fulltrúar bankans hingað til lands fyrst skömmu eftir áramótin síðustu til þess að kynna sér efnahagsástand þjóðarinnar og enn fremur tæknilegir sérfræðingar til að athuga sérstaklega tiltekin verkefni, sem við höfum nefnt við bankann. Ríkisstj. þótti rétt að fara fram á það við bankann, að það fyrsta mannvirki eða fyrsta framkvæmd, sem lánað yrði til nú að nýju, yrði stækkun hitaveitunnar í Reykjavík, og voru ástæðurnar fyrst og fremst þær, að þó að margvísleg mannvirki og framkvæmdir kæmu hér til greina, bar öllum saman um, að hitaveitan í Reykjavík væri með þeim hætti sem fjárhagslega öflugt og álitlegt fyrirtæki, sem veitti mikil þægindi og sparnað fyrir þá íbúa, sem hennar njóta, og auk þess sparaði gjaldeyri fyrir þjóðfélagið í stórum stíl, að þetta fyrirtæki mundi vera álitlegast þeirra, sem um var að ræða, til þess að leggja fyrir bankann nú að nýju eftir þetta hlé. Athuganir hafa því fyrst og fremst af bankans hendi snúizt um fyrirætlanir, sem fyrir liggja frá Reykjavíkurbæ um stækkun hitaveitunnar hér.

Eftir þær kannanir og athuganir, sem bankinn hefur látið fram fara, bæði í sambandi við efnahags- og fjárhagsmál og tæknileg atriði og annað, tilkynnti hann nú fyrir nokkrum dögum, að hann væri reiðubúinn að hefja samningaviðræður um lánveitingu til hitaveituframkvæmda í Reykjavík. Varðandi formhliðina á þessu máli er fyrsta atriðið, hver eigi að vera lántakandi, og kom þar að sjálfsögðu til orða sú leið, sem

manni gæti þótt eðlilegust, að það yrði Reykjavíkurbær vegna hitaveitunnar, sem tæki lánið, og þá e. t. v. með ábyrgð ríkissjóðs, ef bankinn setti það sem skilyrði, sem mun vera algengt hjá honum. Eftir athugun á málinu þótti þó sú aðferð hentugri, að íslenzka ríkið yrði að forminu lántakandi gagnvart bankanum, en endurlánaði síðan Hitaveitu Reykjavíkur eða Reykjavíkurbæ þessa fjárupphæð. Það er gert ráð fyrir því, að ef fyrri aðferðina ætti að hafa, mundi það tefja nokkuð málið, vegna þess að bankinn þyrfti þá að láta framkvæma ýmsar frekari athuganir í sambandi við fjármál og skipulag Reykjavíkurbæjar heldur en ella. Líkur eru því á því nú, að hentast þyki, að ríkið sjálft verði lántakandinn. Varðandi lánsupphæðina er gert ráð fyrir, að hún verði eitthvað á milli 1½ og 2 millj. dollara, og verður það eitt af samningsatriðum, sem ræða þarf í þeim viðræðum, sem fram undan eru. Það er gert ráð fyrir því, að af hendi íslenzku ríkisstj. verði í þessum viðræðum tveir fulltrúar, sem báðir eru búsettir nú í Bandaríkjunum, þ. e. sendiherra Íslands þar, Thor Thors, og Þórhallur Ásgeirsson, sem er einn af forstjórum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur verið það nú á fjórða ár og hefur fylgzt mjög vel með þessu máli, frá því að það var tekið upp. Enn fremur mun svo Reykjavíkurbær senda fulltrúa af sinni hálfu til þess að taka þátt í þessum samningaumræðum.

Varðandi hitaveituna er þess að geta, sem auðvitað er öllum kunnugt, að hitaveitan í Reykjavík er eitt hið merkasta mannvirki, sem hér hefur risið á Íslandi. Þessi nýting hitaorkunnar til upphitunar í húsum er í rauninni einstök í sinni röð og hefur fært íslenzku þjóðinni mikinn hagnað í gjaldeyrissparnaði og íbúum þeim, sem njóta hennar, mikinn sparnað og hvers konar þægindi. Nú mun það vera um það bil eða rétt rúmur helmingur bæjarbúa, sem nýtur hitaveitunnar, eða um 40 þús. manns. Áætlanir hafa verið gerðar um stækkun hitaveitunnar, og er sumt af því þegar í framkvæmd, en sú stækkun, sem ráðgerð er á næstu fjórum árum, árunum 1962—65, er gert ráð fyrir að nái til allra þeirra bæjarbúa, sem hafa ekki enn orðið hitaveitunnar aðnjótandi, eða um 35 þús. manna. Þessar framkvæmdir næstu fjögurra ára er gert ráð fyrir að kosti um 245 millj. kr., en af því er erlendur kostnaður um það bil þriðjungur.

Varðandi innlenda kostnaðinn er gert ráð fyrir því, að hitaveitan sjálf geti lagt fram af tekjum sínum í þennan stofnkostnað um 70 millj. kr. Varðandi innlenda kostnaðinn að öðru leyti fara nú fram athuganir á því, hvernig hans megi afla með aðstoð lánaútboðs og fulltingi lánsstofnana, og hefur borgarstjórinn í Reykjavík átt viðræður við lánsstofnanir innanlands í því skyni.

Varðandi erlenda kostnaðinn hefur ætlunin verið sú að reyna að fá hann að öllu eða mestu leyti að láni hjá Alþjóðabankanum. En erlendi kostnaðurinn, sem ég gat um að væri um það bil þriðjungur af þessu, er áætlaður nánar tiltekið 86 millj. kr., ef með eru taldir vextir af væntanlegu erlendu láni á byggingartímanum. Ég gat þess, að lánsupphæðin frá Alþjóðabankanum mundi væntanlega verða eitthvað á milli 1½ og 2 millj. dollara, og koma þar nokkur atriði til athugunar, sem eru ekki útkljáð enn, þ. e. a. s. hvernig eigi að reikna hinn erlenda kostnað og enn fremur frá hvaða tíma eða hvað framkvæmdum á að vera langt á veg komið, til þess að þær falli að öllu leyti undir bankalán, en út í það skal ég ekki fara hér frekar.

Ég tel, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða, og þó að það snerti fyrst og fremst framkvæmd fyrir Reykjavík og Reykvíkinga, þá snertir það að verulegu leyti þjóðina alla, vegna þess að hér er um eitt hið hagstæðasta fyrirtæki að ræða á mælikvarða þjóðfélagsins í heild, sem völ er á, og sparar þjóðfélaginu í heild mikið fé og mikinn gjaldeyri. Ég vænti þess, að hv. þdm. fallist á frv., sem hér liggur fyrir, um heimild til handa ríkisstj. til þessarar væntanlegu lántöku, og legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 201).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. á þskj. 201 ber með sér, hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Að öðru leyti hafði hæstv. fjmrh. gert ýtarlega grein fyrir því við 1. umr. málsins, hvaða ástæður liggja til þess, að frv. þetta er flutt af hæstv. ríkisstj., og sé ég ekki ástæðu til þess að bæta neinu við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku hjá Alþjóðabankanum til stækkunar hitaveitu Reykjavíkur. Frv. hefur gengið í

gegnum hv. Ed. og liggur nú hér fyrir til 1. umr.

Það var á árunum 1951—53, sem tekin voru nokkur lán, eða fimm að tölu, hjá Alþjóðabankanum af hálfu Íslands, en Ísland er meðlimur í Alþjóðabankanum. Þessi lán voru til Sogsvirkjunar, til Laxárvirkjunar, til áburðarverksmiðju, til landbúnaðarframkvæmda og eitt þeirra til bygginga á vegum útvarpsins. En nú í rúm 8 ár hafa engar lántökur átt sér stað frá Alþjóðabankanum til Íslands. Ég skal ekki fara út í ástæður til þessa, en meginástæðan er sú, að efnahagsástandið, sem hér hefur verið á Íslandi, verðbólga og jafnvægisleysi í efnahagsmálum, hefur verið með þeim hætti, að Alþjóðabankinn, sem lánar til meðlimaríkja sinna eftir ströngum og föstum reglum með hliðsjón af efnahagsástandi landanna, mun ekki hafa talið efnahagsástand Íslendinga með þeim hætti, að rétt væri eða fært að lána hingað.

Í fyrrahaust ákvað ríkisstj. að leita hófanna að nýju eftir þetta 7—8 ára hlé og freista þess við bankann, að hann tæki aftur upp lánveitingar til framkvæmda á Íslandi. Ríkisstj. virtist, að efnahagsaðgerðirnar ættu að hafa skapað grundvöll fyrir því, að slíkar lánveitingar yrðu teknar upp að nýju.

Þegar ársfundur Alþjóðabankans var haldinn í septembermánuði á s. l. ári í Washington, hófu fulltrúar ríkisstj. þar viðræður við bankann og fóru þess á leit, að lánveitingar yrðu teknar upp að nýju. Ríkisstj. hafði þá ákveðið, að þó að margar framkvæmdir væru nauðsynlegar og margar kæmu til greina varðandi umsóknir til Alþjóðabankans, mundi vera hyggilegast, að fyrsta málið, sem sótt yrði um lán til, væri stækkun hitaveitunnar í Reykjavík. Lágu til þess þær ástæður, að hitaveitan er ákaflega glæsilegt fyrirtæki fjárhagslega, ber sig vel, og auk þess að veita mikil þægindi fyrir þá bæjarbúa, sem verða hennar aðnjótandi, er hún þjóðhagslega mjög gott fyrirtæki, sparar gjaldeyri í stórum stíl. Fyrir því var það lagt fyrir Alþjóðabankann þannig, að þess var óskað, að fyrsta lánið yrði veitt til stækkunar hitaveitunnar í Reykjavík. Þessu máli var vel tekið og hefur síðan verið athugað og undirbúið, bæði af sérfræðingum bankans og fulltrúum ríkisstj. og Reykjavíkurbæjar.

Nú standa yfir samningaviðræður í Washington um lán til hitaveitunnar, og vinna að þeirri samningagerð af hálfu ríkisstj. Thor Thors sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og Þórhallur Ásgeirsson, einn af forstjórum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Frá hendi Reykjavíkurbæjar voru svo sendir sérstakir fulltrúar til þess að taka þátt í þessari samningagerð.

Eftir að Alþjóðabankinn hafði bæði kynnt sér efnahagsástand og áhrif efnahagsaðgerðanna hér á Íslandi og auk þess látið tæknilega sérfræðinga sína kanna hitaveitufyrirætlanirnar, hefur hann nú tjáð sig reiðubúinn til þess að veita lán til þessara framkvæmda, og er gert ráð fyrir, að það lán verði fyrir erlendum kostnaði vegna þessara framkvæmda, eða að upphæð milli 1½ og 2 millj. dollara. Um lánskjörin er ekki endanlega ákveðið, en um það er nú rætt á þessum samningafundum. Hins vegar er það að sjálfsögðu ljóst, að lánið verður til langs tíma og með mjög hæfilegum og viðráðanlegum vöxtum.

Varðandi hitaveituna í Reykjavík er það auðvitað kunnugt, að hitaveitan er eitthvert hið merkasta fyrirtæki, sem hér hefur risið á Íslandi. Þessi nýting hitaorkunnar til upphitunar í húsum er einstök í sinni röð og hefur fært íslenzku þjóðinni mjög mikinn hagnað. Það er nú um það bil helmingur bæjarbúa, sem nýtur hitaveitunnar, eða um 40 þús. manns. Áætlanir hafa verið gerðar um stækkun hennar, og sumt af því er þegar í framkvæmd. Stækkun sú, sem ráðgerð er á næstu fjórum árum, 1962—65, er gert ráð fyrir að nái til allra bæjarbúa, þeirra sem ekki hafa enn orðið aðnjótandi hitaveitunnar, eða um 35 þús. manns. Þessar framkvæmdir er gert ráð fyrir að kosti um 245 millj. kr., en af því er erlendur kostnaður um það bil þriðjungur. Varðandi innlenda kostnaðinn er gert ráð fyrir því, að hitaveitan sjálf geti lagt fram af tekjum sínum um 70 millj. kr., en að öðru leyti fara nú fram athuganir á því, hvernig megi afla hans með lánsútboði með fulltingi lánsstofnana, og hefur borgarstjórinn í Reykjavík átt viðræður við bankastofnanir hér innanlands í því skyni. Varðandi erlenda kostnaðinn er svo ætlunin sú að reyna að fá hann að öllu leyti eða að mestu leyti að láni frá Alþjóðabankanum.

Varðandi þetta mál er þess fyrst að geta, að hér er um að ræða lántöku til mjög góðs fyrirtækis, sem er þjóðinni mjög hagkvæmt, og á hinn bóginn er það mjög mikils varðandi, að nú opnast eftir 8 ára hlé möguleikar til þess að fá lán með hagkvæmum kjörum til langs tíma frá þessari miklu alþjóðabankastofnun. Það ber þess að sjálfsögðu vott, að þessi bankastofnun hefur það traust á efnahagsmálum Íslendinga, að hún telur rétt nú að hefja lánveitingar að nýju til íslenzku þjóðarinnar. Það er að sjálfsögðu von okkar, að á því verði framhald og á næstunni getum við orðið aðnjótandi hagkvæmra lána til margvíslegra þjóðnytjaframkvæmda hér á Íslandi frá þessari stofnun.

Ég legg svo til, að frv., sem hlaut einróma samþykki í hv. Ed., verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Ég vildi beina því til hv. fjhn., að það mun æskilegt að breyta orðalagi á hluta 1. gr. frv., þannig að í stað þess að ríkisstj. sé heimilt að endurlána þessa fjárhæð Hitaveitu Reykjavíkur gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur, mun réttara að orða þetta þannig: að endurlána Reykjavíkurborg til stækkunar hitaveitunnar, m. ö. o. þetta er aðeins formsatriði, þannig að gagnvart ríkissjóði yrði þá Reykjavíkurborg lántakandi, en ekki hitaveitan sjálf sem stofnun. Ég vænti þess, að þetta frv. hljóti eins og í Ed. einróma samþykki deildarmanna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við þetta frv. Það er enginn vafi á því, að hitaveitan er ein hin merkasta framkvæmd, sem hugsanlegt er að ráðast í, og vitanlega hefur dregizt of lengi að hefja þar veru-

legar framkvæmdir til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Ég vildi svo aðeins í framhaldi af þessu rifja það upp, að þegar slitnaði upp úr viðskiptum Íslands við Alþjóðabankann, þá var það vegna þess, að Alþjóðabankinn neitaði að lána Íslendingum í eina merkustu framkvæmd, sem hér hefur verið ráðizt í, sementsverksmiðjuna, vegna þess að hún væri ríkisfyrirtæki. Ekki fyrir það, að Íslandi væri vantreyst í bankanum, eða neinar aðrar ástæður en þær, að bankinn vildi ekki lána í ríkisfyrirtæki af þessu tagi. Og það átti að fá Íslendinga, ríkisstjórnina, sem þá var, til þess að breyta þessu. En stjórnin vildi það ekki, vildi heldur leysa málið á annan hátt og önnur lánamál í framhaldi af því um nokkurra ára skeið. — Þetta vil ég að komi hér greinilega fram, að það hefur aldrei neitt komið fram frá Alþjóðabankanum um, að bankinn væri Íslandi lokaður vegna þess, að Íslandi væri ekki treyst fjárhagslega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 222).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt það á einum fundi og orðið sammála um að mæla með frv. með breytingu, sem fram kemur á þskj. 222. Eins og hæstv. fjmrh. gat um í framsöguræðu sinni við 1. umr., taldi hann líkur fyrir því, að nauðsyn væri að gera nokkrar breytingar á frv. frá því, sem það var upphaflega lagt fram, og er sú breyting til orðin sökum þess, að við viðræður í Washington við Alþjóðabankann kom í ljós, að það form, sem upphaflega var gert ráð fyrir í frv., fullnægði ekki hinum almennu reglum bankans, og er þess vegna þessi breyting fram komin, sem að öðru leyti breytir ekki eðli málsins. Ég mun, með leyfi forseta, lesa hana. Breytingin er við 1. gr., að í stað orðanna „og endurlána" o. s. frv. komi: og endurlána þá fjárhæð Reykjavíkurborg til stækkunar hitaveitu gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Fjhn. vill sem sagt einróma mæla með samþykkt þessa frv. svo breytts.

ATKVGR.
Brtt. 222 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 228).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 35. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

11. Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Á 33. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:
Frv. til l. um verðlagsráð sjávarútvegsins [107. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur það oltið á ýmsu, hvernig verð á ferskum fiski og síld upp úr sjó hefur verið ákveðið til vinnslustöðvanna. Þess má t. d. geta, að verðákvörðun á síld til bræðslu um undanfarinn langan tíma hefur venjulega verið ákveðin á þann hátt, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur gert sínar rekstraráætlanir fyrir síldarverksmiðjurnar og ákveðið síldarverðið út frá þeim eða réttara sagt lagt til við ráðuneytið eða leitað samþykkis ráðuneytisins á því verði, sem sú rekstraráætlun hefur gefið tilefni til. Ráðuneytið hefur þess vegna í raun og veru ákveðið verðið á bræðslusíldinni, því að einkaverksmiðjurnar hafa venjulega fylgt alveg því bræðslusíldarverði, sem ríkisverksmiðjurnar hafa ákveðið. Verðið á saltsíld hefur til skamms tíma verið þannig ákveðið, að síldarútvegsnefnd hefur ákveðið það fram á árið 1958 a. m. k. Um aðrar fiskafurðir hefur gilt sú regla, allt frá því að útflutningssjóður var stofnaður 1956, að ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, hefur getað sett það að skilyrði fyrir greiðslu bóta úr útflutningssjóði, að hann væri samþykkur því verði, sem greitt væri fyrir fiskinn. Þannig hafa það kannske að mestu leyti fram til ársins 1960 verið opinberir aðilar, bæði ríkisstj. með síldarverksmiðjunum fyrir bræðslusíldina, síldarútvegsnefnd fyrir saltsíldina og ráðuneytið sjálft fyrir annan fisk, sem ákváðu verðið.

Með lögunum um efnahagsmál frá því í ársbyrjun 1960 var út frá því gengið, að frjálsir samningar yrðu teknir upp í sambandi við fiskverð á milli þeirra, sem selja fiskinn, og

hinna, sem kaupa hann. Þetta gekk þó ekki vel á árinu 1960, því að segja má, að liðið hafi verið nærri að vertíðarlokum, áður en samningar tókust um þetta fiskverð, og allt þangað til urðu menn að vera í óvissu um það, hvað verðið væri.

Um s. l. áramót voru kjarasamningar útvegsmanna við sjómannasamtökin í landinu miðaðir við það, að sjómenn tækju sinn hlut með því verði, sem útgerðarmenn fengju fyrir fiskinn, en ekki samið um sérstakt skiptaverð fyrir sjómennina, eins og áður hafði verið gert. Í sambandi við þessa samninga kom þá í ljós, að sjómenn óskuðu, eins og eðlilegt var, þegar málið var komið á þennan grundvöll, eftir því að fá að vera með í ákvörðun fiskverðsins. Þegar svona er komið, er vitaskuld — og hefur raunar áður verið um síldarverðið — kaup sjómanna vissulega háð því, hvað fiskverðið er eða hvernig fiskverðið verður ákveðið, og þess vegna ekki óeðlilegt, að þeir vildu fá að taka þátt í þeim ákvörðunum, sem leiddu til ákvörðunar fiskverðsins. Í ár hefur gengið svo langt í þeim erfiðleikum, sem við hefur verið að stríða um ákvörðun fiskverðsins, að hér var fyrir nokkrum vikum boðað verkfall á síldveiðibátunum, vegna þess að ekki hafði þá tekizt að ákveða verðið á síldinni, og leit út fyrir þá, að ef ekki hefði náðst samkomulag, hefði komið til stöðvunar síldveiðiflotans.

Það er þess vegna augljóst, að mikið veltur á því, að ákvörðun fiskverðsins geti gengið sem fljótast og snurðuminnst, þannig a. m. k. að dráttur á ákvörðun fiskverðsins þurfi ekki að verða til þess, að til stöðvunar á rekstri útvegsins þurfi að koma. Um þetta hefur verið rætt bæði í sjómannasamtökunum og sérstaklega í samtökum Landssambands ísl. útvegsmanna og þar komið fram óskir um það, að einhverjar reglur yrðu settar um þetta efni. Það var því af þessu gefna tilefni, að ég kvaddi til fundar fulltrúa frá öllum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, sem ég gat fundið. Þar var kvaddur til fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, frá Sjómannasambandi Íslands, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, frá Samlagi skreiðarframleiðenda, frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna til þess að ræða þetta mál. Þessi fundur fór fram nú fyrir skömmu. Þessir menn allir voru á því, að reglur þyrfti að setja um verðákvörðunina, og ég held, að ég geti sagt það alveg hiklaust, að þar var enginn undan skilinn. Þetta varð þess vegna til þess, að fulltrúar frá þessum aðilum öllum voru kvaddir í nefnd til þess að gera till. um, hvernig með þessi mál skuli fara. Einn fulltrúi frá hverjum þessara aðila, þ. e. a. s. 4 frá þeim, sem fiskinn selja og 4 frá hinum, sem fiskinn kaupa, gengu saman til þess að reyna að finna hér eitthvert form á, sem duga mætti til þess að tryggja örugglega verðákvörðun fisksins. Þessi nefnd tók síðan til starfa og skilaði áliti mjög fljótt, eða um mánaðamótin síðustu, og hafði þá ekki haft til starfa nema tiltölulega stuttan tíma. Hún var skipuð um miðjan nóvember og hafði þess vegna unnið að þessu verkefni í hálfan mánuð, þegar hún skilaði sínu áliti.

Tillögur nefndarinnar, sem hér koma fram í frumvarpsformi, eru í stuttu máli þær, að sett verði á það sem þeir kalla verðlagsráð sjávarútvegsins, sem hafi á hendi það verkefni að ákveða verðlagið á fiskinum. Í þessu verðlagsráði eigi sæti hverju sinni 14 menn, 7 frá þeim, sem fiskinn selja, og aðrir 7 frá hinum, sem fiskinn kaupa, en nokkuð misjafnt þó af hálfu fiskkaupenda eftir því, um hvaða fisk er að ræða eða hvort um síld er að ræða, norðurlandssíld, suðurlandssíld eða þess háttar, þannig að fulltrúar fyrir kaupendurna verði nokkuð breytilegir eftir því, hvort um síld eða fisk, svo að maður noti þau orð, er að ræða, en ávallt 7 frá hvorum aðila og ávallt þeir sömu 7 frá fiskseljendunum. Síðan, þegar máli hefur verið til þessa verðlagsráðs vísað, taki það upp samninga sín á milli um verðið og leitist við að komast að niðurstöðu. Og ég legg áherzlu á, að það er til þess ætlazt, að það verði ekki gefizt upp við að reyna að ná fullu samkomulagi fyrr en í fulla hnefana og ekki fyrr en sýnilega er að komast í óefni, ef endanlegt verð verður ekki ákveðið. Fari þó svo, að samkomulag náist ekki í ráðinu, er gert ráð fyrir að vísa málinu til yfirnefndar, sem er skipuð 5 mönnum, þ. e. a. s. tveim frá fiskseljendum og tveim frá fiskkaupendum og oddamanni. Þá er fyrst gert ráð fyrir því, að þessir 4 menn, sem tilnefndir eru af aðilunum í yfirnefndina, reyni að koma sér saman um oddamanninn. Ef það tekst ekki, að samkomulag náist um hann, verði hæstiréttur beðinn að tilnefna hann, en þannig skipuð felli þessi yfirnefnd fullnaðarúrskurð um málið.

Ég held, að þetta sé nægileg greinargerð fyrir því, sem í frv. felst. Þetta er ósköp einfalt og auðskilið mál. Kjarni málsins er sá, má segja, að náist ekki samkomulag um verðákvörðunina á milli aðilanna, þá er gert ráð fyrir úrskurðaraðila, sem annaðhvort yfirnefndin kemur sér saman um eða hæstiréttur tilnefnir, og úrskurður yfirnefndarinnar þannig skipaðrar er bindandi.

Um þetta fyrirkomulag voru allir nefndarmennirnir 8, sem tilnefndir voru af aðilunum, sammála, nema einn, sem hefur skilað séráliti, sem prentað er sem sérstakt fylgiskjal með frv., eins og líka annað prentað fylgiskjal greinir frá yfirliti um störf nefndarinnar. Ágreiningsatriði þessa eina manns, fulltrúa Alþýðusambands Íslands, við hina nefndarmennina er um tvennt. Fyrra atriðið er, að hann vill láta skipa verðlagsráðið með nokkuð öðrum hætti en hér er lagt til, þ. e. a. s. fjölga nefndarmönnunum í verðlagsráðinu um einn, upp í 8 frá hvorum aðila, kaupendum og seljendum, í staðinn fyrir 7. Hitt ágreiningsatriðið er það, að hann leggur til, að í staðinn fyrir, að úrskurðaraðili komi til, náist ekki samkomulag, þá verði leitað til sáttasemjara og hann freisti að ná samkomulagi eins og í venjulegri vinnudeilu. En um það vil ég aðeins segja það, að þá eru litlu meiri líkur til, að samkomulag takist, heldur en verið hefur á milli aðilanna sáttasemjaralaust. Ég

vil, að það komi fram hér, og vildi leggja á það nokkra áherzlu, að til þess er ætlazt, a. m. k. af minni hálfu, að sá maður, sem hér fær oddaaðstöðu til þess að skera úr, verði valinn á þann hátt, að hann sé hvort tveggja í senn dómbær um þessa hluti og algerlega hlutlaus. Kannske verður erfitt að fá slíkan mann, en vonandi verður það hægt, a. m. k. ætti ekki að vera erfiðara að sætta sig við úrskurð hans en þá verðákvörðun, sem átt hefur sér stað að undanförnu, annaðhvort af ráðherra, síldarútvegsnefnd, síldarverksmiðjustjórn eða öðrum aðilum, sem segja má að séu kannske ekkert meiri líkur til að séu hlutlausir í þessum málum en sá aðili, sem hæstiréttur tilnefnir eða aðilarnir koma sér saman um. En hér er ekki beint um neitt sáttasemjarasjónarmið að ræða, og það vildi ég líka leggja áherzlu á að kæmi fram, heldur eingöngu að finna það, sem réttast má telja, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Það var af hálfu nefndarinnar nokkuð rætt um það, hver skyldi greiða þann kostnað, sem óumflýjanlega leiðir af þessu, en það varð niðurstaðan hjá ráðuneytinu að leggja til, að fiskimálasjóður greiddi þennan kostnað, sem ætti ekki að verða mjög mikill.

Ég skal svo ekki, að svo stöddu a. m. k., fara um þetta fleiri orðum. Ég tel, að í meginatriðum sé fullt samkomulag á milli flestra og eiginlega allra aðila, sem um þetta mál hafa fjallað. Þeir sjá allir nauðsynina á því, að þetta verði gert, og að finna form, sem samkomulag næst um betur en hér hefur orðið, efast ég um að verði auðvelt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., en ég vildi leggja á það mjög verulega áherzlu við hv. sjútvn. að reyna að hraða afgreiðslu þessa máls og helzt, að 2. umr. gæti farið fram strax eftir helgina, vegna þess að ég tel það mjög þýðingarmikið, að frv. þetta geti orðið að lögum fyrir þinghlé, svo að takast megi að koma þessu kerfi í framkvæmd til þess að ákveða verðið fyrir næstu vertíð, sem byrjar um áramótin.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. því, sem hér liggur fyrir, var útbýtt hér fyrir stuttu, svo að ég geri varla ráð fyrir því, að þm. hafi gefizt kostur á því að lesa frv. allt yfir, og er því auðvitað varla von á því, að eðlilegar umr. geti farið fram um málið, eins og það liggur hér nú fyrir. Ég skil að vísu, að ríkisstj. vill flýta fyrir afgreiðslu þessa frv., eins og ástatt er, en hins vegar má ekki flana að neinu í þessum efnum, því að hér er um stórt og mikið mál að ræða og býsna viðkvæmt, og það verður vitanlega að gefa mönnum fullan kost á því að vita, hvað hér er í raun og veru um að ræða. En ég þekki nokkuð til þessa máls, hef fylgzt nokkuð með því utan þings og veit því um meginatriði þess og verð að byggja á því, en tími hefur mér ekki gefizt til þess að lesa frv., síðan því var útbýtt hér í þd.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. sjútv.-mrh., að ég hygg, að flestir séu sammála um, að það þurfi að skipa þeim málum, sem frv. fjallar um, betur en þeim hefur verið skipað hjá okkur að undanförnu, þ. e. a. s. að hafa einhver föst ákvæði um það, hvaða aðilar skuli ákveða hráefnisverð á fiski upp úr veiðiskipum, bæði verð á síld og eins á öðrum fiski. En reglur um verðlagningu á aflanum hafa verið fram til þessa mjög óákveðnar, og af því hefur einnig það hlotizt, að oft og tíðum hefur það dregizt í algeran ótíma að ákveða verð á nýjum fiski. Þetta hefur verið svo slæmt nú síðustu vertíðir, t. d. vertíðina veturinn 1960, að þá fengu sjómenn og útgerðarmenn ekki að vita um það, hvaða verð þeir ættu að fá fyrir fiskinn, sem þeir öfluðu á vetrarvertíðinni, fyrr en í vetrarvertíðarlok. Og þá mátti segja, að í aðalatriðum væru það fiskkaupendur, sem höfðu tekið fiskinn á óákveðnu verði allan veturinn, sem ákváðu, hvað þeir ættuðu að greiða fyrir fiskinn, því að samkomulag varð þá ekki á milli aðila, fiskseljenda og fiskkaupenda.

Þetta og ýmis önnur dæmi sýna, að ástandið í þessum efnum hefur í rauninni verið afleitt. En það er líka rétt, sem hér hefur komið fram, að ákvörðun á fiskverði grípur mjög inn í hin almennu launakjör sjómanna. Launakjör fiskimanna eru yfirleitt byggð þannig upp, að þeir hafa tiltekinn hundraðshluta af afla í sinn hlut, og þá er auðvitað gefið mál, að kaup þeirra fer eftir því, hvernig aflinn er verðlagður. Um nokkurra ára tímabil var það svo, að sjómannasamtökin töldu sér ekki annað fært en að gera sérstaka samninga um svonefnt skiptaverð á fiski, þ. e. a. s. það verð, sem skyldi leggja til grundvallar við útreikning á aflahlut skipverja, en hundraðshlutur aflans var svo aftur ákveðinn í öðrum samningum. Þetta skiptaverð á fiskinum þurfti alls ekki að vera það verð, sem var almennt söluverð eða gangverð á fiskinum hér innanlands, og var það ekki. En svo varð sú breyting í samningum á milli sjómanna og útgerðarmanna um s. l. áramót, að skiptakjörunum var breytt að verulegu leyti frá því, sem áður var, hundraðshluti sjómanna úr aflanum var ákveðinn allt annar en hann hafði verið um nokkurra ára skeið, en því þá slegið föstu um leið, að sjómenn skyldu eftirleiðis fá sama verð fyrir sinn hluta af aflanum og útgerðarmenn fengju fyrir sinn, það skyldi eitt og sama fiskverð gilda. En af þessu leiddi vitanlega, að sjómenn vildu verða beinir aðilar að því að ákveða, hvaða verð skyldi vera skráð á fiskinum hverju sinni, því að með þessu lagi var fiskverðið farið að verka stórkostlega á raunveruleg kjör þeirra. Enginn vafi er á því, að það er mikill vilji, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna, að reyna í aðalatriðum að halda hinum svonefndu kjarasamningum á milli sjómanna og útgerðarmanna sem stöðugustum, að breyta þeim ekki nema með löngu millibili, en í þeim er ákveðinn hundraðshluti sá, sem sjómenn skuli fá úr aflanum. En það er gefið mál, að þessi ósk þeirra getur ekki staðið, ef fiskverðið breytist og það á óeðlilegan hátt að annars hvors dómi. Ef sjómenn telja, að þeir fái raunverulega ekki fullt fiskverð eða eðlilegt fiskverð fyrir afla sinn, það sé skráð of lágt, þá

segja þeir auðvitað upp kjarasamningunum og reyna að berjast fyrir breytingu á hlutaskiptakjörunum til þess á þann hátt að ná því kaupi, sem þeir vilja fá eða telja að þeir eigi að fá.

Nú hefur verið gerð nokkur tilraun til þess að koma fastri skipan á þessi mál. Með þessu frv. er lagt til, að sérstakt verðlagsráð sjávarafurða skuli sett á stofn. Og meginuppbyggingin er sú, að frá hálfu sjómanna eða fiskseljenda eru ákveðnir 7 menn í nefndina, sem á að ákveða verðið, og frá hálfu fiskkaupenda í landinu eru ákveðnir aðrir 7, og þessi 14 manna nefnd á síðan að semja um fiskverðið í tæka tíð fyrir hverja vertíð. En með það í huga, sem ég hef sagt um mikilvægi þess, að fiskverðið sé að dómi þeirra, sem hér eiga hlut að máli, ákveðið rétt, skiptir það auðvitað grundvallarmáli, að þeir aðilar, sem hér eiga mestan hlut að, séu ásáttir um, hvernig þetta verðlagsráð er byggt upp, því að annars leysir það harla lítið af því, sem það átti að leysa. Nú kemur í ljós, að þeir aðilar, sem hér eiga mestan hlut að, eru ekki ásáttir um þá uppbyggingu, sem lögð er til í þessu frv. Það er í fyrsta lagi ágreiningur um, hvað skuli vera margir aðilar í þessu verðlagsráði af hálfu fiskseljenda. Fulltrúar sjómanna munu yfirleitt hafa verið á þeirri skoðun, að það væri eðlilegt, að í nefndinni væru jafnmargir útgerðarmenn sem fiskseljendur og sjómenn. En það hefur farið svo, að útgerðarmenn gerðu kröfu um, að þeir ættu í nefndinni 4 fulltrúa á móti 3 frá sjómönnum. Og sá aðilinn, sem vann að undirbúningi þessa máls, fulltrúi Alþýðusambandsins, sem hefur á bak við sig langsamlega flesta aðila, sem eiga hlut að þessu máli, er með ágreining út af þessu atriði, telur óeðlilegt, að útgerðarmenn eigi 4 menn í nefndinni, á sama tíma sem sjómenn eiga aðeins 3. Til þessa liggja ýmsar ástæður, m. a. sú ástæða, sem er í rauninni veigamest, að samtök útgerðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, sem á að fá rétt til þess að tilnefna 4 menn á móti aftur 3 frá sjómönnum, sú stofnun er þannig upp byggð, að þar innan veggja eru jöfnum höndum fiskseljendur og fiskkaupendur. Og það hefur einmitt þótt við brenna, að fiskkaupendurnir í Landssambandi ísl. útvegsmanna væru öllu sterkari innan þeirra veggja en nokkurn tíma fiskseljendurnir. Því er það, að innan Landssambands ísl. útvegsmanna hefur verið hörkuágreiningur á undanförnum árum um verðlagninguna á sjávarafla, einmitt vegna þess, að þeir útgerðarmenn innan samtakanna, sem eingöngu standa að því að selja afla sinn, en kaupa ekki aflann, hafa talið, að þeir væru þar í minni hluta, en hinir réðu þar mun meira, sem eru fiskkaupendur jafnhliða því að vera fiskseljendur innan samtakanna. Það er því veruleg hætta á því frá sjónarmiði sjómanna, að í hóp þeirra fulltrúa, sem eiga að gæta hagsmuna þeirra, sem selja fiskinn, þann 7 manna hóp, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., af því að þar eiga að vera 4 fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, en aðeins 3 frá samtökum sjómanna, kunni að slæðast inn a. m. k. einn, sem hafi verulega hagsmuni sem fiskkaupandi, að margfenginni reynslu, og þá þykir hinum eiginlegu fiskseljendum hagur sinn ekki ýkja traustur. Auk þess er svo það, að ekki sýnist nein ástæða til þess, að útgerðarmenn hafi hér stærri hluta en sjómenn, vegna þess að það er enginn vafi á því, að útgerðarmenn eiga yfirleitt ekki stærri hlut í aflanum en sjómenn. Á síldveiðunum eiga sjómenn tvímælalaust nokkru stærri hlut úr heildaraflanum en útgerðin. Á verulegum hluta af bátaflotanum, sem stundar þorskveiðar, eiga útgerðarmenn hins vegar heldur stærri hlut. En þegar það er haft í huga, að talsvert stór hluti fiskibátaflotans í landinu er smábátar, trillubátar eða minni mótorbátar, þá kemur í ljós, að sjómennirnir eiga þar mikinn meiri hluta, stundum yfir ¾ af aflanum á móti útgerðarmanni, svo að ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að sjómenn eigi raunverulega samkvæmt hinum almennu hlutaskiptakjörum, þegar litið er yfir þetta sem heild, a. m. k. jafnstóran hlut og útgerðarmenn og það hafi því verið fyllilega eðlilegt, að þeir ættu þarna jafnmarga menn og útgerðarmenn. Það hefði því verið nær réttu lagi að ákveða, að fulltrúar fiskseljenda í þessu ráði hefðu átt að vera þrír og þrír eða fjórir og fjórir. Einnig tel ég, að átt hefðu að vera alveg skýr ákvæði í lögunum um það, að fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna, sem eiga hér að koma fram sem fulltrúar fiskseljenda, yrðu að vera eingöngu aðilar, sem selja fisk, útgerðarmenn, sem selja fisk, en mættu ekki vera úr hópi hinna fulltrúanna innan Landssambands ísl. útvegsmanna, sem kaupa fisk. En engin varúðarákvæði eru í þessu frv., sem koma í veg fyrir það, að úr hópi Landssambands ísl. útvegsmanna kynnu að slæðast inn menn, sem hafa í rauninni allt aðra hagsmuni en ætlazt er til að þessir aðilar hafi sem fulltrúar fiskseljenda. Þetta atriði vantar að mínum dómi í frv.

Þá kemur svo aftur hitt atriðið, sem þó skiptir miklu meira máli, að eins og frv. er byggt upp, þá eru ekki verulega miklar líkur til, að þessi 14 manna nefnd, 7 fulltrúar fiskseljenda og 7 fulltrúar fiskkaupenda, að það verði þeir, sem raunverulega ákveða það fiskverð, sem starfa á eftir. Það eru ekki miklar líkur til þess, vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því, að sérstök yfirnefnd skuli koma til, nái aðilar ekki samkomulagi. Í þessa yfirnefnd á að velja tvo fulltrúa frá fiskseljendum og tvo fulltrúa frá fiskkaupendum, og oddamaður í þessari yfirnefnd á síðan að vera skipaður af hæstarétti. Það eru allar líkur, sem benda til þess, að það verði einmitt þessi yfirnefnd, sem hverju sinni kemur til með að ákveða fiskverðið. Þegar maður svo athugar þetta betur, kemur í ljós, að það eiga að vera tveir fulltrúar frá hálfu fiskseljenda í þessari yfirnefnd. Annar þeirra á að vera fulltrúi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna eða af hálfu útgerðarmanna, en hinn fulltrúinn á að koma frá sjómönnum. En nú er þannig gert ráð fyrir í þessu frv., að frá hálfu sjómanna er um að ræða þrjá aðila: Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Ís-

lands. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fer með málefni yfirmannanna, skipstjóra og stýrimanna, vélstjóra í einstaka tilfellum, mjög fáum á fiskiskipaflotanum. Innan Sjómannasambands Íslands eru nokkur félög sjómanna á Suðvesturlandi, en innan Alþýðusambands Íslands er yfirgnæfandi meiri hluti þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og þar er um mikinn meiri hluta að ræða. Svo til öll sjómannasamtök úti um allt land, á Austur-, Norður- og Vesturlandi, eru einmitt innan Alþýðusambandsins, og það er Alþýðusambandið, sem verður að koma fram fyrir þeirra hönd. Ýmsar stærstu verstöðvarnar í landinu eiga þar hlut að máli, t. d. eru Vestmannaeyjar með í þeim hópi. Að undanförnu, þegar unnið hefur verið að samningum á vegum þessara aðila, hefur Alþýðusamband Íslands haft í samninganefndum 7 fulltrúa á móti 3 frá Sjómannasambandinu. Og það hefur verið fullt samkomulag um það að byggja nefndina upp á þeim grundvelli, enda auðvitað miklu nær réttu lagi. Nú gæti hæglega svo farið, að í þessa yfirnefnd, sem raunverulega, eins og ég segi, ákveður hið endanlega fiskverð, yrðu valdir fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, þ. e. úr hópi yfirmanna, og frá Sjómannasambandi Íslands, en Alþýðusambandið, sem er hér langstærstur aðili, lægi gersamlega fyrir utan. Kemur nokkrum manni til hugar, ef svo tækist til, eins og vel má búast við, að öll þau sjómannafélög í landinu, sem þar eiga hlut að máli og hefðu raunverulega ekkert með verðákvörðun að gera, mundu láta málin liggja óhreyfð á eftir? Nei, þau mundu að sjálfsögðu, ef þau væru óánægð með verðákvörðunina, segja upp hlutaskiptakjörunum, kjarasamningunum, og deilan kæmi þar í gegn, eða m. ö. o.: það er veruleg hætta á því, að slík uppbygging eins og þessi leysi ekki þann vanda, sem hún átti að leysa.

Ég álít, að uppbygging þessarar yfirnefndar innan verðlagsráðsins sé alröng. Ég fyrir mitt leyti aðhyllist miklu fremur í þessum efnum till. þá, sem kemur fram hjá minni hl. í þessari undirbúningsnefnd, frá Tryggva Helgasyni frá Akureyri, en hann flutti einmitt till. um að hafa þessi ákvæði þannig, ef til ágreinings kæmi í meginnefndinni eða á milli aðila, fiskseljenda og fiskkaupenda, eins og hér segir, og ég skal nú lesa orðrétt upp till. hans. En till. hans var þessi:

„Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráðinu um verð á einstökum atriðum eða um verð á sjávarafla í heild 10 dögum áður en nýtt verðákvörðunartímabil skal hefjast. Ber þá ríkissáttasemjara að taka upp störf með verðlagsráðinu og vinna að því, að samkomulag geti tekizt um verðákvörðun. Hafi ekki náðst samkomulag um aflaverðið, þegar veiðitímabil skal hefjast, getur sáttasemjari borið fram miðlunartillögu um aflaverðið, er lögð verði fyrir félög kaupenda og seljenda, sem hlut eiga að máli. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við verðlagsráðið m. a., hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla um miðlunartillöguna skuli fara fram. Skal við framkvæmd atkvæðagreiðslu um miðlunartillöguna farið eftir því, sem við á að lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 11. júní 1936."

Með þessari tillögu er þannig gert ráð fyrir því, að ef aðilar fiskseljenda og fiskkaupenda geta ekki komið sér saman um verðákvörðun, skuli sáttasemjari vinna að því á meðal aðila að koma á sáttum, og honum eru fengin sömu völd í þessum efnum og hann hefur í almennum kjaradeilum. Hann getur lagt með sama rétti tillögur fyrir aðila til lausnar á deilunni, og tel ég, að með þessu sé lagður sá þungi á aðila að reyna að koma sér saman, sem yfirleitt hægt er að leggja á aðila, sem eiga að standa í slíkum samningum. En vitanlega þekkjum við það, að báðir aðilar finna mjög til þess, ef samningar um verðlagninguna dragast úr hófi. Ef til stöðvunar kemur, tapa vitanlega sjómenn verulega í kaupi. Þeir vita því, hvað þeir eru að gera. Það gera útgerðarmenn líka. Og það leikur sér enginn að slíku, nema þá atvik liggi til þess. En ef aðilar dæma málið þannig, að þeir telja, að þeir hafi ekki fengið að vera eðlilegir aðilar að verðákvörðuninni, þá grípa þeir bara til hins atriðisins, að þeir segja upp kjarasamningunum og deila hefst um það, lausnin hefur engin orðið með því að ákveða hráefnisverðið samkv. þessum reglum.

Ég held því, að það eigi að halda sér við það í sambandi við uppbygginguna á þessu verðlagsráði að halda öllum þunga og ábyrgð á þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, með það að koma sér saman, og það eigi gjarnan að hafa aðstoð frá sáttasemjara til að reyna að finna leið til lausnar, því að hér er um beint kjaramál að ræða, og það sé einnig hægt að bera upp miðlunartill. í samtökum þeirra, sem hlut eiga að máli, til þess að reyna að leysa málin þannig, en það eigi ekki að grípa til gerðardóms eða úrskurðar yfirnefndar eða eins aðila um atriði eins og þetta, því að það getur leitt af sér miklu erfiðari lausn á málinu aftur síðar.

Það kemur líka fram í þessari sérstöku grg., sem fylgir hér frá minni hlutanum í þessari undirbúningsnefnd, sem vann að undirbúningi málsins, frá fulltrúa Alþýðusambandsins, Tryggva Helgasyni, að hann einmitt bendir á það í sinni grg., að það sé veruleg hætta á því, að ef þessi skipan sé á höfð, þá verði, eins og hann segir, um að ræða tíðari og almennari uppsagnir á kjarasamningum sjómanna en annars. Og ég fullyrði, að hvorki útgerðarmenn né sjómenn óska út af fyrir sig eftir því að láta deiluna þurfa að standa um hlutaskiptakjörin. Það er miklu eðlilegra að koma sér saman um nokkur meginatriði varðandi hlutaskiptakjörin og semja þá fremur um verðákvörðunina, eftir því sem tök eru á hverju sinni, en standa ekki í kjarasamningum, því að það eru svo geysilega mörg atriði, sem þar geta gripið inn í, og oft og tíðum miklu erfiðara að leysa þann hnút en aftur hinn, sem snýr beint að verðlaginu.

Ég vil því segja um þetta mál nú á þessu stigi, að það þarf að setja lög um það efni, sem frv. fjallar um. Og auðvitað á það að byggjast

upp á þann hátt, sem hæstv. sjútvmrh. hefur reynt að byggja frv. upp á, þ. e. að leita til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og reyna að fá samkomulag þeirra. Það hefur hins vegar á þessum skamma tíma ekki tekizt að ná fullu samkomulagi á milli aðila um fyrirkomulagið. Í rauninni er kannske ekkert undarlegt, þó að þessir aðilar séu ekki fyllilega sammála um það. En ég held, að það sé nauðsynlegt, að Alþingi athugi vel, hvað hér er raunverulega um að ræða, og þá ekki sízt hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. athugi vel, hvaða vanda er hér verið að leysa og hvaða líkur eru til þess, að t. d. frv., eins og það er, leysi þann raunverulega vanda, sem við er að glíma, þ. e. að koma í veg fyrir sífelldar vinnustöðvanir og deilur í upphafi hverrar vertíðar, sem annaðhvort snúast um hin almennu skiptakjör eða þá um verðlagninguna á aflanum. Ég veit, að það er hægt að segja, eins og hæstv. sjútvmrh. sagði, að auðvitað er þessi skipan, sem hér er lögð til, þó að um yfirdóm sé að ræða og úrskurð frá fulltrúa frá hæstarétti, ekki verri en það skipulag, sem hefur verið. Sjómenn hafa t. d. ekkert haft með það að gera á undanförnum árum að ákveða hráefnisverðið á síld til bræðslu og lítið haft um að segja verðið á síld til söltunar. En þó hefur verið við þá talað oftast nær þar. Og þeir hafa haft tiltölulega lítið vald í sambandi við ákvörðunina á verði á öðrum fiski. En þeir hafa þó getað sagt upp sínum almennu samningum og farið í deilur, stöðvað reksturinn til þess að knýja fram sín sjónarmið. Ég held, að þetta fyrirkomulag, eins og það er hér formað, kalli á almennar uppsagnir á sjálfum kjarasamningunum, og ég vil vara við því. Ég veit, að það er ekki meining hæstv. ríkisstj. að efna til slíks, og hún er einmitt að reyna að leita eftir einhverju formi til þess að komast fram hjá þessum deilum. En ég er hræddur um, að hún gæti fengið út úr þessu miklu alvarlegri og erfiðari deilur til lausnar en þörf er í rauninni á, ef reynt væri meira að ná samkomulagi, bæði um skipun verðlagsráðsins og eins um fyrirkomulagið um yfirnefndina og þennan oddaaðila. Það er að vísu svo, að það getur verið hægt að grípa til þess, þar sem engin ákvæði eru til, eins og hefur verið um verðlagningu á nýjum fiski, í einu sérstöku tilfelli að láta einhvern aðila ákveða um verðið, en það er ekki hægt að búa við slíkt skipulag til lengdar. Ég hygg, að þetta hafi líka komið fram á öðrum sviðum, að slíkar yfirnefndir og sérstakur oddamaður frá hæstarétti eða hagstofunni leysir mjög takmarkað vandann.

Þetta mál fer nú til athugunar í nefnd, og gefst kostur á að koma fram með brtt. í sambandi við það. En ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. taki þessar ábendingar mínar til greina og íhugi þær og athugi, hvaða möguleikar eru á að finna einhverja þá lausn, sem mætti leysa vandann betur en gert er ráð fyrir í þessu frv., og að sjútvn. athugi einmitt þessi atriði sérstaklega, sem ég hef gert að umtalsefni.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég get vel skilið, að hugsunin sé að hraða heldur þessu máli, vegna þess að gert mun ráð fyrir að reyna að koma á þessum nýju verðlagningarreglum, áður en jólahlé verður í þinginu, og farið verði eftir þeim nú í vetur. Þetta get ég skilið. Á hinn bóginn finnst mér ekki gott, að þetta frv., sem er um mjög veigamikið mál, sé til 1. umr. með svo miklum skyndingi, að maður hefur ekki getað lesið frv. og grg., áður en 1. umr. hefst. Ég hef verið að reyna að kíkja í þetta, jafnframt því sem ég hef hlustað á ræður þeirra, sem talað hafa. Það leiðir því af líkum, að ég get ekki gert þessu máli ýtarleg skil við þessa 1. umr., enda fer það að sjálfsögðu í nefnd, eins og hæstv. ráðh. hefur gert uppástungu um. Ég mun því verða stuttorður.

Í fyrravetur var tekin upp ný skipun á þessum málum, og hún átti að vera fólgin í því, að það opinbera hefði engin afskipti af verðlagsmyndun á sjávarafurðum. Verðlagningin skyldi verða frjáls og eiga sér stað með samningum. Í því sambandi var æði mikið vikið að því, að það fyrirkomulag, sem verið hefði á þessum málum, hefði ekki verið heppilegt. Nú hefur komið í ljós, eins og raunar hefur verið tekið fram, að þessi nýja skipan hefur reynzt afar illa. Hún hefur haft í för með sér miklar deilur um fiskverðið og framleiðslustöðvanir. Orðið af þessu mikið tjón fyrir alla, bæði sjávarútveginn og þjóðina í heild.

Í raun réttri eru þessi mál nú alveg komin í strand. Þessi nýja stefna um verðlagninguna, að hún verði algerlega frjáls, sem tekin var upp í fyrravetur, er alveg strönduð. Menn treysta sér ekki til að ganga lengra á þeirri braut í þessum málum, og það get ég vel skilið.

Nú hafa þeir, sem hér eiga mest í húfi, borið saman bækur sínar, og niðurstaða þeirrar athugunar liggur fyrir, að því er mér skilst, í aðalatriðum í þessu frv. Og mér virðist, eftir því sem ég hef getað horft í málið, að það sé allvíðtækt samkomulag um frv. meðal fiskseljenda og fiskkaupenda og a. m. k. samkomulag um þá meginstefnu frv. að koma upp sameiginlegri stofnun þessara aðila til þess að leysa málið. Mér skilst, að um þá meginstefnu frv. sé algert samkomulag fiskseljenda og fiskkaupenda.

Ég vil lýsa yfir því, að þessa meginstefnu frv. vil ég styðja, ekki sízt og kannske fyrst og fremst fyrir það, hvað samkomulag um þessa grundvallarhugsun er víðtækt. Mér finnst það mjög eðlilegt, að löggjafarvaldið hjálpi til að koma þeim reglum í lög varðandi þessi mál, sem víðtækt samkomulag er um meðal þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

Ég lýsi mig því samþykkan þessari meginstefnu frv., en á hinn bóginn hef ég ekki getað skoðað þetta mál þannig, að ég treysti mér til að ræða einstök atriði þess nú við þessa umr.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það er ekki ástæða til þess. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vil minnast á, sem að nokkru leyti hafa komið fram hjá hv. 4. þm. Austf.

Það er þá í fyrsta lagi, að það eiga að vera fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna,

en það er ekkert talað um, hvort á að velja þá úr hópi þeirra manna, sem selja fiskafurðir eða kaupa. En það er um það bil 80% af fiskaflanum, sem er nýtt í eigin fiskvinnslustöðvum, þannig að ef engin ákvæði eiga að vera um þetta í lögunum og L. Í. Ú. setur ekki nein ákvæði um þetta, getur svo farið, að engir af þeim, sem selja fiskafurðir, komist í þessa fjögurra manna nefnd, það verði eingöngu þeir, sem eiga fiskvinnslustöðvar eða síldarsöltunarstöðvar og kaupa aflann. En þegar sjómennirnir fá sitt kaup af brúttóverði aflans, er það hagur fyrir þá útgerðarmenn, sem vinna úr aflanum, að verðið sé sem lægst, þannig að á þennan hátt er hægt að gera sjómenn og þá útgerðarmenn, sem selja aflann, algerlega réttlausa. Ég er ekki að segja, að þetta verði gert, en það eru engin ákvæði í frv., sem fyrirbyggja, að hægt sé að gera þetta. Þarna er um stórt atriði að ræða fyrir útgerðarmennina, sem vinna úr eigin afla. Eftir því sem aflinn er metinn lægra til skipta við sjómannasamtökin, eftir því græða þeir meira. Ég er ekkert hissa á því, þó að sjómennirnir verði ekki ánægðir með, að þetta sé ekki tryggt. Þetta er höfuðatriði málsins. Það er óþolandi fyrir þá menn, sem afla fisksins og síldarinnar, að vera ekki tryggir að eiga annan fulltrúann af þeim tveimur fulltrúum, sem valdir eru í 5 manna nefndina. Einnig álít ég, að það þyrfti að setja ákvæði um, að það yrði fulltrúi frá Alþýðusambandinu, sem mætti fyrir hönd sjómannanna, því að það eru vitanlega fyrst og fremst þeir, sem draga fiskinn úr sjónum, sem hafa hagsmuna þarna að gæta. Það eru þessi tvö atriði, sem ég vildi alveg sérstaklega vekja eftirtekt á.

Ég er ekki í sjútvn. og vil þess vegna vekja sérstaka athygli á þessu, að ef frv. er samþ. óbreytt, getur svo farið, að sjómennirnir, sem draga fiskinn úr sjónum, hafi engan fulltrúa í þeirri endanlegu nefnd, sem sennilega í mörgum tilfellum kemur til með að ákveða þetta. Það þarf einnig að tryggja, að þeir menn, sem verða að selja síld og fisk, en eiga ekki sínar sérstöku fiskvinnslustöðvar eða síldarbræðslustöðvar, eigi sína fulltrúa. Það er engin trygging, að hlutur þessara manna verði ekki algerlega fyrir borð borinn, og þetta er höfuðatriði.

Viðvíkjandi því, að þarna sé í raun og veru samningsréttur að nokkru leyti tekinn af sjómönnunum og geti kostað vinnustöðvanir og deilur, aukadeilur, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Austf., þá má það vel vera. En þessi aðferð er nú notuð gagnvart bændunum, og ég hygg, að það stefni allt að því, að það verði farið að nota þetta í okkar þjóðfélagi almennt, þetta verði tekið næst upp gagnvart verkalýðsfélögunum og öllu kerfinu, hugmyndin verði að nokkru leyti sótt til Rússlands, að banna algerlega verkföll og vinnudeilur. Það er slæmt fyrir þjóðfélagið, þó að við göngum náttúrlega ekki eins langt í því og það verði aldrei eins mikill munur á kaupi og hjá Stalin. Hann tók upp nýtt kerfi viðvíkjandi því, sem var nokkurs konar ákvæðisvinna. En mér virðist allt stefna að því hjá þessari hæstv. ríkisstj., að hún vilji ráða hlutunum og þá verði þetta allt saman ákveðið með nokkurs konar gerðardómum, bæði kaupupphæð og önnur atriði í okkar þjóðfélagi, og skal ég ekki fara út í það. Þetta hefur sína kosti og vafalaust sína galla líka. En við, sem stundum landbúnaðinn, höfum orðið að búa við þessa verðlagsákvörðun. Og satt að segja get ég alveg eins sætt mig við það gagnvart sjávarafurðum og gagnvart landbúnaðarafurðum, en út í það skal ég ekki fara. Mér virðist stefna að því, að þetta muni ganga í gegn gagnvart öllum launakjörum í landinu fyrr og síðar, þetta sé bara einn liður í kerfi, sem á að koma. Það verður þá að deila um það allt í heild. En hitt álít ég að sé óhyggilegt, að taka það ekki fram nú þegar, að það sé ekki hægt að bera hlut þeirra útgerðarmanna fyrir borð, sem þurfa að selja sjávaraflann, og sjómannanna. Það þarf að tryggja, að þeir hafi sinn rétt. Ef það er ekki gert strax, þá getur það kostað deilur síðar, og þær hefjast e. t. v. mjög fljótlega. Við eigum að unna þeim jafnréttis, tryggja það, að þeir hafi sinn rétt jafnt og þeir, sem kaupa sjávarafurðirnar. Það er ekki viturlegt að gera það ekki, og þess vegna hef ég viljað benda á þetta atriði.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði nú satt að segja haldið, að það væri ómögulegt að læða inn í þessar umr. umræðum um líkið af Stalin, en þar sannast hið fornkveðna, að vini mínum, hv. 4. þm. Norðurl. v. (BP), er ekkert ómögulegt í ræðustól hér á hv. Alþingi.

Þau fáu orð, sem ég ætlaði að segja um þetta frv., ganga út á það fyrst og fremst að taka undir fyrri hluta ræðu hv. 4. þm. Austf. (LJós), sem hann hafði hér áðan yfir. Ég tek undir það með honum, að það er ástæðulaust að vera að stofna til óþarfa tortryggni í sambandi við þetta ráð strax á byrjunarstigi með því að hafa það ráð skipað á þann veg, að þarna séu 4 útgerðarmenn, sem eigi sína fulltrúa annars vegar ásamt 3 fulltrúum sjómanna, því að það hefur verið lengi viðurkennt af útgerðarmönnum, a. m. k. þegar þeir kvarta yfir því, hvað sjómenn hafa mikið í sinn hlut, að þeir taki milli 50 og 60% af brúttóafla skipanna til sín. Hins vegar má að vísu fallast á þá skoðun útgerðarmanna, að þeirra er ábyrgðin. Þeir standa að baki útgerðinni með fé sitt og eigur og bera ábyrgð á því, að vel gangi, þannig að ég teldi rétt að koma þarna að nokkru leyti á móti þessari skoðun þeirra, og tel þess vegna, að þeim væri full sæmd í því að eiga jafnmarga fulltrúa og sjómenn eða við hlið þeirra annars vegar við þetta samningaborð.

En út af hinu atriðinu, sem hv. 4. þm. Austf. minntist á, en það er till. Tryggva Helgasonar um skipun yfirnefndarinnar og breytingu á því, sem segir í þessu lagafrv., þá fæ ég ekki séð annað en að ef sú till. yrði samþykkt, þá sé komið út í sömu ófæruna og er verið að reyna að forðast með þessum lögum. Þá er komið út í nákvæmlega sama striðið og verið hefur undanfarin ár, sem orsakar það, að fiskimenn allt í kringum landið fá kannske ekki að vita, upp á hvaða hlut þeir rói til fiskjar,

fyrr en komið er að lokum veiðitímabilsins, og það tel ég alveg ófært. Tilgangur þessara laga er m. a. sá að losna við þann mikla vanda.

Um hitt atriðið, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. kom reyndar inn á ásamt hv. 4. þm. Austf., um skipan þeirra fulltrúa, sem eiga sæti í þessu væntanlega ráði fyrir hönd sjómanna, vil ég aðeins benda hv. þdm. á það, þegar verið er að tala um fulltrúa Alþýðusambandsins og fulltrúa Sjómannasambandsins annars vegar, að Sjómannasambandið er fullgildur aðili innan Alþýðusambands Íslands, þannig að þarna kæmi aldrei til greina annað en þessir tveir fulltrúar, sem sagt tveir fulltrúar Alþýðusambandsins, gætu ráðið því og haft hönd í bagga um það, að annar hvor þeirra færi inn í yfirnefndina. Af þessu er alveg óþarfi að hafa nokkurn ótta um það, að Alþýðusambandið mundi ekki alltaf eiga sinn fulltrúa þar.

Ég vil ekki hafa fleiri orð um þetta við 1. umr., enda get ég tekið undir með öðrum ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, að það er stutt síðan þetta mál hefur verið lagt fyrir þd. og fáir hafa getað kynnt sér það til hlítar, þó að ég hins vegar ásamt 4. þm. Austf. að því er virðist höfum haft nokkurt tækifæri til þess að kynna okkur þetta. En að sjálfsögðu verður þetta athugað í nefnd og ég mun þar að öllum líkindum gera ráðstafanir til þess að flytja brtt. við 1. gr. um skipunina í ráðið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umr., er þetta frv., sem hér er til umr., undirbúið af nefnd, sem ríkisstj. kvaddi til starfa, og var hún skipuð fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda. Fulltrúar fiskseljendanna voru bæði útgerðarmenn og fulltrúar frá stéttasamtökum sjómanna. Þessi nefnd var kvödd til starfa, eftir því sem ég held að sé rétt, þann 13. nóv. og átti að skila tillögum um þetta mikilsverða mál sjómannastéttarinnar fyrir mánaðamót nóvember og desember, eða var ætlaður aðeins um það bil hálfur mánuður til starfa. Nefndin færðist þetta mikla verkefni í fang, þó að tíminn væri svona naumur, sem henni var ætlaður, hélt á þessum tíma um 10 fundi og skilaði tillögum til ríkisstj. Að vísu fór það svo, að nefndin varð ekki ásátt um málið í öllum atriðum, og af því er það, að þessu frv. fylgir fskj., þar sem minni hl. eða nánar tiltekið fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Tryggvi Helgason, gerir grein fyrir afstöðu sinni og sínum tillögum, sem felldar voru í nefndinni. Það var von fulltrúa Alþýðusambandsins, að frv. mundi verða athugað nákvæmlega af hæstv. sjútvmrh., og vonir stóðu til þess, að e. t. v. féllist hann á þau rök, sem fulltrúi Alþýðusambandsins bar fram, og kynni e. t. v. að gera þær breytingar á frv., sem að einhverju leyti kæmu til móts við þessar óskir Alþýðusambandsfulltrúans. Það hefur ekki orðið. Hæstv. ráðh. hefur lagt frv. fram, eins og meiri hl. n. lagði til að það yrði, og gert það eitt að birta tillögur minni hl. sem fskj. með frv.

Það hefur komið skýrt fram í umr. í dag, að höfuðágreiningurinn er í fyrsta lagi um skipun verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þar lagði meiri hl. n. til og þar er lagt til í frv., að fulltrúar útvegsmanna hafi hreinan meiri hluta í verðlagsráðinu, 4 af 7. Þetta taldi fulltrúi Alþýðusambandsins óviðunandi, og ég átti þess sannast að segja ekki von, að hæstv. sjútvmrh. flytti málið í því formi, að hann féllist ekki á það sem sjálfsagt sjónarmið, að sjómennirnir yrðu að eiga jafnan rétt á við útgerðarmennina, þegar um verðákvörðun fisksins þeirra væri að ræða, því að það er fyllilega vitað og upplýst hér í grg. minni hl., að sjómennirnir eiga a. m. k. helming aflans og í sumum tilfellum langtum meira. Þeir eru því eigendur að þessum verðmætum, sem þarna er um að ræða að verðleggja, að hálfu eða jafnvel meira og hljóta því að óska þess, að ríkisvaldið tryggi, að þegar búinn er til aðili, sem á að ráða verðlagningu sjávaraflans, þá séu sjómennirnir a. m. k. þannig settir, að þeir njóti jafnréttis við hinn aðilann, sem á helminginn á móti þeim. Auk þess fer ákaflega illa á því, að nefnd, sem á að skila tillögum til yfirnefndar eða yfirdóms, sé ekki þannig skipuð, að báðir aðilarnir séu jafnt „representeraðir", það verð ég að segja, tel ákaflega óeðlilegt, að slík nefnd, sem á endanlega ákvörðun yfir höfði sér frá yfirdómi, sé skipuð hreinum meiri hluta annars aðilans. Ég sé ekki neinn tilgang í því nema þann, að þetta gæti orðið hættulegt og orðið til þess að valda tortryggni og deilum að óþörfu.

Það er alveg hárrétt, sem hér hefur komið fram hjá tveimur hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 12. þm. Reykv., að þetta eru meingallar á frv. Það er í fyrsta lagi mjög athugavert við skipun verðlagsráðsins, að útgerðarmennirnir eigi þar hreinan meiri hluta, og í öðru lagi, að í þeim meiri hluta geti verið að einhverju leyti eða kannske að öllu leyti fulltrúar fiskkaupenda, því að þeir eru að yfirgnæfandi meiri hluta í Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem á að ráða meiri hluta í verðlagsráðinu. Ég tek því fyllilega undir það, að þarna yrði að gera þá leiðréttingu á í fyrsta lagi að takmarka það, að fulltrúar útvegsmanna megi eingöngu vera úr röðum þeirra útgerðarmanna, sem séu ekki jafnframt fiskkaupendur.

Jafnræði milli útgerðarmanna og sjómanna mætti fullnægja annaðhvort með því, að fulltrúar útvegsmanna yrðu aðeins 3 og fulltrúar sjómannanna 3 og verðlagsdómurinn væri þannig skipaður 6 fulltrúum, ellegar þá, eins og minni hl. n. leggur til, að fulltrúar sjómannanna verði einnig 4. Rökstuðningur hans fyrir því, að sjómennirnir þurfi að eiga a. m. k. 4 fulltrúa til jafns við útgerðarmennina, er sá, að fiskimennirnir með ströndum landsins eru dreifðir víðs vegar. Þeir hafa miklu verri aðstöðu en útgerðarmennirnir til að fylgjast með verðinu á heimsmarkaðinum, og þess vegna reið öllu meira á að tryggja mjög vel þeirra aðstöðu í verðlagsráðinu heldur en útgerðarmannanna, sem að öllu leyti hafa betri aðstöðu í þessum efnum. Hér er um að ræða 6—7 þús. sjómanna, sem eiga hagsmuna að gæta í þessum efnum. Ef sú leiðin væri ekki farin að fækka fulltrúum útgerðarmannanna um einn,

þ. e. a. s. úr 4 í 3, og skapa þannig jafnrétti á milli aðilanna, þá er hin leiðin fyrir hendi, að fjölga fulltrúum sjómanna um einn.

Mér er að vísu ógeðfellt að deila um það, hvernig þessir fulltrúar eiga að vera valdir, hvort þeir eiga að vera valdir að meira eða minna leyti af Sjómannasambandi Íslands eða af Alþýðusambandinu. Það er rétt, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér áðan, Sjómannasambandið er aðili að Alþýðusambandinu, og fulltrúi Sjómannasambandsins er þannig í þeim skilningi einnig fulltrúi Alþýðusambandsins. En hjá því verður þó ekki komizt, úr því að frv. er sett fram eins og það er, að þar er gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Alþýðusambandinu og einum frá Sjómannasambandinu og einum frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, að ef leiðrétting er gerð á þann hátt að telja, að fulltrúar sjómanna verði 4, þá mæla öll rök með því, að Alþýðusambandið hefði þar 2 fulltrúa, Sjómannasambandið 1 og Farmanna- og fiskimannasambandið 1. Þetta er af þeim ástæðum, að Sjómannasambandið er minni aðili fyrir hönd sjómanna en Alþýðusambandið, því að í Sjómannasambandinu eru fiskimennirnir í Sjómannafélagi Reykjavíkur, fiskimennirnir í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, fiskimennirnir í sjómannadeild Verkalýðsfélags Keflavíkur og fiskimennirnir í sjómannadeild Verkalýðsfélags Akraness. Það eru þessir meðlimir, sem eru í Sjómannasambandinu. En í Alþýðusambandinu eru sjómennirnir í Vestmannaeyjum, sjómennirnir á Eyrarbakka og Stokkseyri, sjómennirnir í Þorlákshöfn, Sandgerði, Garði og Vogum, þ. e. á Suðvesturlandinu, og frá þessum stöðum eru á milli 160 og 170 fiskibátar, stærri vertíðarbátar, og auk þess hefur svo Alþýðusambandið umboð fyrir alla fiskimenn á Austfjörðum, á Norðurlandi, á Vestfjörðum og á Snæfellsnesinu og öllum Breiðafjarðarhöfnunum. Ég veit líka, að þeir í Sjómannasambandi Íslands teldu sig ekki neinum rangindum beitta með því, að Alþýðusambandið hefði 2 fulltrúa á móti einum fulltrúa þeirra í sjómannaaðildinni í verðlagsráði sjávarútvegsins, því að með góðu samkomulagi hefur það verið þannig, að þegar nefndir hafa verið settar á laggir á undanförnum árum til þess að semja við L. Í. Ú. um fiskverðið, eins og gert var í mörg ár, þá var það með bezta samkomulagi ákveðið, að fulltrúar Alþýðusambandsins væru 7 og fulltrúar Sjómannasambandsins 3 og þessir 10 fulltrúar gengju hlið við hlið, eins og úr einum hópi væri, til síns verks við að semja um fiskverðið gagnvart útgerðarmönnunum. Þetta er hinn möguleikinn til leiðréttingar á skipun verðlagsráðsins, þ. e. að fulltrúar sjómannanna yrðu 4 eins og fulltrúar útgerðarmannanna, og væri þá næst lagi, að ég tel, að fulltrúar Alþýðusambandsins yrðu 2, og ég treysti því enn, að hæstv. sjútvmrh. fallist á þessi sjónarmið, sem nú hafa komið fram frá mörgum þm. og eru réttmæt, að þarna verði jöfnuður gerður á um aðild sjómanna á móti útgerðarmönnum um skipun verðlagsráðsins, annaðhvort með því að fækka útgerðarmannafulltrúunum um einn og þeir verði þannig 3, ellegar þá að fjölga sjómannafulltrúunum um einn, svo að þeir verði 4, eins og nú stendur í frv. um tölu útgerðarmannanna.

Þá er hitt ágreiningsatriðið, það er um það, hvað skuli gera, ef ekki fæst samkomulag um verðákvörðun fisksins í verðlagsráði, og þar eru uppi tvær tillögur. Tillögur meiri hl. n. eru í þessu frv. teknar upp og eru á þá leið, að ef ágreiningur verði, skuli hæstiréttur tilnefna oddamann. Það er vafalaust rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það ætti ekki að vera verra en það fyrirkomulag, sem ríkt hefur, og engin ástæða til þess að væna hæstarétt um það, að hann gerði sér far um að tilnefna hlutdrægan fulltrúa. En þarna yrði að tilnefna mann með fullkominni þekkingu á þessum málum og í annan stað að velja hann með tilliti til þess, að hann væri hvorki hlutdrægur aðili í garð sjómanna né útgerðarmanna. Og vonandi er, eins og ráðh. sagði, að hæstiréttur finni slíkan mann. Hins vegar er það oft svo, að hvort sem það er hæstiréttur eða aðrir aðilar, sem eiga að tilnefna slíkan aðila, að það er stundum höfð hönd í bagga um tilnefninguna af hæstv. ríkisstj., og getur þess vegna að nokkru leyti farið um val slíks manns að vilja ríkisstjórnarinnar, og öllum ríkisstjórnum er ekki jafntreystandi fyrir hönd sjómanna, það verð ég að leyfa mér að fullyrða. Við höfðum því heldur kosið í verkalýðssamtökunum, að sá, sem ætti að skakka leikinn og úrskurða um verð, ef um það væri að ræða, þegar ekki hefur náðst samkomulag um það í verðlagsráði sjávarútvegsins, hefði orðið sáttasemjari ríkisins, og að staða hans þarna væri ekki staða dómarans, heldur þess, sem leiddi málin til lykta eftir sáttaleiðum. Þetta er till. Tryggva Helgasonar, fulltrúa Alþýðusambandsins, að oddamaðurinn, sem þarna skeri úr, verði ekki tilnefndur af hæstarétti, heldur verði það sáttasemjari ríkisins og komi með miðlunartillögur, sem bornar séu undir atkvæði beggja aðila. Það er hárrétt, sem hér var tekið fram áðan, að báðir aðilar eiga ærið í húfi, ef þeir hafna sanngjörnum tillögum og taka þannig á sig tjón af stöðvun útgerðarinnar. Ætti því, þegar búið er að þrautræða þessi mál og sýna fram á, hvernig grundvöllurinn lægi í verðákvörðuninni, varla að bregðast, að þessir aðilar samþykktu tillögu sáttasemjara um verðákvörðun endanlega, sem væri eitthvað nærri réttu eftir markaðsverðinu og öllum aðstæðum. Og þessi leið tel ég að vekti sízt af öllu tortryggni og tryggði því eins mikinn frið um þessi mál og hægt væri.

Hins vegar er í þeirri leið, sem í frv. felst, um að ræða gerðardóm. Og það er leið, sem ég veit ekki til að Alþfl. hafi verið fylgjandi fram að þessu, og hefði þess vegna viljað treysta, að hæstv. ráðherra við nánari athugun legði sitt lóð á vogarskál um, að sú leið — gerðardómsleið — yrði ekki farin í þessu máli. Ég held, að hún sé ekki líkleg til friðsamlegrar úrlausnar á þessum ágreinings- og vandamálum, og mér líkar illa, að hún skuli vera farin. Nógu illt er, að ein stétt í landinu — bændastéttin — verði að lúta gerðardómsúrskurði um sín launamál gegnum verðákvörðun landbúnaðarvara, og hefði heldur að mínu áliti

átt að hverfa frá þeirri leið en að skella gerðardómi á fleiri stéttir. En það má vera, eins og hv. 5. þm. Norðurl. vék hér að áðan, að það sé sú leið, sem núv. ríkisstj. sé að færa yfir á allar stéttir, fremur en fara hina ófugu leið, að afnema gerðardóminn sem úrskurðarvald gagnvart einni af framleiðslustéttum þjóðarinnar, sem ég hefði heldur kosið að yrði farin.

Málið er nú til 1. umr. og fer svo til sjútvn. Ég veit, að eins og þingheimur hefur haft óforsvaranlega skamman tíma til þess að athuga málið, hefur hæstv. ráðh. líka haft skamman tíma til þess að kryfja þetta mál til mergjar, því að svo skammur tími er liðinn síðan nefndin skilaði áliti, og getur þó enginn sakað hana um að hafa legið á málinu, því að hún hafði skamman starfstíma. Því hefur lítið tóm gefizt hjá ráðuneytinu til þess að athuga málið gaumgæfilega og það orðið úr að leggja fram till. meiri hl. og birta sem fskj. álit minni hl., alveg eins og þetta kom frá nefndinni. Þar er afsökunin sú ein, að tíminn er naumur til jólaleyfis þingsins og full ástæða til að koma þessari breytingu, sem hér er fyrirhuguð, í lagaform fyrir n. k. áramót. En nú verður sjútvn. einnig að hafa hraðan á að vinna að þessu máli, og ekki virðist vera vonlaust um, að nokkrar lagfæringar fáist á málinu í meðferð hennar. Einkum treysti ég þó á það, að hæstv. ráðherra styðji að því, að nefndin athugi hvort tveggja atriðið, bæði um skipun verðlagsdómsins og eins um það, að horfið verði frá gerðardómsleiðinni — og ekki sízt það — og að hæstv. ráðherra leggi hönd að verki um það, að allar aðrar leiðir verði fremur athugaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 180, 188 og 191, 189, 192).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Sjútvn. hv. d. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. telur óráðlegt að gera veigamiklar breytingar á þessu frv., sem er orðið til vegna samstöðu margra hagsmunahópa. Við gerum að vísu breytingu á einni gr. frv., 9. gr. Þar viljum við undirstrika betur en gert er í frv., að hver og einn í verðlagsráði hafi neitunarvald, og enn fremur, að í yfirnefndinni eigi fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna engra þeirra hagsmuna að gæta, sem fallið gætu saman við hagsmuni fiskkaupenda. Með þessu má segja, að í sjálfu sér sé ástæðulaust að karpa um innbyrðisskiptingu í sjálft verðlagsráð. Hins vegar sagði ég við 1. umr., að sú skipting, sem frv. kveður á um, geti orðið ástæða fyrir tortryggni frá hendi sjómanna, sem eins og aðrir landsmenn vita, að Landssamband ísl. útvegsmanna er ekki eingöngu byggt upp af fiskseljendum, heldur fiskkaupendum líka. Hins vegar er það skoðun okkar í meiri hl. sjútvn., að við viljum ekki setja frv. í hættu fyrir þetta atriði vegna þess, hversu tryggilega er um búið, að í yfirnefndinni sé um raunverulega fiskseljendur að ræða, ef hún þarf að taka til starfa.

Ef frv. þetta verður að lögum, er hér um stórt og mikið hagsmunamál sjómannastéttarinnar að ræða og gamalt baráttumál hennar. Sjómenn verða með samþykkt þess nú í fyrsta sinn aðilar að samningum um fiskverð. En það má segja, að það sé ekki aðeins hagsmunamál íslenzkra sjómanna, heldur er það vissulega hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar, sem verið er að tryggja með þessu frv., því ef það verður samþykkt, eru líkindi á því og miklar vonir við það bundnar, að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar, eins og við höfum því miður dæmi fyrir.

Meiri hl. sjútvn. mælir með, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem er á þskj. 180.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú liggur fyrir til 2. umr., á þskj. 174, um verðlagsráð sjávarútvegsins, er flutt af hæstv. ríkisstj. Frv. var útbýtt í hv. deild föstudaginn 8. þ. m. Þegar sama dag á aukafundi var það tekið fyrir til 1. umr. Urðu þá um það nokkrar umr., en ekki langar, en málið síðan afgr. til 2. umr. og vísað til sjútvn. Af hálfu hæstv. ráðh., sem mælti fyrir frv., var þess óskað sérstaklega, að málinu væri hraðað.

Næsta dag, laugardaginn 9. þ. m., var svo frv. tekið fyrir á fundi sjútvn. Á þeim fundi var frv. afgreitt frá n., og hefur hún ekki haldið aðra fundi um málið. Það kom fram á þessum fundi, að meiri hl. n., hv. frsm meiri hl., sem hér talaði áðan, hv. 3. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Vestf., vildi afgreiða frv. og mæla með því með tilteknum breytingum, sem þeir lýstu á fundinum og nú eru fram komnar í áliti meiri hl. En meiri hl. lýsti jafnframt yfir því, að hann mundi ekki mæla með viðtækari breytingum á frv.

Ég hreyfði því þá í n., að ég teldi þörf á að gera meiri breytingar og viðtækari á frv. heldur en meiri hl. hefur lagt fram. En undir það var ekki tekið. Ég skýrði þá frá því í n., að ég mundi gefa út sérstakt nál., sem nú hefur verið prentað og liggur fyrir á þskj. 188 — ásamt brtt. frá mér á þskj. 189.

Ég vil vekja athygli á því, að sjútvn. og þm. yfirleitt hafa haft mjög stuttan tíma til að athuga þetta mál, eins og ég hef reyndar áður lýst nánar. Ég tel, að það hefði verið æskilegt, að sá tími hefði getað verið lengri, en skal þó ekki um það sakast, þó að hæstv. ríkisstj. óski eftir að hraða málinu, eins og nú standa sakir og áliðið er orðið. En það hefði verið mjög æskilegt að geta haft rýmri tíma til athugunar á þessu nýmæli og m. a. ráðrúm til þess að afla ýmissa upplýsinga í sambandi við málið. En þegar frv. var útbýtt hér í deildinni s. l. föstudag, voru þm. í rauninni ókunnugir þessu máli, þó að einhverjir kunni að hafa haft hugmynd um, að einhver undirbúningur hefði farið fram, sem ég man þó ekki eftir að legið hafi fyrir.

Áður en ég kem að því að lýsa þeim brtt., sem ég hef borið fram, og áliti mínu á þessu máli, vil ég fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls.

Þegar hæstv. ríkisstj. á öndverðu ári 1960 hóf aðgerðir sínar í efnahagsmálum, m. a. með því að beita sér fyrir stórfelldari breytingu á skráningu erlends gjaldeyris en menn almennt hafði grunað, þá var það ótvírætt gefið í skyn af hennar hálfu, að niður væru fallin opinber afskipti af kaupgjaldsmálum hvers konar og af verðlagningu sjávarafurða. Þar átti að verða um svokallaða frjálsa verðmyndun að ræða. Einhvers staðar í latínubókum stendur spakmæli, sem á vora tungu hefur verið útlagt þannig: „Ekkert mannlegt er mér óviðkomandi.“ En hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir fyrir tæpum tveimur árum, að ýmislegt mannlegt mundi verða henni óviðkomandi. Hún sagði m. a.: Það skal vera oss óviðkomandi, þó að deilur verði um kaup og kjör milli stéttanna og hvernig kaupgjald verður, og það skal vera oss óviðkomandi, hvert verðlag verður á sjávarafla og hvort sjósókn kann að stöðvast um lengri eða skemmri tíma, af því að þetta verð fæst ekki ákveðið, — það skal vera oss óviðkomandi. — Síðan þetta var, hefur ýmislegt gerzt í þessum málum, sem virðist sýna, að þetta hafi verið nokkuð hæpinn ásetningur hjá hæstv. ríkisstj. á sínum tíma, þó að hann væri sjálfsagt vel meintur. Þá er þess m. a. að geta, að í vertíðarbyrjun í fyrra urðu stórdeilur hér við sjávarsíðuna m. a. um fiskverð og alltilfinnanleg framleiðslustöðvun af þeim orsökum. Þar var um mikinn vanda að ræða.

Á ofanverðu þingi í fyrra var lagt fram frv. hér í þessari hv. d., flutt af hv. 4. þm. Austf. (LJós) og hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), varðandi einmitt þau mál, sem nú eru hér til meðferðar. Segir svo m. a. í 2. gr. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskverð í hverjum verðflokki“ — það er áður búið að tala um þessa verðflokka — „skal ákveðið af nefnd fisksölu- og fiskkaupaaðila. Ráðherra skipar nefndina eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:

3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna.

3 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Nefndin starfar undir handleiðslu sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Nú næst ekki samkomulag milli nefndarmanna um fiskverðið, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í nefndinni og fellir hún úrskurð þannig skipuð.“

Þetta er 2. gr. í frv. um þessi mál, sem flutt var á síðasta þingi af hv. 4. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl., og sýnir það glöggt, að hér á Alþingi voru menn orðnir þess sinnis, að einhverra aðgerða væri þörf í þessum málum og að það dygði ekki til lengdar, sem ríkisstj. hafði fyrirhugað, að láta sem svo, að þessi mál skyldu vera hinu opinbera óviðkomandi.

Þetta frv., sem ég nú hef nefnt, varð ekki útrætt á síðasta þingi. En síðan hafa ýmis tíðindi gerzt enn í efnahagsmálum. Á s. l. sumri varð almenn kauphækkun í landinu, og síðar var gengisskráningu breytt á ný með brbl., í byrjun ágústmánaðar, svo sem kunnugt er. Nú er aftur að því komið, að vetrarvertíð hefjist hér á Suðvesturlandi og að komast þurfi að einhverri niðurstöðu um verð á sjávaraflanum. Hæstv. ríkisstj. virðist í s. l. mánuði hafa gert sér grein fyrir því, að hér væri opinberra aðgerða þörf og þær aðgerðir yrði að gera í tíma, því að 9. nóv. s. l. skipaði hæstv. sjútvmrh. 8 manna nefnd, sem átti að hafa það hlutverk samkvæmt erindisbréfi: í fyrsta lagi að ræða og gera tillögur um frambúðarfyrirkomulag á ákvörðun fiskverðs og síldarverðs, í öðru lagi að gera tillögur um, hvernig með skuli fara, ef ekki næst samkomulag með aðilum, sem hlut eiga að ákvörðun slíks verðs, og í þriðja lagi að gera tillögur um greiðslu kostnaðar, sem af slíkri verðákvörðun leiði. Þessi 8 manna nefnd var þannig skipuð, að í henni voru fulltrúar frá ýmsum samtökum, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við verð sjávarafla, ýmist sem fiskkaupendur eða fiskseljendur. Talið var, að í nefndinni væru 4 fulltrúar frá þeim, sem selja sjávarafla, og aðrir 4 frá þeim, sem kaupa sjávarafla. Þessi nefnd er talin hafa haldið 10 fundi í nóvembermánuði, og hinn 29. nóv. skilaði hún áliti sínu til sjútvmrn.

Í þessari 8 manna nefnd frá fiskkaupendum og fiskseljendum virðist hafa náðst allvíðtækt samkomulag um ýmislegt, sem þetta mál varðar. Allir nefndarmenn virðast hafa verið sammála um, að löggjafar væri þörf um þetta efni. Þeir virðast einnig hafa verið sammála um stofnun verðlagsráðs, sem skipað yrði annars vegar fulltrúum fisksöluaðilanna, sem sé sjómanna og útgerðarmanna. Þá virðast nefndarmenn einnig hafa verið sammála um, að sú verðákvörðun skyldi gilda, sem samkomulag yrði um milli allra þeirra fulltrúa fiskkaupenda og fisksöluaðila, sem aðild ættu að verðlagningu samkv. frv., og einnig að öðru leyti virðast þessir 8 nefndarmenn hafa verið sammála um ákvæði þess frv. yfirleitt, sem þeir lögðu fyrir ríkisstj., að tveim atriðum undanskildum, sem ég nú kem að.

Þessi tvö atriði, sem náðist ekki fullt samkomulag um í 8 manna nefndinni, voru: Í fyrsta lagi, hve margir fulltrúar skyldu vera í verðlagsráði og hversu mikil skyldi vera aðild einstakra aðila að ráðinu. En þetta tvennt er raunar í nánum tengslum, því að fjöldi fulltrúa í ráðinu í heild fer eftir því nokkuð, hve mikil aðild hverjum aðila er ætluð. Þetta var annað atriðið, sem áttmenningarnir urðu ekki sammála um. Í bréfinu til ríkisstj. frá 29. nóv. segir svo:

„Minni hl. n., Tryggvi Helgason, var hins vegar hlynntur því, að fulltrúar fisksöluaðil-

anna væru 8 og væru jafnmargir fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá sameinuðum samtökum sjómanna, þó þannig, að Alþýðusamband Íslands skipaði 2 fulltrúa og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sinn fulltrúann hvort. Var sú till. felld," segir í bréfinu. „Minni hl. n., Guðmundur Oddsson, lagði til, að fulltrúar fisksöluaðila yrðu 6, en sú tillaga var felld með 3:2 atkv."

Till. meiri hl. um skipun verðlagsráðsins, sú sem tekin er upp í stjórnarfrv. í 1. gr., var að lokum samþ. í þessari 8 manna undirbúningsnefnd með 5:3 atkv. Um hana er sem sagt ekki nærri fullt samkomulag í nefndinni, því að 3 greiða atkv. á móti henni. Hins vegar er þess að geta, að þeir þrír, sem í minni hlutanum voru, þeir voru ekki innbyrðis sammála um það, hvaða tillögu þeir skyldu bera fram, að því er virðist. Hér er um að ræða annað atriðið, sem virðist ekki hafa verið samkomulag um í undirbúningsnefndinni. Hitt atriðið, sem varð ekki samkomulag um í undirbúningsnefnd, var skipun og úrskurðarvald yfirnefndar, sem gert er ráð fyrir að taki til starfa, ef ekki næst í verðlagsráðinu fullt samkomulag um fiskverð. Þá er gert ráð fyrir, að þessi yfirnefnd taki til starfa. Einn maður í undirbúningsnefndinni lagði til, að önnur skipun yrði höfð á þessum málum, þannig að ekki væri um yfirnefnd að ræða, heldur væri þannig að farið, ef verðlagsráð næði ekki einróma samkomulagi, að þá færi fram sáttatilraun, sáttasemjari tæki málið í sínar hendur og reyndi að ná sáttum milli þeirra fulltrúa verðlagsráðs, sem eru frá fiskseljendum, og hinna, sem eru frá fiskkaupendum, og að sáttasemjari bæri svo, ef þar til kæmi, fram miðlunartillögu, sem borin væri undir meðlimi þeirra samtaka, sem um er að ræða.

Þannig var málið afgreitt til hæstv. ríkisstj. með bréfi, sem undirritað er af öllum nefndarmönnum 8, þó þannig, að einn nefndarmanna, fulltrúi Alþýðusambandsins, skrifar undir með fyrirvara, þar sem hann gerir grein fyrir brtt. sínum, og sömuleiðis ritaði minni hl. ráðuneytinu sérstakt bréf um afstöðu sína, sem dagsett er 30. nóv. eða daginn eftir.

Eins og ég sagði áðan, virðist mér, að um þetta frv., sem hér liggur fyrir og er í raun og veru að mestu leyti shlj. þeim tillögum, sem meiri hl. n. stóð að, hafi náðst í undirbúningsnefndinni, þar sem fulltrúar aðilanna áttu sæti, allviðtækt samkomulag, en þó engan veginn hægt að segja, að það samkomulag sé fullt samkomulag um sum atriðin.

Nú er það skoðun mín, að unnt ætti að vera að breyta þessu frv. á þá leið, að málið yrði líklegra til þess að bera árangur, njóta allsherjarstuðnings, ef að lögum yrði, og það er óneitanlega mjög mikils virði, ef lánast mætti að gera þessa löggjöf svo úr garði, að þeir aðilar flestir og helzt allir, sem við hana eiga að búa, sættu sig við hana og ekki væri um verulega óánægju að ræða, því að um það þarf ekki að ræða langt mál, að það er mikill veikleiki í löggjöf sem þessari, ef hún nýtur ekki fyrir fram mjög mikils stuðnings og almenns stuðnings þeirra, sem hlut eiga að máli.

Tillögur mínar á þskj. 189 eru að verulegu leyti við þetta miðaðar, að breyta vissum atriðum í frv. á þá leið, að ætla megi, að viðtækara samkomulag verði um og lögin verði þannig líklegri til árangurs. En jafnframt hef ég farið yfir greinar frv., eftir því sem tími hefur verið til, og gert tillögur, sem mér virðist ótvírætt að séu til bóta, þó að tilgangur þeirra sé kannske ekki beinlínis sá, sem ég hef nú nefnt. Skal ég þá koma að því að lýsa stuttlega þessum tillögum, sem fyrir liggja á þskj. 189. En um rökstuðning fyrir þeim, að því leyti sem hann kemur ekki fram í því, sem ég nú segi, vísa ég til nál. 1. minni hl. á þskj. 188.

1. brtt. mín á þskj. 189 er við 1. gr. frv. Ég geri þar ráð fyrir í fyrsta lagi, að fjölgað verði um tvo menn í verðlagsráði. Er þá fyrst gert ráð fyrir því, að fulltrúum fisksöluaðilanna verði fjölgað um einn, þannig að Alþýðusamband Íslands fái tvo fulltrúa í stað þess, sem gert er ráð fyrir í frv., að það hafi aðeins einn fulltrúa. Ef þessi breyting verður samþykkt, verða fulltrúar þeirra samtaka, sem sjómenn standa að, jafnmargir fulltrúum útvegsmannasamtakanna. Það virðist mér sanngjarnt og það held ég að mælist miklu betur fyrir en hitt, sem í frv. stendur, þar sem gert er ráð fyrir, að annar aðilinn hafi fleiri fulltrúa en hinn. Þó að þeir eigi að vísu sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessu verðlagsráði, mun mönnum eigi að síður finnast sanngjarnt, að sjómenn, sem eiga um það bil helming aflans samkv. hlutaskiptareglum eða ekki fjarri því, hafi jafnmarga fulltrúa og útvegsmennirnir, og ekki líklegt, að útvegsmenn út af fyrir sig hafi nokkuð á móti þeirri skipan. Ég hef talið rétt, að Alþýðusamband Íslands fengi þennan fulltrúa, sem ég geri ráð fyrir að bætt verði við fulltrúatölu fisksöluaðilanna. Mér hefur verið tjáð það, og m. a. kom það fram frá forseta Alþýðusambandsins, sem hér talaði í deildinni við 1. umr., að í Alþýðusambandinu mundu vera öllu fleiri sjómenn en í þeim samtökum samtals, sem hér voru ætlaðir 2 fulltrúar. Um þetta hef ég ekki sjálfur neinar tölur, en mér þykir þetta ekki ólíklegt og hef því gert þessa tillögu.

Í öðru lagi legg ég til, að inn í 1. gr. komi ákvæði um fjölgun fulltrúa fiskkaupenda um tvo. Nýlega hafa verið stofnuð sérstök félög fiskvinnslustöðva í einstökum landshlutum, annað, sem nær yfir Norður- og Austurland, eða félagstakmörkin eru nálægt takmörkum þessara landshluta, og nefnist Félag fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi, hitt, sem tekur yfir Vestfirði og heitir Félag fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt, að þessum nýju samtökum í landshlutunum verði gefinn kostur á að eiga fulltrúa í verðlagsráðinu og koma þar fram með sín sjónarmið og sína sérþekkingu á þessum málum. En til þess að raska ekki skipulagi, sem hér er um að ræða í sambandi við verkaskiptingu í verðlagsráðinu í heild, hef ég lagt til, að fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna verði fækkað um einn og verði tveir í stað þriggja, enda er það svo, að aðilar í Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og

Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum eru margir hverjir jafnframt aðilar að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Hins vegar er ekkert ósamræmi í því, þó að þeim sé ætlað að eiga þarna fulltrúa jafnframt því, sem Sölumiðstöðin á fulltrúa, því að á öðrum stað er gert ráð fyrir, að Sjómannasambandið, sem er í Alþýðusambandi Íslands, eigi fulltrúa í ráðinu, jafnframt því sem sjálft Alþýðusambandið á fulltrúa, og er það alveg sambærilegt.

Þetta eru þær breytingar, sem ég geri ráð fyrir að gerðar verði á verðlagsráðinu.

Í þriðja lagi legg ég svo til, að bætt verði inn í þessa grein ákvæðum, sem eiga að tryggja það, að fulltrúar í verðlagsráði eigi ekki hagsmuna að gæta, sem fara í bága við hagsmuni aðila, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Að þessu var nokkuð vikið í umr., og ég sé, að hv. meiri hl. sjútvn. hefur gert brtt. um þetta efni. Sú brtt. er nokkuð öðruvísi orðuð, og brtt. mín er ekki einhliða, heldur er hún látin eiga jafnt við báða aðila, sem ég tel eðlilegt og rökrétt.

Næsta brtt. mín er við 2. gr. frv. og er í raun og veru afleiðing af brtt. við 1. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að verðlagsráðið starfi í flokkum eftir því, um hvers konar verðlagningu er að ræða. Einn verðlagningarflokkurinn starfar að verðlagningu fiskafurða almennt, annarra en síldarafurða, fiskafla almennt, annars en síldarafla. Annar verðlagningarflokkur starfar að verðlagningu Norðausturlandssíldar og þriðji flokkurinn að verðlagningu Suðvesturlandssíldar. Fulltrúar fisksöluaðilanna eiga sæti í öllum þessum flokkum, en aðeins í hverjum flokki hluti af fulltrúum fiskkaupendanna. Af fjölguninni samkv. 1. gr. leiðir það, að í þessum verðlagningarflokkum verða 16 menn, en ekki 14.

Brtt. við 3. gr. er einnig afleiðing af brtt. við 1. gr. og er sams konar. Hún fjallar um verðlagninguna á fiskafla almennt, annars en síldarafla. Þar geri ég ráð fyrir, að félög fiskvinnslustöðvanna á Norður- og Austurlandi og Vestfjörðum eigi sinn fulltrúann hvort.

4. brtt. er við 4. gr., og í henni felast tilsvarandi breytingar og á ákvæðunum um verðlagningu síldar, sem veidd er við Norður- og Austurland, og síldar, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, eins og það er orðað í frv. En í frv. er svo að orði komizt, að þegar ákveðið skuli verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, skuli verðlagsráð skipað sem þar segir. Ég hef leyft mér að orða þetta öðruvísi og þannig, að ákvæðin séu um síld, sem veidd er við Suður- og Vesturland, því að óneitanlega er nokkur síld veidd við Vestfirði og þarf þá sjálfsagt að verðleggjast eins og önnur síld. En mér virðist, að samkv. orðalagi frv. gildi ákvæði þess ekki um þá síld, sem veiðast kann út af Vestfjörðum, nema þá með lögskýringum. Þess vegna hef ég talið réttara að orða þetta á þá leið.

Ég vil einnig nota tækifærið til þess að vekja athygli á því, sem ég held að meiri hl. hafi ekki athugað, að á einum stað í frv., í 3. gr., er talað um aðila í staðinn fyrir fulltrúa. Þyrfti það að athugast, ef greininni yrði ekki breytt. Þar segir: „sjö fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og sjö aðilum fiskkaupenda“ o. s. frv.

Ég kem þá næst að brtt. minni við 9. gr., tölulið 5 í brtt. á þskj. 189. Þessi grein fjallar í frv. um það, hversu með skuli fara, ef ekki næst samkomulag í verðlagsráði, að þá skuli vísa ágreiningsatriðinu til yfirnefndar með þeim hætti, sem nánar er ákveðið í þeirri grein í frv. Ég legg til, að þessi grein, 9. gr., verði orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild um tilskilinn tíma, og skal þá skipa fimm manna yfirnefnd þannig:

1) Tveir tilnefndir af fisksöluaðilum í verðlagsráði, annar úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa.

2) Tveir tilnefndir af fiskkaupendum í verðlagsráði og a. m. k. annar þeirra af þeim aðila, sem ágreiningur er við.

3) Oddamaður, sem verðlagsráð kemur sér saman um.“

Þessi upptalning á fulltrúum í yfirnefndinni er óbreytt í brtt. minni frá því, sem hún er í frv. Svo held ég áfram í brtt.:

„Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um oddamann, og skal þá að fengnu samþykki meiri hluta fulltrúa fisksöluaðila og meiri hluta fulltrúa fiskkaupenda oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Ef yfirnefnd verður fullskipuð, fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.“

Í þessari brtt. felst það, að ágreiningi í verðlagsráðinu skuli vísað til yfirnefndar, sem úrskurði ágreininginn, ef hún verður fullskipuð samkvæmt greininni. Ég sé ekki ástæðu til þess, að gerð sé aths. við það, að komið verði upp yfirnefnd, sem samkomulag er um í verðlagsráði, hvernig skipa skuli. Ég sé ekki, að menn geti í rauninni haft á móti því, að slík yfirnefnd starfi, sem verðlagsráðið tilnefnir sjálft og er sammála um oddamann í. Það sýnist mér að allir ættu að geta fallizt á við nánari athugun, að það sé ekkert athugavert við það, að slík yfirnefnd starfi, og hef ég ekki gert við það neina efnislega brtt. Ef yfirnefndin verður þannig skipuð, þá starfar hún og úrskurðar verðið samkvæmt minni brtt. En svo kemur vandinn, ef fulltrúarnir í verðlagsráði verða ekki sammála um oddamanninn í yfirnefndinni. Þá fæst ekki þessi oddamaður, nema hann sé tilkvaddur af einhverjum aðila, og málið er þá strandað, ef það er ekki gert. Í frv., eins og það liggur hér fyrir, er gert ráð fyrir, að þegar hér er komið, verði oddamaðurinn innan tveggja sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, tilnefndur af hæstarétti. Ég held, að það væri líklegra til æskilegs árangurs í þessu máli, að hér væri nokkur varúð viðhöfð, áður en oddamaðurinn er tilnefndur, og hef ég lagt til í brtt. minni, að hæstiréttur skipi ekki oddamanninn, nema það hafi verið samþykkt, að hann skuli skipaður, af meiri hluta beggja aðila í verðlagsráði. Í þessu verðlagsráði, eins og það er skipað, þegar það fjallar um verðlagningu og þegar þessi hugsanlegi ágreiningur verður, eiga sæti 16 fulltrúar, 8 frá fiskkaupendum, þ. e. a. s. frá fiskvinnslustöðvunum, og 8 frá fiskseljendum,

þ. e. a. s. frá útgerðarmönnum og sjómönnum. Þetta eru tveir aðilar, sem væntanlega hafa gagnstæðra hagsmuna að gæta í þessu tilfelli, þessir 8 fulltrúar fiskkaupendanna og 8 fulltrúar fiskseljendanna. Nú legg ég til, að oddamaðurinn verði ekki skipaður, nema ekki aðeins fulltrúar annars aðilans eða meiri hluti þeirra hafi samþykkt, að oddamaðurinn sé skipaður, heldur einnig meiri hluti fulltrúa frá hinum aðilanum. Þá sýnist mér, að tryggingin fyrir því, að menn uni allvel þeirri niðurstöðu, sem verður, sé orðin mun meiri en ef hægt er t. d. að skipa oddamann gegn vilja allra fulltrúa annars aðilans, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þar er um allt annað að ræða. Þetta er það, sem felst í brtt. minni við 9. gr. Og ég vil vænta þess, að hv. þm. taki til gaumgæfilegrar athugunar, hvort menn geta ekki í raun og veru yfirleitt fallizt á þetta fyrirkomulag.

Ef menn vilja setja löggjöf um þetta mál, telja þörf á því, — og um það virðist yfirleitt ekki vera ágreiningur, að það þurfi að setja einhverja löggjöf um þessa verðlagsákvörðun og að ástandið sé ekki æskilegt, eins og það er, — þá ættu menn að geta orðið einhuga um að gera þá löggjöf þannig úr garði, að af henni geti orðið einhver árangur, svo að ekki verði fyrirhöfnin ein og kostnaðurinn við framkvæmdina.

Ég hef svo gert brtt. við 10. gr. Það er 6. töluliður á þskj. 189. 10. gr. fjallar um það, að ákvörðun verðlagsráðs skuli vera bindandi sem lágmarksverð, þegar afli er seldur, og að enginn megi selja sjávarafla undir því verði o. s. frv., sem ákveðið hefur verið. Hins vegar sýnist mér ekki vera í þessari grein ákvæði um það, hve lengi úrskurðurinn skuli vera bindandi. Ég hef lagt til, að hann gildi, hvort sem um er að ræða úrskurð verðlagsráðs eða yfirnefndar, ekki lengur en eina vertíð eða veiðitímabil. Um þetta sýnist mér að þurfi að vera ákvæði. Það geta kannske verið skiptar skoðanir um það, við hvaða tíma eigi að miða, hvað lengi úrskurðurinn eigi að vera bindandi, en ég hef nú leyft mér að leggja þetta til.

Síðasta brtt. mín er svo við 11. gr. frv. Sú gr. fjallar um það, að sjútvmrh. ákveði verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og að sú þóknun greiðist úr fiskimálasjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess. Á öðrum stað í frv. segir, að verðlagsráð geti ráðið sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, sem annist dagleg störf. Þarna er gert ráð fyrir sérstakri stofnun og starfsemi, enda þurfi til þess samþykki ráðh., sem virðist vera eðlilegt. Ég verð að segja, að mér finnst það ekki eðlileg tilhögun, að þessi kostnaður, hvort sem hann verður mikill eða lítill, — og hann gæti trúlega orðið þó nokkur, — að hann verði greiddur úr fiskimálasjóði. Mér finnst það eðlilegt, að sá kostnaður, hver sem hann verður, verði greiddur úr ríkissjóði, eins og oft er gert, þegar nefndir starfa að svona málum. Ég held, að fiskimálasjóður sé þess ekki umkominn að taka á sig þennan kostnað. Hann mun ekki vera aflögufær. Þessi stofnun hefur mikilsverðu hlutverki að gegna — a. m. k. tel ég það — í þágu uppbyggingar atvinnulífsins við sjávarsíðuna víðs vegar um landið, og hann hefur litlar tekjur. Og ég veit eiginlega ekki, hvernig á því stendur, að þeim, sem um þetta frv. fjölluðu, hefur dottið í hug að fara að leggja til, að þessi fjárvana stofnun færi að greiða slíkan kostnað. Ég held, að það sé eitthvert athugaleysi, sem því veldur, og legg til, að því verði breytt.

Ég hef þá gert grein fyrir áliti mínu á þessu máli, sem hér liggur fyrir, og einnig gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef leyft mér að flytja, og skal ég því láta máli mínu lokið.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Hv. forseti. 1. umr. um frv. það, sem hér liggur fyrir um verðlagsráð sjávarútvegsins, var hespuð af sama daginn og það var lagt fram á Alþ., hinn 8. þ. m., án þess að þm. gæfist nokkur kostur á að kynna sér efni þess áður. Fer þó ekki á milli mála, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem aðstaða þyrfti að gefast til að athuga vel og íhuga, áður en samþykkt yrði. Ætlunin mun hafa verið, að sjútvn. tæki frv. fyrir einnig sama daginn og það var lagt fram. Það tókst þó ekki, en fundur var haldinn daginn eftir, þ. e. a. s. s. l. laugardag. Á þeim fundi kom í ljós, að enginn frekari frestur fékkst til að athuga frv. og bera undir viðkomandi þingflokka þær brtt., sem fram kynnu að koma í nefndinni, eða reyna til þrautar, hver samstaða gæti orðið í henni, heldur var sýnt, að ekki var ætlunin, að nefndin héldi nema þennan eina stutta fund um frv. Og þegar var ákveðið, að það skyldi tekið fyrir á næsta þingfundi. Það er því skoðun mín, að sjútvn. hafi engan veginn athugað þetta frv. sameiginlega svo sem þurft hefði og viðhlítandi væri.

Á hinum stutta fundi n. kom í ljós, að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, meiri hluti nefndarinnar, vildu samþykkja frv. að mestu óbreytt, gera á einum stað orðalag ótvíræðara en það er í frv. og setja eitt skilyrði, sem fulltrúar í yfirnefnd þyrftu að uppfylla. Hins vegar var svo að sjá, að jafnvel sá nm., sem við 1. umr. vildi fjölga fulltrúum sjómanna í nefndinni og lýsti því yfir, að hann mundi flytja brtt. þess efnis, væri nú fallinn frá þeirri kröfu sinni og að ríkisstj. ætlaði sér ekki að heimila neinar breytingar, sem máli skiptu. Þá kom það enn fremur fram á fundinum, að minni hl. vill gera á frv. veigameiri breytingar. Ekki er þó hægt að segja, að þær brtt. hafi verið ræddar í nefndinni.

Þar sem hér er um mjög veigamikið og mikilsvert mál að ræða, hlýtur það að vekja furðu, hversu mjög afgreiðslu þess er hraðað í þinginu og hversu lítið tóm er gefið til þess að kanna til hlítar, hverjir möguleikar eru á samstöðu um óhjákvæmilegar breytingar á frv. Reyndar mætti e. t. v. segja fremur, að málsmeðferðin styðji þá skoðun, að sú regla sé að verða föst og óhagganleg hér á hv. Alþ., að sá tími, sem veittur er til afgreiðslu mála, sé í öfugu hlutfalli við mikilvægi þeirra. Sú nefnd, sem undirbjó frv., virðist hafa skilað af sér störfum fyrir s. l. mánaðamót, en málið er þó 8 daga að taka á sig það mót, sem það hefur í frv., en þeim, sem endanlega eiga að staðfesta

það og móta lagasetninguna, er ekkert tóm gefið til athugunar í málinu. Nú hefur það verið tekið til 2. umr., en nál. mitt og brtt. eru enn í prentun og verður naumast útbýtt fyrr en einhvern tíma seinna í dag eða jafnvel þegar lokið verður 2. umr.

Svo sem alþjóð er kunnugt, hefur það á ákveðnum tímabilum verið eitt einkenni á útgerðarmálum þjóðarinnar, að flotinn hefur í upphafi vertíðar legið óhreyfður í höfn, stundum tímum saman, vegna ágreinings um fiskverð milli fiskkaupenda og fiskseljenda. Aðilar að þeim deilum voru til skamms tíma annars vegar fiskkaupmenn eða fiskkaupendur og hins vegar útgerðarmenn sem fiskseljendur. Eftir að sú skipan komst á launamál sjómanna, að hlutur þeirra reiknast af sama verði og útgerðarmenn fá fyrir fiskinn, hafa eðlilega orðið háværari kröfur þeirra um, að þeir fengju beina aðild að samningum um fiskverð, þar sem hagsmunir þeirra í launamálum eru beint tengdir fiskverðinu, sem um semst milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Þetta frv. er m. a. flutt til þess að ákveða, hver skuli vera hlutdeild sjómanna í þessum samningum.

Þegar við 1. umr. kom í ljós, að ýmsum þykir hlutur sjómanna fyrir borð borinn í þessum efnum, þar sem þeim eru ætlaðir færri fulltrúar í samninganefndinni en útgerðarmönnum. Jafnvel einn fylgismaður ríkisstj. lýsti því yfir, að hann mundi ekki sætta sig við svo skarðan hlut sjómanna. Því miður virðist nú sem kippt hafi verið í taumana á æðri stöðum og fylgjendur ríkisstj. verði undantekningarlaust að sætta sig við, að hlutdeild sjómanna í samningum um fiskverðið verði ekki meiri en frv. gerir ráð fyrir.

Í aths. við frv. er tekið fram, að það sé flutt í þeim tilgangi að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafla í fastari skorður en verið hefur um mörg undanfarin ár, „svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar," eins og þar segir orðrétt. Um það verður ekki deilt, að ágreiningur um fiskverð milli útgerðarmanna og fiskkaupenda hefur margsinnis valdið stórfelldu tjóni. Um skeið mátti það heita föst regla, að róðrar hæfust ekki í stærstu verstöðvum landsins, fyrr en allmjög var tekið að líða á vertíð ár hvert. Þetta einkenni á útgerðarmálum hvarf með öllu á tíma vinstri stjórnarinnar, þó að ekkert verðlagsráð hafi verið stofnað. Þá leystust þessi mál án þess, að flotinn stöðvaðist, og öll stjórnarár vinstri stjórnarinnar var fiskiskipaflotinn gerður út án þess að stöðvast einn einasta dag vegna ágreinings um fiskverð eða kjaramál sjómanna eða útgerðarmanna. Eftir að núv. ríkisstj. tók við, sótti strax í sama horfið og fyrir tíma vinstri stjórnarinnar. Það er því svo að sjá, að helztu forsvarsmenn „frjálsra viðskipta" í efnahagslífinu eigi erfitt með að útfæra kenningar sínar án þess að lenda í strandi.

Eitt hið fyrsta, sem núv. ríkisstj. lýsti yfir við valdatöku sína, var það, að stefna hennar væri sú, að viðskiptaaðilar og aðilar að samningum um kjaramál skyldu leysa mál sín án afskipta opinberra aðila. Það hefur hins vegar komið í ljós, að framkvæmd þessarar kenningar leysir ekki þann ágreining, „sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar". Þeim, sem nú fara með stjórn sjávarútvegsmála, hefur reynzt algerlega um megn að haga svo málum sjávarútvegsins, að verðlags- og kjaramál þessarar atvinnugreinar leysist án sérstakra aðgerða opinberra aðila. Þess vegna er í frv. þessu gert ráð fyrir því, að opinber aðili höggvi á hnútinn með gerðardómi, ef á þarf að halda. Þannig á að ná þeim tilgangi frv. að leysa úr ágreiningnum.

Frv. þetta er undirbúið af nefnd fulltrúa fiskkaupenda og fiskseljenda, útgerðarmanna og sjómanna, og því hefur verið haldið fram, að það byggist á víðtæku samkomulagi þessara ólíku aðila. Svo er þó ekki, eins og kemur í ljós, þegar athuguð eru störf nefndarinnar. Í tilhögun veigamestu atriðanna byggist frv. á meirihlutaákvörðunum innan nefndarinnar, þar sem fjölmennustu stéttasamtök þjóðarinnar eru andvíg þeim einstöku tillögum, sem gerðar eru og teknar eru upp í frv. Annars vegar er um að ræða samkomulag þessara aðila, samkomulag um nauðsyn þess, að stofnun með hlutdeild fiskkaupenda og fiskseljenda, útgerðarmanna og sjómanna, hafi með höndum verðlagningu á sjávarafla. Hins vegar eru hin fjölmennustu stéttasamtök svo aftur á móti andvíg frv. í heild óbreyttu.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun, verðlagsráð sjávarútvegsins, ákvarði verð á sjávarafla. Eru sjómönnum ætlaðir 3 af fulltrúum fisksöluaðila í verðlagsráði, en útgerðarmönnum 4. Þessi mismunur er algerlega óeðlilegur og óviðunandi fyrir sjómenn, sem eiga sem næst helming þess afla, sem ráðið verðleggur. Á síldveiðum eiga sjómenn að fá í sinn hlut rúmlega helming aflans. Á smærri bátum, sem öfluðu nær 20% af heildarfiskaflanum, öðrum en síld, eiga sjómenn meiri hluta aflans. Og einn hv. þm. taldi hér á þingi fyrir skömmu, að eitt af því, sem gerði togaraútgerð ókleifa, væri sú staðreynd, að áhöfnin fengi 51% af aflanum í sinn hlut.

Það er því sýnilegt, að við ákvörðun á hlutdeild sjómanna að verðlagsráði, þar sem þeim eru ætlaðir 3 menn, en útgerðarmönnum 4, ræður eitthvað annað en sanngirni og vilji til að leysa ágreining. Það hlýtur á allan hátt að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að fulltrúar sjómanna í verðlagsráði séu ekki færri en útgerðarmanna. Viðbrögð aðila úr liði hæstv. ríkisstj. við 1. umr. um þetta mál sýna líka ljóslega, að menn finna strax, hversu hér er ósanngjarnlega að farið, þótt nú kunni að hafa tekizt að bæla niður alla viðleitni til sanngirni í þeim herbúðum.

Ég flyt hér á þskj., sem enn hefur ekki verið útbýtt, tillögu um, að fulltrúum fiskseljenda í verðlagsráði verði fjölgað úr 7 í 8, þannig að fulltrúar sjómanna verði 4 og fulltrúar Alþýðusambands Íslands 2 í stað eins. Að öðrum brtt., sem ég flyt við frv., mun ég koma síðar. Ég tel það algert skilyrði, til þess að lög um verðlagsráð sjávarútvegsins geti náð tilgangi sínum, að þau njóti trausts þeirra, sem eiga launakjör sín að miklu leyti undir ákvörðun-

um þess. Ef fulltrúatala sjómanna á að verða lægri í verðlagsráði en fulltrúatala útgerðarmanna, þótt sjómenn eigi aflann fyllilega að hálfu, hlýtur það að verða til þess að draga úr trausti þeirra á verðlagsráði og getur jafnvel orðið til þess, að þeir áliti, að þessari stofnun sé beinlínis komið á fót til þess að hlunnfara þá. Þess ber sérstaklega að gæta í þessu sambandi, að útgerðarmenn, sem samkv. frv. eiga meiri hluta fulltrúa fisksöluaðila í verðlagsráðinu, eru margir hverjir að meira eða minna leyti fiskkaupendur, jafnhliða því sem þeir gera út og selja fisk. Tel ég, að ekki verði hjá því komizt að setja undir þennan leka með einhverju móti, og flyt því brtt. þess efnis, að það skilyrði sé sett fyrir setu fulltrúa útgerðarmanna í verðlagsráði, að þeir séu ekki félagsbundnir í samtökum fiskkaupenda og hafi engra hagsmuna að gæta varðandi fiskkaup, sem andstæðir geti talizt hagsmunum fiskseljenda. Samkomulag mun að líkindum vera með sjávarútvegsnefndarmönnum um, að þetta skilyrði skuli gilda varðandi fulltrúa í yfirnefnd. Ég fyrir mitt leyti tel fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt, að það gildi gagnvart öllum fulltrúum útgerðarmanna í verðlagsráðinu sjálfu. Erfitt mun að vísu reynast að tryggja í framkvæmd, að þessu skilyrði sé fullnægt, þótt takast kunni að orða skilyrðið svo, að vel fari. Og einmitt það, hversu erfitt mun í framkvæmd að tryggja, að fulltrúar útgerðarmanna eigi ekki einhverra hagsmuna leynt eða ljóst að gæta í sambandi við fiskkaup, styður enn frekar og gerir eðlilegri kröfur sjómanna, að þeir fái jafnmarga fulltrúa í verðlagsráðið og útgerðarmenn.

Svo sem ég gat um áðan, tel ég, að því aðeins komi verðlagsráð að því gagni, sem því er ætlað, að það njóti trausts allra þeirra, sem eiga hagsmuni sína undir ákvörðunum þess. Gagnvart sjómönnum a. m. k., sem eiga erfitt um vik vegna starfa sinna að fylgjast nógu vel með kjaramálum sínum, tel ég, að nauðsyn beri til, að útreikningar verðlagsráðs séu birtir þegar að lokinni verðákvörðun, og flyt ég brtt. við 6. gr. þess efnis. Í 6. gr. eru ýmsir aðilar skyldaðir til þess að viðlögðum dagsektum að láta verðlagsráði í té allar upplýsingar varðandi sölu eða vinnslu sjávarafurða, sem að gagni mega koma við störf verðlagsráðs. Ég tel eðlilegt, að verðlagsráði sé skylt að birta opinberlega sundurliðaða útreikninga þá, sem liggja til grundvallar verðákvörðunum hverju sinni. Launþegar hafa haft ástæðu til þess að draga í efa gildi þeirra útreikninga, sem atvinnurekendur hafa birt um getu atvinnuveganna til greiðslu launa, og er þar skemmst að minnast, að atvinnurekendur lýstu því yfir alllöngu fyrir síðasta verkfall, að atvinnuvegirnir gætu engar kauphækkanir á sig tekið. En ríkisstj. lýsti því yfir, er verkfall var hafið, að 3% kauphækkun gætu atvinnuvegirnir borið, og síðar, er á leið verkfallið, að 6% kauphækkun gæti orðið raunhæf kjarabót. Í útreikningum verðlagsráðs þurfa að koma fram þeir kostnaðarliðir, sem mestu ráða um verðlagningu sjávarafurða: vinnulaun, vextir, veiðarfærakostnaður, viðhald, afskriftir, tryggingar, farmgjöld, svo og markaðsverð afurða.

Þá flyt ég brtt. þess efnis, að aflaverð breytist sjálfkrafa í réttu hlutfalli við breytingu á gengi íslenzkrar krónu. Í frv. virðist vera miðað við, að ákvarðanir verðlagsráðs gildi jafnan í eitt ár í senn og aldrei skemur en eitt veiðitímabil. Ég tel sjálfsagt, að ef til kemur röskun á gengi íslenzkrar krónu og þar með um leið breyting á útflutningsverði sjávarafurða og erlendum kostnaði, þá taki verð á ferskum sjávarafla hliðstæðum breytingum.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að náist ekki fullt samkomulag í verðlagsráði um verð á ferskum sjávarafla, sé ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar, sem skipuð sé tveimur fulltrúum fisksöluaðila, tveimur fulltrúum fiskkaupenda og einum aðila, sem viðsemjendur komi sér saman um, en verði tilnefndur af hæstarétti, ef yfirnefnd kemur sér ekki saman um skipun hans. Þannig skipuð felli yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin. Þetta ákvæði tel ég óviðunandi og flyt brtt. í þá átt, að lögin verði í samræmi við tillögur fulltrúa Alþýðusambands Íslands í þeirri viðræðunefnd fiskseljenda og fiskkaupenda, sem undirbjó frv. Í þeirri brtt. er gerðardómi hafnað, en þess í stað lagt til, að náist ekki samkomulag í verðlagsráði í tæka tíð fyrir vertíð, skuli ríkissáttasemjari taka upp störf með ráðinu og hafa heimild til að bera fram miðlunartill., sem félög fiskkaupenda og fiskseljenda greiði atkvæði um í félagssamtökum sínum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að gerðardómur eða yfirnefnd verði þannig skipuð, að það er undir hælinn lagt, hvort Alþýðusamband Íslands kemur til með að eiga þar fulltrúa. Getur því svo farið, að ákvörðun yfirnefndar fjalli um fiskverð á svæðum, þar sem sjómenn eiga enga aðild að fulltrúunum í yfirnefnd. M. a. með tilliti til þess, hvernig gert er ráð fyrir að yfirnefnd sé skipuð, má búast við því, að slík ákvæði um gerðardóm við ákvörðun aflaverðs leiði til þess, að sjómannafélög treystist ekki til þess að eiga neitt á hættu um, að ákvörðun gerðardómsins verði endanleg ákvörðun um launakjör þeirra, og þau muni því grípa til þess að hafa samninga lausa, þegar verðákvörðun fer fram, svo að þau eigi þess kost að jafna of lágt fiskverð með því að fá hækkaða hlutfallstölu af aflaverðmæti til sjómanna.

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands í samninganefndinni, sem vann að undirbúningi þessa frv., getur þess sérstaklega í séráliti sínu, að í þeim viðræðum, sem fram hafi farið milli fulltrúa sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sameiginlega nefnd þessara félagasamtaka til að semja við fiskkaupendur um fiskverð og skírskotað er til í grg. með frv., hafi aldrei verið minnzt á gerðardóm til ákvörðunar á fiskverði. Sú ákvörðun kemur því inn á síðara stigi málsins, þegar viðtækari nefnd fjallar um málið. Ákvörðunin um gerðardóm hlýtur að kalla á þau viðbrögð sjómannafélaganna, sem ég hef að framan lýst, og verður því engan veginn til þess að stuðla að því að leysa úr ágreiningi, heldur má við því búast, að hann komi fram, eftir að úrskurður

yfirnefndar hefur fallið, í mynd kjaradeilu sjómanna og útgerðarmannafélaga um aflaprósentuna. En e. t. v. er ætlun ríkisstj. að komast hjá þeim ágreiningi með sérstökum ráðstöfunum, sem bíða þá síns tíma. A. m. k. eru orðnar háværar raddir innan stjórnarliðsins um breytingar á vinnulöggjöfinni í þá átt, að sjómannafélögunum verði ekki heldur unnt að rétta hlut sinn með kjarabaráttu við atvinnurekendur.

Með brtt. minni við 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að úrslit um verðlagningu sjávarafurða verði ekki ráðin með gerðardómi, heldur verði miðlunartillaga, sem fram kæmi í yfirnefnd, lögð fyrir viðkomandi félög fiskkaupenda og fiskseljenda til ákvörðunar í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu. Ég lít svo á, að til þess að komið verði í veg fyrir ágreining eða úr honum dregið, þurfi þeir aðilar, sem hætta er á að deili, að búa við jafnrétti í samningum og yfir þeim eigi alls ekki að vofa hótun um bindandi valdboð. Til þess að tryggja betur jafnréttið hef ég því lagt til, að fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna verði jafnmargir í verðlagsráði, og til lausnar á ágreiningnum tel ég að fara eigi að till. fulltrúa Alþýðusambands Íslands um *starf sáttasemjara í deilum um fiskverð og lýðræðislegar kosningar í stéttarfélögum.*

Þar sem búast má við, að sú skipun fáist ekki samþ. af þeim aðilum, sem meirihlutavald hafa á Alþingi, legg ég til til vara, að ótvírætt skuli frá því gengið, að fulltrúi sjómanna í yfirnefnd skuli vera fulltrúi Alþýðusambands Íslands í verðlagsráði, annar þeirra, ef þeir verða tveir. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands getur komið fram fyrir hönd allra sjómanna, en *hins vegar tekur Farmannasambandið til mjög* takmarkaðs hóps og Sjómannasambandið aðeins til mjög takmarkaðs svæðis sunnan- og suðvestanlands, og við ákvarðanir á fiskverði varðandi önnur svæði ættu sjómenn þar enga aðild að ákvörðun yfirnefndar, ef Alþýðusamband Íslands á þar ekki fulltrúa.

Ef ekki fást fram þær breytingar, sem hér hafa verið tilgreindar, a. m. k. varðandi fulltrúatölu sjómanna í verðlagsráði og svo varðandi gerðardóminn í 9. gr., þá tel ég, að frv. verði svo gallað, að ekki sé unnt að samþ. það. Á því er hin brýnasta þörf að tryggja sjómönnum aðild að fiskverðssamningum, en sú ráðstöfun verður að byggjast á jafnrétti þeirra á við aðra fiskseljendur. Og á því er brýn nauðsyn, að aflaverð sé ákveðið, áður en vertíð hefst, róðrar þurfi hvorki að falla niður, vegna þess að ekki hafi náðst samkomulag um verð, né heldur róið án þess að samkomulag hafi náðst um fiskverð, því að erfitt mun sjómönnum reynast að fá sanngjarnt verð á þann afla, sem þegar hefur verið á land dreginn án þess að vera verðlagður fyrir fram.

Lög um verðlagsráð sjávarútvegsins gætu orðið til bóta, ef þau stuðluðu að skilningi milli þeirra aðila, sem verið er að fordast að deili, og til þess að þau lög, sem eiga að stuðla að því, að komizt verði hjá ágreiningi, nái þeim tilgangi sínum, má á engan aðilann halla. Eins og frv. er úr garði gert, tel ég, að það nái ekki yfirlýstum tilgangi. Misrétti um fulltrúatölu í verðlagsráði stuðlar ekki að því, að komizt verði hjá ágreiningi, og gerðardómur dregur ekki heldur úr ágreiningi og stuðlar ekki að því, að tilgangur laganna náist. Gerðardómur er valdboð, en ekki lausn á ágreiningi.

Ég legg því til, að samþ. verði brtt. þær, sem ég flyt á sérstöku þskj., og frv. síðan samþ. þannig breytt, en fellt, ef þær ná ekki fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta ummæli hv. síðasta ræðumanns, er hann sagði, að ég hefði sagt í ræðu við 1. umr., að ég vildi fjölga í verðlagsráði. Þetta er mesti misskilningur. Ég sagði, að ég hefði gjarnan viljað, að það yrði jafnað þarna á milli sjómanna og útgerðarmanna, ekki með fjölgun, heldur með því að fækka um einn útgerðarmann. Þessa skoðun hef ég haft, og ég hef hana enn. Ég tel, að þetta væri heppilegra en að hafa þarna 4 og 3, eins og ég er búinn að segja tvisvar hér í ræðu um þetta mál, til þess að fyrirbyggja óþarfa tortryggni. Hins vegar með þeim breyt., sem við leggjum til að gerðar verði á 9. gr., tel ég, að það sé þannig um hnútana búið og tryggt, að skoðanir sjómannanna geti alltaf komið þannig fram, að þeirra hagsmuna verði gætt í hvívetna.

Mér heyrðist á ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það væri ekki aðallega um að ræða hjá honum í hans brtt., hvort þarna ætti að tryggja hagsmuni sjómanna eða fiskimanna í kringum landið, heldur væri það, hvort Alþýðusambandið fengi þarna mann inn, einum fleiri en er. *Ég tók það fram við 1. umr. og vil undirstrika* það enn, að Sjómannasambandið er fullgildur aðili innan Alþýðusambandsins. Alþýðusambandið kemur til með að eiga þarna tvo menn af þremur, — þetta eru hvort tveggja landssambönd, — og Farmannasambandið, sem er landssamband allra yfirmanna á fiskiskipum, á þarna einn mann. Og þetta hlutfall á milli yfirmanna og undirmanna í þessari n. er sama hlutfallið og kemur fram í aflaskiptingunni á *skipunum. Að ég vilji ekki fjölga í ráðinu um* einn sjómannafulltrúa, — ég vil undirstrika það líka, að ég tel það óráðlegt. Ég þekki mörg dæmi þess, að eftir því sem fleiri eru í þessum nefndum, því stirðara gengur að ná samkomulagi, það verður erfiðara. Og enn ein ástæðan er sú, að kostnaður við þetta ráð á að greiðast úr fiskimálasjóði. Það hefur verið bent réttilega á það, að sá sjóður hafi ekki of mikið fé. Með því að fara að bæta við fleiri mönnum í þetta ráð, þá er verið að auka kostnaðinn við það, sem ég sé ekki nokkra ástæðu til, þegar hægt er að ná því fram, sem þarf að ná fram, með færri fulltrúum en eru jafnvel í frv. nú.

Ég tók það fram í framsöguræðu minni hér áðan, við þessa umr., að ég teldi, að það væri heppilegra, að þarna yrði fækkað um einn útgerðarmann, þannig að það yrðu jafnmargir aðilar frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Hins vegar tók ég það líka fram, að ég vildi ekki fara að setja málið í hættu með því að koma

með brtt. við það, sérstaklega þó ekki eftir að við værum búnir að ná þó fram þessari breytingu á 9. gr., sem meiri hl. var samþykkur, vegna þess að ég tel, að framgangur þessa máls sé svo mikið hagsmunamál fyrir íslenzka fiskimenn, að það þurfi að ná fram að ganga.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því, að mér sýnist, að meiri hl. hv. sjútvn., fulltrúar þeir í n., sem styðja ríkisstj., hafi sýnt lítinn vilja til þess að ganga til móts við þær skoðanir, sem hér höfðu komið fram í umr. um þetta mál frá minni hálfu og ýmissa annarra og miðuðu að því að reyna að styrkja grundvöllinn undir þessari lagasetningu, þannig að telja mætti einhverjar líkur til þess, að lög um þetta efni gætu komið að því gagni, sem tilætlunin er. Það er augljóst, að það hefur verið lítið gert að því að reyna að ná samkomulagi um ágreiningsefnið. Sjútvn. hefur aðeins haldið einn stuttan fund um málið, og þó að það liggi fyrir, að málið hefur legið svo skamman tíma fyrir þinginu, að þm. hafa haft sáralítinn tíma til þess að kynna sér málið og ég ætla þingflokkarnir varla nokkurn tíma til þess að ræða það, þá virðast ekki hafa verið tök á því að fá n. til þess að eyða nema hluta úr einum degi í það að athuga þessi ágreiningsefni, en það virðist vera aðalatriðið að strunsa hér áfram og reyna að berja eitthvað það í gegn í málinu, sem menn mega þó alveg reikna með, að ekki komi að haldi, því að það er alveg gefið mál, að þegar á að semja um jafnstórkostlegt hagsmunamál eins og það, sem hér er um að ræða, þá gengur það ekki, — það hefur reynslan kennt mönnum, — það gengur ekki með því að reyna að spyrna einhverju í gegn með ofbeldi. Hér er um sterka hagsmunaaðila að ræða, sem eiga hlut að máli. Hér er verið að fjalla um launakjör í stórum stíl, og það er ofur eðlilegt, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, vilji láta taka nokkurt tillit til sinna sjónarmiða, ef þeir eiga að una því skipulagi, sem á raunverulega að úrskurða um það, hver kjör þeirra eiga að verða.

Það þarf ekki að rekja það hér fyrir mönnum, hvernig aðdragandi málsins hefur verið hér í þinginu. 1. umr. fór fram á mjög óvenjulegan hátt. Mönnum hafði hreinlega ekki gefizt kostur á því að lesa frv. yfir, þegar það var tekið fyrir í skyndi og drifið í gegnum 1. umr. til nefndar. En við það var þó unað, þó að nokkrar aths. kæmu fram út af þessu. En þá var líka þeim mun meiri þörf á því, að reynt yrði í n. þeirri, sem fjallaði um málið, að komast að samkomulagi um ágreiningsefnin. En það hefur ekki orðið, þrátt fyrir það, hvernig málið kom inn í þingið og 1. umr. um málið var. Og 2. umr. er svo tekin hér fyrir með svo miklum hraða, að nál. eru ekki öll komin fram, og þær till., sem boðaðar eru, eru ekki komnar fram, þegar málið er rætt.

Ég hafði sagt það hér við 1. umr. málsins, að ég teldi afar eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. vildi leggja áherzlu á að fá þetta mál afgreitt, og ég vil fyrir mitt leyti ekki koma í veg fyrir það, að málið verði afgr. nú á þessum dögum fyrir jólin. En það er líka reynsla, sem menn hafa kynnzt hér á Alþingi, að það gengur ekkert fljótar að fá mál hér í gegn með því að brúka þjösnaskap heldur en að leita eftir eðlilegu samkomulagi. En mér sýnist, að vinnubrögðin öll í þessu máli séu með því marki, að á mjög tillitslausan hátt skal reyna að spyrna málinu í gegn án þess eiginlega að hlusta á aðra en þá, sem þykjast skipa hér öruggan meiri hluta á þinginu.

Það er alveg augljóst, að meiri hl. sjútvn. hefur ekki fengizt til þess að leggja til breyt. á frv. nema þær, sem eru í sjálfu sér mjög veigalitlar, breyta sáralitlu frá því, sem er í frv., eins og það liggur fyrir. Þar er að vísu ákvæði sem nokkurs virði er, en ekki er það þó nema mjög takmarkað, um það, að þess skuli þó reynt að gæta, að fulltrúar þeir, sem skipaðir eru í yfirnefndina innan verðlagsráðsins og eiga að vera fulltrúar frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna sem fiskseljenda, hafi ekki andstæðra hagsmuna að gæta og fái ekki að koma þarna fram sem fulltrúar fiskseljenda, þótt þeir séu í raun og veru kannske meira sem fiskkaupendur. Þetta atriði er tekið upp í till. meiri hl. sjútvn., og er það að vísu til bóta. En svo takmarkað er þetta ákvæði, að það er ekki einu sinni látið ná til þess, að sams konar regla skuli gilda um fulltrúana frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem koma fram sem fulltrúar seljenda einnig í sjálfu verðlagsráðinu. Virðist ekkert vera við það að athuga, þó að þeir fulltrúar, sem mæta í verðlagsráði sem fulltrúar fiskseljenda frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, hafi meiri hagsmuna að gæta sem fiskkaupendur. En í yfirnefndinni er þó ekki ætlazt til þess, að þessir fulltrúar geti verið.

Mér sýnist, að einmitt þetta atriði sýni það og sanni bezt, sem reyndar mátti lesa auðveldlega út úr þessu frv., að sjálft verðlagsráðið, eins og það er hugsað samkvæmt þessu frv., er raunverulega ekki hugsað sem samningsaðili um verðlagninguna á nýjum fiski. Það er varla gert ráð fyrir því, þegar svona er staðið að málinu, að það verði þetta 14 manna ráð, 7 fulltrúar frá hálfu fiskseljenda og 7 frá hálfu fiskkaupenda, — það er varla gert ráð fyrir því, að þeir eigi raunverulega að semja um fiskverðið, þegar menn vilja ekki einu sinni taka það fram, að þessir 7 fulltrúar fiskseljenda skuli örugglega hafa hagsmuni seljenda, en ekki kaupenda. Aðalatriðið er sýnilega það, að þetta verðlagsráð á að hafa valdið til þess að skipa aðra nefnd, svonefnda yfirnefnd 5 manna, þar sem 2 fulltrúar eru frá hvorum aðila, fiskseljendum og fiskkaupendum, og síðan oddamaður frá hæstarétti, — til þess er beinlínis ætlazt, að það sé þessi yfirnefnd, sem á að semja um eða ákveða fiskverðið. Verðlagsráðið virðist bara vera rammi utan um allt saman, án þess að ætlazt sé raunverulega til þess, að það vinni sjálft samkomulagsverkið. Og einmitt þegar svona er að málinu staðið, eins og var auðvitað veruleg hætta á að yrði samkvæmt því, sem frv. hljóðar sjálft, þá sjá menn, hversu áríð-

andi það er að búa þannig um hnútana, að þessi yfirnefnd sé raunverulega frambærilegur aðili fyrir þá, sem á að semja fyrir.

En hvernig er svo hugsað að skipa þessa yfirnefnd? Jú, það er hugsað að skipa hana þannig, að í henni eiga að vera 2 fulltrúar frá hálfu fiskseljenda. Annar þeirra á að vera fulltrúi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, en hinn á að vera úr hópi fulltrúa sjómanna. Hvaða aðilar geta þar komið til greina? Þar getur komið til greina fulltrúi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, eða yfirmönnunum á fiskibátunum og fiskiskipunum, þar getur einnig komið til greina fulltrúi frá Sjómannasambandi Íslands og svo í þriðja lagi fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands. En hvað er Sjómannasamband Íslands og hvað er Alþýðusamband Íslands í þessum tilfellum? Sjómannasamband Íslands, sem þarna er lagt að jöfnu við Alþýðusamband Íslands, er aðeins hluti stéttar innan Alþýðusambandsins og lítill hluti innan Alþýðusambandsins sem heildar. Í Sjómannasambandinu er að vísu Sjómannafélagið hér í Reykjavík og nokkur önnur félög hér á Suðvesturlandi, sjómannadeildirnar á Akranesi, í Keflavík og Grindavík. Þetta eru aðilarnir, sem standa að Sjómannasambandi Íslands. En hins vegar eru öll félögin á Austurlandi, á Norðurlandi og Vestfjörðum og þeir, sem fara með umboð meira en helmingsins af fulltrúunum hér á Suðvesturlandi. Þeir eru innan Alþýðusambands Íslands, og Alþýðusambandið verður að koma fram fyrir þeirra hönd. Það er því alveg eins líklegt, að svo geti farið, að í þessari yfirnefnd verði t. d. fulltrúi frá Sjómannasambandi Íslands eða frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, þessi fulltrúi af hálfu sjómanna, eða m. ö. o., að örfá félög hér á suðvesturhorninu eigi fulltrúann í þeirri endanlegu samninganefnd, sem fyrir hönd sjómanna víða um landið á að semja um fiskverðið. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að sjómannafélögin á Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum, svo að við tökum þessi dæmi, mundu hiklaust telja, að hér væri komin á laggirnar nefnd, sem ætti að semja um fiskverðið, stóran hluta af kjaramálum þeirra, án þess að þau eigi nokkra hlutdeild í þessum fulltrúum.

Svo virðist hæstv. sjútvmrh. halda, að það sé hægt að setja upp stofnun eins og þessa og tala um, að hér sé verið að koma á laggirnar stofnun, sem eigi að semja um fiskverð á milli aðila þeirra, sem hlut eiga að máli, sjómanna annars vegar og fiskkaupenda hins vegar. Sannleikurinn er sá, að annar aðilinn fær ekki að koma fram að samningaborðinu. Hann er útilokaður.

Það eru vitanlega með öllu haldlaus rök, sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. sjútvn., að telja, að ef í þessari yfirnefnd lenti fulltrúi Sjómannasambandsins, þá sé það um leið fulltrúi Alþýðusambands Íslands, vegna þess að Sjómannasambandið sé innan Alþýðusambandsins. Vitanlega mundu sjómannafélögin á Austurlandi aldrei geta snúið sér sérstaklega til þess fulltrúa, sem væri frá Sjómannasambandi Íslands, því að þau hafa ekkert með það samband að gera. Það samband getur vitanlega aldrei komið fram nema fyrir meðlimi sína. Það er ekki fullgildur aðili fyrir félögin innan Alþýðusambands Íslands.

Hefði meiri hl. sjútvn. gengið þó inn á það, þegar vald yfirnefndarinnar er hugsað svona mikið, að það er raunverulega yfirnefndin, sem á að ákveða um fiskverðið, en ekki verðlagsráðið sjálft, — hefði meiri hl. sjútvn. gengið inn á það, að fulltrúi sjómanna í yfirnefndinni hefði átt að vera fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, langsamlega stærsta aðilanum, sem hér á hlut að máli, sem er auðvitað einnig ábyrgur fyrir Sjómannasambandið, því að Sjómannasambandið getur leitað til fulltrúa Alþýðusambands Íslands, því að Sjómannasambandið er innan Alþýðusambandsins, þá hefði þó meiri hl. sjútvn. sýnt nokkurn lit á því að vilja gefa þeim aðilum kost á því að sitja við samningsborðið, sem hér á að semja fyrir. En meiri hl. sjútvn. virðist ekki hafa skilið, að þess sé þörf.

Á það hefur réttilega verið bent hér áður, að ákvörðun fiskverðs í þessum efnum er á margan hátt mjög flókið málefni, því að aðstæður eru mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum við landið. Það eru ekki sömu sjónarmið, sem koma fram í þessum efnum hjá sjómönnum og reyndar ekki heldur fiskkaupendum t. d. á Austurlandi og Vestfjörðum eins og koma fram hér við Suðurlandið eða Suðvesturlandið. Samsetningur aflans er með allt öðrum hætti, þess afla, sem dreginn er á land aðallega á sumrin, og hins, sem dreginn er á land á veturna. Og við höfum oft orðið varir við, að það er full nauðsyn á því að hlusta á sérstöðu þeirra víða úti á landi í þessum efnum, en fara ekki einvörðungu eftir því, sem forustumenn heildarsamtakanna hér syðra oft og tíðum segja um þessi mál. Ég álít af þessum ástæðum þeim mun meiri nauðsyn á því, að það sé alveg tryggt, að við hið eiginlega samningaborð í þessum efnum sé einmitt fulltrúi frá Alþýðusambandinu, sem getur komið þar fram sem fullgildur aðili fyrir félögin úti um allt land, en ekki þeir aðilar, sem koma hér fram miklu takmarkaðra, eins og Sjómannasambandið og reyndar einnig Farmanna- og fiskimannasambandið, því að þar er ekki heldur um að ræða, að þar séu félagsbundnir yfirleitt nema yfirmennirnir á stærri fiskiskipunum. Mikill hluti yfirmanna á hinum smærri fiskibátum, miðlungs og smærri, stendur fyrir utan þau samtök.

Mér finnst bæði þetta atriði og önnur í frv. bera þess mjög vott, að tilhneigingin til þess að halla raunverulega á hlut sjómannanna er mjög áberandi í uppbyggingu þessa verðlagsráðs. Og tilhneigingin til þess raunverulega að búa þannig um hnútana, að fiskkaupendur hafi hér miklu sterkari aðstöðu og betri aðstöðu, skín út úr allri uppbyggingunni. Nú er það einmitt vitað, að málið hefur verið þannig á undanförnum árum, að í félagssamtökum íslenzkra útgerðarmanna, Landssambandi ísl. útvegsmanna, hafa einmitt verið hörkudeilur um það, að fiskseljendurnir innan þeirra samtaka

hafa talið sinn hlut fyrir borð borinn þar af of miklum áhrifum fiskkaupenda. Því þurfti einmitt að búa vel um hnútana, að í öllu þessu væri þess vandlega gætt, að fulltrúar útgerðarmanna, sem eiga að teljast fulltrúar fiskseljenda, hefðu hér hreinna hagsmuna að gæta sem fulltrúar fiskseljenda, en þetta er vanrækt í öllum aðalatriðum í sambandi við uppbygginguna á þessu kerfi.

Nú er annað atriði varðandi skipun þessarar yfirnefndar, sem mér þykir vera mjög óákveðið, eins og tillögur koma hér fram um. Þar segir, að tveir fulltrúar fiskseljenda, sem eiga að vera í yfirnefndinni, skuli vera tilnefndir af fulltrúum fiskseljenda í verðlagsráðinu. Hvað þýðir það? Það þýðir, að fulltrúi sjómanna á að tilnefnast af þeim 7 mönnum í verðlagsráðinu, sem eru fulltrúar fiskseljendanna. M. ö. o.: útgerðarmennirnir fjórir í verðlagsráðinu eiga að geta haft atkvæði um það, hvaða fulltrúi sjómanna lendir í yfirnefndinni. Á sama hátt er það, að fulltrúar sjómanna í verðlagsráðinu eiga að geta haft áhrif á það, hvaða fulltrúar frá L. Í. Ú. eru í yfirnefndinni. Þetta tel ég mjög óheppilegt, því að það er ekkert um að villast, að það er ekki hér fullkomin samstaða að öllu leyti á milli fulltrúa sjómanna annars vegar og fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar, allra síst ef í þeim hópi mega líka vera menn, sem hafa hagsmuni fiskkaupenda. Ég tel, að þessu þyrfti að breyta.

Í brtt. þeim, sem 1. minni hl. sjútvn., hv. 3. þm. Norðurl. e., flytur, koma fram ýmsar breytingar, sem mundu vera mjög til bóta. Í tillögum beggja minni hlutanna, 1. minni hl. og 2. minni hl., er lagt til, að í sjálfu verðlagsráðinu verði fjölgað um tvo menn, einn af hálfu fiskseljenda og einn af hálfu fiskkaupenda, og þar er gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands fái að velja tvo menn í verðlagsráðið í staðinn fyrir einn áður. Þessa tillögu tel ég til bóta, því að ég tel, að það sé réttmætt, að hlutur sjómanna og útgerðarmanna sé jafn í þessari nefnd, en ekki misjafn, eins og hann var settur upp í frv. Þá gerir 1. minni hl. ráð fyrir því í sinni brtt., að reynt verði að koma í veg fyrir, að inn í verðlagsnefndina slæðist menn frá hálfu útgerðarmanna og reyndar af hálfu beggja aðila, sem hafi andstæða hagsmuni við þá, sem þeir eru fulltrúar fyrir í nefndinni, og ég tel, að það sé líka verulega til bóta. Þessar tillögur ná ekki aðeins til yfirnefndarinnar, heldur einnig til verðlagsráðsins sjálfs, sem er eðlilegt að verði hér hugsað sem raunverulegur samningsaðili, en ekki bara sem einhver undirnefnd, sem á að kjósa aðra raunverulega samninganefnd.

Þá gerir 1. minni hl. sjútvn. ráð fyrir því í sínum tillögum, að samtök fiskkaupenda á Austur- og Norðurlandi og fiskkaupenda á Vestfjörðum fái að eiga fulltrúa í verðlagsráðinu, þegar samið er um fiskverðið, og þá alveg sérstaklega fyrir þau veiðitímabil, sem við koma þessum svæðum. Ég tel, að þetta sé réttmætt og eðlilegt og beri að samþykkja þessa tillögu. Það er rétt að athuga það, að fiskkaupendur á Austurlandi og Norðurlandi hafa myndað með sér samtök, — frystihúsaeigendurnir í þessum landshlutum, á Austur- og Norðurlandi, og aðrir þeir, sem kaupa fisk, hafa myndað með sér samtök, sem hafa það yfirlýsta markmið að vera samningsaðilar við þá, sem selja fisk á þessu svæði. Ég álít, að það sé réttmætt að ganga ekki fram hjá þessum samtökum. Þó að hægt sé að segja, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða önnur landssamtök geti komið fram fyrir þeirra hönd, þá sé ég enga ástæðu til þess, að stjórn Sölumiðstöðvarinnar, sem situr í Reykjavík, sé að tilnefna þar 3 menn, en hún gæti vel sætt sig við að skipa þar nokkru færri, en taka aftur tillit til þessara samtaka, sem eru þegar stofnuð og mundu án efa geta látið koma fram í sambandi við þessa samninga ýmislegt varðandi sérstöðu fiskkaupenda á þessum svæðum.

Þá verð ég einnig að segja það um till. 1. minni hl., hv. 3. þm. Norðurl. e., um skipun yfirnefndar og um þau tilfelli, þegar grípa þyrfti til oddamanns í yfirnefndinni, að ég álít, að þar sé þó reynt að finna samningaleið, sem vel ætti að vera hægt að sameinast um, þó að ég fyrir mitt leyti kysi miklu fremur þá tillögu, sem 2. minni hl. leggur fram og fram hafði komið í áliti Tryggva Helgasonar í undirbúningsnefndinni, þar sem gert er ráð fyrir því, að það verði raunverulega verðlagsráðið sjálft, sem eigi að ganga til samninga og eigi að hafa samningaskylduna í þessum efnum og samningaábyrgðina og aðeins þegar verðlagsráðið er komið í þröng, þá geti það leitað til sáttasemjara, sem verði milligönguaðili í verðlagsráðinu, og að sáttasemjari, ef allt um þrýtur, hafi sama vald og hann hefur nú í almennum vinnudeilum til þess að leggja fram sáttatillögu. Ég fyrir mitt leyti hefði kunnað bezt við þetta og tel, að þessi skipan hefði tryggt það bezt, að aðilarnir hefðu skilið það, að á þeim hvíldi sú skylda að reyna að semja um málið, því að það er einmitt aðalatriðið að reyna að knýja fram samninga, sem síðan geta staðið, á milli aðila. En fáist menn ekki til þess að fallast á þá leið, þá álít ég, að sú skipan, sem kemur fram í till. 1. minni hl. sjútvn., komi vel til greina sem samningsgrundvöllur, því að þar er þó ekki gert ráð fyrir því, að gripið verði til oddamanns í yfirnefndinni, nema meiri hluti beggja aðila, sem ganga til samninga, hafi fallizt á það að kalla til oddamann. Hafi meiri hluti fiskseljenda og meiri hluti fiskkaupenda fallizt á að kalla til oddamann, þá er þó óneitanlega orðinn verulega mikill grundvölllur fyrir því að hlíta úrskurði oddamanns. Ég álít, að meiri hl. sjútvn. hefði vissulega átt að reyna að taka þessa tillögu og íhuga hana, og ég vil alveg sérstaklega beina því til hæstv. sjútvmrh., hvort hann treystir sér ekki til þess að athuga einmitt um samkomulagsmöguleika í sambandi við afgreiðslu þessa máls á grundvelli þessarar tillögu.

Þá koma fram brtt. til viðbótar við það, sem hér hefur verið greint frá, frá 2. minni hl., þar sem er lagt til, að birta skuli alla útreikninga, sem úrskurður um verðlagningu er byggður á. Ég tel þetta mjög eðlilegt og sanngjarnt. Ef kallaður hefur verið til oddamaður í yfirnefnd

og upp hefur verið kveðinn úrskurður um verðlagninguna, þá er eðlilegt, að rökstuðningur sé birtur fyrir úrskurðinum, og sanngjarnt að sýna aðilum, á hverju hin endanlega ákvörðun hefur verið byggð, alveg talnalega séð. Ég tel þessa tillögu mjög til bóta.

Þá er einnig þar um að ræða tillögu, sem gerir ráð fyrir því, að verði um gengisbreytingu að ræða á verðlagstímabili, þá breytist fiskverðið á verðlagstímabilinu í samræmi við gengisbreytingu, sem kann að verða. Þetta er líka mjög eðlilegt og alveg hliðstætt því í raun og veru, sem ýmsir aðrir aðilar búa við. Því er haldið fram, að grundvöllur þess, hvert fiskverðið skuli vera á hverjum tíma, eigi að vera markaðsverðið erlendis, það er beinlínis tekið fram, og ef markaðsverðið erlendis breytist skyndilega, vegna þess að verðgildi krónunnar breytist, þá er sanngjarnt að breyta líka fiskverðinu á viðkomandi tímabili. Ég held, að slíka tillögu eigi að samþykkja, hún sé aðeins í fullu samræmi við yfirlýstan vilja í þessum efnum.

Eins og hefur komið fram í þessum umræðum, er nú alveg augljóst, að frjálsa leiðin, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að byggja stefnu sína á í þessum efnum, hefur farið út um þúfur. Það er alveg greinilegt, að sú yfirlýsing ríkisstj., sem hún gaf, þegar hún tók fyrst við völdum, að hún ætlaði ekki að skipta sér af samningum á milli útgerðarmanna og sjómanna varðandi kjör þeirra almennt séð, — það er greinilegt, að ríkisstj. hefur sannfærzt um það, að þetta hefur ekki getað gengið, enda er auðvitað reynslan ólygnust í þessum efnum. Hún hefur sýnt, að það hefur ríkt, síðan þessi stefna ríkisstj. var tekin upp, hreint öngþveitisástand varðandi þessi mál. En það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að á tímum vinstri stjórnarinnar urðu aldrei stöðvanir í sjávarútvegi okkar vegna þess, að ekki hefðu verið gerðir samningar á milli þessara aðila í tæka tíð. En þá var þetta einmitt leyst á þann hátt, að ríkisstj. tók að vísu upp milligöngu, en hún leitaðist við að fá rétta aðila að málinu til þess að semja. Þá var samið um fiskverð, sem gilda skyldi á milli sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar og á milli útgerðarmanna og fiskkaupenda að öðru leyti. Það var reynt að semja við rétta aðila í þessum efnum og ekkert skorazt undan því að semja jöfnum höndum við fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambandsins, við fulltrúa frá Sjómannasambandinu, við fulltrúa frá Alþýðusambandinu og fulltrúa frá hinum ýmsu aðilum, sem komu fram fyrir hönd útgerðarmanna og fiskkaupenda. Þá leystist málið með því, að menn horfðust í augu við staðreyndir í þessum efnum, og það var reynt að leita samninga á milli þeirra, sem semja þurftu. En það var ekki gengið að málinu eins og nú er hugsað samkvæmt þessu frv., því að það er ætlazt til að setja upp nefnd manna, sem á að ákveða verð, án þess að þeir aðilar, sem eiga beinan hlut að máli, komi fram í þeirri nefnd sem samningsaðilar.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að það væri hætta á því, ef sjómenn teldu rétt sinn fyrir borð borinn í sambandi við þessa samningagerð, að þá gripu þeir til þess að segja upp sínum almennu kjarasamningum og knýja þá fram breytingar, jafnvel með vinnustöðvun, ef til hennar þyrfti að grípa, — knýja þá fram breytingar á hlutaskiptakjörunum. Ég veit, að ein ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. er nú að reka á eftir því, að þetta mál verði afgreitt fyrir jól, er sú, að hún vill reyna að draga úr hættunni á því, að það komi til rekstrarstöðvunar í upphafi næstu vertíðar. En hefur þá hæstv. ríkisstj. athugað það, að sjómannafélögin í landinu eru öll búin að segja upp kjarasamningum sínum nú? Hlutaskiptakjarasamningarnir eru lausir í dag, um það á eftir að semja, m. a. vegna þess, að sjómenn töldu, að þeir fengju ekki það verð fyrir fiskinn, sem þeir hefðu átt að fá. Það er því alveg gefið mál, að ríkisstj. losnar ekki undan hættunni af rekstrarstöðvun á komandi vertíð með því að ætla að þjösna þessu máli í gegnum þingið. Ef það verður afgreitt í því formi, að sjómannafélögin í landinu geti yfirleitt ekki sætt sig við það, þá liggur það opið fyrir á borðinu hjá þeim, að þau geta gripið til stöðvunar, þar sem þau eru búin að segja upp sínum almennu kjarasamningum, og reyna þá að knýja fram breytingar á hlutaskiptakjörunum. En mér sýnist, að vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í þessum efnum hafi einmitt borið þess vitni, að hún hafi ekki áttað sig á, hvernig þessi mál liggja fyrir í raun og veru.

Með brbl. þeim, sem ríkisstj. setti nú í sumar varðandi ýmsar fylgiráðstafanir með gengislækkuninni, var ákveðið, að þá skyldi stórhækka útflutningsgjöld á sjávarafurðum. Þau voru hækkuð með brbl. úr 2.9% upp í 7.4%. Þar var ákveðið, að þessari hækkun útflutningsgjaldanna skyldi m. a. varið til þess að borga vátryggingar fiskiskipanna í landinu, og að öðru leyti átti hækkunin að renna í sérstaka stofnsjóði vegna sjávarútvegsins. Það er enginn vafi á því, að ein meginástæðan til þess, að sjómannafélögin í landinu sögðu upp kjarasamningunum í haust, var einmitt sú, að þessi brbl. *ásamt með gengislækkuninni* röskuðu þeim samningsgrundvelli, sem byggt var á í seinustu samningum á milli útgerðarmanna og sjómanna. Þar var ákveðið, að sjómenn skyldu fá rétt fiskverð, eins og það var orðað, eða sama fiskverð í sinn hlut og eigendur bátanna fengju, og þá var mjög fagurlega um það talað, að á þann hátt fengju eigendur bátanna, eigendur fiskiskipanna og sjómenn sameiginlega hagsmuni varðandi fiskverðið, báðir vildu vinna að því að fá sem hæst fiskverð. En svo grípur hæstv. ríkisstj. þannig inn í málið, að hún byrjar á því með brbl. að taka nokkra útgjaldaliði hjá útgerðinni sjálfri og taka þá fyrst af óskiptu, leggja á sérstök útflutningsgjöld, sem vitanlega verða til þess, að fiskverð í landinu hlýtur að lækka. Sjómenn fá ekki það fiskverð, sem þeir eiga að fá og áttu að fá samkv. samkomulagi við útgerðarmenn, og það er það, sem rekur þá til þess að fara að segja upp sínum kjarasamningum, hafa allt laust, því að þeir vitanlega vilja ekki una við það að búa við ranglátt fiskverð miðað við

þann samningsgrundvöll, sem þeir hafa lagt.

Þetta sýnir, að það þarf að fara að með allri varúð í þessum efnum, það þarf að reyna að búa þannig um hnútana, að fiskverðið sé ákveðið sem réttlátast, án þess að áður sé búið að skekkja það með því að taka fyrst tiltekna kostnaðarliði t. d. hjá öðrum aðilanum og leggja á óskiptan hlut. Og það þarf að búa þannig um hnútana, að þeir aðilar, sem hér eiga raunverulega hlut að máli, séu beinir samningsaðilar að því að ákveða fiskverðið, þeir séu ásáttir um það, hvernig það hefur verið ákveðið.

Frv., eins og það liggur hér fyrir, þar sem til viðbótar við brbl. frá því í sumar, sem raunverulega röskuðu grundvellinum, er á ný ákveðið, að bera skuli fyrir borð hagsmunaaðstöðu sjómanna, það vitanlega framkallar beinar vinnustöðvanir í þessum efnum. Það leysir engan vanda, en framkallar stöðvanir. Ég held því, að það gæti vel farið svo, eins og á málinu hefur verið haldið, bæði varðandi setningu brbl. frá því í sumar og eins í sambandi við uppbyggingu verðlagsráðsins, að þá sé veruleg hætta á því, að þó að verðlagsráðið að vísu geti ákveðið eitthvert fiskverð, þá komi almennar vinnustöðvanir eftir sem áður. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. ætti að athuga það vandlega, áður en hún afgreiðir þetta mál endanlega, að það muni vera heillavænlegast fyrir hana að reyna að vinna að því að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna sjómanna varðandi uppbyggingu verðlagsráðsins og einmitt reyna að standa þannig að málunum, að sem mestur friður geti verið um sjálfa kjarasamningana á milli sjómanna og útgerðarmanna og síðan sé hægt að leysa viðbótarvandann við samningaborðið varðandi sjálft fiskverðið.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, en vildi enn beina því að lokum til sjútvn., að hún taki þær tillögur, sem hér eru fram komnar, til nýrrar athugunar og þær ábendingar, sem hér hafa komið fram, til þess að athuga um það, hvort ekki eru einhverjar líkur til þess, að skapa megi a. m. k. meiri samstöðu um afgreiðslu málsins en virðist vera eins og málið liggur fyrir nú.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að vera langorður að þessu sinni, enda hef ég hér ekki tilefni til andsvara, því að það hefur ekki verið deilt á þær brtt., sem ég hef flutt við þetta frv. En ég vildi vekja athygli á því, athygli hæstv. ríkisstj. og hv. formanns sjútvn., ef hann væri hér, að mér sýnist allt útlit fyrir eftir að hafa hlýtt á þær umr., sem farið hafa fram í dag í hv. deild, að unnt ætti að vera að ná samkomulagi í d. um afgreiðslu þessa máls. Ég veitti því athygli, þegar hv. frsm. meiri hl. var að tala í dag, að hann gerði í rauninni engar athugasemdir við brtt. minar aðrar en þær, að það muni tefja málið, ef farið yrði að samþykkja nokkrar verulegar breyt. á frv., og sagðist þess vegna vera mótfallinn þessum tillögum. Það var líka svo, að í sjútvn. voru þessar tillögur í raun og veru ekki ræddar að neinu ráði, ekki tekin afstaða gegn þeim þar af meiri hl., heldur tók meiri hl. þegar á fyrsta fundi þá almennu afstöðu, að hann teldi ekki rétt að gera neinar verulegar breytingar á frv., og með svipuðum rökstuðningi og hv. frsm. hafði hér uppi í dag.

Nú vil ég aðeins benda þeim, sem að þessu frv. standa, á, að það er ekki víst, að það þurfi að taka lengri tíma að afgreiða mál með nokkrum breytingum, ef samkomulag er um þær og málið í heild, heldur en að afgreiða mál án breytinga, ef þar er ekki samkomulag fyrir hendi. En ég vil þá koma að því, að mér virtist einnig á ræðu hv. 4. þm. Austf., sem er formaður þingflokks Alþb. og talaði hér í dag, að hann ræddi þannig um málið, að frá hans hálfu væri samkomulagsvilji. Mér sýndist eftir þessar umr., að þá væri það mjög líklegt, að ná mætti samkomulagi um afgreiðslu málsins á grundvelli þeirra brtt., sem ég hef flutt á þskj. 189.

Erindi mitt hér upp í ræðustólinn var aðallega að vekja athygli á þessu og beina því sérstaklega til hæstv. ríkisstj. og hv. formanns sjútvn., hvort þessir aðilar sæju ekki ástæðu til þess, áður en lengra er farið, að athuga það, hvort ekki er hægt að ná allsherjar samkomulagi um málið hér á þingi á grundvelli þessara tillagna. Ef það mætti svo fara, að málið yrði afgreitt með samkomulagi, þá tel ég, að það væri vænlegra til árangurs, og ég hygg, að það mundi gleðja þjóðina, ef hún fengi þær fréttir héðan af Alþingi, að samkomulag hefði orðið, þó að ekki væri nema um eitt deilumál.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það mál, sem hér er til umr., er vafalaust mjög mikilvægt, og ef dæma á af reynslu undanfarinna ára, þá er það með stærri málum, sem hér hafa nú verið rædd. Hins vegar líst mér, að þetta mál, eins og það nú kemur fyrir Alþingi, muni ekki leysa þann vanda, sem því er ætlað að gera.

Eins og hér hefur verið drepið á áður í ræðum, er þetta mál, sem rætt hefur verið mjög í samtökum sjómanna á undanförnum árum, og í sambandi við samninga, sem gerðir voru í vertíðarbyrjun í fyrra, þegar öllum grundvelli samninga var mjög breytt, þá voru einmitt þessi mál mjög á dagskrá. Í samræmi við það hefur svo nefnd, skipuð af ýmsum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, unnið að þessu máli nú undanfarið, og árangur þess er það frv., sem hér liggur fyrir. Sú gagnrýni, sem fram hefur komið á frv., er aðallega við tvær greinar þess, þá greinina, sem kveður á um skipan verðlagsráðsins, og síðan um 9. gr., sem felur í sér ákvæði um gerðardóm eða yfirnefnd, ef ekki næst samkomulag í sjálfu verðlagsráðinu.

Það er alveg augljóst, eins og hér hefur verið fram tekið áður og ég þarf ekki að hafa mörg orð um, að hlutur stærsta aðilans, sem hér á hlut að máli, þ. e. Alþýðusambandsins, — hlutur þess í skipan verðlagsráðsins er tvímælalaust fyrir borð borinn. Hér er gert ráð fyrir því, að útgerðarmennirnir hafi fjóra menn, en fulltrúar sjómannanna samanlagt þrjá. Sjálf þessi skipan, að hafa ekki jafna tölu, felur strax í sér ábendingu um, að hér sé ekki ætlunin að láta alla njóta jafnréttis, og eins og kemur fram í áliti Tryggva Helgasonar, þá

held ég, að segja megi, að hlutur allra, sem hér eiga hlut að máli, sé sæmilega tryggður, nema hlutur Alþýðusambandsins. Það fer ekki á milli mála, að Alþýðusambandið eða þau sjómannafélög innan Alþýðusambandsins, sem hafa ekki viljað ganga undir merki Sjómannasambands Íslands, sem eru samtök nokkurra félaga hér við Faxaflóa og í Grindavík, þau félög hafa innan sinna vébanda svo mikinn meiri hluta allra sjómanna, sem hér eiga hlut að máli, að um það þarf ekki að deila. Þessum hópi er ætlað að hafa þarna einn fulltrúa eða jafnt og hinum samtökunum, sem eru tvímælalaust miklu fámennari og ráða yfir miklu minni hluta af þeim afla, sem að landi er dreginn. Og samanlagt eiga svo sjómannasamtökin að hafa einum fulltrúa færra en samtök útgerðarmannanna. Síðan eru engar skorður við því, að í hópi útgerðarmannanna, þeirra fulltrúa, sem L. Í. Ú. á að tilnefna í ráðið, séu menn með beina hagsmuni fiskkaupenda. Hins vegar hefur nú komið fram í brtt. frá hv. nefnd, að í yfirnefndina verði ekki skipaður maður með slíka hagsmuni. En í verðlagsráðinu eiga þessir menn að geta verið sem fulltrúar þeirra, sem selja aflann. Það er, held ég, alveg augljóst, að þegar þannig er í pottinn búið, þá er ekki eðlilegt, að samkomulag geti orðið.

Ég vil fullyrða það, að af hálfu þess fulltrúa, sem var í undirbúningsnefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, var fullkominn vilji til þess að ná samkomulagi um skipan þessara mála og einnig í miðstjórn Alþýðusambandsins, sem örlítið gat kynnt sér þessi mál á undirbúningsstigi þess og samþykkti að öllu afstöðu fulltrúa síns í undirbúningsnefndinni. En það virtist eins í þeirri nefnd og nú hér á Alþ., að þessum málum þyrfti að flýta svo mikið, að ekki væri gefið tóm til að reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi. Meðan málið var á viðræðu- og undirbúningsstigi í n., var svo þessu frv. varpað þar inn í raun og veru nokkurn veginn fullbúnu og tók, held ég, mjög litlum breytingum í nefndinni eftir það.

Um skipan yfirnefndarinnar vildi ég aðeins segja það, að ég held, að það sé fráleitt að útkljá þessi mál með gerðardómsákvæðum, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held, að það komi ekki til, að með því skapist um þessi mál sá friður, sem áreiðanlega er ósk allra, sem hér eiga hlut að máli. Það er eitt út af fyrir sig, og ég óska gjarnan eftir að fá það upplýst, hvort það er raunverulega ætlun ríkisstj. eða þeirra, sem standa að þessu máli, að halda fast við skipanina í yfirnefndina. Það er ætlazt til þess, að fiskseljendur sameiginlega skipi tvo menn, annan úr hópi sjómannanna og hinn úr hópi útgerðarmannanna, og á sama hátt hinn aðilinn tvo menn einnig. Er það ætlunin, er raunverulega ætlazt til þess, að útvegsmennirnir kjósi sjómanninn, sem í yfirnefndina á að fara, og svo kjósi sjómennirnir útvegsmanninn, sem í yfirnefndina á að fara? Þetta atriði vildi ég gjarnan fá upplýst. Ég trúi því satt að segja ekki, að það sé ætlunin að hafa þennan hátt á skipan málanna, en samkvæmt orðanna hljóðan í því frv., sem fyrir liggur, skyldi maður halda, að þetta væri ætlunin.

Ég ætla ekki að orðlengja um þá skipan, sem fulltrúi Alþýðusambandsins gerir ráð fyrir í sínum tillögum að höfð yrði á gangi málanna í staðinn fyrir yfirnefndina. Það hefur verið gert áður, og ég er alveg sannfærður um, að sú leið er miklu vænlegri til þess, að það náist raunveruleg niðurstaða, sem sjómennirnir geti sætt sig við, og komi þá í veg fyrir þær styrjaldir, sem verið hafa um þessi mál oft í vertíðarbyrjun og margar vertíðir hafa tafizt æði mikið vegna.

Hitt er svo annað mál, hvort í raun og veru hefði ekki átt að fara hér allt aðra leið. Hins vegar hefur gefizt ákaflega lítið tóm til þess að íhuga þessi mál og sannprófa, hvaða leiðir væru færar. Ég hef starfað nú að undanförnu nokkuð í nefnd, sem er ekki óskyld þessari, þ. e. a. s. í verðlagsnefnd landbúnaðarvara. Ég er alveg sannfærður um það af því starfi, sem ég hef þar verið í, að það er röng skipan að hafa yfirnefnd eins og þar er og eins og hér er gert ráð fyrir. Ákvæði um slíkar yfirnefndir eða gerðardóm, einhvern þriðja aðila, sem sjálfir samningsaðilarnir geta áfrýjað til, hljóta að verða til þess, að þeir, sem raunverulega eiga að semja, leggi ekki að sér sem skyldi. Og útkoman getur orðið líkt og nú varð um verðlagningu landbúnaðarvara. Ég held, að það sé ekki æskilegt, að slíkt komi upp. Ég hef sagt við þá menn, sem ég hef þar starfað með frá bændasamtökunum, að athuga bæri, hvort ætti ekki að leggja yfirnefndina niður hreinlega og ef ekki næst samkomulag í sex manna nefndinni að fara þá leið, að sjálfu framleiðsluráðinu væri heimilað að skrá verð á landbúnaðarvörunum. Á sama hátt held ég, að nú hefði átt að fara í raun og veru aðrar leiðir en gert er og kemur fram í þeim tillögum, sem fyrir liggja. Spurningin er sú, hvort ekki hefði verið rétt, að verðlagsráðið skyldi reyna til hins ýtrasta og sennilega með milligöngu sáttasemjara á einhverju stigi málanna, en ef ekki næðist samkomulag á þann hátt, þá yrði bókstaflega samtökum sjómanna og útgerðarmannanna, fiskseljendanna, heimilað að verðskrá fiskinn og ráðherra hefði því aðeins heimild til þess að breyta þeirri verðskráningu, að það væri sannað mál, að þessi samtök hefðu farið út fyrir allt hið mögulega, ef svo mætti segja, og það þætti sannað, að verðskráningin væri ekki í neinu samræmi við það, sem markaðsverðið t. d. væri og alveg nauðsynlegur tilkostnaður. Þetta er háttur, sem Norðmenn hafa á þessum málum. Þar er sjómönnunum eða samtökum fiskimannanna, Norges fiskelag, sem eru samtök bæði sjómannanna og einnig útgerðarmannanna, fengið þetta vald í hendur. Það hefur aldrei komið fyrir, að norskur ráðherra, sem hefur vald til þess að breyta slíkri verðlagsákvörðun, hafi notað vald sitt, vegna þess að þessi samtök, þegar þeim er veitt slík heimild og annað eins vald fengið í hendur þeirra, þá held ég, að það séu miklu minni líkur til þess, að þau misnoti það vald, heldur en annars væri.

Hér hafa komið fram tillögur frá 1. minni hl. n., sem hafa verið ræddar. Ég verð að segja, að ég er ekki ánægður með allt, sem þar er, en

tel það þó vera til mikilla bóta frá því, sem er í frv. og tillögum hv. meiri hl. nefndarinnar. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það, að ef vilji væri til þess að reyna að afgreiða þetta mál með samkomulagi milli aðilanna, þá eru þær tillögur, sem þar eru lagðar fram, áreiðanlega góður umræðugrundvöllur. Það finnst mér þó vanta í þær tillögur, sem ég álít að þurfi að tryggja, svo framarlega sem yfirnefnd á ekki að verða, — ja, ég vildi næstum því segja markleysa ein, að fulltrúa svo langsamlega meiri hluta þeirra sjómanna, sem hér eiga hlut að máli, sé tryggt sæti í yfirnefndinni einnig. Ef það verður ekki, tel ég, að það séu ekki mikil líkindi til þess, að þessi mál verði til þess, að verulegur friður fáist. Hefur verið bent á það hér, að ef þvinga á fram fiskverð á þennan hátt og ofan í vilja samtakanna og sterk rök þeirra, þá er auðvitað sú leið opin og blasir auðvitað við hverjum manni, að kjarasamningarnir verða hreyfðir því meir. Það verður reynt að jafna metin með sjálfum kjarasamningunum, þ. e. a. s. hlutaskiptasamningunum. Það er alveg augljóst mál, að verðlagning, sem sjómenn væru sannfærðir um að væri ranglát, hlýtur að leiða til þess, að kjarasamningarnir verða því meir á hreyfingu og deilan snýst þá um sjálf hlutaskiptin, sjálf kjörin, frá því að vera barátta um fiskverð.

Ég vil taka mjög eindregið undir með hv. síðasta ræðumanni um það, að þetta mál verði ekki hespað hér í gegn á þennan hátt, heldur raunverulega reynt að ná samkomulagi um afgreiðslu þess og um þá skipan, sem allir, sem hér eiga hagsmuna að gæta, vilja koma á þessi mál, þannig að það verði tryggt, að sjómenn hafi réttláta hlutdeild í ákvörðun um fiskverð og tryggður verði sá friður, sem menn mjög gjarnan æskja eftir að verði um málin í vertíðarbyrjun.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi fyrst segja nokkur orð um vinnubrögðin og þau atriði, sem kvartað hefur verið um af þeim, sem talað hafa í þá átt, að málið væri afgreitt með of miklum hraða eða óeðlilegum hraða. Það er rétt, að það hefur verið flýtt afgreiðslu málsins eins og frekast hefur verið talið fært, en það er af ástæðum, sem greint hefur verið frá og ég tel alveg fullkomlega eðlilegar. Það var skipuð nefnd allra aðila, sem hér eiga hlut að máli, til þess að finna lausn og semja frv., og það gerði nefndin á tiltölulega mjög stuttum tíma og skilaði áliti um mánaðamótin síðustu eða upp úr þeim. Síðan var málið rætt í ríkisstj. og loks borið hér fram í frumvarpsformi mikið til alveg eins og meiri hl. þessarar undirbúningsnefndar gekk frá því. Það er að vísu rétt, að málið var tekið til 1. umr. sama daginn og því var útbýtt hér á þinginu, en síðan eru nú liðnir þrír dagar. Má því segja, að menn hafi fengið fullkomið tækifæri til þess að kynna sér málið, og verður þess vegna ekki sagt, að svo óeðlilegur hraði hafi verið hafður á afgreiðslunni, að öllum ætti ekki að hafa gefizt tóm til þess að kynna sér það í einstökum atriðum. En hitt vænti ég líka, að hv. þdm. skilji, að ef þetta frv. og þessi ráðstöfun á að koma að gagni við fiskverðsákvörðunina nú í vertíðarbyrjun, þá verður afgreiðsla málsins að fást fyrir þinghlé, og þar sem gera má ráð fyrir því, að nú verði annadagar á næstunni allar götur fram til þess dags, sem þinginu verður frestað, þá tel ég ekki óeðlilegt, að því sé nú fylgt eftir hér á kvöldfundi og reynt það, sem hægt er, til þess að afgreiða það héðan úr þessari hv. deild eins fljótt og nokkur möguleiki er á, því að eins og ég segi, ef frv. eða ákvæðin í því eiga að koma til framkvæmda um áramótin, þá verður málið að afgreiðast fyrir þinghlé.

Ýmsar aðfinnslur hafa hér komið fram, en þó kannske ekki meiri en vænta mátti. Það var líka svo, að langsamlega meiri hluti þeirra 8 manna, sem undirbjuggu frv. og voru frá flestum þeim aðilum, sem eiga hlut að máli, voru sammála um þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Aðeins einn hv. nm. skilaði ágreiningi um tvö atriði, enda hafa þessi tvö atriði orðið meginuppistaðan í þeim aðfinnslum, sem hafa komið fram um frv.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) vildi gera nokkuð úr því, að ríkisstj. hefði með þessu frv. hvikað frá yfirlýstri stefnu sinni um það að hafa ekki afskipti af kaup- og kjaramálum eða afgreiðslu þeirra. Hann taldi, að með því að fara þessa leið, sem hér er gert ráð fyrir, væri stjórnin að ganga frá þessu stefnuskráratriði sínu. Ég get ekki fundið, að þessi athugasemd hans hafi við rök að styðjast, því að hvað er það, sem verið er að gera með þessu frv.? Það er í fyrsta lagi verið að leggja til, að sá háttur verði hafður á, að aðilarnir komi sér saman um málin. Og ef sá háttur verður hafður og tekst, þá er það náttúrlega í fyllsta máta rangt, að ríkisstj. sé að blanda sér í málið. Ef hins vegar ekki tekst samkomulag, þá er gert ráð fyrir úrskurðaraðila, sem er 5 manna nefnd með oddamanni, sem hæstiréttur tilnefnir og gera má ráð fyrir að eigi að vera fullkomlega hlutlaus í þeim átökum, sem þar eiga sér stað. Það er þess vegna engin ástæða til þess að segja, að ríkisstj. hafi viljað fá fingur með í þeirri verðlagsákvörðun, sem þannig er gerð. Það er allt annað mál, þegar hv. 4. þm. Austf. (LJós) var að semja eða taka þátt í samningum milli útgerðarmanna og fiskkaupenda á sinni tíð um verð, þá var það beinlínis ráðherrann sjálfur, sem stjórnaði þeim umr. og beitti sér fyrir lausn á þann hátt, sem hann taldi að bezt hentaði. Það er bein íhlutun ríkisvaldsins. En íhlutun ríkisvaldsins kemur hvergi fram í þessu frv. á annan hátt en þann að byggja upp það kerfi, sem hér er gert ráð fyrir að notað verði. Og íhlutun ríkisstj. eða Alþingis, ef nokkur er, þá er hún sú ein að slá föstu, hvernig kerfi skuli unnið eftir, þegar fiskverðsákvörðunin er tekin, en ekki hitt, að hafa nein bein áhrif á það, hvaða verð verður ákveðið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að bæði þessi hv. ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. e., og hv. 4. þm. Austf. töldu, að ríkisstj. hefði gengið frá þessu stefnuskráratriði sínu með þeim tillögum, sem hér liggja fyrir. Ríkisstj. hefur alls ekki gert það, heldur hefur hún þvert á móti reynt að koma því þannig fyrir,

að allir aðilar, sem hér eiga einhverra hagsmuna að gæta, séu með í verðlagsákvörðuninni. Þegar hv. 4. þm. Austf. var sjútvmrh. og beitti sér fyrir samningagerð á milli aðilanna, hafði hann ekki þar neina fulltrúa sjómanna til þess að semja við. Og ekki datt honum í hug heldur að gera tillögur um það, að þeir væru teknir inn í þessa samningsgerð. Það voru útgerðarmenn og fiskkaupendur, sem þá sömdu.

Hv. 4. þm. Austf. vildi líka telja, að það væri greinilegt á þessu frv., að það væri ekki ætlazt til þess, að verðlagsráðið semdi, heldur sé beinlínis gert ráð fyrir því, að málinu verði vísað til yfirdómsins og þar verði úrskurðurinn felldur. Ekki veit ég, á hverju hv. þm. byggir þessa skoðun sína, en ég held, að hún sé alveg fráleit, því að ég vildi ætla, að í flestum tilfellum ætti samkomulag einmitt að geta tekizt í verðlagsráðinu og mál ekki að fara til yfirnefndarinnar.

Hv. 2. landsk. þm. (EðS) skýrði nokkuð frá reynslu sinni í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða og taldi það ekki vera til fyrirmyndar. En hann gat þess ekki, viljandi eða óviljandi, að einmitt í því ráði hefur ákvörðun um verðlag á landbúnaðarafurðum langoftast tekizt með samkomulagi á milli neytendafulltrúanna og framleiðendanna. Mér hefur verið tjáð, að það hafi komið fyrir aðeins tvisvar eða þrisvar á öllum þeim tíma, sem þessi verðlagsnefnd hefur starfað, að máli hafi verið vísað til yfirdómsins til úrskurðar, en í langsamlega flestum tilfellunum hefur verðákvörðunin farið fram í verðlagsráðinu sjálfu með fullu samkomulagi á milli aðilanna, og ég vildi líka vænta þess, að svo gæti orðið í þessu tilfelli.

Ég sé enga ástæðu til þess að ætla, að verðlagsráðið geti ekki komið sér saman um hlutina, og hygg að það vilji heldur koma sér saman um þá en eiga hinn óvissa úrskurð yfirdómsins yfir sér. Hann er óáfrýjanlegur, og þess vegna getur það oltið á ýmsu, hversu það er heppilegt fyrir aðilana, að málið gangi þá leiðina. Í því er vissulega nokkur áhætta fyrir báða aðila í þá átt, að úrskurður yfirdómsins gangi þeim ekki í vil. Það er ekkert um það vitað fyrir fram, hvernig sá hlutlausi úrskurðaraðili fellir sinn dóm. Hann kannar öll gögn og kveður síðan upp dóminn, en báðir aðilar vita jafnlítið um það fyrir fram, hvort sá dómur gengur þeim í vil eða hvorum hann gengur í vil. Ég held þess vegna, að það verði alltaf tilhneiging hjá aðilunum til þess að reyna að ná samkomulagi, því að þá vita þeir, um hvað samkomulagið er, en eiga ekkert í óvissu með það, hvernig yfirdómurinn muni fella sinn úrskurð.

Þau tvö atriði, sem minni hl. undirbúningsnefndarinnar gerir grein fyrir í áliti sínu, sem prentað er sem fskj. með frv., eru margrædd hér. Annað atriðið er um skipun verðlagsráðsins, sérstaklega það atriði, að í því eigi ekki sæti nema einn fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, sem sé þar sá aðilinn, sem langmestu hagsmunanna hafi að gæta, það sé of lítið og þeim beri að fjölga úr einum og upp í tvo og um það hafi verið fluttar tillögur. Ég held, að í sjálfu sér sé hér meira reynt til þess að gera þennan hlut tortryggilegan en að nokkur hætta sé hér á ferðinni fyrir Alþýðusamband Íslands. Í verðlagsráði þarf nefnilega að vera samkomulag allra aðila, og hver einasti meðlimur þess hefur þess vegna neitunarrétt og getur komið í veg fyrir það samkomulag, sem honum fellur ekki. Hvort sem fulltrúar Alþýðusambandsins eru því einn eða tveir, hafa þeir það í hendi sér að samþykkja eða hafna, eftir því sem hugur þeirra stendur til, og fer það í engu eftir því, hvort fulltrúarnir eru einn eða tveir eða fleiri, því að sá fulltrúi hefur einn réttinn til þess að koma í veg fyrir, að það sé gerð sú samþykkt þar eða samkomulag, sem hann er andvígur. Ég held þess vegna, að það sé meira kannske — hvað ég á að kalla það — metnaðarmál fyrir Alþýðusambandið að hafa þarna fleiri menn í ráðinu en hin sjómannasamtökin, en raunverulega hafi það ekki neina þýðingu fyrir samkomulagið í verðlagsráði, því að hann hefur það í hendi sér, fulltrúi Alþýðusambandsins, eins og aðrir fulltrúar í ráðinu, að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og getur komið í veg fyrir, að nokkur samþykkt verði þar gerð, sem honum er á móti skapi.

Það hefur verið gerð tilraun til þess í umr. hvað eftir annað að reyna að gera þá fulltrúa sjómannasamtakanna, sem eru ekki frá Alþýðusambandinu, meira eða minna tortryggilega. Það hefur verið sagt, að ekki væri hægt að una því, að sá maður, sem frá Alþýðusambandinu yrði valinn, ætti ekki sæti í yfirdómnum. Ég er aftur fyrir mitt leyti þess fullviss, að allir sjómannafulltrúarnir, sem þarna eiga sæti, séu á sinn hátt jafngóðir og jafntrúir málstað sjómannanna, sem þeir eiga að gæta. Ég vildi ekki ætla það, að fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambandsins eða fulltrúi Sjómannasambandsins væri nokkuð verr til þess fallinn að gæta þeirra hagsmuna heldur en fulltrúi Alþýðusambandsins. Það má vel vera, að fulltrúi Alþýðusambandsins hafi fleiri aðila á bak við sig en hinir. En ég sé ekki neina ástæðu til þess, að farið sé eftir ákveðinni höfðatölureglu, heldur sé unnið með trúmennsku og réttsýni að framkvæmd málsins, og það vil ég ætla að mennirnir geri alveg jafnt, hvort sem þeir eru fulltrúar sjómannasamtakanna eða Farmannasambandsins eða Alþýðusambandsins. Ég held þess vegna, að þetta sé meira deila um keisarans skegg og sé engin ástæða til þess að rifta því samkomulagi, sem virtist hafa ríkt um þessa skipun hjá miklum meiri hl. nefndarinnar. Ég veit ekki, ef þessu væri breytt, hvort þá mundu ekki koma kvartanir eða tillögur frá hinum aðilunum, sem hafa staðið að samningu frv., um það að breyta skipun ráðsins, og ég er ekkert viss um, að það mundi nást frekar samkomulag um verðlagsráðið, þó að þessar tillögur minni hl. í nefndinni yrðu samþykktar. Ég held, að fyrir því sé vel séð í frv., að tryggður verði réttur sjómannanna til þess að hafa áhrif á fiskverðið í fyrsta sinn í sögunni. Það er með þessu verið að gera tilraun til þess að verða við þeim óskum, sem fram hafa komið frá sjómannasamtökunum og vissulega eru eðlilegar, um það, að fulltrúar þeirra fái að taka þátt í þessari verðákvörðun, og það er gert

með þeirri skipun, sem hér er lagt til að verði komið á.

Hitt atriðið, sem gert hefur verið að umtalsefni og ágreiningur virðist vera um, er það, hvort skipa eigi málum þannig, að úrskurðaraðili geti ákveðið verðið að lokum, ef ekki næst samkomulag. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 2. landsk. þm., ég held, að hann hafi orðað það þannig, að enginn vegur væri til að leysa málið með gerðardómi. Ég veit nú ekki, ef gerðardómsleiðin yrði ekki farin, hvað þá ætti að geta komið í staðinn með svipuðum árangri. Það hefur verið stungið upp á af minni hl. í undirbúningsnefndinni og sú tillaga verið tekin upp hér af 2. minni hl. hv. sjútvn., að sáttasemjari tæki málið að sér, ef ekki næðist samkomulag, og gerði tilraun til sátta. En við vitum nú, sem höfum fylgzt með vinnudeilum oft áður, að það getur orðið erfitt að ná árangri á þann hátt. Það getur kostað langvarandi vinnustöðvanir og erfiðleika, sem þetta frv. á að koma í veg fyrir. Ef ekki verður neinn aðili til þess að úrskurða, þá er engin trygging fyrir því, að nein bót verði ráðin á því ástandi, sem nú ríkir, að fiskverðsákvörðun fáist tekin áður en drátturinn hefur orðið svo skaðlegur, að erfiðleikum hefur valdið. Ég held, að ef ekki verður horfið að því að hafa neinn úrskurðaraðila í málinu, þá séum við hér um bil eins á vegi staddir og við vorum áður, að það sé engin trygging fyrir, að nein fiskverðsákvörðun verði tekin fyrr en komið er í óefni. Þetta hefur hv. 1. minni hl. sjútvn. líka tekið til greina og leggur til, að í meginatriðum verði hafður sá háttur, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 2. landsk., taldi, að málefnum landbúnaðarins og málefnum sjávarútvegsins mundi sennilega betur komið, ef framleiðendur sjálfir ákvæðu verðið einir, skráðu það einir. Ég efast um, að sú lausn mundi vera heppileg og um hana gæti orðið meiri friður en um þá lausn, sem hér er stungið upp á. Einhliða ákvörðun þessa verðs af öðrum aðilanum getur leitt til þess, að hinn aðilinn neiti að kaupa á því verði, og þá stöndum við enn og aftur í sömu sporunum og við stóðum áður.

Þessi háttur að hafa aðila til úrskurðar eða gerðardóm, ef maður vill heldur kalla það því nafni, er ekki nýmæli. Það kom fram hér frv. á Alþingi í fyrra, sem hv. þm. sjálfsagt muna eftir og hér hefur verið nefnt. Það var flutt af hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, og hv. 6. þm. Sunnl., Karli Guðjónssyni. Í þessu frv. er gert ráð fyrir gerðardómi. Þar segir, eins og hér hefur verið lesið og ég þarf raunar ekki að endurtaka:

„Nú næst ekki samkomulag nefndarmanna um fiskverðið, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í nefndinni, og fellir hún úrskurð þannig skipuð.“

Ég sé ekki neinn mun á þessu og þeim gerðardómsákvæðum, sem í þessu frv. eru, sem við erum hér með til umr., annan en þann, að sáttasemjari ríkisins á að vera oddamaðurinn og skera úr, en í þessu frv., sem hér liggur fyrir nú, er gert ráð fyrir, að hæstiréttur tilnefni oddamann. Og sannast sagna get ég ekki séð á því nokkurn verulega mun. Efast ég ekki um, að hæstiréttur muni nefna mann, sem bæði sé hæfur til þess, þ. e. a. s. hafi nægilega þekkingu til að bera, og sé hlutlaus í verðákvörðuninni, vilji aðeins gera það réttasta, sem hann kann og veit, og sé þess vegna enginn munur á honum og sáttasemjara, sem kannske hefur þá ekki þau nánu kynni af sjávarútveginum, sem þessi maður þarf að hafa til brunns að bera, sem hér verður gerður að oddamanni, auk þess sem ég af öðrum ástæðum tel ekki heppilegt, að sáttasemjara ríkisins sé blandað í deiluna á þennan hátt, að hann sjálfur taki með valdboði ákvörðun um afgreiðslu málsins, heldur sé það maður, sem er ekki dags daglega í sáttasemjarastörfum, sem það geri.

Þetta eru meginatriðin, sem ágreiningur hefur verið um og koma fram í brtt., sem fram hafa verið bornar. Þó að þau séu nokkrar tillögur fleiri, þá eru þær ekki veigamiklar, og ég mun þess vegna ekki gera þær frekar að umtalsefni.

Í tillögum meiri hl. sjútvn. er gert ráð fyrir því að tryggja það, svo að öruggt megi telja, að þeir, sem í yfirnefndinni eiga sæti af hálfu útgerðarmanna, hafi ekki hinna sömu hagsmuna að gæta og fiskkaupendur. Það tel ég mjög veigamikið atriði og legg eindregið til, að sú breyting verði samþykkt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil eindregið leyfa mér að vænta þess, að frv. verði afgreitt hér eins fljótlega í þessari hv. d. og mögulegt er, þannig að það nái fullnaðarafgreiðslu fyrir jól og nefndin, skipuð eins og frv. gerir ráð fyrir, geti þá tekið til starfa við sitt þýðingarmikla verkefni.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég skal ekki ræða um brtt. minni hl., vegna þess að þeir hafa skýrt þær nægilega vel, og svo veit ég það af fenginni reynslu, að það muni lítið verða með brtt. gert frá stjórnarandstöðunni, því að bæði er það, að hún hefur nú sennilega litlu að miðla, enda er það illa þegið, sem hún vill fram bjóða. En viðvíkjandi brtt. meiri hl. skal ég játa, að hún er til bóta að mínu áliti. Það er bætt inn í 9. gr. orðunum: „og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið samkv. B-lið 1. gr.“ Þetta þýðir, að það á að vera trygging fyrir því, að sá fisksöluaðili, sem mætir frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, megi ekki eiga neinn þátt í fiskkaupum. En úr því að þetta þarf að vera tekið fram viðvíkjandi þessum eina manni, hlýtur að vera einlægast að taka það fram gagnvart öllum mönnunum, sem Landssambandið á að tilnefna. Og ég álít, að þess sé þörf. Í 1. gr. segir: „af hálfu fisksöluaðila“. En maðurinn getur í raun og veru bæði verið fisksöluaðili að einhverju leyti og átt þó meiri hagsmuna að gæta gagnvart fiskkaupum. Og við vitum það í Landssambandinu, að það er mikill meiri hluti af aðilunum, sem verka sinn fisk sjálfir. Ég álít því, að þetta hefði átt að vera fram tekið um alla fulltrúana. Það ætti a. m. k. ekki að koma að sök. Ég álít enn frem-

ur, að það væri sanngjarnt og skynsamlegt að ákveða það gagnvart þeim fulltrúum, sem Landssambandið á að útnefna, að það sé sinn úr hverjum landsfjórðungi. Það er talsverður munur á aðstöðu og jafnvel gæðum fisksins eftir því, í hvaða landsfjórðungi er. Og ég sé ekki, að það ætti að vera nokkrum erfiðleikum bundið að framkvæma það. Það getur vel verið, að það mætti koma sér saman um þetta innan samtaka L. Í. Ú., en það er á engan hátt betra en það sé ákveðið í lögunum, fyrst lög eru á annað borð samin um þetta efni. Við vitum það, að fiskurinn er mjög misstór og gæði hans eru talsvert mismunandi, og ég held, að fjölmennari nefndin verði fyrst og fremst til að skýra málin, hver komi með sín sjónarmið, en í flestum tilfellum verði það yfirnefndin, sem taki endanlega ákvörðun. Ég álít, að það væri mikið til bóta, að þessir menn væru sinn úr hverjum landsfjórðungi.

Ég er hálfhissa á því, að jafnvitur maður og hv. 12. þm. Reykv. (PS) er, skuli ekki sjá, að það er sanngirniskrafa, að sjómenn hafi jafnmarga fulltrúa og fulltrúar Landssambandsins eru. Ég er ekki að segja, að það skipti miklu máli, og ef þessir fjórir menn frá Landssambandinu eru allir einhliða fiskseljendur, þá get ég viðurkennt að það muni ekki skipta miklu máli í framkvæmdinni. En þetta er bara atriði, sem hægt er að skapa óánægju út af, og þess vegna er alveg ástæðulaust að vera að gefa höggstað á sér þannig, alveg ástæðulaust að vekja nokkra óánægju að því leyti til. Hitt má deila um, hvort ástæða væri til að hafa fulltrúana svona marga. Og í sjálfu sér hefur það ekki svo mikið að segja, að fulltrúarnir séu 4 frá Landssambandinu, nema þeim sé dreift út á landsbyggðina, þannig að tryggt sé, að hver fjórðungur hafi sinn fulltrúa. Þá þyrfti líka að fjölga fiskkaupendum.

Ég skal játa það, að ég er þakklátur sjútvmrh. fyrir að hafa hraðað þessu frv. svona. Ég tel frv. á margan hátt til bóta, og eftir því sem frumsamin frumvörp eru, þá er frv. skynsamlega samið, þó að ég áliti, að það séu ýmis atriði, sem væri ástæða til þess að breyta. Það er alls ekki verið að ráðast á efni frv. eða verkið í sjálfu sér. Það er ósköp eðlilegt, þegar farið er að hugsa um hlut, að þá komi fram einhver smáatriði, sem væri æskilegra að breyta. Svo er um 10. gr. Þar er ákvæði, sem hljóðar svo:

„Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga."

Þetta þýðir, að það er óheimilt að selja fiskinn fyrir minna verð en þetta. Og það má kæra manninn, ef hann gerir það.

Nú hefur það komið í ljós, t. d. með samningi, sem gerður var um fisk á s. l. ári, að það var ekki hægt að selja fyrir þetta verð, og ég veit til, að fiskurinn var seldur fyrir 20—30 aurum lægra verð en samkomulagið sagði til um. Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvmrh., af því að ég veit, að það er vel gefinn maður, hvað aumingja útgerðarmaðurinn á nú að gera við fiskinn, ef hann getur ekki selt hann fyrir þetta verð og hefur enga aðstöðu til að vinna hann. Á hann að fleygja fiskinum, eða á hann að leggja bátnum, jafnvel þótt hann gæti nú haft um þúsund krónur á dag fyrir að vera á færaveiðum, þótt hann fengi eitthvað lægra fyrir fiskinn? Hvað á aumingja útgerðarmaðurinn að gera, ef honum er alveg óheimilt að selja fiskinn fyrir lægra verð?

Ég held, að þetta ákvæði geti orðið dálítið óþægilegt. Ég hygg, að það hafi komið víða fyrir á s. l. sumri, að menn fengju ekki þetta skráða verð fyrir fiskinn eða það verð, sem hafði náðst samkomulag um, einkum smáfiskinn að sumrinu. Hvað á aumingja útgerðarmaðurinn að gera? Á hann að fleygja fiskinum eða á hann hreint og beint að hætta að veiða hann? Ég álít, að það væri miklu viturlegra að orða 10. gr. þannig: Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð á sjávarafla við útreikning á kaupi til sjómanna. — Þetta samkomulagsverð þarf fyrst og fremst að vera trygging fyrir sjómennina viðvíkjandi kaupútreikningi, en það er alveg ómögulegt að slá því föstu, að það geti ekki í vissum tilfellum þurft að selja hann undir skráðu verði. Það er gersamlega ómögulegt. Svo getur viljað til, að hægt sé að selja fiskinn hærra en skráða verðið er. Það er engan veginn útilokað. Það er nefnilega ómögulegt að banna útgerðarmanninum í vissum tilfellum að selja fiskinn eitthvað lægra, og það er ómögulegt að banna honum heldur að selja hann eitthvað hærra, enda er það ekki gert í þessum lögum. Við vitum, að frystihúsin eru misjafnlega vel rekin, þannig að það getur borgað sig fyrir einn frystihúseiganda að kaupa fiskinn hærra verði en annan, og ef það borgar sig fyrir hann, þá gerir hann það. En það er ekki að búast við, að menn kaupi fisk til lengdar, ef það er til skaða fyrir fiskvinnslustöðina.

Annars er þetta ekki svo alvarlegt ágreiningsatriði, að það sé gerandi of mikið úr því. Og ég er satt að segja hálfhissa á fulltrúa sjálfstæðismanna í sjútvn. og fulltrúa okkar að geta ekki komið sér saman um þessa hluti, því að ágreiningurinn er ekki það mikill, og ég er sannfærður um, að þeir hefðu getað þetta, ef þeir hefðu reynt það. En það er oft svo, þegar tveir vitrir menn koma saman, að þá kemur þeim jafnvel verr saman en tveimur meðalgreindum mönnum, og það hlýtur að liggja í því, að þeir þykjast hvor öðrum vitrari.

Hinu er ég aftur á móti ekkert undrandi yfir, þó að fulltrúar Alþb. séu dálítið myrkfælnir við þetta. Ég er hreint ekki hissa á því, því að vitanlega er verið að leiða þá þarna í hina verstu gildru, því að næsta trappan verður vitanlega það, að ef ómögulegt er að semja við sjómenn um hlutaskiptin, þá verður settur gerðardómur í það og svo tröppu af tröppu. Ég er ekkert hissa á, þó að þeir láti ekki festa sig í slíkri gildru eins og tófuhvolp í boga.

Karl Guðjónsson: Hæstv. forseti. Sjútvmrh. hæstv., sem hér talaði fyrir skömmu um málið, lagði á það mjög ríka áherzlu, að gangi þess yrði hraðað hér í þinginu, til þess að það yrði örugglega afgr. fyrir þinghlé, og það verðlagsráð, sem væntanlega skapast upp úr samþykkt

frv., gæti tekið til starfa í tæka tíð, til þess að fiskverð yrði ákveðið, áður en vertíðarveiðar ættu að hefjast.

Ég skil að sjálfsögðu mætavel þessa ósk hæstv. ráðh. og er henni fyrir mitt leyti samþykkur. En ég get samt ekki stillt mig um það í tilefni af henni að vekja hér aðeins athygli á því, að það er að verða býsna mikið um það hjá okkur, að Alþingi fái tillögur eða lagafrv. til meðferðar rétt af formsástæðunum einum og allar athuganir, sem gerðar eru hér á þessum plöggum, þegar þannig stendur á, séu nánast taldar vera tímasóun og annað ekki. Það er af öllum viðurkennt t. d. í sambandi við þetta frv., að undirbúningsnefnd þarf tíma til að semja svona frv. Þegar hún hefur skilað því, þarf ríkisstj. einnig tíma til að athuga þær tillögur, sem gerðar hafa verið. Það er einnig viðurkennt að þegar slíkt verðlagsráð væri komið á laggirnar, muni það þurfa tíma. Það er bara Alþingi, sem þarf ekki tíma. Það er bara Alþingi, sem er í rauninni að spilla málum, ef það tekur sér tíma til þess að athuga þau gaumgæfilega og reyna að búa tryggilega um þá hnúta, sem þó eru hnýttir óumdeilanlega á Alþingi með lagasetningu, til þess að lögin geti orðið þjóðinni til framdráttar og hagkvæm.

Nú skal það fúslega játað, að það hefur verið hafður jafnvel enn þá meiri hraði á sumum öðrum málum hér en þessu. En mér þykir samt sem áður ástæða til að vekja athygli á þessu, og að svo miklu leyti sem ég gæti mælt fyrir munn Alþingis í þessum efnum, þá vil ég vekja athygli á því, að Alþingi er sú stofnun, sem þjóðin hefur kosið sér til þess að ráða ýmsum málum til hlunns, og það er ekki nema eðlilegt, að sú stofnun, ekki síður en aðrir, þurfi sinn tíma til að undirbúa mál, ekki sízt þau mál, sem miklu varða um hluti eins og t. d. vinnufrið í landinu. En það er óumdeilanlegt, að þetta mál getur verkað nokkuð til þess, hvort hér verður í þeirri grein, sem það fjallar um, um vinnufrið að ræða eða ekki.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, vil ég ekki gera hér neitt, sem torveldar það, að þessi skipan, sem fyrirhuguð er, komist á. Ég hef að vísu margt við þetta frv. að athuga, og mun ég drepa á það hér á eftir. Engu að síður þykir mér vert að láta það koma fram strax, að ég tel, að jafnvel þótt frv. yrði samþ. óbreytt eða lítið breytt, eins og það hefur nú komið frá meiri hl. sjútvn., þá tel ég, að það væri til bóta frá þeirri skipan málanna, sem verið hefur að undanförnu, þegar ríkisvaldið hefur talið sér framleiðslumál sjávarútvegsins óskyld, að því er þau atriði varðar, sem hér er fjallað um. En það hefur ríkisstj. óneitanlega gert fram til þessa, og vildi ráðh. að vísu ekki kannast við, að hér væri um stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstj. Hér er þó greinilega um skref til þeirrar áttar að ræða, hvort sem maður á að kalla það stefnubreytingu eða eitthvað annað, og tel ég, að það sé reyndar eitt af því fáa, sem heldur horfi til réttrar áttar í þeirri lagasetningu, sem ríkisstj. hefur einkum beitt sér fyrir.

Það er óumdeilanleg staðreynd, að í fyrra, þegar við hv. 4. þm. Austf. (LJós) lögðum fram hér frv. sem hér hefur nokkuð borið á góma og ég mun víkja örlítið nánar að síðar, þá var það mjög haft á orði af málsvörum ríkisstj., að það væri ekki vert, að ríkisvaldið blandaði sér í samningsmál þeirra stétta, sem með framleiðsluna færu, en það var í því tilfelli samningur útgerðarmanna og fiskkaupenda. Þá voru sjómenn ekki komnir með í þá samninga, eins og þó hefði að sjálfsögðu verið eðlilegt, þar eð þeir voru eigendur að verulegum hluta af því fiskmagni, sem selja átti.

Á undanförnum árum hefur það gengið þannig til, að veiðitímabil hafa hafizt, án þess að samningar væru til um fiskverðið, og það hefur að vísu ekki gengið mjög greiðlega að láta slík veiðitímabil hefjast. Á því hafa orðið meiri og minni truflanir, vegna þess að ekkert var gert til þess, að samningar kæmust á um fiskverðið. Þannig var t. d. í fyrravetur verkbann af hálfu útgerðarmanna í ýmsum verstöðvum fram eftir vetri, og tapaðist við það verulegur afli, sem annars hefði fallið þjóðinni í skaut. En einnig eftir að úr tók að greiðast í því efni, kom það fyrir í allmörgum verkalýðsfélögum, að þau samþykktu ekki þá samninga, sem samninganefnd þeirra hafði þó fyrir sitt leyti samþykkt, vegna þess að í gildi var gengin sérstök verðflokkun á nýjum fiski, svokallað ferskfiskeftirlit ríkisins, þar sem farið var eftir reglum um fiskverð, sem enginn aðili hafði fjallað um í samningum um fiskverð, a. m. k. enginn þeirra aðila, sem sjómenn töldu sig eiga neins staðar við þau samningaborð, þar sem þeim málum var ráðið til hlunns.

Hæstv. sjútvmrh. hélt því fram, að með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, væri hlutur sjómanna gerður miklum mun betri en hann var í sjávarútvegsmálaráðherratíð hv. 4. þm. Austf., því að þar hafi sjómenn aldrei verið kallaðir að samningaborði um fiskverð. Hér er því í fyrsta lagi til að svara, að þá var skipan mála öll önnur en nú. Þá höfðu sjómenn sérstakan fiskverðssamning við útgerðarmenn, en sömdu ekki sjálfir við fiskkaupendur, þ. e. a. s. þeirra fiskkaupendur voru útgerðarmennirnir sjálfir, og um það var fjallað í sérstökum samningi. Það er á hinn bóginn alveg rangt hjá hæstv. sjútvmrh., að við þær samningagerðir, sem gerðar voru undir handleiðslu sjútvmrn. á þeim tíma, hafi sjómenn ekki verið til kvaddir. Þeir voru einmitt þar til kvaddir oft og iðulega, og það urðu minni tafir og reyndar engar teljandi tafir á framleiðslu landsmanna fyrir þá sök í sjávarútvegsmálaráðherratíð 4. þm. Austf., vegna þess að ekki hefðu náðst samningar, og er þar ólíku saman að jafna eða því, sem síðar hefur gerzt í þeim efnum.

Hér hefur af mörgum aðilum verið bent á það sem einn megingalla þessa frv., að sjómönnum sé ætluð minni aðild að þessum samningum af seljenda hálfu heldur en útgerðarmönnum, enda þótt það standi ómótmælt, að sjómennirnir eru eigendur a. m. k. helmings þess fiskmagns, sem þannig verður væntanlega samið um. Það hefur hvergi, svo að ég hafi orðið þess var, verið í þessum umr. dregin fram nein réttlæt-

ing fyrir því, að sjómenn ættu vegna eignarhluta síns í fiskinum að eiga færri aðila við samningaborðið við fiskkaupendur heldur en útgerðarmenn, enda er upplýst, að hér er ekki farið að réttum hlutföllum í fisksölunni, þar sem sjómennirnir eru eigendur að a. m. k. helmingi fiskmagnsins.

Hér hefur einnig verið bent á, að það sé óeðlilegt, að Alþýðusamband Íslands tilnefni ekki nema einn aðila að þeim fiskverðssamningum, sem fram fara væntanlega á vegum verðlagsráðs sjávarútvegsins. Hér hefur verið bent á marga þá hluti, sem sanngjarnir hljóta að teljast og hníga að því, að Alþýðusambandinu beri fleiri fulltrúar en aðeins einn. Ég vil taka undir þær röksemdir, sem í þá átt hafa farið. Ég vil auk þess benda á það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) sagði hér í ræðu rétt áðan, að það væri eðlilegt, að af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna yrði það tilskilið, að fulltrúar þess sambands yrðu ekki allir úr einum og sama landshlutanum, heldur væri eðlilegt, að þar væri sinn maðurinn úr hverjum landsfjórðungi, sökum þess að nokkur aðstöðumunur væri eftir því, hvar útgerð væri staðsett. Þetta tel ég vera rétta ábendingu hjá 5. þm. Norðurl. v., og hún á einnig við að því er varðar fulltrúa sjómannasamtakanna. Nú er því svo háttað, að Sjómannasamband Íslands er eingöngu samband sjómanna hér við Faxaflóa, önnur sjómannasamtök eru ekki í því. Það er þess vegna engum blöðum um það að fletta, að fulltrúi Sjómannasambands Íslands mundi verða úr röðum sjómanna hér við Faxaflóa. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur einnig sínar aðalstöðvar hér í Reykjavík, og þótt það sé að vísu landssamband, þá sýnist mér nokkuð einsýnt, að þar muni fyrst og fremst gæta áhrifa héðan frá Faxaflóasvæðinu, og teldi ég ekki óeðlilegt, að þessi sambönd bæði, Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið, mundu tilnefna sem sína fulltrúa í verðlagsráð aðila, sem ættu bólfestu hér við Faxaflóa. Í Alþýðusambandi Íslands eru hins vegar sjómannasamtökin um allt land, og er það býsna þröngt olnbogarúm, sem Alþýðusambandinu er ætlað, að skipa aðeins einn fulltrúa í þessa nefnd. Ég teldi það vera nokkurn veginn lágmark, að það ætti þess kost að skipa þar tvo og að þeir yrðu sinn úr hvorum landsfjórðungi og þá væntanlega hvorugur þeirra af því svæði, þar sem Sjómannasamband Íslands starfar, en það er, eins og ég hef áður tekið fram, Faxaflóasvæðið.

Ég vil þá aðeins víkja að því, að það hefur orðið hér nokkurt umræðuefni, að menn líta það nokkuð tortryggnum eða a. m. k. misjöfnum augum, að frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins felur það í sér, að til þess getur komið, að felldur verði úrskurður af eins konar gerðardómi. Í því sambandi hefur mjög verið til þess vitnað, að í frv., sem ég hef áður minnzt á, um verðflokkun á nýjum fiski, sem við hv. 4. þm. Austf. fluttum hér í fyrra, var gert ráð fyrir því, að til þess gæti komið, að slíkur gerðardómur yrði settur á laggirnar og hann yrði látinn fella úrskurð. Ég vil hins vegar taka það alveg sérstaklega fram, að hér er gerólíku saman að jafna. Í frv. því, sem við hv. 4. þm. Austf. fluttum, var fjallað um verðflokkun á nýjum fiski, en það var einmitt hún, sem þá hafði orðið til þess, að fiskiflotinn í mörgum höfnum landsins stóð aðgerðalaus, og sjómenn vildu ekki samþykkja það, að þeir væru undir þá verðflokkun gefnir, sem í lögunum um ferskfiskeftirlit var gert ráð fyrir að til greina gæti komið og forráðamenn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og forráðamenn fiskkaupenda höfðu talað um og gert að sínum till. og reyndar var þar róið út á alla vertíðina í fyrravetur, án þess að útvegsmenn eða sjómenn hefðu í rauninni nokkra samningsaðstöðu.

Í frv. segir, eftir að þar hafði verið lagt til, að sett yrði upp samninganefnd um þessi atriði og að ferskfiskeftirlitinu skyldi vera óheimilt að verðflokka fisk eftir öðrum reglum en þeim þremur, að í fyrsta gæðaflokki skyldi vera óskemmdur fiskur, sem sagt fiskur, sem væri fyrsta flokks vara og hæfur væri sem fyrsta flokks útflutningsvara, í öðrum flokki skyldi vera sá gallaður fiskur, sem væri ekki útflutningshæfur sem fyrsta flokks frosinn fiskur, en samt nægilega góður til þess að vera verkunarhæfur í saltfisk eða í skreiðarverkun, og í þriðja flokki skyldi vera sá fiskur, sem væri óhæfur til verkunar til manneldis, en væri hins vegar unninn í mjöl eða dýrafóður. Þá sagði: „Nú næst ekki samkomulag nefndarmanna um fiskverð, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í nefndinni, og fellir hún úrskurð þannig skipuð.“ Það er rétt, hér er um að ræða, að í þessu tilviki lögðum við til, að endir yrði bundinn á þá togstreitu, sem hélt flotanum í höfn á hávertíð, með þessum hætti, sem í frv. segir. En við tókum það greinilega fram, að þetta legðum við ekki til sem neina frambúðarskipun. Við lögðum það til í sjálfu frv., að það gilti aðeins til ársloka 1961, en þá tæki að sjálfsögðu við önnur skipan málanna, sem væri ekki gerð undir þeirri knýjandi nauðsyn, sem var, þegar við fluttum frv. Og í grg. frv. sjálfri segir: „Frv. þetta er flutt af því sérstaka tilefni, að skapazt hefur hið alvarlegasta ástand í atvinnulífi þjóðarinnar vegna ágreinings um verðflokkun á nýjum fiski.“ Við frambúðarskipan málanna tókum við það greinilega fram, að eðlilegt væri, að samið væri um þetta með það löngum fyrirvara, að ekki þyrfti að grípa til neins konar gerðardómsákvæða, og það kom skýrt og greinilega fram við alla meðferð málsins. Hér er því ekki hægt að fá á neinn samjöfnuð, því að það frv., sem hér er fjallað um, er á hinn bóginn til þess ætlað að verða ekki fyrir líðandi stund, heldur í framtíð ákvarðandi um skipan þeirra mála, sem hér um ræðir.

Ég get hins vegar fúslega gengizt inn á, að það sé ekki stór eðlismunur á því, hvort sáttasemjari ríkisins eða maður tilnefndur af hæstarétti fjallar um verðlagsmál í sjávarútvegi. En það var samt ekki að tilefnislausu eða ástæðulausu, að við gerðum einmitt till. um sáttasemjara ríkisins. Það var með sérstöku tilliti til þess, að þar yrði fenginn maður, sem talizt gæti hlutlaus og þegar væri kominn inn

í málin, þekkti til málanna, en það var lagt til, að n., eins og við lögðum til að hún yrði skipuð, starfaði undir handleiðslu sáttasemjara ríkisins, og það hefði þess vegna tekið lengri tíma, ef það hefði átt að fá einhvern málunum ókunnugan til þess að setjast í þau, þegar sú nefnd hefði gefizt upp á að semja um málin, ef til þess hefði komið. Eini hlutlausi aðilinn, sem þá var tiltækur, var sáttasemjari ríkisins sjálfur, og frv. var flutt og til komið af því sérstaka tilefni, eins og í því sjálfu segir, að framleiðslan var stöðvuð, vegna þess að sjómenn og útgerðarmenn áttu um það að velja að sækja sjóinn, afhenda fiskkaupendum fiskinn óumsamið og eiga það svo geymt til vertíðarloka, hvaða verð þeir ættu að fá fyrir hann. Þetta skapaði þjóðinni þegar framleiðslutap, og auðvitað bíður hún þess ekki bætur enn sem komið er, að sá dráttur skyldi hafður á, sem þarna var. Hefði okkar frv. þá verið samþ., er ég ekki í vafa um, að það hefði orðið til þess, ef það hefði verið gert með álíka miklum hraða og nú er ætlazt til að Alþingi samþykki þetta frv., að bjarga miklum verðmætum á land, sem raun varð á að eftir lágu í hafsins djúpi, þegar veiðitímabili því, sem hér var fjallað um, var lokið.

Það voru sem sagt helztu röksemdir ríkisstj., þrátt fyrir það að mikil áherzla var á það lögð, að þetta mál yrði ekki látið bíða og dankast, eins og gert var, að það væri ekki eðlilegt, að ríkisvaldið blandaði sér í deilur, sem þá stóðu. En nú hefur sem sagt ríkisstj. nokkuð lært, og fagna ég því. Hún á að vísu langt í land með að verða góð ríkisstj. En það væri mikill ávinningur, ef hún reyndi að tileinka sér nokkra lærdóma úr þeim frv., einnig þeim, sem fjalla um önnur efni en fiskverð, sem við í stjórnarandstöðunni höfum hér flutt, því að það má hún vita, að þrátt fyrir allt það ágæti, sem hún kann að telja sér, þá er hún ekki lengra komin á þroskabrautinni en það, að hún getur ýmislegt af stjórnarandstöðunni lært.

Lúðvík Jósefsson: Hv. forseti. Það voru nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr., síðan ég talaði hér síðast, sem mig langaði til að víkja hér nokkuð að.

Það er þá fyrst ræða hæstv. sjútvmrh. Hæstv. ráðherra afsakaði það nokkuð, hvernig haldið hefði verið á þessu máli varðandi vinnuhraða allan, og gerði það aðallega með því, að mikil nauðsyn væri á að afgreiða málið nú fyrir jól. Ég hafði lýst því hér yfir, að ég teldi mjög eðlilegt og sjálfsagt að stuðla að því, að það yrði gert, en ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að haga afgreiðslu málsins eins og gert hefur verið hér, bæði við 1. og 2. umr. málsins, þó að það sé takmarkið að afgr. málið fyrir jól. Enn þá á Alþingi eftir að sitja að störfum í nokkra daga, svo að það mætti vel takast, þó að reynt yrði meira en gert hefur verið til þess að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. Þá vil ég einnig benda hæstv. ráðh. á það, að ef nokkur á sök á því, að málið er orðið nokkuð tæpt um afgreiðslu, þá er það einmitt hann sjálfur og hæstv. ríkisstjórn. Það kemur sem sagt í ljós, að það er ekki fyrr en 9. nóv. sem hæstv. sjútvmrh. skipar þá undirbúningsnefnd, sem samið hefur þetta frv. og hann játar hér í þessum umr. að hafi unnið rösklega að málinu og skilað sínum störfum tiltölulega fljótlega. En það er nærri heilt ár síðan við þm. úr stjórnarandstöðunni höfðum bent á það hér á Alþingi, að það væri knýjandi nauðsyn að reyna að finna einhverja lausn á þessum málum, varðandi verðlagningu á nýjum fiski, eins og þessum málum væri nú orðið komið í okkar landi. Og það máttu allir sjá, að bæði á vetrarvertíðinni 1960 og einnig á vetrarvertíðinni 1961 voru þessi mál í mesta ólestri, því að það er vitanlega að vera í mesta ólestri, að sjómenn og útgerðarmenn skuli ekki fá að vita um það, hvaða verð þeir eiga að fá fyrir fiskinn, fyrr en í vertíðarlok, eins og var á vetrarvertíðinni 1960. Það var komið fram um miðjan aprílmánuð eða seinni part aprílmánaðar, þegar tilkynnt var það verð, sem var á fiski á þeirri vertíð. En það var einmitt þá, sem hið nýja fyrirkomulag núv. hæstv. ríkisstjórnar byrjaði í þessum efnum, að það átti að vera frjálsa leiðin, það áttu aðeins að vera beinir samningar á milli sjómanna og útgerðarmanna, á milli fiskseljenda og fiskkaupenda, án allra afskipta ríkisvaldsins. En framkvæmdin tókst bara svona til. Þetta endurtók sig um síðustu áramót og þá með þeim afleiðingum, að framleiðslustöðvanir urðu mjög tilfinnanlegar af þessum ástæðum. En eigi að síður er það ekki fyrr en 9. nóv. nú á þessum vetri, að hæstv. ráðh. skipar undirbúningsnefnd í málinu, og svo skilar þessi undirbúningsnefnd störfum til hæstv. ríkisstj. 30. nóv. Það kemur fram í nál. því, sem fylgir með frv. 30. nóv. er ríkisstj. skilað till. nefndarinnar, en það er ekki fyrr en seinni hluta dags 8. des., eða 9—10 dögum síðar, sem hæstv. ríkisstj. er búin að athuga málið að sínu leyti og leggur það fyrir Alþingi. Hæstv. ríkisstjórn þurfti 9 daga eða þar um bil til þess að athuga till. nefndarinnar, og verð ég þó að búast við því, að hæstv. sjútvmrh. hafi nokkuð fylgzt með því, hvaða tillögur nefndin var að gera. En málið er tekið þannig fyrir hér á Alþingi til 1. umr., að ég fullyrði, að enginn alþm. hefur getað haft tíma til þess að lesa frv. yfir, frá því að það var lagt fram og þar til það var tekið fyrir. Og það var ekki beinlínis á dagskrá þess fundar, sem auglýstur hafði verið, það var settur sérstakur aukafundur til þess að taka málið þá fyrir. Þetta var vitanlega alveg óvenjulegt, að standa svona að afgreiðslu málsins. En þó að á þetta væri bent, undu menn þó við það í trausti þess, að reynt yrði í nefnd þeirri innan þingsins, sem ætti að fjalla um málið, að ná samkomulagi um þau ágreiningsmál, sem vitað var að voru til staðar. En þá var það, sem enginn tími virtist heldur vera til þess að reyna að ná samkomulagi, og það er kannske það versta í sambandi við afgreiðslu málsins.

Hæstv. sjútvmrh. sagði, að með samþykkt þessa frv. væri verið að auka á réttindi sjómanna stórkostlega frá því, sem áður hefði verið, því að þeir hefðu aldrei verið aðilar að

samningum um fiskverð. Þetta er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh. Málið er hins vegar þannig, að sjómenn höfðu ár eftir ár samið um tiltekið fiskverð, svonefnt skiptaverð, þannig að þeir vissu algerlega fyrir fram um það, hvaða fiskverð átti að leggja til grundvallar við útreikning á þeirra kaupi. Þetta höfðu þeir samið um ár eftir ár, og á meðan uppbótafyrirkomulagið var, þá var samið við fulltrúa sjómanna á hverju ári, og það var ekki aðeins samið við félög háseta, heldur var einnig samið við fulltrúa frá félögum yfirmanna. En það, sem gerðist til breytinga á rétti sjómanna í þessum efnum, var það, að um síðustu áramót gengu sjómenn inn á að falla frá skiptaverðinu, sem kjör þeirra voru miðuð við, og breyta hlutaskiptakjörum sínum, lækka aflahlutinn, sem sjómenn áttu að fá, en í staðinn áttu þeir að fá fullnaðarfiskverð, það sama og útgerðarmenn fengju fyrir sinn fisk á hverjum tíma. Þegar þessi breyting var gerð, var alveg augljóst, að það varð að reyna að koma hér á einhverju skipulagi í stað þess, sem áður var, þannig að sjómenn ættu beina hlutdeild að samningum um fiskverð, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, var vitanlega spor í rétta átt til þess að reyna að koma þessu þannig fyrir. En eins og ég hef bent á í þessum umr., er svo illa á málinu haldið, að hér er að verulegu leyti gengið fram hjá því að gefa réttum aðilum aðstöðu til þess að fá að semja um fiskverðið. Ég hef bent á, að það eru allar líkur til þess, að svo verði á málinu haldið, að t. d. þeir fjölmörgu sjómenn, sem eru innan Alþýðusambands Íslands, fái ekki við endanlega ákvörðun fiskverðsins að hafa neinn fulltrúa af sinni hálfu. Það eru langmestar líkur til þess, að frá Alþýðusambandinu verði enginn fulltrúi í sjálfri yfirnefndinni, eins og frá málum er gengið í þessu frv., og verði því málið afgr. á þennan hátt, þá er sá vandi ekki leystur, sem átti að leysa, að skapa eðlilegan samningagrundvöll á milli réttra aðila.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvmrh. sagði, að hann teldi, að í langflestum tilfellum ætti það að verða svo, að samningar um fiskverðið ættu að takast í sjálfu verðlagsráði, í ráðinu, sem á að vera skipað 14 fulltrúum, 7 af hálfu fiskseljenda og 7 af hálfu fiskkaupenda. En jafnhliða því, sem hæstv. ráðh. sagði þetta, að hann teldi, að það væru langmestar líkur til þess, að í þessu ráði yrði samið um verðið, þá sagði hann, að hann teldi, að meiri hluti sjútvn. gerði mjög veigamikla breytingu að einu leyti til, en það væri að tryggja það með nýju orðalagi, að fulltrúarnir frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, eða sá fulltrúi, sem á að vera frá Landssambandi ísl. útvegsmanna í yfirnefndinni, mætti ekki hafa fiskkaupasjónarmið. Hvaða þýðingu hefur það að breyta um stöðu þessa manns í yfirnefndinni, ef menn trúa því í raun og veru, að það eigi alltaf að semja um fiskverðið í verðlagsráðinu sjálfu? Ætli væri þá ekki nær að hafa fyrirkomulagið þannig að ákveða, að þeir fjórir fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem eru í sjálfu verðlagsráðinu, sem ráðherra segist trúa á að muni semja yfirleitt oftast nær um fiskverðið, þeir skuli, þessir 4 fulltrúar í sjálfu verðlagsráðinu, ekki hafa sjónarmið eða hagsmuni fiskkaupenda? Það hefði verið veigamikið atriði að taka það fram fyrir þann, sem trúði á, að þar yrði samið. En hæstv. ráðh., sem trúir á það, að verðlagsráðið sjálft muni oftast semja, getur vel hugsað sér það, að þar megi áfram vera í hópi fiskseljenda menn, sem hafa meiri hagsmuni sem fiskkaupendur. Kemur ekki hér einmitt að því, sem ég hef bent á áður, að það er greinilegt, að í sambandi við uppbyggingu þessa verðlagsráðs er beinlínis hallað á hlut sjómanna í flestum greinum, en reynt að koma málunum þannig fyrir, að hagur fiskkaupenda sé settur þar fyrir ofan? Nei, hið rétta er, að það eru auðvitað ekki verulega miklar líkur til þess, eins og verðlagsráðið er upp byggt, að þetta 14 manna ráð semji um fiskverðið. Það eru mjög litlar líkur til þess, vil ég segja, að það verði það, sem semur um það. En það hefði eigi að síður allmikið gildi að ákveða, að þeir 4 fulltrúar, sem koma frá hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna sem fulltrúar fiskseljenda í verðlagsráðið, séu aðilar, sem hafa ekki sjónarmið fiskkaupenda, vegna þess að þessir aðilar eiga að standa að því að velja menn í undirnefndina, sem á raunverulega að ráða um verðlagningu. Þessir menn fá því allmikið vald, þannig séð.

Nei, þegar þannig er haldið á máli, að það er gert ráð fyrir því, að hver og einn aðili af 14 í verðlagsráði geti vísað málinu til þessarar undirnefndar eða yfirnefndar eða hvað sem hún er kölluð, þá er það nokkurn veginn gefið mál, að málið mun alltaf lenda til þessarar sérstöku fimm manna nefndar. Það þarf ekki nema einn aðila í hópi 7 fiskkaupenda til þess að koma málinu þangað, og það þarf ekki heldur nema einn aðila í hópi 7 fiskseljenda til þess að koma málinu í hendur yfirnefndarinnar. Þetta atriði leiðir vitanlega til þess, að það verður yfirnefndin, sem fjallar um endanlegu ákvörðun fiskverðsins. Af því er það einmitt, að það skiptir öllu máli, eins og ég hef bent hér á áður, að vita um það, hvernig á raunverulega að velja þessa yfirnefnd, hvernig verður hún raunverulega skipuð. Eru einhverjar líkur til þess, að hún verði skipuð þannig, að þeir fulltrúar, sem eiga hér hagsmuna að gæta, vilji fallast á þessa yfirnefnd sem sinn umboðsaðila, og það séu einhverjar líkur til þess, að þeir sætti sig við úrskurð þessarar yfirnefndar? Vegna þess spurði ég um það fyrr í þessum umr., og hv. 2. landsk. þm. (EðS) spurði einnig um það, og ég átti von á því, að hæstv. sjútvmrh. svaraði þeirri spurningu, hvernig bæri að skilja orðalag frv. og till. meiri hl. sjútvmn. um val á mönnum í þessa yfirnefnd. Það stendur þar, að fulltrúar fiskseljenda í verðlagsráði, en það eru 4 menn frá L. Í. Ú. og 3 frá sjómönnum, eigi að tilnefna 2 fulltrúa, annan úr hópi L. Í. Ú., en hinn úr hópi sjómanna. Ef má skilja þetta eins og orðalagið er þarna að fullu og öllu, þá þýðir þetta, að það eru raunverulega 4 fulltrúar L. Í. Ú., sem skipa meiri hluta í hópi fiskseljenda, sem geta ákveðið, hvaða menn fara í yfirnefndina, hvaða fulltrúi á að koma frá sjómönnum og hvaða fulltrúi á

að koma frá L. Í. Ú. Ber að skilja þetta svona, eða ber að skilja þetta á hinn veginn, að þessir þrír fulltrúar sjómanna í verðlagsráði eigi út af fyrir sig að velja þann fulltrúa, sem á að koma úr þeirra hópi í yfirnefndina, og að fulltrúar Landssambandsins fjórir eigi út af fyrir sig að velja einn úr sínum hópi sem fulltrúa L. Í. Ú. í yfirnefndina? Um þetta var hæstv. ráðh. spurður, en hann svaraði ekki. Nú vil ég enn einu sinni endurtaka þessa spurningu og vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því hér alveg skýrt og greinilega, hvernig ber að skilja þetta að hans dómi. Ber að skilja þetta svona, að fulltrúar fiskseljenda, þessir 7 aðilar í verðlagsráðinu, eigi að velja þessa tvo menn, þannig að meiri hluti í þeirra hópi geti tilnefnt mennina? Ef hitt kynni að vera meiningin, þá tel ég, að það þurfi að breyta orðalaginu, eins og það er í frv. nú. En einmitt vegna þess, hvað yfirnefndin er mikilvæg í þessum efnum, því að það verður hún, sem á að fjalla um verðlagninguna, það er alveg augljóst mál, þá skiptir miklu máli að vita um það, hvernig þessi yfirnefnd verður valin.

Svo er hitt atriðið, að það skiptir vitanlega höfuðmáli fyrir t. d. sjómannasamtökin í landinu almennt séð, að það sé tekið fram alveg skýrt, hvaða fulltrúi eigi að vera í þessari yfirnefnd, sem eigi raunverulega að fjalla um málið af hálfu sjómanna. Það er eðlilegt, að það sé fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, sem spennir yfir allt landið sem samtök, en hitt eru miklu takmarkaðri samtök. Ef svo yrði látið ganga, að fulltrúi t. d. frá Farmannasambandinu eða fulltrúi frá Sjómannasambandinu yrði í yfirnefndinni, þá er enginn vafi á því, að mikill meiri hluti af sjómannafélögunum í landinu, sem hafa verið samningsaðilar fyrir hönd sjómanna fram til þessa, mundi telja, að þau hefðu engan aðila við þetta samningaborð. Það er ekkert annað en að grafa hausinn niður í sandinn að þykjast ekki sjá og skilja, að þetta hlýtur að fara svona. Það þýðir vitanlega ekkert að segja við sjómannafélögin á Austurlandi og Norðurlandi og Vestfjörðum, þó að í þessari yfirnefnd kynni að vera fulltrúi frá Sjómannasambandi Íslands, að þau, félögin þar fyrir austan, norðan og vestan, eigi þar nokkurn fulltrúa af sinni hálfu. Þau eru ekki í Sjómannasambandinu og geta ekki snúið sér til þess sem slíks aðila. Það eru vitanlega engin rök í því hjá hæstv. sjútvmrh. að tala um, að hinir fulltrúar sjómanna, eins og fulltrúi frá Farmannasambandinu eða fulltrúi frá Sjómannasambandinu, eins og þetta séu ekki góðir fulltrúar sjómanna, segir hæstv. ráðherra. Hvað ætli hæstv. ráðh. hefði sagt við því eða hvað halda menn að sjómenn t. d. almennt hefðu sagt við því, ef almennum hásetafélögum í landinu hefði verið boðið upp á það í samningum hingað til, að einhver fulltrúi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands ætti að semja fyrir þeirra hönd, hvort heldur er um fiskverð eða annað? Nei, það var ekkert óeðlilegt og vissulega réttlátt, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ætti einn fulltrúa í sjálfu verðlagsráðinu og að Sjómannasamband Íslands ætti einn fulltrúa í verðlagsráðinu, á móti t. d. tveim fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, ef sjálft verðlagsráðið hefði síðan verið byggt þannig upp, að því hefði raunverulega verið ætlað að semja um fiskverðið, en ekki aðeins að tilnefna aðra nefnd til samninganna.

Þá tók ég eftir því, að hæstv. sjútvmrh. hefur bitið sig mjög fast í, að það verði að ganga þannig frá þessum málum, að það sé alveg öruggt, að einhver úrskurðaraðili sé til að lokum; verði ekki samkomulag í verðlagsráðinu eða yfirnefndinni, þá verði til einhver úrskurðaraðili, einhver oddamaður, einhver gerðardómur til þess að leysa málið endanlega. Og honum finnst, að ef tekinn yrði upp sá háttur, sem 2. minni hl. sjútvn. leggur til, að sáttasemjari yrði kvaddur til þess að reyna að koma á samningum á milli aðila og sáttasemjari ríkisins fengi aðstöðu til þess að leggja fram miðlunartillögur, sem aðilar yrðu að greiða atkv. um, þá finnst hæstv. ráðherra, að það sé of mikil hætta á því, að málið leysist ekki og allt lendi út í stöðvun. En grundvöllur þessa máls er sá að reyna að knýja aðila til þess að ná samningum, en ekki að fá einhvern aðila til þess að höggva á einhvern hnút og það kannske á þann hátt, að aðilar láti ekki sansast og grípi þá til annarra ráða.

Ég hef bent á, að það er alveg augljóst, að sjómannasamtökin í landinu eiga þá leið opna og munu nota hana, að sé þeim ákveðið ósanngjarnt fiskverð að þeirra dómi, þá segja þau upp hinum almennu hlutaskiptasamningum, og það verður stöðvun eftir sem áður út af hlutaskiptakjörunum. Úrskurður, sem aðilar geta ekki sætt sig við í þessum efnum, leysir því ekki sjálfan vandann. Samkomulag eitt getur leyst vandann í þessum efnum.

Þá reyndi hæstv. sjútvmrh. að rökstyðja sitt mál með því, að ég ásamt hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) hafi flutt hér um alveg hliðstætt efni frv. áður, þar sem gert hefði verið ráð fyrir gerðardómi. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur þegar bent á það hér í þessum umr., að það frv., sem hér liggur fyrir, og það, sem við fluttum, eru í stórum atriðum ekki sambærileg. Okkar frv. var ekki almennt um verðlagningu á fiski, heldur var það fyrst og fremst um verðflokkun á fiski, hvernig skyldi flokka fiskinn niður í verðflokka, og það var flutt, eins og greinilega stóð í grg. þess, í tilefni þess, að þá stóðu málin svo illa, að það tókst ekki að koma á kjarasamningum í fjölmörgum verstöðvum, vegna þess að upp voru risnar deilur um það, hvernig ætti að flokka fiskinn í verðflokka. Það voru uppi harðar deilur um það, hvað skyldi kalla 1. flokk og hvað 2. flokk sem gæðaflokk og verðflokk, og það þurfti vitanlega að levsa þessa deilu og það alveg sérstaklega, eins og þá var komið málum, þar sem komið var fast að vertíð. Við bentum á það, að okkar frv. væri eingöngu bráðabirgðalausn á vandamáli, sem þá lá fyrir, og meginefni frv. var um það, hvernig skyldi flokka fiskinn í verðflokka, og sá úrskurður, sem þar átti að kveðast upp, var fyrst og fremst um, hvernig verðlagið skyldi verða út af fyrir sig á hverjum verðflokki. En hér er um allt annað atriði að ræða. Hér er um það að ræða að setja upp stofnun, sem á að vera til fram-

búðar og á að ákveða endanlegt fiskverð, sem hlutaskiptakjör verða byggð á og launakjör sjómanna byggjast því að mjög miklu leyti á. Það er því alveg gefið mál, að verði þannig gengið frá þessum málum, að sjómenn geti ekki sætt sig við þann grundvöll, sem hér er lagður, þá hlýtur það að leiða til þess, að þeir heyja deilur sínar um kjör sín, eins og ég hef sagt, um kjarasamningana sjálfa, um hlutaskiptakjörin, í stað þess að deila um sjálft fiskverðið.

Hæstv. sjútvmrh. sagði, að ætlunin væri með þessu frv. einmitt að koma í veg fyrir vinnustöðvanir. En hann hefur í þessum umr. gersamlega forðazt að ræða um þá hættu, sem á því er einmitt, að það fyrirkomulag, sem hann leggur til í þessu frv. á verðlagningu á fiski, kunni einmitt að leiða til vinnustöðvana. Einn aðilinn í undirbúningsnefndinni, sem vann að undirbúningi frv., fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, bendir beinlínis á það í sinni grg., að verði þessi skipan höfð á málinu, sem lagt er til í þessu frv., þá sé veruleg hætta á því, að þá rísi upp deilur um hlutaskiptakjörin.

Ég vildi sérstaklega óska eftir því, að hæstv. sjútvmrh. upplýsti það, sem ég hef spurt hér um varðandi skipun undirnefndarinnar, áður en atkvgr. fer fram um málið. Ástæðan til þess, að ég spyr sérstaklega um þetta atriði, er sú, að ég hef haft nokkra von um, að það kynni að hafa verið meiningin, að yfirnefndin ætti að veljast þannig, að fulltrúi sjómanna í yfirnefndinni yrði valinn af þeim einum í verðlagsráðinu sjálfu og að fulltrúi Landssambandsins í yfirnefndinni ætti að veljast eingöngu af fulltrúum Landssambandsins í verðlagsráðinu. Ég hef haft allverulega von um, að þetta kynni að vera meiningin, þó að orðalagið sé svona, og af því inni ég enn fastar eftir því, að hæstv. ráðh. svari þessari fsp., sem hér hefur komið fram bæði frá mér og öðrum, því að sé ætlunin sú að halda sér við það orðalag, sem segir í frv. í þessum efnum, og þá túlkun, sem er í beinu framhaldi af því orðalagi, þá tel ég, að nokkurn veginn hafi verið þrædd versta leiðin í öllum þeim atriðum, sem ágreiningurinn er sérstaklega um, þá hafi þetta verið gert nokkurn veginn eins bölvað og hægt var að hugsa sér það. Ég teldi allmikinn mun á, ef þetta væri á hinn veginn, þó að ég telji það vera fjarri því, að það leysi hér allan vanda. Það þarf að gera hér miklu meiri breytingar á. Að lokum vænti ég þess, að hæstv. ráðh. svari þessari fyrirspurn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. og þá sérstaklega til þess að svara þeirri spurningu, sem hv. 4. þm. Austf. (LJós) og raunar fleiri hafa borið hér fram, um það, hvernig kjósa beri í yfirnefndina. Mér láðist að svara þessu, það féll úr huga mínum, þegar ég talaði áðan, annars hefði ég alveg eins getað svarað því þá og ég get nú, að mér hefur aldrei dottið annað í hug en að sjómannafulltrúarnir ættu einir hlut að því, hvaða sjómaður yrði kosinn í yfirnefndina, og útgerðarmennirnir einir að tilnefna sinn fulltrúa þar. Ef það er talið eðlilegt eða nauðsynlegt, að þetta komi skýrar fram en í frv. felst, þá tel ég, að það mætti að sjálfsögðu gera, en mér finnst það óeðlilegt að hugsa sér þetta öðruvísi. Með yfirlýsingum hér ætti þetta að vera nokkurn veginn tryggt, en ef það er talið, að betur færi á því að taka af öll tvímæli um þetta í lögunum, hef ég síður en svo neitt á móti því. — Ég vænti, að með þessu sé fsp. hv. þm. fullsvarað.

En þá vildi ég líka, úr því að ég kem hér aftur, fara nokkrum orðum um röksemdafærslur hv. þm. um val útgerðarmanns í yfirnefndina og hvaða skilyrði hann verði að uppfylla, sem tæki ekki til fulltrúanna í verðlagsráði. Hv. þm. taldi óeðlilegt, að ekki yrði gerð sama krafa til fulltrúa útgerðarmanna í verðlagsráði og gerð er í yfirnefndinni, þ. e. a. s. þessi fulltrúi hafi enga kaupendahagsmuni. En þetta er, finnst mér, allt annars eðlis, hvernig málin eru afgreidd í verðlagsráði og hvernig þau eru afgreidd í yfirnefndinni. Ákvæðið um það, að útgerðarmaður skuli ekki hafa kaupendahagsmuna að gæta, er miklu óþarfara og að mínu viti alveg óþarft í verðlagsráðinu, en alveg sjálfsagt í yfirnefndinni. Það kemur til af því, að í verðlagsráði eru mál ekki afgreidd með atkvgr., þau eru því aðeins afgreidd í verðlagsráði, að um þau sé fullt samkomulag. Hins vegar eru í yfirnefndinni málin afgreidd með atkvgr., og meiri hluti atkvæða ræður þar úrslitum, og verður þess vegna þar að gera miklu strangari kröfur en í sjálfu verðlagsráði. Hver einasti aðili í verðlagsráðinu getur stöðvað afgreiðslu máls og þá náttúrlega alveg eins, þó að einhver af útgerðarmönnunum í ráðinu hefði einhverra annarra hagsmuna að gæta en sjómennirnir, og er það þess vegna alveg á valdi þeirra að stöðva afgreiðsluna, en það er ekki hægt í yfirnefndinni. Þess vegna eru það að mínu áliti aðrar kröfur, sem þarf að gera í yfirnefnd en í verðlagsráðinu sjálfu.

Um það, hvernig þessi mál verða afgreidd skv. frv., hvort það verður verðlagsráðið eða yfirnefndin, sem kemur til með að ráða málinu til lykta, það er náttúrlega ákaflega erfitt að segja á þessu stigi málsins. Getur reynslan ein skorið úr um það. Ég lét í ljós þá skoðun og þá trú, að langsamlega mestar líkur væru til þess, að verðlagsráðið gæti komið sér saman um afgreiðsluna og þyrfti ekki að vísa málinu til yfirnefndar, m. a. vegna þess, að áfrýjun til yfirnefndar fylgir nokkur áhætta fyrir báða aðila og þess vegna sé til allmikils að vinna fyrir þá báða að fá málunum ráðið til lykta í sjálfu verðlagsráðinu án þess að áfrýja því til yfirnefndar. Þannig hefur reynslan orðið í verðlagsráði landbúnaðarafurða að langsamlega mestu leyti, með þeim fáu frávikum, sem ég nefndi áðan, og ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en það sama geti orðið í verðlagsráði sjávarútvegsins, þannig að málin verði að mestu leyti afgreidd þar, en ekki hjá yfirnefnd. — Annað held ég að hafi ekki verið, sem ég þurfti að svara hv. þm.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð almenns efnis viðvíkjandi þessu máli, því að mér virðist, að með því sé

ríkisstj. enn að breyta allmikið frá þeirri stefnu, sem hún hafði upphaflega sett sér, og að þetta mál komi til með að tákna nýtt stig í þeirri þróun, sem virðist vera að verða ofan á í stefnu ríkisstj.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var það hennar yfirlýsta stefna í sambandi við mál, sem snertu atvinnu- og verzlunarlíf í landinu, að þar skyldi frelsið ríkja, þar skyldu andstæðir hagsmunir og barátta fá að gerast og andstæðir hagsmunahópar fá að eigast við, án þess að ríkisstj. og ríkisvaldið skipti sér af því. Fagnaðarboðskapurinn, sem fluttur var þá, var sá, að nú ætti að létta af íslenzku þjóðinni sífelldum afskiptum ríkisvaldsins, sem hefðu verið meira eða minna í 30 ár, þannig að alls staðar væri það ríkisvaldið, sem skipti sér af hlutunum og kæmi til og ákvæði málin, en ekki þannig, að borgararnir ættust við út frá mismunandi hagsmunasjónarmiðum og í þeirra glímu yrði endanlega ákveðið, hvað ofan á yrði. Mér sýnist, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. sé hugsað til þess að koma í staðinn fyrir þá frjálsu verðmyndun og í staðinn fyrir þá baráttu, sem eigi sér stað á milli hinna andstæðu hagsmunaheilda, stéttanna í þjóðfélaginu, ríkisvaldið eigi að skakka leikinn og ákveða niðurstöðuna. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að athuga þetta dálítið vel og gera okkur þetta ljóst, til þess að við sjáum, hvert verið er að stefna. Það var áður talað svo um, í sambandi við það, sem gert var um landbúnaðarmálin og verðlagsráðið, sem þar var sett í desember síðasta árs, að raunverulega væri landbúnaðurinn eins og eins konar eyja, þar væri, eins og sumir sjálfstæðismenn orðuðu það, Framsóknarpólitíkinni haldið áfram. M. ö. o.: landbúnaðurinn átti að vera eitthvað út af fyrir sig, sem þær gömlu reglur ættu að gilda um, en hið nýja frelsi ætti að innleiðast á öllum hinum sviðunum, í verzluninni, sjávarútveginum og öðru slíku. Og hver er nú reynslan, sem hæstv. ríkisstj. hefur af þessum kenningum sínum eftir eitt ár? Ég verð að virða henni það til vorkunnar á vissan hátt, að hún dregur réttar ályktanir út af þessari reynslu. Reynslan er sú, að þetta frelsi geti ekki gengið, að það dugi ekki, að þessir hagsmunahópar í þjóðfélaginu, að þessar andstæðu stéttir séu látnar eigast einar við, það verði að koma þarna til aðili, ríkisvaldið sjálft, sem geri út um hlutina. Þetta er niðurstaða hæstv. ríkisstj. M. ö. o.: allt, sem hún hafði boðað, allur frelsisboðskapurinn nú í upp undir tvö ár, þetta sé allt saman orðin tóm og staðreyndirnar, sem ríkisstj. hafi rekið sig á, knýi hana til þess að endurskoða allt mat sitt.

Svo kemur hins vegar spursmálið um, hvernig ríkisstj. endurskoðar þetta mat og til hvaða aðferða hún grípur, þegar hún sér, að hennar gömlu kenningar, hennar gamli frelsisfagnaðarboðskapur dugir ekki. Þar verður dálítið ljótt upp á teningnum. Það fyrsta raunverulega, sem maður áttar sig á, þegar maður sér þetta frv. um verðlagsráð, er, að nú á að fara þannig að, að það á að kveða upp dóm um, hvaða verð sjómennirnir og fiskseljendurnir skuli fá. En sá dómur á að vera mjög takmarkaður. Hann á einvörðungu að gilda um það, sem eftir er, þegar ríkisvaldið á einn eða annan máta er búið að taka sitt. M. ö. o.: það er upplýst og gefið, að hlutir eins og vextirnir, hlutir eins og útflutningsgjöldin, hlutir eins og vátryggingargjöldin, þetta allt saman á ekki að vera neitt samningsatriði, þessu á að stjórna ofan frá, þetta á að verða ákvarðað af ríkisvaldinu, um þetta á ekki að semja. Það á ekki að semja við ríkisvaldið og ekki að semja við bankana. Útgerðarmennirnir og sjómennirnir fá ekki aðstöðu til þess, að bankarnir séu þarna einn aðilinn, sem samið sé við. Þeir ættu þó sannarlega að vera samningsaðili. Ríkisstj. reynir að koma sér út úr þessu þannig, að hún sé ekki samningsaðili, sem þarna er samið við. Útflutningsgjald á hún að mega leggja á og taka af óskiptu, án þess að sjómenn eða útgerðarmenn geti þar nokkuð um samið. Ég vil vekja athygli á því, hvert verið er að fara með þessu. Ríkisbankarnir, vátryggingarfélögin, ríkisstj. sjálf og aðrir aðilar eru látnir eftir sem áður hafa þá aðstöðu, að þeir raunverulega taka sinn hluta af óskiptu. Þeir eru ekki viðsemjendur. Þeir eiga að vera eins og hátt yfir þetta allt hafnir. Þeirra hlutur á að vera á þurru landi. En um það, sem eftir er, þegar þeir hafa með þessum hrammi hrifsað til sín, um það eiga hinir að slást. Þetta er í raun og veru það fyrsta, sem maður tekur eftir í sambandi við þetta, því að ég er hræddur um, að þegar komið er að yfirdómnum og þegar svo langt væri komið, að hæstiréttur ætti að útnefna þarna einn mann til þess að vera oddamaður, ef þetta frv. nær fram að ganga, þá muni sá oddamaður ganga út frá því, að þessir hlutir séu fastir og ákveðnir, þessu verði ekki haggað, um þetta skuli ekki samið. Þar kemur strax það, sem ég álít að sé nokkur galli þarna á, og það er, að hæstv. ríkisstj. skuli smokka sjálfri sér út úr þessu og reyna að blekkja fólk með því að telja mönnum trú um, að fulltrúi hæstaréttar eða einhver slíkur aðili ætti að heita þarna eins konar óhlutdrægur fulltrúi. Ég held, að það hefði verið betra, að hæstv. ríkisstj. hefði sjálf tekið á sig þá pólitísku ábyrgð, ef hún vill setja svona lög, að vera þarna oddamaður. Hún hefði aðstöðu til þess sem samningsaðili, ef eitthvað ætti að semja í yfirdómnum, að reyna að semja út á við. Hún hefði aðstöðu til þess að segja, þegar ekki væri hægt að koma þessu saman: Ja, ég skal þá slaka til á vöxtunum, ég skal þá slaka til á útflutningsgjaldinu. — Og er það ekki það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera að undanförnu? Hefur hún ekki einmitt verið að slaka til á þessu? Hefur hún ekki verið að breyta ýmislega til um þessa hluti? Ég mundi að vísu ekki vilja gefa henni valdið til þess að eiga að útkljá þetta, en að svo miklu leyti sem ætti að reyna að heyja sáttasemjarastarfið í þessum yfirdómi með einhverjum árangri, þá hefur það verið reynslan á síðustu 15 árum, sem ríkisstj. hefur haft afskipti af þessum málum, að það hafi þó reynzt einna skást, að ríkisvaldið sjálft, ríkisstj. beint tæki þarna þátt í. Það munu vera fáir sjútvmrh. á

síðustu 15 árum, sem hafa ekki orðið um hver áramót einmitt að skipta sér af þessum hlutum, og ég held, að það sé alls ekki rétt af einni ríkisstj., sem með völdin fer í þessu landi, að reyna að smokka sér út úr því að eiga að semja um þessa hluti. Hún er sá aðili, sem þarna hefur valdið, hún er sá aðili, sem þarna hefur stærsta hlutinn. Hún og ríkisbáknið og þeir aðilar, sem ríkisvaldið raunverulega skammtar meira eða minna svo og svo stóran hlut, það eru aðilarnir, sem geta látið þarna undan, og aðilarnir, sem hafa verið að láta undan undanfarið. Hæstv. núv. sjútvmrh. hefur verið að slaka til í þessum efnum viðvíkjandi vátryggingargjöldum og öðru slíku. Það gerir fulltrúi hæstaréttar ekki, þegar hann kemur þarna inn í. Þess vegna er alveg greinilegt, ef ein ríkisstj. ætlar að smokka sér út úr því að reyna að vera sjálf þarna eins konar sáttasemjari, þá er hún þar með að reyna að binda þann endi á þessar deilur, að það sé útkljáð, eftir því sem hún hefur hugsað sér það, með eins konar fyrirskipun svo að segja frá oddamanninum, hvernig þetta skuli vera, og oddamaðurinn raunverulega valdalaus með að geta hnikað þarna nokkuð til. Ríkisstj. virðist með þessu móti vera að forða á þurrt land þeim hlut, sem hún hefur getað notað á undanförnum 15 árum til að reyna einmitt að miðla málum með, þeim hlut, sem ríkisvaldið sjálft hefur fengið í sinn hlut eða útvegað vátryggingarfélögunum og öðrum slíkum.

Ég held að það sé ákaflega óheppileg þróun, sem er að gerast með þessu móti. Það verður aldrei komizt hjá því í okkar landi, að ríkisstj. í svona litlu landi, með atvinnuveg, sem leggur til 97% af öllum útflutningnum, skipti sér af þessum hlutum. Og niðurstaðan, sem hæstv. ríkisstj. hefur komizt að, af því að boða hér í tvö ár þennan fagnaðarboðskap frelsisins, er, að þetta frelsi geti ekki gengið. En það á hún bara að horfast í augu við, að það þarf ríkisafskipti til þess að ráða fram úr þessu, en ekki að reyna að setja nein ný gerðardómslög um slíkt.

En hvað er það nú raunverulega, sem á bak við býr? Þessar hugmyndir mínar eru fyrst og fremst formlegs eðlis, það sem af er. Hvað er það, sem á bak við býr þarna? Það var eitt, sem fékkst ekki hreyft við, þegar frelsið mikla var boðað, það voru útflutningshringirnir. Það átti að vera frelsi víðast hvar annars staðar, en þeir áttu að standa óskertir, og vald ríkisstj. yfir útflutningnum átti að standa óskert. Hvað er nú raunverulega það, sem nú hefur gerzt? Það, sem hefur gerzt, er það, að um leið og verið er að flevgja þessari frelsiskápu, sem verið var að skrýða allt þetta ástand hér hjá okkur í, þá á nú raunverulega að fara að koma fram alræði þeirra hringa, sem ráða um útflutninginn. Og það er raunverulega það alræði, sem fulltrúi hæstaréttar á að leggja sína blessun yfir. Hann á ekki að hafa neitt með það að gera, hvernig er um sölu íslenzkra afurða erlendis, hvað miklu er stolið undan, hvað mikið er fest. Hann á ekkert að hafa um það að segja, þó að 300–400 millj. kr. séu teknar frá fiskkaupendunum hér á Íslandi og festar í Ameríku, Hollandi eða Englandi. Fulltrúi hæstaréttar kemur aldrei til með að líta á þau mál. Einokunin á útflutningnum á að vera eins og eitthvað, sem óhugsandi sé að semja um eða að ræða um í sambandi við þessi mál, og það er hrifsað burt, svo að skiptir hundruðum millj. kr., af fiskframleiðendunum á Íslandi. Það má hvergi koma þarna nærri. Þarna eru það bara hinir svonefndu fiskkaupendur, hraðfrystihúsin og slíkir annars vegar og fiskframleiðendurnir, sjómenn og útgerðarmenn hins vegar, sem eiga að eigast við. M. ö. o.: alræði þeirra hringa, sem hafa farið með völdin í þessum efnum á undanförnum árum, á að festa í sessi og ríkisstj. á með fulltrúa hæstaréttar þarna í að þvo hendur sínar af þessu. En engu að síður á ríkisvaldið, m. a. með fulltrúa hæstaréttar sem sinn fulltrúa, að ákveða allt þetta. Það er náttúrlega engum vafa bundið, að því meira sem valdið er þannig fært yfir í hendur ríkisvaldsins, því harðari hlýtur baráttan um sjálft ríkisvaldið að verða. Það er eðlileg afleiðing af þessu.

Það er máske rétt að minna á það í þessu sambandi líka, að á sama tíma og verið er að gera á þennan hátt ráðstafanir til þess að skapa verðlagsráð og ákveða verð með slíkum yfirdómi á fiskinum, þá er hins vegar verið að stefna að því að afnema verðlagsákvæði viðvíkjandi því, sem verið er að selja í landinu, ýmsum nauðsynjavörum almennings. Hvernig stendur á, að hæstv. ríkisstj. rekur svona þveröfuga pólitík á tveim sviðum, í stað þess að reyna að koma á alls staðar frjálsri verðlagsmyndun, að hún skuli sums staðar afnema hana, en á öðrum sviðum aftur á móti vera að ryðja henni braut? Skyldi það vera vegna þess, að hún er að þjóna hagsmunum atvinnurekendanna á báðum sviðunum? Með því að ákveða með yfirdóminum verðlagsákvarðanirnar hvað fiskinn snertir á að þjóna hagsmunum stóratvinnurekendanna, söluhringanna og annarra slíkra. Hins vegar með því að afnema verðlagsákvæðin í sambandi við neyzluvöruna, þá er verið að þjóna hagsmunum heildsalanna og kaupmannanna í slíku. M. ö. o.: með hverju skrefi, sem hæstv. ríkisstj. stígur, eins og nú með þessu frv., er verið að gera ríkisvaldið æ meir áberandi að fulltrúa fyrir atvinnurekendurna í landinu. Og það er einmitt verið að vinna af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, sem boðaði það, að hún mundi láta alla verðmyndun afskiptalausa, verðlagsmyndunina fara frjálst fram.

Það yrði kannske fróðlegt, þegar farið yrði að ræða þessi mál nánar eða þegar farið yrði að framkvæma þetta mál, að bera saman það, sem gert var, þegar ríkið hóf afskipti sín af þessum málum með fiskábyrgðinni í des. 1946, og hvaða verð það var, sem þá var ákveðið til handa sjómönnum og tryggt af hálfu ríkisins, og hvaða verð var hins vegar, sem hraðfrystihúsin og slíkir þá fengu. Ég skal ekki fara nákvæmlega út í það, en grunur minn er sá, að það komi fram hvað snertir það verð, sem sjómönnunum er ætlað, svipað og það, sem orðið hefur við-

víkjandi þróuninni um kaup verkamannsins, að það sé hlutfallslega allmiklu lægra verð, sem sjómaðurinn, hinn raunverulegi fiskframleiðandi, eigi nú að fá í sinn hlut, heldur en það, sem hraðfrystihúsin, — svo að ég tali nú ekki um aðra, sem öruggar taka sinn hlut en þau, — eiga að fá í sinn hlut.

Ég vil taka hér undir það, sem þegar hefur komið fram í umræðunum undanfarið, að gert verði það, sem hægt sé, eins og líka till. 2. minni hl. sjútvn. ganga út á, til að reyna að tryggja rétt sjómannanna og þar með sérstaklega Alþýðusambands Íslands, fulltrúa sjómannaheildarinnar og allrar sjómannastéttarinnar í landinu, og skal ekki fjölyrða um það.

En ég vil vekja athygli á, að með því að stofna til þessara samninga, sem kallað er, og að lokum yfirdóms í viðureigninni milli fiskiðnaðarfyrirtækjanna annars vegar og fiskframleiðendanna hins vegar, þá heldur ríkisstj. þeirri aðstöðu að geta tekið þann hluta, sem henni þóknast, af fiskinum og fiskverðinu áður. Ríkisstj. hefur þá aðstöðu í fyrsta lagi að taka til handa aðilum, sem eru utan við þetta hvort tveggja, fiskiðnaðinn og sjálfar fiskveiðarnar, það sem henni þóknast með útflutningsgjöldum, með bankavöxtum og öðru slíku. Og það er ekki gert að neinu samningsatriði. Það er látið eins og það væri eitthvert óhagganlegt náttúrulögmál. Og jafnframt heldur ríkisstj. þeirri aðstöðu að geta, ef henni þóknast, veitt útgerðarmönnunum eftir á, eða fiskiðnaðinum líka eftir á, þegar búið væri að semja um þessa hluti, sérstök fríðindi, raunverulega á kostnað heildarinnar og kostnað sjómannanna, við skulum segja á kostnað bankanna og fleiri slíkra, þegar búið væri að semja, og skapa þannig alveg sérstaka aðstöðu fyrir atvinnurekendurna í landinu, eins og oft hefur verið gengið á lagið með á undanförnum árum. Ríkisstj. hefur oft undanfarið gert það að greiða vátryggingargjöld og annað slíkt af óskiptu, og vafalaust standa þeir möguleikar opnir eftir sem áður að lækka vexti og annað, það eru engir samningar um slíkt. M. ö. o.: eftir að búið væri að semja á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hér gengur út frá, er hægt að veita sérstök fríðindi öðrum aðilanum, atvinnurekstrinum, með því að lækka vextina, lækka vátryggingargjöldin og ýmislegt annað slíkt. Ég vil vekja athygli á þessu, vegna þess að eðlilegt væri, að samið væri um þetta fyrir fram. Ég skal vissulega viðurkenna, að það væri líka hægt að þrengja að þessum aðilum, í þessu tilfelli fiskiðnaðinum og þeim, sem reka veiðiskipin, með því að hækka máske vexti, með því að láta hækka vátryggingargjöld og annað slíkt. En ég vil bara vekja athygli á þessu vegna þess, að það eru í raun og veru engir venjulegir og frjálsir samningar, sem fara fram með þessu móti, meira að segja meðan enn þá er þó verið á samningsstiginu og áður en kemur að yfirdóminum. Það, sem kemur út, ef svona frv. er samþ., er, að atvinnurekendur og verkamenn, verkamennirnir á sjónum í þessu tilfelli, sjómennirnir, þeir eiga að deila, þeir eiga að skipta því, sem eftir er, þegar voldugasti aðilinn í landinu er búinn að taka sitt. Ríkisvaldið, söluhringarnir, og aðrir slíkir, dauða höndin, sem liggur nú á atvinnurekstri Íslands og sýgur til sín stærsta hlutinn, hún á að halda sínum hrammi föstum á sjávarútveginum, það á að beygja sjávarútveginn undir það alræði, sem þarna er um að ræða. Það hefur verið upplýst hér áður, sérstaklega af hv. 4. þm. Austf. (LJós), hver sá hlutur er, sem þannig er tekinn á þurru landi, hvernig bankavextirnir eru 9—10% nú orðið, margfaldir á við það, sem tíðkast nokkurs staðar erlendis, hvernig vátryggingarfélögin fá margfalt meira en tíðkast úti, hvernig söluhringarnir, sem selja út úr landinu, taka um þrefalt hærri prósisjón og gefa erlendis heldur en tíðkast t. d. í Noregi, hvernig ríkið tekur sjálft í sinn hlut útflutningsgjald, hvernig allt upp undir 25% af verðmæti fisksins fer í þennan dauða hlut, hvernig fjórðungur af öllu fiskandvirðinu er tekinn, áður en atvinnurekendur og verkamenn, áður en fiskiðnaðurinn og fiskveiðendurnir eiga að fara að skipta sín á milli. Og þetta er ekkert smáatriði í þessu efni. Ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað taka að einhverju leyti sinn frelsisboðskap upp og segja: Það er öllum aðilum hér á Íslandi heimilt að taka lán, eins og þeim þóknast og hvar sem þeir vilja, til þess að reka atvinnuvegi hér á Íslandi, þeim er heimilt að selja út úr landinu hvert sem þeir vilja án afskipta ríkisstj., — þá hefði máske ýmislegt getað komið út úr þessum hlutum, þá hefði máske ýmsu verið rutt burt, sem hér er af rotnuðu fyrirkomulagi í sambandi við sjávarútveginn. En ekkert af slíku hefur verið gert. Frelsið hefur aldrei náð það langt þessi tvö ár, sem frelsið var boðað á þessu sviði. Það hefur meira að segja verið upplýst, þó að ekki hafi það fengizt rannsakað, að svo að hundruðum millj. kr. skiptir af því, sem fiskveiðendur hafa framleitt, er þegar fest erlendis af voldugum söluhringum þar og fæst ekki hreyft við því. Það hefur kannske vaxið á tímum þessarar ríkisstj. Ég er hræddur um, að sá aðili, sem þarna tekur til sín drýgsta hlutinn, ríkisvaldið og þeir voldugu hringar, sem standa meira eða minna undir verndarvæng þess, þeir hefðu átt að dragast inn í þessa samninga þarna með og þeir hefðu átt að fá að hafa þá sveðju yfir sínu höfði, að þeirra einokunaraðstöðu í þjóðfélaginu yrði grandað, svo framarlega sem þeir stæðu sig ekki betur í því að létta undir með íslenzkum sjávarútvegi heldur en þeir hafa gert. Það, hve erfiðlega gengur, og það, hve erfitt hefur verið að semja milli atvinnurekenda og verkamanna í sjávarútveginum, er vegna þess, hve stór þessi hlutur er, sem tekinn er á þurru landi af þessari dauðu hönd, og það er þarna fyrst og fremst, sem hefði þurft að ráðast á, en hefur ekki verið gert. Ég álít, að ríkisstj. sé, með því að halda hlífiskildi einmitt yfir þessum aðila, að framkvæma með þessu frv., ef að lögum verður, það að reyna að skapa eins konar alræði fyrir þessa hringa í íslenzkum sjávarútvegi og rýra enn kjör sjómanna og kjör fiskveiðenda, til þess að geta viðhaldið öllum þeim gífurlega þunga, sem

allt bákn þessara hringa og ríkisvaldsins sjálfs er og hefur verið að sliga sjávarútveginn. Sem sagt, í staðinn fyrir að létta einhverju af öllum þessum þunga af sjávarútveginum, sem hann er svo að segja að sökkva undir, á nú að gera ráðstafanir til þess að rýra rétt sjómanna, til þess að geta rýrt hlut sjómannanna á eftir. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, en það spáir engu góðu, þegar svona er farið að. Og hafi ríkisstj. rekið sig á það á undanförnum árum, eins og hún virðist hafa gert og vera að draga vissar ályktanir af því, að hennar boðskapur og hennar tilraunir, hennar dýru tilraunir með íslenzkt atvinnulíf, þær hafi reynzt illa, af því að þær hafi verið byggðar á fölskum forsendum, þá er ég hræddur um, að hún eigi eftir að reyna það sama, þegar hún skyndilega hverfur burt frá frelsinu, sem hún var að boða áður, og ætlar nú að fara að grípa til einræðisskipulags í þessum efnum.

ATKVGR.

Brtt. 189,1 1. mgr. felld með 18:15 atkv.
— 189,1 2. mgr. felld með 18:15 atkv.
— 192,1 felld með 18:13 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 189,2 tekin aftur.
— 192,2 tekin aftur.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 189,3 tekin aftur.
— 192,3 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 189,4 tekin aftur.
— 192,4 tekin aftur.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 192,5 felld með 18:13 atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 192,6 felld með 18:6 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 192,7 felld með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, GeirG, KGuðj, LJós, EðS.
nei: EI, EmJ, EystJ, GíslG, GíslJ, GuðlG, GunnG, HS, IngJ, JSk, JP, JR, MÁM, SvE, PS, SÁ, SI, ÁÞ, BGr, HH, BK, BBen, BFB, BP, RH.
HÁ, SkG, ÞÞ greiddu ekki atkv.
7 þm. (GÍG, GJóh, GÞG, HV, IG, JóhH, AGb) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Þar sem ég aðhyllist þá skipan þessara mála, sem greinir í brtt. þeirri, sem hér verður til atkv. upp borin næst á eftir þessari, ef þessi verður felld, segi ég nei.

Brtt. 189,5 felld með 18:13 atkv.
— 180 (ný 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 189,6 felld með 18:9 atkv.
10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 189,7 felld með 19:7 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 206, 207, 213, 214).

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls benti ég á nauðsyn þess, að jöfnuð væri tala útgerðarmanna og sjómanna í verðlagsráði, ekki vegna þess, eins og ég tók fram líka við fyrri umræðu, að ég teldi ekki, að réttur sjómanna væri tryggður, sérstaklega þó ekki eftir þá breyt., sem gerð var á 9. gr. frv. við 2. umr., heldur, eins og ég tók fram, vegna þeirrar tortryggni, sem mætti blása upp út af þessu atriði, eins og á daginn hefur komið.

Ég get, eins og ég hef líka bent á við fyrri umr., fallizt á sum rök útgerðarmanna fyrir því að eiga þarna 4 menn, meðan sjómenn ættu 3. En einmitt vegna þeirrar breyt., sem gerð var á 9. gr. frv., sem tryggði ekki aðeins sjómönnum þann rétt, sem felst í því að hafa neitunarvald í verðlagsráði, heldur og öllum öðrum aðilum, sem í því eiga sæti, þá tel ég, að þeir megi jafnvel fórna nokkru frá því, sem þeir hafa talið rétt vera, og eins og má vissulega fallast á í sambandi við fjöldann í ráðinu, gegn því að útiloka þann möguleika, að af þessari ástæðu gæti verið um tortryggni í garð ráðsins að ræða.

Það hefur gefizt, frá því að 2. umr. lauk, nokkurt tóm til þess að kynna sér skoðanir bæði einstakra útgerðarmanna og framámanna í þeim samtökum, sem koma til með að eiga aðild að verðlagsráði, og í ljós kemur, að það virðist vera miklu minna atriði í þeirra augum en í augum sjómanna, að útgerðarmenn hafi 4 aðila, meðan sjómenn hafi 3 aðila í verðlagsráði eða í þeim hluta þess, sem fiskseljendur eru. Mér hefur verið bent á það af einum af þeim nú orðið mörgu þm., sem eiga sæti á þingi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að þar hafi komið fram till. um að kjósa þegar í þetta ráð, en þá hafi einn af þessum þm. staðið á fætur og bent á, að það væri í fyrsta lagi ekki neitt búið að ráða úr um það, hve margir kæmu til með að eiga setu í því, og við þessu komu ekki fram nein mótmæli á þeirri samkundu.

Sá meiri hl., sem skapaðist við 2. umr. þessa máls, hefur komið sér saman um að gera brtt. við frv., eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. Þessum brtt. okkar hefur 2. minni hl., hv. 7. landsk. (GeirG), talið sig vera samþykkan. Því miður hefur ekki enn unnizt tími til þess að útbýta þessum brtt., svo að ég mun fara nú nokkrum orðum um, í hverju þær séu fólgnar.

Við leggjum til, að í 1. gr. á A-lið verði sú breyt. gerð, að í stað fjögurra fulltrúa tilnefndra af Landssambandi ísl. útvegsmanna komi þrír fulltrúar, og í B-liðnum, að í stað tveggja fulltrúa tilnefndra af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda verði einn fulltrúi, í stað þriggja fulltrúa tilnefndra af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi verði tveir fulltrúar og í stað tveggja fulltrúa tilnefndra af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi komi einn fulltrúi.

Þetta er gert til þess að ná jöfnuði á móti þeim sex fulltrúum, sem við leggjum til, að verði skipaðir af hálfu fisksöluaðila í þetta verðlagsráð. Samkvæmt þessu gerum við einnig till. um, að á 2. gr. verði sú breyt., að í stað 14 komi 12, og í 3. gr. komi 6 fulltrúar fisksöluaðila og 6 fulltrúar, — breytum þarna einu orði, sem virðist vera prentvilla, þar stendur aðilar, á þetta atriði benti hv. frsm. 1. minni hl. við 2. umr., og það þykir eðlilegra að láta þarna koma einnig inn orðið „fulltrúi" í staðinn fyrir „aðili", — og það verði þá 6 fulltrúar frá fiskkaupendum, og önnur breyting í þeirri grein verði sú, að í stað tveggja frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda verði einn. Samsvarandi breytingar verði og gerðar á 4. gr. Þar verði 6 fulltrúar fisksöluaðila og 6 fulltrúar fiskkaupenda og breytingin þar verði, eins og ég hef þegar getið um, að í stað þriggja frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi verði þeir tveir, og samsvarandi í seinni hluta þeirrar greinar, sem fjallar um, þegar ákveða eigi verð á síld, sem veidd er við Suður- og Suðvesturland, að þá verði þar einnig 6 fulltrúar fiskseljenda og 6 fulltrúar fiskkaupenda og að þar falli þá burt annar fulltrúi frá eigendum síldarverksmiðja á Suðvesturlandi. Með þessum breytingum á fyrri og síðari mgr. 4. gr. verður nokkurt samræmi í fulltrúatölunni frá síldarsaltendum. Annars vegar eru í fyrra tilfellinu tveir frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og þá eru og tveir frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi, þegar fjallað er um verð á því svæði. Eins verður þá einn frá samtökum síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi í fyrra dæminu, en einn frá eigendum síldarverksmiðja á Suðvesturlandi í seinna dæminu.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Þessar brtt. eru í prentun og mun verða dreift um þingsalinn meðal þdm. innan skamms, að ég vona. En eins og ég tók fram í máli mínu, þá er sá meiri hl. sjútvn. hv. d., sem skapaðist hér við 2. umr., meðmæltur þessum brtt., svo og annar minnihlutaaðilinn, hv. 7. landsk., Geir Gunnarsson, og þessar brtt. eru bornar fram í okkar nafni.

Hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, hefur borið fram sérstakar tillögur, sem hann að sjálfsögðu gerir grein fyrir, en ég tel samt eftir viðtöl, sem við höfum átt við hann, að að frágengnum þeim tillögum muni hann ekki vera mjög andstæður þeim brtt., sem við höfum lagt fram.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls leyfði ég mér að bera fram af hálfu minni hl. í sjútvn., 1. minni hl., nokkrar brtt. við frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins, eins og það lá þá fyrir. Þessar tillögur voru í 7 liðum. 1. liðurinn fjallaði um skipun verðlagsráðs, þar sem m. a. var lagt til, að félög fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum fengju fulltrúa í ráðinu, að fulltrúar sjómanna yrðu jafnmargir og fulltrúar útvegsmanna og að sett yrðu skilyrði fyrir því að geta orðið fulltrúi fisksöluaðila eða fiskkaupenda, að hlutaðeigandi hefði ekki andstæðra hagsmuna að gæta. 2., 3. og 4. brtt. voru svo um skipun verðlagsráðs, þegar það hefur með höndum verðlagningu, og er í raun og veru aðeins afleiðing af minni 1. brtt. 5. brtt. var um skipun yfirnefndar og sérstök skilyrði til þess, að yfirnefnd gæti orðið skipuð oddamanni tilnefndum af hæstarétti, að meiri hluti beggja aðila hefði á það fallizt. 6. tillagan var um gildistíma verðlagsákvarðana og 7. tillagan um greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna, að kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, en ekki úr fiskimálasjóði, og eftir því sem ég veit bezt, var sú tillaga mín í samræmi við till. undirbúningsnefndarinnar í þessu máli.

Allar þessar tillögur, sem ég bar fram við 2. umr. og hef nú minnzt á, voru felldar við umr. Og þeir, sem að þessu frv. standa, virtust ekki vera til viðræðu um samkomulag á grundvelli þessara tillagna, enda þótt umr. virtust benda til þess, að slíkt samkomulag gæti tekizt. Ég verð að harma það, að samkomulagsvilji skuli ekki hafa verið fyrir hendi eða skilningur á því hagræði, sem samkomulag hlýtur að hafa í för með sér við framkvæmd þessa máls. Eigi að síður mun ég greiða atkv. með þessu frv., þó að ég hefði kosið það á annan veg. Ég mun gera það vegna þess, að ég tel það þó, eins og það liggur fyrir, og sérstaklega ef á því fengjust við þessa umr. einhverjar breytingar, vera til bóta frá því ástandi, sem nú er. Um þetta mál hefur tekizt allvíðtækt samkomulag milli aðila bæði í hópi fisksöluaðila og fiskkaupenda, — ég segi allvíðtækt, þó að það samkomulag væri ekki algert, eins og þegar hefur verið lýst. Ég tel rétt að byggja nokkrar vonir á þessum samkomulagsvilja, sem hefur komið fram við undirbúning málsins, þó að ég því miður geti ekki verið viss um, að það beri þann árangur, sem æskilegur væri, eins og nú er í pottinn búið eða var eftir 2. umr. Þegar ég nú greiði atkv. með þessu frv., hef ég það í huga m. a., að á þennan hátt, ef frv. verður að lögum, þá er séð fyrir því, að þeir aðilar, sem hér eiga einkum hlut að máli, ræðist við og að þeir hafi aðstöðu til þess að kynna sér gögn þau, sem verðlagning hlýtur að byggjast á, og að það má teljast tryggt með þessum lögum, að fleiri aðilar, sem hlut eiga að máli, komi til með að hafa beina aðild að verðlagningunni en ella mundi verða og verið hefur nú undanfarið.

Ég geri ráð fyrir því, að árangur af þessari löggjöf, sem ég vil vænta að geti orðið, eða vona a. m. k., að hann muni fyrst og fremst byggjast á samkomulagi og það, hver sá árangur verður, muni fara mjög eftir því, hver samkomulagsviljinn verður hjá þeim, sem að þessum málum eiga að starfa samkv. þessu frv., ef að lögum verður. Og ég vildi mega vænta þess, að þeir aðilar sýni meiri samkomulagsvilja en mér virðist koma fram hér á hv. Alþingi, eða kom fram við 2. umr. þessa máls a. m. k. hjá þeim mönnum, sem þetta mál hafa hér flutt fram og ábyrgð bera á afgreiðslu þess.

Þó að ég nú hafi látið svo ummælt, að ég

mundi styðja frv., sem ég ætla að ég geti einnig sagt fyrir hönd flokksmanna minna hér í deildinni, þá vil ég samt eigi að síður freista þess enn við þessa umr. að koma fram breyt. á frv., sem ég tel þörf á og mundu miða í þá átt að tryggja samkomulagslausn í málinu, þegar til kemur. Þessar tillögur hef ég borið fram á þskj. 207, og vil ég nú leyfa mér að gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

1. brtt., sem ég ber fram á þskj. 207, er við 1. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú eftir 2. umr., og er í 2 liðum, a og b. A-liðurinn fjallar um það, að af þeim fjórum fulltrúum, sem gert er ráð fyrir að tilnefndir verði af Landssambandi ísl. útvegsmanna, verði einn búsettur í hverjum landsfjórðungi, að tilnefningin af hálfu L. Í. Ú. fari þannig fram, að einn fulltrúi verði tilnefndur í hverjum landsfjórðungi. Það kom fram við 2. umr. áhugi fyrir þessu og glögg rök fyrir því, að þeir, sem sjávarútveg stunda og sjóinn stunda, hafa ekki hvarvetna á landinu sömu sjónarmið að öllu leyti í þessum málum eða sömu viðfangsefni. Ég skal ekki endurtaka það, sem fram kom um það atriði hjá ýmsum þm., sem hér töluðu við 2. umr. Ég hygg, að í samtökum útvegsmanna vilji það nú fara svo, að þeir, sem búsettir eru hér á Suðvesturlandinu, í Reykjavík og nágrenni hennar, hafi að ýmsu leyti betri aðstöðu til þess að verða ráðandi í þessum samtökum, og segi ég þeim það ekki til lasts á neinn hátt, en svona hygg ég að það sé og að útvegsmenn úti um land telji sig stundum bera nokkuð skarðan hlut frá borði og þeirra sjónarmið. Ég vildi mega vænta þess, að hv. þm. gætu á þetta fallizt, að fulltrúar L. Í. Ú. væru svona tilnefndir.

B-liðurinn er um það, að í stað þriggja fulltrúa tilnefndra af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna komi tveir fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum. Við 2. umr. bar ég fram till. um það, að félag fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og félag fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum fengju einn fulltrúa hvort í verðlagsráðinu, og færði þá rök fyrir þeirri tillögu. En fyrir henni eru að ýmsu leyti sams konar rök og fyrir tillögunni um það, að fulltrúar L. Í. Ú. komi úr landsfjórðungunum. Þessi till. var felld, og þar sem þingsköp leyfa ekki, að till. sé endurtekin óbreytt við síðari umr., þá hef ég leyft mér að flytja hana þannig, að í staðinn fyrir þessa tvo fulltrúa komi einn fulltrúi frá þessum félögum og að hann verði tilnefndur af þeim sameiginlega, félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum. Ég hef orðið þess var nú alveg nýlega, að til Alþingis hafa borizt erindi um þetta mál. Fyrir liggur hér frammi á lestrarsalnum símskeyti frá Félagi fiskvinnslustöðva á Austur- og Norðurlandi, og þetta símskeyti hefur nú verið staðfest með bréfi, sem dags. er 12. þ. m. og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Það er dags. á Sauðárkróki 12. des. 1961, eins og ég sagði áðan, til Alþingis:

„Ég hef í dag leyft mér að senda hinu háa Alþingi eftirfarandi símskeyti fyrir hönd stjórnar Félags fiskvinnslustöðva á Austur- og Norðurlandi, skammstafað F. A. N.:

Alþingi, Reykjavík. Leggjum áherzlu á að fá rétt til þess að tilnefna fulltrúa í verðlagsráð sjávarútvegsins, og þendum á sérstöðu félagssvæðisins varðandi vinnslu á smáfiski og sumarveiddum fiski að meiri hluta. Teljum, að með því verði betur tryggður samningsréttur raunverulegra fiskkaupenda en gert er með því, að umboðssölufyrirtækin ein tilnefni fulltrúa í ráðið og yfirnefnd.

Félag fiskvinnslustöðva á Austur- og Norðurlandi.
Marteinn Friðriksson,
formaður.“

Síðan segir svo í bréfi Félags fiskvinnslustöðva á Austur- og Norðurlandi:

„Félagssvæðið nær yfir Austur- og Norðurland frá Djúpavogi til Hólmavíkur. Félagar eru öll frystihús á þessu svæði nema tvö, sem þó hafa talið, að þau gengju í félagið, en ekki orðið úr því formlega enn þá, og enn fremur eru félagar allmargar aðrar fiskvinnslustöðvar á svæðinu. Félagið er stofnað fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma fram sem samningsaðili um fiskverð við útvegsmenn. Á stofnfundi í júní í sumar voru mættir forsvarsmenn 22 fiskvinnslustöðva á svæðinu og voru einhuga um að viðurkenna ekki aðra samninga um fiskverð en félagið væri aðili að. Var sérstök áherzla lögð á sérstöðu svæðisins í sambandi við vinnslu á hlutfallslega mjög miklu magni af smáum fiski og fiski, sem lagður er á land yfir heitasta árstímann. Bæði er sá fiskur langtum dýrari í vinnslu en meðaltal tekið yfir landið, og enn fremur nýtist hann til muna verr. Hefur þessi sérstaða aldrei fyllilega verið tekin til greina í fiskverðssamningum og því ætíð ríkt hin mesta óánægja yfir misrétti, sem fiskkaupendur á félagssvæðinu hafa orðið fyrir í heildarsamningum, sem fram að þessu hafa verið gerðir með tilliti til vertíðarsvæðisins sunnan- og vestanlands.

Stjórn Félags fiskvinnslustöðva á Austur- og Norðurlandi skipa þessir menn: Marteinn Friðriksson, Sauðárkróki, formaður, Jón Þ. Árnason, Raufarhöfn, varaformaður, Guðjón Friðgeirsson, Fáskrúðsfirði, Jóhannes Stefánsson, Neskaupstað, Sigurður Jónsson, Siglufirði. Í varastjórn: Bjarni Jóhannesson, Akureyri, Aðalsteinn Jónsson, Eskifirði, Vernharður Bjarnason, Húsavík, Halldór Jónsson, Sauðárkróki, og Þorsteinn Sveinsson, Djúpavogi.“

Þetta er úr því bréfi, sem Alþingi hefur borizt, dags. 12. þ. m., frá Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi, og hef ég lesið úr því hér, til þess að það komi fram, hverja áherzlu þessi samtök leggja á það að eiga fulltrúa í þessu ráði. Og í bréfinu mun meira að segja vera tekið fram, að samtökin muni ekki viðurkenna þá samninga, sem þau eigi ekki hlutdeild að. Mundi ég telja, að það væri ekki skynsamlegt að neita samtökunum um þátttöku í verðlagsráðinu.

2. brtt. mín er svo afleiðing af hinni fyrri.

Loks hef ég leyft mér að flytja brtt. við 11.

gr., en hún er um það, að kostnaðurinn við framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr fiskimálasjóði. Ég benti á það við 2. umr., hversu fráleitt það væri að ætla stofnun eins og fiskimálasjóði að greiða kostnað við framkvæmd þessara laga, og lagði þá til, að kostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóði. Nú er mér það kunnugt orðið, að nefndin, sem undirbjó þetta mál fyrir ríkisstj., lagði til, að kostnaður við framkvæmd laganna yrði, svo sem eðlilegt má teljast, greiddur úr ríkissjóði. En þar sem till. mín um þetta var felld við 2. umr., hef ég nú gert brtt. um það, að kostnaðurinn skiptist, og vænti, að menn geti á það fallizt.

Fiskimálasjóður er fyrst og fremst, eins og hv. þm. er kunnugt, lánastofnun. Hann hefur veitt lán til ýmiss konar framkvæmda í þágu sjávarútvegsins víðs vegar um land út á síðari veðrétt. Þessi hjálp fiskimálasjóðs hefur komið sér ákaflega vel fyrir aðila, bæði sveitarfélög og aðra, sem hafa verið að koma upp fiskvinnslufyrirtækjum ýmiss konar. Sérstaklega þegar þeir voru búnir að tæma aðra lánsmöguleika, sem oft og tíðum hafa ekki verið miklir, þá hefur fiskimálasjóður hlaupið undir baggann með því að veita lán út á síðari veðrétt með hagstæðum kjörum, og það hefur stundum ráðið úrslitum um það, að byggðarlögin hafi getað eignazt þessi atvinnutæki. Nú er það svo, að þær upphæðir, sem vant var að veita úr fiskimálasjóði í þessu skyni, hafa staðið óbreyttar um langan tíma. Ég skal ekki alveg fullyrða, hve lengi, en mikinn hlutann af starfstíma sjóðsins hafa þessar lánsupphæðir staðið óbreyttar, og það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, hver nauðsyn er nú orðin á því eftir hinar miklu verðhækkanir, sem orðið hafa, að geta hækkað þessi lán. Lánsupphæðir, sem giltu 1950, eru auðvitað orðnar úreltar nú. Og ég hef tekið eftir því, að nú fyrir nokkrum dögum eru komnar fram hér á Alþingi tillögur um þetta. En það, að hægt hafi verið að hækka lánin, hefur strandað á því, að sjóðurinn hefur verið févana, þannig að það hefði fremur verið þörf á því að sjá fiskimálasjóði fyrir meiri tekjum heldur en að fara að taka af honum eitthvað af starfsfé hans, það sýnist vera alveg fráleitt. Nú er það að vísu svo, að sjóðurinn stundar nokkra styrktarstarfsemi. M. a. hefur hann veitt styrki til markaðsleitar samtökum og fyrirtækjum, sem selja íslenzkar sjávarafurðir erlendis. Þetta eru nokkrar upphæðir, og það má vera, að fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, vaki það, að sú starfsemi sé felld niður, og er það náttúrlega ekki á kostnað lánanna út af fyrir sig, en það er þá náttúrlega á kostnað útvegsins, beint eða óbeint. Ég vil nú vænta þess, að hv. þm. geti fallizt á það að skipta kostnaðinum á þennan hátt, úr því að annað fékkst ekki samþykkt.

Ég skal þá ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 206. En nú í upphafi þessarar umr. lýsti hv. 12. þm. Reykv. nýjum brtt., sem hann stendur að ásamt fleirum úr sjútvn. Ég hef ekki séð þessar brtt., þeim hefur ekki verið útbýtt enn þá, en mér var kunnugt um efni þeirra fyrir fundinn, því að hv. þm. sagði mér frá því, en ég hef ekki haft till. fyrir augum, og þess vegna hef ég ekki getað gert við þær brtt., sem ég mundi óska eftir að gera. Mér er ljóst, að þessar brtt. eru að vissu leyti til bóta, koma til móts við mitt sjónarmið í þessu máli að því leyti, að þar er gert ráð fyrir, að fulltrúar sjómanna verði jafnmargir og fulltrúar útgerðarmanna í verðlagsráði. Þeir, sem að þessu máli standa, hafa fallið frá því að hafa þessa hópa misjafnlega stóra, og ég tel það til bóta. Hins vegar tel ég út af fyrir sig miklu heppilegra, eins og ég gerði till. um við 2. umr., að leysa þetta mál á þann hátt að fjölga fulltrúunum, því að einnig á þann hátt var hægt að láta sjómenn hafa jafnmarga fulltrúa og útvegsmenn, og á þann hátt var hægt að leysa fleiri vandamál í sambandi við þetta, með því að fjölga fulltrúunum, og þurfti ekki að fjölga þeim nema um tvo til þess. Ég sé nú ekki, að það skipti miklu máli, þegar um slíkt fjölmenni er að ræða sem þetta verðlagsráð er.

Nú veit ég ekki, hvernig hæstv. forseti hugsar sér að bera upp þær brtt., sem hér liggja nú fyrir. En ég vildi mælast til þess, því að ég hygg, að atkvgr. verði gagnlegri á þann hátt og að þm. eigi þá auðveldara með að láta í ljós afstöðu sína við atkvgr., að brtt. mín á þskj. 207 verði borin upp á undan hinni skriflegu brtt. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hagi atkvgr. þannig. En í öðru lagi vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr., þangað til þskj. með brtt. hv. 12. þm. Reykv. hefur verið útbýtt prentuðu, þannig að tækifæri sé til að gera við það brtt., sem ég óska eftir að geta borið fram.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en endurtek tilmæli mín til hæstv. forseta um tilhögun atkvgr. og um, að gefið verði hlé á umr., þangað til þskj. með brtt. hv. 12. þm. Reykv. hefur verið útbýtt.

Forseti (BGr): Það er æskilegt að halda umr. áfram. Henni verður þó ekki lokið, fyrr en skjölunum hefur verið útbýtt, þannig að þdm. fá öll þau tækifæri, sem þeir óska.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál hér áður lagði ég á það áherzlu, að aðalatriði málsins væri það, að þannig yrði um hnútana búið varðandi uppbyggingu þessa verðlagsráðs, að verulegar líkur væru til þess, að þeir aðilar, sem hér eiga mestan hlut að máli, sættu sig við uppbyggingu verðlagsráðsins, að þeir vildu, þegar til framkvæmdanna kæmi, hlíta úrskurði ráðsins eða þeim samningum, sem þar kynnu að takast. En ég tel, að á þetta skorti mjög tilfinnanlega, eins og frv. er. Ég tel ekki miklar líkur til þess, að þeir, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, hinir raunverulegu fiskseljendur í landinu, geti sætt sig við það í framkvæmdinni að hafa uppbyggingu verðlagsráðsins eins og frv. gerir ráð fyrir.

Nú hefur meiri hl. sjútvn. deildarinnar lagt hér fram eina breytingu, sem miðar í þá átt að fækka fulltrúum Landssambands ísl. útvegsmanna í hópi fisksöluaðila úr 4 í 3 og gera þá

fulltrúa fiskseljenda í ráðinu 6, í staðinn fyrir að áður hafði verið gert ráð fyrir 7, og á sama hátt er svo gert ráð fyrir því, að fulltrúum fiskkaupenda verði fækkað um einn frá því, sem lagt hafði verið til í frv. Þetta atriði skiptir að mínum dómi sáralitlu máli. Ég hafði bent á það og fleiri hér, að það væri að vísu rétt, að það væri óeðlilegt og ósanngjarnt, að í hópi fisksöluaðila, þar sem eru útvegsmenn og sjómenn, skyldi vera mismunur á milli þessara tveggja aðila, þannig að annar væri látinn hafa 4 fulltrúa, en hinn 3, því að allt benti til þess, að þeir ættu að hafa jafnmarga fulltrúa þar. Nú hefur verið gengið til móts við þetta. En þetta er ekkert grundvallaratriði í þessu máli, vegna þess að það, sem skiptir máli, er, að annars vegar við samningsborðið eru fiskseljendur og hins vegar fiskkaupendur, og hvort fulltrúar fiskseljenda eru 7 og fiskkaupenda 7 eða þeir eru 6 og 6, það skiptir út af fyrir sig ekki höfuðmáli. Það, sem skiptir grundvallarmáli í þessum efnum, er það, að hinir raunverulegu fiskseljendur í landinu fáist til þess að viðurkenna það, að þessir fulltrúar, sem fram eiga að koma fyrir þá, hvort heldur þeir eru 6 eða 7, séu raunverulega fulltrúar þeirra, með þeirra hagsmuni, gæti þeirra réttar, en komi ekki þarna inn sem fulltrúar fiskseljenda, jafnvel þó að þeir séu í raun og sannleika miklu meiri fiskkaupendur.

Það er þetta, sem skiptir aðalmáli. Því er það, að brtt. sú, sem meiri hl. sjútvn. flytur nú, þó að hún sé heldur til bóta, af því að það var ástæðulaust að mismuna í þessum hópi á milli útgerðarmanna og sjómanna, þá er það eftir sem áður, að þar er ekki gripið á því, sem er aðalatriði málsins. En nú er ráð fyrir því gert, miðað við þessar nýju tillögur, að fulltrúar fiskseljenda í þessu ráði verði 6, 3 frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og 3 frá samtökum sjómanna. En hins vegar er búið að fella þá till. hér við 2. umr. málsins, að skilyrði séu sett um það, að fulltrúarnir, sem koma frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem fulltrúar fiskseljenda, hafi ekki beina hagsmuni sem fiskkaupendur. Það á enn að standa opið, að fulltrúarnir, sem koma frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og eiga að koma fram sem fulltrúar fiskseljenda, geti verið frystihúsaeigendur. Á meðan þetta er svona, tel ég afskaplega litlar líkur til þess, að hinir raunverulegu fiskseljendur í landinu, t. d. sjómenn, fáist í framkvæmd til þess að lúta ákvörðun þessa verðlagsráðs.

Til frekari skýringar á því, hvað þetta mál er í raun og veru alvarlegt, vil ég greina frá því, að nú nýlega er afstaðinn aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna. Þar var um það rætt, hvort aðalfundurinn ætti ekki að tilnefna sjálfur þessa fulltrúa, sem Landssambandið á væntanlega að fá að tilnefna í þetta verðlagsráð. Þar kom alveg greinilega upp eins og áður sjónarmið fiskkaupendanna, frystihúsaeigendanna í Landssambandinu, og þeir fengu tillögu um það fellda, en því hins vegar vísað til stjórnar Landssambandsins, að hún skyldi tilnefna þessa aðila. 9 manna stjórn Landssambandsins, ásamt verðlagsráði þar innan samtakanna, á að tilnefna þá fulltrúa, sem í verðlagsráðið eiga að koma. En hvernig er svo stjórn Landssambandsins skipuð? Það er nýbúið að kjósa hana. Það eru 9 fulltrúar. Það fer ekkert á milli mála þar, að þessir 9 menn í stjórn Landssambandsins eru frystihúsaeigendur eða landsþekktir fiskkaupendur í stórum stíl, allir með tölu. Það er því gengið frá því nú þegar þannig, að það eru frystihúsaeigendur í landinu eða stórkaupendur að fiski, t. d. síldarkaupendur, stærstu saltararnir í landinu, það eru þeir, sem fyrir fyrsta verðlagstímabilið eiga að tilnefna 3 — eftir nýju tillögunum — fulltrúa fiskseljenda. Nú er auðvitað hægt að segja, að það sé ekki alveg vitað enn þá, að þeir muni tilnefna beina frystihúsaeigendur, þessir menn, sem eru frystihúsaeigendur, þeir geta auðvitað tilnefnt einhverja aðra. En eftir sem áður stendur það þó alveg óhagganlegt, að það eru fiskkaupendurnir, sem eiga að velja mennina þarna megin við samningaborðið líka.

Þegar svona er búið um hnútana, hef ég fyrir mitt leyti enga trú á því, að það vandamál leysist, sem hér átti að reyna að leysa. Sjómenn hafa alveg opna þá leið eftir sem áður að segja: Við teljum, að þessi verðlagning sé óeðlileg og óréttlát, og við tökum bara upp deiluna á hinum kantinum. Við segjum upp okkar hlutaskiptakjörum og getum farið í stöðvun út af því. M. ö. o.: stöðvunin getur blasað við eftir sem áður, vegna þess að illa og óréttlátlega var búið um hnútana í sambandi við afgreiðslu málsins hér frá Alþingi. Það var rangt að ákveða það ekki, eins og lagt var til við 2. umr. málsins, að fulltrúar fiskseljenda allir, einnig fulltrúarnir frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, í verðlagsráði skuli tvímælalaust hafa hagsmuni fiskseljenda og ekki hafa leyfi til þess að vera í ráðinu sem fulltrúar seljenda, séu þeir einnig fiskkaupendur. En það virðist nú vera búið að slá þessari skipan fastri, og það verður að vera svo, með þeim afleiðingum, sem af því kunna að verða.

En það eru fleiri atriði í þessu máli, sem eru þess eðlis, að það er hætt við því, að frv. eða lögin nái ekki tilgangi sínum, að þeir aðilar, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, samþykki ekki þann grundvöll, sem lagður er. Eins og ég hef bent á áður, og ég skal ekki fara út í langar umr. um það nú, því að ég sé enga ástæðu til þess að lengja umr., úr því sem komið er, um málið, — ég hafði áður bent á það, að yfirnefndin, sem búast má við að verði hinn raunverulegi aðili, sem ákveði fiskverðið, er tilnefnd eða kosin af þessum fulltrúum í sjálfu verðlagsráðinu, fulltrúum fiskseljenda, sem svona eru tilkomnir eins og ég hef getið um, og af fulltrúum fiskkaupenda. En það er mjög mikil hætta á því, að þar sem í yfirnefndinni á aðeins að vera einn fulltrúi sjómanna og hann mundi þá koma annaðhvort sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands eða Farmannasambandsins eða Sjómannasambandsins, að svo kunni að fara, að í þessari yfirnefnd verði mjög stór hluti sjómannasamtakanna í landinu án þess að eiga þar nokkurn fulltrúa frá sinni hálfu, vegna þess að það er engin trygging fyrir því, að í yfirnefndinni verði fulltrúinn frá Alþýðusambandi

Íslands, sem spennir yfir öll sjómannasamtökin í landinu. Það er engin trygging fyrir því. Það er í rauninni alveg eins líklegt, að svo kunni að fara, að í yfirnefndinni verði fulltrúinn frá Sjómannasambandinu, sem er aðeins fyrir takmarkaðan hluta sjómannasamtakanna í landinu, eða frá Farmannasambandinu, sem vitanlega er ekki fulltrúi fyrir nema lítinn hluta af þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli.

Ég hef því lagt fram brtt., sem að vísu er ekki búið að útbýta, en mun verða útbýtt hér bráðlega. Ég hef lagt fram brtt. í þá átt, að það verði ákveðið alveg skýrum orðum, að fulltrúi sjómanna í yfirnefndinni verði fulltrúi Alþýðusambandsins í verðlagsráði. Það gefur þó auknar líkur til þess, að sjómannasamtökin í landinu almennt geti viðurkennt þá samninga, sem fram fara í yfirnefndinni, sem sína samninga. Ég tel, að ef slík brtt. yrði samþykkt, þá yrði það allverulega til bóta. Þá stendur auðvitað áfram það atriði, sem hætt er við að aðilarnir sætti sig ekki við, en það er úrskurðaraðilinn, það er oddamaðurinn í yfirnefndinni, sem mjög má búast við því að fái þarna úrskurðarvald og hann kunni því í mjög mörgum tilfellum að ákveða það verð, sem gilda á, hafi ekki tekizt samningar á milli aðila um verðið, en ég tel, að það sé enginn vafi á því, að t. d. sjómenn uni því illa að láta úrskurða sér fiskverð á þann hátt. En það er búið að reyna að fá því atriði breytt, en samkomulag hefur ekki fengizt hér um það að breyta því atriði.

Ég hef ákveðið að flytja hér aðra brtt. við 1. gr. frv. Brtt. sú, sem ég hef lagt fram og ekki er búið að útbýta hér enn þá, en verður væntanlega gert bráðlega, við 1. gr., er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Heimilt er aðilum þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa af hálfu fisksölu- og fiskkaupaaðila samkv. þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í verðlagsráði, eftir því sem þeim þykir rétt, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem bezt fram.“

Ég tel einn galla á samsetningu verðlagsráðsins, eins og gert er ráð fyrir því í 1. gr. frv., vera þann, að þar er gert ráð fyrir, að sömu aðilar séu í verðlagsráðinu allan tímann við ákvörðun á fiskverði frá hálfu fiskseljenda. Í verðlagsráði eiga að vera sömu 3 mennirnir allan tímann frá hálfu sjómanna og sömu 3 mennirnir allan tímann af hálfu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Og sama er að segja um fiskkaupendurna. Það er gert ráð fyrir því, að það séu sömu aðilar, að frátöldum sérstökum undantekningaratriðum, sem um er getið í 3. og 4. gr. frv., varðandi mismunandi veiðar, eins og síldveiðarnar fyrir norðan og austan og síldveiðarnar fyrir sunnan og svo aftur þorskveiðarnar, þar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á fulltrúum fiskkaupenda. En það er enginn vafi á því, að hér er um svo breytilega hluti að ræða, að það er mjög miklum vandkvæðum bundið að fá fulltrúa til þess að vera í þessum samningum fyrir alla aðila og varðandi allar þær verðákvarðanir, sem hér koma undir. Ég teldi t. d., að það væri mjög til bóta, að fiskseljendur mættu skipta um sína fulltrúa, þannig að þótt t. d. samtök sjómanna tefldu nú nokkuð eðlilega fram fulltrúum héðan af Suðvesturlandi í samningana, þegar verið er að ákveða fiskverðið á vetrarvertíðinni, sem aðallega fer fram hér sunnan- og suðvestanlands, þá sé á sama hátt réttmætt, að inn í verðlagsnefndina gætu komið fulltrúar sjómanna t. d. af Austur- og Norðurlandi eða Vestfjörðum, þegar verið er að semja um fiskverðið yfir sumarveiðitímabilið og haustveiðatímabilið, sem aðallega er á þeim svæðum. En þar er um það að ræða, að það er gert ráð fyrir því, að það geti verið um annað fiskverð að ræða á því tímabili, því að það er annað veiðitímabil og þar er jafnvel að verulegu leyti um aðrar fisktegundir að ræða. Það er því mjög réttmætt, að þá fái að koma að samningaborðinu hinir raunverulegu fiskseljendur, sem þá eru, og hinir raunverulegu fiskkaupendur, sem þá eru, að það þurfi sem sagt ekki að vera alltaf í verðlagsráðinu sömu fulltrúar sjómanna og sömu fulltrúar útgerðarmanna né heldur að það sé bundið, að það séu sömu fulltrúar fiskkaupenda allan tímann í verðlagsráðinu. Ef þessi tillaga mín væri samþykkt, þá verður a. m. k. heildarsamtökunum gefinn kostur á því að hleypa að samningaborðinu þeim aðilum, sem verið er raunverulega að semja fyrir hverju sinni, en það þurfi ekki menn ókunnugir aðstæðum eða sem eiga nokkuð annarra hagsmuna að gæta að semja þarna um þeirra mál.

Ég hef því lagt hér fram tvær brtt. nú við 3. umr. málsins, aðra viðvíkjandi breyt. á 1. gr., eins og ég hef gert grein fyrir, og hina viðvíkjandi breyt. á 9. gr. frv., þar sem tekið yrði alveg skýrt fram, að í yfirnefndinni yrði fulltrúi sjómanna einmitt fulltrúi Alþýðusambandsins í verðlagsráðinu. Verði þessar brtt. mínar báðar samþykktar, tel ég, að þetta sé miklu betra. En það fer þó fjarri því, að ég telji málið þá komið í það form, sem það þyrfti að vera. Það virðist ekki vera neinn grundvöllur fyrir því að fá um málið samkomulag þannig, að það sé eins og ég tel að það þurfi að vera, til þess að allir aðilar, sem eiga hlut að máli, geti raunverulega sætt sig við það og þetta geti náð fullum tilgangi.

Ég vil svo taka það skýrt fram, að ég tel, að það hefði verið miklu eðlilegra að ganga þannig til móts við þau sjónarmið, sem hér höfðu komið fram áður í þessum umr., að hafa í hópi fiskseljenda jafnmarga sjómenn og útgerðarmenn, — það hefði verið miklu eðlilegra að fjölga fulltrúum sjómanna um einn heldur en fara hina leiðina, að fækka fulltrúum Landssambandsins. Eins og hér hefur réttilega verið bent á, hefði með því líka unnizt það, að þá var hægt að leysa önnur vandamál. Þá var hægt að gefa Alþýðusambandinu kost á því að hafa hér tvo fulltrúa í staðinn fyrir einn. Það kemur þarna fram sem aðili fyrir miklum mun stærri hóp en hinir aðilarnir, sem þar eiga að hafa jafnmarga fulltrúa, að það hefði sannarlega verið réttmætt að fara þá leið fremur en þá, sem meiri hl. sjútvn. hefur nú valið.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en leyfi mér að leggja brtt. mínar fram.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði úr ræðum hv. fyrri ræðumanna, sem ég vildi víkja að.

Það mátti heyra á máli hv. 3. þm. Norðurl. e., að hann væri nokkuð hræddur um, að ákveðin svæði landsins bæru skarðan hlut frá borði, eins og hann orðaði það. Ég held, að hann hafi ekki nógsamlega veitt því athygli og ekki heldur hv. 4. þm. Austf., að þau sambönd, sem um er getið að eigi aðild að verðlagsráði, eru landssambönd, nema þau, sem eiga aðild fyrir hönd síldarsaltenda og síldarverksmiðjueigenda, þar er bundið annars vegar við Norðausturland, en hins vegar við Suðvesturland. Hitt eru allt landssambönd, það er Landssamband ísl. útvegsmanna, það er Alþýðusamband Íslands og það er Sjómannasambandið. Og einmitt út af þeim orðum hv. 4. þm. Austf., er hann sagði, að Sjómannasambandið væri aðeins fyrir lítinn hluta sjómanna, þá vil ég mótmæla þessu og benda honum á þá réttarstöðu, sem Sjómannasambandið hefur innan Alþýðusambands Íslands og var samþykkt á þingi Alþýðusambandsins að veita því. Þetta er landssamband sjómanna, sem ber nafnið Sjómannasamband Íslands, og það er opið öllum sjómannafélögum eða deildum sjómanna innan verkalýðsfélaganna. Og er það kannske öllu meira en segja mætti um Alþýðusamband Íslands, a. m. k., ef maður hugsar til síðasta Alþýðusambandsþings, en út í það skal ég ekki fara nánar að svo stöddu, nema frekara tilefni gefist til.

Út af hinu langa máli hv. 4. þm. Austf. um það, að frystihúsaeigendur og fiskkaupendur komi til með að eiga aðild að eða setu í hópi fiskseljenda, þá vil ég benda honum á það, að í 9. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirnefndin skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráð samkv. B-lið 1. greinar."

Þetta vill segja, að það er örugglega frá því gengið, að a. m. k. einn af þeim þremur útgerðarmönnum, sem eiga sæti í hópi fisksöluaðila, kemur aldrei til með að eiga þessa mjög svo slæmu hagsmuni, sem þessi hv. þm. talaði um. En það, að við í meiri hl. sjútvn. vildum ekki ganga inn á það, að þetta ákvæði gilti fyrir allt verðlagsráð, það er einfaldlega vegna þess, að það er víða um land þannig skipað málum útgerðarmanna, að þeir eiga lítinn hluta í hinum og þessum fiskvinnslustöðvum, og þarf ekki annað en leita til Vestmannaeyja, en þar er fjöldi útgerðarmanna, sem eiga lítinn hlut í frystihúsum. Hins vegar hefur þessi eignaraðild þeirra í þessum sömu frystihúsum ekki verið meira metin af þeim, þegar hefur átt að ákveða fiskverðið, en það, að þeir hafa verið í róðrarbanni, svo að dögum og jafnvel vikum skiptir, til þess að knýja fram hærra fiskverð hjá þessum sömu frystihúsum, sem þeir eiga að heita eigendur að. Jafnframt má benda á, að víða um land munu útgerðarmenn vera aðilar að kaupfélögum eða þá ýmiss konar samvinnufélögum, sem reka fiskverkun, og satt að segja sé ég ekki eftir þau orð, sem þessir ágætu þm. hafa látið hér fara frá sér, að það sé rétt að vera að meina þeim frá því að láta sín sjónarmið koma þarna fram, ef svo skyldi fara, að þeir yrðu skipaðir í þetta ráð.

Hv. 4. þm. Austf. kom með till. um, að þessi samtök, sem ættu mann í ráðinu, ættu að geta skipt um hann eftir því, hvar hagsmunirnir væru staðlægir hverju sinni, þannig að það gæti komið inn nýr maður eftir því, hverra hagsmuni væri verið að ræða um. Mér finnst sjálfsagt að taka þetta til nánari yfirvegunar og athugunar, þessa till. hans. En þegar maður horfir á það, að ákvarðanir þessa verðlagsráðs um lágmarksverð á sjávarafla, eins og segir í 7. gr., eiga að vera byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og þeir þar að auki, sem eiga setu í verðlagsráði, ekki aðeins að fylgjast með því verði, heldur og að afla sér margháttaðra upplýsinga hér innanlands um kostnaðarliði útgerðarinnar og sitthvað fleira, sem þeir koma sér saman um, þá geri ég ráð fyrir, að þarna gætu orðið miklir erfiðleikar á, ef ætti að fara oft að skipta um menn í þessu ráði. Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem koma til með að eiga sæti í ráðinu og eins og ég sagði eru fulltrúar landssamtaka í hér um bil öllum tilfellunum, standi þarna auðvitað ekki sem einstaklingar, þeir hafi sín samtök á bak við sig, sem komi með hagsmuni hinna einstöku byggðarlaga og einstöku kauptúna til þeirra og túlki þá fyrir þeim. En hins vegar held ég, þótt ég skuli fúslega taka þátt í að ræða um þessa till. hv. 4. þm. Austf., að það megi nokkuð vara sig á því að vera að skipta mikið um menn í sjálfu ráðinu, einfaldlega vegna þess, að þetta eru menn, sem verða að fylgjast mjög vel með á ýmsum sviðum, og það gæti tafið fyrir störfum ráðsins, ef oft væri verið að skipta þar um menn. En hins vegar, eins og ég hef þegar bent á, standa á bak við þessa sömu menn landssamtök, sem geta auðvitað gefið þessum ráðsmönnum allar þær upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda, um hagsmuni hinna einstöku byggðarlaga eða einstöku hópa. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta.

Ég vil taka undir þá ósk, sem kom fram frá hv. 3. þm. Norðurl. e., að þegar menn hafa lokið umr. um þetta mál, þá verði atkvgr. frestað, þar til tillögum hefur verið útbýtt, sem eru ekki komnar enn, og jafnframt verði þá fundur hjá n., sem ræði þær tillögur, sem nú hafa fram komið.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur við 1. og 2. umr. þessa máls, en eftir því sem ég hef kynnt mér það, þá er um merkilegt mál að ræða, og vonandi, að sú löggjöf, sem sett verður um verðlagsráð sjávarútvegsins, geti að nokkru leyti leyst okkur frá þeim vanda, sem við höfum oft staðið frammi fyrir um hver áramót,

þegar orðið hafa óeðlilegar tafir á því, að útgerð hæfist í byrjun vertíðarinnar. Þetta mál er nú orðið talsvert rætt og hefur sjálfsagt verið mikið rætt við 2. umr., og ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en aðeins reyna að halda mér við það, sem fram hefur komið í umr. núna.

Ég stend ásamt þrem meðnm. mínum í sjútvn. að brtt. við frv., sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, sem sé brtt. á þá lund að fækka fulltrúum Landssambands ísl. útvegsmanna samkv. 1. gr. A úr 4 í 3 og gera tilsvarandi breytingar á tölu fulltrúa frá öðrum samtökum. Ég er þeirrar skoðunar, að fjölmennar nefndir og ráð séu þung í vöfum og að það séu meiri líkur til árangurs af starfi, eftir því sem slíkar nefndir og ráð eru skipuð færri mönnum, og út frá því sjónarmiði tel ég þessa breytingu vera til bóta. Það er að vísu þannig, að það má segja, að sjómenn og útgerðarmenn eigi ekki jafnan hlut í aflanum, þegar hann kemur á skipið, þetta er dálítið breytilegt eftir veiðiaðferðum. En ég sé samt enga ástæðu til að vera að eltast við það að láta fulltrúatölu sjómanna og útvegsmanna vera misjafna að þessu leyti, því að í sumum tilfellum á útgerðarmaðurinn e. t. v. ekki nema 45%, eins og t. d. á síldinni, en í öðrum tilfellum, eins og á þorskveiðum, er hluti útgerðarinnar aftur meiri.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. flytur brtt., sem er efnislega á þá leið, að fulltrúar útvegsmanna í verðlagsráði verði tilnefndir þannig, að einn verði úr hverjum landsfjórðungi, og svo hefur hann óskað eftir að breyta sinni till. til samræmis við brtt. okkar í meiri hl. n., sem fram er komin. Ég vil taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að samtök eins og Landssamband ísl. útvegsmanna eru heildarsamtök, og þeir, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta vegna búsetu sinnar á einhverjum sérstökum stað á landinu eða vegna einhverra sérstakra staðhátta, eiga að hafa fullt tækifæri til að gæta hagsmuna sinna innan þessara landssamtaka. Fyrir fáum dögum er búið að stofna samband fiskkaupenda á Vestfjörðum, og þetta samband hygg ég að hafi þann aðaltilgang að gæta hagsmuna okkar Vestfirðinga innan þeirra heildarsamtaka, sem fiskkaupendur eru aðilar að, en það eru bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hraðfrystihús Sambands ísl. samvinnufélaga, SÍF og Skreiðarsamlagið o. s. frv. Ég held, að ef Alþingi ætlaði sér að ákveða, frá hvaða landshlutum fulltrúar L. Í. Ú. væru valdir í þetta ráð, þá væri það komið inn á dálítið hála braut. Það væri sem sé komið inn á þá braut að reyna að leysa þessi landssamtök upp. Þetta er ekki lagt til í þessu frv. gagnvart þeim aðilum, sem eru í Alþýðusambandinu og Sjómannasambandinu. Það er ekki lagt til, að Alþýðusamband Vestfjarða eða Alþýðusamband Norðurlands eða Alþýðusamband Austfjarða, ef það er til, skuli eiga þarna aðild. Ég hygg, að frá þeirri hlið sé því treyst, að heildarsamtökin gæti hagsmuna allra landshlutanna. Og ég held, að a. m. k. hér á Alþingi ættum við að ganga út frá því sama gagnvart Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég er þess vegna mótfallinn till. hv. 3. þm. Norðurl. e. hvað þetta atriði snertir.

Hins vegar boðaði hv. 4. þm. Austf. viðbótartillögu við 1. gr., sem mér finnst í fljótu bragði a. m. k. vera athyglisverð og ég tel að gæti að nokkru leyti og e. t. v. að öllu leyti fullnægt því, sem vakir fyrir hv. 3. þm. Norðurlands e. með hans till. Ég á þar við till. hv. 4. þm. Austf. um það að bæta við 1. gr. málsgrein, sem heimili aðilum þeim, sem taldir eru í greininni, að skipta um fulltrúa í verðlagsráðinu eftir því, hvaða mál sé fjallað um. Þá get ég t. d. hugsað mér það, að til yrði kvaddur Vestfirðingur, þegar verið væri að fjalla um verð á steinbít í ráðinu. Mér finnst fljótt á litið, að þessi till. sé þannig vaxin, að í þessu efni gætum við orðið sammála um lausn málsins og að þar með væri hægt að fullnægja þeim sjónarmiðum, sem ég veit að búa á bak við tillöguflutning hv. 3. þm. Norðurl. e.

Annars verð ég að segja, að í bréfi því, sem hann las upp frá samtökum fiskkaupenda á Norður- og Austurlandi, virtist mér það koma fram, að þau samtök væru aðallega stofnuð til þess að fá lækkað verð á smáfiski.

Varðandi aðra till. hv. 4. þm. Austf. þess efnis að ákveða í lögunum, að fulltrúi sjómannasamtakanna í yfirdómnum skuli vera fulltrúi A. S. Í., verð ég að lýsa því yfir, að ég álít, að það sé ekki Alþingis að skera úr því, frekar en að ákveða fulltrúana úr landsfjórðungunum fyrir Landssambandið. Séu samtök sjómanna tvískipt í Sjómannasamband og Alþýðusamband, sem ég vil ekki viðurkenna að sé í raun og veru nein tvískipting, þá eiga þau samtök auðvitað að útkljá það sín á milli, hvernig þau skipa fulltrúa sinn í yfirdóminn.

Ég hef svo ekki í sjálfu sér meira um efni þessa frv. að segja. Hv. 4. þm. Austf. gerði mikið úr því, hvað hagsmunir útvegsmanna og sjómanna og fiskkaupenda væru í raun og veru andstæðir. Þetta hefur komið, að mér skilst, nokkuð mikið fram í umr. um þetta mál. En ég segi fyrir mitt leyti og tala þar af talsverðri reynslu, að ég tel, að þessir hagsmunir séu alls ekki andstæðir. Þeir fara saman og eru samhliða hjá öllum þessum aðilum. Það er auðvitað hagur jafnt sjómannsins, útvegsmannsins og fiskkaupandans, sem í mörgum tilfellum er bæði útgerðarmaður og sjómaður, að fá sem bezt verð fyrir fiskinn. Og þegar málin eru krufin til mergjar, þá held ég hvað þetta atriði snertir, að þessir aðilar deili ekki svo mjög innbyrðis, enda hafa bæði einstakir stjórnmálamenn og heilir stjórnmálaflokkar á undanförnum árum boðað það sýknt og heilagt í ræðu og riti, að fiskveiðar og fiskvinnsla ætti að fara saman, og árangurinn er, — ég segi: sem betur fer, — sá, að flestir þeir, sem eitthvað fást við útgerð, eru jafnframt líka eitthvað riðnir við fiskvinnslu og fiskverkun. Þannig kom það t. d. fram á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem hv. 4. þm. Austf. minntist á, að ef skipa ætti aðila frá togurunum í verðlagsráðið, sem uppfyllti það skilyrði að vera ekki fiskkaupandi, þá mundi sá aðili ekki vera finnanlegur, því að öll togaraútgerðin í landinu starfar að einhverju leyti í sambandi við fiskvinnslu, fiskkaup og fiskverkun. Og það var nefnt annað dæmi í min eyru á þessum

landssambandsfundi. Það var, að á Snæfellsnesinu öllu væri aðeins einn útgerðarmaður, sem seldi fisk sinn á bryggju nú orðið. Ég tel þessa þróun hafa verið farsæla og til bóta, og ég álít ekki, að hér á Alþingi eigi að gera mikið úr því, að þetta séu andstæðir hagsmunir. Við eigum einmitt að stuðla að því, að allir þessir aðilar vinni sem mest og bezt saman, og með því frv., sem hér liggur fyrir, er verið að stuðla að slíkri samvinnu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Ég er ekki að deila við hv. 12. þm. Reykv. um Sjómannasamband Íslands og svo aftur Alþýðusambandið. Það skiptir hér engu máli, hvort Sjómannasambandið er landssamtök, sem gefa öllum sjómannafélögum í landinu kost á að vera innan samtakanna eða ekki. Það, sem skiptir máli, er það, hvort félögin eru þar nú eða hvort þau eru innan annarra samtaka, því að við erum vitanlega að reyna að koma þessum málum þannig fyrir, að þeir, sem hér eiga beint hlut að máli, komi að samningaborðinu í gegnum sín samtök, en ekki í gegnum samtök einhverra allt annarra aðila.

En það er annað atriði, sem ég heyri að er verulega mistúlkað, varðandi meginatriði þessa máls, og það var það, sem ég vildi hér sérstaklega víkja að. En það er þetta, að þegar ég og fleiri gera kröfu um, að þeir fulltrúar, sem fram eiga að koma fyrir hönd fiskseljenda, þeir útgerðarmenn, sem eiga að koma fram fyrir hönd fiskseljenda, eigi ekki að hafa beina hagsmuni sem fiskkaupendur, þá er þessu snúið á þann veg, að það muni vera erfitt að finna menn, sem hafi hreina hagsmuni í þessum efnum, og sagt, að t. d. í Vestmannaeyjum muni þessi mál vera komin þannig, að það sé ekki hægt að fá þar fulltrúa úr hópi útgerðarmanna, sem gætu uppfyllt þær kröfur, sem ég geri eða við, sem höfum staðið að tillögum í þessa átt. Þetta er alger misskilningur. Hér hafa verið fluttar tillögur um það, að þeir aðilar, sem fram kæmu sem fulltrúar fiskseljenda, mættu ekki hafa meiri hagsmuna að gæta sem fiskkaupendur en fiskseljendur. Þeir aðilar í Vestmannaeyjum, sem hér er verið að ræða um, eru þeir, sem eru aðilar m. a. að Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Þar er um stórt fyrirtæki að ræða, sem kaupir fiskinn á fastákveðnu verði af bátunum, og eigendur bátanna, þó að þeir séu aðilar að þessum samtökum, koma algerlega fram sem hreinir fiskseljendur, þó að þeir séu að nafninu til eigendur þessa fyrirtækis, sem kaupir á föstu verði fiskinn af þeim. Það er því alger útúrsnúningur að reyna að halda því fram, að þessir aðilar séu ekki fullfærir um það að mæta við samningaborðið sem fulltrúar fiskseljenda. Einnig er það, að í þeirri tillögu, sem meiri hl. sjútvn. hefur þó fallizt á að samþykkja um þetta efni, varðandi fulltrúana í yfirnefnd, þar er orðalagið þannig, að það er aðeins bundið við það, að þessir aðilar mega ekki vera beinir félagsmenn í þeim samtökum fiskkaupenda, sem eiga að tilnefna samkv. þessu frv. fulltrúana fyrir hönd fiskkaupenda. M. ö. o.: útgerðarmenn þeir, sem eru nú í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, mega ekki koma fram sem fulltrúar fiskseljenda. En bátaútvegsmennirnir í Vestmannaeyjum eru ekki í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að þessu leyti, það eru allt aðrir aðilar. Og sama er að segja á öðrum stöðum, þar sem eru samvinnufélög útgerðarmanna, að þar eru einstakir útgerðarmenn ekki í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ef þeir mættu núna á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, yrði þeim strax vísað á dyr sem ekki meðlimum þar. Nei, hér hefur verið gerð tilraun til þess að reyna að tryggja það, að þeir aðilar, sem geta komið fram beinlínis fyrir hönd fiskkaupenda og eru í landssamtökum fiskkaupenda, skuli ekki líka geta tilnefnt þá menn, sem eiga að vera hinum megin við samningaborðið, á móti þeim, sem fulltrúar fiskseljenda. En um það hefur ekki fengizt samkomulag hér að ganga frá þessu svona, eins og ég hef lýst. Hitt er sem sagt aðeins rangfærsla, að það sé meiningin að elta þetta ákvæði út í slíka útúrkróka eða afkima, að það yrði svo að segja ómögulegt fyrir alla útgerðarmenn að koma þarna fram sem algerlega hreinir fiskseljendur.

Ég vil líka taka undir það með hv. 5. þm. Vestf., sem hér talaði næstur á undan mér, að ekki er ég á móti þeirri þróun út af fyrir sig, að frystihúsin í landinu eigi báta og geri þá út eða að fiskverkararnir í landinu geri út báta. Ekki hef ég fyrir mitt leyti á móti því. En ég segi: það er algerlega rangt, að þeir aðilar, sem eiga frystihús eða kaupa fisk í stórum stíl, geti komið fram sem fulltrúar fiskseljenda og ráðið þannig úrslitum um það, hvaða verð er skráð á fiski, og vænt þess, að sjómannasamtökin í landinu gangi á eftir inn á það að miða kaupgjald sitt við fiskverð, sem þannig er fundið. Það er líka auðvitað misskilningur hjá hv. 5. þm. Vestf., og ég trúi því varla, að hann haldi því fram, þegar hann gætir þar betur að, að það er auðvitað ekkert áhugamál fyrir frystihúsaeigendur í landinu eða hina raunverulegu fiskkaupendur að hafa fiskverð sem hæst. Annað hefur komið fram á undanförnum árum, þegar róðrabann hefur staðið mánuðum saman eða háværar deilur hafa verið, sem menn eru nú að tala um að þurfi að setja niður á milli þessara aðila, vegna þess einmitt, að af skiljanlegum ástæðum vilja hreinir fiskkaupendur eða þeir, sem hafa meiri hagsmuni sem fiskkaupendur, hafa fiskverðið lágt. Þeirra hagur liggur í því. Alveg eins er það gefið mál, að hinir raunverulegu fiskseljendur, sjómennirnir í landinu og þeir útgerðarmenn, sem fyrst og fremst selja fisk, hafa allan hag af því að hafa fiskverðið skráð sem hæst og keppast við að koma því þannig fyrir. Þessir aðilar verða að semja sín á milli. En þeir samningar blessast ekki, ef fiskkaupendurnir velja mennina beggja vegna við samningaborðið. Þá heppnast það ekki, þá verður sú samningagerð til einskis. — [Fundarhlé.]

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Í fundarhléi hv. d. kom sjútvn. d. saman og ræddi brtt. þær, sem fram hafa komið. Geir Gunnarsson, hv. 7. landsk., var ekki mættur, en n. mælir með brtt. þeirri, sem er undir

tölulið 1 á þskj. 214 og er fram borin af hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni. N. leggur samt til, að við hana verði gerð smávegis breyting, ekki efnisleg, heldur að í stað þess, eins og segir á þskj. 214, að þessi mgr. komi aftan við gr., þá leggur n. til, að hún komi á undan síðasta málsl. Okkar brtt. er þá þannig:

„Við 1. tölulið. Í stað orðanna „Aftan við greinina bætist" komi: Aftan við orðin „Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins" komi ný mgr., svo hljóðandi," — og það sé þá sú mgr. orðrétt, sem er undir 1. tölulið á þskj. 214. Sjútvn. eða meiri hl. sjútvn. telur hins vegar, að hún geti ekki mælt með, að aðrar brtt. nái fram að ganga en þær, sem eru á þskj. 213, og svo þessi, sem ég hef nú lýst.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Nú hefur verið útbýtt á fundinum brtt. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 213, sem lýst hefur verið. Að sumu leyti tel ég þær tillögur til bóta, en hefði þó heldur kosið, að það mál, sem þar er verið að reyna að leysa, yrði leyst með því að fjölga fulltrúum í verðlagsráðinu, með því að þá hefði einnig verið hægt að koma við á grundvelli þessarar till. öðrum umbótum á skipun verðlagsráðsins. En ég vil lýsa hér skrifl. brtt., sem ég vil leyfa mér að bera fram við brtt. á þskj. 213. Hún er þess efnis, að einn af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna verði sérstaklega tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og á Vestfjörðum. Till. er í tveimur liðum. Þetta, sem ég nú hef nefnt, felst í fyrri töluliðnum. Síðari töluliðurinn er afleiðing af hinu, ef samþ. verður. Annars vildi ég aftur beina því til hæstv. forseta, að ég óska mjög eftir því, að hann vildi koma því svo fyrir, að tillögur mínar á þskj. 207 komi til atkv. sem brtt. við frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 206, þannig að greidd verði atkv. m. a. um það, að fulltrúar útvegsmanna, sem eru fjórir, eins og stendur í frv., verði búsettir einn í hverjum landsfjórðungi.

Ég skal ekki hafa mörg orð um það, sem fram hefur komið, síðan ég talaði hér síðast. Ég vil þó segja það, að það er vitanlega misskilningur hjá hv. þm., sem að því hafa vikið, að með tillögum mínum sé verið að leysa upp Landssambandið. Ég legg til, að fulltrúar útvegsmanna verði, eins og í frv. er gert ráð fyrir, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, en aðeins á þennan hátt, að einn verði búsettur í fjórðungi hverjum, og þá vitanlega meðlimir Landssambands ísl. útvegsmanna, þannig að þar er ekki um neina upplausn að ræða, ekkert frekar en það er upplausn að ætla Sjómannasambandi Íslands, sem er í Alþýðusambandinu, meira að segja sjálfu að tilnefna fulltrúa, í stað þess, ef það væri hliðstætt og í minni till., þá ætti Alþýðusambandið að tilnefna fulltrúa úr Sjómannasambandi Íslands. Það er því síður en svo, að tillögur mínar stefni að neinni upplausn landssambanda fram yfir það, sem gert væri þá í frv.

Hv. 5. þm. Vestf. skaut því inn í sína ræðu í tilefni af því bréfi, sem ég las upp hér í deildinni frá félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi, að þetta félag virtist aðallega stofnað til þess að lækka verð á smáfiski. Það held ég sé nú ekki sérstaklega. Það er stofnað til þess að gæta hagsmuna meðlima félagsins í hvívetna. En hitt er víst, að verð á smáfiski hefur verið lækkað, og það eru allt aðrir, sem standa að því. Það er hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar hér á Alþingi, sem standa að þeirri verðlækkun smáfisks, sem orðið hefur á síðustu árum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 207,1.a felld með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BP, EystJ, GíslG, GJóh, HS, IG, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BK, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, SvE, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, RH.

EðS greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBen, EOl, GeirG, GÍG, GunnG, GÞG, HÁ, HV, KGuðj) fjarstaddir.

Brtt. 213,1.a samþ. með 27 shlj. atkv.
— 218,1 felld með 16:12 atkv.
— 213,1.b—d samþ. með 28 shlj. atkv.
— 207,1.b tekin aftur.
— 217 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 214,1, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
— 213.2 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 218.2 tekin aftur.
— 213.3 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 207,2 tekin aftur.
— 213.4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 214,2 felld með 18:9 atkv.
— 207,3 felld með 18:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 219).

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti Þetta frv. um verðlagsráð sjávarútvegsins er komið til þessarar hv. d. frá Nd., þar sem frv. hefur verið afgreitt, með nokkrum breytingum þó frá því, sem það var lagt fram í upphafi, og skal ég síðar gera nánar grein fyrir því. Tilgangurinn með frv. er sá að gera tilraun til þess að koma verðákvörðun á ferskum fiski í fastari skorður en verið hefur að undanförnu.

Um það, hvernig fiskverð hafi verið ákveðið, hefur verið farið eftir ýmsum reglum og ýmsum aðferðum, sem hafa ekki staðið á stöðugu, og stundum virðist raunar hafa vantað alveg kerfi til þess að fara eftir við ákvörðun þessa

fiskverðs. Þegar ákveðið hefur verið verð á síld til bræðslu, hefur venjan verið sú, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur gert tillögur til ríkisstj. um það, hvert verðið skyldi vera, eftir að hafa sett upp rekstraráætlun fyrir verksmiðjurnar, og miðað þá síldarverðið við það, að jöfnuður fengist á þeim rekstrarreikningi, miðað við líklega veiði. Einkaverksmiðjurnar hafa svo venjulega fylgt þessari verðákvörðun síldarverksmiðja ríkisins, og aðrir hafa þar ekki komið nálægt. Verð síldar til söltunar hefur til skamms tíma verið ákveðið af síldarútvegsnefnd og aðrir þá ekki komið þar nálægt. Um verðið á öðrum fiski, þorski *og fleiri skyldum fisktegundum*, hefur a. m. k. á tímabili verið farið þannig að, eftir að stofnað var til útflutningssjóðsins, að það var gert að skilyrði fyrir veitingu útflutningsbóta, að fiskverðið væri samþykkt af viðkomandi ráðuneyti. Og þar við má bæta því, að í ýmsum tilvikum hefur verð á fiski beinlínis verið lögfest, a. m. k. skiptaverðið til hásetanna, og við það miðað, þegar samningar hafa verið gerðir á milli útvegsmanna og sjómanna.

Um áramótin næstsíðustu voru kjarasamningar útvegsmanna og sjómanna endurskoðaðir og miðaðir við, að sjómenn tækju þá sinn hlut á því verði, sem útgerðarmenn fengju fyrir fiskinn, en ekki þannig, að um sérstakt skiptaverð væri að ræða, sem væri annað en það raunverulega gangverð á fiskinum. Strax þá — og af eðlilegum ástæðum — vaknaði áhugi sjómanna á því, að þeir fengju að vera með við ákvörðun þessa verðs, þar sem þeir eiga í mörgum tilfellum kringum helming af aflanum, og ekki óeðlilegt, að þeir séu með í verðákvörðuninni, alveg eins og fiskkaupendurnir og útgerðarmennirnir, sem oftast áður hafa komið sér saman um verðið, þegar um samkomulag hefur verið að ræða, og þess vegna urðu þessar óskir frá sjómönnunum háværari við það, að einmitt ferskfiskverðið, það raunverulega verð, sem vinnslustöðvarnar greiddu fyrir fiskinn, varð ákvarðandi um kaup sjómannsins. Þar við má bæta því, að reynslan undanfarin tvö ár, bæði á vertíðinni 1960 og 1961, hefur orðið sú, að það gekk illa að ná endunum saman á milli þeirra, sem fiskinn seldu, og hinna, sem fiskinn áttu að kaupa, og dróst raunar alveg fram til vertíðarloka að heita mátti árið 1960, að samkomulag næðist. Þetta hefur svo endurtekið sig oftar en einu sinni og horfði á tímabili í haust og vetur til hreinna vandræða, þar sem búið var að boða stöðvun bátaflotans, ef ekki hefði náðst samkomulag um síldarverðið. Það var hægt að koma í veg fyrir, að til þeirrar stöðvunar kæmi, vegna þess að verðið var ákveðið upp úr því, og síðar hefur ekki komið til sérstakra átaka á þessu sviði. En reynslan undanfarið hálft annað til tvö ár hefur verið sú, að það hefur verið mjög erfitt að ná þessum endum saman og fá samkomulag um ákvörðun verðsins. Þetta annars vegar og óskir sjómannanna hins vegar um það að vera með í ákvörðun fiskverðsins varð til þess, að það voru hafnar umleitanir með flestum þeim aðilum, sem hlut eiga að þessu máli, og leitað eftir því við þá, hvort þeir mundu ekki vilja gera athugun á því eða tillögur um það, hvort ekki væri hægt að finna eitthvert það kerfi, sem gæti tryggt verðákvörðunina fljótar og betur en tekizt hafði á þessum tveimur síðustu árum, og tóku allir þessir aðilar mjög vel undir þessa málaleitun og lýstu yfir fylgi sínu við hugsunina. Eftir að málið hafði verið til umr. á landsfundi ísl. útvegsmanna nú í byrjun nóvembermánaðar, var horfið að því ráði af hálfu sjútvmrn. að kalla saman á fund alla þessa aðila. Það voru aðilar frá Alþýðusambandi Íslands, frá Sjómannasambandi Íslands, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, frá Samlagi skreiðarframleiðenda, frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, eða *samtals átta menn*. Allir þessir átta menn, sem þar voru saman komnir, lýstu yfir, að þeir væru því fylgjandi að gera tilraun í þá átt að reyna að skipa þessum málum í fast form. Það var svo ákveðið þegar á þeim fundi, að þessir menn allir, sem þarna áttu hlut að máli og voru tilnefndir hver af sínum samtökum, gengju saman í nefnd til þess að athuga nánar einstök atriði og gera tillögur um afgreiðslu málsins.

Þessi nefnd tók til starfa í byrjun nóvembermánaðar og vann vel og röggsamlega að sínu starfi og skilaði áliti um mánaðamótin nóvember og desember. Og álit nefndarinnar var borið fram nokkurn veginn samhljóða af öllum nefndarmönnunum, þeir voru sjö að heita mátti alveg sammála, en sá áttundi hafði fyrirvara um tvö atriði, sem nánar er greint frá í fskj., sem prentað er með frv., eins og það var upphaflega lagt fram. Annað fskj. er þar líka prentað, sem er álit meiri hl.

Þetta frv., sem nefndin lagði fram, var svo athugað í ríkisstj. og samþykkt að leggja það fram nánast alveg óbreytt í því formi, sem það var lagt fyrir hv. Nd. nú fyrir stuttu. Meginefni þessa frv. er í stuttu máli það, að myndað verði svokallað verðlagsráð, þar sem sæti eiga jafnmargir aðilar frá fiskseljendum og frá fiskkaupendum, og freisti þeir að ná samkomulagi um verðákvörðunina. Var í tillögum nefndarinnar gert ráð fyrir, að þessir aðilar væru 7 frá hvorum hlutanum, 7 frá fiskseljendum og 7 frá fiskkaupendum. Fulltrúi Alþýðusambandsins, sem gerði ágreining um þetta atriði, — það var annað atriðið af þeim, sem hann gerði ágreining um, — vildi aftur á móti, að fulltrúarnir væru 8 frá hvorum aðila og fjölgað sérstaklega fulltrúum Alþýðusambandsins í seljendahlutanum um einn. Þetta breyttist í hv. Nd. þannig, að þar var gerð sú breyting á, að nefndarmönnum var fækkað ofan í 6 frá fiskseljendum, 3 frá hvorum, útgerðarmönnum og sjómönnum, og aðra 6 frá fiskkaupendum, sem þó eru ekki þeir sömu alltaf, heldur breytist þátttakan nokkuð í kaupendahópnum eftir því, um hvaða fisk og hvaða tíma árs er verið að ræða.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því sem aðalatriði, að þetta verðlagsráð semji sig áfram að einhverri niðurstöðu, komi sér saman um niðurstöðuna. En ef ekki næst samkomulag, þá er gert ráð fyrir því, að komi til kasta svokall-

aðrar yfirnefndar, þ. e. a. s. tveir menn verði kosnir af seljendahluta verðlagsráðsins og tveir menn kosnir af kaupendahluta verðlagsráðsins og gangi þessir fjórir menn saman í yfirnefnd og hæstiréttur tilnefni síðan oddamann, þannig að nefndin verði skipuð fimm mönnum og hún kveði upp, þannig skipuð, úrskurð um, hvert verðið skuli vera. Minni hl. n. gerði það að öðru ágreiningsatriði, að þessi háttur yrði ekki hafður á, heldur yrði, ef samkomulag næðist ekki, leitað til sáttasemjara ríkisins og honum falið að freista að leysa deiluna, annaðhvort beint eða þá með sáttatillögu, eins og um venjulega vinnudeilu væri að ræða. Þetta taldi meiri hl. ekki nægilegt, vegna þess að þá er málið raunverulega eða getur a. m. k. verið alveg á sama stigi og áður, að það náist ekki samkomulag, sáttatilraunir sáttasemjara heppnist ekki og málið verði jafnóleyst og áður. Þess vegna var meiri hlutinn inni á því, að það yrði að vera úrskurðaraðili, sem felldi endanlegan úrskurð um málið.

Því var haldið fram í Nd., að verðákvörðunin mundi eftir þessari skipan venjulega gerast í yfirnefndinni, þannig að verðlagsráðið yrði raunverulega ekki til þess að kveða upp verðið — um það yrði ekki samkomulag — og þess vegna mundi alltaf verða leitað eftir úrskurði yfirnefndar, og var það talið ekki vel farið, ef svo mundi verða. Ég vil um þetta atriði segja, að þetta getur náttúrlega enginn sagt fyrir fram, hvernig verða muni. Reynslan ein getur skorið úr því. En ég bendi á, að verðlagsráð landbúnaðarins hefur nú starfað mörg undanfarin ár og það er byggt upp ekki ósvipað þessu verðlagsráði sjávarútvegsins, þannig að 3 fulltrúar neytenda og 3 fulltrúar framleiðenda eiga þar að koma sér saman um verðið, en vísa hins vegar málinu til yfirdóms, ef ekki næst samkomulag. Reynslan í því ráði hefur orðið sú, að í langflestum tilfellum hefur samkomulag náðst í sjálfu verðlagsráðinu, og það hefur ekki komið fyrir í öll þessi ár, sem verðlagsráð landbúnaðarins hefur starfað, að máli hafi verið vísað til yfirdóms, nema tvisvar eða þrisvar sinnum, þannig að mér finnst öll ástæða til þess að ætla, að það verði verðlagsráðið, sem komi sér saman um verðákvörðunina, en ekki þurfi til yfirdómsins að leita nema í einstöku tilfellum kannske, en sjálfsagt að hafa hann, til þess að málið komist ekki í strand, ef enginn úrskurðaraðili er til.

Þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd., voru fyrst og fremst þær, að það var gengið frá því tryggilegar en áður hafði verið gert í upphaflega frv., að útgerðarmenn í yfirnefndinni hefðu hreinna seljendahagsmuna að gæta, en kæmu ekki fram á neinn hátt fyrir hönd kaupendanna. En eins og vitað er, þá eru það ýmsir útvegsmenn, sem bæði verka afla sinn sjálfir og kaupa jafnvel einnig af öðrum og hafa þess vegna kannske, þó að útgerðarmenn séu, meiri hagsmuni sameiginlega með fiskkaupendum en með fiskseljendum. Af því að afgreiðsla yfirnefndarinnar er ráðin með atkvgr., þótti eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem kosnir væru fyrir seljendurna, hefðu ekki hagsmuna annarra að gæta en seljendahagsmunanna. Og þess vegna var það talið sjálfsagt og eðlilegt, að fulltrúinn í yfirnefndina yrði þannig valinn. Hins vegar var ekki talið eins nauðsynlegt, að þessar línur yrðu dregnar svo hreint í undirnefndinni eða í sjálfu verðlagsráðinu, vegna þess að þar eru mál ekki afgreidd með atkvgr., heldur verður að vera fullt samkomulag í verðlagsráði um ákvörðun verðsins, þannig að hver einstakur ráðsmeðlimur getur beitt sínu neitunarvaldi og komið í veg fyrir, að nokkur samþykkt verði gerð.

Þetta var önnur breytingin, — sú fyrsta var fækkun á fulltrúunum, sem ég hef getið um áður, úr 7 í 6, önnur um nánari skilgreiningu á hæfni útgerðarmannsins í yfirdómnum, og raunar voru þetta, held ég, aðalbreytingarnar, sem þar voru gerðar. Það má vera, að það hafi verið einhver smávegis breyting í viðbót, sem ég kem ekki fyrir mig í augnablikinu, en það hefur þá a. m. k. verið mjög smávægilegt.

Kostnað við störf ráðsins og yfirnefndarinnar er gert ráð fyrir að fiskimálasjóður greiði. Hann hefur sjálfsagt heimild til þess samkvæmt sínum reglum, og eðlilegt, þar sem hér er sjóður, sem er borinn uppi af útvegsmönnunum sjálfum, að hann annist þessa fyrirgreiðslu, og er það ekki ósvipað því, að framleiðsluráð landbúnaðarins tekur þátt í verulegum hluta af þeim kostnaði, sem verðlagsráð landbúnaðarins hefur í för með sér.

Ég held, að ég þurfi ekki að ræða um þetta mál öllu frekar, en ég vil leyfa mér að bæta því við, að ef þetta frv. á að koma að notum við verðákvörðunina um áramótin n. k., þá er nauðsynlegt, að frá þessu máli verði gengið fyrir þinghlé. Ég vil þess vegna leyfa mér að láta þá ósk í ljós við hv. formann sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál til afgreiðslu, að afgreiðslu nefndarinnar á því verði hraðað svo sem frekast eru föng á, til þess að unnt verði að afgreiða málið fyrir þingfrestun.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 227, 234 og 236, 235, 237).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um verðlagsráð sjávarútvegsins, hefur á undanförnum dögum verið til umr. í hv. Nd. og verið rætt þar allýtarlega. Voru gerðar á því nokkrar smávægilegar breytingar, en efnislega er frv. óbreytt.

Að efni til er frv. þessu skipt í þrjá aðalkafla. Er I. kaflinn um skipun og verkefni verðlagsráðsins, en því er skipt í tvær deildir, fiskideild og síldardeild. Sú breyting var gerð á skipan verðlagsráðsins frá því upphaflega var ákveðið í frv., að í stað 14 fulltrúa eru þeir nú 12, 6 frá hvorum aðila, fiskkaupendum annars vegar og Landssambandi ísl. útvegsmanna

og sjómönnum hins vegar, 3 frá hvorum. Verkefni verðlagsráðsins skulu vera: 1) að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum þess sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningatæki til útflutnings óunninn; 2) að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma; 3) að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að verða um verð á sjávarafla.

II. kafli frv. er um verðákvarðanir verðlagsráðsins. Í 7. gr. er kveðið á um það, að ákvarðanir um lágmarksverð á sjávarafla skuli byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum markaði. Í því sambandi er mikilsverð sú aðstaða, sem verðlagsráðinu er sköpuð samkv. 6. gr. frv. með því að hafa greiðan aðgang að upplýsingum frá öllum opinberum stofnunum og útflutningssamtökum fiskframleiðenda og öðrum þeim aðilum, sem upplýsingar geta veitt, er að gagni mega koma við störf verðlagsráðsins. Í þessum kafla frv. er enn fremur kveðið á um það, að ef ekki næst samkomulag innan verðlagsráðsins um verð í einstökum atriðum eða verð á sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, sem gert er ráð fyrir að ákveðinn verði sérstaklega í reglugerð, þá skuli vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar, er síðan fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin, og ræður þá einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

Í III. kafla frv. eru ýmis ákvæði, svo sem um setningu reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna o. fl.

Það má segja, að á ýmsu hafi oltið um verð á sjávaraflanum á undanförnum árum. Hvort tveggja er, að verð hefur stundum verið mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, og svo hitt, að það hefur raunverulega verið um tvenns konar verð að ræða. Með hinum geysimikla tilkostnaði, sem hlaðizt hafði á útgerðina, m. a. í sambandi við alls konar nýja tækni, ný tæki, var öllum, sem eitthvað til þeirra mála þekktu, löngu orðið ljóst, að skiptakjörin á bátaflotanum voru útgerðinni svo óhagstæð, að vonlaust var um annað en útgerðin stöðvaðist, ef ekki kæmi til einhver leiðrétting um hlut hennar úr aflaverðmætinu. Þess vegna var að því horfið um tíma heldur en að breyta skiptafyrirkomulaginu að reikna fiskinn til sjómanna á öðru og lægra verði en útgerðarmaðurinn fékk raunverulega fyrir afla sinn. Á þessari framkvæmd voru ýmis vandkvæði og þegar í upphafi fyrirsjáanlegt, að slíkt fyrirkomulag gat ekki orðið til frambúðar. Segja má, að þetta flókna og að flestu leyti óheppilega kerfi hafi byrjað um svipað leyti og hinar sérstöku útflutningsverðuppbætur hófust, enda var þá við hver áramót, þegar samið var um rekstrargrundvöll fyrir bátaflotann fyrir vertíðina, samhliða gengið út frá ákveðnu fiskverði, bæði til sjómanna og útgerðarmanna. Það er svo fyrst eftir að útflutningssjóðurinn er lagður niður og hætt er öllum verðuppbótum á útfluttan sjávarafla, að teknir eru upp samningar á milli útgerðarmanna og sjómanna um það, að aðeins eitt verð skuli gilda. En þá var um leið endurskoðaður skiptagrundvöllurinn og samræmdur í heild hlutur hvers aðila, eins og hann hafði raunverulega verið. Um verð á síldinni, þó sérstaklega norðan- og austanlands, hefur það viðgengizt lengst af, að síldarverðið hefur verið ákveðið af sjútvmrh. eða ríkisstj. eftir tillögum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og síldarútvegsnefndar varðandi síld til söltunar. Með þessa framkvæmd hefur verið vaxandi óánægja meðal sjómanna og útgerðarmanna.

Sú skipan, sem með frv. þessu er gert ráð fyrir að verði varðandi verðlagningu á sjávarafla, er hliðstæð því, sem verið hefur um langt skeið um verðlagningu landbúnaðarafurða og gefizt vel. Það er því ekki óeðlilegt að ætla, að þessi skipan geti einnig á sama hátt gefizt vel um verðlagningu sjávaraflans. Nefnd sú, er hæstv. sjútvmrh. skipaði þann 9. nóv. s. l. til þess að undirbúa mál þetta og gera drög að því frv., sem hér er til umr., var á einu máli um, að nauðsyn bæri til þess að koma á verðlagsráði sjávarútvegsins. Einn fulltrúinn í nefndinni gerði þó ágreining um eitt eða tvö atriði. Var það fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Tryggvi Helgason, sem vildi ekki fallast á skipun oddamannsins í yfirnefndinni, eins og frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur vildi hann fjölga um einn mann í verðlagsráðinu, og skyldi sá fulltrúi vera tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands.

Um það atriði í frv., sem varðar skipun yfirnefndarinnar, segir svo í 9. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar nefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L. Í. Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið samkv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan tveggja sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og skal þá oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkv. úrslitum."

Af þessu má sjá, að augljóst er, að því aðeins verður til þess gripið að skipa yfirnefndina, að samkomulag náist ekki í verðlagsráðinu, og hæstiréttur tilnefni því aðeins oddamanninn, að verðlagsráðið í heild geti ekki komið sér saman um tilnefningu hans. Án þess að slíkt ákvæði sem þetta sé fyrir hendi samkv. lögunum, gæti svo farið, að við værum litlu nær um lausn þessa vandamikla hagsmunamáls en við erum í dag.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á

þskj. 227, varð ekki samkomulag í nefndinni um að mæla með frv., en meiri hl. hefur á þskj. 227 leyft sér að mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Nd. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um mál þetta að sinni, en geri það að tillögu minni, að það verði samþykkt og vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., er sannarlega ekki að ófyrirsynju fram borið, svo alvarlegir hlutir hafa gerzt í sjávarútvegi, þar sem útgerðarstöðvanir hafa átt sér stað hvað eftir annað. En þessar útgerðarstöðvanir eru vegna ósamkomulags um fiskverð milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Það átti að vera svo eftir kenningu hæstv. stjórnarflokka, að með efnahagslöggjöfinni væri slíkur vandi leystur, það ætti allt að geta gengið nokkurn veginn af sjálfu sér í atvinnulífi og viðskiptalífi þjóðarinnar, eftir að sú löggjöf komst á. Þessi „viðreisn" átti að vera nokkurs konar rafeindaheili, sem þurfti ekki annað en setja í gang, og svo þurfti enginn að hafa áhyggjur af neinu. En þetta hefur farið nokkuð á annan veg, og ég ætla, að ástandið í þessum efnum hafi ekki orðið verra áður en það varð á s. l. vetri, þegar langvarandi útgerðarstöðvun varð í stærsta útgerðarbæ landsins vegna ósamkomulags um verðlag á sjávarafurðum.

Það er enginn vafi á því, að það er full þörf á því að setja löggjöf, sem ákveður einhverjar starfsreglur fyrir seljendur og kaupendur að fara eftir, svo að frekar megi vænta samkomulags um fiskverð. Svo mikið er í húfi, að samkomulag takist, að ég tek sannarlega undir ummæli hæstv. ríkisstj. í grg. fyrir þessu frv., að það sé áríðandi að gera nokkrar ráðstafanir til þess að hindra slíkar atvinnustöðvanir. En þýðingarmestu ákvæðin, sem ég tel vera í þessu frv., eru þau, sem mæla fyrir um verðlagsráð og að öðru leyti um þá skipun yfirnefndar, að aðilarnir komi sér saman um oddamann. Hvort tveggja þetta eru tilraunir til þess, að aðilarnir komi sér saman og verðið á vörunni verði ákveðið með samkomulagi. Þetta er að mínum dómi það langmikilsverðasta í frv. og svo mikilsvert, að ég vil leggja mitt lið til þess, að slíkt geti orðið að lögum.

Þessu frv. var útbýtt hér í þessari hv. deild í gær um miðjan dag, líklega eitthvað nálægt því kl. 2, eftir fund í sameinuðu þingi. Síðan voru þingmenn á fundum í sameinuðu þingi og í nefndum, og ég ætla, að flestir hafi verið uppteknir fram undir kvöldmat. Það má nærri geta, hve langan tíma nm. sjútvn. í þessari hv. d. hafa haft til þess að athuga svo mikilsvert vandamál sem þetta frv. fjallar um. En hraðinn, ég vil segja flaustrið, á afgreiðslu málsins var meiri en þetta, því að áður en n. er farin að líta á frv. á fundi sínum, eru nm. boðaðir á fund hér í hv. deild kl. hálftvö í dag um þetta mál, og það ætla ég að sé með óvenjulegum hætti, að þannig sé farið að, að ákveða umr. um mál eftir tæpan sólarhring, þótt nefnd, sem málinu var vísað til, sé ekki farin að líta á málið. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur þá afsökun, að það er nauðsynlegt að koma málinu fram fyrir áramót. Ég skal viðurkenna, að það þarf að hafa hraðan á. En að það gangi svona fyrir sig, það tel ég ekki góð vinnubrögð, enda fór það svo, að meiri hluti hv. sjútvn. lagði ekki mikla vinnu í að athuga þetta mál. Ég man ekki, hve margar mínútur fundurinn stóð um málið, þær voru ekki margar. Þar kom fram till. frá einum nm. að samþykkja frv. óbreytt. Ég leitaði eftir því, hvort hægt væri að fá samkomulag um einhverja þá brtt., sem flutt var af hálfu Framsfl. í Nd. við málið, en það varð ekki, svörin voru ósköp greið og fljót og afdráttarlaus, og þar með voru nefndarstörfin búin. En þó að svona gangi fyrir sig í nefnd, verð ég að telja viðeigandi, að nefndarhlutarnir fái einhvern frið til að skila nál. og brtt. Ég tel, að ég hafi gert mitt til þess að hraða þessu eins og ég gat, því að ég skilaði nál. mínu og brtt. hingað til skrifstofunnar kl. 9 í morgun. Fyrr gat ég það ekki, fyrst ég kom ekki heim af fundum hér fyrr en kl. 7 í gærkvöld, svo að ég held, að ég geti ekki talið, að ég hafi hindrað málið. En það er ófært að hafa þessi vinnubrögð um stórmál. Ég verð að víta það. Það verður að haga vinnubrögðum á Alþingi á einhvern annan hátt, svo að þetta þurfi ekki að ganga þannig fyrir sig, að maður nú ekki tali um það, að fyrr í vetur féllu niður fundir í þessari hv. deild dögum saman, af því að það var ekkert að gera. Ég veit ekki, til hvers Ed. er, ef hún á ekki að hafa frið til þess að vinna að málunum, — eða á hún aðeins að taka við öllu athugasemdalaust frá hv. Nd., eins og það kemur fyrir? Ég er hér ekki að saka sérstaklega hæstv. forseta. Ég veit, að hann getur ekki ráðið við þetta, af því að málið kom svo seint fram. Ef á að ljúka þessu fyrir jól, þarf að hafa hraðan á. En samt eru þetta ekki góð vinnubrögð, það verð ég að segja. Skal ég þá ekki ræða meira um það.

Það liggja ekki enn fyrir brtt., sem ég flyt. Hvernig á að fara að því, má ég spyrja, þær eru ekki komnar enn úr prentun? Hæstv. forseti hefur rætt um það við mig, hvort ég treysti mér til þess að ræða málið, þó að brtt. séu ekki komnar fram. Ég vil gera allt, sem ég get, til þess að hraða málinu, ég segi það alveg eins og er, að það stendur ekki á mér að ræða það. En ég veit ekki, hvernig við eigum að afgreiða það, þegar brtt. eru ekki komnar fram enn, þó að ég hafi afhent þær kl. 9 í morgun. Ég býst við, að hæstv. forseti fresti þá fundi, ef þær verða ekki komnar, þegar þessari umr. er lokið, og er það samt vægast sagt hart að þurfa að ræða brtt., sem enginn þm. hefur séð að undanteknum mér. Ég skal samt, til þess að greiða fyrir málinu, skýra eins rækilega og ég get frá þessum brtt., sem ég hef flutt og ekki eru komnar hér fram.

1. brtt., sem ég flyt, er við 1. gr. frv. Ég legg þar til, að einn af þeim þremur fulltrúum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á að tilnefna í verðlagsráðið, verði tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. Ég held, að mönnum sé kunnugt um það, að aðstaða fiskvinnslustöðva í þessum landshlutum er nokkur önnur en hér sunnanlands. Það er öðruvísi fiskur, sem þessar

stöðvar fá. Það er oft smærri fiskur. Það er mikill hluti eða a. m. k. verulegur hluti af aflanum handfærafiskur á vissum tímum ársins. Það eru fisktegundir, sem jafnvel þekkjast ekki annars staðar en við Vestfirði, eins og steinbítur. Ég get varla talið, að hann sé veiddur að nokkru ráði annars staðar. Og þá má jafnvel nefna hina virðulegu hámeri, sem farið er að veiða fyrir Vestfjörðum nú, — ég veit ekki til, að hún sé veidd annars staðar við landið, — mjög dýr fiskur. Margt fleira af þessu tagi má nefna og þá ekki síst aðstöðuna hjá hraðfrystihúsunum víða úti um land og fiskmagnið, sem hver hraðfrystistöð fær. Þetta er mjög ólíkt því, sem er hér við aðalveiðisvæðið sunnan- og suðvestanlands. Það er því ekki óeðlileg ósk, sem hefur borizt bréflega til Alþingis frá félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi, að það fái einn fulltrúa í verðlagsráð.

Þá er önnur till. við þessa sömu gr., 1. gr. frv., sem ég flyt. Það er skilyrði um kjörgengi í verðlagsráð og yfirnefnd samkv. frv. Þar er sett það skilyrði í frv., eins og það er nú, að fulltrúi í verðlagsráði má ekki hafa gagnstæðra hagsmuna að gæta við það, sem ætlazt er til samkv. lögunum, t. d. að fulltrúi fyrir fiskseljendur megi ekki bersýnilega hafa hagsmuni sem fiskkaupandi, og gagnkvæmt, að fulltrúi fiskkaupenda hafi ekki bersýnilega hagsmuna að gæta sem fiskseljandi. Nú er það ákvæði komið inn í frv., að þessi skilyrði skuli sett um yfirnefndina, en það er ekkert slíkt skilyrði um að vera fulltrúi í verðlagsráðinu. Nú verð ég að telja, að það sé alveg jafnmikil nauðsyn á því að setja þessi skilyrði til þátttöku í verðlagsráði eins og í yfirnefnd, því að báðar þessar nefndir eiga að vera nokkurs konar sáttanefndir eða samkomulagsnefndir um fiskverðið. Þær eiga að fjalla um alveg sama verkefnið. Og hví ekki að setja þessi skilyrði þá á báðum stöðum?

Því hefur verið haldið fram, að þetta kæmi ekki að sök vegna þess, að það þurfi einróma samþykki fulltrúanna í verðlagsráði til þess að ákveða fiskverðið. Ég held, að einmitt vegna þessa ákvæðis í frv. um, að einróma samþykki þurfi í verðlagsráði til að ákveða fiskverðið, sé enn nauðsynlegra að vanda til fulltrúanna og það séu meiri líkur til þess, að samkomulag geti tekizt í verðlagsráði, ef það er þannig skipað, að þar sé réttur maður á réttum stað, raunverulegur fiskseljandi sé fulltrúi fyrir fiskseljendur og raunverulegur fiskkaupandi fyrir hina. En ef hitt kæmi fyrir, að þarna væri fulltrúi fyrir fiskseljendur, sem væri að miklum meiri hluta fiskkaupandi, þá er það að mínum dómi lakara, að þá skuli þurfa einróma samþykki í þessu verðlagsráði, ef menn ætlast til þess, að það nái samkomulagi. Það er því tillaga mín, ein brtt., að sömu skilyrði um kjörgengi séu sett um verðlagsráðið og yfirnefnd og sömu skilyrði sett um fulltrúa fiskkaupenda og fyrir fulltrúa fiskseljenda, þessi skilyrði nái til beggja þessara hópa, sem þarna eiga fulltrúa í verðlagsráði. Það er að mínum dómi alveg fráleitt, svo að ég taki dæmi, að maður, sem á heilt hraðfrystihús, en á líka hlut í bát, geti verið fulltrúi fyrir fiskseljendur í verðlagsráði. Það sjá allir, að hann hefur fyrst og fremst hagsmuni af því að fá verðið lágt, því að hann er fiskkaupandi og kaupir kannske margfalt magn af fiski móts við það, sem kemur af þessum eina bát, sem hann er ef til vill aðeins hluthafi í. Þó gæti hann eftir ákvæðum frv. verið fulltrúi fyrir fiskseljendur. Þetta tel ég ekki vera viðunandi. Hliðstæð dæmi má nefna um fulltrúa fiskkaupenda, að það getur verið maður, sem er fyrst og fremst útgerðarmaður, þó að hann eigi hluta í hraðfrystihúsi.

Þá kem ég að þriðju brtt., sem ég flyt við 1. gr. Það má segja, að það sé leiðrétting á orðalagi, sem vægast sagt er fljótfærnislegt. Það stendur nefnilega í 1. gr. frv., þar sem taldir eru upp fulltrúarnir af hálfu fiskkaupenda, að síðast er talinn einn fulltrúi tilnefndur af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi. Engin skýring er með þessu, hvað þetta er. Nú eru ákaflega margar tegundir af verksmiðjum til á Suður- og Vesturlandi, og einhver hafði það á orði, hvort það væri dósaverksmiðja, hvort það væri súkkulaðiverksmiðja eða ullarverksmiðja eða nærfataverksmiðja eða hvaða verksmiðjur ættu að tilnefna þennan fulltrúa. Nú skal ég játa, að það er hægt að finna það út úr frv., að það er ekki átt við neinar af þessum verksmiðjum, en fljótfærnislegt er orðalagið, það held ég að sé vægast sagt. Ég held, að það megi sjá það eftir 4. gr., að þarna muni hafa átt að standa síldarverksmiðjueigenda, — ég held, að það hljóti að vera, að þar sé átt við síldarverksmiðjueigendur, og þess vegna hef ég flutt þá leiðréttingu.

Þá flyt ég brtt. við 3. gr., og hún er um það, að af þeim þremur fulltrúum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á að tilnefna í verðlagsráð, sé einn tilnefndur sameiginlega af félögum fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum og Norður- og Austurlandi, en það er alveg sams konar tillaga og kemur fram við 1. gr. og er því afleiðing af henni, og er ekkert um hana að segja annað — hún er til samræmis.

3. brtt., sem ég flyt, er við 9. gr. Eins og mönnum er kunnugt, mælir 9. gr. svo fyrir, hvernig skuli að fara, ef ekki næst einróma samkomulag í verðlagsráði um verð á fiski. Þá skuli þeim ágreiningi vísað til yfirnefndar, sem er skipuð 5 mönnum, tveimur tilnefndum af hvorum aðila, fiskseljendum og fiskkaupendum, og oddamanni, sem þessir aðilar koma sér saman um einróma. Þetta var ekki svo í frv., eins og það var lagt fyrir Nd., en það er orðið svo núna. Þarna eru aftur ákvæði um það, að fulltrúar í verðlagsráði verða að vera sammála. Það verður að vera samþykkt einróma verðlagið í verðlagsráði. Takist það ekki, verður að samþykkja einróma í verðlagsráði oddamann í yfirnefnd. En takist það ekki heldur, á að koma til oddamaður skipaður af hæstarétti. Og þá er ég kominn að því atriði í þessu frv., sem ég ætla að valdi mestum ágreiningi, þ. e. að yfirnefnd úrskurði verðlag á fiski með oddamanni skipuðum frá ríkisstofnun. Þetta er ekkert annað en gerðardómur, — gerðardómur í kjaramálum sjómanna, því að kjör sjómanna skapast annars vegar af aflamagninu og hins vegar af verðinu, sem þeir fá fyrir hlutinn sinn.

Hér er því fyrirmæli um gerðardóm í kjaramálum sjómanna. Auk þess er þetta líka gerðardómur fyrir hraðfrystihúsin eða kaupendur fisksins. Það, sem ég kann ekki við í þessu ákvæði frv., er einmitt þetta. Það er heimtað einróma samþykki í verðlagsráði fyrir verðlaginu. Takist það ekki, er heimtað einróma samþykki verðlagsráðs um oddamanninn í yfirnefnd. Takist það ekki, skal settur oddamaður skipaður af ríkisstofnun, þó að hvorugur aðili í verðlagsráði, fulltrúar fiskkaupenda og fulltrúar fiskseljenda, sé ánægður með þann aðila. Þar er snúið við blaðinu. Ég neita því ekki, að þetta eru ákaflega rúm ákvæði fyrir einstaka fulltrúa, það þurfi einróma samþykkt um verðlagið í verðlagsráði og að það þurfi einróma samþykki verðlagsráðs um oddamann í yfirnefnd. Þetta gefur til kynna, að hverjum einstaklingi er þarna gefið neitunarvald, ef eitthvað það á að gera eða ákveða, sem hann getur ekki fellt sig við. Og meiri rétt er ekki hægt að gefa minni hluta en þetta. Ég skal ekki setja mig upp á móti því, þó að heimtað sé einróma samþykki verðlagsráðs um verðlagið, af því að þá er til annað stig að vísa málinu til, það er yfirnefnd. En ég tel ástæðulaust að heimta einróma samþykki verðlagsráðs um skipun oddamanns í yfirnefndina. Því legg ég til, að aðeins þurfi samþykki meiri hluta fulltrúanna, hvors hópsins um sig, fulltrúa fiskseljenda annars vegar og fulltrúa fiskkaupenda hins vegar, til þess að sá oddamaður verði skipaður, þ. e. að 8 af 12 mönnum í verðlagsráði samþykki oddamanninn. Ég get ómögulega varizt þeirri hugsun, að þessar tillögur um einróma samþykki á tveimur stigum sáttaumleitana kunni að leiða og jafnvel hljóti að leiða til þess, að verðlagið verði venjulega ákveðið af yfirnefnd með oddamanni frá hæstarétti. Það þarf svo sáralítið til að koma því til leiðar. Einn maður af 12 getur neitað verðlaginu í verðlagsráðinu, og einn maður af 12 getur neitað oddamanninum, sem þeir annars hefðu átt að koma sér saman um. Er þá ekki einmitt hætt við því, að þetta verði niðurstaðan, að það verði yfirnefndin með oddamanni frá hæstarétti, sem ákveður verðlagið? Það er þetta, sem ég óttast. Og ég held, að þetta sé það lakasta í þessu frv.

Hæstv. sjútvmrh. talaði um það í gær í framsöguræðu sinni um málið, að hann byggist við, að venjulegast tækist samkomulag í verðlagsráði. Ef það tekst þar venjulega, þá er það ekki fyrir þetta neitunarákvæði í frv. Þá væri það held ég frekar vegna hins, að menn vilja ekki eiga undir þessari yfirnefnd með oddamann frá ríkisstofnun. En það þýðir kannske lítið, hvorki fyrir mig né hæstv. ráðherra, að vera að spá neinu um það. Við vitum sennilega álíka mikið báðir um það fyrir fram.

Þá held ég, að ég muni það rétt, að hæstv. ráðherra hafi í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli vitnað í skipan verðlagsráðs bændastéttarinnar og að hér sé um hliðstæður að ræða, verðlagsráð landbúnaðarins og þær tillögur, sem í þessu frv. felast um verðlagsráð og yfirnefnd sjávarútvegsins. Ég held, að þetta sé á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðherra. Þetta er mjög á annan veg hjá bændum, þ. e. a. s. uppbygging þessa kerfis gekk allt öðruvísi fyrir sig hjá bændum. Þar gekk það þannig fyrir sig, að málið var rætt á búnaðarþingi, sem er vettvangur bændastéttarinnar, það var rætt á búnaðarþingi 1943 og þá skipuð milliþn. í þetta mál. Síðan gerir þessi milliþn. tillögur um þetta skipulag og leggur það aftur fyrir búnaðarþing. Þannig er undirbúin löggjöfin af hálfu bændanna þá. Síðan samþykkir Alþingi framleiðsluráðslögin 1947. M. ö. o.: bændastéttin samþykkir fyrir fram það skipulag, sem skuli hafa á þessu máli, og það var sætt sig við þá yfirnefnd, sem þar starfar, það var sætt sig við hana, enda hún komin inn í löggjöfina fyrir tilstilli bændanna sjálfra. En hvernig er það með þetta frv.? Eru fiskseljendur sammála um frv.? Ónei, þeir eru það ekki. Þeir eru sammála um, að það þurfi að setja starfsreglur um samkomulagstilraunir um fiskverð, það eru allir sammála um, um það er enginn ágreiningur neins staðar, sem ég veit til. En þeir eru ekki sammála eða voru ekki sammála um tvö atriði, annars vegar skipun verðlagsráðsins, hins vegar um yfirnefnd. Nú er búið að breyta ákvæðum frv. í Nd. um skipan verðlagsráðsins, en það er engu búið að breyta um sjálfa yfirnefndina, þar sem oddamaður á að vera frá hæstarétti. Það mun vera svo, að fulltrúar fiskkaupenda hafa verið sammála um þessi ákvæði frv., en fulltrúar fiskseljenda munu ekki hafa verið sammála. Ég held, að ég muni það rétt, að það hafi verið 4 fulltrúar frá fiskseljendum og 4 frá fiskkaupendum, sem undirbjuggu frv. Af þessum 4 fulltrúum frá fiskkaupendum hafi verið 3, sem má telja fulltrúa sjómanna, einn frá Alþýðusambandinu, einn frá Sjómannasambandinu og einn frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Af þessum þremur fulltrúum sjómanna í undirbúningsnefndinni var aðeins einn samþykkur ákvæðum frv., annar sat hjá við atkvgr., fulltrúi Sjómannasambandsins, þriðji greiddi atkvæði gegn þessu fyrirkomulagi, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, og á bak við þann fulltrúa munu hafa verið langflestir sjómennirnir í landinu. Nei, það varð ekki fullt samkomulag og fjarri því um þetta. Beri maður þetta svo saman við undirbúning að framleiðsluráðslögum landbúnaðarins, þá er þar öðruvísi farið að, þar eru það stofnanir bændanna sjálfra, sem samþykkja þetta fyrirkomulag fyrir fram. Í samræmi við þetta er það, að ég flyt þá brtt., að það þurfi meirihlutasamþykki beggja aðila til þess að setja gerðardóm með oddamann frá ríkisstofnun.

4. brtt., sem ég flyt, er við 10. gr. Í 10. gr. frv. stendur: „Ákvarðanir verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ Ég vil spyrja: Á þetta þá ekki að vera bindandi fyrir þær ákvarðanir, sem yfirnefndin tekur? Er það tilgangurinn, að ef yfirnefndin úrskurðar verðið, þá sé það ekki bindandi? Þannig er það í frv. Það er aðeins verðlagsráð, sem þetta ákvæði nær til. Ég tel, að ef nokkur árangur á að verða, þurfi þetta bindingarákvæði að ná alveg jafnt til yfirnefndar og til verðlagsráðs.

Það er ekki hægt að segja, að verðlagsráð ákvarði neitt um verðlagið, ef það er yfirnefndin, sem gerir það. Hún er ekki verðlagsráð. En samkvæmt frv. á það ekki að vera bindandi, verðlagið, lágmarksverðið, ef það er ákveðið af yfirnefnd. Ég held, að það sé fljótfærnislega frá þessu gengið, en ef þetta er tilgangurinn, þá átta ég mig ekki á þessu.

Í þessari sömu tillögu legg ég til, að ákveðið tímabil skuli standa það verð, sem úrskurðað er eða ákveðið verður af verðlagsráði, en eins og frv. er, þá sé ég ekki, að neinn tími sé nefndur neins staðar um það, hve lengi þetta verð eigi að standa. Það gefur að skilja, að það geta margar þær breytingar orðið, sem þyrftu að valda breytingum á fiskverði, verðfall erlendis, breyttur vinnslukostnaður innanlands og annað þess háttar. Nú býst ég kannske við, að hæstv. ráðherra kunni að svara því, að þessi atriði verði öll ákveðin í reglugerð, en mér hefði fundizt eðlilegra, að þetta stæði beint í lögunum, því að þetta eru allþýðingarmikil ákvæði.

Ég hef farið nokkrum orðum um það atriði þessa frv., sem ég tel einna athugaverðast, þ. e. yfirnefnd með oddamanni frá hæstarétti. Ég hef sýnt fram á, að það hafa ekki staðið allir fulltrúar sjómanna að því ákvæði frv., þeirra sem undirbjuggu frv., og þetta sé mjög varhugaverð ráðstöfun. En ég vil bæta því við, að ef út í þá sálma þarf að fara á annað borð að úrskurða með gerðardómi þannig skipuðum verð á vöru, þá er það tvíeggjað sverð. Það getur farið svo, að árangur af þessu verði minni en til er ætlazt. Það er nefnilega ekki hægt að skylda neinn til þess að kaupa vörur fyrir ákveðið verð, ef kaupandinn treystir sér ekki til þess. Það er ekki hægt að skylda hraðfrystihúsin í landinu til þess að kaupa ferskfisk fyrir eitthvert úrskurðað verð, ef þau treysta sér alls ekki til þess að fá það út úr sinni vinnslu, að þetta geti borgað sig. Það er ekki heldur hægt að fyrirskipa neinum útgerðarmanni að selja fiskinn sinn fyrir ákveðið verð. Og það er ekki hægt að skylda sjómanninn til þess að róa upp á það, að hann fái þetta verð fyrir aflann sinn. Ef slík harka fer í þetta mál, sem getur átt sér stað, að það þurfi að fara að úrskurða þetta með gerðardómi skipuðum eins og ég hef nefnt, þá er ekki víst, að málið leysist með þessu. Það er hægt að fá verðlag á pappírinn, en það er ekki víst, að það verði fyrirbyggðar atvinnustöðvanir, þó að þetta verði gert, og það er þó aðalatriðið og tilgangurinn með frv., það er að koma í veg fyrir þær. Og ég vil nefna eitt enn og það að gefnu tilefni. Ef annar hvor aðilinn í verðlagsráði, fulltrúar fiskkaupenda eða fiskseljenda, vill ekki sætta sig við yfirnefndina með oddamann frá hæstarétti, en finnur upp á því að tilnefna ekki fulltrúa sinn í yfirnefndina, hvað skeður þá? Kom það ekki fyrir einu sinni um verðlagsráð landbúnaðarafurða, að þetta var gert? Ég veit ekki betur en yfirnefndin hafi orðið óstarfhæf. (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. ráðherra? **(Gripið fram í:** Ég sagði, að það mætti gefa út bráðabirgðalög.) Já, veit ég það, að hæstv. ríkisstj. hefur æfinguna í því, hún hefur mikla þjálfun í því að gefa út brbl., og ég held nefnilega, að í sumum tilfellum sé henni alveg eins kært að gefa út brbl. og að leggja lagafrv. fyrir þingið.

5. brtt., sem ég flyt við frv., er við 11. gr. Í 11. gr. segir, að kostnaðurinn af verðlagsráði sjávarútvegsins skuli greiddur af fiskimálasjóði. Það er kannske af því, að ég er í stjórn fiskimálasjóðs, að ég á lakara með að sætta mig við þetta ákvæði en sumir aðrir. Hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið í framsöguræðu sinni í gær, að heimild væri fyrir því, að fiskimálasjóður greiddi slíkt, — ég held ég hafi það rétt eftir, — heimild sé fyrir fiskimálasjóð að greiða þennan kostnað. Hvar er sú heimild? Getur hún verið annars staðar en í lögunum um fiskimálasjóð? Starfsemi fiskimálasjóðs er sú að veita lán til framkvæmda í þágu sjávarútvegsins, til hvers konar fiskvinnslustöðva í landi, og auk þess að veita styrki. Það getur ekki falizt slík heimild í því ákvæði laganna, að fiskimálasjóður láni fé, því að það er ekki að lána neitt fé að borga þennan kostnað, það er ótvírætt. Það getur ekki fallið undir lánveitingar fiskimálasjóðs að taka að sér að greiða allan kostnað af opinberri stofnun, sem nú á að fara að setja á laggirnar. Það verður þá að heyra undir styrkveitingar fiskimálasjóðs, og lögin segja, hvers konar styrkveitingar fiskimálasjóður má hafa með höndum: Til hafrannsókna. Þetta eru ekki hafrannsóknir. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum. Ég held það geti ekki heyrt undir þetta, að þetta séu neinar fiskigöngur að borga kostnað verðlagsráðs. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum. Ekki getur það heyrt undir þetta. Tilrauna með verkun og vinnslu sjávarafurða. Skrifstofukostnaður getur ekki heyrt undir þetta. Til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir. Ég held, að þetta sé ekki markaðsleit, að ákvarða verð á ferskfiski hér innanlands. Til annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins. Og þarna er upp talið. Ja, ég veit ekki, hvort hæstv. ráðherra á við það, að þetta sé nýjung í þarfir sjávarútvegsins. Eða er það rannsókn? Jú, það er rannsókn, það má heita það kannske. Ég vil bara spyrja hann, hvort honum finnist það heyra undir þetta ákvæði, að þetta sé rannsókn eða nýjung í þarfir sjávarútvegsins að borga skrifstofukostnað verðlagsráðs.

Nú er það svo, að þessi kostnaður getur orðið allverulegur fyrir stofnun, sem hefur heldur litlar tekjur, því að í 5. gr. frv. segir, hvað ráðið eigi að gera, og þar með sér maður, hvað það muni verða, sem hefur kostnað í för með sér: Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér í landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunnið. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma. Það er ekkert smáræðisverkefni. Að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verðlag á sjávarafla. Svo er gert ráð fyrir framkvæmdastjóra með skrifstofufólki og öllu, sem

því tilheyrir. Svo er það kostnaðurinn af verðlagsráði, og mig minnir, að það séu 19 í því. Ég held nefnilega, að þessi kostnaður geti orðið allverulegur fyrir ekki stærri sjóð en fiskimálasjóður er. Tekjur fiskimálasjóðs eru: Hluti hans af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og vextir. Aðrar tekjur eru ekki. Og þessar tekjur fiskimálasjóðs hafa orðið síðustu árin þannig: 1957 4½ millj., 1958 5.7 millj., 1959 5.8 millj. og 1960 7.8 millj. Þetta er fiskimálasjóðsgjaldið og vextirnir. Ég held, að þetta geti orðið dálagleg skerðing á tekjum fiskimálasjóðs til þess að sinna venjulegri starfsemi, ef á að taka allan kostnað verðlagsráðs af árlegum tekjum sjóðsins. Og hverjir eru það í raun og veru, sem borga þetta? Það er sjávarútvegurinn. Hver einasti eyrir frá fiskimálasjóði fer til sjávarútvegs, í lán eða styrki. Og það er ekki um það að ræða, að þessi skerðing á tekjum sjóðsins, sem hlýzt af þessu ákvæði laganna, bitnar beint á þeim, sem fjárhagsaðstoðar hafa notið frá sjóðnum. Ég býst fyrst og fremst við, að það bitni á styrkþegum. Og mér þætti ekki ólíklegt, að verulegur hluti af því fé, sem hingað til hefur verið varið til styrkja í þágu sjávarútvegsins, hverfi í þetta. Og þá kemur það niður á þessum greinum, sem ég las upp úr lögunum, sem sjóðsstjórnin hefur styrkt fram að þessu.

Ég kalla það alveg merkilegt, að hæstv. ríkisstj. skuli nú hafa komið auga á fiskimálasjóð í þessu skyni. Það er eins og henni sé áskapað að ráðast á lamb fátæka mannsins, ef hún getur náð til þess. Í flestum tilfellum held ég, að það sé venjan, að slíkur kostnaður sé hreinlega greiddur úr ríkissjóði. En þarna er sjóður með 5, 6 eða 7 millj. kr. árlegar tekjur látinn greiða það, sem ríkissjóður með sínar 1700 millj. kr. í tekjur getur ekki greitt. En það verður, eins og ég sagði, þessi afleiðingin: stofnanir sjávarútvegsins verða að greiða þetta. Það bitnar á þeim. Óðruvísi getur stjórn fiskimálasjóðs ekki að farið.

Hæstv. ráðh. gat þess í framsöguræðu sinni, að þetta væri alveg hliðstætt því, sem væri um greiðslu á kostnaði við yfirnefnd um landbúnaðarverðið. Ég held, að ég fari þar ekki rangt með, ég hafi tekið þar rétt eftir: að þar væri sams konar fyrirkomulag og þetta, að kostnaðurinn væri greiddur af sjóði framleiðsluráðs, og því væri þetta lagt til, að fiskimálasjóður greiddi kostnað af verðlagsráðinu. Þetta er á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh. Kostnaður af sex manna nefnd framleiðsluráðslaganna og kostnaður af yfirnefnd, þegar til hennar þarf að koma, er allur greiddur úr ríkissjóði. Þetta er því þveröfugt, sem þarna er lagt til. Að vísu hefur framleiðsluráð aftur á móti annan kostnað. En um sex manna nefndina, sem er alveg hliðstæð 12 manna nefndinni í þessu frv. — eða verðlagsráðinu — og yfirnefndina um landbúnaðarverðið, sem er alveg hliðstæð yfirnefndinni í þessu frv., þá er það svo, að ríkissjóður greiðir kostnað af þessu hvoru tveggja, en skv. frv. á hann ekki að gera það, heldur á að láta fiskimálasjóð greiða kostnaðinn. Það er því á einhverjum misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., sem hann sagði í gær.

Ég hef þá drepið á þær brtt., sem ég flyt við þetta frv., og skal endurtaka að lokum það, sem ég sagði áður, að ég tel nauðsyn á að setja löggjöf um reglur, til þess að leita samkomulags í verðlagsmálum milli fiskseljenda og fiskkaupenda. En ég er fyrst og fremst andvígur skipun yfirnefndar með þeim hætti, að oddamaður sé skipaður af ríkisstofnun eða nokkrum öðrum en aðilunum sjálfum, sem eiga að semja. Brtt. mínar fengu ekki undirtektir hjá meiri hl. n., og það kann svo að fara, að þessi hv. deild líti eins á og þær nái ekki fram að ganga. En þótt svo fari, vil ég samt eiga minn þátt í því að styðja að löggjöf, sem gerir tilraun til þess að leysa þessi vandamál, og mun því fylgja frv. að lokum, þó að ég fái ekki samþykktar þær brtt., sem ég flyt, því að málið er svo mikils virði fyrir atvinnulífið í landinu og alla aðila, að ef árangur getur orðið með þessu móti, þá vil ég styðja að því, að sá árangur náist.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, hef ég ekki getað fallizt á að mæla með samþykkt þessa frv. breytingalaust, eins og hv. meiri hl. sjútvn. gerir. Að mínu áliti er að vísu stefnt að sumu leyti í rétta átt með frv., en ég tel á hinn bóginn gallana á því svo stórfellda, að að öllu samanlögðu væri samþykkt þess ekki til bóta frá núverandi ástandi, a. m. k. ekki fyrir þann aðilann, sem er fjölmennastur meðal þeirra, sem hafa beinna hagsmuna að gæta í sambandi við meðferð þeirra mála, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. sjómannastéttina. Ég tel líka, að það sé mjög vafasamt, að ekki sé sterkara að orði komizt, að með frv. náist sá árangur, sem sagt er að sé aðalmarkmiðið með flutningi þess, þ. e. a. s. sá, að meiri friður fáist en áður hefur verið um verðlagningu á fiski. Ég tel, að frjálst samkomulag, frjálsir samningar milli þeirra hagsmunaaðila, sem hér eiga hlut að máli, sé farsælasta leiðin til þess að firra vandræðum, en að valdboð og mismunun á samnings- og ákvörðunaraðstöðu aðilanna sé hættuleg leið, sem leiði ekki neitt gott af sér og allra sízt frið. Ég tel líka, að allra hluta vegna sé mjög óheppilegt að setja slíka löggjöf sem þá, sem hér er um að ræða, án þess að að baki henni standi samþykki allra þeirra, sem brýnustu og beinustu hagsmuna hafa að gæta, en á það skortir mjög, hvað þetta mál áhrærir.

Hér er um það að ræða að lögfesta fastar reglur um það, hvernig ákvarðanir um lágmarksverð á ferskum fiski skuli teknar. Samkvæmt öllum viðteknum reglum um hliðstæð samskipti milli aðila í þjóðfélaginu er leið frjálsra samninga sú eðlilega og æskilega leið. Fyrsta skrefið í átt til niðurstöðu eftir þeirri leið er vitanlega það, að hagsmunaaðilarnir setjist að samningaborði. Nú hefur það verið svo, að það hafa ekki allir verið á eitt sáttir um það, hverjir ættu að vera hinir raunverulegu viðsemjendur um fiskverðið í einstökum tilfellum. Sumpart hefur þetta leitt til þess, að verð hefur verið ákveðið af opinberum aðilum, eins og t. d. síldarútvegsnefnd hvað síld til söltunar áhrærir, og af atvmrh. eftir tillögum stjórnar síldarverksmiðjanna hvað viðkem-

ur verði á bræðslusíld. Og enn hefur útkoman orðið sú, að stundum hafa samningar verið gerðir milli útgerðarmanna einna og vinnslustöðva um það raunverulega fiskverð, en síðan hafa sjómenn og útvegsmenn samið sín á milli um annað verð, sem lagt hefur verið til grundvallar við skipti á aflahlut.

Það geta sjálfsagt allir verið því sammála, sem stendur í grg. með frv., að þessi mál hafa verið í of lausum skorðum á undanförnum árum og að nauðsyn sé orðin á því, að breytingar séu gerðar hér á, og þó alveg sérstaklega eftir að samtök sjómanna og útgerðarmanna höfðu í byrjun s. l. árs komið sér saman um þá framtíðarskipun mála, að skiptaverð og það raunverulega verð, sem útgerðin fær fyrir aflann, skyldi vera eitt og hið sama. Með samningunum um þetta var í raun og veru óumdeilanlega viðurkennt, að sjómennirnir væru réttir aðilar til þess að semja um fiskverðið ásamt með útgerðarmönnum. En lagalega séð höfðu sjómannasamtökin þó tvímælalaust búið við þann rétt að semja við útgerðarmenn um verð á hlut sjómanna af afla. Og þann rétt hafa þeir í raun og veru alltaf getað notfært sér með því að setja fram kröfur varðandi fiskverð í sambandi við gerð almennra kjarasamninga sinna. Hefur þá að sjálfsögðu farið um þær kröfur og um þá samninga nákvæmlega á sama hátt og aðra venjulega kjarasamninga, þ. e. a. s. eftir þeim reglum, sem lög um stéttarfélög og vinnudeilur kveða á um. Hvernig sem ákvæði þessa frv. eru því skoðuð, er því alveg augljóst, að það færir ekki sjómannastéttinni nein þau réttindi til samninga um það kjaraatriði, sem sjálft fiskverðið er, umfram það, sem hefur verið, því að þann rétt hefur sjómannastéttin alltaf haft gegnum samtökin. Hitt er svo annað mál, að eins og um öll önnur kjaraatriði hafa sjómannafélögin orðið að beita fyrir sig samtökum sínum, til þess að þessi réttur þeirra kæmi að haldi, og til þess hefur aðstaðan að sjálfsögðu verið ærið misjöfn og oft verri en svo, að þeim hafi í raun og veru verið fært að nota þennan rétt sinn.

Kjarasamningar bátasjómanna og útgerðarmanna, sem voru gerðir upp úr s. l. áramótum, gerðu það óhjákvæmilegt, að komið yrði á breyttri skipun um meðferð samninga um fiskverð, eins og ég áður sagði, vegna þess að samkvæmt þeim gat ekki lengur verið um það að ræða, að samið yrði aðeins um skiptaverð milli útgerðarmanna og sjómanna, heldur um verðsamninga þessara aðila beggja við vinnslustöðvar og aðra hugsanlega fiskkaupendur. Þetta var líka öllum þeim aðilum, sem þarna áttu hlut að, ljóst, og eins og kemur fram í grg. frv., var unnið að því að koma á fót samninganefnd þessara þriggja aðila, þegar ríkisstj. greip inn í málið, fyrst með nefndarskipun og síðar með flutningi þessa frv. Og það er þess vegna algerlega ósannað mál a. m. k., hvort nokkur þörf hefur verið á afskiptum hæstv. ríkisstj. til þess að ná því markmiði að leiða þessa þrjá samningsaðila um fiskverðið að samningaborðinu. Ég held, að miklu fremur megi fullyrða, að engin vandkvæði hefðu orðið á því, að mynduð yrði sameiginleg samninganefnd, hvort sem hún hefur verið kölluð verðlagsráð eða einhverju öðru nafni. En þrátt fyrir það, að lagasetning um slíka samninganefnd var hvað fiskverðið á vetrarvertíð snertir ef til vill alveg óþörf, þá verður þó að telja, að hún ein út af fyrir sig væri á engan hátt til skaða, ef samsetning slíkrar nefndar væri með eðlilegum hætti og að baki hennar hefði staðið samþykki þeirra, sem málið sérstaklega varðaði. Og hvað snertir þá breytingu, sem lögfesting slíkrar samninganefndar hefði á ákvæðið um síldarverð, frá því, sem hefur tíðkazt, þá verður að telja þá breytingu mjög til bóta frá fyrri skipan, ekki vegna þess, að í sjálfu sér sé um einhver ný réttindi að ræða til handa samtökum sjómanna, heldur vegna þess, að lögfesting samninganefndarinnar auðveldar þeim að beita samningsréttinum, þ. e. a. s. ef ekki hefði komið til annað og meira en skipun nefndar eða verðlagsráðs, sem hefði átt að hafa það hlutverk eitt að semja, að koma á frjálsum samningum á milli aðilanna. Með ákvörðunum um skipun verðlagsráðsins og hlutverk þess tel ég, að gagnlegt spor sé stigið í sambúðarmálum þeirra aðila, sem hér ræðir um, enda var enginn ágreiningur um það atriði í undirbúningsnefndinni, nema að því leyti sem tók til fjölda fulltrúa frá samtökum sjómanna. Þó má segja, að það hafi ekki verið neitt ákaflega þýðingarmikið atriði, hvort fulltrúar þeirra voru þrír eða fjórir, ef aðeins hefði verið um samninganefnd að ræða og ákvæðin um yfirnefndina eða gerðardóminn hefðu ekki komið til, því að það skiptir í sjálfu sér ekki höfuðmáli, hvort einn aðili lætur einum fulltrúanum fleira eða færra mæta fyrir sig við samningaborð, ef aðeins er um það að ræða að gera samninga.

Ákvæði 9. gr. í frv. um sérstaka yfirnefnd, sem tekur við af verðlagsráði, ef þar næst ekki samkomulag milli allra aðila og það innan tiltekins tíma, og fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsatriði, verða að skoðast sem aðalatriði í frv. Og það er einmitt varðandi þetta atriði, sem leiðir skiljast um fylgi við frv. Í undirbúningsnefndinni hlutu ákvæði þessarar greinar aðeins stuðning fulltrúa atvinnurekenda og yfirmanna á flotanum, en hvorki stuðning Sjómannasambandsins né Alþýðusambandsins, heldur fulla andstöðu af hálfu þess síðar nefnda. Í sérstöku nál. Tryggva Helgasonar, fulltrúa Alþýðusambandsins, er réttilega bent á, að kjör sjómanna ákvarðast að verulegu leyti af fiskverðinu og að öllu leyti, ef svo stendur á, að kjarasamningar um önnur atriði eru bundnir. Þarna er í raun og veru komið að kjarna málsins frá sjónarmiði sjómannastéttarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Það á sem sé að úrskurða um kjaramál sjómanna með gerðardómi, í stað þess að láta þá halda rétti sínum til þess að fara með kjaramál sín með þeim hætti, sem öll önnur stéttarfélög verkafólks hafa rétt til. Það er vissulega nokkuð glöggt tímanna tákn, að það skuli vera formaður Alþfl., sem beitir sér nú fyrir slíkri löggjöf, þegar til þess er litið, að flokkur hans hefur a. m. k. tvívegis í sögu sinni klofið ríkisstjórnarsamstarf, vegna þess að hann vildi engan hlut eiga að því að afhenda gerðardómi

kjaramál verkafólks. En það verður að vísu að segjast, að það væri ósanngirni að halda því fram, að hér væri um algerlega sambærilega hluti að ræða og í þau skipti, sem Alþfl. hefur klofið stjórnarsamstarf vegna setningar gerðardómslaga, en þó er hitt alveg tvímælalaust, að það er stefnt í sömu átt, þó að leiðum fyrir verkalýðssamtökin sé ekki jafnharkalega lokað í þessu tilfelli og þá var gert. Lögþvingaður gerðardómur um kjaramál er algerlega andstæður öllum réttarfarshugmyndum verkalýðshreyfingarinnar og andstæður viðurkenndum lýðræðislegum leikreglum í þjóðfélaginu. Er í sambandi við þetta vert að minnast þess, að allar tilraunir, sem hafa verið gerðar hingað til af hálfu þeirra, sem hafa ekki viljað una lýðræðislegum sjálfsákvörðunarrétti verkalýðssamtakanna um sín kjör, hafa jafnharðan verið kveðnar niður, vegna þess að þær voru bæði andstæðar réttarvitund og hagsmunum almennings og gátu þess vegna aldrei náð þeim tilgangi að skapa frið um hagsmunamálin, heldur hafa ævinlega reynzt hinn versti friðarspillir. Ég held, að það geti varla farið hjá því, að svo muni einnig reynast nú.

Tilvist yfirnefndarinnar hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess, að verðlagsráðið, þ. e. a. s. hin raunverulega samninganefnd aðilanna, nær síður samkomulagi en ef hún væri engin til. Það verður vafalaust að öllum jafnaði svo, að einhver aðili, sem þarna á hlut að, telur líklegt, að hlut hans yrði betur borgið með dómi yfirnefndar en með því að teygja sig til samninga, og yfirnefndin verður þannig til þess að spilla fyrir því, að hin frjálsa leið samninga verði farin. Ég held, að enginn vafi leiki á því, að aðilarnir í verðlagsráðinu mundu leggja sig meira fram um friðsamlegt samkomulag, ef farin yrði sú leið, sem fulltrúi Alþýðusambandsins í undirbúningsnefndinni lagði til að yrði farin, ef samningar nást ekki í verðlagsráði innan tiltekins tíma, þ. e. a. s. að málinu yrði þá vísað til sáttasemjara ríkisins, sem þá tæki við forustu um samninga og hefði rétt til að bera fram miðlunartillögur sínar og bera þær undir atkvæði bæði meðal sjómanna, útgerðarmanna og fiskkaupenda, sem þá um leið yrðu orðnir ábyrgir fyrir framvindu samninganna. Með slíkum hætti hefði verið tryggt, að ekki yrðu þvingaðar fram ákvarðanir, sem einstakir aðilanna eru e. t. v. algerlega andstæðir og gætu því auðveldlega leitt til árekstra og stöðvana á framleiðslu, þó að valdboði gerðardómsins væri beitt. Með þeim hætti hefði líka verið tryggt, að meðferð þessara kjaramála yrði öll í samræmi við þann rétt, sem samtök atvinnurekenda og stéttarfélögin hafa eftir lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. En á því leikur a. m. k. verulegur vafi, að svo sé, eftir að þessi lög hafa verið samþykkt. Auðvitað er hugsanlegt, ef sú málsmeðferð hefði verið viðhöfð, að komið gæti til vinnustöðvana eða verkbanna, þó að ég sé hins vegar þeirrar skoðunar, að þessi skipan mundi verka hvetjandi fyrir aðilana til þess að starfa af ábyrgðartilfinningu að samningum. En við skyldum þá ekki gleyma því, að þessi hætta er áreiðanlega miklu meiri, ef gerðardóms- og valdboðsleiðin verður farin, eins og hér er nú lagt til. Það er ekkert, sem getur hindrað útgerðarmenn í því að bindast samtökum um að stöðva skipin, ef þeir telja yfirnefndina ganga á hlut sinn. Vinnslustöðvarnar geta líka stöðvazt, án þess að nokkurri ábyrgð verði komið yfir fiskkaupendur fyrir þær aðgerðir. Og sjómannasamtökin geta haft kjarasamninga sína opna í byrjun hverrar einustu vertíðar til öryggis hagsmunum sínum. Ákvæðin um yfirnefndina hafa það m. a. í för með sér, að samningsumleitunum á að slíta og ber að slíta, áður en fullreynt er, hvort samningar geti tekizt, og áður en nokkuð verulega þrýstir á samningsaðilana um það að leggja sig fram til þess að ná samkomulagi. Þegar öllu er því á botninn hvolft, hygg ég, að það sé fullkomið ófugmæli, að frv. í heild skoðað sé fallið til þess að skapa frið og forðast deilur, og kemur þó í raun og veru ýmislegt fleira til en ég hef þegar minnzt á.

Eins og frv. var gert úr garði af hendi hæstv. ríkisstj. og meiri hl. undirbúningsnefndarinnar, sem vann að því, var gert ráð fyrir, að fisksöluaðilar í verðlagsráðinu yrðu 4 frá útgerðarmönnum, en aðeins 3 frá sjómönnum, sem þó er viðurkennt að séu hinir raunverulegu eigendur að um það bil helmingi aflans, sem á að verðleggja. Ég tel, eins og ég sagði áður, að þessi skipan hafi í sjálfu sér ekki skipt neinu meginmáli fyrir sjómannastéttina hvað störfin í sjálfu verðlagsráðinu áhrærir, sem er, eins og ég áður sagði, raunverulega aðeins samninganefnd. Á hinn bóginn hlaut þessi mismunur í fulltrúatölu á milli sjómanna og útgerðarmanna að verka hræðandi fyrir sjómenn og þeirra samtök. Nú hefur þessu verið breytt í meðferð hv. Nd. á málinu á þann hátt, að fulltrúatalan er gerð jöfn, fulltrúarnir eru þrír og þrír, þrír frá sjómönnum og þrír frá útvegsmönnum. Þessi breyting jafnar að vísu deiluna um fulltrúatöluna, að svo miklu leyti sem hér var raunar um metnaðaratriði að ræða, en breytir þó engu um það, sem er aðalatriðið, þ. e. a. s. breytir engu um skipun yfirnefndarinnar, þar sem lokaákvarðanirnar eru teknar og á að taka. Eins og ég sagði áður, þá er það auðvitað ekki höfuðatriði, hvort samningsaðili hefur einum fulltrúanum fleira eða færra við samningaborðið, en það skiptir hins vegar miklu, þegar um sjálfan dómstólinn er að ræða, dómstólinn, sem tekur bindandi ákvörðun.

Samkv. frv. eru þrír aðilar viðurkenndir sem fulltrúar sjómannastéttarinnar í verðlagsráðinu, þ. e. a. s. fulltrúi Alþýðusambandsins, Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins, en aðeins einn þessara fulltrúa getur komið til með að eiga sæti í yfirnefndinni. Það er vitanlega hugsanlegt, að allir þessir aðilar hafi sömu afstöðu um ágreiningsmálin og þannig sé tryggt, að öll sjónarmið og afstaða fái fyrirsvarsmann í yfirnefndinni. En hitt er aftur á móti alveg jafnhugsanlegt, að um mismunandi afstöðu geti verið að ræða, og gæti þá jafnvel farið svo, að sá fulltrúi sjómanna, sem gerir ágreining, ef til vill einn, og vísar málinu til yfirnefndar, eigi þar engan fulltrúa og fái alls ekki flutt sitt mál í yfirnefndinni, hvað þá heldur, að

hann komi til með að hafa atkvæðisrétt um málið, eins og að sjálfsögðu væri þá réttmætt. Ég held, að það sé ekki deilt um það, að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sjómanna, sem hafa hagsmuna að gæta um fiskverð, á fulltrúa Alþýðusambands Íslands einan að fyrirsvarsmanni í verðlagsráði. Þarna er um að ræða alla sjómenn, nema yfirmenn, á öllu Norðurlandi, öllum Vestfjörðum, öllum Austfjörðum og við Breiðafjörð, og enn fremur að nokkru leyti á Suðurlandi, þ. e. a. s. sjómenn í Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Sandgerði, Garði, Vogum og Hafnarfirði. Það eru miklar og ég vil segja mestar líkur til þess, að allur þessi yfirgnæfandi meiri hluti íslenzkra sjómanna fái engan talsmann eða fulltrúa í yfirnefndinni. Og þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd, að þessir sjómenn hafa um marga hluti vegna aðstöðu sinnar algera sérstöðu meðal sjómanna, sem gerir það að verkum, að það er algerlega útilokað, að þeir geti talið t. d. fulltrúa Sjómannasambands Íslands, sem aðeins nær hér yfir Faxaflóasvæðið og þó ekki allt, sinn fulltrúa, og vitanlega enn fjær lagi, að það yrði hægt að skoða fulltrúa yfirmanna á flotanum sem raunverulegan talsmann fyrir alla sjómannastéttina. Í þessu sambandi er það dálítið athyglisvert, að við þá samninga um fiskverð, sem hafa farið fram á undanförnum árum, hefur verið fullt samkomulag um það innan sjómannafélaganna, að þeir aðilar, sem aðeins eru beinir aðilar að Alþýðusambandi Íslands, hefðu 7 fulltrúa við samningagerðina, en Sjómannasamband Íslands 3 fulltrúa. Þau hlutföll hafa verið talin hæfileg, og um það hlutfall hefur verið fullt samkomulag. En nú á að loka það úti eða a. m. k. því sem næst, að þeir, sem með fullu samkomulagi hafa áður haft yfirgnæfandi meiri hl. af þeim fulltrúum, sem við samningana hafa fengizt, eigi nokkra aðild að þeirri nefnd, sem á að taka lokaákvarðanir um þessi mál, og að þeirri nefnd, sem á að dæma um fiskverðið og þannig um launakjörin að mjög miklu leyti. Ég held, að þetta sé hvort tveggja í senn ósanngirni og fásinna, sem algerlega er útilokað að sjómannastéttin geti unað við til frambúðar. Og ég held, að hún hljóti að gera sínar ráðstafanir gegn slíkum ákvæðum sem þessum. Það var vitanlega algert lágmark í sanngirni, að Alþýðusambandið ætti tvo fulltrúa í verðlagsráðinu og hefði þannig jafna möguleika á við yfirmannasamtökin og Sjómannasambandið sameiginlega til þess að fá fulltrúa í yfirnefndina. Það er algert lágmark allrar sanngirni. En það er sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. hefur talið það skipta mjög miklu að útiloka fulltrúa frá meiri hluta sjómannastéttarinnar frá því að eiga nokkurn talsmann eða geta haft aðstöðu til þess að hafa nokkur áhrif á ákvarðanir yfirnefndarinnar, hvað sem því veldur.

Ég hef nú drepið á þau aðalatriði, sem ég tel að þurfi að breyta í frv. og ég flyt brtt. um. Ég vil biðja hv. dm. að athuga það, að í upphaflegri prentun á tillögum mínum urðu allveruleg mistök, og tillögurnar hafa nú verið prentaðar upp.

Ég mun ekki fara hér út í minni háttar atriði, sem ég tel að hefðu mátt fara betur. En ég get tekið það fram, að ég er algerlega sammála hv. frsm. 1. minni hl. sjútvn. um, að það er algerlega ósanngjarnt og óhæfilegt, að fiskimálasjóði sé ætlað að greiða kostnað af framkvæmd þessara laga, og tel þá ráðstöfun algerlega fordæmalausa. Vitanlega á sá aðilinn, sem stofnar til þessara útgjalda, að inna þau af hendi, þ. e. a. s. ríkissjóður, og allt annað tel ég vera algerlega óeðlilegt. Og ég get líka tekið undir ýmislegt af því, sem hann sagði, m. a. um réttmæti aðildar fiskvinnslustöðva úti á landi að verðlagsráðinu, hún yrði tryggð með einhverjum hætti. En ég tel, að ekkert af þessu skipti neinu úrslitamáli. Það, sem hér skiptir mestu máli, er, að það á að skerða samningsrétt sjómannastéttarinnar, þann rétt, sem þeir eins og allir aðrir í verkalýðshreyfingunni telja sér einn allra dýrmætasta lýðræðislega rétt, og fá úrslitavald í mikilsverðum kjaraatriðum í hendur gerðardóms. Og það á að tryggja það, að skipun þessa gerðardóms sé sem allra óhagstæðust hagsmunum sjómanna. Í fyrsta lagi á að útiloka aðild meiri hluta sjómanna að dómnum, og í öðru lagi er augljóst, að á því eru a. m. k. miklar hættur, að meiri hl. dómsins hafi vilhalla afstöðu fiskkaupendum í vil, og það jafnvel þó að reiknað væri með algeru hlutleysi oddamannsins, sem tilnefndur yrði af hæstarétti. Það sjá allir, sem út í málin hugsa, að sjálft hið skráða fiskverð er alls ekki svo afgerandi fyrir útgerðarmennina yfirleitt eins og það er fyrir hlutarsjómennina. Þeir hafa margs konar leiðir aðrar opnar ásamt með löggjafarvaldinu til þess að sjá hagsmunum sínum borgið með öðrum hætti en með sanngjarnri og eðlilegri skráningu fiskverðsins. Í fyrsta lagi er nú varla finnanlegur sá útgerðarmaður, sem á ekki hagsmuni sína að meira eða minna leyti blandaða saman við hagsmuni fiskvinnslunnar. Það er nokkuð athyglisvert, að t. d. eru, að ég held, allir stjórnarmenn í Landssambandi ísl. útvegsmanna, þ. e. a. s. sú stjórn, sem á að velja fulltrúa útvegsins að hálfu í verðlagsráðið og þar með í yfirnefndina, ekki aðeins útgerðarmenn, heldur einnig eigendur fiskiðjuvera og sumir þeirra fyrst og fremst eigendur og atvinnurekendur í fiskiðnaði. Og það er líka svo, að langsamlega flestir af þeim útgerðarmönnum, sem eiga ekki í slíkum fyrirtækjum sameiginlega með öðrum, verka meira eða minna af sínum afla sjálfir eða a. m. k. hafa möguleika til þess að gera það. Auk þess að útgerðarmenn yfirleitt hafa þannig mjög blandaða hagsmuni að þessu leyti, koma líka til uppbætur, eins og t. d. greiðsla vátryggingargjalda, úr sérstökum sjóðum og sitthvað annað, sem hefur það í för með sér, að útvegsmenn fá drjúgar tekjur eftir öðrum leiðum en í gegnum fiskverðið. Það er þess vegna augljóst, að lágt fiskverð getur í ýmsum tilfellum verið í fullu samræmi við hagsmuni útgerðarmanna. Það hefur þau áhrif, að það er auðveldara að halda kjörum sjómanna niðri, en lokar hins vegar ekki leiðum fyrir þeim að sjá sínum hagsmunum borgið með öðrum hætti, t. d. með því að tengja rekstur sinn við fiskvinnsluna og með því að fá hluta af raunverulegu fiskverði eftir öðrum leiðum, eins og útgerðarmenn

vissulega gera nú í dag. Ég held líka, að ef þessu væri ekki þannig varið, þá hefðu íslenzkir útvegsmenn í heild ekki sætt sig við það árum saman að bera úr býtum í hinu skráða fiskverði fast að 2 kr. lægra verð en stéttarbræður þeirra gera t. d. í Noregi. En skýringin er sú m. a., að þeir fá þennan mismun að verulegu leyti a. m. k. greiddan eftir öðrum leiðum. En munurinn er sá hér og í Noregi, sem gerir þetta skiljanlegt, að þar eru útvegsmennirnir nær undantekningarlaust sjálfir starfandi fiskimenn og þurfa raunar að vera það eftir norskum lögum og hafa þess vegna nákvæmlega sömu hagsmuni og hinir óbreyttu sjómenn, sem vinna í þjónustu þeirra.

Ég tel, að af þessum ástæðum m. a. séu meira en sterkar líkur til þess, að fulltrúi útvegsmanna í verðlagsráði og í yfirnefnd komi til með að standa í ýmsum tilfellum gegn kröfum og tillögum sjómanna um réttlátt fiskverð og að svo geti farið, að í fimm manna yfirnefndinni standi sjómannafulltrúinn einn uppi sem talsmaður fyrir hreina hagsmuni fiskseljenda. Það er að vísu sagt í frv., að fulltrúi útgerðarmanna í yfirnefndinni skuli ekki hafa persónulegra hagsmuna að gæta sem fiskkaupandi, og það ákvæði er út af fyrir sig gott. En hitt er aftur á móti alveg víst, að þessi fulltrúi er valinn af mönnum, sem allir eru fiskkaupendur, og mér þykir það a. m. k. afar ólíklegt, að þessi fulltrúi þurfi ekki að standa þeim, sem kjósa hann, reikningsskil á sínum gerðum og haga störfum sínum eftir þeirra óskum og forskriftum. Mér þykir það ótrúlegt. Þegar þetta er haft í huga ofan á allt annað, þá held ég, að hverjum megi vera það fullljóst, hversu óaðgengilegt þetta frv. er í heild sinni fyrir sjómannastéttina og ég vil segja fyrir verkalýðshreyfinguna í heild. Það mun þó sjálfsagt ná fram að ganga, svo fast sem það er sótt af hæstv. ríkisstj. En ég held, að hér fari eins og stundum áður, að skamma stund verði hönd höggi fegin. Sú ríkisstj., sem hefur það að boðorði að skammta vinnustéttunum laun og skammta auk þess bæði smátt og illa, fær þessar stéttir áreiðanlega fyrr eða síðar á móti sér af því afli, að hún verður annaðhvort að beygja sig eða víkja. Við höfum fyrir okkur reynsluna af örlögum þeirra gerðardóma, sem afturhaldsmenn hafa verið að reyna að þvinga fram síðustu áratugina, og hún er sú, að þeir hafa allir verið afmáðir eftir skamma stund, og höfundar þeirra hafa áreiðanlega allir verið því fegnastir, að þögnin ein geymdi minningarnar um þá. Ég er þeirrar skoðunar, að sú muni einnig verða reynslan um þann gerðardóm, sem nú á að lögþvinga.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þó að aths. þær, sem fram hafa komið við þetta frv. hér, bæði frá hv. frsm. 1. minni hl. og hv. frsm. 2. minni hl., séu mjög svipaðar þeim aths., sem fram komu í hv. Nd. og var svarað þar, þá tel ég rétt að fara um þessar aths. nokkrum orðum. Það er líka þeim mun minni ástæða til þess að fjölyrða um þetta, að flestallar tillögurnar, sem minni hlutarnir bera fram, eru svo að segja nákvæmlega eins og brtt., sem fram komu í hv. Nd.

Hv. frsm. 1. minni hl., hv. 4. þm. Vestf., hóf sitt mál með því að átelja, — ég vil ekki segja víta, — en átelja þau vinnubrögð, sem höfð hefðu verið við afgreiðslu þessa máls, eða, eins og hann orðaði það, það flaustur, sem einkennt hefði afgreiðslu málsins. Um það skal ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði í hv. Nd., að eftir að það hafði sýnt sig á landsfundi ísl. útvegsmanna, sem kom saman í byrjun nóvembermánaðar, að grundvöllur mundi vera fyrir því að setja upp eitthvert kerfi svipað og þetta, og vitað var, að sjómannasamtökin, a. m. k. nokkur hluti þeirra, voru sömu skoðunar, þá var þegar unnið að því að kalla saman fulltrúa allra aðilanna, sem hér áttu hlut að máli, og leita eftir því við þá, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi. Það samkomulag náðist, eins og ég lýsti, þegar ég lagði þetta frv. fyrir hér í þessari hv. deild, og nefnd var skipuð, sem tók þegar til starfa og innti sitt verkefni af höndum með röggsemi, verð ég að segja, og skilaði áliti um mánaðamótin nóvember og desember. Strax á eftir var málið tekið til meðferðar í ríkisstj. og lagt fyrir hér í hv. Nd. fimm eða sex dögum eftir að ríkisstj. fékk málið í sínar hendur. Þessu var flýtt svona og eins meðferð málsins hér í þinginu vegna þess, eins og ég hef áður lýst, að það var talinn mikill ávinningur, ef málið yrði afgreitt fyrir þinghlé og fyrir áramót, þannig að það gæti komið til framkvæmda við fiskverðsákvörðunina í byrjun janúar, áður en vertíð hefst. Þetta er orsökin til þess, að málinu hefur verið flýtt eins og raun ber vitni. Ég skal viðurkenna, að því hefur verið flýtt, en ég tel ekki, að því hafi verið flaustrað af á einhvern hátt óforsvaranlega, því að hv. alþm. hafa áreiðanlega fengið tækifæri til þess að kynna sér það eins rækilega og þeir hafa viljað á þeim tíma, sem það hefur legið hér fyrir, frá því að það var lagt fram í hv. Nd. Hv. 4. þm. Vestf. þótti það líka átöluvert, að þessu væri svo fast fylgt eftir, að brtt. bæði hans og hv. 2. minni hl. hefðu ekki einu sinni verið fullprentaðar og lagðar hér fram, þegar hann hóf sitt mál, þó að þær raunar kæmu fram, á meðan hann flutti það. En um þetta vil ég segja, að þessar brtt. voru allar hv. þdm. kunnar, vegna þess að þær voru að langsamlega mestu leyti samhljóða því, sem flutt hafði verið í Nd.

Ýmis atriði önnur, smávægileg þó flest, minntist þessi hv. þm. á, eins og það t. d., að hann taldi, að sömu skilyrði hefðu átt að gilda um fulltrúa útvegsmanna í verðlagsráði og í yfirdómi, þannig að verðlagsráðsmenn útvegsmanna ættu eingöngu og mættu eingöngu hafa seljendasjónarmið, en alls ekki kaupendasjónarmið. Þessu hef ég áður svarað því og geri enn, að það er sitt hvað, hvernig menn eru valdir til verðlagsráðs og til yfirdóms, vegna þess að í verðlagsráði þarf fullt samkomulag, til þess að málið hljóti afgreiðslu, og hver einstakur verðlagsráðsmanna hefur þar neitunarvald, en í yfirdómi eru mál afgreidd með atkvæðamagni, þannig að meiri hluti atkv. ræður þar úrslitum, og verður þess vegna að mínu

viti að gera meiri kröfur til mannavals þar en í verðlagsráðið sjálft. Hv. þm. vildi telja, að bæði vegna þessa ákvæðis og annarra og þó sérstaklega vegna kröfunnar um algert samkomulag í verðlagsráði væru líkur til þess, að flest mál mundu ganga til yfirdóms og ekki verða afgreidd í verðlagsráðinu sjálfu. Ég er alveg gagnstæðrar skoðunar. Ég hef þá trú, að megnið af málum og kannske flest eða öll muni verða afgreidd í verðlagsráðinu sjálfu með samkomulagi án þess að fara til yfirdómsins, og byggi ég það fyrst og fremst á því, sem gerzt hefur í verðlagsráði landbúnaðarins. Þar hefur reynslan orðið sú í þau mörgu ár, sem sex manna nefndin hefur starfað, að verðákvarðanir hafa verið gerðar þar, en ekki gengið til yfirdómsins, og það einfaldlega vegna þess, að ég tel, að þegar menn ákveða að vísa máli til yfirdóms, þá taka þeir á sig nokkra áhættu. Þeir vita ekkert, hvernig sá hlutlausi aðili, sem tilnefndur verður til þess að fara með oddaatkvæði í yfirdómi, kemur til með að greiða sitt atkv. og að hvaða niðurstöðu hann kemst. Þess vegna fylgir því alltaf nokkur áhætta fyrir hvaða verðlagsráðsmann sem er að neita samkomulagi og vísa máli til yfirdóms. Hins vegar, ef málið er afgreitt í verðlagsráðinu sjálfu, veit hann, um leið og ákvörðunin er tekin, að hverju hann gengur. Þetta finnst mér vera sá mesti spori, sem hægt er að fá fyrir verðlagsráðsmennina til þess að komast að lokaniðurstöðu um afgreiðslu málsins einmitt þar og láta það ekki ganga til yfirnefndarinnar.

Það er að vísu rétt, að það er náttúrlega mikið samkomulag, sem þarf að verða í verðlagsráðinu, að hver einasti maður verður að vera lausninni fylgjandi, — og alveg eins, þegar um val oddamanns er að ræða í yfirdóminn, ef þá leið á að fara þar. En ég tel, að það megi ekki láta sér lynda minna samkomulag en þetta; ef um samkomulag er að ræða, þá sé ekki rétt að afgreiða mál í verðlagsráðinu, eins og hv. þm. vildi láta vera og að mér skildist gerði till. um, að mál gætu verið afgreidd í verðlagsráði með kvalifiseruðum meiri hluta. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. minntist á það.

Fleiri atriði einmitt í sambandi við verðlagsráðið minntist hv. þm. á og sérstaklega um greiðslu kostnaðar af starfsemi ráðsins og taldi, að ég hefði farið rangt með, þegar ég í framsöguræðu minni hér í gær minntist á það, að verulegur hluti kostnaðar af starfi verðlagsráðs landbúnaðarins væri ekki greiddur af ríkissjóði, en væri greiddur af öðrum aðila. Ég ætla, að það sé þannig, að verðlagsráðsmennirnir þar fái sín laun að vísu greidd úr ríkissjóði, en annar kostnaður, sem er í sambandi við undirbúning málsins, sem hlýtur að verða mikill og í þessu tilfelli sjálfsagt meiri hluti kostnaðarins, þá sé sú vinna unnin af framleiðsluráði landbúnaðarins og komi þess vegna ekki sérstaklega til gjalda hjá ríkissjóðnum. Ég er ekki í vafa um það, að laun verðlagsráðsmanna sjávarútvegsins, þó að þeir séu kannske nokkuð margir, valda ekki neinum úrslitum, heldur kostnaðurinn við undirbúning mála og ýmsar rannsóknir og athuganir í því sambandi, að það er það, sem kannske mestum kostnaði kann að valda, og það er sambærilegt fullkomlega við störf framleiðsluráðs landbúnaðarins eða undirbúningsstörf þess ráðs fyrir sex manna nefndina.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri kannske ekki rétt að láta fiskimálasjóð greiða þennan kostnað, heldur bæri ríkinu að gera það. En eins og ég hef sýnt fram á með þessum orðum, greiðir annar aðili en ríkissjóður verulegastan kostnað af landbúnaðarvöruverðsákvörðununum, og er þess vegna ekki óeðlilegt, að fiskimálasjóður taki nokkurn þátt í eða greiði, eins og hér er lagt til, kostnaðinn í þessu tilfelli.

Ég skal ekki vefengja það, að fiskimálasjóður hafi ýmsum merkilegum verkefnum að sinna, þannig að hann þurfi á öllu sínu fé að halda. En ég held þó, að sum af þeim útgjöldum, sem ég hef séð fiskimálasjóð ráðast í, séu kannske ekki öllu þarfari fyrir sjávarútveginn en ef þeim væri varið á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. minntist á aðild landshlutanna að verðlagsákvörðuninni og taldi, að réttur héraðanna væri að einhverju verulegu leyti a. m. k. fyrir borð borinn með þeirri skipan ráðsins, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil í því sambandi vekja athygli á, að frv. var breytt í hv. Nd., sem ég kom ekki inn á í minni framsöguræðu hér í gær, þannig að heimilt er að skipta um fulltrúa í ráðinu, — ja, eiginlega eins og aðilarnir sjálfir óska, til þess einmitt að geta tekið fulltrúa frá landshlutunum inn, þegar þeirra mál eru sérstaklega til umr. Í niðurlagi 1. gr. frv. var — í næstsíðustu mgr. — sagt, en hún kom inn ný í hv. Nd., svo, með leyfi forseta: „Heimilt er aðilum þeim, sem tilnefna eiga aðila af hálfu fisksölu- og fiskkaupaaðila skv. þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í verðlagsráði, eftir því sem þeim þykir rétt, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem bezt fram.“ Ég sé ekki betur en með þessu ákvæði sé tryggilega frá því gengið, að þeir, sem tilnefna eiga fulltrúa, geti einmitt valið þá fulltrúa, sem bezt eru hæfir, til þess að koma fram fyrir þeirra hönd og fyrir hina einstöku landshluta, og þurfi ekki að gera því skóna, að þeir muni tilnefna einhverja aðra, sem þekki ekki nógu vel til. Ég held einmitt, að með þessari breytingu sé það tryggt, að sjónarmið landshlutanna komi fram fullkomlega nægilega til þess, að það verði ekki fram hjá þeim gengið.

Hv. þm. var að „pólemisera“ yfir því, að hér væru nefndar verksmiðjur, sem ættu að tilnefna fulltrúa af hálfu fiskkaupenda, en þar er gert ráð fyrir einum fulltrúa, sem er tilnefndur af verksmiðjum á Suðvesturlandi, og að vísu stendur í næstnæstu línu á undan, að einn fulltrúi skuli tilnefndur af samtökum síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi. Ég hélt, að það væri alveg auðskilið mál, enda viðurkenndi hv. þm. það, að hér væri ekki átt við dósaverksmiðjuna né súkkulaðiverksmiðjur eða aðrar þær, sem koma ekki nálægt fiskiðnaðinum beinlínis, og mætti þó segja kannske, að dósaverksmiðjan sé ekki alveg óskyld í þessu sambandi. En ég held, að það ætti að vera al-

veg ljóst, bæði af því, sem áður segir í þessari upptalningu, og eins af því, sem segir í 4. gr., að hér er greinilega um að ræða þær verksmiðjur, sem kaupa síld til vinnslu, og það þurfi ekki að fara neitt á milli mála, að það er við þær átt.

Það kann að vera, að það hafi verið eitthvað fleira, sem hv. þm. gat um í sinni ræðu af smærri atriðum, en ég hef þá ekki skrifað það hjá mér. En það, sem mér þótti aðalatriðið í hans ræðu, var það, að þegar hann var búinn að breiða sig út yfir það, sem hann kallaði galla á frv., þá lýsti hann því þó yfir, að hann væri tilbúinn til þess að fylgja því óbreyttu eins og það væri, að sínum brtt. föllnum, og það þykir mér vænt um, því að það gefur mér ástæðu til þess að ætla, að það sé þó ekki alveg út í bláinn, sem frv. fer, þar sem hann telur sig geta veitt því sitt brautargengi, þó að till. hans yrðu felldar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., frsm. 2. minni hl., hafði eiginlega eina aths. eða þá stærstu a. m. k. að gera, að gerðardómur væri fráleitt verkfæri til þess að ákveða fiskverðið, og taldi, að með ákvæðunum í 9. gr. væri stefnt í þá átt, sem verkalýðssamtökin í landinu gætu alls ekki unað við, og beindi til mín sem formanns Alþfl. nokkrum vel völdum orðum í því sambandi. Ég held nú, að hann hafi ekki óskipt fylgi verkalýðshreyfingarinnar á bak við sig um þessa skoðun. Það er að vísu rétt, að fulltrúi Sjómannasambandsins greiddi atkvæði gegn till., — hann sat hjá við atkvgr. um till., sem minni hl. n. flutti, — en hann skrifar undir nál. fyrirvaralaust, og mér er kunnugt um það af samtali við hann, að hann er ekki andvígur frv., heldur þvert á móti, þannig að ég tel, að a. m. k. hann og hans samtök séu því ekki andvíg, að þessi háttur verði hafður á. Það má kannske geta þess í þessu sambandi, að núv. formaður þingflokks Alþb. á Alþingi og hv. 6. þm. Sunnl., þeir Lúðvík Jósefsson og Karl Guðjónsson, fluttu hér í fyrra frv., sem fór nákvæmlega í sömu átt hvað þetta snertir. Í frv. þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — það er 2. gr. þess frv.: „Fiskverð í hverjum verðflokki skal ákveðið af nefnd fisksölu- og fiskkaupaaðila. Ráðh. skipar nefndina að fenginni tilnefningu eftirtalinna aðila.“ Svo koma tilnefningaraðilarnir, og svo segir í lok gr.: „Nú næst ekki samkomulag nm. um fiskverðið, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í n., og fellir hún úrskurð þannig skipuð.“ Er þetta ekki gerðardómur, eða er þetta eitthvað annað? Ég held, að það sé alveg nákvæmlega það sama, sem hér var lagt til hjá þessum hv. Alþýðubandalagsmönnum og sérlegum fulltrúum verkalýðsins, sem vilja kalla sig, eins og lagt er til í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég sé engan mun á því.

Ég fyrir mitt leyti hef aftur þá trú, að samkomulagsleiðin verði það, sem úrslitum ræður að langsamlega mestu leyti, þannig að verðlagsráðið komi til með að koma sér saman um fiskverðið, en því verði ekki eða í tiltölulega fáum tilfellum vísað til yfirdómsins. Auðvitað getur maður ekkert um þetta sagt, reynslan ein getur skorið úr um þetta. Og ef eitthvað kemur þar fram, sem er sérstaklega óeðlilegt eða þannig, að menn geti ekki við það unað, þá má hafa það í huga, að öll frumsmíð stendur til bóta, og má þá vitaskuld freista þess að færa það til betri vegar, sem reynslan kynni að sýna að þyrfti að lagfæra.

Ég held þess vegna, að ef þessi gerðardómur, sem hv. þm. nefnir svo, væri ekki til staðar, þá værum við nákvæmlega í sömu förunum og við erum í dag, þ. e. a. s. ef samkomulag næst ekki á milli aðilanna, þá er vinnustöðvun, og það er einmitt það, sem verið er að reyna að koma í veg fyrir. Það er ekki nema mánuður síðan samningar um síldarverð hér við Faxaflóa tókust, og það var komið svo í því samningaþófi, að vinnustöðvun var hótað af sjómannafélögunum, ef samkomulag næðist ekki, og það leit út fyrir, að til vinnustöðvunar mundi koma, ef samkomulagið næðist ekki. En það fór svo, að samkomulag tókst og til vinnustöðvunar kom ekki, en hættan var yfirvofandi, og hefði vel getað til stöðvunar komið, ef þrjózka hefði hlaupið í samkomulagstilraunirnar.

Ég held, að það, sem er aðalatriði þessa frv., sé fyrst og fremst það, að til sé úrskurðaraðili, sem málið getur gengið til, ef samkomulag næst ekki í verðlagsráði. Og ég trúi því, að einmitt tilvist þessa yfirdóms sé spori fyrir aðilana í verðlagsráði til þess að koma sér saman, af því að þeir vilji ekki eiga það á hættu að hleypa málinu til yfirdómsins.

Þá sagði hv. þm., að fulltrúi Alþýðusambandsins einn gæti verið forsvarsmaður sjómannanna í þessu máli. Þetta er fullkomlega rangt. Ég læt mér ekki detta í hug, að Sjómannasambandsfulltrúinn og fulltrúinn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hafi ekki nákvæmlega sömu afstöðu til mála og Alþýðusambandsfulltrúinn. Ég hef enga trú á því, að Alþýðusambandsfulltrúinn sé neitt fyrir fram ákveðinn betri forsvarsmaður fyrir sjómennina en hinir tveir aðilarnir. Og að segja það, að sjómenn eigi engan fulltrúa í yfirdómnum, ef Alþýðusambandsfulltrúinn sé ekki þangað valinn, það er álíka mikil fjarstæða. Mér dettur ekki í hug að efast um það, að hver sem er af þessum þremur sjómannafulltrúum geti gætt hagsmuna sjómannanna alveg jafnvel — og Alþýðusambandsfulltrúinn ekki neitt frekar en hinir.

Svo sagði hv. þm., sem mig furðaði ákaflega mikið á, að Alþýðusambandsfulltrúann ætti að útiloka úr yfirdómnum. Hvernig veit hann það? Er nokkur ástæða til þess að ætla það, að Alþýðusambandsfulltrúinn geti ekki eins vel verið kosinn í yfirdóminn og hinir fulltrúarnir, þó að það sé ekki ákveðið með lögum, að hann skuli einn og fyrir fram eiga sæti í dómnum? Ég tel, að það sé nánast móðgun við hina fulltrúa sjómannanna að halda því fram, að fulltrúi Alþýðusambandsins einn geti gætt hagsmuna sjómanna.

Að undanförnu hefur sú ósk verið mjög uppi af hálfu sjómanna í landinu, að þeir fengju aðild að verðákvörðun fisksins. Það hefur verið svo að undanförnu, að þeir hafa þar ekki mikið nærri komið. Síldarverðið hefur verið ákveðið eins og lýst hefur verið, og þorskverðið og verð á öðrum fiski hefur verið ákveðið oft og

tíðum og kannske oftast án þess, að sjómennirnir hafi komið þar nærri. Nú er hér verið að gera tilraun til þess að gera sjómenn að þátttakendum í fiskverðsákvörðuninni, og það er einmitt einn höfuðkjarni málsins, að hér er í fyrsta sinn gerð skipuleg tilraun til þess, að þeir fái aðild að þessum verðlagsákvörðunum. Og ég vildi vænta þess, að það verði ekki af einhverri tortryggni eða af einhverjum annarlegum ástæðum reynt að koma því til vegar, að þessi starfsemi yrði, áður en hún hefst, gerð tortryggileg, því að sá hugur fylgir máli að reyna að fá alla aðila á eitt sátta um það, að þessi verðákvörðun geti tekizt friðsamlega.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef enga tilhneigingu til þess að lengja umr. mikið, úr því sem komið er, og ekki er heldur ástæða til þess, og ég hefði gjarnan getað lokið því að segja þau örfáu orð, sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hæstv. ráðh., áður en kaffihlé var gefið, svo að þess vegna hefði umr. getað verið lokið fyrr. En ég tel mig ekki alveg geta komizt hjá því að segja nokkur orð út af ummælum hæstv. ráðh. í hans síðari ræðu.

Það var þá í fyrsta lagi út af því, að hann vildi reyna að fá sér einhverja syndakvittun út af gerðardómsákvæði þessa frv., í því fólgna að benda á, að ekki væru nú mínir flokksmenn, þeir sem hefðu flutt í fyrra frv. um verðflokkun á nýjum fiski, betri en hann. Þeir hefðu líka viljað skipa þessum málum með gerðardómi. Það er að vísu rétt, sem ráðh. tók fram, að í þessu frv., sem fyrst og fremst fjallaði um verðflokkun á nýjum fiski til þess að ráða bót á því öngþveiti, sem skapaðist í byrjun s. l. árs, var ákvæði, sem hann fór alveg rétt með, um það, að ef ekki næðist samkomulag í samninganefnd, skyldi verðið ákveðið í þeirri n. með sáttasemjara sem oddamann. Þetta er alveg rétt. En ég tel, að samanburður á þessum tveim frv. geti ekki verið réttmætur, nema borin séu saman þau skilyrði, sem nú eru, og þau skilyrði, sem voru, þegar þetta frv. var flutt á s. l. ári. Þá stóð svo á, að sjómenn höfðu víða átt í mjög langvarandi vinnudeilum út af kjarasamningum sínum og höfðu nýlega bundið samninga sína til ársins. Þeir höfðu a. m. k. sums staðar staðið í svo löngu verkfalli, að það hefði verið algerlega útilokað af þeirri ástæðu einni, að þeir hefðu getað farið að heyja nýja vinnudeilu. En þó skipti þar mestu um, að þeir höfðu gengið frá kjarasamningum sínum í því trausti, að fiskverðið yrði ákveðið með sanngirni. Þegar svo verðflokkunarreglur Landssambands ísl. útvegsmanna komu til, skapaðist algert öngþveiti í þessum málum, sem brýna nauðsyn bar til að ráða bót á, og það er við þessi skilyrði, sem þetta frv. er flutt. En það er eitt atriði enn í þessu sambandi, sem skiptir auðvitað höfuðmáli, að þetta frv. gerði ekki ráð fyrir því, að lögin ættu að gilda nema fyrir árið 1961, þ. e. a. s. fyrir þann tíma, sem sjómenn höfðu alveg nýlega bundið sína samninga. Það er því fullkomlega órétt, að þetta frv., þótt að lögum hefði orðið, hefði í rauninni svipt sjómenn nokkrum rétti til þess að semja um kjör sín á sama hátt og þetta frv. gerir, þar sem það átti aðeins að gilda þann tíma, sem sjómenn höfðu rétt áður verið búnir að binda kjarasamninga sína yfir. En það er svo aftur út af fyrir sig dálítið skemmtilegt, að það skuli vera skoðun hæstv. ráðh., að af því að þessir tveir þm. hafi borið fram frv. um gerðardóm, hljóti það að vera yfirleitt ágætt. Það er meiri viðurkenning á þessum tveim hv. þm. í Nd. af hendi hæstv. ráðh. en ég hefði getað vænzt.

Þá er það í öðru lagi viðkomandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um aðild Alþýðusambandsins og sjómannanna að yfirdóminum. Ég hafði bent á það í minni framsöguræðu, að það væru miklar líkur til þess og jafnvel langmestar, að Alþýðusambandið hefði engan fulltrúa í yfirnefndinni, en þar væri fulltrúi fyrir mikinn meiri hl. sjómannastéttarinnar, og að þessi ákvæði gætu jafnvel jafngilt því, að frv. útilokaði algerlega fulltrúa meiri hl. sjómannastéttarinnar frá því að geta borið hönd fyrir höfuð sér og þá vitanlega að geta haft með atkvæði sínu áhrif á ákvarðanir yfirnefndarinnar.

Hæstv. ráðh. greip til þess í þessu sambandi að rangfæra orð mín, og virðist mér það ekki styrkja málstað hans. Ég sagði aldrei, eins og hann hafði eftir mér, að sjómannastéttin öll væri útilokuð frá því að eiga fulltrúa þarna, heldur að fulltrúi meiri hl. sjómannastéttarinnar væri útilokaður, og það skiptir auðvitað miklu máli. Mín orð um þetta voru engan veginn á þann veg, að þau gætu skoðazt, eins og hæstv. ráðh. hélt fram, einhver móðgun við Farmannasambandið og Sjómannasambandið. Ég efast ekkert um, að fulltrúar beggja þessara samtaka muni verða góðir fulltrúar fyrir sína umbjóðendur, fyrir sína skjólstæðinga, enda eru þeir ábyrgir gagnvart þeim, en þeir eru ekki heldur ábyrgir gagnvart neinum öðrum. Þeir eru ekki ábyrgir gagnvart sjómannafélögunum, sem hafa beina aðild að Alþýðusambandinu, og þeir eru ekki ábyrgir þannig gagnvart meiri hl. sjómannastéttarinnar.

Ég tók það líka fram í ræðu minni, að það gæti auðvitað hæglega átt sér stað, að allir fulltrúar sjómannasamtakanna yrðu sammála, svo að þetta kæmi ekki að sök, og þetta hlýtur hæstv. ráðh. að hafa heyrt, en það væri líka alveg eins hugsanlegt, að sínum augum liti hver á málið. Og ég vil nú benda hæstv. ráðh. á, að það kemur í ljós í sambandi við undirbúning þessa frv., að þar er engin samstaða um afstöðuna til frv. Farmannasambandið mælir með gerðardómnum, fulltrúi Sjómannasambandsins situr hjá og fulltrúi Alþýðusambandsins er á móti. Bendir þetta ekki ótvírætt til þess, að það geti hæglega verið skiptar skoðanir milli þessara aðila, og eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, að einn fulltrúinn af þremur frekar en einhver annar komist í yfirnefndina? Ég þekki mitt heimafólk engu síður en hæstv. ráðh., og ég er nokkurn veginn viss um það, að allar líkur eru til þess, að fulltrúi Alþýðusambandsins verði útilokaður, enda er það áreiðanlega ætlunin frá hendi hæstv. ríkisstj. Þannig hefur verið staðið að málinu. En viðkomandi þessu, að það sé alveg sjálfsagt, að fulltrúi Sjómannasambandsins eða fulltrúi yfir-

manna á skipunum sé fulltrúi allrar sjómannastéttarinnar, þá vil ég bara spyrja hæstv. ráðh.: Eru hugmyndir hans um lýðræðislegar vinnuaðferðir þannig, að hann telji það fullkomlega eðlilegt, að það eigi að skipa fyrir um það með lögum, hver eigi að vera fulltrúi fyrir yfirgnæfandi meiri hluta sjómannastéttarinnar? Eiga ekki aðilarnir sjálfir að ráða því, hvern fulltrúa þeir kjósa sér?

Ég held, að það hafi raunverulega ekki verið fleira, sem ég hef ástæðu til þess að svara, af því, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh.

ATKVGR.
Brtt. 235.1 felld með 11:7 atkv.
— 237,1 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AGl, BjörnJ, FRV.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, HermJ, KK greiddu ekki atkv.
Brtt. 237,2—4 þar með fallnar.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 235.2 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 237.5 felld með 11:5 atkv.
— 235,3 felld með 11:6 atkv.
9. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 235,4 felld með 11:6 atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 235,5 felld með 11:9 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AuA, ÁB, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, HermJ, JÁ, JÞ, KK, KJJ, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, SE, SÓÓ.
nei: BjörnJ, FRV, AGl.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 241).

---

12. Fjárlög 1962.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Samkvæmt þingsköpum fer umræða þessi þannig fram, að fyrst tekur hæstv. fjmrh. til máls og flytur framsöguræðu og ræðutími hans ekki takmarkaður, en síðan verða fluttar allt að hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka en ráðherrans og í þessari röð: Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur. Að lokum á fjmrh. rétt á að flytja stundarfjórðungs svarræðu. Umræðan hefst nú með því, að hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, tekur til máls.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Frv. til fjárl. fyrir árið 1962 liggur hér fyrir til 1. umr. Áður en ég sný mér að frv. sjálfu, vil ég gera nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á s. l. ári og því, hvernig horfir um afkomu hans á þessu ári.

Uppgjöri ríkisreiknings fyrir árið 1960 var lokið á miðju ári. Yfirskoðunarmenn hafa að undanförnu endurskoðað reikninginn, og verður frv. til l. um samþykkt á honum lagt fyrir Alþ. í nóvembermánuði. Ætlunin var, að sjálfum reikningnum yrði útbýtt á Alþingi prentuðum fyrir þessa 1. umr. fjárlaga, eins og gert var í fyrra. En vegna óvenjulegra anna í ríkisprentsmiðjunni hefur ekki tekizt að ljúka af prentun reikningsins. Þegar sýnt var, að prentun yrði ekki lokið fyrr en eftir nokkra daga, þótti þó ekki rétt að láta fjölrita reikninginn og afhenda hann þm. þannig, eins og stundum hefur verið gert, enda tvíverknaður og aukakostnaður. Ræðumönnum hv. stjórnarandstæðinga hér í þessum umræðum var því gefinn kostur á að kynna sér reikninginn hjá ríkisbókara í próförk, og vona ég, að þessi seinkun prentunar komi ekki að sök.

Ég vil þá víkja að afkomu ríkissjóðs á s. l. ári.

Þegar fjárlög fyrir árið 1960 voru undirbúin og afgreidd, var meiri vandi á höndum en oftast áður um flestar áætlanir, einkum þær, sem snertu tekjur ríkisins. Til þess lágu ýmsar ástæður. Miklar breytingar voru gerðar á skattakerfinu á því þingi. Tekjuskattur var afnuminn af almennum launatekjum. Felldur var niður 9% skattur á innlendri framleiðslu og þjónustu, en í staðinn lögtekinn 3% söluskattur í smásölu og hækkaður söluskattur af innfluttum vörum. Erfitt var að áætla nákvæmlega, hvernig þessar breytingar mundu verka á tekjur ríkissjóðs. Í annan stað var ljóst, að breytingin á gengisskráningunni mundi draga úr innflutningi erlendra vara, enda til þess ætlazt. En ógerlegt var að sjá fyrir, hve mikil sú hækkun mundi verða og hversu misjöfn áhrifin á innflutning einstakra vörutegunda. Í þriðja lagi kom til hið aukna viðskiptafrelsi. Einnig hlaut gengisbreytingin að hafa ýmiss konar áhrif á útgjöldin.

Um leið og höfð voru í huga þessi allmörgu óvissu atriði, sem stóðu í sambandi við efnahagsaðgerðirnar, var af hálfu Alþingis og ríkisstj. reynt að áætla tekjur og gjöld svo nærri sanni sem frekast voru föng á. Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1960 voru áætlaðar í fjárlögum 1501.2 millj., en urðu samkv. ríkisreikningi 1487.7 millj., eða 13.5 millj. lægri en áætlað var. Tekjuliðir, sem reyndust mjög nærri áætlun

fjárlaga, voru þessir: Vörumagnstollur var áætlaður 33 millj., varð 34. Benzíngjald var áætlað 57.5 millj., varð 57.1. Gjald af innlendum tollvörum var áætlað 35 millj., varð 34. Lestagjald af skipum var áætlað 500 þús., varð 400 þús. Bifreiðaskattur áætlaður 17 millj., varð 16.7 millj. Hluti af umboðslaunum og gengishagnaði bankanna áætlaður 15 millj., varð 14. Vitagjald áætlað 3.4 millj., varð 2.7.

Tekjuliðir, sem urðu nokkru hærri en fjárlög áætluðu, voru þessir:

Tekju- og eignarskattur var áætlaður 72 millj., varð 96.8 millj., eða tæplega 25 millj. hærri. Þetta stafar bæði af því, að álagður skattur reyndist nokkru hærri en áætlað var, og af því, að óvenjumikið innheimtist af ógreiddum sköttum frá fyrri árum. Aukatekjur voru áætlaðar 22.3 millj., urðu 23.8 millj. Stimpilgjald var áætlað 34 millj., varð 38. Iðgjaldaskattur áætlaður 9 millj., varð 10.7. Stríðsgróðaskattur, í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir tekjum af stríðsgróðaskatti, enda var hann afnuminn, en af eftirstöðvum frá fyrri árum greiddust nú 2.3 millj. Vaxtatekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 2.3 millj., urðu 5.6. Óvissar tekjur áætlaðar 13.7, urðu 22.2 millj.

Tekjuliðir, sem urðu að verulegu leyti lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, voru þessir:

Útflutningsleyfagjald var áætlað 2.6 millj., en það var afnumið snemma á árinu og varð því aðeins 183 þús. Leyfisgjald af bifreiðum var áætlað 53 millj., varð 15 millj., eða 38 millj. undir áætlun. Stafar þetta af því, að innflutningur bifreiða var á árinu mjög bundinn við lönd Austur-Evrópu af viðskiptaástæðum, en miklu minni innflutningur leyfður en áður á bílum frá öðrum löndum. Verðtollur var áætlaður 365 millj., en varð 339. 7% innflutningssöluskattur var áætlaður 157 millj., varð 146.6. Innflutningsgjald áætlað 122 millj., varð 119.9. Tekjur af þessum þrem tegundum aðflutningsgjalda urðu því 38.5 millj. lægri en áætlað var í fjárlögum. Þetta stafar ekki af því, að innflutningur í heild yrði minni en ráðgert var í fjárl. Orsökin var sú, að samsetning innflutningsins hefur breytzt. Meira hefur dregið úr innflutningi vara, sem hæstu tollar eru af, en öðrum tolllægri vörum. Hver króna innflutnings gefur því minni tolltekjur í ríkissjóð en áður. Hluti ríkissjóðs af 8% söluskatti af innflutningi og af smásöluskatti var áætlaður 224 millj. Þessir skattar ásamt hinum eldri 9% söluskatti af framleiðslu og þjónustu urðu samtals 236.3 millj. Tekjur af ríkisstofnunum voru áætlaðar 262.9 millj., urðu 271.2, eða 8.3 millj. hærri. Þessar stofnanir eru síminn, póstur, áfengisverzlun, tóbakseinkasala, ríkisprentsmiðja, áburðarsala og innkaupastofnun ríkisins.

Svo sem fyrr er getið, varð niðurstaðan sú, að 13½ millj. skorti á, að heildartekjur ríkisins næðu áætlun fjárlaga. Útgjöldin urðu einnig nokkru lægri en áætlað var.

Gjöld á rekstrarreikningi, þ. e. 7.—19. gr. fjárlaga, urðu sem hér segir:

7. gr., vextir af lánum ríkissjóðs urðu 2.1 millj., eða 7.8 millj. undir áætlun. Þetta stafar af því, að viðskiptaskuld við Seðlabankann var miklu lægri á árinu en reiknað var með í fjárlögum og vaxtajöfnuður á reikningum ríkissjóðs við bankann því miklu hagstæðari en ráð var fyrir gert.

8. gr., útgjöld við forsetaembættið urðu 1½ millj., eins og áætlað var.

9. gr., alþingiskostnaður varð 11.4 millj., eða 800 þús. kr. hærri en áætlað var.

10. gr., kostnaður við stjórnarráðið varð 19.5 millj., eða 100 þús. kr. undir áætlun, og við utanríkismál 23.7 millj., eða 1.2 millj. umfram áætlun. Stafaði það einkum af kostnaði við Genfarráðstefnu og landhelgismálið og einnig af óvenjumiklum tilfærslum á starfsliði sendiráðanna.

11. gr., útgjöld við dómsmál og innheimtu tolla og skatta urðu 105.6 millj., eða 200 þús. undir áætlun.

12. gr., heilbrigðismál 41.7 millj., 3.1 millj. undir áætlun. Veldur þar mestu, að rekstrarhalli ríkisspítalanna varð minni en ráð var fyrir gert.

13. gr., samgöngumál, þ. e. vegamál, samgöngur á sjó, vitar og hafnir, flugmál, veðurþjónusta, ferðaskrifstofa, samgöngumál í heild urðu 160.6 millj., og eru það 6.1 millj. umfram áætlun. Stærsta umframgreiðslan varð vegna Skipaútgerðar ríkisins, en rekstrarhalli hennar varð 18½ millj., eða 3½ millj. meiri en áætlað var.

14. gr., kennslumál 177.7 millj., eða 1.6 millj. undir áætlun.

15. gr., kirkjumál 13.2 millj., eða 200 þús. undir áætlun.

16. gr., atvinnumál 150.5 millj., eða 1½ millj. yfir áætlun. Stafar það einkum af því, að framlag til hlutatryggingasjóðs reyndist hærra en áætlað hafði verið.

17. gr., félagsmál urðu 319.8 millj., eða 800 þús. kr. undir áætlun.

18. gr., eftirlaun 28.9 millj., 500 þús. yfir áætlun.

19. gr., sem fjallar um niðurgreiðslur á vöruverði, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, útgjöld samkv. sérstökum lögum og óviss útgjöld, varð samtals 276.2 millj., eða 47.7 millj. undir áætlun. Veldur þar mestu, að niðurgreiðslur urðu 43 millj. undir áætlun, en útflutningssjóður stóð undir þeim tvo fyrstu mánuði ársins.

Niðurstaða hinna 13 greina rekstrarreiknings varð því þessi: Á 7 greinum urðu útgjöldin undir áætlun um samtals 69.9 millj. kr. Á 6 greinum fóru gjöldin fram úr áætlun um samtals 18.6 millj. Heildarútkoman á rekstrarreikningi varð því þessi: Útgjöld áætluð 1383.7 millj., urðu 1332.4 millj., eða 51.3 millj. undir áætlun.

Á 20. gr., eignahreyfingum, voru innborganir áætlaðar 600 þús. kr., en urðu 3.9 millj. Útborganir voru áætlaðar 117.5 millj., en þeir liðir reyndust 132 millj., eða 14½ millj. umfram. Flestir útgjaldaliðir 20. gr. fylgdu nákvæmlega áætlun, nokkrir urðu lægri, en umframgreiðslunni veldur einn liður, greiðslur vegna ríkisábyrgða, er féllu á ríkissjóð. Þær voru áætlaðar 35 millj., en urðu 49.9 millj., eða 14.9 millj. umfram áætlun.

Auk þeirra liða á 20. gr., sem þegar er getið, eru ýmsar út- og innborganir á eignahreyfingum, sem ekki skulu raktar hér.

Að lokum er greiðslujöfnuður ríkissjóðs á árinu 1960. Mismunandi skoðanir eru uppi um það, hvernig reikna skuli greiðslujöfnuðinn. Það stafar m. a. af ólíkum sjónarmiðum um það, hvernig líta skuli á breytingar á geymslufé hjá ríkissjóði, kaup og sölu á fasteignum o. fl. Sé greiðslujöfnuður ríkissjóðs reiknaður á sama hátt og ríkisbókhaldið hefur gert undanfarin ár, varð hann hagstæður um 10.7 millj. kr. Sé greiðslujöfnuðurinn hins vegar reiknaður samkv. reglum Seðlabankans, eins og fram kemur í tímariti bankans, Fjármálatíðindum, varð greiðslujöfnuðurinn hagstæður um 35.4 millj. kr., eða 25 millj. meira.

Fjmrn. er nú að láta endurskoða gildandi lög um ríkisbókhald og endurskoðun. Er gert ráð fyrir því, að lögfestar verði reglur um það, hvernig reikna skuli greiðslujöfnuð ríkissjóðs, svo að samræmi og festa komist þar á. Meðan slíkar reglur hafa ekki verið lögfestar, þykir rétt að miða við fyrri venjur ríkisbókhaldsins. Samkvæmt því telst greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1960 vera 10 millj. og 700 þús. kr.

Það hefur löngum þótt rétt að gera þá kröfu til fjármálastjórnar ríkisins, að hún fylgdi fjárlögum sem nákvæmast í framkvæmd og forðaðist umframgreiðslur. Hafa sumir þótzt mega byggja á því dóm um fjárstjórnina, hversu til tækist að þessu leyti, og oft verið harðlega deilt á ríkisstjórnir fyrir umframeyðslu, ef útgjöld samkv. reikningi hafa orðið verulega hærri en fjárlög. Stundum eru greiðslur umfram áætlun fjárlaga óhjákvæmilegar, svo sem þegar óvænta atburði eða óhöpp ber að höndum. Hinu er ekki að neita, að umframgreiðslur hafa að einhverju leyti og kannske verulegu leyti stafað af of litlu aðhaldi og aðgæzlu. Ef athuguð eru fjárlög og ríkisreikningar síðustu áratuga, t. d. síðustu 30 ára, kemur í ljós, að á hverju ári hafa einhverjar umframgreiðslur orðið. Styrjaldarárin er erfitt að taka til samanburðar vegna hinna sérstöku aðstæðna þá, en á árunum 1946—1958 voru umframgreiðslur að meðaltali um 9%. Þær voru lægstar árið 1950, 1.2%. Árið 1959 urðu þær hins vegar aðeins 0.8% og höfðu ekki orðið jafnlágar fyrr. Árið 1960 urðu rekstrargjöldin lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, eins og fyrr er getið, um 3.7% undir áætlun.

Við stjórn fjármálanna þarf jafnan að hafa vökult auga á því tvennu: að undirbúa fjárlög sem allra vandlegast og áætla tekjur og gjöld sem næst sanni og hins vegar að fylgja þeirri áætlun sem nákvæmast og fastast fram og forðast umframgreiðslur.

Um afkomu ríkissjóðs í ár verður ekki sagt með fullri vissu að svo komnu máli. Framan af árinu virtist það vafasamt, að tekjur næðu áætlun fjárlaga. Einkum voru það aðflutningsgjöld, sem virtust ætla að reynast minni en búizt var við. Þar stefndi enn í sömu átt og á fyrra ári, að samsetning innflutningsins breyttist. Innflutningur hátollavara dróst saman og tolltekjur minnkuðu af hverri krónu innflutningsverðmætis. Það gerir alla spádóma um afkomu ársins óvissari, að ekki er hægt að byggja nú á reynslu mánaðanna júní, júlí og ágúst vegna þeirra truflana um innflutning og aðflutningsgjöld, sem verkföllin og afleiðingar þeirra orsökuðu. Það er sýnt, að útgjöld ríkissjóðs í ár hækka vegna kauphækkana og breytingar um a. m. k. 62 millj. kr. Skiptist sú fjárhæð þannig, að um 35 millj. kr. eru vegna 13.8% launahækkunar til opinberra starfsmanna, um 17 millj. vegna samsvarandi hækkunar til almannatrygginga, sem ætlað er að greiða frá 1. júlí s. l., og um 10 millj. vegna hækkunar erlends gjaldeyris. Á móti þessum auknu útgjöldum kemur sá tekjuauki ríkissjóðs, sem stafar af hækkun aðflutningsgjalda vegna gengisbreytingar. Sú tekjuaukning mun þó ekki gera betur en að vega upp hin auknu útgjöld, sem nú voru talin. Í gildandi fjárlögum eru áætlaðar 38 millj. kr. vegna lána, er lenda á ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar. Það er ljóst, að þessi útgjöld verða í ár miklu hærri, og stafar það fyrst og fremst af hinum miklu fjárhagsörðugleikum togaranna.

Með 6. gr. brbl. frá 3. ágúst s. l., um ráðstafanir vegna ákvörðunar um nýtt gengi íslenzku krónunnar, var ákveðið, að hluti af gengishagnaði skyldi notaður til þess að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Á þessu stigi er erfitt að segja fyrir um, hversu háar ábyrgðargreiðslurnar verða í árslok, og um hitt, hve stór verði hlutur ríkissjóðs af gengishagnaðinum eða hvenær hann greiðist inn. En þegar meta skal horfur um afkomu ríkisins á árinu, er rétt að líta einnig á viðskiptalán hans í Seðlabankanum.

Ríkissjóður hefur um langan tíma haft viðskiptalán hjá Seðlabankanum. Þetta viðskiptalán, sem kallað er yfirdráttur, er fyrst og fremst til þess ætlað að mæta árstíðasveiflum. Yfirdrátturinn er mjög mismunandi hár á ýmsum tímum árs, skuldin er lægst um áramót. Útgjöld ríkisins eru venjulega mest að sumarlagi, þegar verklegar framkvæmdir eru í fullum gangi. Tekjurnar koma misjafnt inn, yfirleitt betur síðari hluta árs. Þótt staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum á hverjum tíma sýni ekki örugga mynd af afkomu ríkissjóðs, gefur hún vísbendingu. Þó verður að taka öllum slíkum samanburði á milli ára með fyrirvara, því að sérstakar ástæður geta komið til. Þannig varð yfirdráttur ríkissjóðs óvenjuhár nú á miðju sumri, vegna þess að aðaltekjulind ríkissjóðs, aðflutningsgjöldin, þornaði upp að mestu, meðan verkföllin stöðvuðu afgreiðslu á vörum til landsins. Komst yfirdrátturinn þá hæst í 200 millj. Málgögnum stjórnarandstæðinga varð svo mikið um þessi tíðindi, að þeir töldu ríkissjóðinn kominn á heljarþröm og spáðu því, að 200 millj. kr. halli yrði á ríkisbúskapnum árið 1961.

Ef borin er saman skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 17. okt., þ. e. í dag, og sama dag undanfarin fjögur ár, kemur í ljós, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann var þennan dag árið 1957 112 millj., 1958 106 millj., 1959 112 millj., 1960 103 millj., 1961 70 millj. M. ö. o.: í dag, 17. okt. 1961, er skuldin 70 millj. eða rúmum 30 millj. lægri en hún var á sama tíma í fyrra.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem ég nú hef greint, og þrátt fyrir þá örðugleika, sem á vegi hafa orðið, tel ég víst, að jafnvægi náist milli tekna og gjalda, ríkissjóður verði hallalaus á árinu 1961 og jafnvel einhver greiðsluafgangur.

Þetta er þriðja fjárlagafrv., sem núv. ríkisstj. leggur fram. Þau hafa verið samin við afar ólíkar aðstæður. Hið fyrsta, fyrir árið 1960, var mótað af hinum víðtæku viðreisnarráðstöfunum. Það var til orðið í ölduróti hinna gagngerðu breytinga, sem gera þurfti í þjóðfélaginu til þess að koma á jafnvægi í stað margra ára misvægis, frelsi í stað fjötra. Frv. fól í sér margháttaðar breytingar í sambandi við þá viðleitni að stuðla að jafnvægi efnahags, efla almannatryggingar, lagfæra skatta- og útsvarskerfið.

Þegar næsta fjárlagafrv. var lagt fyrir Alþingi í okt. 1960, bar það mjög svip þess, að óðum stefndi til aukins jafnvægis í efnahagsmálum. Jöfnuður hafði náðst í gjaldeyrismálum, verðlag að verða stöðugt, kaupgjald haldizt óbreytt í marga mánuði, skatta- og útsvarsbreytingar almenningi til hagsbóta höfðu þegar komið fram í stórhækkuðum beinum gjöldum manna til ríkis, bæja og sveita. Víðtæk athugun var hafin og leit að leiðum til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni í opinberum rekstri, margvísleg viðleitni til hagsýslu og bættra vinnubragða. Við samningu þess frv. fyrir árið 1961 var á þessum grundvelli unnið að því að færa niður útgjöld ríkisins, eftir því sem fært þótti, halda í horfinu og gæta hófs í útgjöldum. Þessi viðleitni bar þann árangur, að þótt 4 af 14 útgjaldagreinum fjárlaga hlytu að hækka, þ. e. skólakostnaður, sjúkrakostnaður, almannatryggingar og eftirlaun, tókst í frv. að lækka hinar allar 10 útgjaldagreinar fjárlaganna. Þótt heildarhækkun vegna trygginga, ellilauna, skóla- og sjúkramála næmu hærri upphæð samtals en lækkunin á hinum 10 greinum, var hér sýnilega og sannanlega breytt frá fyrri fjármálastefnu.

Það var fastur ásetningur ríkisstj. og stjórnarflokkanna að halda áfram á þeirri braut. Hefði efnahagsjafnvægið fengið að haldast og kauphækkanir verið það hóflegar, að efnahagslífið hefði þolað án sérstakra aðgerða, hefði frv. til fjárlaga fyrir árið 1962, það sem hér liggur fyrir, borið sama svip og frv. fyrir 1961. En í sumar gerðust þeir atburðir, að leiðtogar stjórnarandstöðunnar beittu sér fyrir stórfelldum kauphækkunum og ákváðu þar með lækkun íslenzku krónunnar.

Þetta fjárlagafrv. ber óhjákvæmilega merki þessara atburða. Útgjaldaliðir, sem hefðu getað staðið í stað eða lækkað, verða nú að hækka vegna kauphækkana og þar af leiðandi gengisbreytingar. Þær breytingar frá fjárlögum yfirstandandi árs, sem þetta frv. felur í sér, standa því fyrst og fremst í sambandi við hinar miklu kauphækkanir. Má áætla, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hækki beinlínis vegna kauphækkananna um 70 millj. kr. Þar við bætist sú hækkun til félagsmála, sem af því leiðir, að lífeyrir og bætur almannatrygginga hækka í sama hlutfalli og kaupgjald. Þetta nemur um 52 millj. kr. Þá hækka útgjöld um 16 millj. vegna gengisbreytingarinnar. Samanlögð áhrif kauphækkana og gengisbreytingar á rekstrarútgjöldin eru því 138 millj. nettó. Hækkun útgjalda samkv. þessu frv. er þó nokkru minni en þetta, eða 126 millj. kr. Stafar þetta af því, að ýmsar hækkanir og lækkanir verða af öðrum ástæðum en hér voru nefndar, og nema þær breyt. samtals um 12 millj. kr. lækkun. Að venju verður nokkur hækkun á slíkum liðum sem kennslumálum og dómsmálum. Gegn því kemur svo, að gert er ráð fyrir nokkurri lækkun á 19. gr. vegna væntanlegra breyt. á niðurgreiðslum. Einnig er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til atvinnuleysistryggingasjóðs verði greitt með skuldabréfi. Áætlað er, að rekstrartekjur hækki um nokkurn veginn svipaða upphæð, eða 132 millj. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af áhrifum gengisbreytingarinnar á aðflutningsgjöld, en einnig af þeim áhrifum, sem gera má ráð fyrir að kauphækkanir og gengisbreyting hafi á ýmsa aðra tekjuliði.

Eins og gert var við undirbúning fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, hefur verið reynt að lækka útgjöld eins og kostur hefur verið án þess að gera áætlanir óraunhæfar. Þetta er nauðsynlegt, ef ná á því marki, að fjárlög ársins 1962 verði hallalaus, en á því er ekki síður nauðsyn en verið hefur á undanförnum árum. Haldið hefur verið áfram því starfi, sem hófst á s. l. ári, til að auka hagkvæmni í rekstri ríkis og ríkisstofnana, og má þegar sjá verulegan árangur af því starfi. Á hinn bóginn eru því að sjálfsögðu þröng takmörk sett, hversu langt er hægt að komast til lækkunar útgjalda á skömmum tíma án þess að skerða eðlilega og nauðsynlega starfsemi ríkisins.

Svo sem kemur fram í 23. gr. frv., er gert ráð fyrir, að greiddar verði á næsta ári launabætur til ríkisstarfsmanna, 13.8% fyrstu fimm mánuði ársins, en frá og með 1. júní 4% til viðbótar þeim launum, sem þá verða greidd. Launaliðir í frv. hækka því af þessum sökum um 16.5% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Enn fremur hækkar rekstrarkostnaður af völdum kauphækkana og gengisbreytingarinnar, sem af þeim leiddi. Hefur í samráði við hagstofuna verið gerð áætlun um það, hver áhrif þetta hefur á einstaka rekstrarliði og þeir reiknaðir út í samræmi við þær tölur, sem hagstofan hefur upp gefið.

Ég skal þá víkja nánar að tekjuáætluninni.

Áætlun um aðflutningsgjöldin í fjárlögum er að sjálfsögðu byggð á innflutningsáætlun. Þegar fjárlögin fyrir 1960 voru samin, var byggt á því, að innflutningurinn yrði að verðmæti um 2200 millj. kr. Við samningu núgildandi fjárlaga var gert ráð fyrir, að innflutningurinn yrði að verðmæti um 2400 millj. kr. Sú upphæð samsvarar u. þ. b. 2700 millj. með núverandi gengi. Áætlun um aðflutningsgjöld í fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, er byggð á innflutningsverðmæti um 2800 millj., miðað við núverandi gengi, og er það tæplega 5% aukning frá því í ár.

Tekju- og eignarskattur er áætlaður 95 millj., eða 20 millj. hærri en í fjárl. 1961. Höfð er hliðsjón af álögðum skatti 1961 svo og því, að gera má ráð fyrir nokkurri tekjuhækkun vegna

þeirra kauphækkana, sem orðið hafa. En í sambandi við áætlun um tekju- og eignarskatt þykir mér rétt að geta eins. Það hefur komið í ljós við skattaframtöl í Reykjavík, að framtaldar tekjur og eignir hafa verið allmiklu meiri en undanfarin ár. Þannig hafa nettótekjur samkvæmt framtölum orðið í ár um það bil 160 millj. hærri en árið áður. Ástæðurnar fyrir þessu kunna að vera ýmsar, en það er álit kunnugra manna og m. a. skattstofunnar í Reykjavík, að þessi hækkun á framtöldum tekjum eigi að töluverðu leyti rót sína að rekja til réttari framtala en áður, og í rauninni ætti það engum að koma á óvart eftir þá miklu lagfæringu, sem gerð var á s. l. ári á skattalögum og útsvarslögum, að framtöl verði réttari og betri en áður hefur verið. Höfð var hliðsjón einnig af þessu, þegar ákveðið var að hækka áætlun um tekju- og eignarskatt í þessu frv. um 20 millj. kr.

Verðtollur er áætlaður 395 millj. Er það 42 millj. hærra en í fjárl. 1961. Þá er höfð hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs, enn fremur tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar á tollverð innfluttra vara. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 58 millj., eða óbreytt frá gildandi fjárl. Gjald af innlendum tollvörum 37 millj., eða einni millj. hærra en í fjárl. 1961. Bifreiðaskattur er áætlaður 20 millj., hækkar um 2 millj. frá gildandi fjárl. Aukatekjur eru áætlaðar óbreyttar, 26 millj. Stimpilgjald er áætlað 43 millj., eða 2 millj. hærra en í fjárlögum nú. Söluskattur af innfluttum vörum, 7%, er áætlaður 165 millj., eða 8.5 millj. hærri en í fjárl. nú. Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands, 3%, er áætlaður 200 millj., en það er 15 millj. hærra en í gildandi fjárl. Bráðabirgðasöluskattur af innflutningi, 8%, er áætlaður 188 millj., eða 20 millj. hærri en í fjárl. nú. Hækkun á honum stafar af svipuðum ástæðum og getið var um varðandi verðtoll. Hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt lögum, 20% af 3% og 8% söluskatti, hækkar úr 71 millj. í 78 millj. kr. Innflutningsgjald er áætlað 155 millj., eða 20 millj. hærra en í fjárl. nú. Er sú hækkun gerð með hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs svo og þeirri hækkun, sem verður á tollverði vara vegna gengisbreytingar.

Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkvæmt 16. gr. laga nr. 4 frá 1960 er áætlað 45 millj., eða 11 millj. hærra en í fjárl. nú. Er það gert með tilliti til þess, að innflutningur bifreiða hefur nú verið gefinn frjáls.

Ríkisstofnanir er gert ráð fyrir að skili 7 millj. hærri rekstrarafgangi en í gildandi fjárl.

Varðandi gjaldahlið frv. verður í stórum dráttum gerð grein fyrir helztu breytingum á einstökum greinum, sem stafa af öðru en afleiðingum kauphækkana og gengisbreytingar.

7. gr., vextir af lánum, lækkar um 618 þús.

8. gr., æðsta stjórn landsins, 9. gr., alþingiskostnaður, og 10. gr. I, stjórnarráðið, hækka ekki umfram það, sem kauphækkanir valda. 10. gr. II, utanríkismál, hækkar af ýmsum ástæðum um 1112 þús. Nokkur hækkun er á sendiráðunum í Kaupmannahöfn, Osló, Bonn og Moskvu, samtals 563 þús. Um helmingur þeirrar fjárhæðar er vegna of lágrar áætlunar undanfarið á kostnaði við sendiráðið í Osló. Framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna hækkar um 383 þús., framlag til Atlantshafsbandalagsins um 60 þús. Þá eru nýir liðir nokkrir, sem samtals nema 648 þús., en nokkur lækkun er á sendiráðunum í Washington og París, samtals 542 þús. kr.

11. gr. A, dómsmál, hækkar um 5.8 millj. Það, sem einkum veldur þeirri hækkun, er aukinn tilkostnaður við landhelgisgæzlu, en þar er m. a. ráðgerð flokkunarviðgerð á Ægi, sem áætlað er að kosti um 3 millj. Þá kemur nýr liður, rúmlega 1 millj. kr., sem er kostnaður við embætti saksóknara ríkisins, sem stofnað var með lögum frá síðasta þingi.

11. gr. B, innheimta tolla og skatta, hækkar um 150 þús. vegna of lágrar áætlunar.

12. gr., heilbrigðismál, hækkar um 4.8 millj. Munar þar mest um hækkun þá, sem leiðir af aukinni starfsemi landsspítalans, en sá kostnaðarauki er áætlaður 3½ millj. Þá hækkar rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa um 500 þús., auk þess sem kostnaður við fæðingardeild, Vífilsstaðahæli og Kleppsspítala hækkar um rúmar 700 þús. kr.

13. gr. A fjallar um vegamál og hækkar um 1 millj. 113 þús. kr. Framlag til nýrra akvega hækkar um 4 millj. kr., þar sem rétt hefur þótt að flytja þær 4 millj., sem ætlaðar eru af atvinnuaukningarfé til samgöngubóta á landi, af 20. gr. yfir á þessa gr., og lækkar þá 20. gr. sem því svarar. Fjárveiting á þessa árs fjárl. til vegagerðar á Mýrdalssandi, 4.3 millj., fellur nú niður. Framlag til kaupa á vegavinnuvélum hækkar um 1 millj. 320 þús.

13. gr. B, samgöngur á sjó, D, flugmál, og E, veðurþjónusta, eru að mestu óbreyttar. 13. gr. C, vita- og hafnarmál, hækkar um 2.1 millj. vegna aukinnar fjárveitingar til áhaldakaupa og aukins kostnaðar af vitaskipi, en áætlað er, að nýtt skip komi í byrjun næsta árs í stað leiguskipa hluta úr ári, svo sem verið hefur undanfarið.

13. gr. F, ýmis samgöngumál, lækkar um 871 þús. Fjárveiting til umferðarmiðstöðvar í Reykjavík lækkar, eins og ráð hafði verið fyrir gert, úr 1 millj. í ½ millj.

14. gr. A., kennslumál, hækkar um 12.2 millj. Kostnaður við háskólann hækkar um 488 þús., menntaskólinn í Reykjavík um 561 þús., aðallega vegna fjölgunar bekkjardeilda. Iðnfræðsla hækkar um 724 þús., barnafræðsla um 6.9 millj., þar af hækkun á framlagi til byggingar skóla 2.3 millj. Kostnaður við gagnfræðamenntun hækkar um 2.6 millj. Inn kemur nýr liður, 510 þús. kr. til handritastofnunar, en um hana verður lagt fram frv. á Alþingi nú á næstunni.

14. gr. B, listir og vísindi, hækkar um tæpar 100 þús. kr.

15. gr., kirkjumál, hækkar um 647 þús., sem stafar að langmestu leyti af aukinni fjárveitingu til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum.

16. gr. A, landbúnaðarmál, hækkar um 1 millj. 110 þús. Framlag samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum hækk-

ar um 3 millj. skv. lagabreytingu frá síðasta þingi, en til frádráttar koma lækkanir, 1.9 millj., aðallega lækkun bóta vegna sauðfjársjúkdóma, 1½ millj.

16. gr. B, sjávarútvegsmál, lækkar um 545 þús., þar eð niður falla 500 þús. kr. til síldarverksmiðjanna í Krossanesi og Hjalteyri vegna síldarflutninga.

16. gr. C, iðnaðarmál, hækkar um 230 þús. Þar kemur inn nýr liður: til verkstjóranámskeiða 221 þús., en um þetta efni voru sett lög á síðasta þingi.

16. gr. D, raforkumál. Varðandi einn lið þar, jarðhitadeild, er breytt uppsetningu á þeim lið í frv. frá því, sem verið hefur undanfarin ár. Það hefur þótt rétt, að gefin væri heildarmynd af rekstri deildarinnar, á sama hátt og gert er nú um rafmagnsveitur ríkisins skv. tillögu raforkumálastjóra. Það er ráðgert, að jarðhitarannsóknir verði stórauknar á næsta ári. Ríkissjóður mun leggja jarðhitasjóði, sem stofnaður var með lögum nr. 55 frá 1961, 6 millj. kr. Er það jafnhátt framlag og ákveðið er í fjárl. nú til jarðborana. Að öðru leyti er lagt til, að aflað sé með lántökum þess, sem á vantar til þess að standa straum af rannsóknarkostnaði. Er þetta í samræmi við það, sem fram kom, þegar fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru undirbúin, en þá var frá því skýrt í grg. með frv., að í athugun væri að sjá fyrir fjárþörf til þessarar starfsemi með öðrum hætti en beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Sú athugun leiddi til þess, að sett voru lög um jarðhitasjóð, en í þeim er m. a. gert ráð fyrir, að jarðhitasjóður greiði kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum og að honum sé heimilt að taka lán til starfsemi sinnar.

16. gr. E, rannsóknir í þágu atvinnuveganna, hækkar um 434 þús., sem stafar af fjölgun sérfræðinga við atvinnudeild háskólans og auknu rekstrarfé búnaðardeildar, sem hefur verið of lágt áætlað undanfarið.

17. gr., félagsmál. Ákveðið hefur verið að greiða framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs, 28½ millj., með skuldabréfum. Í því sambandi vil ég taka eftirfarandi fram:

Atvinnuleysistryggingasjóður er nú orðinn einhver öflugasti sjóður, sem til hefur verið á landi hér. Eignir hans námu um síðustu áramót 245.7 millj. kr. Þar af er sjóður eða handbært fé 170 millj. kr. Tekjur sjóðsins á s. l. ári voru 68½ millj. kr., sem skiptast þannig: framlag ríkissjóðs 27 millj., framlag sveitarfélaga 13.5 og iðgjöld atvinnurekenda 13.5. Þessi framlög eru samtals 54 millj., en vaxtatekjur sjóðsins voru á s. l. ári 14½ millj. kr. Samtals voru því tekjur sjóðsins 68½ millj. Atvinnuleysisbætur hins vegar samkvæmt lögunum urðu á árinu aðeins 800 þús. Þessi sjóður og lögin um hann eru auðvitað þess efnis, að það er orðið nauðsynlegt að endurskoða þau, og ætla ég, að sú endurskoðun sé hafin. Það virðist með öllu ástæðulaust, að ríkissjóður sé að leggja fram í handbæru fé framlag sitt á næsta ári, 28½ millj., og eðlilegt, að hann greiði það fremur með skuldabréfi, þá til alllangs tíma, meðan þessi endurskoðun fer fram. Ég vil taka það skýrt fram, að vitanlega hefur það ekki minnstu áhrif til trafala eða truflunar um útlán sjóðsins til sveitarfélaga eða framkvæmda á vegum þeirra eða félaga eða einstaklinga, því að handbært fé sjóðsins var, eins og ég gat um, um síðustu áramót 170 millj. kr.

18. gr., eftirlaun, hækkar um 2.2 millj. kr., sem bæði stafar af árlegri fjölgun starfsmanna og of lágri áætlun.

19. gr., óviss útgjöld, lækkar um 7.4 millj. kr. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir er nú sameinað í einn lið og lækkar um 14.9 millj., en athugun og endurskoðun fer nú fram á þessum liðum.

Útgjöld samkvæmt 22. og 23. gr. hækka um 2 millj., fyrningar um 2 millj. og óviss útgjöld hækka um 3.5 millj. Er það byggt á reynslu margra undanfarinna ára.

20. gr. fjárlfrv. lækkar um 5.1 millj. Afborganir af lánum ríkissjóðs lækka um 284 þús. og fjárveiting til afborgana af lánum landssímans, 2 millj. kr., fellur niður. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna hækkar um 225 þús. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara hækkar um 237 þús. Til atvinnu- og framleiðsluaukningar lækkar um 4 millj. kr. vegna tilfærslu á því fé, sem á fjárl. er ætlað til samgöngubóta og eins og ég gat um áðan er flutt yfir á 13. gr. A. Nýr liður er til byggingar vitaskips, 1.1 millj. Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli, 200 þús., fellur niður, og til afborgana af kaupverði íbúðarhúss að Hesti lækkar um 175 þús. kr.

Niðurstöðutölur fjárlfrv. eru því þessar: Tekjur áætlaðar 1721.2 millj., gjöld áætluð 1714.6 millj. og greiðsluafgangur því áætlaður 6.6 millj. kr.

Eins og ég hef skýrt frá í fyrri fjárlagaræðum, hefur ríkisstj., frá því er hún tók til starfa fyrir tæpum 2 árum, gert sér far um að finna leiðir til þess að draga úr útgjöldum ríkisins og koma á bættum vinnubrögðum og skipulagi til þess að draga úr kostnaði. Í fjárlagaræðunum hefur verið drepið á nokkur þessara atriða. Í nál. meiri hl. fjvn. á síðasta þingi var bent í 23 liðum á ýmis atriði, sem óskað var að ríkisstj. tæki til athugunar, og við umr. og athuganir í stjórnarráðinu hefur ýmis fleiri atriði borið á góma. Ég ætla, að það séu í kringum 50 mál, sem þannig hafa verið og eru til meðferðar, sem rannsökuð eru ofan í kjölinn og kannað, hvort hægt er að spara á og skipuleggja betur. Sum þeirra eru þess eðlis, að milljónum og milljónatugum skiptir, en önnur smærri. Að þessum margháttuðu athugunum hafa starfað fjmrn. og endurskoðunardeild þess ásamt innlendum og erlendum sérfræðingum, en ríkisendurskoðandi haft yfirumsjón með starfinu. Ýmsar breytingar í sparnaðarátt hafa verið ákveðnar af einstökum ráðuneytum og ríkisstj. í heild, án þess að þyrfti að taka til þeirrar sérfræðilegu rannsóknar, sem nauðsynleg er í mörgum greinum.

Ég skal nú nefna nokkrar þær umbætur til sparnaðar og hagræðingar eða þar sem gjöldum er létt af ríkissjóði, sem ýmist eru komnar fram eða undirbúningi vel á veg komið. Einn-

ig mun ég geta ýmissa þeirra, sem unnið hefur verið að, þótt nokkur tregða og mótspyrna hafi tafið framkvæmd þeirra um stund.

Sameining áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu ríkisins hefur verið framkvæmd. Með sameiningunni sparast 11 starfsmenn, húsnæðiskostnaður lækkar verulega, og ýmiss konar sparnaður annar verður þar einnig.

Innflutningsskrifstofan var lögð niður og talið, að við það hafi sparazt um 3 millj. kr.

Í París voru tvær skrifstofur á vegum Íslands, sendiráðið og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu og Efnahagssamvinnustofnuninni. Þessar skrifstofur voru sameinaðar á s. l. vetri, og sparast við það rúmlega 800 þús. kr., en yfir 900 þús. kr. miðað við núverandi gengi.

Alþingiskostnaður verður miklu lægri á þessu ári en mörg undanfarin ár. Það stafar af skemmra þinghaldi á s. l. vetri. Slíkt gat orðið með vandaðri undirbúningi þingmála en áður og betri samheldni þingmanna, er stjórnina styðja.

Póstmálin hafa lengi verið rekin með halla, sem ríkissjóður hefur greitt. Í fjárl. fyrir 1960 var í fyrsta sinn ákveðið, að pósturinn skyldi standa undir sér. Svo er einnig í ár og í fjárlfrv. fyrir 1962, þannig að þessum útgjöldum er létt af ríkissjóði.

Síminn hefur kostað ríkissjóð mikil fjárframlög að því leyti, að tekjur hans hafa ekki hrokkið auk rekstrarkostnaðar fyrir nýjum símalagningum og öðrum framkvæmdum. Greiðsluhalli símans, sem ríkissjóður hefur greitt, hefur verið síðustu 5 ár frá 2.5 millj. upp í 12.5 millj. á ári. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að síminn standi sjálfur undir öllum sínum útgjöldum, ríkissjóður þurfi ekki að leggja honum fé, en úr framkvæmdum hans verður á engan hátt dregið.

Við skiptingu vegafjár hefur tvö síðustu ár verið farið inn á nýjar brautir. Alþingi hefur skipt vegafénu á færri staði, en þeim mun stærri fjárhæðir á hvern stað. Árið 1959 var vegafénu skipt á 219 staði, 1960 á 163, 1961 á 144. Þessi breyting, þessi fækkun vinnustöðva á tveimur árum um 75 þýðir miklu betri nýtingu fjárins, og sparast þannig mikið fé, sem kemur landsmönnum til góða í því, að þeir fá meiri vegagerð fyrir sama fé.

Við ýmsar framkvæmdastofnanir ríkisins, vegagerð, hafnargerð og margt fleira, þarf stórvirkar vélar, og veltur mjög á því, að vélakostur sé góður, til þess að verkin vinnist vel. Vélakosturinn hefur verið stóraukinn nú að undanförnu, bæði með beinum framlögum og lánsfé.

Þegar hefur tekizt að lækka verulega kostnað við framkvæmd skyldusparnaðar. Kostnaðurinn er nú áætlaður 1 millj. kr. í þeirri von, að breytingin hafi komið að því gagni, að kostnaðurinn verði ekki hærri.

1. febr. 1961 voru flugumsjónardeild og flugvélaafgreiðsla á Keflavíkurflugvelli sameinaðar. Sameining deildanna gerði mögulega fækkun starfsliðs um 8 manns. Sparnaður í rekstri flugvallarins vegna þessarar breytingar nemur um 800 þús. kr., miðað við kaupgjald eins og það var á þeim tíma, þegar breytingin var gerð.

Undirbúnar hafa verið breytingar á störfum Skattstofu Reykjavíkur í því skyni að ná bættu fyrirkomulagi við störf þar.

Allvel er á veg kominn undirbúningur þess að sameina í Reykjavík innheimtu þinggjalda, þ. e. tekjuskatts og annarra gjalda til ríkissjóðs, útsvars og fasteignagjalda til bæjarsjóðs Reykjavíkur og sjúkrasamlagsiðgjalda. Í áætlunum þeim, sem gerðar hafa verið um sparnað á starfskröftum við sameininguna á þessari innheimtu, er gert ráð fyrir, að komast megi af með um ⅓ hluta þess starfsfólks, sem nú starfar að innheimtu þessara tekna hjá ríki, bæ og sjúkrasamlagi. Þann sparnað í starfsmannahaldi hyggjast menn að fá bæði með bættu skipulagi á innheimtu og meiri bókhaldsvélanotkun, en einkum þó með sjálfri sameiningunni, sem afnemur tvíverknað á margan hátt. Þá er gert ráð fyrir, að sameiningin spari atvinnurekendum mikla fyrirhöfn og vinnu, og loks, það sem ekki er minnst um vert, sé til stóraukins hagræðis fyrir skattgreiðendur.

Ríkið á fjölda vinnuvéla og bifreiða af ýmsum gerðum á ýmsum aldri og dreifðar um fjölda ríkisstofnana. Rekstur þeirra og viðhald kostar stórfé á hverju ári. Nú er verið að taka saman skrá yfir allar þessar vélar og bifreiðar, og er von til þess, að spara megi stórfé með því að losa sig við það, sem gamalt er og viðhaldsfrekt, með samræmingu á kaupum og með því að draga saman á einn stað kaup á þeim, eftirlit með þeim og umsjón með viðhaldi þeirra og rekstri.

Þótt ríkissjóður og ríkisstofnanir eigi margar húseignir, er samt sem áður fjöldi ríkisstofnana í leiguhúsnæði, mörgu mjög dýru. Það er augljóst, að ríkinu mundi vera hagur í því að eignast sjálft hentugt húsnæði til að losa ríkisstofnanir úr dýru leiguhúsnæði, og er það mál allt nú í rannsókn og athugun.

Auk þess skólahúsnæðis, sem ríkið á eitt og þarf til eigin nota, stendur það að verulegu leyti undir húsakosti til þeirra skóla víðs vegar um landið, sem ríki og bæjar- og sveitarfélög eiga í sameiningu. Byggingarþörfin á skólum þessum: barnaskólum, gagnfræðaskólum, héraðsskólum, húsmæðraskólum, er mikil á ári hverju, og byggingarkostnaður skiptir tugum milljóna. Mikið er í mun, að skynsamlega sé með það fé farið, sem til þessara bygginga er lagt. Nú er í smíðum reglugerð um eftirlit með þessum byggingarframkvæmdum, sem ríkissjóður að vísu ekki eignast, en leggur mikið fé til. Hér getur strax munað milljónum, ef ekki er hagsýni viðhöfð, og bráðnauðsynlegt er að sameina undir eina stjórn eftirlit með teikningum og byggingarframkvæmdum, til þess að samræmi fáist og ríkissjóður hafi hönd í bagga með, hvernig því fé er varið, sem hann leggur fram.

Risnukostnað ríkisins hefur stundum borið á góma. Ríkisstj. er ljós nauðsyn þess að gæta hófs um útgjöld vegna veizluhalda og fyrirgreiðslu erlendra gesta. Hún hefur ákveðið að

setja um það ákveðnari reglur og koma á fastari skipan og samræmi en verið hefur í þessum málum um margra ára bil. Í sambandi við veizluhöld hins opinbera hafa einhver blöð birt þá fregn, að veizluhöld ríkisstj. kosti 40 millj. kr. á ári. Hið sanna er, að allur kostnaður við móttöku og risnu fyrir erlenda og innlenda gesti var á síðasta ári ekki 40 millj., heldur 912 þús. kr.

Af þeim um það bil 50 málum, sem til sérstakrar athugunar eru í sparnaðarskyni og til aukinnar hagkvæmni, skal ég ekki nefna fleiri að sinni, en að lausn þeirra er unnið að staðaldri.

Í sambandi við sparnað í ríkisrekstri gætir oft átakanlegs misskilnings. Það er eins og sumir haldi, að fjárhag ríkisins verði fyrst og fremst bjargað með nánasarskap og nirfilshætti, þar sem hver eyrir er eftir talinn og reynt að skera við nögl öll framlög til framkvæmda, menningarmála, lista og félagsmála. En um leið og aðhald og aðgætni verður að sýna, þarf að hafa fullan skilning og víðsýni til að bera til að skilja kröfur tímans og hvernig bezt megi þoka áfram menningar- og framfaramálum þjóðarinnar. Fjárhag ríkisins verður ekki bjargað með því að skera niður um nokkrar krónur laun til listamanns eða styrk til námsmanns, með því að klípa af eða skera við nögl lífeyri ekkjunnar eða styrkinn til öryrkjans. Það, sem hér skiptir máli, er það að sýna gætni og aðhald og reyna að skipuleggja öll vinnubrögð með þeim hætti, að mannsorkan og vélaaflið nýtist sem bezt. Ef hægt er að veita jafngóða þjónustu fyrir fólkið með minni tilkostnaði, þá er engum greiði ger með því að halda úreltu, dýru skipulagi. Það er þetta, sem fyrst og fremst er unnið að með hagsýslu- og hagræðingarstörfum, þ. e. að haga allri starfsemi svo, að sem ódýrast sé fyrir ríkið og bezt fyrir borgarana. Í öllu okkar fjármálastarfi virðist mér, að við eigum að hafa tvennt í huga: víðsýni og hagsýni.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nýtt fjárlagafrv. hefur séð dagsins ljós, og hafa landsmenn nú fengið að hlýða á rökstuðning hæstv. fjmrh. fyrir því, svo og skýrslu hans um fjárreiður ríkisins, það sem af er árinu, og hvernig hann lítur á horfurnar. Ráðherrann virðist hafa von um, að ekki verði halli á ríkisrekstrinum allt til næstu áramóta. Það er vissulega gott, að svo skuli vera. En fulllítið fannst mér hann gera úr því, að til þess að hann öðlaðist þessa von, varð að skrá gengi íslenzkra peninga niður á árinu og ríkið að slá eign sinni á allan gengishagnaðinn, sem er af þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu við fyrra gengi, en seldar á nýja genginu.

Ekki verður sagt, að boðskapur frv. sé í neinu merkilegur og óvæntur, nema máske fyrir þá, ef einhverjir væru, sem enn leggja trúnað á öfugmælið, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið fjármálastefnu sinni með því að kalla hana viðreisn. Ráðherrar og nákomnustu stuðningsmenn þeirra, svo sem ritstjórar íhalds- og kratablaðanna, þreytast þó ekki á að gera sig að athlægi með því að láta eins og með birtingu þessa fjárlagafrv. hafi komið fram nýtt sigurskjal stefnu sinnar. Þannig er frv. kynnt í Vísi undir yfirskriftinni: „Hagkvæmni aukin í ríkisrekstrinum“ — og talið, að þar gnæfi tekjurnar yfir gjöldin. Alþýðublaðið er að vísu ekki hrifnara en svo, að það notar smátt letur á skrumið, sem þó liggur ekki jafnan fyrir. Morgunblaðið er með stóru letri yfir þvera forsíðu með þetta siguróp: „Fjárlög 1962 án nýrra skatta.“ Viðreisnin var nú reyndar ekki einungis boðuð í upphafi sem viðspyrna nýrrar skattheimtu, þegar hennar færi að gæta, heldur sem blómi og batnandi tímar. Með henni voru, eins og orðrétt segir í ritinu fræga, sem stjórnin lét ríkissjóð gefa út og senda inn á hvert heimili í landinu í ársbyrjun 1960 sem sitt fagnaðarerindi: Skilyrði sköpuð fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjörum. — En nú er það sem sagt kallað ágætt að leggja fram frv. að fjárlögum hins þriðja viðreisnarárs án nýrra skatta, svo að jafnvel ritstjórar stjórnarblaðanna eru nú örlítið teknir að nálgast jörðina.

En er hið nýja frv. þá án nýrra skatta? Nei, svo sannarlega er sú fullyrðing algert öfugmæli, eins og svo til allt, sem borið hefur verið á borð fyrir þjóðina úr herbúðum stjórnarinnar um þessi mál.

Á fyrstu síðu fjárlagafrv. er skrá yfir það, hvað áætla megi að almennir tollar og skattar muni færa ríkissjóði miklar tekjur yfir árið. Í fjárlagafrv. í fyrra nam þessi áætlun 1237 millj. kr. Nú er hún hlaupin upp í 1401 millj., þ. e. a. s. 1962 ráðgerir fjmrn. að taka 164 millj. kr. meira í tolla og skatta af landsmönnum en á yfirstandandi ári. Skyldi Gunnar Thoroddsen, hæstv. fjmrh., hafa haldið því fram, að svo gífurleg aukning skattanna ætti að teljast meinlaus eða engin ný skattheimta, ef t. d. vinstri stjórnin hefði staðið fyrir henni? Það er hætt við, að svo hefði honum ekki fundizt. Og það hefði honum sannarlega ekki heldur verið láandi, enda nemur þessi breyting því sem næst 4000 kr. hækkun útgjalda hjá hverri meðalstórri fjölskyldu í landinu, og er þetta þó ekki öll tekjuhækkun ríkissjóðs, sem frv. gerir ráð fyrir. Hitt er svo rétt, að þessi nýja skattheimta hefur ekki hlotið neitt nýtt nafn í lögunum. Hún verður næstum öll til við gengisfellinguna, sem stjórnin lét framkvæma í ágústmánuði í sumar og gaf út bráðabirgðalög um og þverbraut raunar þar í leiðinni með lögunum stjórnarskrá landsins. Sú gengisfelling, sem raunar er sérstakt mál fyrir þessu þingi og ég mun ekki ræða hér, nema að því leyti sem hún er einnig fjárlagamál, var augsýnilega gerð til að freista þess að hjálpa upp á það öngþveiti og volæði, sem hæstv. fjmrh. var sokkinn í með fjárreiður ríkisins, þótt stjórnin reyndi að leiða athygli þjóðarinnar frá ömurleik sinnar eigin stefnu með því að telja, að sú litla kaupgjaldsleiðrétting, sem verkalýðshreyfingin knúði fram í vetur og vor, væri ástæðan fyrir gengisfellingunni. Í gengisfellingarreglum stjórnarinnar er auk alls annars einnig ákveðinn nýr stórkostlegur skattur á út-

flutninginn, og þar að auki ætlar ríkið að taka til sín stórar fjárfúlgur í gengishagnaði. Þeim skatti er ætlað að létta á ríkissjóði með því að taka við sumum þeim útgjöldum, sem annars hafa hvílt á ríkissjóði og áætlað hefur verið fyrir í fjárlögum, svo sem greiðslu vaxta og afborgana af ríkisábyrgðarlánum, sem í vanskil eru fallin.

Hæstv. fjmrh. mun í ágústmánuði hafa gert sér vonir um, að með því að velta vænni sneið gjaldanna af ríkissjóði yfir á nýja skattheimtu utan ríkiskassans og með því að hækka innkaupsverð allrar innfluttrar vöru um góð 13%, sem ríkistollarnir og skattarnir kæmu á, svo sem gert er með gengisfellingunni nýjustu, mundi batna svo í búi hjá ríkissjóði, að hægt yrði að koma saman hallalausu fjárlagafrv. fyrir árið 1962. Nú fer það ekki á milli mála, að með gengisfellingunni fær ríkissjóður aðstöðu til þess að auka skatttekjurnar og þyngja á verðlaginu um 100—200 millj. kr. og gerir það, svo sem áður er rakið.

En það væri ranglátt að geta þess ekki, að þrátt fyrir þá heildarhækkun tolla og skatta, sem orðin er, þá er þó einn tollur, sem lækkun verður á í áætlun stjórnarinnar fyrir næsta ár, — lækkun, sem vafalaust mun standast. Það er vörumagnstollurinn. Hann á að lækka úr 35 í 33 millj. kr., eða því sem næst um 6%. Þessi tollur er sérstæður að því leyti, að hann er ekki bundinn af verðmæti vörunnar í krónutali, heldur við magn hennar í rúmmetrum eða tonnum. Lækkun stjórnarinnar á íslenzkri krónu breytir honum því ekki. Til þess hefðu bráðabirgðalögin þurft að minnka rúmmetrana eða létta tonnið. En hvort það hefur undan dregizt af vangá eða af öðrum ástæðum, þá er ekkert ákvæði í þeim um það, og því fór sem fór um þennan toll einan allra. En einmitt þessi tiltölulega litli tollur, sem óháður er gengisfellingunni, segir óneitanlega skýra, en alvarlega sögu um það, hvert stefnir hjá þjóð okkar. Hann er mælir, sem vert er að líta á.

Ef efnahagsþróunin hér væri með eðlilegum hætti, ætti vörumagn til þjóðarþarfanna auðvitað að fara vaxandi frá ári til árs, bæði vegna þess, að aukin tækni hefur á þessari öld fært flestum þjóðum aukna kaupgetu til handa hverjum einstaklingi, og svo hefur þetta einnig verið um Íslendinga allt til hinna síðustu ára. En alveg sérstaklega kallar hin öra fjölgun þjóðarinnar, sem nemur nú árlega hart nær 4 þús. manna, á aukið vörumagn bæði til neyzlu og framkvæmda. Óbreytt vörumagnsvelta þýðir ekki kyrrstöðu í lífskjörunum, heldur beina afturför, sem nemur því, að vörurnar skiptast á 4000 fleiri menn 1962 en þær gera 1961, og kemur því drjúgum minna í hvers eins hlut. Áætlanir stjórnarinnar telja þó, að sama vörumagn verði ekki til skiptanna á næsta ári og á þessu ári hefur verið, heldur 6% minna magn, sem skiptist á 4000 fleiri staði en áður. Hér er því um stórkostlegri samdrátt vörumagns í hlut hvers einstaklings að ræða en ég veit dæmi um hjá nokkurri sjálfstæðri menningarþjóð á þessari öld, þegar ekki geisar styrjöld. En þetta minnkaða vörumagn á að kosta drjúgum meira en það, sem til skiptanna var áður. Ríkissjóður ætlar að taka á annað hundrað millj. kr. meira í tolla af því, og ríkisstj. hefur einnig leyft kaupsýslumönnum að leggja miklu meira á vörurnar en leyfilegt hefur verið hingað til. Það mun vera þessi ráðabreytni, sem varðar leiðina til bættra lífskjara, en um síðustu kosningar kallaði Sjálfstfl. stefnuskrá sína svo og skráði það ekki einasta í blöð sín, heldur voru líka fjölmargir húsveggir, portþil og götustaurar höfuðborgarinnar þá þakin málverkum íhaldsins upp á það, að stuðningur við Sjálfstfl. væri leiðin til bættra lífskjara. Og það er svo í framhaldi af þessu sjálfsagt góð og gegn háttvísi, þegar ráðherra Sjálfstfl. leggur með stolti og skrumi fram það fjárlagafrv., sem segir þá sögu, sem hér hefur verið rakin.

Við að líta yfir tekjubálk frv. blasir það við, að fögru var lofað, en illt aðhafzt, og ofan í kaupið fullyrt frá hærri stöðum, að ekki sé efnt til nýrrar skattheimtu og allt sé á góðri leið.

Á meðan litið er frá skattahliðinni á frv. yfir á útgjaldabálkinn, væri bezt viðeigandi að hafa upp fyrir munni sér þessar einföldu og miðlungi andríku ljóðlínur: „Þetta var fyrsta vers, svo kemur annað vers, það er alveg eins.“ Svo mjög eru þar hlutföllin á milli loforða og efnda á sömu bókina lærð.

Það var ekkert smáræði, sem hæstv. fjmrh. boðaði af umbótum og sparnaði hina fyrstu daga í sinni stjórnartíð, og hann var raunar alls ekki uppgefinn á því enn í ræðunni, sem hann hélt hér áðan. Og lítilsigld fannst honum í upphafi fjármálastjórn landsins hafa verið allt til þess dags, er hann tók hana í sínar hendur. Fjárlagafrv., sem fyrirrennari hans í fjármálaráðherrastóli og samráðherra hans æ síðan hafði nýlokið við að semja, var tafarlaust borið á skarnhaug, sem vel má vera að hafi verið því verðugur samastaður, og boðuð var koma stimpilklukku í stjórnarráðið, svo vandlega átti að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Sá gripur virðist þó dálítið torfenginn, því að ókomin var klukkan þar, síðast þegar ég til vissi. Sparnaðurinn átti að vera mikill og margþættur, þegar fram liðu stundir. Í framkvæmd hefur hann raunar orðið minni en enginn. Þar hefur allt farið á sömu leið og í baráttunni við selshausinn á Fróðá, ef ekki verr, því að hafi einhvers staðar verið fækkað um einn ríkisstarfsmann, hafa óðara gosið upp mörg embætti í staðinn og raunar ekki bara einstök embætti, heldur stórar og ferlegar stofnanir með rúmgóðum kontórum, bílakosti og margs konar öðrum tilkostnaði. Má sem dæmi um þetta nefna ferföldun sakadómaraembætta í Reykjavík, nýtt embættisbákn saksóknara ríkisins, sem vinna á part af störfum dómsmrn., að ógleymdu flóði erlendra sérfræðinga, sem helzt virðist ætlað það hlutverk, að stjórnin geti vitnað í einhverja parta úr álitsgerðum þeirra við framkvæmd þeirra stjórnaraðgerða, sem þjóðin á hvað erfiðast með að sætta sig við. Með þessu er auðvitað ekki hálftalin starfsliðs- og embættaaukningin, þótt hér verði að láta staðar numið í því að sinni.

Sá hluti fjvn., sem styður stjórnina, hefur

líka fundið sárt til þess við fjárlagaafgreiðslu að undanförnu, að þunglega gekk um framkvæmdir hins boðaða sparnaðar. Og í nál. sínum hefur hann því brugðið á það ráð í stað raunverulegra sparnaðarráðstafana að birta langar skrár um sparnaðaráform, sem fyrir dyrum stæðu, og áminnt stjórn sína um að láta ekki lengur undir höfuð leggjast að undirbúa sparnaðinn fyrir setningu næstu fjárlaga. Á síðasta vetri var áminning meiri hl. fjvn. í ekki færri en 23 liðum og þess þó getið, að það væri engan veginn tæmandi eða fullnægjandi sparnaður, sem í þessum 23 liðum fælist, heldur yrði miklu betur gert. Hér eru auðvitað engin tök á því sökum takmarkaðs ræðutíma að rekja það í öllum liðum, hvernig brugðizt hefur verið við þessari bænaskrá stjórnarstuðningsmannanna í fjvn. við samningu þessa fjárlagafrv., en með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega lesa hér upp fáein af formálsorðum sparnaðarskrárinnar miklu úr nál. meiri hl. fjvn., útgefnu 2. des. í fyrra, og grípa síðan aðeins ofan í, þótt ekki sé nema upphafið á skránni sjálfri, skrá hinna góðu áforma, ef verða mætti mönnum til svolítillar glöggvunar á því, hvort sparnaðurinn er að komast í framkvæmd eða ekki. Í álitinu segir m. a.:

„Meiri hluti nefndarinnar telur því rétt að benda á nokkur atriði, sem ætti nú þegar að taka til athugunar eða hraða athugun á, þannig að niðurstöður gætu legið fyrir við undirbúning næstu fjárlaga."

Er því hér auðvitað ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða. En meiri hl. n. beinir þeim tilmælum til ríkisstj., að hún m. a. láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að gera eftirtaldar ráðstafanir til þess að draga úr ríkisútgjöldum, og síðan koma liðirnir 23. Fyrsti liðurinn og að því er ætla má sá, sem hvað mest áherzla er lögð á af nefndarmanna hálfu, er þannig: „1) Að fækka enn sendiráðum Íslands erlendis, t. d. leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum, og jafnvel lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráðanna." Það er fastur liður stjórnarinnar að taka illa öllum tillögum andstæðinga sinna, en þetta var tillaga Magnúsar Jónssonar frá Mel, Birgis Finnssonar, Guðlaugs Gíslasonar, Jóns Árnasonar og Jónasar Rafnars, svo að það hefði mátt ætla, að stjórnin vildi nú hlýða á, þótt ekki væri nema fyrstu óskina á bænaskrá þeirra. Og nú hafa menn það svart á hvítu í nýju frv. til fjárlaga, hvernig greiðslur hafa verið áætlaðar til utanríkisþjónustunnar. Sendiráðunum fækkar ekkert, en kostnaður við þau hækkar úr rúmum 17 millj. kr. í síðasta frv. í 21 millj. nú, eða um svo sem 20%. Ekki þætti mér ólíklegt, að stjórnin hefði tilhneigingu til þess að afsaka svo háðulega meðferð á tillögu eða frómri bæn eins skjólstæðinga sinna með því að segja sem svo, að þegar gengi er fellt á Íslandi, hljóti auðvitað erlendur kostnaður að vaxa. En þar er því til að svara, að gengisfellingin er eingöngu verk þeirrar sömu ríkisstj., sem beðin var að draga úr erlenda kostnaðinum, og henni því engin afsökun. En þar að auki er þessi hækkun miklu meiri en sem nemur gengisfellingunni, enda er þess sérstaklega getið í athugasemdum við fjárlagafrv., að víða hækki laun og kostnaður í sendiráðunum umfram gengisfellingu og almenna launabreytingu ríkisstarfsmanna. T. d. á sendiherrann í London að fá hækkaða sérstaka staðaruppbót á laun sín, og í tveim sendiráðum á Norðurlöndum, máske þeim, sem nm. vildu leggja niður, á þetta að ske: Allt sendiráðsstarfsliðið í Kaupmannahöfn fær 5% aukakauphækkun vegna dýrtíðar þar í landi, og í sendiráðinu í Osló á að greiða 6% dýrtíðaruppbót umfram almennu launahækkunina vegna hækkaðs verðlags í Noregi. Þannig eiga sendiherrar og sendiráðsstarfsmenn einir allra ríkisstarfsmanna að fá dýrtíðarvísitölu á laun sín með einföldum úrskurði þeirrar sömu ríkisstjórnar, sem lögfesti bann við því, að dýrtíðaruppbót mætti greiða á kaup, og stjórnin seilist til að gera þetta helzt þar, sem þingmenn hennar telja ekki þörf neinna sendiráða. Þar að auki er vöxtur dýrtíðarinnar í umræddum löndum ekkert svipaður og hér heima. Á sínum tíma verður nokkur fróðleikur að sjá, hvernig þeir stuðningsmenn stjórnarinnar, sem gerðu sparnað í utanríkisþjónustunni að fyrsta boðorði sínu á skránni löngu, bregðast við þessu atriði fjárlagafrv. Uni þeir því vel, er a. m. k. óþarfi fyrir þá að endurtaka hinar bænirnar sínar um, að dregið verði úr opinberum veizluhöldum, takmörkuð verði tala sendimanna á alþjóðaráðstefnur o. s. frv., o. s. frv., o. s. frv., því að þá má öllum ljóst vera, að enginn hugur fylgir máli, þótt þeir biðji langra bæna.

Það er deginum ljósara, að hæstv. fjmrh. hefur lagt allt sitt sparnaðarplan á hilluna og hann blæs á allar tillögur sinna manna, er í þá átt fara, svo að ekki sé nú minnzt á afstöðu hans til tillagna andstæðinga sinna. Hjá honum virðist gilda sú regla, að sparnaður sé til þess að tala um hann, bruðl til að framkvæma.

Svo sem áður var á drepið, hafði eyðslusemin í fjármálastjórn ríkisins dregið til þess á miðju ári og áður en nokkurrar launabreytingar gætti hjá ríkinu, að greiðsluhalli hafði myndazt og ríkissjóður lifði frá degi til dags á náðarbrauði Seðlabankans og var orðinn þar vafinn skuldum, eins og fjmrh. hæstv. reyndar viðurkenndi í ræðu sinni hér áðan. Það mun hæstv. fjmrh. hafa þótt fremur dauflegar framtíðarhorfur að eiga þannig að vera þurfalingur Vilhjálms Þórs, svo sem hver annar hreppsómagi á sinni sveit, ómegnugur alls af eigin rammleik í bráð og lengd. Þá var bágt til bjargar fyrir blessaða rjúpuna hvítu. Ráðh. mun hafa fundizt, að þá mundi bjargast af rekstur ríkisins, ef hægt væri að innheimta alla aðflutningstolla og söluskatta af svo sem 13% hærra innflutningsverði en áður. Gengið var umsvifalaust fellt, og í leiðinni var valdið yfir gengisskráningunni afhent Seðlabankanum, svo sem eins og til þess að tryggja það, að ekki þyrfti fjmrh. að vera framar venjulegur bónbjargamaður bankans, heldur hefði fyrir fram lagt nokkuð á borð með sér og gæti því fremur talizt próventukarl hjá Vilhjálmi en réttleysingi, ef allt um þryti.

Svo var farið að telja út til nýrra fjárlaga, og hér er árangurinn kominn. Tekjur ríkissjóðs

aukast auðvitað stórlega, og nýi útflutningsskatturinn léttir eitthvað á ríkissjóði. Allar verklegar framkvæmdir eru stórlega dregnar saman, þar eð yfirleitt er ætlaður til þeirra óbreyttur krónufjöldi frá því, sem áður var, en þeim mun minna vinnst auðvitað fyrir óbreytta upphæð sem krónan smækkar, en í þá átt hefur stefnt óslitið alla tíð núv. stjórnar. Og fjmrh. hæstv. sýnir fram á það, að sífellt fækki vinnustöðum, t. d. í vegagerð, og telur sér til dyggða. En það er hans misskilningur, að meira sé unnið á hverjum vinnustað en áður var.

Svo kom að því, að mæla skyldi, hvort tekjur og gjöld gætu staðizt á. En þá uppgötvar hæstv. fjmrh. það, að enn er allt sigið á svartabólakaf, og þrátt fyrir óumdeilanlegan dugnað hans í *gengisfellingum hefur hann þar þó ekki við* eyðslusemi sinni nú fremur en áður. En það stóð aldrei til að láta það koma fram á opinberu skjali, að engin úrræði fyndust þrátt fyrir nýframkvæmda gengisfellingu og álögu útflutningsskattsins, sem henni var samfara, til þess að koma saman hallalausum fjárlögum. Þess vegna er í ofanálag við allt annað sprett burt yfir 60 millj. kr. úr útgjaldabálkum frv., enda þótt þar sé um að ræða óhjákvæmileg og sumpart lögbundin útgjöld. Ekki er því heldur neins staðar haldið fram, að komizt verði hjá að greiða þetta fé, heldur er þess getið í skýringum við frv., að lán verði væntanlega tekið fyrir 33 millj. kr. kostnaði við undirbúningsrannsóknir rafvirkjana og jarðborana, og allt framlagið til atvinnuleysistrygginganna, 28 millj., á að greiða með skuldabréfum.

En þótt þarna sé ráðgert að safna yfir 60 millj. kr. skuld til að nota í venjuleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs, er því eftir sem áður haldið fram, að fjárlagafrv. sé hallalaust. Segja má, að stjórninni sé ekki of gott að flytja mál sitt með svo fjarstæðukenndum hætti. En sá einstaklingur, sem sýndi svona umgengni við almenn hugtök, yrði auðvitað færður til læknis og það rannsakað, hvort hann hefði ekki fengið þungt högg á höfuðið.

Um framlagið til atvinnuleysistrygginganna er það að segja sérstaklega, að auk þess sem það er ákveðið í lögum, þá er það samningsatriði stjórnarvaldanna og verkalýðshreyfingarinnar, gert til lausnar vinnudeilunni miklu 1955. Brotthlaup frá því samkomulagi er auðvitað síður en svo til þess fallið að efla vinnufrið í landinu. En það virðist raunar sérstakt keppikefli stjórnarinnar að þverbrjóta sem flesta samninga við verkalýðshreyfinguna og kippa þar með öllum stoðum undan því, að vinnufriður sé hugsanlegur. Málum atvinnuleysistryggingasjóðs er annars svo háttað, að frá þeim sjóði hafa verið veitt lán til ýmissa þjóðþrifaframkvæmda að undanförnu, þegar allt hefur þrotið um önnur lán, og lánaupphæð hans á síðasta ári nam svipaðri fjárhæð og ríkisframlagið á að vera. Hafnarframkvæmdir víða um land hafa byggzt að verulegu leyti á slíkum lánum, og hinar nýju síldarverksmiðjur væru ekki það, sem þær nú eru, ef aðstoð atvinnuleysistrygginganna hefði ekki komið til, svo að mörg síldin, sem nú er þjóðinni gjaldeyrisgjafi, synti enn í sjó og kæmi hvergi við sögu í þjóðarbúskap okkar, ef sá háttur, sem ríkisstjórnin nú áformar, hefði verið upp tekinn. Nú ætlar ríkið sér einu öll lán sjóðsins á næsta ári. Með lánastarfseminni hefur sjóðurinn einnig stutt svo við bakið á atvinnulífinu, að lítið atvinnuleysi hefur kallað á bætur sjóðsins, og víst má telja, að honum aukist bótaskylda, þegar lánsmöguleiki hans er þorrinn.

En hallarekstrarsaga ríkissjóðs er ekki öll á enda, þótt taldar hafi verið þær milljónir, sem meðgengið er í frv. að tekið verði lán til greiðslu á. Framlagið til niðurgreiðslu vöruverðs og útflutningsuppbóta er lækkað um 14 millj. kr., án þess að nokkur rök séu leidd að því, að skyldur ríkissjóðs í þessum efnum gefi tilefni til þessarar lækkunar, aðeins sagt, að *greiðslur þessar séu í endurskoðun.* Óbreytt upphæð er ætluð til greiðslu ríkisábyrgðalána og það mál ekki á neinn hátt skýrt í frv. En á yfirstandandi ári eru í þessar þarfir ætlaðar 38 millj. kr., og hefur það svo illa hrokkið til, að á miðju ári voru á ríkissjóð fallnar um 50 millj. kr. af slíkum greiðslum. Í brbl. um ráðstafanir í sambandi við gengisfellinguna segir hins vegar um fé, sem ríkissjóður ætlar að ná til sín í gegnum hana: „Að öðru leyti skal fé þetta notað til þess að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.“ Svo linlega er það rökstutt, að ekki þurfi á næsta ári að ætla hærri upphæð til ábyrgðargreiðslnanna á fjárlögum. Og reynsla þessa árs, það er enginn skóli talinn.

Það er því greinilegt, að á þeim liðum, sem hér hefur verið minnzt á, vantar meira en 100 millj. upp á, að gjöld séu eðlilega áætluð í frv. En það er ekki tilgangurinn með þessu fjárlagafrv. að leggja fram raunhæfa áætlun um tekjur ríkissjóðs og gjöld, heldur hitt, að sýna plagg, sem fjallar að vísu um þessi mál, en að því leyti sem borginmennska stjórnarvaldanna heldur ekki hlut sínum fyrir eðlilegri reikningsfærslu, þá skal hið síðar talda víkja, því að það er stjórninni fyrir öllu að látast vera góð og merkileg stjórn, alveg án tillits til þess, hvað hún raunverulega er.

Þegar ráðherrar gerast hnarreistir og hátíðlegir, róma stjórnvizku sína og telja sig duga andi lækna í fjármálakerfinu, er kunni ráð við hverju meini, stingur það alveg í stúf við álit hinna óbreyttu stuðningsmanna þeirra á viðreisnaraðgerðunum, enda er nú margur upphaflegur liðsmaður stjórnarinnar orðinn að fyrrverandi liðsmanni, sem segir farir sínar ekki sléttar fremur en afturbatasjúklingurinn, sem verið hafði á geðveikraspítala og strauk þaðan loksins heim til sín. Þegar hann kom heim, var hann spurður, hvernig honum hafi líkað vistin og hvað hann hefði haft fyrir stafni. Hann kvað vistina hafa verið leiðinlega og vinnubrögðin fráleit. „Við vorum,“ sagði hann, „stöðugt látnir bera sama sandinn upp stiga og hella honum þar í rennu, sem flutti hann niður á sama staðinn aftur, alltaf sömu bjánalætin alla daga.“ „Já, en ætli þetta geti nú ekki verið að einhverju gagni samt?“ var hann þá spurður. „Eða hafa ekki einhverjir trú á þessu?“ „Nei,“ svaraði hann gramur, „það sjá allir, að þetta er eintóm vitleysa, nema bara

læknirinn. Það hefur enginn trú á þessu nema hann Þórður.“ — Um viðreisnina má segja alveg sömu sögu. Það hefur enginn trú á henni nema ráðherrarnir. Og þó er mér nær að halda, að þeirra viðreisnartrú sé í raun réttri sýnu minni en trú Þórðar á sandburðinn, enda áforma þeir nú að hlaupast undan því að halda uppi efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar með því að undirbúa inngöngu Íslands í svonefnt markaðsbandalag Evrópu, sem jafngildir afhendingu íslenzku atvinnuveganna í hendur auðhringa voldugustu þátttökuríkjanna, væntanlega Breta og Frakka, en einkum þó Þjóðverja, sem greinilega yrðu herraþjóðin í slíkri samsteypu og næðu þannig upp á billegan hátt því marki, sem Hitler sálugi tapaði heimsstyrjöld á að reyna sig við. En þreyttir menn og bugaðir, sem geta ekki stjórnað Íslandi á annan hátt en að kreppa stöðugt að lífskjörum þjóðarinnar, meðan flestar aðrar þjóðir þróast fram á við, — menn, sem ekki einu sinni koma saman forsvaranlegu fjárlagafrv. og ekki koma auga á neitt nema uppgjöf og ósjálfstæði á komandi tímum, ættu að segja af sér og leyfa þjóðinni að velja sér nýja forustu. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég hef ekki átt sæti á Alþingi lengi, en fylgzt með stjórnmálum á Íslandi í býsna mörg ár, en ég upplifði nú í byrjun þessa þings í fyrsta skipti að heyra alþm. líkja íslenzku þjóðinni við geðveikrasjúklinga. Það var sem sagt fyrsti boðskapur kommúnista til þjóðarinnar á þessu þingi, og skal ég ekki hafa fleiri orð þar um, en bið hlustendur að dæma sjálfan málflutninginn að öðru leyti.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir Alþ. frv. til fjárlaga fyrir árið 1962 og gert þingi og þjóð grein fyrir einstökum atriðum þess. Þetta frv. er í stórum dráttum þess efnis, að ríkisstj. telur nauðsynlegt, að þjóðin leggi fram um 1700 millj. kr. til að greiða fyrir þær stofnanir og þá þjónustu, sem hið sjálfstæða lýðveldi okkar þarf að halda uppi.

Frv. er 134 blaðsíður að stærð og á hverri síðu nokkur hundruð tölur um krónur og aura. Til að ruglast ekki algerlega á þessu mikla talnaflóði langar mig til að gera örlitla tilraun. Við skulum færa fjárlögin niður í eina krónu. Það gæti verið einhver króna, sem ég eða þú, góður hlustandi, höfum greitt í skatt til ríkisins. Hvað verður um þessa krónu, eftir að hæstv. fjmrh. tekur við henni?

Stærsta upphæðin á útgjöldum ríkisins rennur til félagsmála, þ. e. að langmestu leyti til almannatrygginganna. Þangað fara hvorki meira né minna en 24 aurar af krónunni okkar. Við þetta má gjarnan bæta heilbrigðismálum, sem fá tæplega 4 aura, svo að þarna eru 28 aurar, sem ríkið skilar svo til beint aftur til borgaranna. Þetta er viðleitni ríkisins til að jafna tekjur landsmanna, taka af þeim, sem eru aflögufærir, og greiða til hinna, sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Ef þér finnst, hlustandi góður, að þú hafir ekki fengið mikið af þessum 28 aurum af hverri krónu ríkisins, er það öruggt merki um gæfu og velgengni þína. Það þýðir, að þú ert hvorki gamalmenni né örkumla, það þýðir, að þú ert ekki ekkja eða munaðarleysingi, þú hefur verið heilsuhraustur og ekki þurft að liggja á sjúkrahúsi, þú hefur ekki fyrir þungri fjölskyldu að sjá, en það er einmitt þetta fólk og fjölmargt annað, sem fyrst og fremst nýtur trygginganna og sjúkrakerfisins.

Næsti liður fjárl. og sá næststærsti eru niðurgreiðslur á ýmsum vörutegundum, sem fá 17 aura af krónunni okkar. Ef þessar niðurgreiðslur væru ekki, mundu ýmsar af brýnustu nauðsynjum heimilanna hækka mjög í verði til viðbótar við allar aðrar hækkanir. Þessum 17 aurum er einnig skilað beint aftur til þjóðarinnar, og munar þá mest um niðurgreiðslurnar, sem minnst hafa fjárráðin. Niðurgreiðslur hjálpa fyrst og fremst efnaminnstu heimilunum.

Þriðji stærsti liður fjárl. er kennslumál. Þau fá 13 aura af krónunni. Það hefur verið og er stolt Íslendinga að hafa gott skólakerfi, sem veitir hverjum vaxandi borgara þá fræðslu, sem hann þarf og vill. Alltaf erum við að eignast börn, og alltaf eru börnin að stækka og komast á skólaaldur, og þannig fjölgar stöðugt skólum og kennurum. Á þessu ári einu var óhjákvæmilegt að fjölga barnaskólakennurum um 53 og gagnfræðaskólakennurum um 36.

Næst skulum við nefna samgöngur, af því að við erum fámenn þjóð í stóru og strjálbýlu landi, sem þó vill ekki, að neinn búi í einangrun. Til vega, vita, hafna, brúa, flugmála og slíkra atriða fara 10 aurar af skattkrónunni okkar.

Þá nefni ég loks bein framlög til atvinnuveganna, en þar eru ræktun og nýbýli, fiskmat og hlutatryggingar sjómanna, iðnlánasjóður, raforkumál, rannsóknir og fleira slíkt, en til þeirra fara 9 aurar af hverri krónu.

Nú er svo komið, að við höfum talið upp stærstu liði fjárl. Af hverri krónu, sem ríkið fær, renna 28 aurar til félags- og heilbrigðismála, 17 aurar í niðurgreiðslur, 13 aurar í kennslumál, 10 aurar í samgöngur og 9 aurar í atvinnuvegina. Þarna eru farnir 77 aurar af hverri krónu, sem ríkið tekur til sín.

Ég veit, að til eru afturhaldsseggir í landinu, sem vilja skera niður tryggingarnar og breikka bilið verulega milli fátækra og ríkra. Ef slíkir menn eiga sæti á Alþ., vona ég, að þeir standi upp, áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur, og lofi þjóðinni að sjá, hverjir þeir eru.

Það er hægt að spara ríkinu fé með því að afnema niðurgreiðslur, en þá yrðu neytendur í landinu að greiða sömu upphæðir til viðbótar fyrir nauðsynjavörur, og það mundi bitna harðast á þeim, sem minnst hafa fjárráðin.

Einhverjir hafa látið í ljós þá skoðun, að rétt væri að skera niður skólakerfið og lækka skatta um svo sem 100 millj. Það væri óviturlegt ráð, því að menntun æskunnar er bezta og skynsamlegasta fjárfesting, sem þjóðin leyfir sér. Nútímaþjóðfélag krefst stöðugt meiri þekkingar, og rétt er að minnast þess, að ekki gera menn hjartaskurði eða byggja rafstöðvar eða stýra flugvélum af brjóstvitinu einu saman.

Varla eru þeir margir, sem vilja skera niður

framlag til vega og hafna eða til atvinnuveganna. Og fer þá að verða ljóst, að meira en ¾ hlutar fjárl. renna ýmist beint til fólksins aftur eða til liða, sem verða ekki á gerðar stórfelldar breytingar án þess að snúa þjóðarskútunni við og stefna til afturhalds og ómenningar.

Þessi mynd af ríkisbúinu okkar og starfsemi þess verður enn þá skýrari, ef við athugum opinbera starfsmenn, en mikill hluti af öllum rekstrarkostnaði er óhjákvæmilega mannalaun. Með fjárlagafrv. fylgir starfsmannaskrá ríkisins, og eru þar taldir allir þeir menn og þær konur, sem taka laun samkv. launalögum á þeim greinum, sem fjárlög ná yfir. Nú halda menn e. t. v., að skrifstofumenn hljóti að vera þar í miklum meiri hluta, því að ýmsir trúa, að opinber starfsmaður hljóti að sitja á skrifstofu og hafa það náðugt. En svo er alls ekki. Langstærsti hópur starfsmanna á þessu fjárlagafrv. eru kennarar. Þeir eru um 1600 talsins. Næststærsti hópurinn er starfslið sjúkrahúsanna, sem telst vera hjá ríkinu um 730 manns auk annarra sjúkrahúsa. Landsspítalinn einn hefur yfir 300 manna starfslið með fæðingardeildinni, og við stækkun á barnadeild á næsta ári verður að bæta við 28 manns. Kleppsspítali hefur 119 manna starfslið og samt eru sjúkrarúm sízt of mörg. Þriðji stærsti hópur opinberra starfsmanna samkv. þessari skrá kann að koma einhverjum á óvart. Það eru starfsmenn við póst og síma, sem teljast samtals um 700, enda borgar þjóðin nú árlega fyrir póst- og símaþjónustu alla yfir 200 millj. kr. Skyldi ekki einhver tala óþarflega mikið í síma í þessu landi? A. m. k. er svo, ef borið er saman við símanotkun í öðrum löndum.

Svona mætti lengi telja. Dómarar, ríkislögregla og allt það starfslið er um 300 manns, flugvallarstarfslið og veðurþjónusta um 150, en hið eiginlega íslenzka ríki, ráðuneytin og þær skrifstofur, sem þeim fylgja, hafa aðeins um 150 manna starfslið.

Þessar einföldu tölur um skiptingu á skattkrónunni og fjölda opinberra starfsmanna á fjárlagafrv. gefa til kynna, að það sé engan veginn eins auðvelt og ætla mætti við fyrstu sýn að skera niður ríkisútgjöldin og gera skatta léttari á Íslendingum en öðrum þjóðum. Samt sem áður er margt ótalið og víða hægt að spara verulegar upphæðir, ef það er reynt af alvöru og festu.

Núv. ríkisstj. hefur lofað þjóðinni að spara í opinberum rekstri, og hún hefur sýnt mikla viðleitni til að standa við það loforð, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. Þjóðin hefur kvartað undan miklum kostnaði við utanríkisþjónustu, en einmitt á því sviði hefur orðið mikill sparnaður. Fækkað hefur verið um tvo menn í Reykjavík, einn í London, einn í Kaupmannahöfn og annað sendiráðið í París hefur verið lagt niður. Þá er í alvarlegri athugun hjá utanrrh. sá möguleiki að sameina sendiráðin á Norðurlöndum, sem þó er engan veginn einfalt mál. Hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, gerði sérstaka árás á þessi sendiráð okkar á Norðurlöndum. Það mátti jafnvel skilja svo, að dýrtíðin í Noregi og Danmörku væri ríkisstj. á Íslandi að kenna. En ekki finnst mér samræmi í því, að Karl og flokkur hans berjast fyrir, að ríkisstarfsmenn á Íslandi fái kauphækkun í samræmi við aukna dýrtíð, eins og þeir eru búnir að fá, en þegar starfsmenn íslenzka ríkisins í Danmörku og Noregi eiga að fá kauphækkun í samræmi við dýrtíð þar, kalla kommúnistar það bruðl. Það er ekki sama, hver í hlut á, þegar þeir eru að berjast.

Á Keflavíkurflugvelli hefur starfslið verið dregið saman um 8 manns og í lögreglunni þar um 2 menn, svo að dæmi séu nefnd, og nemur sá sparnaður á aðra millj. kr. Innflutningsskrifstofan við Skólavörðustíg var lögð niður í heilu lagi og áfengis- og tóbakseinkasölur sameinaðar, fækkað í dómsmrn., og fleira mætti upp telja, eins og þegar hefur verið gert.

Á þennan hátt verður að halda áfram að grisja skóginn og koma við öllum þeim sparnaði, sem framast er unnt, án þess að nauðsynleg þjónusta sé skert eða störf vanrækt. En því miður verður að viðurkenna, að þróunin hefur ekki öll verið í þessa átt. Á ýmsum stöðum hefur verið fjölgað starfsliði og tilkostnaður aukinn, þótt ekki sé alltaf hægt að ráða við það. Sem dæmi má nefna eitt nýtt embætti, saksóknara ríkisins, sem stofnað var með lögum s. l. vor. Ég hygg, að alþm. hafi ekki grunað, að eftir sex mánuði yrði beðið um 1.2 millj. kr. fyrir 8 manna starfslið í þessu embætti, en áður voru störf þess unnin af dómsmrn. Þetta dæmi sýnir, hvernig fara vill, jafnvel þótt ágætustu menn eigi í hlut, en einmitt slíkan Parkinsonsvöxt verður að forðast eins og framast er unnt.

Í sambandi við sparnað ríkisins talar almenningur mikið um ríkulega risnu og mikinn ferðakostnað, og er nokkuð til í hvoru tveggja. Það er nauðsynlegt fyrir smáþjóð eins og Íslendinga að gæta fyllsta hófs í slíkum efnum, og vafalaust er rík þörf fyrir strangt eftirlit ríkisstj. á þessu sviði. Það eftirlit verður bæði að ná til ráðuneytanna sjálfra og ekki sízt til hinna ýmsu ríkisstofnana, sem hvorki spyrja kóng né prest í þessum efnum. Mér er kunnugt um, að fjmrh. hefur rætt við samráðherra sína um slíkt eftirlit, og gerði það raunar að umtalsefni í kvöld, og virðist sjálfsagt, að það verði sett á laggirnar, svo að almenningur þurfi ekki ávallt að vera tortrygginn í þessum efnum.

Rómverjar hinir fornu komust að þeirri niðurstöðu, að þeir þyrftu að tryggja alþýðunni brauð og leiki til að hafa hana ánægða. Hin síðari ár virðast Íslendingar hafa lagt öllu meiri áherzlu á leikina, og hefur ekki aðeins ríkið í mörgum tilfellum, heldur og bæjarfélög og ýmsir aðrir aðilar gerzt æ stórtækari í þeim efnum, hvaða flokkar eða menn sem í hlut hafa átt hverju sinni. Mundi það ekki verða hollt fyrir þjóðina að reyna nú að draga verulega úr alls konar tildri og hátíðarstússi, sem allt kostar mikla peninga, hvað sem hver segir? Kostnaðurinn við slíkt er mikið atriði, en hitt er enn verra, að eftir höfðinu dansa limirnir og þjóðlífið allt vill mótast í vaxandi mæli af lúxus og leikjum. Þegar höfðingjarnir og stórfyrirtækin þurfa að hafa bíl, bílstjóra og laxveiðiá, fara smáfyrirtækin að kaupa bíla fyrir forstjórana og jafnvel hafa bílstjóra. Þegar kostnaður fyrir-

tækjanna fer vaxandi og þau berjast í bökkum, aka menn á sínum Mercedes á fund til að heimta þetta og heimta hitt, hærri laun, hærri álagningu eða hvað sem til þarf hverju sinni. Meðan slíkt gerist um allar jarðir í landinu, er erfitt að amast við hinum lægst launuðu, er þeir gera kröfur, og árangurinn verður óánægja, kröfupólitík og stöðugir efnahagslegir erfiðleikar. Þannig leiðir eitt af öðru. Hér er um að ræða þróun, sem nær yfir mörg ár, og verður sjálfsagt engum einum flokki, einum manni eða einni stjórn um það kennt, heldur er þetta tímanna tákn.

Ef þjóðin vildi breyta til í þessum efnum og hugsa í framtíðinni minna um leiki og meira um brauð, gæti t. d. verið ágæt byrjun að afnema fálkaorðuna með öllum þeim hégóma, sem henni fylgir, en vera framvegis orðulaus þjóð, sem lætur sér nægja, að „orðstír deyr aldrigi, hveim sér góðan getur". Síðan mætti draga úr risnu og öðrum slíkum kostnaði hjá háum jafnt sem lágum, ríki, bæjum og fyrirtækjum, en halda þó fullum sóma innanlands og utan. Loks mætti minnka allt hátíðastand, án þess að forfeðrum okkar, frumherjum og brautryðjendum væri nokkur vansæmd gerð.

Allt þetta þyrfti að verða aðdragandi þess, að við reyndum að lækna tvö af ljótustu sárum á þjóðarlíkama okkar, en þau tel ég vera skattsvik og vörusmygl. Þessar tvær meinsemdir eru svo alvarlegar og útbreiddar í þjóðfélagi okkar, að við líkjumst þar ekki siðmenntuðum nágrannaþjóðum okkar, heldur hálfmenntuðum og frumstæðum þjóðflokkum. Ríkisheildin byggir afkomu sína á sköttum og tollum, en svik borgaranna á því sviði kosta ríkissjóðinn að mínu áliti a. m. k. 300—500 millj. kr. á hverju ári.

Fyrr á árum var það skoðun jafnaðarmanna á skattamálum, að fyrst og fremst bæri að skattleggja tekjur manna, og skyldi vera stighækkandi skatturinn, eftir því sem tekjurnar væru meiri. Þannig mundi fást sú réttláta skipting, að breiðu bökin bæru þunga skattbyrðanna, en fátækir og félitlir greiddu lítið sem ekkert. Þessi hugmynd er á pappírnum sú réttlátasta, sem enn hefur verið upp fundin. Hins vegar hefur framkvæmd hennar verið með allt öðru móti hér á landi, og hefur farið minna og minna fyrir réttlætinu, eftir því sem árin liðu. Atvinnuhættir hafa þróazt á þann veg, að ógerningur er að fylgjast með tekjum af neinni nákvæmni. Þegar þjóðin gerðist bjargálna og menn færðust eðlilega í hærri og hærri skattstiga eftir vaxandi efnum, tók að bera meira og meira á skattsvikum. Hin síðustu ár hefur verið svo komið, að tekjuskattur og útsvör, sem eru á pappírnum hinir réttlátustu allra skatta, hafa í framkvæmdinni hjá okkur Íslendingum skapað mesta þjóðfélagsóréttlæti, sem hér er til.

Þarf að nefna nokkur dæmi þessu til sönnunar? Þekkir ekki hvert mannsbarn burgeisana, sem búa í fínum villum og hafa stóran stromp, en greiða litla eða enga skatta? Eru ekki allt umhverfis okkur dæmin um menn, sem vinna hlið við hlið, en annar greiðir 5, 10 eða 15 þús. kr. meira í skatta en hinn? Það getur enginn efazt um, hversu útbreitt þetta vandamál hefur verið og hversu hróplegt óréttlæti skattamálanna hefur verið undanfarin ár. Og hið sárasta við skattsvikin er einmitt sú staðreynd, að þeir, sem nauðugir eða viljugir telja fram allar tekjur sínar, verða að greiða gjöldin fyrir skattsvikarana, af því að ríkið verður að fá sitt, hvað sem á dynur.

Af öllu þessu var jafnaðarmönnum ljóst, að tekjuskattskerfið gengur alls ekki í þjóðfélagi okkar Íslendinga, þótt það gangi vel annars staðar. Það mundi þurfa mörg þúsund manna skattlögreglu til að grafast fyrir sannleikann og koma skattframtölum í heilbrigt horf. Þess vegna er rétt að leita eftir öðrum leiðum til að tryggja ríkinu nauðsynlegar tekjur og reyna að skipta þeim réttlátlega á borgarana, þannig að þeir beri, sem borið geta. Þetta eru staðreyndirnar að baki þeirri stefnubreytingu í skattamálum, sem Alþfl. hefur tekið á síðustu árum. Við teljum, að tekjuskatturinn hafi ekki staðizt prófið, og við viljum finna aðrar leiðir. Þar verða fyrst og fremst söluskattar fyrir valinu, og þetta er ástæðan til þess, að Alþfl. hefur tekið þátt í þeirri breytingu skattkerfisins, sem núv. stjórn hefur gengizt fyrir.

Ekki svo að skilja, að við teljum núverandi skattakerfi vera fullkomið eða til langrar frambúðar. Söluskattarnir leggjast engan veginn eins rétt á landsfólkið og þeir ættu að gera, og þarf á næstu árum að kanna það mál ofan í kjölinn með vaxandi reynslu og gera þar nauðsynlegar breytingar. Sennilega verður að hafa fastan, lágan söluskatt á flestum eða öllum vörum, en síðan aðra söluskatta, sem leggjast með vaxandi þunga á vörur og þjónustu eftir því, hve nauðsynlegar þær teljast hverju alþýðuheimili. Þannig á að leggja skattinn á þá, sem hafa peninga til að veita sér eitt og annað í þjóðfélaginu, en hafa lítið sem ekkert á nauðþurftum heimilanna.

Nú hefur verið haldið fram, að misbrestur sé á innheimtu söluskatts ekki síður en tekjuskatts. Að vísu eru þeir, sem innheimta söluskatt fyrir ríkið, þ. e. alls konar fyrirtæki, miklum mun færri en hinir, sem áður greiddu tekjuskatt, og er því auðveldara að fylgjast með þeim. Það hefur líka verið gert, og hæstv. fjmrh. hefur gert út leiðangur til að rannsaka bókhald fyrirtækja og skil þeirra á söluskatti. Ekki hefur verið upplýst um árangur þeirra rannsókna, en vonandi verður frá málinu skýrt opinberlega og hert mjög á þessu eftiliti. Að láta fyrirtæki innheimta söluskatt af viðskiptavinum sínum, en skila honum ekki til ríkissjóðs, er að sjálfsögðu beinn þjófnaður. Það er bezt fyrir alla aðila, að löggæzla á þessu sviði sé svo ströng, að engin tortryggni komist þar að.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir, hve miklu af tekjum er skotið undan skatti hér á landi. Þó er hægt að bera saman þjóðartekjurnar, eins og þær koma fram í skattframtölum, og þjóðartekjur, eins og þær eru reiknaðar út eftir framleiðslunni. Kemur í ljós, þegar þetta tvennt er borið saman, að það vantar yfir 1800 millj., til þess að allar tekjur fyrirtækja og einstaklinga komi til skila við skattaframtöl. Nú eru þetta að sjálfsögðu ekki allt skattsviknar tekj-

ur. Þarna eru hin mörgu fyrirtæki ríkis og bæjarfélaga, þ. á m. bankarnir, sem eru skattfrjáls með öllu. Samt sem áður hljóta að vera í þessum mikla mun, 1800 millj., skattsvik svo gífurleg, að þess munu vera fá dæmi annars staðar. En þótt reynt sé að breyta skattakerfinu á þá lund, að ekki gefist tækifæri til undanbragða, verður meinsemdin aldrei læknuð að fullu á þann hátt. Hér verður að koma til hugarfarsbreyting, þannig að menn telji það sjálfsagða skyldu að greiða sín gjöld, eins og gerist í nágrannalöndum okkar.

Vörusmygl er annað vandamál, sem mjög snertir fjárlög íslenzka ríkisins, þar sem ríkissjóður tapar fé í hvert sinn, sem vöru er smyglað inn í landið, og verður að leggja þá greiðslu á herðar annarra. Að vísu verðum við sem siglingaþjóð að telja það eðlilegt, að sjómenn, flugmenn og ferðalangar geti komið með eitthvað af vörum til einkanota heim, án þess að greiða af þeim tolla. En hér hefur verið um annað og meira að ræða. Skýrslur benda t. d. eindregið til þess, að árlega sé smyglað til landsins ekki minna en 30 smálestum af nælonsokkum, og getur hvert mannsbarn séð, að svo mikið magn er varla flutt inn í vösum og töskum einstaklinga. Hér hljóta heilar vörusendingar einhvern veginn að komast inn í landið án tollafgreiðslu, eins og glöggir menn geta séð með því að skoða varning verzlana. Nýlega var skýrt opinberlega frá máli, þar sem reynt hafði verið að koma heilum vörusendingum fram hjá tollafgreiðslu, og virðist vera brýn ástæða til að gefa þeirri hlið smyglmálanna vandlega gaum. Að sjálfsögðu verður ríkið að berjast gegn smyglinu á margan hátt, bæði með tollapólitík og auknu eftirliti með innflutningi, og hefur hæstv. fjmrh. látið í ljós, að unnið sé að ýmsum breytingum, m. a. á tollskrá, með þetta og annað fyrir augum. Það er bókstaflega grundvallaratriði undir meginhluta af tekjuöflun ríkisins, að stórfellt smygl sé ekki stundað af skipulögðum hringum, eins og allar líkur benda til að gert hafi verið hingað til hér á landi.

Þau fjárlög, sem nú eru til umr., verða að skoðast í ljósi þeirrar þróunar, sem verið hefur í efnahagsmálum, enda hlýtur fjárhagur ríkisins að standa í nánu sambandi við þau mál. Fyrir rösklega 5 árum kom vinstri stjórnin svonefnda til valda í landinu. Þá var verið að reyna nýja stjórnarsamsteypu, og gerðu margir sér ýmsar vonir um þá stjórn. Hún hafði að vísu óljósa stefnu í mörgum málum, ekki sízt í efnahagsmálunum, þar sem hún ætlaði sér að fara nýjar leiðir til varanlegrar lausnar efnahagsvandræðanna. Reynslan átti eftir að sýna, að forustumenn vinstri flokkanna báru ekki gæfu til að koma sér saman um nein úrræði í efnahagsmálum. Hið eina nýja voru brbl. Hannibals Valdimarssonar um að lögfesta kaupgjald og verðlag, sem kommúnistar sögðu þá að væri beinlínis til að bæta kjör verkalýðsins. Eftir það sökk vinstri stjórnin lengra og lengra í fen uppbótakerfis og lækkaði gengið ár eftir ár, en faldi það á bak við nöfn eins og yfirfærslugjöld. Árangurinn varð vaxandi hallarekstur gagnvart öðrum löndum og vaxandi verðbólga innanlands, unz stjórnin féll.

Emil Jónsson tók við stjórnartaumunum á jólaföstu 1958 með minnihlutastjórn jafnaðarmanna. Sú stjórn greip til rösklegrar niðurfærslu innanlands, færði niður bæði kaupgjald og verðlag, svo að almenningur undi vel sínum hag. Þar með var þjóðinni forðað frá óðaverðbólgu innanlands. En stjórn Emils tókst ekki að leysa vandann út á við. Uppbótakerfið var enn við lýði, og hallarekstur hélt áfram gagnvart útlöndum. Þess vegna voru úrræði þeirrar ríkisstj. ekki nægileg til frambúðar. Þeim var ætlað að halda skútunni á floti, unz nýtt Alþing kæmi saman, og það tókst, en meira ekki.

Núv. stjórn tók við fyrir tveimur árum. Eftir nokkurra mánaða undirbúning lagði hún fram viðreisnaráætlun sína. Þetta voru stórtækustu breytingar á efnahagskerfi þjóðarinnar, sem nokkru sinni höfðu verið reyndar, og átti nú að koma efnahagsmálunum í sama horf og hjá grannþjóðum okkar. Viðreisnin hefur á veigamiklum sviðum náð tilgangi sínum. Hún hefur gerbreytt verzlun okkar við útlönd, gjaldeyrisstöðunni, útlánastefnu bankanna og fleiri höfuðatriðum, með þeim árangri, að íslenzka þjóðarbúið hefur ekki verið rekið með halla síðan viðreisnin hófst. Það eitt er veigamikill árangur. Hins vegar hafa áform ríkisstj. um að fá atvinnurekendur og verkalýðsfélög til að semja ekki um meiri kauphækkanir en fyrirtækin geta greitt, án þess að fá það bætt upp annars staðar, ekki tekizt. Ef ekki hefði verið gripið til síðari gengislækkunarinnar, hefði þegar komið til hallarekstrar gagnvart útlöndum og allt verið glatað, sem þó hafði áunnizt með þrengingum síðustu tveggja ára. Hins vegar eru deilumál um tekjuskiptingu og laun innanlands óleyst og þar með ekki jafnvægi í verðlagi í landinu.

Undanfarin ár var keypt til landsins mikið af atvinnutækjum, sérstaklega fiskibátum og togurum. Þetta var yfirleitt greitt með lánum til skamms tíma, og hefur því hvílt á þjóðinni mikil og þung greiðslubyrði. Núv. ríkisstj. hefur ekki aðeins stöðvað hallarekstur og komið gjaldeyrismálunum í sæmilegt horf, heldur hefur hún verið að greiða niður þessar báta- og togaraskuldir eftir mætti. Þegar þessi skuldabyrði léttist, verður þjóðin að hefja næstu lotu í sókn sinni til fjölbreyttara atvinnulífs og meiri framleiðslu. Við erum nú búin að kasta mæðinni í tvö ár og koma gjaldeyrismálum okkar í það horf, að grundvöllur er undir ábyrgum og skynsamlegum lántökum til næstu framfaraskrefa. Þessi skref hefur ríkisstj. látið undirbúa með því að fá færustu sérfræðinga Noregs í áætlunarbúskap til að stjórna samningu fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga. Þessi fimm ára áætlun á að vera tilbúin um næstu áramót og koma til framkvæmda frá og með árinu 1962. Þá ættu Íslendingar í fyrsta sinn að hafa skynsamlega heildarmynd af því, hvernig þeir þurfa að haga fjárfestingu sinni til þess að tryggja sér t. d. 5% aukningu þjóðarteknanna á ári hverju. Þá ættum við að geta forðazt að eyða stórfé í að byggja mörg mannvirki af sömu gerð samtímis, en ganga illa að ljúka nokkru þeirra, að eyða stórfé í framleiðslugetu, sem er ekki hagnýtt, og yfirleitt að

vita, hvert við stefnum í fjárfestingarmálum.

Þessi fyrsta áætlun um framkvæmdir á Íslandi hefur að mestu verið hafin yfir pólitískar deilur hingað til. Vonandi treystir enginn flokkur sér til að berjast gegn henni, enda nauðsyn slíkrar áætlunar augljós. Þó er rétt að minnast þess, að nauðsynleg erlend lán til framkvæmda á næstu árum fást því aðeins, að gjaldeyrismál okkar séu í góðu lagi og þjóðarbúið ekki rekið með halla. Ef ekki hefði verið gripið til gengislækkunar á þessu hausti, er algerlega útilokað, að það hefði verið hægt að hugsa til *nýrrar* framkvæmdaáætlunar í byrjun næsta árs. Þetta eru staðreyndir, sem eru þyngri á metunum en allur áróður stjórnarandstöðunnar um, að þessar aðgerðir séu einungis gerðar af illmennsku ráðherranna og í hefndarskyni.

Meðan uppbótakerfið var við lýði, fékk ríkissjóður *mikinn hluta af tekjum sínum af svo*kölluðum hátollavörum. Af þeim sökum var innflutningsskrifstofan á Skólavörðustíg látin veita svo til takmarkalaus leyfi fyrir ýmiss konar hátolla- og lúxusvöru til að tryggja ríkissjóðinn, meðan skortur var á nauðsynjavörum. Núv. ríkisstj. *breytti þessu fráleita kerfi.* Það er ekki lengur hagsmunamál ríkissjóðs, að óþarfavarningur sé fluttur til landsins, enda hafa orðið verulegar breytingar á samsetningu þess, sem flutt er inn. Nú flytja menn inn það, sem nauðsynlegt er, en eru ekki neyddir til að flytja inn vörur, sem ríkissjóður fær af mestar tekjur. Af þessari breytingu leiddi óhjákvæmilega nokkra minnkun á tolltekjum, eins og hæstv. fjmrh. hefur nánar gert grein fyrir. Þetta hefur leitt til ýmissa erfiðleika við að koma fjárlögum saman, en þó hefur nú tekizt að semja og leggja fram fjárlagafrv. á þann hátt, að ekki er gripið til neinna nýrra hækkana á skatta- og tollastigum. Þetta er mikilsvert atriði fyrir hag almennings í landinu, og ber að vona, að þetta breytist ekki í meðförum Alþingis.

Það hefur verið eitt höfuðeinkenni á þróun fjármála ríkisins í höndum núv. stjórnar, að upphæðir til almannatrygginga hafa stóraukizt, að tekjuskattur hefur verið stórminnkaður, en söluskattar hafa aukizt. Báðar þessar ráðstafanir miða til aukins, þjóðfélagslegs réttlætis. Tryggingarnar eru tilfærsla á tekjum, og skattabreytingin á, þegar fram líða stundir, að jafna skattbyrðum réttar milli þegnanna og ná til þeirra, sem áður svikust undan þunga gjaldanna. Hvort tveggja þetta telja jafnaðarmenn mikinn ávinning í fjármálastjórn ríkisins hin síðari ár. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld. Þegar hæstv. fjmrh. tók við, lýsti hann hátíðlega yfir því, að hann ætlaði að koma því á, að öll reikningsskil fyrir ríkið yrðu miklu fyrr á ferðinni en áður hefði þekkzt. Ekki virðist mér fara mikið fyrir efndum á þessu, heldur miðað aftur á bak, þar sem hér á Alþ. hafa ekki komið fram upplýsingar um afkomu ársins 1960 fyrr en nú í kvöld og reikningi ársins hefur ekki verið útbýtt á Alþingi. Liggur nú þó *fyrir afkoma* ríkissjóðs fyrsta ár viðreisnarinnar og hefur staðið sem næst í járnum.

Mikið er þessi útkoma þó öðruvísi en forráðamenn höfðu ætlazt til. Einn liður viðreisnarinnar var sem sé sá að moka á þjóðina nýjum álögum til ríkissjóðs, og áttu þær að gefa a. m. k. 450 millj. kr. í tekjur, miðað við samandreginn þjóðarbúskap. Átti með þessu móti og of hárri áætlun útgjalda að tryggja stórfelldan greiðsluafgang á árinu 1960, sem átti svo að frysta með hluta af sparifénu til að minnka peningaveltuna og auka samdráttinn. Skyldi þetta vera einn liður í því að ná fé af fólki, svo að það gæti minna keypt og minna lagt í framkvæmdir. Til viðbótar álögunum voru fjárl. 1960 styrkt með því að áætla útgjaldahækkun allt árið vegna gengislækkunarinnar og nýrra niðurgreiðslna, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, þótt gjaldahækkunin kæmi ekki til greina nema í 10 mánuði. Með þessum klókindum átti allt að vera tryggt, og vænzt var, að greiðsluafgangurinn yrði þó a. m. k. aldrei minni en sem svaraði vísvitandi of hátt settum útgjöldum í fjárlögum.

Með því að áætla ýmsa gjaldaliði fjárl. þannig mörgum milljónatugum of hátt varð niðurstaðan sú, *eins og fram kom* í ræðu ráðh., að heildarútgjöldin urðu að sjálfsögðu undir áætlun, því þótt umframgreiðslur yrðu nokkrar, komu hinar of háu áætlanir þar á móti og vel það. Þótt ríkisútgjöldin yrðu undir áætlun í heild, stafar það því ekki af minni umframgreiðslum en stundum áður, heldur af þessari reikningsbrellu í fjárl. Á hinn bóginn kom stóri greiðsluafgangurinn, sem átti að verða 1960, ekki fram, og fer margt því öðruvísi en ætlað er.

Ráðstafanir ríkisstj. til þess að kýta saman íslenzkan þjóðarbúskap höfðu borið svo ríkulegan ávöxt, ef kalla mætti því nafni, að ríkissjóður rétt skreið 1960, þrátt fyrir allar álögurnar og vísvitandi of hátt áætluð útgjöld, og fyrirheitin um að afnema söluskattinn varð að leggja á hilluna, eins og kunnugt er.

Ekki sagði ráðh. mikið um afkomuhorfur ríkissjóðs á þessu ári, en þó var að heyra, að hann gerði ráð fyrir, að greiðsluhallalaust yrði og jafnvel vel það. Færi betur, að svo yrði. En fari svo, sýnir það með öðru fleira, sem síðar verður minnzt á, hvílíkt frumhlaup og ég vil segja skemmdarverk nýja gengislækkunin í sumar var.

Nú hefur fjmrh. lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Tæpast tel ég unnt að hugsa sér gleggri vott um gjaldþrot þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, en einmitt þetta frv. Á því eru heildarútgjöld ríkissjóðs talin 1 milljarður og 715 millj., og er þó vantalið, eins og ég kem að síðar. Þetta eru 908 millj. — ég sagði 908 millj. — hærri útgjöld en á fjárl. 1958, fyrir þremur árum. Og þótt tekið sé tillit til þess, að nokkuð af niðurgreiðslum á vöruverði var þá, 1958, greitt utan fjárlaga úr útflutningssjóði, þá hafa ríkisútgjöldin meira en tvöfaldazt á þessum þremur árum. Ríkisútgjöldin hafa hækkað um meira en 100% á þessum þremur árum. Þrátt fyrir *þessa gífurlegu útgjaldahækkun eru þó raun*verulega lægri fjárveitingar nú til verklegra framkvæmda og atvinnuveganna en þær voru

þá. Þá, 1958, voru framlög til þeirra mála 26.3% af heildarútgjöldum fjárl., en nú eru þau komin ofan í 17.1% af heildarútgjöldunum. Er þetta þveröfugt við það, sem var fyrir viðreisn, því að þá hækkuðu framlög til verklegra framkvæmda ár frá ári meira en önnur útgjöld ríkisins.

Álögur á landsmenn eða tekjur ríkissjóðs hafa aukizt að sama skapi og ríkisútgjöldin, og hafa þannig álögur meira en tvöfaldazt á þessu sama tímabili, þremur árum. Hér við bætist svo, að gjaldabyrðin til ríkisins hefur verið færð stórlega til á þessum árum, af þeim efnameiri og yfir á þá efnaminni, sem minni hafa tekjurnar. Það er því ekki að furða, þótt verðlag á lífsnauðsynjum hafi hækkað, þegar ofan á tvær gengisfellingar hefur verið hrúgað á nauðsynjavörurnar nýjum tollum og söluskatti. Kveður svo rammt að þessu, að núv. hæstv. fjmrh. er hinn fyrsti á Íslandi, sem hefur látið lögfesta toll á fisksoðningu og kjöt, því að svo ósleitilega hefur verið gengið að skattpíningunni.

Lítum svo á heildarsvip frv. Og þá sjáum við, að þrátt fyrir þessar ofboðslegu nýju álögur undanfarið og enn nýjar álögur, sem felast í gengislækkuninni frá í sumar, þá gerir hæstv. ráðh. ekki einu sinni ráð fyrir því, að öll þessi býsn samanlögð geti staðið undir útgjöldum ríkissjóðs, eins og þau eru nú áformuð, og það með stórniðurskornum verklegum framkvæmdum frá því, sem var fyrir þremur árum. Þannig metur hæstv. ráðh. sjálfur horfurnar í þjóðarbúskapnum, og er því sýnilegt, að ríkisstj. er ekkert á þeirri leið að draga úr samdrættinum eða breyta um búskaparlag, enda þurftu menn ekki þetta fjárlagafrv. til að vita það, þar sem nýja gengislækkunin er beinlínis framkvæmd til þess að hækka verðlag á nauðsynjum og framkvæmdum öllum og tryggja a. m. k. jafnþröngan hag almennings til vörukaupa og framkvæmda og orðinn var, áður en kjarabætur í sumar komu til.

Til þess svo að koma saman fjárlagafrv., miðað við þetta búskaparlag, án þess að hafa halla á pappírnum, hefur fjmrh. gripið til hinna furðulegustu bragða. Ráðh. grípur til þess óyndisúrræðis, að hann telur ekki með útgjöldum frv. 61 millj. af sjálfum ríkisútgjöldunum, af því að þau eigi að greiðast með skuldabréfum og lántökum, segir ráðh. Hvað ætli yrði sagt um þann framkvæmdastjóra fyrirtækis, sem sleppti úr reikningi fyrirtækisins hluta af rekstrarútgjöldum og afsakaði sig svo með því á eftir, að þau þyrftu ekki að vera með, af því að það hefði verið stofnað til skulda til þess að borga þau? Ég læt menn um að gefa svona vinnubrögðum nafn, en stjórnarblöðin kalla þetta sparnað, og sýnir það menningarstigið, sem umr. um efnahagsmál eru á í þeim blaðakosti. Leiðrétt er fjárlagafrv. því lagt fram með 55 millj. kr. greiðsluhalla.

Hér við bætist, að til þess að halda núv. niðurgreiðslum á vöruverði óbreyttum er áætlað að þurfi á næsta ári 327 millj. og til að greiða lögbundnar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir á næsta ári er áætlað að þurfi 45 millj., eða samtals 372 millj., en í þetta tvennt eru aðeins 300 millj. á frv., og vantar því 72 millj. upp á. Miðað við að halda óbreyttum niðurgreiðslum, er því halli á frv., sem nemur a. m. k. 130 millj. kr. Á hinn bóginn gaf hæstv. ráðh. í skyn, að lækka ætti niðurgreiðslurnar, og kemur það þá fram sem ný dýrtíðaraukning og sem nýjar álögur, en það bitnar einmitt harðast á þeim, sem minnst hafa fjárráðin, sagði Benedikt Gröndal orðrétt hér áðan.

Þetta sýnir, að þrátt fyrir hinar ofboðslegu nýju álögur hefur samdráttarstefnan leikið þjóðarbúskapinn þannig að mati hæstv. ráðh. sjálfs, að hann kemur ekki saman greiðsluhallalausum fjárlögum, en reynir í bili að leyna því með alls konar brögðum, sem þó eru þannig vaxin, að engum fá dulizt. Til að reyna að leysa greiðsluvandræði ríkissjóðs, sem ráðh. telur fram undan að óbreyttri stefnu, hefur hann gripið til þess að gera ráð fyrir greiðslu lögboðinna útgjalda í atvinnuleysistryggingasjóð með skuldabréfum. Er þó engin heimild í lögum til að fara þannig að. Ráðh. bar það fyrir sig, að ríflega hefði safnazt í sjóðinn, en þess ber að gæta, að það var ætíð ráð fyrir því gert, að þangað safnaðist mikið fé, þegar atvinna væri góð, því að mikils þarf við, ef atvinnuleysi verður. Auk þess hefur rífleg fjársöfnun í þennan sjóð, atvinnuleysistryggingasjóð, verið þýðingarmikill liður í því að safna fé til útlána í nauðsynlegustu framkvæmdir, og hefur orðið að því afar mikill stuðningur, bæði við íbúðabyggingar og hinar brýnustu framkvæmdir víðs vegar um landið. En nú virðist ætlun hæstv. ríkisstj. að eyðileggja þessa starfsemi sjóðsins og skjóta loku fyrir þetta úrræði til stuðnings nauðsynlegustu uppbyggingu í landinu. Er það í góðu samræmi við aðrar ráðstafanir ríkisstj. til þess að draga sem allra mest úr lánamöguleikum manna með innilokun sparifjár og öðru slíku. Er hér því enn vegið í sama knérunn og stefnt að enn harðari samdráttartökum en áður, og er erfitt að sjá, hvar þetta á að enda, ef þessi stefna fær að ráða áfram.

Hæstv. ráðh. hefur hvað eftir annað með miklu yfirlæti vikið að þeirri stórfelldu ráðdeild, sem nú ætti að sýna í ríkisbúskapnum, og lofað að endurskoða og endurbæta allt starfskerfi ríkisins. Meira að segja er enn í grg. frv. vikið að þessu sama, og enn var hæstv. ráðh. við sama heygarðshornið, en þó ekki með jafnmiklu yfirlæti og áður. Á það sínar eðlilegu orsakir, sem brátt munu skýrast.

Í fyrstu ræðu sinni gaf fjmrh. 12 sparnaðarloforð. Í þeirri næstu gaf hann 24 sparnaðarloforð. Meiri hluti ráðherrans í fjvn. í fyrra vildi ekki láta sitt eftir liggja og setti stjórninni fyrir 23 sparnaðaratriði. Það hefur því ekki vantað sparnaðarloforðin. Tónninn í öllu því, sem ráðh. og hans menn hafa sagt um þessi efni, er sá, að þeir hafi alltaf verið önnum kafnir við að lækka ríkisútgjöldin, enda þótt þeir hafi tvöfaldað þau á þremur árum. Þetta mun síðar verða rakið allt, þessar yfirlýsingar og svo framkvæmdir ráðherrans og hans manna, en sannast að segja hafa menn ekki orðið varir við þennan sparnað eða ráðdeild í framkvæmd. Þó má nefna sameiningu áfengis- og tóbakseinkasölu, sem við skulum vona að einhver

sparnaður verði á, og svo er sagt, að utanrrh. hafi eitthvað lagað til í sparnaðarátt á Keflavíkurflugvelli frá því, sem hann hafði sjálfur áður ákveðið.

Aftur á móti hefur það ekki farið fram hjá mönnum, að ríkisbáknið þenst út með meiri hraða en nokkru sinni fyrr, svo sem þetta fjárlagafrv. og fjárlagafrv. í fyrra bera með sér. Það úir og grúir af nýjum embættum og nýjum kostnaði. Fátt eitt skal nefnt af mörgu. Nýtt efnahagsmálaráðuneyti hefur verið stofnað með ærnu starfsliði. Saksóknaraembætti með starfsliði fyrir á aðra milljón, upplýsti ræðumaður hér áðan úr stjórnarherbúðunum. Mikið lið er á launum við svokallaða hagsýslu, og er kostnaður við þessa starfsemi talinn 304 þús. kr. á 19. gr. í fyrra, og er það bara byrjunin. Gefinn var út áróðursbæklingur á s. l. ári, sem kostaði ríkissjóð hundruð þúsunda, svo sem síðar mun upplýst verða. Bankastjórum og bankaráðsmönnum í ríkisbönkunum var fjölgað um 6 á þessu ári. Og þannig mætti lengi telja. Á 19. gr. fjárlaga fyrir árið 1960 er talinn kostnaður við 60 nefndir, tæplega 2 millj. kr., en 1958 eru taldar 38 nefndir, sem kostuðu 1 millj. 200 þús. kr. Er þetta ekki mjög lélegur árangur eða hitt þó heldur af hátíðlegum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. um stórkostlegan niðurskurð á þessum sérstaka lið. Lofaður sparnaður á póst- og símamálum var framkvæmdur þannig, að innleidd voru hrein okurgjöld á póst- og símaþjónustu, svo að ókleift má telja orðið fyrir almenning að hafa síma. Fræg er yfirlýsing hæstv. ráðh. í fyrra um milljónasparnað á strandferðum án þess að minnka þjónustuna, sem reyndist út í bláinn, og svo yfirlýsing sama ráðh. um milljónasparnað í hernaði gegn refum og minkum, sem nú var raunar ekkert á minnzt, alveg út í hött. Þannig mætti halda áfram að sýna fram á hvimleitt skrum í þessum efnum og bera saman við framkvæmdir, og verður ekki lengra farið út í það að sinni. En niðurstaðan af öllu þessu ráðslagi er sú í heild, að í þessu frv. eru ríkisútgjöldin 200 millj. kr. hærri en þau eiga að verða á þessu ári, 200 millj. kr. hækkun, þegar útgjöldin eru öll talin eins og vera ber. Og allt á þetta þó enn eftir að hækka.

Ekki skal ég spá, hvernig endanleg afgreiðsla fjárl. verður. Á hinn bóginn hefur fjmrh. látið það koma fram utan þings, að fyrirhugað sé að færa enn til skattabyrðina í landinu. Auðvitað er ekki um að ræða að minnka skattabyrðina að óbreyttri samdráttarstefnunni, svo sem glöggt má sjá. En það eiga að verða tilfærslur enn, og nú á enn að vega í sama knérunn. Það á að lækka skatta á gróðafélögum og bæta það upp með hækkun á sölusköttum. Enn fremur er sagt, að það eigi að lækka eitthvað tolla á hátollavörum. Kemur það nú fram, að svo hefur verið þrengt að mönnum, að innkaup á hátollavörum hafa dregizt mjög saman og því ekki gefið jafnmiklar tekjur og ríkisstj. hafði gert ráð fyrir. Viðbrögð ríkisstj. eiga því að verða þau að lækka skatta á félagagróðanum og hátollavörunum og leggja sem jafnast gjald á allar vörur í staðinn, þ. á m. matvæli og allar helztu nauðsynjavörur almennings. Er sýnilega gert ráð fyrir svo harðhentum samdrætti á kaupgetunni, að ekkert muni duga annað en að færa enn þá meira af álögunum yfir á matinn.

Engum getur dulizt, að öll þessi mál eru komin í hið mesta öngþveiti, og allt, sem frá ríkisstj. kemur, ber þess vott, að henni er það nú orðið einnig ljóst. Á hinn bóginn er sífellt á undanhaldinu verið að kalla það um öxl, að einhverjum öðrum sé að kenna, að svona hefur farið. Öllum sæmilega viti bornum mönnum mun þó hins vegar ljóst, að svona hlaut að fara. Þessar hlutu að verða afleiðingar þess, sem ríkisstj. lét hafa sig út í í fyrra. Hefur þetta allt farið eins og þá var sagt fyrir.

Þá voru gerðar ráðstafanir, sem áttu að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, og þær voru fólgnar í því að magna dýrtíðina sem allra mest og gera mönnum um leið með margvíslegum hætti sem erfiðast fyrir að ná í peninga til þess að framfleyta heimilum sínum eða leggja í framkvæmdir. Gengislækkun, tollahækkanir, innilokun sparifjár og okurvextir, þetta voru aðferðirnar. Áhrifin af öllu þessu gátu aldrei í fyrstu umferð orðið undir 1100—1200 millj. til hækkunar á verðlagi og framleiðslukostnaði, miðað við óbreytta viðskiptaveltu. Allar þjóðartekjurnar voru metnar á 5½—6 milljarða, þegar þetta var gert. Þetta hlaut því að leiða til óbotnandi dýrtíðar og taumlausra erfiðleika fyrir atvinnulífið og framleiðsluna.

Svo er að sjá, að þeir, sem fyrir þessu standa, hafi blátt áfram ekkert botnað í, hvaða afleiðingar þetta hlaut að hafa, enda sumir hverjir litla snertingu haft við undirstöðu íslenzks þjóðarbúskapar. Afleiðingar þessara mistaka hafa ekki heldur látið á sér standa, og hefur hér af leitt alls konar truflanir á atvinnurekstri og samdrátt sjálfrar framleiðslunnar og þjóðarteknanna.

Öll bendir þessi þróun glöggt á þann meginkjarna þessara mála og það, sem á milli ber framsóknarmanna og stjórnarflokkanna, hvílík fásinna það er að ætla sér að vinna að jafnvægi í þjóðarbúskapnum með ráðstöfunum, sem hljóta að draga mjög úr framleiðslunni og þjóðartekjunum, valda óviðráðanlegum erfiðleikum fyrir framleiðsluna og þar með óþolandi kjaraskerðingu fyrir almenning. Eftir eitt viðreisnarár var þannig komið, að kjaraskerðingin hjá bændum og launafólki nam 15—20%, miðað við 1958 um haustið. Enginn treysti sér þá lengur til að halda því fram, að fjölskylda gæti lifað mannsæmandi lífi af verkamannakaupi fyrir venjulegan vinnudag og þá ekki heldur af þeim tekjum, sem bændum voru ætlaðar í verðlagi afurðanna. Þannig voru kjaramálin komin í algera sjálfheldu. Alþýðusamtökin sýndu þó óvenjulega þolinmæði. Mánuð eftir mánuð var reynt að fá ríkisstj. til að gera ráðstafanir til kjarabóta, sem komið gætu í staðinn fyrir kauphækkanir, en allt kom fyrir ekki. Ríkisstj. vildi engu breyta og ekkert koma til móts við menn í þessum vanda.

Þegar hér var komið sögu, skullu verkföll á, einhver þau víðtækustu, sem hér hafa verið háð, og er óhætt að fullyrða, að afstaða manna

til þeirra í verkalýðsfélögunum fór eftir allt öðru en pólitík. Áður en þetta gerðist, hafði verið samið um 14.7% kauphækkun í Vestmannaeyjum og talsverðar kjarabætur til hlutarsjómanna, og var það allra manna mál, að sízt veitti af því. Ríkisstj. hafði borið það blákalt fram, að ekkert væri hægt að koma til móts við almenning. Nú, þegar verkföllin voru skollin á, var aftur á móti snúið við blaðinu og farið að halda því fram, að 3% kauphækkun gæti kannske komið til mála, og eftir nokkurn tíma eða um það leyti, sem sáttasemjarar fóru að gera tillögur, var enn breytt til og farið að segja, að kerfið þyldi 6% kauphækkun. Sást nú á þessu, að ekkert var að marka það, sem úr stjórnarherbúðunum kom um þetta mál, — eitt sagt í dag og annað á morgun. Jók þetta erfiðleikana og tortryggnina um allan helming, og sættir náðust alls ekki á þeim grundvelli, sem sáttasemjarar lögðu til. Hörðnuðu átökin, og stappaði víða nær allsherjarverkfalli, en undirbúningur síldarvertíðar stóð sem hæst og síldarúthaldið allt í hættu. Ríkisstj. og atvinnurekendafélagið aðhöfðust ekki neitt.

Þegar hér var komið málum, náðu samvinnusamtökin samningum við verkalýðsfélögin um lausn kjaradeilunnar fyrir sitt leyti, og var aðalatriðið, að dagvinnukaup hækkaði um 10% og að 1% yrði lagt í sjúkrasjóð verkalýðsfélaga. Enn fremur varð nokkur hækkun á yfirvinnu. Í samningunum voru ákvæði um, að þeir giltu til ársins, nema gengislækkun yrði eða framfærslukostnaður hækkaði um 5 stig, þá væri hægt að segja þeim upp með stuttum fyrirvara. Þessum samningum var almennt fagnað með þjóðinni án tillits til afstöðu manna í stjórnmálum. Var það almenn skoðun, að hér væri fundin hófleg lausn og bjargað frá gífurlegu tjóni, m. a. með því að koma í veg fyrir stöðvun síldarúthaldsins.

Sérstaka athygli vakti það, að samvinnufélögin lögðu sig fram um að reyna að tryggja vinnufriðinn varanlega með því að koma því inn í samninga, að kaup stæði óbreytt samningstímann, eitt ár í senn, nema framfærslukostnaður hækkaði um 5 stig á fyrsta ári og 7 stig á öðru ári. Það ber að hafa í huga, að 5 stig í vísitölunni núna jafngilda 10 stigum í þeirri vísitölu, sem var í gildi 1958, þegar átökin urðu um þessi mál á vegum vinstri stjórnarinnar.

Vinstri stjórnin sagði af sér fyrst og fremst vegna þess, að vísitöluskrúfan fékkst ekki tekin úr sambandi og alls ekki fékkst frá því fallið, að hækkanir vísitölunnar væru að fullu teknar inn í verðlag og kaupgjald á víxl. Hliðstæðir samningar þá um kjaramálin og nú voru gerðir hefðu á þeim tíma tryggt, að vinstri stjórnin hefði haft tök á efnahagsmálunum og haldið áfram.

Enginn veit, hvað ríkisstj. ætlaðist fyrir í vor í kjaradeilunni, hvort hún stefndi að margra mánaða verkfalli og að fórna þar með síldarvertíðinni til að koma í veg fyrir, að kaup verkamanna hækkaði um 400 kr. á mánuði, eða hvort hún ætlaði að setja lög um kaupgjaldið og efna til úrslitaorustu við verkalýðsfélögin. Hitt vita menn, að ríkisstj. gerði ekkert til að leysa vandann, og hún reiddist heiftarlega, þegar tókst að semja, og hafði þó hátíðlega marglýst yfir því, að samtök vinnuveitenda og verkamanna í landinu yrðu að finna sjálf leiðir út úr kjaradeilunni, það væri alls ekki stjórninni viðkomandi að leysa verkföllin. Þá vita menn, að ríkisstj. stóð með atvinnurekendafélaginu í því að framlengja verkföllin svo að vikum skipti til að þvælast fyrir því, að 1% af kaupi verkamanna færi í sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna.

Auðvitað vita allir, að það hefur aldrei verið heil brú í ofsalegum ásökunum á hendur samvinnufélögunum út af þessum kjarasamningum, enda hefur ríkisstj. haft hina mestu vansæmd af árásum sínum á þau hjá öllum almenningi. Óheilindin sjást bezt á því, að áður en þessir samningar voru gerðir, var búið að semja um meiri kauphækkun í Vestmannaeyjum og víðar, án þess að nokkuð væri að því fundið. Enn þá gleggra er þó hitt, að eftir að samvinnufélögin höfðu gert samninga um 10—11% kauphækkun, hafði ríkisstj. ekkert við það að athuga og hafði jafnvel forgöngu um, að aðrir semdu um meiri hækkanir. Það hefur aukið á raunir hæstv. ríkisstj., að enginn fæst til þess að taka undir þessar ásakanir hennar í garð samvinnuhreyfingarinnar í alvöru. Þvert á móti liggja menn ríkisstj. yfirleitt á hálsi út af því að hafa ekki sjálf beitt sér fyrir þeirri lausn, sem samið var um milli samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna. Henni bar að sjá, að hún hafði þannig í pottinn búið, að á öðru var ekki stætt.

Þetta er almenningsálitið í landinu, hvernig sem málgögn ríkisstj. hamast. Í bræði sinni tók ríkisstj. að hóta mótaðgerðum, vegna þess að kjaradeilurnar höfðu verið leystar öðruvísi en hún vildi. En þótt ótrúlegt sé og fáir mundu hafa trúað slíku fyrir fram, kom 13% gengislækkun í kjölfar þessara hótana, og því var borið við, að kjarasamningarnir við verkamenn gerðu þessa gengisbreytingu óhjákvæmilega. Ríkisstj. var áður búin að lýsa yfir því, að kerfið mundi þola 6% hækkun.

Þeir eru vandfundnir, sem trúa því, að mismunurinn á þeirri lausn, sem varð í kjaramálunum, og 6% hækkun, sem ríkisstj. sagði að kerfið þyldi, hafi verið slíkur, að hans vegna hafi þurft að hækka verð á öllum erlendum gjaldeyri um 13%, enda fór því svo fjarri, að þessi kjarasamningur gæfi ástæðu til slíks, hann var þvert á móti hinn æskilegasti grundvöllur, ef rétt var á haldið, til að koma jafnvægi á og byrja að feta sig út úr því öngþveiti, sem í var komið. Eftirfarandi staðreyndir sýna þetta glöggt.

Iðnaðurinn gat með sárafáum undantekningum borið þá kauphækkun, sem varð, án verðhækkunar. Liggur þetta nú glöggt fyrir, þar sem verðhækkanir, sem leyfðar hafa verið á framleiðsluvörum iðnaðarins, stafa nær undantekningarlaust af verðhækkunum vegna gengislækkunarinnar einnar saman, en kauphækkanirnar bera fyrirtækin sjálf. Hefur þetta meira að segja verið staðfest í stjórnarblöðunum. Verð á síld í salt og bræðslu í sumar hafði hækkað

þrátt fyrir kauphækkanirnar. Kauphækkun sú, sem varð umfram það, sem ríkisstj. taldi kerfið bera, svaraði til rúmlega 1% breytingar á útflutningsverði afurða frá frystihúsunum, og þann mismun og þó meira til hefði hreinlega verið hægt að jafna með lækkun vaxta í það, sem þeir voru áður. Fyrir þessu eru óvefengjanlegar heimildir, sem ég hef haft með höndum og eru frá samtökum frystihúsanna. Með nokkuð aukinni umsetningu í landinu vegna kjarabótanna hefðu tekjur ríkissjóðs vaxið stórkostlega vegna þess, hve gífurlega hefur nú verið haugað tollum á allar nauðsynjavörur. Þannig hefði vandi ríkisbúskaparins verið leystur og möguleikar orðið á að bæta launakjör opinberra starfsmanna og vinna gegn verðhækkunum almennt, enda sýna einmitt afkomuhorfur ríkissjóðs nú, að þessar fullyrðingar eru réttar.

Þannig var með kjarasamningunum nýju beinlínis búið að leggja grundvöll að bættu ástandi í efnahagsmálum og varanlegum vinnufriði, ef samdráttarstefnan væri yfirgefin, vextir lækkaðir, dregið úr lánasamdrætti og rekstrarfjárskorti fyrirtækja og þannig byrjað að létta af viðjum viðreisnarinnar. Stóraukar gjaldeyristekjur vegna síldveiðanna hefðu hjálpað til að gera kjarabæturnar raunhæfar og auka viðskiptin.

Í stað þess að notfæra sér kjarasamningana á þessa lund, er nú öllu stefnt í meira dýrtíðaröngþveiti en nokkru sinni fyrr með gengislækkuninni. Ný verðhækkunaráhrif vegna hennar geta aldrei orðið undir 550 millj. í fyrstu umferð, því að hér er um að ræða 13% skatt á andvirði allra innfluttra vara og allan seldan gjaldeyri og þar á ofan jafnhátt álag á mikinn hluta ríkisteknanna. Gengislækkunin á sér engin efnahagsleg rök nema frá sjónarmiði þeirra, sem aldrei sjá nein úrræði önnur en þau að magna dýrtíðina og draga þannig úr kaupgetu almennings og möguleikum til framkvæmda. En þessar aðfarir herða bara samdráttinn enn, með þeim afleiðingum, að efnahagsvandamálið verður óviðráðanlegra en nokkru sinni fyrr, eins og fjárlagafrv. ber glögglega með sér. Þar blasir sem sé við sú óhugnanlega mynd, að hversu gífurlega sem álögurnar eru hækkaðar, verður afkoman lakari samt. Lengra og lengra niður á við, það er stefnan, og því lengur sem haldið verður áfram á þessari braut, því örlagaríkara fyrir afkomu þjóðarinnar á næstu árum, eins og á því heimili, sem reynir að leysa efnahagsvandamál sín með því að leggja ekki í neitt og láta drabbast. Hvernig væri íslenzka þjóðin stödd, ef þvílíku búskaparlagi hefði verið fylgt undanfarið?

Vafalaust er, að gengislækkunin er að verulegu leyti hugsuð sem hefndarráðstöfun í garð launastéttanna og bænda fyrir að sætta sig ekki við þau hörmungarkjör, sem orðin voru. En gengislækkunin er líka komin til vegna þess, að viðreisnin var auðvitað komin í strand, en ný gengislækkun núna kemur engu á flot, heldur hrindir lengra upp á flúðina. Hér er bara efnt til nýrrar umferðar dýrtíðarhjólsins. Á hinn bóginn var hægt að nota einmitt kjarasamningana, fyrst þeir náðust svona sérstaklega hóflegir, til þess að fikra sig inn á færari leiðir. Það er sorglegt, að því tækifæri skyldi nú sleppt með svo hastarlegu móti.

Fram hefur komið, að þessi nýja gengislækkun sem tafarlaust svar við kauphækkun muni laða hér að erlent fjármagn til landsins. Þetta er vægast sagt óheppilegur áróður, og ætti þó að viðhafa um það sterkari orð. Þetta þýðir sem sé á mæltu máli, að nú eigi að sýna, að hér séu til aðferðir til að halda kaupgjaldi og tekjum bænda nægilega niðri til að tryggja erlendu fjármagni aðlaðandi gróða. En hvers vegna er verið að leggja áherzlu á þetta? Er ekki ætlunin, að íslenzkur atvinnurekstur verði framvegis fyrst og fremst á vegum Íslendinga sjálfra, eins og verið hefur og bezt hefur gefizt? Og hvað er verið að fara með þeim áróðri, sem í vaxandi mæli gengur út frá herbúðum ríkisstj. og út á það gengur að þröngva þeirri minnimáttarkennd upp á þjóðina, að í raun og veru hafi hún undanfarið ekki staðið á eigin fótum fjárhagslega og sé þess tæpast eða ekki megnug, það sé af þessum ástæðum, sem ört hafi hallað undan fæti nú um lífskjör og uppbyggingu? Í stað þess að viðurkenna, að þessi vandkvæði eru bein afleiðing rangrar stjórnarstefnu, í stað þess að játa þetta er sagt, að vandkvæðin nú stafi af því, að íslenzkur þjóðarbúskapur geti ekki staðið undir meira og miklu minna en annarra þjóða búskapur. Því er oft lætt með, að ör uppbygging og betri lífskjör hér undanfarin ár hafi alls ekki byggzt á eðlilegu framtaki né tekjum þjóðarinnar, eins og ég sagði áðan, heldur óeðlilegum stuðningi erlendis frá. Það er klifað á því, að þjóðin hafi lifað um efni fram einmitt á þeim áratugum, sem hún efnaðist mest.

Ég hef illan bifur á þessum áróðri, og mun hann ekki koma til af góðu eða eiga að vera undanfari heilbrigðra ráðstafana til sterkrar uppbyggingar hér á vegum Íslendinga sjálfra á næstunni, eins og vera þarf. Þessi áróður á ekkert skylt við heilbrigðar hugmyndir um að leysa, ef svo ber undir, einstök, stór verkefni með sérsamningum við eigendur erlends fjármagns, sem fullan rétt getur á sér átt, ef tryggilega er um búið.

Sú minnimáttarkennd, sem verið er að reyna að skapa með þessum áróðri, er sízt af öllu til þess fallin að greiða fyrir því, að þjóðin fái slysalaust þrætt þá vandförnu leið, sem fram undan er. En sú leið er: að efla eðlileg tengsl, viðskiptaleg og menningarleg, við nágrannaþjóðir okkar, en halda þó sjálfstæði og sjálfsforræði í atvinnu- og efnahagsmálum.

Ég hef athugað nokkuð fjárfestingu þjóðarinnar á undanförnum árum og notkun á erlendu fjármagni, og hef ég byggt þessar athuganir á skýrslum frá Framkvæmdabankanum. Á árunum 1950—1958 var fjárfesting talin nema rúmum 9 milljörðum, og af því var erlent fé, bæði gjafafé og lánsfé, rúmur einn milljarður, eða 12%, 88% var eigið fé. Árin 1950—1953 voru 15—25% af fjárfestingunni kostuð af erlendu fé, árið 1954 aðeins 3.8% og árin 1956—1958 7—12% kostuð af erlendu fé. Þessi síðustu ár var eingöngu um lánsfé að ræða frá útlöndum og þá eigið fé Íslendinga í uppbyggingunni þessi síðustu 3 ár frá 88% til 93%. Þegar tillit er tekið

til þess, að á þessum árum lögðu Íslendingar hlutfallslega meira en flestar þjóðir í framkvæmdir, sést glöggt, hvílík fjarstæða sá áróður er, sem nú er rekinn til að læða því inn hjá þjóðinni, að hún sé ekki megnug þess að standa á eigin fótum fjárhagslega og byggja upp atvinnulíf sitt fyrst og fremst af aflafé sínu og eðlilegum erlendum lánum.

Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina að gera sér ljóst, að þær þrengingar, sem margur býr nú við og mun búa við, þangað til þjóðin hefur losað sig við þann þingmeirihluta, sem nú stendur fyrir málum hennar, stafar af röngu búskaparlagi, en ekki hinu, að ókleift sé nú orðið allt í einu að lifa hér góðu lífi og búa jafnframt á fullnægjandi hátt í haginn fyrir framtíðina. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, hóf mál sitt á því að lýsa því, að gengisbreytingin hefði aðeins átt sér eina orsök og hún hefði verið sú að bjarga hinum fjárvana ríkissjóði frá gjaldþroti. Nú vil ég í fyrsta lagi taka það fram aftur, sem kom þó skýrt fram í framsöguræðu minni, að varðandi árið í ár mun sá tekjuauki, sem ríkissjóður fær vegna aukinna tolla af gengisbreytingunni, tæplega nema jafnhárri upphæð og hin auknu útgjöld hans vegna kauphækkana og gengisbreytingar, þannig að ríkissjóður græðir ekki á þessu í ár. Varðandi árið næsta held ég, að bæði fjárlagafrv. og framsöguræða mín hafi dregið það einnig í ljós, að það er síður en svo, að þessi gengisbreyting hafi verið ríkissjóðnum út af fyrir sig í hag. Útgjöld ríkissjóðs hafa hækkað svo mjög og hækka svo mjög á næsta ári vegna kauphækkananna og þeirrar gengisbreytingar, sem af þeim leiddi, að þær auknu tekjur, sem ríkissjóður hefur vegna tolla, sem að sjálfsögðu gefa í heild meira, þar sem erlent vöruverð hækkar, nægja tæplega til að vega þar á móti. Hér er um algeran misskilning og blekkingu að ræða.

Í öðru lagi sagði þessi hv. þm., að ríkissjóður hirti svo allan gengishagnaðinn og hefði það m. a. verið ástæða til gengisbreytingarinnar, að ríkissjóður hefði þar eygt mikla tekjumöguleika. Ekki var nú heldur hægt að fara rétt með þetta mál. Í 6. gr. l. um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, að mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi, þ. e. a. s. gengismunurinn, skuli færður á sérstakan reikning. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn. Í öðru lagi á að greiða af þessum reikningi ⅔ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961. Þetta tvennt á nú að greiða af þessum gengishagnaði fyrst, en þegar því er lokið, þá á að nota það, sem eftir verður, til þess að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna.

Hv. þm. gerði sér mikinn mat úr því, að í fjárlagafrv. lækkar áætlun um vörumagnstoll um 2 millj. frá því, sem er í gildandi fjárlögum. Og honum varð svo mikill matur úr þessu, að hann virtist telja, að með þessu væri ríkisstjórnin að slá því föstu, að nú ætti að flytja inn minna vörumagn til landsins, allir ættu að fá minna, hver í sinn hlut, jafnvel þótt fólkinu fjölgi í landinu, eins og það gerir. Ég verð að hryggja þennan hv. þm. með því, að allt saman er þetta eintómur heilaspuni hjá honum. Sú breyting, sem gerð er í fjárlagafrv. varðandi vörumagnstollinn, er aðeins leiðrétting vegna þess, að reynslan sýnir, að áætlunin í ár hefur verið of há. Þetta er aðeins leiðrétting, og allt hans fjas um þetta er því á sandi byggt. Í rauninni hefði hann átt að geta sparað sér líka þetta, vegna þess að ég tók það skýrt fram í ræðu minni, að einmitt fjárlagafrv. fyrir 1962 er á því byggt, að innflutningur til landsins verði um 5% meiri á næsta ári en í ár, að hann hækki úr um 2700 millj. á þessu ári, miðað við núverandi gengi, upp í rúmlega 2800 millj., eða sem næst 5%, og ef fólksfjölgun í landinu er kannske um 2% á ári, þá bendir þetta ekki til þess, að eigi að minnka vörumagnið á hvern einstakling í landinu. Þetta tók ég skýrt fram í minni framsöguræðu.

Þá segir þessi hv. sami þm., að raunverulega sé nú mikill greiðsluhalli á frv., vegna þess að til undirbúningsrannsókna á virkjunum og jarðhitarannsókna eigi að taka um 30 millj. að láni og sé þetta í rauninni hreinn greiðsluhalli. Hann orðaði það svo, að þannig séu tekin venjuleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs og þeim ekki mætt með tekjum ríkissjóðs, heldur með lántökum. Á svipaða lund talaði hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson. Þetta mál liggur þannig fyrir, að í fjárlagafrv. er veitt mikið fé, — ég ætla ekki minna fé, heldur meira en áður hefur verið, — til þess að undirbúa rafvirkjanir í landinu og jarðhitavirkjanir, jarðboranir, rannsókn jarðhita. En vegna þess að ríkisstj. vill hraða þessum undirbúningsrannsóknum enn þá meira, í miklu stærri stíl en þessar fjárveitingar nú og áður hafa leyft, þá gerir hún ráð fyrir, að til viðbótar fjárframlögum á fjárl. séu tekin lán til þessara framkvæmda, til þess að hægt sé að vinna meira. Mér finnst það vægast sagt furðuleg fjármálaspeki, ef þessar ákvarðanir eiga að þýða það, að þær 30 millj., sem gert er ráð fyrir að taka að láni til þess að hraða framkvæmdum og auka þær, það á að túlka þær sem greiðsluhalla hjá ríkissjóði.

Þá segir hv. sami þm., að þær fyrirætlanir, sem ríkisstj. hefur í hyggju um að greiða framlag til atvinnuleysistrygginga á næsta ári með skuldabréfi, séu þverbrot á samningum við verkalýðsfélögin, og hann gerir ráð fyrir, að yfirleitt flestar framkvæmdir í landinu, bæði hafnarmannvirki, bygging síldarverksmiðja og annað þess háttar, hljóti að stöðvast, ef þessi ósköp eigi yfir að ganga. Hann orðaði það nú svo fagurlega: Nú ætlar ríkið sér öll lán atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. — Fyrr má nú rota en dauðrota. Ég skýrði þetta mál í minni framsöguræðu, og það liggur ósköp ljóst fyrir. Tekjur þessa sjóðs eru um 70 millj. á ári. Þar af á ríkissjóður að borga á næsta ári eftir gildandi lögum 28 millj. Sjóðurinn mun

hafa lánað út svipaða upphæð eða kringum 30 millj. á ári, en hann hefur svo mikið handbært fé, að án þess að hann fengi nokkurn eyri til viðbótar, hefur hann forða til 5 eða 6 ára, ef hann vill lána eitthvað svipaða upphæð og hann hefur gert að undanförnu. Það er ekki ætlunin með því, sem hér er fyrirhugað, að fara að svipta atvinnuleysistryggingasjóð þessu framlagi ríkissjóðs, heldur aðeins í stað þess að greiða það í beinhörðum peningum, til þess að atvinnuleysistryggingasjóður leggi það beint inn í Seðlabankann á sitt nafn, þá greiði ríkissjóður það með skuldabréfi. Ég sé ekki, hver er munurinn á því fyrir atvinnuleysistryggingasjóð, og ég sé ekki, að það dragi á nokkurn minnsta hátt úr möguleikum hans til lánveitinga til nauðsynlegra og æskilegra framkvæmda.

Sami hv. þm. sagði að lokum, að furðulegt væri, að áætluð væri í fjárlagafrv. óbreytt upphæð til ríkisábyrgða og er í gildandi fjárl., eða 38 millj., þótt sýnt yrði, að greiðslurnar í ár og vafalaust á næsta ári yrðu miklu, miklu hærri. Í 6. gr. l. um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar segir, eins og ég hef lesið hér upp áður, að það, sem afgangs verður af gengishagnaðinum, skuli nota til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Þetta ber auðvitað ekki að skilja svo, eins og mér þó virtist hjá hv. þm., að það mætti einungis greiða af þessu ríkisábyrgðir, sem væru fallnar á ríkissjóð, þegar lögin öðluðust gildi. Það er auðvitað alls ekki tilgangurinn, heldur aðeins það, að ekki má nota þetta fé til þess að greiða ríkisábyrgðalán, sem eru ekki á ríkissjóð fallin vegna vanskila. En vitanlega má nota þetta fé til þess að greiða ríkisábyrgðarlán í vanskilum, sem falla á ríkissjóð eftir gildistöku laganna, hvort sem það er seinni hluta þessa árs, á næsta ári eða síðar.

Ég ætla, að ég láti þetta duga til svars hv. 6. þm. Sunnl., enda var ekki fleira, að ég held, svaravert í hans ræðu.

Hv. 1. þm. Austf. kom hér allvíða við sögu, og að því er snertir mikinn hluta ræðu hans, sem fjallaði um gengisbreytingu og efnahagsmál almennt, mun ég ekki gera það að umtalsefni. Hins vegar mun ég ræða þau atriði, sem snerta fjárlögin, enda er það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. En ég vænti þess, að áður en langt um líður, gefist tækifæri til þess að ræða við þennan hv. þm. ýtarlega um efnahagsmál og gengisbreytinguna, þegar vantrauststillaga hans kemur til umr. og verður væntanlega til umr. í útvarpinu tvö kvöld í röð.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, býsnaðist nú í byrjun yfir því, hvað fjárl. hefðu hækkað mikið, síðan hann lét af störfum, — væru 908 millj. hærri en fjárlögin 1958, sem eru síðustu fjárlög, sem hann hafði með að gera sem fjmrh. Ég verð að játa, að mér finnst þessi hv. þm. hafa verið ákaflega seinheppinn að þurfa nú einmitt að fara að minnast á þessi fjárlög, einhver þau mestu hörmungarfjárlög, sem um getur í sögu síðari áratuga á Alþ. Það má vera, vegna þess að fólk er fljótt að gleyma, að það sé farið að fyrnast yfir það, sem þá gerðist. En ég vil aðeins rifja stuttlega upp þá atburði.

Það var í tíð hinnar sælu vinstri stjórnar. Þá gerðist það haustið 1957, að fjmrh. þeirrar stjórnar, Eysteinn Jónsson, lagði fyrir Alþingi frv. til fjárl. fyrir árið 1958. Það frv. var nú ekki burðugra en svo, að það vantaði mikið á, að hægt hefði verið að koma frv. saman. Í fyrsta lagi er það skýrt tekið fram í grg., að fjárfestingarútgjöld, þ. e. a. s. framlög til verklegra framkvæmda, hafi verið lækkuð. En þótt dregið hafi verið úr þeim, var samt ekki hægt að ná endunum saman, heldur var frv. lagt fyrir Alþ. með 71 millj. kr. greiðsluhalla, og rökstuðningurinn eða afsökunin fyrir þessu var sú, eins og segir í aths. um frv.: „Ríkisstj. hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþ. um fjárlagafrv. né um viðhorfin í efnahagsmálunum.“ Það var því ekki von á góðu. Hún hafði ekki getað náð sambandi við nokkurn af sínum stuðningsmönnum til þess að athuga, hvernig í ósköpunum ætti að ná í þessar 70 millj., sem á vantaði. Um meðferðina hér í þinginu muna allir hv. þm., sem hér áttu þá sæti, að til þess svo að lokum að koma þessu heim og saman, var fyrir jól tekin allstór summa af útgjöldum fjárl. og fleygt fyrir borð og frv. afgreitt þannig, en um leið var ákveðið að kljúfa ríkissjóðinn sundur í tvennt, annars vegar ríkissjóð, sem skyldi bera það nafn áfram, og hins vegar stofna svokallaðan útflutningssjóð, sem skyldi fá meira og minna af tekjum ríkisins, en standa þá undir útflutningsuppbótum o. s. frv. Ég verð að segja, að þetta eru einhver þau mestu hörmungarfjárlög og hörmungarfrv., sem lagt hefur verið fyrir Alþ., og mér finnst hv. þm. ákaflega seinheppinn að þurfa nú einmitt að fara að minnast á það.

Hv. þm. sagði, að í stað þess, að ég hefði boðað, að nú yrðu öll reikningsskil hjá ríkissjóði miklu betri og fyrr á ferðinni en áður, gengi nú allt aftur á bak. Það er nú þannig, að í hans tíð var það orðinn siður, að frv. um samþykkt á ríkisreikningi var ekki endanlega afgreitt og samþykkt á Alþ., fyrr en reikningurinn var orðinn tveggja, þriggja og jafnvel fjögurra ára gamall. Þetta var ósiður, sem ég taldi nauðsynlegt að afnema, og það var gert strax á síðasta þingi, þannig að fyrir haustþingið 1960 voru lagðir fram ríkisreikningar og frumvörp til samþykkta á þeim fyrir árin 1958 og 1959, og nú verður það þannig, eins og ég gat um í ræðu minni, að frv. til samþykktar á ríkisreikningnum fyrir 1960 verður lagt fram nú í nóvember og væntanlega þá afgreitt fyrir jól. Hefur þá tekizt að koma því lagi á þetta, sem þarf að vera, að Alþ. kvitti endanlega fyrir ríkisreikninginn á árinu næsta eftir reikningslok.

Ummæli hv. 1. þm. Austf. um það, að einn liður viðreisnarinnar hafi verið sá, að tryggja hafi átt stórfelldan greiðsluafgang á árinu 1960, en hann hefði ekki komið fram, — þetta er eintómur tilbúningur og hugarburður. Það hafði aldrei komið til orða að afgreiða fjárlög með þeim hætti eða byggja upp ríkisbúskapinn þannig, að stórkostlegur greiðsluafgangur yrði

á árinu 1960, heldur var allt miðað við það, að jafnvægi yrði um tekjur og gjöld, hallalaus fjárlög, hallalaus ríkisbúskapur og þá væntanlega einhver afgangur, eins og líka varð.

Hv. þm. minntist á kostnað við hagsýslu, sem hefði á síðasta ári orðið um 300 þús. kr., og býsnaðist mjög yfir því. Þeir eru ekki margir, sem eitthvað þekkja til þeirra mála, sem telja, að þar hafi verið of mikið í lagt. Þessi kostnaður er fyrst og fremst greiðslur til erlendra fyrirtækja og sérfræðinga, sem hafa verið okkur til aðstoðar í þessu máli. Og af því að hann *nefndi sérstaklega sameiningu áfengis- og tóbaksverzlunar*, skal ég geta þess, að þessir erlendu sérfræðingar, fyrst og fremst norskir, unnu sérstaklega að því að undirbúa þá sameiningu, og sú sameining mun spara ríkissjóði á hverju einasta ári ekki hundruð þúsunda, heldur milljónir, og á því er enginn vafi, að sá kostnaður, sem lagður hefur verið til hagsýslu, hefur margfaldlega borgað sig nú þegar.

En fyrst hv. þm. nefnir sameiningu áfengis- og tóbaksverzlunar, er vissulega ástæða til þess að minnast á feril hans í því máli. Það eru nú komin ellefu ár, síðan hann sem fjmrh. lagði frv. fyrir Alþingi um að sameina áfengis- og tóbaksverzlun. Það var að vísu ákaflega illa undirbúið og hafði ekkert verið rannsakað, í hverju sparnaður gæti verið fólginn eða hversu *mikill* hann yrði. Frv. dagaði uppi, og sumpart var færð sem ástæða, að það væri ekki hægt að víkja þeim forstjórum, sem þarna væru fyrir, til hliðar. Á þeim 9 árum, sem hv. þm. var svo fjmrh., losnuðu þessar forstjórastöður tvisvar, en í hvorugt skiptið notaði hann tækifærið til að sameina fyrirtækin. Ef þessi hv. þm. hefði 1950 haft manndóm í sér til þess að framkvæma þessa sameiningu, væri hann nú búinn að spara ríkissjóði ekki aðeins nokkrar milljónir, heldur líklega milli 10 og 20 millj. kr.

Hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu, að fjárlagafrv. sé raunverulega með svo stórkostlegum halla, að það nemi um 130 millj. kr. Við höfum í ríkisstj. fengið ýmsar hrakspár í veganesti. Ég minnist þess t. d., að skömmu eftir að stjórnin hafði lagt fram sín frumvörp til viðreisnar, var því spáð alveg ákveðið af helztu foringjum stjórnarandstöðunnar, að þessar ráðstafanir mundu leiða til stórkostlegs atvinnuleysis um allt land. Hefur það atvinnuleysi komið? Ég veit ekki til annars en hér hafi verið full atvinna og ekki minni en í tíð vinstri stjórnarinnar.

Á miðju s. l. sumri var því spáð í öðru aðalmálgagni stjórnarandstæðinga, að á ríkissjóði mundi í ár verða um 200 millj. kr. greiðsluhalli. Ég fullyrði, að hallinn verður ekki neinn í ár, heldur nokkur greiðsluafgangur. Þessi hrakspá hefur þá ekki heldur rætzt, og ég ætla, að það fari þannig einnig um þessa hrakspá eða boðskap hv. 1. þm. Austf. nú, að reynslan eigi eftir að sýna og sanna, að spádómur hans um, að raunverulega sé 130 millj. kr. halli á fjárlagafrv. fyrir næsta ár, reynist álíka haldgóður og hinir tveir fyrri, sem ég nefndi.

Það er vissulega, fyrst farið er að ræða við þennan hv. þm., 1. þm. Austf., ekki úr vegi að bera nokkuð saman, hvernig við stöndum nú á þessu ári og fyrir 6 árum, þegar hann var fjmrh., vegna þess að atvikin og atburðirnir í þjóðfélaginu og atburðarásin hafa framan af verið nokkuð svipuð. Snemma vors bæði árin 1955 og 1961 hófust upp miklar vinnudeilur og verkföll, sem lauk eftir nokkrar vikur með stórkostlegum kauphækkunum, í bæði skiptin líklega milli 13 og 20% kauphækkanir. Núv. ríkisstj. tók á þeim málum þannig, að hún taldi óhjákvæmilegt, til þess að allt lenti hér ekki í öngþveiti, að breytt yrði genginu og það leiðrétt til samræmis við hið *nýja* kaupgjald í landinu. Hún var sannfærð um, að ef þetta hefði ekki verið gert og það strax í ágústbyrjun, þá hefði hér skapazt stóraukin eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og erlendum vörum, sem hefði skapað gjaldeyrisskort, eins og hann hafði verið áður um margra ára skeið, en sá gjaldeyrishalli gagnvart útlöndum hafði einmitt verið eitt helzta viðfangsefnið, eitt helzta vandamálið, sem við höfum átt við að glíma. 1955 valdi hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh., aðra leið. Hann ákvað, að þá skyldi ekki neitt gera, ekki hafast neitt að, láta reka á reiðanum, með þeim afleiðingum, að þegar fjárlögin, sem hann stóð að, voru afgreidd hér á næsta vetri, fyrir árið 1956, þá þurfti að hækka öll útgjöld um nærri 30%. Fjárlögin hækkuðu um nærri 30%, og þurfti að leggja á stórkostlega nýja skatta og *tolla til þess að sjá ríkissjóði farborða og útgerðinni í landinu*. Nú hefur hins vegar tekizt vegna þeirra vinnubragða, sem höfð voru í sumar af hendi stjórnarinnar og stjórnarflokkanna, að leggja fjárlagafrv. fyrir næsta ár fyrir þetta þing, án þess að þurfa að hækka skatta og tolla eða leggja á nýja skatta eða tolla. Í rauninni er þessi samanburður á þessum að mörgu leyti svipuðu atburðum lærdómsríkur og vissulega ekki úr vegi, að tilefni gefist til að minnast á það hér í orðræðum við þennan hv. þm.

Nú er það svo, að það er ljóst af þessu frv. og þeirri grein, sem ég gerði fyrir því áðan, að ef ekki hefðu orðið hinar miklu kauphækkanir á s. l. sumri, þá hefðu fjárlögin fyrir næsta ár getað lækkað frá gildandi fjárlögum. Fjárlögin hefðu getað lækkað og þar með verið undirbúin lækkun á tollum og öðrum opinberum gjöldum almenningi til hagsbóta. En vegna þeirra kauphækkana, sem hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, ekki aðeins beitti sér fyrir, heldur stærir sig af því nú í dag að hafa beitt sér fyrir, hækka fjárlögin nú um 126 millj. kr., í stað þess að þau hefðu getað lækkað um nokkrar milljónir. Og þegar þessi hv. þingmaður býsnast hér yfir hæstu fjárlögum, sem um getur í sögunni, þá getur hann engum öðrum um kennt fremur en sjálfum sér.

Herra forseti. Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði, sem ástæða er til að svara hér í þessum umræðum. Ég legg til, að fjárlagafrv. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (FS): Þingsköp mæla svo fyrir, að almennar stjórnmálaumræður, eldhúsumræður, fari fram við framhald 1. umr. fjárlaga. Sú regla hefur hins vegar myndazt um allmörg undanfarin ár og um hana verið samkomulag milli þingflokka, að þessum almennu stjórnmálaumræðum hefur verið frestað þar til síðar á þingtímanum. Ráðgert er, að þessari reglu verði enn haldið, og verður nú leitað afbrigða frá þingsköpum, til þess að svo megi verða..

ATKVGR.
Afbrigði um frestun útvarpsumræðna leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við málið, en leggur til, að því sé að umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 185, 186 og 187, 181, 182, 183, 184).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): *Herra forseti. Fjvn. tók frv. til meðferðar 19. okt., hefur síðan haldið um það 37 reglulega fundi, fengið til viðtals forstöðumenn helztu ríkisstofnana auk fjölda athugana og viðtala utan funda. Þá hefur nefndin einnig athugað og rætt nær 500 erindi, sem til hennar bárust. Ég vil leyfa mér að þakka nefndarmönnum fyrir ágætt samstarf, sem hefur auðveldað störfin mjög.*

Nefndin stendur öll að tillögum til breytinga á gjaldaliðum frv. Hv. þm. Framsfl. og Alþb. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma. Tillögur til breytinga á tekjuliðum frv. eru fluttar af meiri hl. n., en það, sem kemur fram í nál. meiri hl., að minni hl. hafi beint lýst sig andvígan þeim tillögum meiri hl., er byggt á misskilningi, og vil ég leiðrétta það hér með. Þá vil ég leyfa mér að ræða í fáum orðum nokkur atriði, sem nauðsynlegt var að hafa í huga við afgreiðslu þessa máls.

Það mun skoðun reyndustu sérfræðinga okkar og raunar erlendra sérfræðinga einnig, að það hafi náðst meira jafnvægi í efnahagsmálum hér en verið hefur alllengi undanfarið. Af því leiðir, að ef við ekki leikum af okkur eða stóróhöpp steðja að, má vænta þess, að þjóðartekjurnar geti vaxið hægt eða um ca. 3% á ári næstu árin og tekjur ríkissjóðs um tiltölulega svipaða upphæð, ef ekki er breytt þeim hlut, sem ríkissjóður fær af þjóðartekjunum. Nú má ekki draga af þessu þá ályktun, að fjárlagafrv. megi ekki hækka meira en hinum auknu tekjum ríkissjóðs nemur.

Á fjárlögum eru ýmsar ríkisstofnanir með sjálfstæðan fjárhag og tekjur. Má þar t. d. nefna póst og síma. Þar eru stórframkvæmdir árlega til þess að fylgjast með tímanum og leitast við, að fullnægt sé kröfum neytenda um aukna þjónustu. En það sýnir sig þar, að notkunin og þar með tekjur stofnunarinnar vaxa svo ört, að nægir til að standa undir auknum kostnaði. Svipuðu máli gegnir um aðra stofnun ríkisins, sem hefur vaxið mjög ört, ríkisútvarpið. En það stendur þó vel undir hinum auknu útgjöldum með vaxandi tekjum.

Þá vil ég minna á þau ummæli hæstv. fjmrh. við 1. umr., að þegar frv. var samið, hafði verið miðað við, að það væri ekki ætlun ríkisstj. að leggja á nýja skatta.

Eitt atriði enn vil ég nefna, sem nefndin hlaut að taka tillit til við afgreiðslu þessa máls, en það er tollalækkun sú, sem nýlega var samþykkt hér á Alþingi.

Þá má ekki gleyma því, þegar rætt er um afgreiðslu fjárlaga, að sumir liðir fjárlaga eru beinlínis ákveðnir fyrir fram, eins og t. d. þær breytingar, sem leiðir af hækkun kaups og launa, og hækkun á hluta ríkissjóðs vegna almannatrygginga, þar sem hvort tveggja kemur til: hækkun bóta og fólksfjölgun í landinu. Þegar þetta er haft í huga, verður skiljanlegra, hve það, sem eftir verður til verklegra framkvæmda og margra annarra nauðsynjamála, er takmarkað.

Við athugun frv. í nefndinni var augljóst, að þeirri stefnu hafði verið fylgt við samningu þess að forðast fjölgun starfsliðs hjá ríkinu og stofnunum þess, nema sýnt væri, að brýna nauðsyn bæri til, og eins að gæta hófs og raunar ýtrasta sparnaðar um alla aukningu gjalda. Við afgreiðslu frv. hefur sömu stefnu verið fylgt.

Áður en ég sný mér að því að ræða einstakar greinar frv., vil ég leyfa mér að minna á það, sem hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðu sinni fyrir því, að enn vinna bæði innlendir og erlendir sérfræðingar að því að finna leiðir til meiri hagsýni og sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Ég er þess fullviss, að þess muni ekki langt að bíða, að góður árangur verði af því starfi.

Þá mun ég víkja máli mínu að einstökum greinum frv. eða þeim brtt., sem meiri hl. n. eða n. sameiginlega flytur við það. Skal ég þá fyrst ræða um brtt. meiri hl. n. við tekjuhlið frv. á þskj. 182.

Ég vil þá fyrst geta þess, að við samningu þessara tillagna nutum við ráða og fengum upplýsingar hjá ráðuneytisstjórunum Sigtryggi Klemenzsyni og Jónasi Haralz. Breytingarnar eru byggðar á því, sem vitað er nú um afkomuna í ár til nóvemberloka, og þær breytingar, sem ætla má að leiði af þeirri tollalækkun, sem nýlega var samþykkt á Alþingi. Breytingarnar eru þessar: Verðtollur er lagt til að hækki um 38.6 millj. kr. Gjald af innlendum tollvörum hækki um 2.3 millj. kr. Söluskattur, tölulíðir 3—5 að frádregnu framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, hækki um 35.4 millj. kr. 7. liðurinn, innflutningsgjöld, lækki um 50 millj. Það er vegna þeirra áhrifa, sem talið er að tolla-

breytingarnar hafi á þann lið. Samkv. þessu verður nettóhækkun tekjuáætlunar frv. 26.3 millj. kr.

Við næstu greinar frv. eru hvorki brtt. frá n. né meiri hl. hennar. Ég get þó ekki stillt mig um að segja frá því, að forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins sagði okkur frá því í n., að sameining stofnananna hefði gengið vel og virðist gefa eins góða raun og við var búizt. T. d. sagði hann okkur, að starfsfólki hefði fækkað um 14 manns við stofnanirnar báðar samtals og húsnæðiskostnaður og ýmis kostnaður annar hefði lækkað mjög verulega, eins og við var búizt.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 181, sem n. flytur sameiginlega.

Þá er fyrst brtt. við 11. gr. A. 8. c, einkennisbúningar héraðsdómara. Lagt er til, að sá liður hækki um 100 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. Þetta er leiðrétting vegna hækkunar, eftir að áætlunin var samin.

Liðurinn 10. b. 1, laun lögregluþjóna á Keflavíkurflugvelli, er lagt til að lækki um 300 þús. kr. Það er vegna þess, að gert er ráð fyrir að fækka um 3 lögregluþjóna þar.

Liðirnir 14, 17 og 24 hækka um samtals 120 þús. kr., og er það leiðrétting vegna launahækkana og kostnaðar, eftir að áætlanirnar voru samdar.

Við 12. gr. eru þessar brtt.: IV. A. 2 er nýr liður, 80 þús. kr., til landsspítalans. Það er vegna kaupa á röntgentæki — V. 1. a, rannsóknarstofa háskólans, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. vegna nauðsynjar að auka starfslið stofnunarinnar. — VI, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, er lagt til að hækki um 150 þús. kr., og er það vegna fjölgunar legudaga, en greiðslan er viss upphæð á legudag. — IX, bygging sjúkrahúsa o. fl., þessi liður er lagt til að hækki um 1725 þús. kr. Er það vegna mjög brýnnar þarfar að dómi landlæknis. — Loks er nýr liður, 20 þús. kr. vegna framhaldsnámskeiða fyrir lækna á vegum Læknafélags Íslands. Þessi námskeið voru tekin upp s. l. haust og þóttu gefast mjög vel, en Læknafélagið sér sér ekki fært að halda þeim áfram framvegis nema fá þennan styrk, og er lagt til, að því séu veittar 20 þús. kr. á þessum lið.

Við 13. gr. A eru þessar brtt.:

I, liðurinn hækki um 70 117 kr. Það er leiðrétting vegna hækkunar launa, eftir að áætlunin var gerð.

Við 13. gr. A. II. b er nýr liður, til samgöngubóta á landi, 1200 þús. kr., og raunar er sérstök brtt. á þskj. 204, sem n. hefur flutt, verði hún samþykkt, þá verður þessi liður 1400 þús. kr. Að þessu sinni er ætlazt til, að þessu fé sé skipt í kjördæmin utan Reykjavíkur, 200 þús. kr. í hvert kjördæmi. Nú er svo langt síðan vegalögum var breytt, að sums staðar er brýn nauðsyn að geta veitt nokkra úrlausn til aðstoðar á leiðum, sem eru ekki í tölu þjóðvega. Til dæmis um, hvernig nota má þetta fé, get ég sagt hér, hvernig þm. Vestfjarða hafa komið sér saman um að skipta því, sem í hlut þess kjördæmis kemur, ef till. verður samþykkt, en þeir ætla sér þá að skipta því þannig: Til Laugardalsvegar í Ögurhreppi 20 þús. kr., til Lokinhamravegar utan Stapadals 75 þús. kr., til Ingjaldssandsvegar í Önundarfirði 30 þús. kr. og til Tréskyllisheiðar milli Breiðabólstaðar og Djúpuvíkur 75 þús. kr. Um þessa vegi er það að segja, að einn þeirra er sýsluvegur, en tveir eru nánast fjallvegir. En þess er þó vænzt, að þetta muni geta orðið til verulegra úrbóta, ef þetta fé fæst til þeirra.

Þá er V, fjallvegir, sem er lagt til að hækki um 165 þús. kr. Þar voru einkum hafðir í huga vegur á Austurlandi yfir svokallaða Öxi, sem er fjallvegur, sem þeir hafa þar af miklum dugnaði ráðizt í að leggja sjálfir með lítils háttar styrk af fjallvegafé, og vegur, sem ráðgert er að ryðja milli Þingvalla og Laugardals yfir Lyngdalsheiði.

Þá kemur nýr liður, ferjubryggjur, 80 þús. kr. Þeir staðir, sem rætt var um í sambandi við þennan lið, voru eyjarnar Æðey og Vigur í Ísafjarðardjúpi, Gemlufall í Dýrafirði og Fjörður í Múlasveit.

Annar nýr liður, 200 þús. kr., er til að gera tilraunir samkvæmt þáltill. um rykbindingu á þjóðvegum. Vegamálastjóri telur þetta mjög mikilsvert mál, en nokkur stofnkostnaður muni vera við það í byrjun. En hann segir okkur, að ef árangur verði eins góður hér og t. d. í Svíþjóð, þá geti fengizt með þessu móti vegir, sem gefa litið eftir malbikuðum vegum, fyrir 1/10 kostnaðar, svo að af þessu er auðskilið, að það er mjög mikilsvert að gera þessa tilraun, þar sem það er komið í ljós núna með marga vegi hjá okkur, þar sem enn eru malarvegir í námunda við kaupstaðina t. d., að það er nær ógerningur að halda þeim við með þeim hætti, sem nú er gert.

Næst kemur liðurinn XII, til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra. Það er lagt til, að sá liður hækki um 193 þús. kr. Það er talið, að þessi upphæð nægi til þess, að þessir aðilar fái sama eða svipaðan styrk og þeir hefðu að venju fengið af 18. gr., en n. taldi heppilegra að fara þessa leið.

Þá kem ég að 13. gr. B. VII. Er lagt til, að sá liður hækki um 300 þús. kr. — Og næst er VIII, til hafnarbótasjóðs. Er lagt til, að sá liður hækki um 4 millj. kr. Það er vegna skemmda, er nýlega urðu í ofviðri og talið er óhjákvæmilegt að veita fé til nú þegar, til þess að hægt sé að byrja á lagfæringu og forða frekari skemmdum. En auk þess eru þarna teknar með fjárveitingar til lagfæringar eldri skemmda í Vestmannaeyjum og Bolungarvík, sem nauðsynlegt er talið að taka upp fjárveitingu til nú.

Við 13. gr. eru tvær tillögur, samtals 50 þús. kr., hvort tveggja leiðréttingar.

Við 13. gr. F er lagt til, að liðurinn til landmælinga hækki um 200 þús. kr. vegna kortagerðar. Auk þess eru tveir nýir liðir, 50 þús. kr. til áhaldakaupa fyrir flugbjörgunarsveit Akureyrar og 100 þús. kr. til lagfæringar vegna jarðrasks í Hveragerði. Auk þess eru smávægilegar leiðréttingar á nokkrum liðum, samtals 50 þús. kr., á þessari grein.

Um 14. gr. A er þetta að segja, að það eru smávegis leiðréttingar á kostnaði við skólastjórn við menntaskólana í Reykjavík, á Akureyri og Laugarvatni, 10 þús. kr. til hvers. —

Liðurinn X. 23, framlag til byggingar barnaskóla, er gert ráð fyrir að hækki um rúmar 5 millj. kr. Þó að þetta sé mikil hækkun, þá er þörfin víða svo brýn og ríkissjóður orðinn svo langt á eftir með greiðslu á sínum hluta, að þörf hefði verið á miklu hærri upphæð, þótt það hafi ekki þótt fært að þessu sinni. — XI, 1. liður, Eiðaskóli, þar er lagt til, að komi á 14. gr. nýr liður, til byggingar skólans 1 millj. kr., en niður falli 450 þús. kr. fjárveiting af 20. gr., svo að hækkunin nemur á þessum lið til byggingar Eiðaskóla 550 þús. kr. — Liðurinn XI. 30 hækki um 306071 kr., það er bygging héraðsskóla. — Næst er XV. 2, til íþróttasjóðs, sem lagt er til að hækki um 250 þús. kr. Það hefði raunar verið þörf á að hækka framlagið til íþróttasjóðs miklum mun meira, því að hann er orðinn langt á eftir með sinn hluta af kostnaðinum við íþróttamannvirki. En íþróttafulltrúi lagði mikla áherzlu á, að sjóðurinn fengi nokkra hækkun, til þess að hann gæti framvegis eins og hingað til veitt fyrstu fyrirgreiðslu við byggingu íþróttamannvirkja, nefnilega ráðleggingar um stærð og fyrirkomulag, en til þess væri sjóðurinn vegna fjárskorts orðinn mjög illa fær, og til þess að bæta úr því ákvað n. að hækka framlag til sjóðsins um þessa upphæð. — Þá er lagt til, að 6. liður hækki um 10 þús. kr. og 9. liður um 30 þús. kr. — Loks er svo nýr liður, til íþróttaskólans í Reykjadal, 50 þús. kr., það er byggingarstyrkur. Og til Íþróttasambands Íslands 150 þús. kr. byggingarstyrkur, fyrsta greiðsla af þremur. Þetta er gert m. a. í tilefni þess, að Íþróttasamband Íslands mun verða 50 ára á þessu ári.

Á 14. gr. B, 3. lið, þjóðminjasafnið, þar eru nokkrir liðir, sem þurfti að leiðrétta um samtals 47 þús. kr. vegna hækkana, eftir að áætlunin var gerð. — Þá eru nokkrar hækkanir á þessari grein vegna leikfélaga, er ekki hafa áður notið styrks, og til landssambands kóra og lúðrasveita, einn nýr tónlistarskóli og einn nýr námsstyrkur. Auk þess nýr liður vegna endurbóta á Þingvallabæ, 150 þús. kr.

Um 15. gr. er lagt til, að 10. liður, til kirkjubyggingasjóðs, hækki um 200 þús. kr. Tveir aðrir liðir eru nánast leiðréttingar um samtals 30 þús. kr.

Við 16. gr. A eru gerðar tillögur um hækkun. Það eru fyrirhleðslur á nokkrum stöðum, sem gert er ráð fyrir að hækki samtals um 260 þús. kr. Hér er um lágmarksupphæð að ræða að dómi vegamálastjóra, svo að unnt sé að forða frekara tjóni en orðið er. — 23, b-liður, sandgræðsla ríkisins, er lagt til að hækki um 320 þús. kr. Þessi hækkun er nauðsynleg vegna síaukinna verkefna sandgræðslunnar og þar af leiðandi þarfar hennar á auknu fé. — Sauðfjársjúkdómavarnir, b-liður, hækki um 240 þús. kr. — 44. a, bændaskólinn á Hólum, við bætist nýr liður, til lagfæringa og endurbóta 1½ millj. kr. Við athugun og úttekt staðarins vegna skólastjóraskipta kom í ljós, að óhjákvæmilegt var að vinna þessi verk. Til dæmis má taka, að rafmagnseftirlit ríkisins taldi nauðsynlegt að endurnýja raflagnir allar, ef staðurinn ætti að fá rafmagn áfram. — Þá eru á þessari grein leiðréttingar á nokkrum liðum og auk þess lagt til, að liðurinn 45. j hækki um 200 þús. kr., það er til byggingar húsmæðraskóla í sveitum.

Við 16. gr. B er lagt til, að 5. liður, til haf- og fiskirannsókna, hækki um 250 þús. kr. Er það m. a. með tilliti til umsóknar, sem kom um frekari rannsókn á smásíldarveiðum við Norðurland. — 8. liður, leit nýrra fiskimiða, er lagt til að hækki um 1 millj. kr. Það er talin alveg óhjákvæmileg hækkun vegna þess, hvað fiskimiðaleit er dýrt verkefni, að það er ekki hægt að vinna þar verulegt gagn nema með allháum upphæðum. — Þá er nýr liður við þessa grein, aukavinna matsmanna, 90 þús. kr.

16. gr. C, 7. liður, til byggingar iðnskóla í Reykjavík, lagt er til, að liðurinn hækki um 550 þús. kr.

Við 16. gr. E. I. 2 er leiðrétting, tæpar 30 þús. kr., og 3. b hækki um 110 þús. kr. vegna aukinnar starfsemi, það er búnaðardeild atvinnudeildarinnar. — Þá er IV. liður, til Verzlunarskóla Íslands, lagt er til, að liðurinn hækki um 355 þús. kr.

17. gr. Við bætist í lið I: til vatnsöflunar í Kelduhverfi og Hellnum, samtals 125 þús. kr. — V: Þar eru nokkrir styrkir til barnaheimila, elliheimilisins í Skjaldarvík og Sjálfsbjargar á Akureyri, samtals 135 þús. kr. Nýr liður á þessari grein, 1 millj. kr. til almannavarna.

20. gr. IX, til flugvallagerðar og öryggistækja, hækki um 2 millj. kr. Það hefur sýnt sig með flugvellina, að þar er þörfin á auknum aðgerðum mjög brýn. Einkum var það mjög aðkallandi vegna þess, að sjóflugvél sú, sem hafði verið í notkun hjá Flugfélagi Íslands, varð að hætta flugi á s. l. ári, vegna þess að ekki þótti fært lengur að halda henni við. Þá var aðkallandi að bæta flugvallakost á Vestfjörðum, og sama er reyndar sagan víðs vegar á landinu, þörfin kallar víða að um að bæta flugvelli og gera nýja. Er alveg óhjákvæmilegt að hækka um þessa upphæð.

XII, 2. liður, til byggingar menntaskólans í Reykjavík, er lagt til að hækki um 1 millj. kr. En það er orðið svo þröngt í menntaskólanum, að það er orðið alveg óhjákvæmilegt að hefja byggingu, og mun í ráði að hefja byggingu viðbótarhúsnæðis þar á þessu ári.

XII. liður 7 hækki um 150 þús. kr., það er garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi. — 9. liður, Eiðaskóli, hverfi hér, eins og áður var sagt, en í stað þess kemur nýr liður: til byggingar bústjórahúss á Eiðum, 100 þús. kr. — XXIV. liður, embættisbústaðir dýralækna, er lagt til að hækki um 158 þús. kr. — Við bætast tveir nýir liðir: Tilraunastöðin á Reykhólum 200 þús. kr., það er vegna kaupa á húsi við tilraunastöðina. Og 500 þús. kr. vegna kaupa á Vestdalseyri í Seyðisfirði.

Um 22. gr. er þetta að segja: Við bætast nýir liðir: 1) Ríkisstj. er heimilt að taka allt að 4 millj. kr. lán til eldisstöðvar fyrir lax og silung í Kollafirði, til byggingar stöðvarinnar. 2) Ríkisstj. er heimilt að selja prestssetursbúsið á Ísafirði. 3) Ríkisstj. er heimilt að verja 100 þús. kr. til byggingar kláfferju á Tungnaá hjá Haldi. 4) Ríkisstj. er heimilt að veita Dráttarbraut Akraness ríkisábyrgð fyrir láni allt að 3½ millj. kr., það er endurveiting. 5) Heimild til að gefa

eftir aðflutningsgjöld af bifreið kirkjubyggingarsjóðs Kópavogskirkju. 6) Ríkisstj. skal heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 1 millj. kr. vegna rannsóknarstöðvar háskólans við Barónsstíg. Það er orðið svo þröngt um þá stofnun, að það verður með engu móti lengur hjá því komizt að stækka þar húsnæðið. Það var raunar sótt um að fá nokkurn byggingarstyrk á þessu ári, en að þessu sinni var látið við sitja að veita þessa ábyrgðarheimild á láni. 7. liður: Ríkisstj. skal heimilt að ábyrgjast 500 þús. kr. lán fyrir Barðstrendingafélagið vegna gistihúsbyggingar.

Þá skal þess getið, að enn eru nokkur mál óafgreidd eða ætlunin að taka þau til frekari athugunar hjá n. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um flóabátastyrki, eins og venja er til, og 18. gr. verður endurskoðuð fyrir 3. umr.

Þá vil ég geta þess, að á sérstöku þskj., nr. 204, eru tvær till. frá n., önnur raunar aðeins leiðrétting vegna misritunar, þar sem Ögurvegur á að standa í stað þess, að Vestfjarðavegur var á þskj. Veitt er hækkun á fé, eins og ég sagði frá áðan, til samgöngubóta á landi um 200 þús. kr.

Að lokum legg ég til, að þessar tillögur nefndarinnar og tillögur meiri hl. n., sem ég hef lýst hér að framan, verði samþykktar og frv. síðan vísað að lokinni umr. til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það til fjárlaga fyrir árið 1962, sem hér er til 2. umr. og gerð hefur verið grein fyrir af hv. formanni fjvn., hefur verið til meðferðar í nefndinni frá því í október í haust. Það verður að segjast í sambandi við þessa umr., að vitanlega er tími orðinn stuttur til afgreiðslu fyrir hátíðar. En það er hins vegar mjög erfitt að hafa ekki tíma til þess að lesa nál. nefndarhlutanna, áður en farið er út í umr., en svo hefur verið að þessu sinni, þar sem nál. 1. og 2. minni hl. var ekki til útbýtingar fyrr en á þessum fundi. Um það ætla ég samt ekki að ræða að þessu sinni, heldur snúa mér að efni málsins.

Eins og hv. formaður tók fram, gerði hann grein fyrir því, sem er sameiginlegt frá n., og ég mun víkja að nokkrum atriðum þeirra tillagna síðar í ræðu minni. Ég get tekið undir það með formanni, að ég þakka honum og nm. fyrir samstarfið í n., því að persónulega er ekkert undan því að kvarta. Eins og venja er, þá fer það svo í fjvn., að leiðir skilja, enda er það sú nefnd, sem í höfuðatriðum boðar stefnu ríkisstj. á hverjum tíma og stefnu stjórnarandstöðunnar. Hér er því um eðlilegan hlut að ræða og alltaf ráð fyrir því gert. Stefnu hæstv. ríkisstj., sem birtist í þessum fjárlögum, mun ég ræða nokkuð í því, sem ég kann að segja hér á eftir.

Um fjárlög er það að segja, að það, sem skiptir máli í þeim, er í fyrsta lagi, hversu há þau eru, í öðru lagi, hvort þau eru nákvæm spegilmynd af útgjöldum ríkissjóðs, í þriðja lagi, hvernig teknanna er aflað, hvernig þeim er varið, hvort tekjurnar eru notaðar til uppbyggingar í landinu, til þess að bæta fyrir þá, sem þar eru og síðar koma, hvort sparnaður eða eyðsla er viðhöfð í ríkisrekstrinum eða hvort álögurnar eru miðaðar við aðra stefnu en hér hefur verið á drepið. Vil ég nú víkja nokkuð að þessum atriðum.

Þetta fjárlagafrv., sem hér er til meðferðar, er hæsta fjárlagafrv., sem legið hefur fyrir hv. Alþingi. Það segir þó ekki allt um það, hvernig fjármálastefnan er. Eins og ég drap á áðan, koma þar fleiri atriði til, sem ég ætla nú að víkja að, hvernig eru byggð í þessu fjárlagafrv. Ég vil þó geta þess, að í nál. okkar hefur orðið misprentun á fyrstu síðu, þar sem segir, að fjárlögin hafi hækkað yfir 900 millj. kr. í tíð núv. ríkisstj. Þetta er ekki rétt, heldur er þessi hækkun fjárlaganna í tíð núv. stjórnarflokka. Er þá tekið með árið 1959, er þeir fóru einnig með ríkisstj. í landinu, þó að það væri ekki þessi ríkisstj. Á þessu tímabili, þessum þremur árum, hafa fjárlögin meira en tvöfaldazt. Var það annað en búizt var við, þegar höfð er í huga sú gagnrýni, sem þessir stjórnmálaflokkar höfðu haldið uppi um fjárlagaafgreiðslu fyrri ára. Þegar þetta er athugað, þá ber að gefa því gætur, hvort hér er nákvæmar tiltekið um ríkisútgjöldin en áður hefur átt sér stað og hvort álögur á þjóðina eftir öðrum leiðum hafa verið auknar eða úr þeim dregið. Í því sambandi vil ég benda á það, að á fjárlögum ársins 1958 var pósti og síma lagt til uppbyggingar yfir 10 millj. kr. Þetta þýddi það, að gjöld til póst- og símaþjónustu í landinu voru þeim mun lægri, er þessari fjárhæð nemur, enda voru tekjur pósts og síma þá áætlaðar 103.6 millj. kr. Nú hefur hins vegar orðið á sú breyting, að þessari stofnun er ætlað að sjá fyrir sinni uppbyggingu að öllu leyti. Ríkissjóður leggur henni nú ekkert til, og hafa þess vegna gjöld ríkissjóðs lækkað um þessar 10 millj. rúmar, miðað við fjárlögin 1958. En hvað hefur skeð á sama tíma? Þá hafa tekjur pósts og síma hækkað úr 103.6 millj. í 216.9. Það eru álögur, sem hafa verið lagðar á þjóðina eftir þessari leið. Þetta kemur ekki fram í fjárlagafrv., heldur hefur þau áhrif þar, að það lækkar frv., en álögunum er náð af fólkinu í landinu, bara eftir annarri leið.

Annað dæmi vil ég nefna, sem stefnir í sömu átt. Ríkið hefur um langt árabil eða eina þrjá áratugi rekið skipaútgerð. Þessi skipaútgerð var að minni hyggju hugsuð sem aðstoð ríkisvaldsins við að létta byrðarnar á þeim, sem þurftu að njóta hennar. Það var gert ráð fyrir því, að með þessu móti gæti ríkið með þjónustu sinni þannig jafnað metin á milli þeirra, er búa hér í þéttbýlinu, og hinna, sem búa í dreifbýlinu. Á árinu 1958, samkv. fjárlagafrv. þá, hafði Skipaútgerð ríkisins 15.7 millj. kr. Það var framlag ríkisvaldsins til þess að jafna þessi met. En á þessu fjárlagafrv., sem hér er nú til umr., er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til aðstoðar við þetta fólk verði 10 millj. kr. Á þessum þremur árum er sú breyting á orðin, að fólkið úti um landsbyggðina, sem á að njóta þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, á að gera meira en að taka á sig alla þá verðhækkun, sem orðið hefur á þessum þremur árum. Og nú síðustu dagana er verið að hækka farmgjöldin um 33% til þess að reyna að jafna þessi met. Nú verð ég að segja, að það er að vísu

mín skoðun, að það takist ekki að jafna hallann á Skipaútgerð ríkisins með þessum 10 millj. og þeim hækkunum, sem gerðar eru. En það sýnir samt stefnu hæstv. ríkisstj. Hennar hugsun er að leggja meiri álögur á þetta fólk en annað fólk í þessu landi, ofan á þær almennu álögur, sem á hafa verið lagðar á þessu tímabili.

Þessi tvö dæmi sýna, að hér er ekki allt talið, þó að bent sé á það, hvað fjárlögin hafi hækkað á þremur síðustu árum.

Þá kem ég að þeim þættinum, hvort þetta fjárlagafrv. sé nákvæmara en verið hefur um önnur fjárlagafrv., þ. e. að útgjaldahliðin sé þarna réttar talin en verið hefur. Það gæti, ef svo væri, haft sín áhrif á hækkun fjárlagafrv. En nú er því ekki svo varið, að þessu sé þannig farið á núv. fjárlagafrv. Á 17. gr. frv. vantar 28.5 millj. kr., þ. e. lögboðið framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs. Því er haldið fram í aths. fjárlagafrv., að það eigi að greiða þetta framlag með skuldabréfum, en það er auðvitað ekkert annað en að ríkið er þá að taka lán til þess að greiða lögboðin framlög. Nú er um það að segja, að það er mjög fráleitt og algerlega óviðunandi, að ríkissjóður fari að haga þannig sínum rekstri, að hann taki lán til daglegra lögboðinna útgjalda. Það er ekki venja, að stofnanir, þótt minni séu, hagi þannig sínum útgjöldum, að lán séu tekin til daglegra rekstrargreiðslna. En hér er verið að fara inn á þessa braut hjá ríkissjóði með því að áætla ekki þessa fjárhæð á fjárlagafrv. Lög eru fyrir því, og það er viðurkenning fyrir því, að greiðsluna þurfi að inna af hendi, en það á að taka lán til þess að inna hana af hendi. Nú er um þennan sjóð að segja, að hann hefur með fjársöfnun sinni verið verulegur liður í uppbyggingunni í landinu, þar sem margir hafa fengið þar lán, sveitarfélög og fleiri hafa fengið þar lán til þess að koma áfram framkvæmdum, sem hefði ekki verið hægt að koma áfram að öðrum kosti. Með þessari leið hæstv. ríkisstj. er verið að loka þeim möguleikum, því að nú ætlar ríkisstj. sjálf að fá öll þau lán, sem sjóðurinn raunverulega getur lánað á næsta ári, ef hann lánar allt framlag sitt frá ríkinu. Hér er því hvort tveggja í senn verið að blekkja með þessu, því að rekstrargjöld fjárlagafrv. eru hærri sem þessu nemur, því að hér er um lögboðin útgjöld að ræða, sem verður ekki komizt hjá að greiða, og enn fremur er verið að draga úr möguleikum fyrir aðra aðila til þess að njóta þessa fjár.

Þá eru á 19. gr. fjárlagafrv. niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur áætlaðar 300 millj. kr. Um það liggja fyrir upplýsingar í fjvn., að til þess að hægt sé að inna af hendi á næsta ári þessar niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur með sama hætti og verið hefur, þurfi fjárþörfin að vera 373.8 millj. kr. Hér vantar því hvorki meira né minna en 73.8 millj. kr., til þess að hægt verði að inna þessar greiðslur af hendi. Því er að vísu haldið fram, að það eigi að breyta þessum reglum, en það liggur ekkert fyrir um það.

Fleiri atriði mætti nefna, sem stefna í sömu átt og þessi tvö atriði, sem ég hef hér nefnt, og sýna, að það er ekki nákvæmni viðhöfð í útgjaldatillögum fjárlagafrv. og niðurstöðutölur koma til með að verða mun hærri í ríkisrekstrinum en þar er gert ráð fyrir. Um rafmagnsveitur ríkisins er það að segja, að með þeirri hækkun á gjaldskrá, sem nú er fyrirhuguð og talin óhjákvæmileg, mun gjaldskrá þeirra hafa hækkað um 50—60% á þessum þrem árum. En til þess að þær geti innt af hendi þann rekstur, sem þær þurfa að annast, og þá uppbyggingu, sem þær ætla sér, þá mun samt vanta um 70 millj. kr. samkv. áætlunum raforkumálastjóra. Ekkert liggur nú fyrir um það, hvernig þessa fjár á að afla, hvort á að afla fjárins með lántöku eða hvort möguleg er lántaka í þessu skyni eða hvernig á að leysa málið á einn eða annan hátt. Ekki hefði verið úr vegi, að einhverjar upplýsingar hefðu legið fyrir um þetta, áður en fjárlagaafgreiðsla fór fram. Þess verður að vænta, að fyrir liggi meiri upplýsingar en enn er um þetta mál fyrir 3. umr., en eins og dæmið stendur í dag, þá virðist vanta þarna allt að 70 millj. kr. Tekið er fram í fjárlagafrv., að lánsfé eigi að koma til jarðhitasjóðs upp á 21 millj. kr., og er það í fyrsta skipti, sem farið er inn á þá braut í sambandi við jarðboranir. Það liggur ekki heldur fyrir nein skýring á því, hvort hugsanlegir möguleikar séu til að leysa þennan þátt, en það verður samt að ætla, að svo sé. Fleiri liðir, en smærri, eru vantaldir á gjaldahlið fjárlagafrv., sem nauðsyn ber til að leiðrétta fyrir afgreiðslu þess. T. d. má nefna lið til sundskyldu í skólum, sem er 370 þús. kr. lægri en sundskylduframkvæmdin reyndist á yfirstandandi ári. Í raun og veru er alveg óhjákvæmilegt að leiðrétta þetta, því að ef verður farið að leggja til hliðar lögboðin útgjöld ríkissjóðs, þá myndast þar hali, sem verður óviðráðanlegur síðar meir, og það má engin ríkisstj. leyfa sér að ganga þannig frá fjárlagaafgreiðslu. Ég get komið að því aftur, að það er með öllu óhugsandi, að Skipaútgerð ríkisins nægi það fjárframlag, sem henni er ætlað samkv. fjárlagafrv., og er þar þó einnig vantalin einhver upphæð. Hitt vil ég leggja áherzlu á í sambandi við þennan þátt ræðu minnar, að það er með öllu óverjandi, að ríkissjóður sé að taka lán til lögboðinna útgjalda eða að setja upp áætlanir, sem vitað er að fá ekki staðizt.

Það verður því augljóst, þegar þetta fjárlagafrv. er skoðað, að það er síður en svo, að það sé meiri nákvæmni höfð við undirbúning þess en verið hefur, þar sem ég hef talið hér vantalda liði, er nema á annað hundrað millj. kr.

Þá vil ég snúa mér að þeim þættinum, sem miðar að öflun tekna til þessa fjárlagafrv. Því hefur verið haldið fram, bæði af hæstv. fjmrh., þegar hann lagði frv. fram á s. l. hausti, og hér af hv. formanni fjvn., að það sé ekki um nýjar álögur að ræða í þessu fjárlagafrv. og afgreiðslan sé miðuð við það að leggja ekki nýja skatta á þjóðina. Mér sýnist við nokkra athugun, að gengisbreyting sú, sem gerð var á s. l. sumri, komi til með að afla ríkissjóði tekna upp á 120—150 millj. kr. á næsta ári, miðað við aukið álag, er á innflutninginn er lagt með gengis-

breytingunni. Einhvern tíma hefði það verið talið til aukinna álaga á þjóðina, ef hefði verið stungið á sig 120—150 millj. kr., eins og ríkissjóður gerir með þessari gengisbreytingu. En því til viðbótar má nefna það, að með því að ríkissjóður tók til sín gengishagnaðinn við gengisbreytinguna í sumar, þá var hann nú í nóvemberlok búinn að fá rúmar 70 millj. kr. af þessum gengishagnaði. Og sýnir það, sem fleira, að gengisbreytingin í sumar var ekki gerð í þágu atvinnuveganna, því að þá hefði verið eðlilegt, að þeir hefðu notið þessa gengishagnaðar, en ekki ríkissjóður, eins og þarna á sér stað. Það voru aðrar ástæður, sem þar voru ráðandi, eins og rætt hefur verið hér á hv. Alþingi.

Eins og ljóst er, ef borin eru saman þetta fjárlagafrv. og fjárlög frá árinu 1958, þá hefur sú breyting á orðið, að tekjuskatturinn hefur lækkað verulega frá því, sem þá var, og boðuð er breyting á þeim lögum um lækkun á tekjuskatti af félögum. Nú er um þessa breytingu það að segja, að það var nauðsynlegt að breyta lögunum um tekjuskatt og fella niður tekjuskatt af þurftartekjum. Hins vegar verður á það að líta, hvernig teknanna verður aflað, eftir að sú breyting er á orðin, sem af tekjuskattslækkun leiðir. Tekjuskattur hefur lækkað um allt að því 50% á þessum þremur árum, þegar fjárlögin hafa hækkað um meira en 100%. Þetta sýnir nokkra þróun, sem átt hefur sér stað í öflun tekna til ríkissjóðs. Það, sem hefur gerzt, er það, að tekjuskattur hefur t. d. verulega verið lækkaður á hátekjum, en í staðinn hafa verið á lagðir söluskattar og almennar tolltekjur ríkissjóðs hafa verulega hækkað á þessu tímabili vegna gengisbreytinganna. Það var boðað hér með bráðabirgðasöluskattinum, sem á var lagður 1960, að hann ætti aðeins að vera það ár, meðan hæstv. ríkisstj. væri að láta fara fram gagngera endurskoðun á fjárlögunum og koma sínum málum betur fyrir. Nú er búið að framlengja þennan bráðabirgðasöluskatt einu sinni enn þá og meira að segja reynt að koma honum nú fyrir með öðrum framlengingum, svo að framvegis geti hann orðið framlengdur nokkurn veginn af sjálfu sér. Á þessu tímabili hefur verið tekinn upp almennur söluskattur á allri vörudreifingu og þjónustu í landinu, 3%. Þar hefur verið farið inn á að taka skatt af hinum mestu nauðsynjavörum, eins og fiski, og svo öllum framkvæmdum, þ. á m. jarðvinnslu o. fl., sem var alveg óþekkt áður. Nú eru söluskattar orðnir tekjustofn ríkisins yfir 500 millj. kr., og er það æðimikil breyting frá því, sem var árið 1958. Það, sem hefur gerzt í tekjum ríkissjóðs, er það, að tekjurnar hafa meira og meira verið færðar yfir á hinn almenna borgara, en um leið verið reynt að hagræða meira og meira fyrir þá, sem betur mega sín. Þetta er sú breyting, sem á hefur orðið, síðan núverandi ríkisstj. kom til valda, og hún sýnir kannske betur en flest annað, hver er hin raunverulega stefna hennar. Það verður því ekki með sanni sagt, að tekjuöflunin sé réttlátari en áður var, nema síður sé.

Þá kem ég að því atriðinu, til hvers fjármagnið hefur verið notað, er til ríkisins hefur gengið, hvort meira af því en áður hefur verið notað í þágu hins almenna borgara til þess að bæta landið fyrir þá, sem nú byggja það og síðar koma.

Á árunum 1950—58 var 28.5% af heildartekjum ríkissjóðs varið til uppbyggingar í landinu. Nú er þessu hins vegar farið svo, að nú munu 17% á þessu fjárlagafrv. vera áætluð í sama skyni. Er hér ekki um neina smábreytingu að ræða, að í staðinn fyrir 28.5% eru það 17%, sem varið er til uppbyggingar í landinu. Ef framlag til vega, brúa og hafna væri svipað nú og það var 1958, miðað við niðurstöðutölur fjárlaga, þá ætti framlag til vega að hækka um 16 millj. kr., til brúa um 12 millj. og til hafna um 10 millj. Sú breyting, sem á er orðin á þessum árum, sýnir, að verðgildi þessa framkvæmdafjár hefur lækkað um 40—50%. Það segir líka sína sögu um, hvernig framkvæmdirnar verða á næstu árum, enda er svo komið, að þessar framkvæmdir eru að verða hverfandi litlar. Um hafnarframkvæmdirnar er t. d. það að segja, að ef fjárveitingin, sem nú er, helzt áfram, þá tekur það ein tvö ár að greiða þær skuldir, sem nú eru á fallnar. En ef framkvæmdirnar 1962 verða þær, sem ráðgerðar eru, þá mun það taka um 5 ár með núverandi fjárveitingu að greiða upp áfallnar skuldir og framkvæmdir í höfnum næsta ár, og yrði það alger kyrrstaða á næstu 5 árum, ef ætti að gera borðið hreint að þeim loknum. Nú sækir meira og meira í þá áttina, að skuldirnar hlaðast upp. Það getur gengið einhvern tíma, en það líður að því, að það verður að stöðvast. Og með þeirri fjárveitingu, sem nú er til hafnarframkvæmda, stefnir fullkomlega í óefni.

Ég vil taka annað dæmi, það er íþróttasjóður. Það tekur 10 ár að greiða áfallnar skuldir íþróttasjóðs með þeirri fjárveitingu, sem nú er. Hver hefði nú trúað því á árunum 1956—58, að þegar Sjálfstfl. færi að ráða í ríkisstj., þá yrði hlutfall íþróttasjóðs enn verra en það þá var? Sjálfstæðismenn sóttu það mál þá með miklu kappi að fá aukna fjárveitingu til íþróttasjóðs, og var þá hækkað verulega við hann, miðað við fjárlög þá, þó að það væri of lítið, t. d. við fjárlagaafgreiðslu 1957. En nú á að hækka um 250 þús. kr., aðeins til þess að hægt sé að veita þá þjónustu, er þarf til undirbúnings, enda eru fjárveitingar íþróttasjóðs orðnar með þeim hætti, að lögin eru að verða lítils virði, svo að ekki sé meira sagt. Ef þannig heldur áfram með þessa löggjöf og aðra umbótalöggjöf frá fyrri árum, þá fer svo, að það verður búið að trassa svo lengi að framkvæma það, að mönnum hrýs hugur við að leiðrétta þær áfallnar skuldir, og framkvæmdin fellur með öllu niður. Það stefnir ört í þessa átt með lögin um íþróttasjóð og verður fyrr en seinna, ef ekkert verður að gert til þess að leiðrétta jafnvægið.

Framlög til atvinnuveganna eru ekki fyrirferðarmikil í hækkun fjárlaga nú. Þar sem bezt lætur, má segja, að haldið sé í horfinu. Hins vegar er ekki verið nú að koma með nýjar fjárveitingar, svo að teljandi sé, sem aukið framlag til atvinnuveganna. Enn þá eru með öllu óleyst fjármál stofnlánasjóða landbúnaðarins.

Ekki bólar á neinum aðgerðum hæstv. ríkisstj. til þess að leiðrétta það mál. Það var þó boðað í hennar stjórnarsamningi, að það væri eitt af þeim málum, sem hún vildi vinna að. Fjárlög næsta árs munu þess vegna ekki hækka vegna þess, að framlag til atvinnuveganna hafi verið svo stórkostlega aukið. Nei, eins og ég sagði áðan, þar sem bezt er, er haldið í horfinu, en víðast hvar er svo ekki. Þess vegna verður ekki sagt, að ástæðan til þess, að fjárlögin hækki svo sem raun ber vitni um, sé sú, að meira sé varið til uppbyggingar í landinu en áður var. Það er síður en svo, að inn á þá braut sé farið, eins og ég hef sýnt hér fram á.

Þá kem ég næst að þeim þættinum, sem mikið hefur verið hér ræddur af hæstv. stjórnarliðum og kallaður hefur verið sparnaður. En segja má, að það hafi verið aðalinnihaldið í fjárlagaræðum hæstv. fjmrh., og einnig við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var í nál. þáv. meiri hl. fjvn. mjög að þessu vikið. Mér sýnist, að það sé búið að gefa fyrirheit um 59 sparnaðarloforð, svo að úr nokkru virðist hafa verið að vinna fyrir hæstv. ríkisstj. og eðlilegt, að eitthvað færi að koma til framkvæmda. Ekki fer nú mikið fyrir sparnaðartillögum hjá hv. meiri hl. að þessu sinni. Og sparnaðartillögur eða sparnaður í framkvæmd á fjárlagafrv. er nú fyrirferðarlítill. Hins vegar hefur það komið í ljós, sem að vísu var vitað og kemur greinilega fram í athugasemdum við ríkisreikninginn 1960, að ýmislegt af því, sem boðað var að til sparnaðar horfði, hefur farið á hinn veginn. T. d. kemur það þar fram, að árið 1958 voru 30 launaðar nefndir starfandi hér, en á árinu 1960 voru þær orðnar 60, — kannske hefur það verið til þess, að þær fylgdu tölunni 60, það hefur verið talið vel við eigandi, — en kostnaður við þær hafði einnig tvöfaldazt. Það var boðuð hér, þegar fjárlög fyrir árið 1961 voru lögð fyrir, gerbreyting á skattanefndum og mikill sparnaður boðaður í sambandi við þá framkvæmd. Sparnaðurinn átti að koma fram á árinu 1961, svo að fjárlagafrv. var þá miðað við þennan fyrirhugaða sparnað. Ekki hafa enn þá séð dagsins ljós brtt. eða frv. til laga um breyt. á þessu fyrirkomulagi. Rétt er nú að spyrja, hvað því líði og hvenær megi vænta sparnaðar í þessa átt, er þar var boðaður. Að vísu voru margir vantrúaðir á sparnaðinn af þessu breytta kerfi, og var ég meðal þeirra. En þó skulum við sjá, hvað setur, og bíða, þangað til hafizt verður handa um framkvæmdina. En ekki verður sagt með rökum, að í tæka tíð hafi ekki sparnaðurinn verið boðaður, fyrst meira en ár er liðið, síðan hann átti að vera afgerandi, en ekkert er farið að bóla á breytingum enn þá.

Þá er það eitt, sem kemur fram í athugasemd við ríkisreikninginn fyrir árið 1960, það er hagsýslugerðin, sem hefur verið unnið að nú tvö síðustu árin, og 300 þús. kr. kostaði hún árið 1960. Þeir tala um það samt, endurskoðendur ríkisreikningsins, að kostnaðurinn muni vera meiri, þar sem ýmsir af starfsmönnum stjórnarráðsins séu látnir leggja fram mikla vinnu í þessu skyni. Nú hefur ekki sézt mikill árangur enn af þessari hagsýslugerð, en ef til vill á hann eftir að koma í ljós. En enn þá er það kostnaðarhliðin, sem þjóðin hefur fundið fyrir, og það er trú manna, að nokkru meiri kostnaður hafi orðið við þetta verk á yfirstandandi ári en þó 1960.

Þá kemur það einnig fram í athugasemdum við ríkisreikninginn fyrir árið 1960, að bókin Viðreisn, sem ríkisstj. gaf út, þegar hún trúði á sitt eigið kerfi, hafi kostað ríkissjóð 300 þús. kr. Nú skal ég að vísu segja það, að út af fyrir sig er það nokkurs virði, að sú bók skyldi komast út til almennings, því að þá er þjóðinni kunnugt um, hvað hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að gera og einnig hvað hún hefur gert og hvernig viðreisnin hefur farið í hennar höndum. Hitt verður að segja og taka undir með athugasemdum ríkisendurskoðunarinnar, að það hentar ekki, að ríkissjóður sé að bera kostnað af pólitískum áróðri, eins og þarna á sér stað.

Í sambandi við sparnaðinn, sem hefur orðið útþensla, má einnig minna á það, að hér voru á síðustu dögum þingsins 1960 stofnuð nokkur prófessorsembætti við háskólann á einu kvöldi. Því var að vísu haldið fram þá, að þetta hefði ekki kostnað í för með sér, en það hefur hins vegar sýnt sig í fjárlagafrv., að kostnaðurinn hefur ekki látið á sér standa.

Saksóknaraembætti, sem stofnað var með lögum frá síðasta þingi, kostar orðið á aðra milljón, og sparnaðurinn í dómsmrn. er sáralítill, þó að þetta embætti hafi orðið til. Sakadómurum var fjölgað með lögum frá síðasta þingi, og nú er boðað að fjölga borgarfógetum og borgardómurum. Þá má minna á bankastjórana og bankaráðsmennina, bankaeftirlitið o. fl., sem hefur gengið í þá átt að þenja út ríkiskerfið af þessari hæstv. ríkisstj. Og það þarf ekki lengi að því að gá, að útþenslan er mun fyrirferðarmeiri en samdrátturinn, því að hann fyrirfinnst lítill hjá núv. hæstv. ríkisstj. Sparnaður hefur verið boðaður, en í framkvæmd er það útþensla á ríkisbákninu, sem hefur átt sér stað á þessum árum, enda sýna fjárlögin það glöggt.

Þetta almenna yfirlit mun ég nú láta nægja að sinni, en víkja þá að einstökum liðum fjárlagafrv. eða greinum og tillögum, sem fram hafa komið til breytinga á því.

Eins og hæstv. form. fjvn. tók fram áðan, stendur n. að till. meiri hl. til útgjalda, þó að þar sé, eins og venja er, fyrirvari um einstakar tillögur. Í sambandi við þær tillögur, sem þar eru fram bornar, vil ég drepa á nokkrar þeirra örfáum orðum.

Í þessum brtt. er gert ráð fyrir því, að fjárveiting sé til þess að gera tilraun með rykbindingu á þjóðvegum. Þegar fjárlög voru til afgreiðslu á síðasta þingi, var farið fram á það af vegamálastjóra að fá fjárveitingu til þess, en af því varð ekki þá. Það er því spor í rétta átt, að þessi fjárveiting skuli vera tekin upp nú, því að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, og erum við mjög fylgjandi því.

Um skólabyggingarnar vil ég segja það, að eins og kom fram við afgreiðslu fjárlaga á síðasta Alþingi, var það almenn skoðun fjvn., að setja yrði nýja reglugerð, sem tryggði það, að betur yrði gengið frá undirbúningi um framkvæmdir í skólabyggingum. Nefndarmenn voru

allir á eitt sáttir um, að það bæri nauðsyn til að gera þetta, og kom það fram í ræðu formanns nefndarinnar og ég held einnig af okkar hendi við umr. um fjárlagafrv. í fyrra. Mér er ekki kunnugt um, hvort þessi reglugerð hefur komið út, hún er þá alveg nýkomin, ef svo er. Hér er hið mesta nauðsynjaverk að vinna. Samkomulag varð um það í nefndinni að leiðrétta áætlanir hjá nokkrum skólabyggingum, sem voru í framkvæmd og sjáanlegt var að mundu að öðrum kosti stöðvast. Það varð einnig samkomulag um það að láta bíða til fjárlagaundirbúnings næsta haust leiðréttingu á nokkrum skólabyggingum, sem framkvæmd er að hefjast á eða ekki hafin. Þessi leiðrétting á að vera gerð með tilliti til þess, að framvegis eigi undirbúningur við þessar framkvæmdir að vera svo sem lög mæla fyrir um og unnið hefur verið að af fjármálaeftirliti skóla. Það er með öllu óhugsandi að láta þau mál vera svo á reiki eins og verið hefur nú um skeið, og getur stefnt, eins og þar sem vantalið er um greiðslu, í fullkomið óefni. Um þær nýju skólabyggingar, sem teknar eru að þessu sinni, lýstum við yfir, að við hefðum óbundnar hendur viðvíkjandi þeim, og hefðum við t. d. kosið að taka eitthvað af skólabyggingum úti um landsbyggðina, einhvern skóla í sveit, en það er ekki gert að þessu sinni. Við viljum leggja á það áherzlu, að þó að svo fari eitt ár, þá getur það ekki gengið lengi, og leggjum á það áherzlu, að það verði tekið til athugunar, þegar næst verður ákveðið um byrjunarframkvæmdir í skólum.

Tekið hefur verið upp að þessu sinni aukið framlag til að leita að nýjum fiskimiðum og til haf- og fiskirannsókna. Við höfum á undanförnum árum lagt fram tillögur til þess að fá þessar fjárveitingar hækkaðar, því að það hafa legið fyrir óyggjandi sannanir um það, að nauðsyn bæri til þess að hækka þessar fjárveitingar. Við erum því fegnir þeirri leiðréttingu, sem á hefur orðið, þó að það hafi í sumum tilfellum gengið of skammt. Við gerðum tilraun til þess á síðasta þingi að fá leiðréttingu á fjárveitingu fyrir búnaðardeild atvinnudeildarinnar. Það tókst ekki þá. Nú er bætt úr þessu að einhverju leyti, en hræddur er ég um það, að hér sé gengið of skammt, en ber þó að virða það, sem gert er.

Á hinum sérstöku tekjutillögum okkar vil ég gefa nokkrar skýringar. Eins og fram kemur í brtt. þeim, sem við gerum um tekjuáætlunina, er hún fyrst og fremst miðuð við það, að tekjur séu til þess að leiðrétta það, sem vantalið er á fjárlagafrv. Ráðuneytisstjórinn í efnahagsmrn. kom til fundar við nefndina og skýrði fyrir nefndinni, hvernig tekjuáætlunin væri uppbyggð. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann gaf, má gera ráð fyrir því, eftir hans útreikningi, að tolltekjur ríkissjóðs ættu að vera á næsta ári eitthvað yfir 900 millj. kr. Er það nokkru hærri upphæð en áætlað er í fjárlagafrv. Hann gaf þær skýringar um tolltekjumöguleikana, að gera mætti ráð fyrir því, að tolltekjur yrðu hagkvæmar eða að innflutningurinn yrði hagkvæmari ríkissjóði á næsta ári en yfirstandandi ár og s. l. ár og tekjur þess vegna meiri. Nú höfum við hins vegar ekki gert okkar áætlanir með þeim hætti, heldur höfum við reiknað með þeirri formúlu, sem hann gaf upp í nefndinni, sem sé að 31 króna færi í tolltekjur af 100 króna innflutningi. Hins vegar höfum við gert ráð fyrir meiri innflutningi en hann gerði ráð fyrir í sinni áætlun. En af þeirri reynslu, sem fengin er, og líkum um innflutning á yfirstandandi ári er okkar brtt. fram komin. Og eins og ég tók fram áðan, höfum við gert ráð fyrir því að nota að mestu leyti þá hækkun á tekjuáætluninni til þess að mæta þeim útgjöldum, sem ríkið á vangert við, en verður að greiða.

Þá höfum við, eins og við gerðum hér við fjárlagaafgreiðslu í fyrra, flutt nokkrar tillögur til sparnaðar á rekstri ríkisins. Við reyndum þá að prófa hæstv. ríkisstj. í framkvæmd í sparnaðarátt, að vísu höfðum við ekki af henni góða reynslu, eins og ég hef sýnt, en þó má enn þá gera tilraun til þess að vita, hvort hún er ekki til viðtals um eitthvað í þeim efnum.

Við leggjum til, að efnahagsmrn. verði lagt niður, því að það hefur ekki sýnt sig, að árangur af því ráðuneyti hafi orðið sá, að ástæða sé til þess að veita fjármagni til þess að halda því við. Við þetta mundi sparast að vísu lítil upphæð, um 370 þús. kr. En margt smátt gerir eitt stórt, og meta verður þetta eins og annað eftir verðmæti þess.

Þá leggjum við til, að annar kostnaður ráðuneytanna verði lækkaður, og teljum víst, að hæstv. ríkisstj. sé til viðtals um að spara á sínu eigin heimili. Og það hefur sýnt sig og kemur fram í athugasemdum við ríkisreikninginn, að endurskoðendum þykir þar nokkuð rúmt um að því leyti, að ríkisstj. leyfi sér of mikil gjöld á þessum lið. Og augljóst er það, að því hærri fjárhæð sem ætluð er til annars kostnaðar, því meiri verður hann. Þess vegna leggjum við til að lækka hann um 500 þús. kr.

Þegar hæstv. núv. utanrrh. var einnig fjmrh., var það eitt, sem hann benti á að mætti spara í ríkisbákninu, eins og hann orðaði það, og það var á utanríkisþjónustunni. Við fjárlagaafgreiðslu í fyrra kom meiri hl. fjvn. með þá ábendingu til hæstv. ríkisstj. að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum. Við gerðum einnig tillögu um það þá, að að þeirri breytingu yrði horfið, en hún náði ekki fram að ganga. Nú virðist það vera skoðun beggja stjórnarflokkanna, þar sem það hefur komið fram í ræðu hjá hæstv. utanrrh. og einnig hjá formanni fjvn. í fyrra, hv. þm. Magnúsi Jónssyni, að það bæri að vinna að samdrætti í utanríkisþjónustunni, og þess vegna viljum við nú bjóða hæstv. ríkisstj. samstarf um framkvæmd á þessu atriði. Sparnaður á þessu ári mundi verða um 1.9 millj. kr. að okkar dómi, þ. e. á árinu 1962, á þessu fjárlagafrv., en 3 millj. kr., þegar búið væri að umþótta sig í sambandi við framkvæmdina.

Einnig leggjum við til, að sendiráðið í París verði aðeins eitt, en þar hefur verið gerð sú breyting á, að sendiherra er einn, en sendiráðin eru hins vegar tvö. Við leggjum því til, að þau verði sameinuð og sendiráðið í París verði fulltrúi okkar bæði hjá frönsku þjóðinni og hjá NATO.

Þá höfum við endurtekið tillögu okkar um, að vegaeftirlitið sé kostað af bifreiðaeftirlitinu, en um það fluttum við tillögu í fyrra, og kostnaður þess falli niður á fjárlagafrv.

Þá höfum við gert tillögu um nokkra lækkun á 19. gr. fjárlaga og þ. á m. um, að ýmis útgjöld lækki um 5 millj. kr. Í ábendingu þeirri, sem meiri hl. fjvn. gaf ríkisstj. sinni við fjárlagaafgreiðslu 1961, benti hann á sendiráðin, benti á það að draga úr opinberum veizlum, benti á það að fækka tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnum, og höfum við nú einnig lagt til, að sá liður verði lækkaður. Nú er það ljóst, að margt af því, sem þar er bent á og ríkisstj. hefur haft ár til að hugsa um, það fer á kostnað á 19. gr. Þess vegna finnst okkur ekki óeðlilegt, þegar vilji er fyrir því hjá stuðningsmönnum ríkisstj., þó að hér verði um sparnað að ræða, og þess vegna megi lækka þennan lið um 5 millj. kr. Og okkur finnst, að í raun og veru sé þetta prófsteinninn á vilja hæstv. ríkisstj. til þess að sýna einhverja viðleitni í sparnaði. Þarna hefur hún líka möguleika til að fækka eitthvað nefndunum, sem hún hafði mjög á orði að nauðsyn bæri til, þegar hún hóf hér sinn fyrsta boðskap.

Við leggjum einnig til, að niður falli á 19. gr. fjárlagafrv. liður sá, sem ætlaður er til fyrninga, og endurnýjun á bifreiðum ríkisstofnana á 20. gr., þar sem þessir liðir virðast nú hvergi koma við, nema gera ríkisstj. rýmra um í ráðstöfunum.

Sparnaðartillögur okkar eru um 17.9 millj., fara langt til að jafna þær hækkunartillögur, sem við flytjum umfram leiðréttingar. Ég endurtek það, að það er von okkar, að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar muni fagna þessari tillögugerð okkar og veita þeim brautargengi hér á hv. Alþingi.

Þá kem ég að þeim tillögunum, er til útgjalda horfa og af okkar hendi eru fram bornar. Um þær er það að segja, að þær eru nánast leiðréttingar einnig, til þess að halda í horfinu með framkvæmdir í landinu, eins og þær voru fyrsta stjórnarár þessarar hæstv. ríkisstj.

Við gerum ráð fyrir að hækka framlag til þjóðvega um 25% og sömuleiðis til brúargerða og hafnargerða, en það er sú rýrnun, sem hefur orðið á notagildi þessa framkvæmdafjár frá því 1960, eftir því sem upplýst er af vegamálastjóra. Við höfum ekki gengið lengra í tillöguflutningi okkar en aðeins að halda í horfinu frá því ári. Hins vegar vil ég geta þess í sambandi við vegagerðina, að þar er tekin með sú fjárveiting, er ætluð var í Mýrdalssand á s. l. ári og unnið var fyrir 1960, enda var hún talin til vegagerðar á fjárlagafrv. Það var því með öllu óeðlilegt að láta vegagerðina lækka frá því, sem var á s. l. ári, en það gerir hún, þegar tillit er tekið til þessarar fjárhæðar. Ég hef rakið það hér að framan, hve mikla nauðsyn bæri til að auka fjárveitingar til þessara framkvæmda, en till. okkar eru þó ekki meiri en svo, að þær eyða dýrtíðinni, sem hefur orðið frá 1960, svo að framkvæmdir geti orðið hliðstæðar. Það verður að segja, að með meiri hógværð er nú ekki hægt að gera tillögur í þessu máli.

Þá leggjum við einnig til, að gerð verði ein breyt. á 14. gr. frv., en það er hækkun vegna námsmanna. Fyrir fjvn. lá bréf frá stjórnendum námslánasjóðsins, þar sem sýnt var fram á það, að fjárveiting til sjóðsins þyrfti að hækka yfir 700 þús. kr., til þess að framkvæmd laganna væri sú, sem boðuð var með frv., þegar það lá hér fyrir. Við leggjum til, að þessi fjárveiting verði tekin upp, enda mundi þá sjóðurinn geta annazt störf sín svo sem ætlað var með lagasetningunni. Ef þessi leiðrétting verður ekki gerð, verður þegar á öðru ári, eftir að sjóðsstofnunin átti sér stað, hopað frá því marki, er þar var sett, og teljum við, að nauðsyn beri til að halda í horfinu nú þegar, svo að ekki myndist þarna sem víða annars staðar óviðráðanlegir erfiðleikar.

Við höfum á nokkrum undanförnum þingum flutt till. um fjárveitingu til kaupa á jarðræktarvélum. Á síðasta þingi varð það fyrir okkar tillöguflutning í þessu máli, að fram kom frá stjórninni tillaga um 1 millj. í þessu skyni. Nú er það upplýst, að þessi 1 millj. mun ekki nægja til þess að anna því hlutverki, sem þessari fjárveitingu var ætlað. Við leggjum því til, að fjárveitingin hækki um 1 millj., og ætti það að bæta úr því, sem brýnast er.

Einnig leggjum við til, að til síldar- og fiskirannsókna verði varið 1 millj. kr. hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir á fjárlagafrv., og er það í samræmi við það, sem við höfum áður lagt til í þeim efnum.

Eins og ég tók fram hér að framan, vantar á 17. gr. fjárlagafrv. 28.5 millj. kr., sem er framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs. Við gerum tillögu um, að þessi fjárhæð verði leiðrétt á frv., og hef ég rökstutt það, hvert viðhorf okkar er til þeirrar afgreiðslu, er hæstv. ríkisstj. hugsar sér að hafa á þessari fjárveitingu.

Þá er það, sem ég kom að hér áðan, að á 19. gr. fjárlagafrv. vantar 73.8 millj. kr. til þess að standa undir þeim niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, er verið hafa nú um skeið. Í sambandi við þetta mál vil ég minna á það, að niðurgreiðslur eru búnar að vera hér í landinu ríkjandi hátt í tvo áratugi. Ástæðan til þess, að inn á þessa braut var farið, að greiða niður vöruverð hér innanlands, var ekki sú að gera það fyrir bændurna í landinu og ekki heldur fyrir launafólk í landinu, heldur voru þetta efnahagsráðstafanir, er ríkisstjórnirnar gripu til, hver sem það gerði. Þeim fannst þetta ódýrasta leiðin til þess að komast út úr vandanum, og inn á þessa braut var þess vegna farið. Lengi vel var hækkun á þessum niðurgreiðslum tiltölulega lítil og ekki um verulegar stökkbreytingar að ræða. Um þetta form er það að segja, að það hefur sína kosti og sína galla, og sérstaklega ef um er að ræða stökkbreytingu, þá getur það verið mjög hættulegt. Það var bent á það árið 1959, þegar ríkisstj. Alþfl. með stuðningi Sjálfstfl. jók niðurgreiðslurnar verulega, að hér væri verið að fara inn á varasama braut, því að með því að hafa niðurgreiðslurnar svo stórkostlegar sem þá var gert, þá gerðist það, að verð var mjög fjarri lagi, og það út af fyrir sig getur verið hættulegt. Í öðru lagi væri óheppilegt, að niðurgreiðslur færu upp fyrir

framleiðsluverð, þannig að framleiðandinn yrði að kaupa vörurnar með hærra verði en neytandinn. Og þá var sérstaklega á það bent, að ef breytt yrði um stefnu, þá mundi þessi háttur hafa þau áhrif, að verulega drægi úr sölunni. Nú má ekki heldur gleyma því, að með niðurgreiðslunum var verið að koma í veg fyrir launahækkanir hjá launafólkinu og einnig verðhækkanir hjá bændum. Þess vegna er málið ekki svo einfalt, ef á að fara að afgreiða það *nú eins og horfur eru á, ef fjárveitingin á ekki* að vera hærri en 300 millj. kr. Það, sem gerzt hefur síðan 1959, er það, að kjör fólksins í landinu hafa versnað. Þess vegna væri það að fara aftan að því nú, þegar búið er að taka vísitöluna úr sambandi við verðlagið og þar með kaupgjaldið, ef ætti að fella niður eða draga verulega úr niðurgreiðslunum. Mér sýnist að athuguðu máli, að ef ætti að lækka niðurgreiðslurnar um 74 millj. kr., eins og frv. gerir ráð fyrir, þá mundi það þýða, ef það t. d. kæmi á mjólkina, — nú er ég ekki að segja, að það mundi vera gert með þeim hætti, — en þá mundi það þýða nærri 2 kr. á hvern seldan mjólkurlítra, og þá stæðu eftir milli 70 og 80 aurar af niðurgreiðslunni á mjólk. Nú sjá allir, hvaða áhrif það hefði, ef þessi háttur væri upp tekinn. Og þó að niðurgreiðslurnar yrðu lækkaðar á öðrum vöruflokkum, þá hefði það sitt að segja, þó að það hefði kannske mest áhrif þarna. Þess vegna væri það nú, ofan á allar þær álögur, sem búið er að leggja á fólkið í landinu nú þrjú síðustu árin, allverulegur baggi til viðbótar, ef ætti að hörfa svo mikið aftur á bak eins og hér er gert ráð fyrir. Þess vegna verður því ekki að óreyndu trúað, að það sé hugsun hæstv. ríkisstj. að koma þannig aftan að fólki, eins og hún raunverulega gerði, ef niðurgreiðslurnar yrðu lækkaðar um þessa fjárhæð. Þá stæði það eftir, að fólkið hefði sitt háa verðlag, en hefði hins vegar tapað kauphækkuninni, sem það hefði fengið með hækkun á vísitölu, meðan hún hafði áhrif á kaupgjald.

Öllum er það ljóst, að ekki kemur til greina að falla frá útflutningsuppbótum á landbúnaðarvörur, því að um það var samkomulag um áramótin 1959—60 og breyting sú, sem gerð var á framleiðsluráðslögunum, beinlínis við það miðuð. Það er líka talið, að einmitt þetta atriði hafi haft áhrif á verðlagsákvörðunina á s. l. hausti. Þess vegna geri ég ekki ráð fyrir því, þó að hæstv. ríkisstj. ætli sér að gera hér á einhverjar brevtingar, að það geti orðið á öðru en niðurgreiðslunum. En hitt verða menn að hafa hugfast, að hér er verið að svíkjast aftan að fólkinu. Það var á sínum tíma lækkað kaup þess með niðurgreiðslunum, og ef það sæti eftir með hækkað vöruverð nú, þegar kjör þess hafa stórkostlega verið rýrð á öðrum sviðum, þá mætti segja, að álögurnar riðu ekki við eintevming. Þess vegna er það skoðun okkar og við trúum ekki öðru en það verði skoðun hæstv. ríkisstj. og fylgismanna hennar, að hér verði að leiðrétta á fjárlagafrv., svo að hægt verði að inna þessa greiðslu af hendi.

Við leggjum einnig til, að hækkuð verði fjárveiting til bygginga á jörðum ríkisins á 20. gr. Það hefur verið gerð tilraun til þess á síðustu þingum að fá þessa fjárveitingu hækkaða, og hefur það verið rökstutt, að hér er um að ræða fjárveitingu, sem hvorki er hyggilegt né framkvæmanlegt að komast fram hjá. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ef viðhald og eðlileg uppbygging er trössuð, þá segir það til *sín með enn auknu fjármagni síðar meir.* Þess vegna treystum við því fastlega, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér og samþ. verði tillaga okkar, svo að hægt verði að bæta úr á þessum sviðum, því að hér er ekki verið að fara fram á neitt nema það, sem óumflýjanlegt er.

Í ræðu minni hér að framan hef ég rætt nokkuð um uppbyggingu fjárlagafrv. og einstaka þætti þess. Áður en ég lýk máli mínu, vil ég að lokum taka saman í nokkrum meginatriðum heildarsvipinn á þessu fjárlagafrv. Í fyrsta lagi sýnir það, að álögurnar eru gífurlegar, sem þar eru fram taldar, og þó koma ekki fram allar þær álögur, sem á þjóðina eru lagðar af ríkisvaldinu, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Þá hef ég líka sýnt fram á það, að teknanna *er nú fyrst og fremst aflað af hinum almenna* borgara og æ gengið lengra ár frá ári að sækja þær inn á hið almenna svið í daglegri neyzlu. Ég hef líka bent á það, að þeim er ekki varið til uppbyggingar í landinu og til þess að aðstoða fólkið, sem þar býr nú, og fyrir framtíðina, heldur er síður en svo, þeim er varið í að auka dagleg útgjöld og eyðslu. Einnig í því, hvernig gjöldunum er skipt, er hallað á þann minni máttar, því að honum er á fæstum sviðum gert hærra undir höfði en þeim, sem betur mega. Þessar álögur, sem á þjóðina eru lagðar með fjárlagafrv. og með öðrum fjármálaþáttum hæstv. ríkisstj., stefna fyrst og fremst að því, sem lýst var yfir, þegar viðreisnin var hér til umr. á hv. Alþingi og hæstv. viðskmrh. var að kynna Alþingi og þjóðinni þá stefnu, en þá komst hann þannig að orði, að það væri stefnt að því að endurskipta þjóðartekjunum. Og það, sem hefur gerzt í tíð núv. hæstv. ríkisstj., það er að breyta skiptingunni á þjóðartekjunum þeim mörgu fátæku í óhag og hinum fáu efnameiri í hag. Hins vegar hefur það sýnt sig, að sú stefna, sem fylgt hefur verið á Íslandi til uppbyggingar í efnahagsmálum þjóðarinnar og sjálfstæði, hún hefur verið á annan veg en þennan. Þar hefur það verið kappkostað, að sem flestir yrðu bjargálna og þyrftu ekki aðstoðar að njóta sér til framfæris. Og því fleiri sem hafa tekið þátt í uppbyggingu og atvinnulífi þjóðarinnar, því betur hefur þjóðinni vegnað. Þess vegna er það okkar skoðun og bjargföst vissa, að stefna hæstv. ríkisstj. fái ekki hljómgrunn hjá þjóðinni, og í framtíðinni mun hún því bíða skipbrot, og þá verða þegnar þjóðfélagsins því fleiri bjargálna menn, sem sú nýja stefna, er þá tekur við, fær lengur við völd að sitja.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það verður nú að líta svo á, að það fjármálakerfi, sem ríkisstj. hefur nefnt viðreisn, sé um það bil búið að *slíta barnsskónum og* ekki sé lengur hægt að afsaka þau gönuskeið, sem það kerfi leiðir þjóðina út í, með því, að allt

sé á byrjunarstigi og standi til bóta. Þau fjárlög, sem hér eru til afgreiðslu, eru hin þriðju, sem miðuð eru við þetta efnahagskerfi, og er því komin nokkur reynsla á það, hvernig það muni reynast, og því miður liggur það í augum uppi, að það ætlar að reynast því verr, sem lengra líður frá tilkomu þess.

Það, sem öllu öðru fremur einkennir efnahagskerfið „viðreisn", er það, að íslenzkir peningar rýrna í verði með ótrúlega hröðum hætti, og til þess að vinna sama verkið í ár þarf ævinlega miklum mun meiri fjármuni en þurfti til þess á árinu næsta á undan. Þetta kemur greinilega fram á fjárlögum, og ef gerður er örlítill samanburður á því, hvernig heildarniðurstaða fjárlaganna hefur þróazt á hinum síðustu árum, kemur í ljós, að árið 1959, sem var fyrsta ár þeirrar valdasamsteypu, sem enn fer með völd í landinu, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins, nam heildarupphæð fjárlaga einum milljarð og 33 millj. kr. En strax á fyrsta ári viðreisnarinnar, árinu 1960, var áætluð skattheimta ríkissjóðs af þegnunum, þ. e. tekjuöflun ríkissjóðs, áætluð 1501 millj. kr. Og árið 1961 var tekjuhlið ríkissjóðs á fjárlögum komin upp í 1588 millj. kr. Þ. e. a. s. á fyrsta viðreisnarárinu hækkaði tekjuhlið fjárlaganna um 45% miðað við það, sem hún var árið 1959, árið 1961 var hækkunin komin upp í 54%, og sýnilegt er af því fjárlagafrv. og af þeim tillögum, sem fluttar eru hér af meiri hl. fjvn., að fjárlagafrv. fyrir árið 1962 muni nálgast 1750 millj. kr. að niðurstöðu. Þegar er sýnilegt, að það nær 1747 millj., en þá er orðin um það bil 70% hækkun á tekjuöflun ríkissjóðs frá því, sem hún var á árinu 1959.

Það er mikill siður talsmanna ríkisstj. að halda því fram, að allt, sem aflaga fer í þessu þjóðfélagi, stafi af einni og sömu ástæðunni, of háum kaupgreiðslum. Hvernig hefur nú þessu verið varið á því tímabili, þegar sjálfur ríkissjóðurinn telur sér nauðsyn að auka sínar tekjur um 70%? Það er ofur einfalt mál að skýra frá því, að við gerð tveggja fyrstu viðreisnarfjárlaganna, fjárlaganna fyrir árin 1960 og 1961, hafði engin kaupbreyting orðið í landinu, — engin kaupbreyting. Engu að síður þurfti ríkissjóður að hækka tekjur sínar um 54%. Á yfirstandandi ári hefur hins vegar orðið kaupbreyting. Hún nemur hjá fjölmennustu vinnustéttunum 10%, miðað við dagvinnuna. En með öllum þeim fríðindum tilreiknuðum, sem hinum nýju kjarasamningum voru samfara, er almennt talið, að kaupbreytingin í landinu hafi orðið eitthvað á milli 13 og 14%. Þessari kauphækkun er ríkissjóður að mæta með 70% tekjuhækkun hjá sjálfum sér á sama tímabili. Það er ærið verk að útskýra, hvernig það má ske, að þessi kaupbreyting eigi að vera undirstaðan að því, að skattheimta ríkisins vex svo óskaplega sem ég nú hef greint.

Ég hef drepið á það, að skattheimta ríkisins af þegnum þjóðfélagsins hefur á síðustu árum vaxið mikið, og stendur til, að hún vaxi enn á næsta ári. Nú þyrfti það ekki að vera alveg fráleit þróun, þótt ríkið tæki til sín hærri gjöld af þegnum sínum, ef þau gjöld rynnu til þess að framkvæma þarflegustu hluti fyrir þjóðina eða til þess að bæta lífskjör hennar með einhverjum hætti. Ég geri ráð fyrir því, að því muni haldið fram af talsmönnum ríkisstj., að þannig sé þessu líka varið að einhverju leyti. A. m. k. heyrir maður það oft, að mikil búningsbót sé nú orðin í tíð núv. ríkisstj. að því er varðar tryggingakerfið, almannatryggingarnar. Því miður er þar ekkert til að hrósa sér af fyrir ríkisstj. Þær upphæðir, sem þar hafa verið hækkaðar í bótagreiðslu, nema hvergi meira en því að jafna þann dýrtíðarvöxt, sem orðið hefur, en langvíðast hrökkva þær þó ekki til þess, hvað þá að þær nái þar umfram. Hér er því ekki að ræða um nein bætt kjör, ekki heldur hjá bótaþegum almannatryggginganna, þótt þeir hafi fengið nokkra hækkun bóta í krónutali. Á hinn bóginn liggur það alveg ljóst fyrir, að þeir liðir fjárlagaútgjalda ríkissjóðs, sem renna til mannvirkjagerðar, hafa yfirleitt staðið í stað eða hækkað miklum mun minna en vöxtur dýrtíðarinnar gaf tilefni til.

Það er þess vegna greinilegt, að þrátt fyrir þessa tekjuöflunaraukningu hjá ríkissjóði er nú minna framkvæmt á vegum ríkissjóðs en var fyrir tíð þess efnahagskerfis, sem nú ríkir. Framlög til samgöngumála, vegagerða, brúarsmíða og annarra slíkra samgöngumannvirkja hafa yfirleitt haldizt óbreytt í krónutali. Á örfáum liðum hafa þau aðeins þokazt upp á við, en hvergi nálægt því svo, að framkvæmdir hafi ekki orðið að dragast saman ár frá ári í þessu efni. Sama máli gegnir um hafnargerðir, og þó máske í enn ríkara mæli hefur þar verið efnt til samdráttar af ríkisvaldsins hálfu en á öðrum sviðum. Þessi sama saga hefur einnig orðið upp á teningnum, þegar litið er til gerðar flugmannvirkja, flugvallargerða og annarra þeirra mannvirkja, sem í sambandi við flugsamgöngur standa.

En þrátt fyrir þær hækkanir, sem orðið hafa á fjárlögum, og þrátt fyrir þann samdrátt, sem orðið hefur í verklegum framkvæmdum á vegum ríkissjóðs, er þar með ekki sögð öll sagan um afgreiðslu fjárlaga, því að hún heldur áfram líka utan fjárlaganna. Það hefur verið stefnt að því nokkuð markvissum skrefum af hálfu hæstv. ríkisstj. að auka einnig álögurnar á landslýðinn utan við skattheimtu fjárlaganna. Þannig hafa verið lögð á ný gjöld, sem koma ekki inn á fjárlögin. Er þar stytzt til að leita hinnar nýju hækkunar á útflutningsgjaldi, sem gerð var á s. l. ári í brbl., sem ríkisstj. gaf út þar um og liggja nú fyrir Alþ. til staðfestingar. Þá hefur einnig verið haldið áfram að innheimta ýmislegt það, sem ríkisstj. gaf loforð um að fella niður, meira og minna óljóst þó, vegna þess að það mun frá upphafi ekki hafa verið mikill vilji fyrir því að standa við þau. Svo er því t. d. varið um svonefndan bráðabirgðasöluskatt af innflutningi, sem áætlað er í fjárlagafrv. yfirstandandi árs að nema muni ekki minna en 188 millj. kr., eða um það bil 1000 kr. á hvert mannsbarn í landinu að meðaltali. Það hefur verið margrakið hér á Alþ., að þessi skattur átti að vera til bráðabirgða og var í upphafi ekki lögfestur nema til ársloka 1960, en hefur síðan verið endurnýjaður einu sinni og þá enn undir því yfirskini, að hann ætti ekki að verða neinn eilífur augnakarl í íslenzkri

löggjöf. En á þessu yfirstandandi þingi hafa hv. þingmenn fengið að sjá hann færðan í nýtt form, framlengdan með nýjum hætti, sem bendir ekki til þess, að þjóðin eigi það í vændum í náinni framtíð að losna undan byrðum hans.

En þótt ekki sé um mjög fjölskrúðugar nafngiftir að ræða í auknum álögum ríkisstj., hefur hún drjúgum aukið þær, sem fyrir voru, og heldur stöðugt áfram á þeirri braut. Gengisfelling sú, sem gerð var í ágústmánuði í sumar með brbl., hefur að sjálfsögðu aukið tekjur og tekjumöguleika ríkissjóðs að stórum mun, þar eð aðflutningsgjöld öll leggjast nú á miklum mun hærri fjárupphæðir en þau áður gerðu og leggja ríkissjóði þannig til stórar fjárfúlgur umfram það, sem verið hefur. En ekkert af þessu hefur sem sagt nægt ríkisstj. til þess að koma saman fjárlögum, sem væru hallalaus. Það hefur henni ekki tekizt með fjárlagafrv., og það hefur ekki heldur tekizt að gera neinar till. af hennar hálfu, sem í þá átt benda, að fjárlögin verði hallalaus um það er lýkur.

Nú standast að vísu nokkurn veginn á tekjur og gjöld á fjárlagafrv. og í þeim till., sem gerðar eru af meiri hlutans hálfu um fjárlög. Á hinn bóginn er sá jöfnuður fenginn með þeim kynlega hætti, að burt af fjárlagafrv. er kastað lögboðnum og gersamlega óumdeilanlegum útgjaldafjárhæðum ríkissjóðs og látið eins og það sé ekki til. Þannig hefur verið felldur burt af 17. gr. fjárlaga liðurinn um ríkissjóðsframlagið til atvinnuleysistryggingasjóðs, en það framlag er ákveðið í lögum nr. 29 frá 1956, og hefur verið gerð áætlun um það, hversu hátt það þyrfti að vera, og segir sú áætlun, að ríkissjóður muni komast í greiðsluskyldu við þann sjóð á árinu 1962 um 28½ millj. kr. Þetta er líka viðurkennt í athugasemdunum við fjárlagafrv., en þar er látið að því liggja, að þetta framlag muni á árinu 1962 verða greitt með skuldabréfum og þurfi þess vegna ekki að ætla fyrir því í útgjaldaliðum fjárlaga. Síðast þegar ég vissi, og það er skammt síðan, hafði ríkisstj. enga tilraun gert til þess að ná samningum við stjórn þessa sjóðs um neins konar skuldabréfaviðskipti. En það má svo sem hugsa sér það, að ríkisstj. takist um það er lýkur að gera einhverja slíka samninga um lánveitingar úr þessum sjóði, að hún þurfi ekki að reiða fram framlag sitt í reiðu fé á næsta ári. Þó breytir það ekki því, að engu að síður er hér um að ræða ríkisútgjöld, sem eiga að standa á fjárlögum. Það er annað mál, þó að þau þurfi að standa á tveim stöðum á fjárlögunum, á öðrum staðnum sem ríkisútgjöld, en á hinum staðnum sem lántaka af ríkisins hálfu. Ég held líka, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert hina minnstu tilraun til þess enn þá að afla sér heimilda til þess að taka lán fyrir þessu framlagi. Hér er þess vegna greinilega um áætlunarfölsun að ræða, með því að kasta þessum fjárlagalið fyrir borð og láta eins og hann sé ekki til.

Að hinu leytinu er svo rangt áætlað eða röng tala tekin inn í fjárlagafrv. varðandi niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Á 19. gr. fjárlaga er gert ráð fyrir 300 millj. kr. til þessara þarfa, en ráðuneytið hefur sjálft í sínum fórum áætlanir um það, að ef þessar niðurgreiðslur og þessar útflutningsuppbætur eiga að fara fram með svipuðum hætti og þær hafa gert á undanförnum árum, þá vantar á þessa upphæð 73.8 millj., til þess að hún sé í hlutfalli við þær greiðsluskyldur, sem á ríkissjóð falla af þessum ástæðum að óbreyttum reglum þar um. Nú hefur ríkisstj. eða a. m. k. hæstv. fjmrh. látið að því liggja í ræðu hér á Alþ., að fyrirhugað sé að breyta í einhverju þessum niðurgreiðslureglum, og í aths. við fjárlagafrv. stendur, að niðurgreiðslurnar séu í endurskoðun, og út á það er Alþ. svo ætlað að ákveða í fjárlögum, að 73.8 millj. kr. verði hleypt út í hækkað verðlag í landinu, en ekki fari fram niðurgreiðsla úr ríkissjóði með sama hætti og verið hefur. Þessi samskipti ríkisstj. við Alþ. minna helzt á hnífakaup að óséðu. Alþ. er ætlað að samþ. inn í fjárlög áætlanir, sem það fær ekki að vita, á hverju byggist, sem þar er farið með eins og mannsmorð, frammi fyrir Alþ., þar á að draga úr niðurgreiðslunum. Það er á hinn bóginn vitað, að þessar niðurgreiðslur munu allar vera á hinum allra nauðsynlegustu matvælum. Það eru að mestu leyti niðurgreiðslur á mjólk, kjöti, aðfluttum kornvörum og öðrum álíka þýðingarmiklum liðum, sem ekkert heimili í landinu getur án verið.

Það er þess vegna dálítið athyglisverð iðja, sem hér er höfð uppi af ríkisstj. hálfu, að leggja fram frumvörp og fá þau samþ. um lækkanir á tollum á hátollavörum. Auðvitað er það öllum ánægja, ef á einhverju sviði er hægt að spyrna gegn hinum þrotlausa dýrtíðarvexti, sem þjóðin hefur búið við um langt skeið og að mestu óbættan. En á hinn bóginn þykir mér ótrúlegt, að þeir menn, sem haft geta óblandna ánægju af niðurfellingu tolla og skatta á hátollavörunum, geri það í skjóli þess, að þeir ætli að hækka verðlagið á kjöti, mjólk og kornvörum um svo sem eins og 50% hærri upphæð heldur en þá upphæð, sem ríkissjóður afsalar sér réttinum til að taka af hátollavörum. Hverjum er ánægja að því, þótt hann geti lækkað grammófónplötur t. d. í verði um 10 kr., ef hann samtímis hækkar mjólið í grautinn hjá alþýðufólki landsins um 15 kr.? En það eru í rauninni hlutir eitthvað ámóta þessu, sem eru að gerast, ef gerð verður alvara úr því að hleypa út í verðlagið 73.8 millj. kr., sem annars væru niðurgreiðsla á brýnustu matvörum, en gefa eftir af hátollavörunum fram undir 50 millj., að því er hér hefur verið upplýst.

Ég tel, að ef Alþ. ætlar að halda einhverri virðingu, þá sé því ekki sæmandi að gera áætlanir sínar eða afgr. fjárlög út á óséðar breytingar ríkisstj. á niðurgreiðslum. Lágmark þess velsæmis, sem ég tel að ein ríkisstjórn verði að viðhafa gagnvart Alþ., ef hún ætlar að breyta hlutum eins og ég hef hér rætt um, er það, að hún geri Alþ. grein fyrir því, hvað stendur til, hverju á að breyta. Það hefur Alþ. ekki fengið að vita, og ég tel þá hv. alþm. heldur menn að minni, ég verð að játa það, ef þeir eru ánægðir með að gera slíkar milljónatuga samþykktir um hluti, sem þeir vita ekki og fá ekki að vita, hverjir eru.

Í fjvn. skilur á milli sjónarmiða Alþb. og stuðningsmanna ríkisstj. um marga hluti um-

fram þá, sem ég hef þegar gert að umræðuefni. Þó hefur þar verið góð samvinna um afgreiðslu margra mála og erinda, og hef ég ekki við þá hv. samnefndarmenn mína að sakast um vinnubrögð í nefndinni sérstaklega, enda þótt því sé ekki að neita, að lítill tími hefur verið ætlaður til raunverulegrar afgreiðslu á fjárlagaliðum. Og varðandi þær till., sem nefndin gerir sameiginlega, er vert að taka það fram, að þeim sér Alþb. ekki ástæðu til að beita sér á móti, enda þótt það áskilji sér óbundinn rétt um afstöðu til einstakra till. eða um aðrar brtt. um svipuð efni, sem fram kunna að koma. Flestar af þeim till., sem þar eru fluttar, eru hins vegar fluttar með góðu samþykki Alþb. við þá aðra, sem að þeim till. standa. En auk þeirra till., sem sameiginlega eru fluttar af nefndinni, þykir mér vert að geta þess, að meiri hluti fjvn. flytur nokkrar brtt. við tekjubálk frv. Í nál. meiri hl. stendur að vísu, að aðrir nm. en meiri hl. séu þessum till. andvígir. Hv. frsm. og formaður nefndarinnar hefur hér leiðrétt þetta. Það ber ekki að skilja svo, ekki a. m. k. að því er Alþb. varðar, að það sé mótfallið þessum till. Hitt er rétt, að það hefur ekki gefizt tóm til þess í nefndinni að athuga tekjubálk frv. svo, að af þess hálfu hafi verið óskað eftir því að eiga samaðild að flutningi þessara till. Ráðuneytisstjórinn úr efnahagsmrn. kom að vísu á fund fjvn. síðasta daginn, sem þar var haldinn fundur til undirbúnings 2. umr. fjárlaganna, og gerði þar í stuttu máli grein fyrir horfum þeim, sem það ráðuneyti telur vera um tekjuöflun á næsta ári, en að öðru leyti hefur ekki verið tóm til að athuga tekjuhliðina, og það hefur ekki verið gert í nefndinni, heldur munu meirihlutamenn byggja sínar till. á áliti efnahagsmrn. hér um, og óskaði ég ekki eftir að eiga aðild að flutningi þeirra, enda þótt þar með sé að sjálfsögðu ekki sagt, að ég sé andvígur þeim, eins og líka hefur verið leiðrétt.

Í þeim till., sem ég hef sérstaklega sem 2. minni hl. fjvn. gert við þetta frv., eru ekki heldur till. við tekjuhliðina að öðru en því, að ég hef gert till. um það að hækka um 10 millj. kr. þá áætluðu upphæð, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skilar ríkissjóði væntanlega á n. k. ári. Ég get einnig játað það, að sú till. byggist ekki á mjög nákvæmri athugun. En þó sýnist mér í fljótu bragði, að engin ástæða sé til þess að ætla, að tekjurnar verði ekki a. m. k. þessu hærri en í frv. er gert ráð fyrir, en líklegra tel ég þó hitt, að það mætti hækka þær nokkuð umfram þetta.

Um till. þær, sem mínu nál. fylgja um útgjaldaliði fjárlagafrv., þykir mér rétt að fara nokkrum orðum sérstaklega.

Eins og hér hefur raunar verið rakið nokkuð af frsm. hv. 1. minni hl. fjvn., hefur mikið verið talað um það, bæði í ræðum og einnig í nefndarálitum, frá ríkisstjórninni og hennar stuðningsmönnum, að mikið kapp skuli framvegis leggja á sparnað í ríkisrekstri. Í nál. meiri hl. fjvn. við afgreiðslu síðustu fjárlaga voru sparnaðaráætlanir í ekki færri en 23 liðum. Fyrsti liðurinn í þeim till. var um sendiráð Íslands í útlöndum, og þar var tekið fram, að til mála þætti koma að lækka launagreiðslur til starfsmanna í sendiráðunum, einnig þætti vel koma til mála, og ríkisstjórninni var raunar sett það fyrir, að fækka sendiráðunum, og sérstaklega á það bent, að vel mætti komast af með að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum í staðinn fyrir þrjú, sem nú eru þar. Þar stóð reyndar, að enn mætti fækka sendiráðum Íslands í útlöndum, og mun það hafa verið skráð með sérstöku tilliti til þess, að ríkisstj. þóttist fækka sendiráðum Íslands á árinu 1960 með því að hafa ekki nema eitt íslenzkt sendiráð í Parísarborg. Þessi fækkun sendiráða Íslands í París úr tveimur í eitt var reyndar framkvæmd með dálitið kynlegum hætti. Hún var framkvæmd með því, að það var ekki fækkað sendiherrum, heldur var annar sendiherrann látinn vera sendiherra í stjórnarráðinu hér við Lækjartorg, en einn sendiherra sat eftir í París. En hann hafði líka yfir tveimur sendiráðum að ráða. Og það kemur líka fram á fjárlögum yfirstandandi árs, að sendiráðið í París er með útgjöld svo sem eins og tvö meðalsendiráð, enda er því við brugðið af flestra þeirra hálfu, sem í þá borg hafa komið og séð, með hverjum hætti Ísland rekur þar sína utanríkisþjónustu, að slíkt bruðl sé með fádæmum.

Ég hef að vísu ekki gert till. um það að fækka sendiráðunum í París, því að þar þykist ríkisstj. vera búin að gera skyldu sína, þótt hún hafi gert það með þessum hætti. Hitt er á hinn bóginn óumdeilanlegt, að hún á algerlega eftir að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart sínum stuðningsmönnum í fjvn., sem á sínum tíma sögðu henni að setja upp eitt sendiráð á Norðurlöndum í staðinn fyrir þrjú. Og ég hef í mínum till. rétt ríkisstjórninni eða þeim hluta ríkisstjórnarliðsins, sem vill taka sjálfan sig alvarlega, rétt þeim höndina til samvinnu með því að gera í mínum brtt. tillögu um það, að sendiráðin þrjú í Kaupmannahöfn, Osló og Stokkhólmi verði felld niður af fjárl. sem sérstakir fjárlagaliðir, en í þeirra stað komi eitt sendiráð á Norðurlöndum, sem utanrrn. mundi að sjálfsögðu setja niður þar, sem það teldi heppilegast til þess að inna af hendi sendiráðsstörf af Íslands hálfu á Norðurlöndum. Mér sýnist, að með þessum hætti og með því að ætla þessu Norðurlandasendiráði nokkru ríflegri fjárveitingu en nokkurt sendiráðanna, sem nú starfa á Norðurlöndum, hefur, ætla því 2 millj. kr. í ársþarfir, þá væri hægt að spara verulega á fjárlögum, eða spara um svo sem eins og tæpar 3 millj. kr. ríkisútgjöldin á þeim lið. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu, því að það er ráðgert, að það verði fundarhlé milli klukkan fjögur og fimm?) — [Fundarhlé.]

Þegar hlé var gert á fundinum, hafði ég gert grein fyrir brtt. minni á þskj. 184 við 10. gr. fjárlaga, en þar hafði ég lagt til, að sendiráð Íslands á Norðurlöndum yrðu sameinuð í eitt sendiráð.

Við 11. gr. fjárl. hef ég leyft mér að flytja tvær brtt. Önnur fjallar um löggæzluna á Keflavíkurflugvelli, ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli, en til þarfa þeirrar lögreglu er á fjárlagafrv. ætlað úr ríkissjóði 4 577 000 kr.,

sem virðist vera ólíkt ríflegar skammtað fé heldur en til margra annarra þarfa, sem á ríkissjóð kalla. Þess er að geta sérstaklega í sambandi við lögreglumál, að úr ótal áttum er mjög sótt á um það að fá aukna löggæzlu, bæði í sambandi við mannfjölgun, sem verður á einstökum stöðum vegna atvinnuhátta, og einnig þeim þorpum í nágrenni Reykjavíkur, þar sem í sambandi við skemmtanahald verður mikið um mannaferðir og nokkurrar löggæzlu þykir þörf umfram það, sem þegar er. Við öllum slíkum kröfum hefur verið daufheyrzt í fjvn. að þessu sinni. Enda þótt í rauninni sé búið að gera af Alþ. hálfu samþykktir, sem fara í þá átt, að lögreglukostnaður á slíkum stöðum eigi að greiðast með þátttöku ríkisins, þá hefur þeim samþykktum ekki verið framfylgt til þessa og daufheyrzt við umsóknum um fjárveitingar úr ríkissjóði til slíks, en eftir stendur það, að á Keflavíkurflugvelli er ætluð fjárveiting til mikils lögregluhalds. Fjvn. gerir sameiginlega till. um að lækka þennan lið um 300 þús. kr., sem svarar til þess, að fækkað verði þar í liðsafla um þrjá lögregluþjóna. En mér finnst sú lækkun, þó að ég fylgi henni, svo langt sem hún nær, vera allt of lítil og hef gert till. um það, að framlag til ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli verði lækkað um helming, og mundu ríkissjóði með því sparast 2 288 000 kr., enda sé ég ekki, að það þurfi að veita hærri fjárhæðir en svo til þess að leggja til lögreglulið til að vernda okkur fyrir verndurum okkar, enda er þá eitthvað bogið við allan þann málatilbúnað og allar þær réttlætingar, sem hafðar eru uppi hér á Alþ. og víðar um það, að þarna sé eingöngu stöð fyrir liðsafla okkur til verndar, ef við þurfum svo að halda uppi svo óhóflega dýrri löggæzlu sem gert hefur verið að undanförnu og ráðgert er að gera enn.

Ég hef einnig gert þá brtt. við lögreglumálagreinina, að niður verði lagt vinnuhæli á Kvíabryggju, sem svo er kallað í fjárlögum, en þetta vinnuhæli á Kvíabryggju er í rauninni ekkert annað en skuldafangelsi, og hef ég aldrei fengið neina útskýringu á því frá hálfu þeirra lögvísu manna, sem í ríkisstjórn hafa fjallað um fjárveitingar eins og þessa. Það hefur stundum verið siður ríkisstjórnarinnar, þegar hún hefur þurft að réttlæta með einhverjum hætti till. sínar hér á Alþ., að fá uppáskrifað blað frá lagadeild háskólans um það, að gerningur hennar væri í samræmi við stjórnarskrá landsins. Nú vildi ég sérstaklega óska eftir því í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga, þar sem ætlaðar eru 1 050 000 kr. til þess, að ríkið reki skuldafangelsi að Kvíabryggju, — ég vildi sérstaklega beina því til dómsmrh., að mér þætti ákaflega vænt um að fá réttlætingu á því, hvar það er leyft í íslenzkri löggjöf að reka skuldafangelsi. Ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að leggja slík gögn fram sjálf, þá mælist ég til þess, að hún afli sér álits lagadeildar Háskóla Íslands um það, hvort hér sé um löglegt eða löglaust athæfi að ræða. Ég hef sem sagt enga réttlætingu séð á því og veit ekki til þess, að það eigi stoð í íslenzku réttarfari að reka skuldafangelsi, og hef þess vegna lagt til, að þessi fjárlagaliður verði felldur niður og ríkið hætti þeirri starfsemi sinni að halda uppi skuldafangelsi.

Við 12. gr., heilbrigðismálagrein fjárlaganna, hef ég gert eina brtt. Hún er um það, að styrkur ríkissjóðs til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, verði hækkaður úr 5 275 000 kr., sem í frv. er gert ráð fyrir, í 7 500 000 kr. Það er vitað mál, að ríkið á lögum samkvæmt að taka ákveðinn þátt í byggingarkostnaði sjúkrahúsa. Það dregst mjög aftur úr um það að standa skil á sínum hluta af þessum kostnaði, og einnig hefur fjárskortur til þessara þarfa orðið til þess, að heilbrmrn. hefur mjög tregðazt við að leyfa nýjar sjúkrahúsabyggingar, enda þótt þær séu óumdeilanlega þarfar og nauðsynlegar. Ég hef þess vegna gert till. um það, að þessi fjárlagaliður verði hækkaður um rúmlega 2 millj. kr., og mundi þá nokkuð rýmkast um í þessu efni. Auðvitað er sú till., sem ég hef hér gert, ófullnægjandi til þess að leysa ríkið frá sínum skyldum, þannig að ekki standi upp á greiðslur af þess hálfu, en þessi till. er þó mjög í þá áttina.

Kem ég þá að 13. gr. fjárlaganna, en við A-lið hennar, samgöngumálin á landi, hef ég gert 5 till. Fjalla þær um vegi og brýr.

Þess hefur áður verið getið hér, að framkvæmdir þær, sem ríkið á að standa straum af, hafi mjög dregizt saman vegna aukinnar dýrtíðar, þar eð fjárframlög hafa ekki hækkað til þeirra í neinu hlutfalli við dýrtíðaraukninguna. Þetta kemur sérstaklega hart niður á vegagerð ríkisins, sem einnig hefur með að gera brúarsmíðar. Vegamálaskrifstofan reiknar ævinlega út á hverju ári vísitölu byggingarkostnaðar vega og brúa, og ef, eins og vegamálaskrifstofan gerir, talið er, að vegagerðarkostnaðurinn hafi verið 100 árið 1949, þá var hann orðinn 367 kr. að meðaltali á yfirstandandi ári, og vegamálaskrifstofan áætlar út frá því, sem hún veit um verðbreytingar nú þegar, að á næsta ári muni vísitala vegagerðarkostnaðar verða 406. Þótt ekkert væri bættur upp sá kyrkingur, sem komið hefur í vegagerðina á síðustu árum vegna aukinnar dýrtíðar, heldur aðeins reynt að halda í horfinu frá því, sem var á yfirstandandi ári, þyrfti mjög að hækka framlög til vegagerðar á fjárlögum ársins 1962.

Svipaða sögu er að segja um brúargerðirnar. Vísitala brúarsmíða var á yfirstandandi ári 393 stig, miðað við 100 1949, en á næsta ári áætlar vegamálaskrifstofan að brúargerðarkostnaður muni vera 427 vísitölustig með sama hætti.

Ég hef gert till. um það, að sem næst verði haldið í horfinu um vega- og brúargerðir á árinu 1962, miðað við það, sem var á yfirstandandi ári, og reynt að spyrna nú fæti við um, að þessar framkvæmdir dragist frekar saman en orðið er. Till. mínar í þessu efni nema samtals 5 420 000 kr., og mundi ekki verða haldið í horfinu með þeirri hækkun einni saman. En ég hef tekið tillit til þess, að ég er ásamt öllum fjárveitingarmönnum öðrum meðflm. að till., sem varða þessa liði og nema 1.4 millj., um sérstakan fjárlagalið: til vegabóta eða til samgöngubóta á landi, og einnig um hækkun á

fjallvegafé um 165 þús. kr., svo að nærri lætur, að ég eigi þá alls aðild að nær 7 millj. kr. hækkun, eða 6 985 000 kr. hækkun á þessum tilteknu liðum, en það er það fé, sem þarf til þess að halda í horfinu frá s. l. ári. Ég hef hins vegar gert till. um það, að fé þetta skiptist með nokkuð öðrum hætti á hinar einstöku framkvæmdir en ég sé t. d. að hv. 1. minni hl. nefndarinnar gerir, þar sem hann lætur framlagið koma bara á tvo liði, miðar reyndar við árið 1960, og flytur þar af leiðandi nokkru meiri hækkunartill. en ég.

Ég hef lagt til, að fé þetta skiptist sem hér segir: Í fyrsta lagi, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, auk þeirra till., sem fluttar eru sameiginlega af fjvn., hef ég lagt til, að til vegagerðar verði framlagið hækkað úr 20 480 000 kr. í 22 650 000 kr., til endurbyggingar þjóðvega verði framlag hækkað úr 800 þús. kr. í 1 millj., til brúargerða verði framlagið hækkað úr 11 280 000 kr. í 12 250 000 kr. og til endurbyggingar gamalla brúa verði hækkað úr 1 425 000 kr. í 1.6 millj. kr.

Þá hef ég einnig lagt til, að framlag til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og kauptúnum verði hækkað úr 95 þús. kr. í 2 millj. kr., enda er á því hin brýnasta nauðsyn og fjárupphæðin 95 þús. í þær þarfir, varanlega vegagerð í kaupstöðum og þorpum, nánast tiltekið hlægileg, eins og verðlag er nú orðið, og væri alveg eins sæmilegt að strika hana út af fjárlögunum og að láta hana standa þar, því að fullyrða má, að eins og verðlagi nú er komið, þá geri hún ekkert gagn og hvetji engan til þess að leggja í slíkar framkvæmdir, svo smá er hún, miðað við verðlag nú.

Þá hef ég gert brtt. við þann lið 13. gr. frv., sem fjallar um hafnargerðir og lendingarbætur. Um það framlag ríkisins gegnir því sérstaka máli, að ríkið er skuldbundið til þess eftir ákveðnum lagagreinum að greiða vissan hluta af byggingarkostnaði hafna og lendingarmannvirkja, en um mörg undanfarin ár hefur verið misbrestur á því, að ríkið stæði við skuldbindingar sínar að þessu leyti, og segi ég það ekki sérstaklega þeirri ríkisstj., sem nú situr, til hnjóðs, sökum þess að sú þróun var byrjuð fyrir hennar daga og raunar löngu fyrir hennar daga. En á hinn bóginn er því ekki að neita, að með því hækkaða verðlagi, sem stafar af viðreisnarráðstöfununum, hefur byggingarkostnaður hafnanna hækkað gífurlega, og sú þróun, að ríkið dragist aftur úr í því að standa við sínar skuldbindingar, hefur verið miklu hraðari á síðustu árum en hún áður var. Hv. frsm. 1. minni hl. hefur hér gert grein fyrir því, að ef gerðar verða þær hafnarframkvæmdir, sem ráðgerðar eru á næsta ári og vitamálaskrifstofan hefur gert áætlanir um, þá mundi það taka ríkið ekki minna en fimm ár að borga sinn hlut í framkvæmdum næsta árs og þeim skuldum, sem þegar hvíla á ríkinu, ef framlag til hafnargerðanna ætti að standa óbreytt eða lítið breytt. Ég hef þess vegna gert till. um, að framlag ríkissjóðs til hafnarbóta verði hækkað úr 13.5 millj., sem það nú er í frv., í 20 millj. Það er till. um hækkun, sem nemur 6.5 millj., en það mundi sízt af því veita, ef gera ætti greiðslufrest ríkissjóðs á sínum skuldbindingum nokkuð teljandi styttri en hann nú er. En raunin er nú þannig, að þegar ráðizt er í hafnargerð á einhverjum stað, ef sú hafnargerð kostar eitthvert verulegt fé, þá reynist hið lögákveðna ríkisframlag ólíkt ódrýgra en hafnarlögin ætlast til, vegna þess að það kemur svo seint í hendur viðkomandi hreppsfélagi, sem um hafnargerðina sér, að það hrekkur naumast fyrir meira en vöxtunum af þeim lánum, sem viðkomandi hreppsfélög eða bæjarfélög hafa orðið að taka til hafnargerðarinnar, því að vextirnir eru nú slíkir og drátturinn á því, að ríkið skili sínum framlögum, að þau verða nánast tiltekið að engu nema vaxtakostnaði af lántöku. Hér á verður því að ráða bót, því að hér er komið í hreint óefni, og verð ég að játa, að sanngjarnt hefði verið að gera hér miklum mun stærri hækkunartill. en ég hef gert. En ég hef miðað till. mínar fyrst og fremst við það að prófa til þrautar, hvort hér er ekki hægt að rýmka nokkuð um, þannig að ríkið reyni að færa sig ögninni nær því en nú er að standa við sínar skuldbindingar, enda þótt fjárframlögin í þessu skyni, að minni till. samþykktri, væru að sjálfsögðu hvergi nærri fullnægjandi.

Við 14. gr. fjárlaga hef ég gert tvær brtt.

Önnur er varðandi verkamannafélagið Dagsbrún, sem nú hefur eignazt mikið og að flestra áliti mjög merkilegt safn bóka og blaða, sem a. m. k. að uppistöðu til er runnið frá Héðni heitnum Valdimarssyni. Verkamannafélagið Dagsbrún hefur komið þessu safni fyrir í vistlegum húsakynnum og séð því fyrir vörzlu og ber af því mikinn kostnað. En hér er líka um að ræða hina beztu starfsemi, og með því að ríkið styrkir fjölmörg bókasöfn, sem minna er um vert en þetta safn, hef ég gert að till. minni, að orðið verði við umsókn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um 100 þús. kr. framlag til þessa bókasafns.

Ég hef einnig gert brtt. við fjárlagaliðinn, sem nefndur er: til skálda, rithöfunda og listamanna, eða listamannalaun, eins og sá liður er oftast nefndur. Hér er í rauninni um beina launaliði að ræða, og þar eð flestir, ef ekki allir launaliðir fjárlaga hafa verið hækkaðir um 13.8%, sem er hin almenna launahækkun á snærum ríkisins, þá hefur mér þótt eðlilegt, að þessi liður væri hækkaður um sömu upphæð, og hef ég gert till. um það. Sú hækkun mundi nema 175 þús. kr. og fjárlagaliðurinn breytast úr 1 260 000 kr. í 1 435 000 kr.

Ég hef leyft mér að gera þriár brtt. við 16. gr. fjárlaga, greinina, sem fjallar um atvinnumál.

Í fyrsta lagi hef ég þar lagt til, að framlag ríkisins til mjólkurbúa og smjörsamlaga hækki úr 95 þús. kr. í 2 millj. Í sérstakri lagagrein í lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins er gert ráð fyrir því, að ríkið styrki mjólkurbú og smjörsamlög með sérstökum hætti og eftir ákveðnum reglum. En það er eins með þann lið og ýmsa aðra, sem ríkið hefur í rauninni tekið á sig skyldur af, að þar hefur illa verið staðið við fjárveitingar, og stendur inni á fjárlögum 95 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni, sem er

allsendis ónóg, enda hefur allur byggingar- og búnaðarkostnaður slíkra stofnana orðið svo mikill á síðustu árum, að óhugsanlegt er að láta þennan fjárlagalið standa óbreyttan, ef ríkið ætlar þar að standa við skyldu sína. En það hefur samt verið gert, að því undanskildu, að fyrir þremur árum var þessi fjárlagaliður aðeins hreyfður til, ekki til hækkunar, heldur var hann lækkaður úr 100 þús. kr. í 95 þús. kr., og þar við hefur setið æ síðan, enda þótt skuldir ríkissjóðs hafi myndazt í sambandi við þennan lið. Ég hef lagt til, að hann verði hækkaður upp í 2 millj. Ég hygg, að hann þyrfti ekki að verða svo há upphæð að staðaldri á fjárlögum. En a. m. k. á meðan verið er að reyna að grynna eitthvað á þeim óreiðuhala, sem myndazt hefur, þá veitir sízt af því, að þessi fjárlagaliður verði hækkaður í 2 millj.

Þá hef ég lagt til, að á sjávarútvegsmálalið fjárlagafrv., 16. gr. B, verði tekinn upp nýr liður: til að hreinsa veiðisvæði bátaflotans af þorskanetaleifum 1 millj. kr. Það er á allra vitorði og veldur flestum, sem um þau mál hugsa, miklum áhyggjum um þessar mundir, að eftir að til sögunnar komu þorskanet, sem fúna ekki í sjó, hleðst á netaveiðisvæði bátaflotans alls konar netaúrgangur, sem bátar verða þar af ýmsum ástæðum að skilja eftir. Þegar er fengin reynsla af því, að slíkar netaleifar eru mjög líklegar til þess að spilla sjálfum veiðisvæðunum til frambúðar, og þykir mér einsýnt, að til þess verði að koma, að ríkið sjái um, að þorskanetaveiðisvæðin verði með skipulögðum hætti hreinsuð af slíkum drauganetum, eins og þau venjulega eru kölluð, í lok hvers veiðitímabils, og hef ég þess vegna lagt til, að til þessa verði veitt af fjárlögum 1 millj. kr.

Varðandi iðnaðarmálalið fjárlaganna, 16. gr. C, hef ég tekið upp till. um, að Iðnnemasamband Íslands fái þar 50 þús. kr. styrk. 16. gr. C á fjárlögum byrjar á fjárveitingu til Iðnaðarmannasambandsins, 150 þús. kr., og ég sé ekki, að réttlætanlegt sé að neita Iðnnemasambandinu með öllu um hliðstæðan styrk, og hef þess vegna borið þessa till. fram.

Við 17. gr. fjárlaga hef ég gert þrjár till. Eina þeirra, framlagið til atvinnuleysistrygginganna, hef ég þegar rætt. En hinar tvær fara í þá átt, að ég legg til, að framlag ríkissjóðs til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna verði hækkað úr 475 þús. í 1 millj. kr. Það er almennt viðurkennt, að íslenzkir verkamenn vinni miklu lengri vinnudag en tíðkanlegt er hjá öðrum þjóðum. Það kallar auðvitað á enn þá meiri þörf fyrir það, að verkamenn hafi aðstöðu til þess í sínu sumarfríi að koma sér fyrir til hvíldar og hressingar, þannig að þeir megi endurnýja starfsþrek sitt undir næstu átök, en í þeim efnum er ekki til neitt orlofsdvalarheimili enn sem komið er. Alþýðusamband Íslands hyggst koma slíku orlofsdvalarheimili verkalýðssamtakanna upp og væri vafalaust búið að því eða a. m. k. komið vel á veg með það, ef ekki hefðu skollið yfir þær verðhækkanir og það dýrtíðarflóð, sem fylgdi í kjölfar hinna breyttu efnahagshátta, en það hefur til þessa hindrað það, að orlofsheimili verkalýðssamtakanna gæti risið, og það er því mikil þörf á því og í rauninni má telja, að það væri ekki nema svolítil skaðabót, þótt ríkissjóður hækkaði framlag sitt um þá upphæð, sem ég hér hef nefnt, 525 þús. kr.

Þá hef ég lagt til, að félaginu Sjálfsbjörg verði veittur nokkur byggingarstyrkur. Það hefur sótt um 75 þús. kr. byggingarstyrk. Í fjvn. hefur verið samþykkt að veita því 20 þús. kr. byggingarstyrk. Sú fjárhæð er að vísu allra góðra gjalda verð, en mér finnst hún mikils til of lág. Og þegar um er að ræða félag, sem er samtök öryrkja, þá er vart að búast við því, að þeirra rammleikur sé mjög mikill á fjárhagssviðinu, og þætti mér mjög hóflegt, þótt orðið hefði verið við þeirra hógværu beiðni um 75 þús. kr. framlag, og leyfi mér að gera till. um það.

Ég hef einnig gert brtt. við 19. gr. frv., sem fjallar um niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, og hef ég þegar gert þá tillögu að umtalsefni og sé ekki ástæðu til að fara um hana fleiri orðum.

Mér þykir vert, áður en ég lýk því að mæla hér fyrir tillögum, sem ég hef flutt á þskj. 184, að geta þess, að ég stend einnig að nokkrum fleiri brtt. ásamt nokkrum samþingismönnum mínum úr Suðurlandskjördæmi, og þykir mér vert að geta hér einnar þeirra. Hún er við 22. gr. fjárlaga. Það er að vísu galli, að þm. hafa ekki þá tillögu fyrir framan sig, þar sem henni hefur ekki verið útbýtt hér enn þá.

Það er á allra vitorði, að mjög miklar ráðagerðir hafa að undanförnu verið uppi um það að brúa Ölfusá á nýjum stað, hjá Óseyrarnesi, þ. e. a. s. við ósa Ölfusár. Sú brú hefði mjög mikla þýðingu fyrir allfjölmenn þorp, tvö og þó raunar þrjú, þ. e. a. s. Stokkseyri og Eyrarbakka, en einnig fyrir Þorlákshöfn, sem nú stendur til að verði gerð að stærri höfn og að þar verði meira atvinnulíf en verið hefur. Þorpin Stokkseyri og Eyrarbakki eru illa sett atvinnulega, eins og nú standa sakir. Það er í rauninni að mestu hætt að reyna að bæta hafnirnar á þessum stöðum að nokkru ráði, enda setja menn þar nú alla von sína á Þorlákshöfn. En ef brú kæmi yfir Ölfusá á þessum stað, yrði fjarlægðin, sem fara þyrfti á milli þessara þorpa, Stokkseyrar og Eyrarbakka annars vegar og Þorlákshafnar, ekki meiri en svo, að vel væri hægt að nota aðstöðuna, sem þegar er í þessum tveim þorpum, til þess að styðja við atvinnulífið í Þorlákshöfn, — en þó því aðeins, að þessi brú komi. Þorlákshöfn sjálf mundi einnig hafa mjög mikið gagn af því að geta nýtt vinnukraftinn, sem þarna er fyrir hendi og hefur húsnæði og ýmiss konar aðrar þarfir í sínum gömlu þorpum. Nú er það gefið mál, að brú þessi er dýrari en svo, að til hennar verði veitt fé, svo að fullnægjandi sé, á einum eða tvennum fjárlögum, og hefur mjög verið talað um það, að til þessarar brúargerðar verði að taka lán, sem síðan verði að borgast upp á nokkrum tíma. Ég er þeirri hugmynd samþykkur, og samflutningsmenn mínir að tillögunni varðandi þetta mál eru það einnig, og gerum við því tillögu um það, að á 22. gr. fjárlaga verði ríkisstj. heimilað að taka allt að 25 millj. kr. lán til þess að ljúka undirbúningi og hefja framkvæmdir við þessa brúarsmíði á Ölfusá í Óseyrarnesi.

Öðrum þeim tillögum, sem ég á aðild að við fjárlögin, vænti ég að aðrir muni gera hér grein fyrir, áður en umr. lýkur.

Ég vil þá að lokum gera grein fyrir því, að í þeim tillöguflutningi, sem ég hef hér viðhaft, liggur það að vísu fyrir, að ef fjárlög væru samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef lagt til, þá mundu fjárlögin sýna halla. Á hinn bóginn kemur sá halli eingöngu til af tveim tillögunum, tillögunni um atvinnuleysistryggingarnar og tillögunni um framlagið á 19. gr. til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta. Það mundi hins vegar í engu aflaga fjárhag ríkissjóðs. Það mundi kannske óprýða fjárlögin fyrir þá, sem finnast það vera falleg fjárlög, ef tölurnar standast þar á, en gefa minni gaum að hinu, hvað gerist í rauninni. Ég vil að sjálfsögðu taka allan þátt í því, um það er afgreiðslu fjárlaga lýkur, að koma þeim saman án halla. En ég hef ekki gert tilraun til þess við þessa umr. málsins, heldur tel ég, að sjálfsagt sé að þrautkanna það við þessa umr., hvernig liðsstyrkur ríkisstj. hér á Alþingi bregzt við þeim tillögum, sem gerðar hafa verið í þessu efni, áður en kemur til þess, að unnið verði að því að fá tekjur eða sparnað, sem vegið geti á móti þeim halla, sem þannig yrði á fjárlögunum. Ég sem sagt hef ekki gefið gaum að því í þessari umferð að gera tillögur um það að jafna þann halla, sem á fjárreiðum ríkisins verður með því að taka tillit til þessara útgjalda, en tjái mig fúsan til þess að taka þátt í því, að hér verði afgreidd hallalaus fjárlög, án þess að út af þeim sé hent fyrirsjáanlegum fjárgreiðsluliðum, og ekki heldur viljað taka þátt í því að gera hér fjárlagaáætlanir um einhverja hluti, sem Alþingi fær ekkert um að vita, eins og virðist vera tilgangur ríkisstj. með því að lækka framlagið til niðurgreiðslnanna frá því, sem ráðuneytið telur að þær þurfi að vera að óbreyttu, án þess að gera Alþingi nokkra grein fyrir því, hverjar breytingar þar eru fyrirhugaðar. Aðrar tillögur, sem ég hef hér gert, raska ekki jafnvægi fjárlaga. Þær eru samtals í auknum útgjöldum upp á rösklega 18 millj. kr. En ég hef líka gert tillögur um ýmist hækkaðar tekjur eða sparnað í ríkisrekstrinum um nokkuð á 17. millj. kr., og það bil, sem þarna er á milli, raskar ekki greiðslujöfnuði fjárlaganna þannig, að fjárlög yrðu ekki afgreidd hallalaus, miðað við þessar tillögur.

Þegar ríkisstj. og talsmenn hennar hafa almennt rætt fjármál ríkisins, hafa þeir gjarnan haldið því fram, að afgreiðsla fjárlaga mótaðist af þrennu:

Í fyrsta lagi því, að engir nýir skattar væru á þjóðina lagðir með afgreiðslu fjárlaganna. Ég hef lítillega drepið á það, hver sannleikur það er. Hér hafa vissulega með fjárlögum verið lagðir á nýir skattar, en einkum þó auknir þeir, sem fyrir voru, og það er auðvitað ný skattheimta, þegar verðgildi krónunnar er rýrt svo, að allar tekjur ríkissjóðs af innflutningi eru innheimtar af miklum mun hærri upphæðum en áður. Það er auðvitað ný skattheimta. Hér var lagður á söluskattur á fyrsta ári viðreisnarinnar, sem hafði ekki þekkzt áður. Hann var lagður á part úr árinu 1960, hann var lagður á allt árið 1961, og það stendur einnig til að leggja hann á allt árið 1962. Að auki er búið við stórhækkað útflutningsgjald, sem að vísu standa engar tölur um hér á fjárlögum, en af þeim útflutningsskatti er þó ætlað að taka tekjur til ríkisins þarfa, eða a. m. k. hefur það verið gert á yfirstandandi ári eða stendur til að gera. Í lagasetningunni um ráðstafanir vegna breytts gengis er gert ráð fyrir því, að hluti af ríkisábyrgðargreiðslunum verði greiddur með þeim tekjum, sem fást annaðhvort af gengishagnaði eða af þessum nýja útflutningsskatti.

Þá hefur því verið haldið fram af stjórnarliðinu, að stöðugt sé unnið að sparnaði ríkisútgjalda. Það er kannske virðingarvert, að það fer í minna lagi fyrir orðræðum talsmanna ríkisstj. um þennan lið nú. Það eru ekki skrifaðir upp langir listar af göfugum áformum, enda er þegar fengin reynsla af því, hvert slík áform leiða, en það hefur ekki verið til hinna betri staða. Það eina, sem ríkið hefur sparað á undanförnum fjárlögum, eru framlögin til verklegu framkvæmdanna. Það hefur verið sparað framlag til vega, sparað framlag til brúa, sparað framlag til skóla, sparað framlag til flugvalla, sparað framlag til hafna. Við þessa umr. fjárlaga eru einungis gerðar tillögur um það, að leyfðar verði þrjár nýjar skólahúsabyggingar á árinu 1962. Þjóð, sem er í jafnörum vexti og Íslendingar eru, hlýtur auðvitað að þurfa að byggja miklu meira af skólum, ef það á ekki að koma þjóðinni sjálfri í koll síðar, með því að hún verði, þegar búið er að draga þannig saman og halda aftur af landsmönnum að byggja skólamannvirki, að taka stórt stökk í þeim efnum, sem verður ríkissjóði þá væntanlega mjög þungur baggi.

Í þriðja lagi hefur hér mjög verið talað um það, og menn setja sig gjarnan í mjög ábyrgðar stellingar, þegar þeir halda því fram, að það sé höfuðmarkmið að afgreiða hallalaus fjárlög. Stendur nú til að afgreiða hallalaus fjárlög, ef farið verður eftir þeim tillögum, sem hér eru fram komnar af ríkisstj. hálfu? Ég segi nei og aftur nei. Ég hef þegar sýnt fram á það, að hér hefur verið efnt til rúmlega 100 millj. kr. halla á fjárreiðum ríkisins, því að það er auðvitað engin afgreiðsla á einu máli að taka ákveðnar greiðslur, sem ríkissjóður verður að inna af hendi, og nefna þær ekki á fjárlögunum. En auk þess er stöðugt í vaxandi mæli efnt til óbeins halla á fjárlögunum með því að standa ekki við þær skuldbindingar, sem ríkið á að standa við samkvæmt lögum, en svo er um framlagið til hafnargerða, svo er um framlagið til íþróttasjóðs, svo er um framlagið til mjólkurbúa og smjörsamlaga, svo er um framlagið til sjúkrahúsa, svo að nokkuð sé nefnt. Við ekkert af þessu er staðið samkvæmt lögum, og er það raunverulega ekkert annað en halli á fjárlögum að ætla minni fjárhæðir til þess arna heldur en þær, sem vitað er að ríkið verður að standa við lögum samkvæmt.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. og hv. meiri hl., sem hana styður í fjvn., taki þessi mál til nokkurra hugleiðinga, áður en hér verður gengið til afgreiðslu fjárlaga. Því miður sýnist mér,

að hér færist allt meira og meira í það horf, að það sé í rauninni ekki Alþingi, sem afgreiði fjárlög, heldur komi þau nokkurn veginn fullsköpuð ofan úr því virðulega stjórnarráði og það sé í rauninni ekkert annað en leiðinlegt formsatriði að þurfa nokkuð að vera að leggja þau fyrir Alþingi. Þannig virðist hv. fjárveitinganefndarmeirihluti hafa stöðugt minna um fjárlögin og fjármálapólitíkina að segja, og ef svo heldur fram sem horfir, gætu þm. máske átt von á því, að umsögn þess meiri hl., sem styður ríkisstj. í fjvn. um afgreiðslu fjárlaga, kæmist niður í það að verða eitthvað á þessa leið: Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Til þessa er að vísu ekki komið nú. Og ég vil alvarlega brýna það fyrir þingmönnum, að menn eru ekki kosnir til þessarar samkundu til þess eins að segja já og amen við öllu því, sem stjórnarráðið segir við þá. Það er fólkið í landinu, sem hefur kosið þá til þess að fjalla um m. a. og ekki síst fjárlögin, deila þar niður tekjum ríkissjóðs sem réttlátast til þegna þjóðfélagsins, og þótt mönnum kunni að finnast, að þeir, sem í ráðuneytinu sitja, séu bæði miklir menn og ágætir, þá leysir það engan þm. frá þeirri skyldu að hugsa sjálfstætt um afgreiðslu fjárlaga og framkvæma hana eftir beztu vitund.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 205, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hv. frsm. 2. minni hl. fjvn. var að bera kvíðboga fyrir því, að hér kynni að fara svo, að meiri hl. n. segði sem svo: Við leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Ég kannast nú ekki við það, að hér sé nein hætta á því. En það skyldi þó ekki vera, að hv. þm. hefði haft eitthvert annað ríki í huga, þar sem slíkur háttur kann að vera á hafður.

Hv. frsm. 1. minni hl., 3. þm. Vesturl., féll í þá freistingu að býsnast yfir því, að þessi fjárlög yrðu þau hæstu í þingsögunni. Eins og ég minntist á í framsöguræðu minni, eru ýmsir liðir fjárlaga þannig, að þeir beinlínis hljóta að vaxa með vaxandi fólksfjölgun og þjónustu við almenning. Það væri því eitthvað óeðlilegt, ef svo væri ekki, að fjárlögin hækkuðu, þegar fólkinu fjölgar eins ört og það gerir nú hér á landi.

Þá átaldi hv. þm. það, að póstur og sími skyldi vera látinn standa á eigin fótum, sagði, að það ylli hærri gjöldum notenda. Það er að vísu rétt. En ég tel það heilbrigðara en að leggja gjöldin á almenning án tillits til þess, hvort menn njóta stofnunarinnar meira eða minna. Auk þess vil ég geta þess að gefnu þessu tilefni, að póst- og símamálastjóri sagði okkur í nefndinni, er hann kom á fund nefndarinnar, að þrátt fyrir erfiðar aðstæður hér á landi væru gjöld notenda hér lægri en í nágrannalöndum okkar.

Þá ræddi hv. þm. um Skipaútgerð ríkisins og hallann á henni, sem hann taldi eðlilegan og jafnvel þótt meiri væri en áætlað er í frv. Rekstur Skipaútgerðarinnar hefur verið athugaður fyrst af nefnd samkvæmt tillögu Alþingis og síðar af erlendum sérfræðingum. Þar hafa komið fram tillögur um breytingar á rekstri og skipulagi og að nokkru á tækjum fyrirtækisins, sem talið er að geti bætt afkomu þess og sparað margar millj. kr. árlega, án þess að eðlileg þjónusta þurfi að minnka.

Ummælum hv. þm. um niðurgreiðslurnar og framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs mun hæstv. fjmrh. væntanlega svara og sömuleiðis þeim ummælum, sem frsm. hv. 2. minni hl. hafði um þau atriði. Ég vil þó aðeins geta þess í sambandi við ummæli hv. þm., frsm. 1. minni hl., 3. þm. Vesturl., að þótt hluti ríkissjóðs yrði ekki til útlána á næsta ári, þá ættu venjuleg útlán atvinnuleysistryggingasjóðs ekki að þurfa að minnka frá því, sem verið hefur, því að sá háttur hefur verið hafður á að festa ekki í venjulegum útlánum nema tiltölulega lítinn hluta af árlegum tekjum sjóðsins.

Um framlög til vega, brúa og hafnargerða er það að segja, að rétt er, að víða er þar brýn þörf. En einmitt af því, hvað fé, sem til þess er veitt, er tiltölulega lítið miðað við þarfir, tel ég, að taka ætti upp í meiri mæli en tíðkazt hefur ákvæðisvinnu við brúargerð, vega- og hafnargerðir. Mér er kunnugt um, að slíkt hefur gefizt mjög vel hérlendis. T. d. hefur hluti af flugvallargerð á Ísafirði, sem nú er nýlokið, verið unninn þannig, með þeim árangri, að sá hluti verksins, sem unninn hefur verið í ákvæðisvinnu, hefur ekki farið fram úr margra ára gamalli áætlun, þrátt fyrir allar verðhækkanir, sem orðið hafa á þeim árum. Ég er viss um, að ef slík vinnubrögð yrðu upp tekin meira en nú er, þá nýttist það fé, sem til umráða er, miklu betur en nú.

Vegna ummæla hv. þm. um, að ekkert væri hugsað fyrir stofnframlögum sjóða landbúnaðarins, vil ég skýra frá því, að hæstv. fjmrh. hefur einmitt mælzt til þess, að fjvn. taki upp við 3. umr. heimild fyrir ríkisstj. til að taka 25 millj. kr. lán og endurlána Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Um breytingar á tekjuáætlun frv., sem hv. þm. ræddi um, hygg ég, að þær séu ekki raunhæfar, eða a. m. k. tel ég ekki, að hann hafi fært sannfærandi rök fyrir þeim.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að bjóða herra forseta velkominn til þingsins eftir langa fjarveru í Vesturheimi.

Ef marka má af umr., sem hér hafa farið fram í dag, og þeim hita, sem liggur á bak við þær, þá verð ég að segja, að meiri hl. fjvn. hefur sannarlega leyst þann vanda vel af höndum, sem fyrir honum hefur legið, því að oft hefur nú hvesst meira hér í hv. Alþ. við umr. fjárlaga en hefur gert í dag, svo að ég held, að bæði hv. formaður og meiri hlutinn geti því verið ánægðir yfir því verki, sem þeir hafa lagt hér fram. Annars ætla ég ekki að ræða almennt um afgreiðslu fjárl.

Ég á hér á þskj. 205 eina litla till. um, að við 14. gr. B. XXIII bætist nýr liður: „Til Jochums Eggertssonar til ritstarfa og skógræðslu að Skógum 10 þús. kr.“ Jochum Eggertsson er,

eins og kunnugt er, bróðursonur Matthíasar Jochumssonar, skáldsins, sem orti þjóðsönginn okkar. Hann hefur helgað sig því starfi nú í seinni tíð að græða upp skóg á fæðingarstað Matthíasar, starfar við það af mikilli fátækt, en auk þess hefur hann í tómstundum ritað allmargar blaðagreinar, sögur og kvæði, og ég tel, að hann sé vel kominn að því að njóta þeirrar upphæðar, sem ég fer fram á, og vænti þess vegna. að hv. Alþingi samþykki þessa tillögu mína.

Úr því að ég stóð hér upp, þykir mér rétt að minna á, að mér sýnist, að bæði 1. og 2. minni hl. í fjvn. séu sammála um að halda því fram, að fjárlög hafi hækkað yfir 50% frá því, að fjárlög voru samþ. hér í tíð hinnar ágætu vinstri stjórnar. En þeim gleymist alveg að geta um aðalástæðuna fyrir þessari niðurstöðu. Hún er sú, eins og hv. frsm. 2. minni hl. ætti að vera bezt kunnugt um, þar sem hann var þá formaður fjvn., að vinstri stjórnin hafði tvenn fjárlög, ein fjárlög, sem hún lét samþykkja á Alþingi, en önnur fjárlög, sem hún lét Alþingi aldrei samþykkja og gerði það bara fyrir utan þingsalina að ákveða nokkur hundruð millj. til ýmissa þarfa fyrir ríkið. Mér þykir það ljóður á ráði þessara ágætu manna, að þeir skuli ekki hafa látið þessa getið, því að engum var kunnugra um það en einmitt þeim, að svona var farið að við fjárlagaafgreiðsluna á þeim árum. En þetta er ein af þeim meginástæðum, sem þeir hafa haft hér til gagnrýni á hæstv. ríkisstj. Hin meginástæðan er, að það hafi verið lagðir á nýir skattar, sem hvergi komi fram, vegna þess að gengið hafi fallið. Þessum ágætu mönnum er einnig vel kunnugt um, að það er ekki Alþingi eða þessi ríkisstj., sem hefur fellt gengið, heldur eru það aðgerðir þessara sömu manna fyrir utan Alþingi, sem gerðu það að verkum, að það varð að skrá gengið á því verði, sem þeir felldu það í. Og ef það er nokkur, sem hefur lagt aukaskatt á þjóðina með gengisfellingu, þá eru það fyrst og fremst þessir menn, sem hafa gert það og eiga þá að beina geiri sínum þangað, en ekki til hæstv. ríkisstj. Það þarf hvorki að hafa verið formaður fjvn. né þm. í nokkur ár til þess að vita, að það er gersamlega ógerningur að auka tekjur þjóðar með launahækkunum á einu ári um 600 millj. kr., svo að það komi ekki fram á gengi krónunnar. En það er einmitt það, sem þessir ágætu menn, sem nú voru að gagnrýna gerðir ríkisstj., stóðu að og fengu framgengt í landinu, það er að rýra kaupmátt fólksins með því að hækka kaupgjaldið í tölum eða raunverulega klippa í sundur hvern seðil, sem því var réttur í kaup, af því að þjóðin sjálf hafði ekki aukið tekjur sínar að sama skapi til þess að geta staðið undir launahækkununum. Ekki einungis vita þessir menn vel, að svona var þetta, heldur er þjóðin sjálf, sem betur fer, farin að skilja, að þetta er það raunverulega, og þess vegna hikar hún við að fylgja áfram þeirri stefnu, sem þessir ágætu menn hafa verið að telja henni trú um að væri bezta stefnan til betri lífskjara. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram svona til að fræða þessa ágætu menn um það, sem þeir þó áttu að vita um í þessum málum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa frv. Hún hefur lagt í það mikla vinnu og eins og í upphafi var óskað af hálfu ríkisstj. afgreitt málið af sinni hendi svo fljótt, að unnt væri að afgreiða fjárlögin endanlega fyrir jól. Ég vil sérstaklega þakka formanni fjvn., hv. 3. þm. Vestf. Ég veit, að honum hefur verið mikill vandi á höndum, þar sem hann nú í fyrsta sinn á sæti í nefndinni og auk þess hlutu veikindi hans að tefja nokkuð fyrir, en þrátt fyrir þetta hvort tveggja hefur hann stýrt starfi nefndarinnar með þeirri prýði, að bæði standast allar tímaáætlanir og álit og till. n. eða meiri hl. hennar eru svo vel úr garði gerð sem frekast verður á kosið. Ég vil einnig taka það fram í þessu sambandi, að tillögur frá meiri hl. hv. fjvn. um hækkanir á fjárlagafrv. munu vera minni nú en áður hefur gerzt.

Áður en ég vík að einstökum atriðum, sem fram hafa komið í þessum umr., þykir mér rétt að minnast á afkomuhorfur ríkissjóðs nú í ár, á árinu 1961. Ég minntist á það í fjárlagaræðunni í október, að eins og horfur væru þá og með hliðsjón af þeim atriðum, sem þá lágu fyrir, þá teldi ég víst, að jafnvægi mundi nást milli tekna og gjalda og ríkissjóður verða hallalaus á árinu 1961 og jafnvel einhver greiðsluafgangur. Á þeim vikum, sem síðan eru liðnar, hafa þessi mál skýrzt nokkru frekar, og verður að sjálfsögðu, þar sem árið er ekki á enda, að taka með nokkurri varúð og öllum fyrirvörum þeim upplýsingum, sem gefnar eru, þar sem aðeins liggur fyrir yfirlit um ellefu fyrstu mánuðina, en ekki síðasta mánuðinn né heildaruppgjör að sjálfsögðu.

Þess er þá fyrst að geta, að tekjurnar voru áætlaðar á fjárlögum 1588.7 millj. kr. Nú horfir svo, að tekjurnar muni fara nokkuð fram úr áætlun, og í þeim orðum, sem ég mæli um þetta hér, sleppi ég að sinni þeim hluta gengishagnaðar af útflutningsbirgðum, sem á að renna til ríkissjóðs, mun koma að því síðar. En það eru einkum þrír tekjuliðir, sem munu verða hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Í fyrsta lagi er það verðtollurinn. Hann hækkar nokkuð vegna gengisbreytingarinnar í sumar, og enn fremur verður hann nokkru hærri en áætlað var út af þeim tilfærslum, sem gerðar voru með tollalækkunarfrv., en þá var innflutningsgjaldið fellt niður af ýmsum vörutegundum og í stað margra aðflutningsgjalda var ákveðinn einn verðtollur. Rétt er þó að taka það fram, að af sumum vörutegundum er verðtollurinn lægri en var eftir gildistöku tollalækkunarfrv. En í heild er niðurstaðan sú, að verðtollurinn mun skila nokkru meiri tekjum en gert var ráð fyrir. Í öðru lagi mun tekju- og eignarskatturinn verða nokkru hærri en fjárlög gera ráð fyrir, og stafar það m. a. að áliti kunnugra manna af betri framtölum en áður, bæði tekju- og eignaframtölum, sem vafalaust á að verulegu leyti rót sína að rekja til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á skattalögunum. Og í þriðja lagi eru gjöld af innfluttum bifreiðum, sem verða nokkru hærri en fjárlögin gera ráð fyrir, og stafar það að sjálfsögðu fyrst og fremst af því, að innflutningur bifreiða var gefinn

frjáls á s. l. hausti. Með þeim fyrirvörum, sem ég gat um, má gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs verði á þessu ári a. m. k. 60 millj. hærri en áætlað var.

Varðandi útgjöldin skal ég fyrst minnast á rekstrargjöldin, sem voru áætluð 1476 millj. kr. Þau verða hærri í heild en áætlað hafði verið vegna kauphækkana og gengisbreytingar. Það hefur verið reynt eftir föngum að gera sér grein fyrir því, hversu mikið útgjöld ríkisins hækka á þessu ári vegna kauphækkananna og gengisbreytingarinnar. Ég minntist á það í fjárlagaræðunni, að gera mætti ráð fyrir, að sú hækkun yrði um eða rúmar 60 millj. kr., og býst ég við, að sú áætlun standist nokkuð vel. Aðalliðirnir eru hér hækkun vegna launabreytinga, sem mun verða um eða yfir 30 millj. kr. Það er fyrst og fremst 13.8% hækkunin, sem ákveðin var á laun opinberra starfsmanna síðari helming þessa árs. Nokkrir starfshópar fengu þó meiri hækkun, t. d. farmenn, ræstingarkonur, verkamenn í símavinnu og vegavinnu. Annar liðurinn er svo hækkun vegna gengisbreytingarinnar sjálfrar, og er þar um að ræða bæði hækkað verðlag á þeim erlendu vörum, sem ríkið eða ríkisstofnanir þurfa að nota, og hækkanir á vöxtum og afborgunum erlendra lána. Í þriðja lagi eru svo hækkanir vegna almannatrygginga, þ. e. a. s. þær uppbætur, sem ákveðnar hafa verið nú með lögum á greiðslur almannatrygginganna, lífeyri o. s. frv. Geri ég ráð fyrir, að þessir þrír liðir til samans nemi um eða rúmlega 60 millj. kr. á þessu yfirstandandi ári fram yfir það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Þá má í öðru lagi gera ráð fyrir því varðandi rekstrargjöldin, að einn liður þeirra fari nokkuð fram úr áætlun, og það eru niðurgreiðslur. Orsökin er m. a. og kannske að mestu leyti sú, að neyzla á sumum þeim vörum, sem mest eru greiddar niður, hefur aukizt meira og jafnvel miklu meira en allar áætlanir sögðu til um í byrjun ársins. Ég vil taka það fram, að það má gera ráð fyrir, að þessi útgjöld á rekstrarreikningi, sem ég nú hef minnzt á, fari fram úr fjárlagaáætlun um sem næst sömu upphæð og tekjurnar fara fram úr áætlun, eða í kringum 60 millj., m. ö. o., að þessi auknu rekstrarútgjöld, sem að mestu leyti stafa af kauphækkunum og þar af leiðandi gengisbreytingu, muni standast nokkurn veginn á við hinar auknu tekjur.

Varðandi 20. gr. fjárl. er sýnt, að einn liður þar, þ. e. a. s. greiðslur vegna ríkisábyrgða, fer langt fram úr áætlun. Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru ríkisábyrgðirnar áætlaðar 38 millj. kr., sem gert var ráð fyrir að kynnu að falla á ríkissjóð. Nú um síðustu mánaðamót voru þær orðnar 78 millj., eða 40 millj. umfram áætlun. Það má gera ráð fyrir því, að greiðslur ríkissjóðs vegna ábyrgðarlána í vanskilum verði á árinu um 85 millj., svo að maður nefni þá tölu, sem einna líklegust þykir í dag. Þegar gengisbreytingin var ákveðin í ágústmánuði, lá það að sjálfsögðu fyrir, að ríkisábyrgðalánin mundu verða ríkissjóði ákaflega þungur baggi og fara langt fram úr áætlun. Þessar miklu greiðslur stafa fyrst og fremst af hinum miklu og óvenjulegu erfiðleikum togaraútgerðarinnar. Og vegna þess að stundum hefur það heyrzt, að erfiðleikar togaraútgerðarinnar ættu að einhverju leyti rót sína að rekja til efnahagsaðgerða ríkisstj. og þingmeirihlutans, þá er rétt að minnast á, hverjar eru hinar raunverulegu orsakir þessara erfiðleika, því að því fer víðs fjarri, að efnahagsaðgerðirnar eigi nokkurn minnsta þátt í þessum erfiðleikum.

Erfiðleikar togaraútgerðarinnar stafa, eins og öllum er kunnugt, fyrst og fremst af hinni óvenjulegu aflatregðu togaranna nú á þessu og síðasta ári. Í rauninni á þetta miklu dýpri rætur, því að í heilan áratug hefur hlutur togaranna verið að sumu leyti af ríkisvaldsins hendi gerður rýrari en efni standa til. Árum saman urðu togararnir að búa við lægra fiskverð í sinn hlut en bátaútgerðin, og hlaut því þegar af þeirri ástæðu svo að fara, að þessir erfiðleikar, þegar þeir söfnuðust saman frá ári til árs, hlytu að enda með öngþveiti fyrir þennan atvinnuveg. Í annan stað er það svo að sjálfsögðu útfærsla landhelginnar 1. sept. 1958, sem hafði mjög alvarleg áhrif fyrir togaraútgerðina, þar sem hún með þeirri útfærslu var svipt mörgum af sínum beztu fiskimiðum. Að vísu koma að sjálfsögðu fleiri ástæður hér til, sem ég skal ekki rekja á þessum vettvangi, en þessir miklu örðugleikar, sem eru eitt af þeim stærstu viðfangsefnum, sem stjórnarvöldin eiga við að glíma nú og á næstunni, hafa átt meginþáttinn í því, að ríkisábyrgðirnar hafa farið og fara svo mjög fram úr áætlun á þessu ári. Að vísu er einnig rétt að taka það fram, að þær breytingar á lánum útgerðarinnar að breyta lausaskuldum hennar í lengri lán á vegum stofnlánadeildarinnar hafa einnig gert það að verkum fram til þessa, að meira hefur fallið á ríkissjóð af ábyrgðarlánum, af þeirri ástæðu, að meðan fram hefur farið athugun á afkomu þessara fyrirtækja, sem sótt hafa um stofnlánin, og þau mál hafa verið til meðferðar í stofnlánadeildinni og hjá bönkunum, hefur ríkissjóður að sjálfsögðu orðið að halda meir að sér höndum en hann ella hefði gert um innheimtu slíkra lána.

Með gengisbreytingarlögunum var svo ákveðið, að sá gengishagnaður, sem yrði af útflutningsbirgðum, sem þá voru til í landinu, skyldi fyrst og fremst ganga til þess að greiða, eftir því sem þyrfti, það tap, sem yrði á erlendum lánum ríkissjóðs. Í öðru lagi skyldi af þessum hagnaði tekinn hluti af útflutningsgjaldinu, þ. e. a. s. sá hluti þess, sem félli á vörubirgðirnar, og því, sem eftir yrði, skyldi varið til þess að létta byrðar ríkissjóðs af ríkisábyrgðunum. Nú hafa verið greiddar af þessum gengishagnaði birgðanna 75 millj. kr. í ríkissjóð.

Til þess að hv. þm. geti glöggvað sig nokkru betur á því, hvernig þessi ábyrgðarmál standa, er rétt að skýra frá því, að um s. l. áramót hafði ríkissjóður samtals þurft að leggja út 125 millj. kr. vegna áfallinna ábyrgðarlána. Ég vil taka það fram, til þess að ekki valdi misskilningi, að þessi heildarupphæð er að sjálfsögðu ekki nándar nærri einungis vegna togaraútgerðarinnar. Það eru ákaflega margvíslegar skuldir og margs konar skuldunautar, sem þar

eiga hlut að máli. En það, sem ég sagði hér um erfiðleika togaraútgerðarinnar í sambandi við ríkisábyrgðarlánin, á fyrst og fremst við yfirstandandi ár. 30. nóv. var þessi samtala áfallinna ábyrgða á ríkissjóð komin upp í 199 millj., og má því reikna með, að það, sem ríkissjóður hefur útlagt samtals vegna ábyrgðarlána í vanskilum, verði komið yfir 200 millj. nú um áramót.

Ef við lítum á síðustu ár, kemur það fram, að þessar ábyrgðargreiðslur hafa þrátt fyrir hækkandi áætlanir í fjárlögum farið mjög fram úr þeirri áætlun. Árið 1959 fóru þessar greiðslur 9 millj. fram úr áætlun, á s. l. ári 15 millj. fram úr áætlun fjárlaga, og nú, ef við notum þessa tölu, 85 millj., sem ég nefndi, þá eru það 47 millj. umfram áætlun, eða samtals á þessum þremur árum, 1959, 1960 og 1961, fara ríkisábyrgðirnar rúml. 70 millj. umfram áætlun fjárlaga. Ég skal ekki rekja þetta mikla vandamál, sem ríkisábyrgðirnar eru, hér, aðeins skýra frá þessum staðreyndum og undirstrika þá um leið, að það er vissulega ekki að ófyrirsynju, að ríkisstj. taldi nauðsynlegt í ágústmánuði að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að mæta þessum erfiðleikum, og sá gengishagnaður birgðanna, sem þannig var ákveðið að rynni að verulegu leyti í ríkissjóð, er því með þessum ráðstöfunum fyrst og fremst notaður til þess að létta af ríkissjóði þeim byrðum, sem á hann hafa fallið vegna útvegsins eða vegna atvinnuveganna.

Þegar litið er á horfurnar um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, má endurtaka það, sem ég sagði í fjárlagaræðunni, að það má telja víst, að jöfnuður náist milli tekna og gjalda og meira en það, nokkur greiðsluafgangur muni verða.

Það eru nokkur atriði í sambandi við ræður hv. framsögumanna beggja minni hl., sem ég vildi aðeins drepa hér á. Það eru í fyrsta lagi ummæli þeirra sjálfra og eins ummæli í nál. þeirra um áætlun fjárlaga til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta. Mér þykir rétt að taka það í fyrsta lagi skýrt fram, að engu hefur verið slegið föstu um breytingar á niðurgreiðslum. Ég tók það fram í minni fjárlagaræðu, að bæði niðurgreiðslurnar í heild og útflutningsuppbæturnar væru til athugunar og endurskoðunar hjá ríkisstj. og trúnaðarmönnum hennar. Og þessi upphæð, sem í fjárlagafrv. er, 300 millj., var sett þar og slegið saman í eina upphæð, í stað þess að þessir liðir hafa verið aðgreindir áður. En nú er því slegið föstu af hv. framsögumönnum minni hl., að þessar 300 millj. eigi að óbreyttum reglum að vera 373.8 millj. M. ö. o.: okkur eru fluttar þær fréttir, að hér vanti á nærri 74 millj., til þess að fjárlagafrv. sýni rétta mynd, og það, að í fjárlagafrv. eru ætlaðar 300 millj. til þessara greiðslna, sýnir þá annaðhvort, að eigi að svíkja bændur um útflutningsuppbætur þær, sem lögboðnar eru nú á útfluttar afurðir, eða lækka stórkostlega niðurgreiðslur á nauðsynjavörum almennings og valda þar með stórauknni dýrtíð. Og þessar 73.8 millj. munu byggðar á því, að útflutningsuppbæturnar muni verða á þessu ári 46 millj. og niðurgreiðslurnar 328 millj. tæpar að óbreyttu skipulagi.

Varðandi útflutningsuppbæturnar vil ég fyrst taka það fram, að þessi tala, 48 millj., er ekki þess eðlis, að nokkur minnsta ástæða sé að reikna með henni í fjárlagafrv. Reynslan hefur sýnt, að það er ákaflega erfitt að áætla fyrir fram þessar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir. Reynslan sýnir það. Í fyrrahaust gerði framleiðsluráð landbúnaðarins áætlanir tvívegis um það, hverjar uppbæturnar mundu verða. Þær áætlanir voru ekki samhljóða, en voru eitthvað á milli 20 og 30 millj. Uppbæturnar munu verða í ár, eftir því sem næst verður komizt nú, 18 millj. Í ágústmánuði s. l. fékk ég áætlun framleiðsluráðsins um, hverjar uppbæturnar mundu verða nú fyrir fjárlagaárið 1962. Áætlunin var 21 millj. Í næsta mánuði, septembermánuði, kom önnur áætlun frá framleiðsluráði, að uppbæturnar mundu ekki verða 21 millj., eins og í ágúst, heldur 46 millj. Því er ekki að neita, að þegar tölurnar taka þvílík stökk á fárra vikna fresti, þá er ekki að undra, þó að menn staldri við og athugi, hvað er hér á ferðinni. Og það, sem hér er á ferðinni, er fyrst og fremst það, að hinum kunnugustu mönnum, eins og þeim, sem stjórna og sitja í framleiðsluráði, þeim er í raun inni ekki mögulegt, ekki fært að áætla þetta fyrir fram. Þessi geysilegi munur á áætlunum í ágúst og september stafar annars vegar af því, að í annarri áætluninni er reiknað með miklu meira útflutningsmagni af kjöti og öðrum afurðum en áður, og í öðru lagi af því, að í annarri er reiknað með allt öðru verðlagi á erlendum markaði á kjötinu. Seinni áætlunin, sem hoppaði úr 21 millj. upp í 46, er byggð m. a. á því, að verð á kjöti hefði fallið mjög í Englandi. Hvort þar er um varanlegt verðfall að ræða eða ekki, ég treysti mér ekki til að dæma um það, og ég sé ekki eftir það, sem á undan er gengið, og þessar gerólíku áætlanir, sem við höfum fengið, nokkra minnstu ástæðu til þess að vera í þessu fjárlagafrv. að slá því föstu, að uppbæturnar verði 46 millj. fremur en 20 eða 25. Það, sem við verðum að gera í þessu efni, er að sjálfsögðu að bíða reynslunnar, og ef niðurstaðan verður sú, að uppbæturnar verði hærri en rúmast innan þessara áætlunarfjárlaga, eins og þau eru nú, þá verður auðvitað að bæta það upp með fjárlögum næsta ár.

Þetta dæmi varðandi útflutningsuppbæturnar ætla ég að geti verið hv. þm. til nokkurrar leiðbeiningar um, að það er ekki hægt að taka töluna 46 millj. og slá henni fastri. En einnig er þess að gæta, að skipulag þessara mála, útflutningsmála landbúnaðarafurða, ætla ég að þurfi mjög rækilegrar endurskoðunar og umbóta við. Ég minntist á það í umr. um fjárlögin í fyrra, að það skipulag, sem við búum við í þessu efni, er með öllu úrelt. Meðan aðrir atvinnuvegir hafa gerbreytt vinnslu og öllum útbúnaði sinna afurða, unnið sér nýja markaði með nýjum frágangi, nýrri vinnslu og vinnslutegundum á sínum tegundum, þá virðist allt hafa staðið í stað líklega helming aldar eða jafnvel síðan á 19. öld um útflutning á kjöti. Og það er vissulega ekki að ófyrirsynju, að þrír hv. þm. hafa flutt till. til þál. á þskj. 194 um það að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir, að

tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar yrðu nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu, verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjötið í hverju því formi, sem gefur hagstæðast verð. Og flm. benda á það, að búnaðarþing, hið síðasta, hafi talið nauðsyn að hefja markaðsleit erlendis fyrir íslenzkt dilkakjöt á víðara grundvelli en verið hefur. Í grg. þessarar till. til þál. er einnig á þetta bent, hversu mjög þessi útflutningur er á eftir tímanum. Nú tekur það vafalaust nokkurn tíma að fá hér þá breytingu á, sem kröfur tímans útheimta og aðrar atvinnugreinar, fyrst og fremst sjávarútvegurinn, hafa fyrir löngu komið í framkvæmd. En þeir forustumenn landbúnaðarins, sem hér hafa verið að verki, hafa því miður verið of lengi í gömlum farvegi í þessum efnum, og þarf hér vissulega umbóta og lagfæringa við. Það má vera, að þær endurbætur, sem þarf að gera frá grunni í þessum efnum, skili ekki hagnaði þegar í stað. En á því er enginn vafi, að með það framúrskarandi kjöt, sem framleitt er hér á landi, því að íslenzka dilkakjötið er viðurkennt fyrir bragðgæði, hlýtur að vera hægt með réttum vinnubrögðum að vinna því markað, þannig að fyrir það fáist miklu hærra verð en nú er. Það er auðvitað hagsmunamál þjóðarinnar allrar, það er metnaðarmál bændastéttarinnar, og það er að sjálfsögðu líka stórfellt hagsmunamál fyrir ríkissjóðinn til að draga úr þessum uppbótum. En það vil ég undirstrika, að vitanlega hefur ekki nokkrum manni komið í hug annað en að standa fyllilega við greiðslu útflutningsbóta, sem lög ákveða fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir.

Varðandi svo niðurgreiðslu á vöruverði, hefur framkvæmd niðurgreiðslunnar í ýmsum greinum verið mjög gagnrýnd, ekki aðeins nú, heldur um langan aldur, og niðurgreiðslurnar hafa ár frá ári oft og tíðum meira og minna aflagazt. Við niðurgreiðslur verður auðvitað að gæta margs. Það er dýrara fyrir ríkissjóð að greiða niður þessa vörutegund en aðra. Stundum kemur það í ljós, að niðurgreiðslurnar skapa misræmi milli verðs á ýmsum vörutegundum, þannig að ef niðurgreiðslan er tiltölulega mikil á einni vörutegund, þá eykst svo mikið sala á henni, að fer fram úr öllum áætlunum, eins og í vissum greinum hefur komið fyrir á þessu ári, þannig að sala eða neyzla vissra vörutegunda hefur farið langt fram úr því, sem hagstofan áætlaði snemma á þessu ári. Hér þarf auðvitað að gæta jafnvægis, og eins og ég tók fram í minni fjárlagaræðu, hefur ríkisstj. haft þessi niðurgreiðslumál öll í heild til athugunar og endurskoðunar með sínum ráðunautum, og ríkisstj. mun að sjálfsögðu freista þess að gera þær umbætur, sem þykja æskilegar og nauðsynlegar, á öllu þessu kerfi. Að sjálfsögðu mun verða kostað kapps um, að þær breytingar, sem hér verða gerðar, komi að sem beztu gagni fyrir almenning og skerði ekki kjör almennings nema sem allra minnst. Ég er í engum vafa um, að það er hægt að breyta á ýmsa lund niðurgreiðslukerfinu með samræmingum og ýmsum umbótum, án þess að það þurfi að skerða kjör almennings.

Ég vil sem sagt undirstrika nú þegar þetta tvennt: Annars vegar, að vitanlega verða útflutningsuppbætur greiddar framleiðendum landbúnaðarafurða, eins og lög standa til, þó að brýn nauðsyn sé á því að fá umbætur á þessum málum öllum, og í öðru lagi, að það er engu slegið föstu um breytingar á niðurgreiðslum, en málið er allt í heild til endurskoðunar.

Hv. frsm. beggja minni hluta hafa gert sér tíðrætt um framlög til verklegra framkvæmda í þessu fjárlagafrv., og þeir mála það sterkum litum, hversu núv. ríkisstjórn sker við nögl allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og sé það nú eitthvað annað en í þeirri sælu vinstri stjórn, þar sem þeir voru báðir áhrifamenn miklir. Nú er að sjálfsögðu rétt að hafa það í huga, að við ákvörðun fjárveitinga til verklegra framkvæmda verðum við að hafa tvö meginsjónarmið í huga: Annars vegar, að fjárfestingu af hálfu hins opinbera sé þannig í hóf stillt, að efnahagsjafnvægið sé ekki í hættu. Við vitum það öll ákaflega vel, hvort sem menn vilja viðurkenna það í ræðustól eða ekki, að það efnahagsöngþveiti, sem hér hafði verið árin fyrir viðreisnina, árin fyrir efnahagsaðgerðirnar, það öngþveiti stafaði að verulegu leyti af því, að fjárfestingin á sumum sviðum var of ör, og þann mikla greiðsluhalla við útlönd, sem setti þetta úr skorðum, þurfti að laga með því að koma jafnvægi á í þessum efnum. Um leið og við verðum að hafa það í huga, að fjárveitingar hins opinbera til framkvæmda og fjárfestingar verða að vera í því hófi, að jafnvægi geti haldizt í efnahagsmálunum, þá verðum við að sjálfsögðu um leið að hafa vakandi auga á þeim miklu og brýnu þörfum, sem eru um allt land fyrir auknar fjárveitingar til hvers konar verklegra framkvæmda, og í þessu efni verður að finna og fara hinn gullna meðalveg, eins og jafnan, ef vel á að fara.

Ef við nú athugum fjárveitingar til verklegra framkvæmda, berum saman t. d., hvernig þær verða eftir þessu frv., ef brtt. hv. meiri hl. fjvn. verða samþ., og hins vegar hverjar voru fjárveitingar til þessara sömu flokka verklegra framkvæmda á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, 1958, en báðir frsm. hv. minni hl. höfðu mikil áhrif á afgreiðslu þeirra fjárl., þá má geta þess fyrst, að 1958 voru framlög til nýbygginga vega, og tek ég þá benzínskattinn með, 18.4 millj. kr., en verða nú 28.7 millj., hækkun um 10.3 millj. varðandi nýbyggingar vega. Ef við tökum vegaviðhaldið, þá var það árið 1958 33 millj. skv. fjárl., er núna 58 millj., hækkun um 25 millj. Ef við lítum á hafnir og lendingarbætur, þá voru fjárveitingar í fjárl. 1958 12.8 millj., en nú 21.3 millj., hækkun um 8.5 millj. Þetta kalla hv. frsm. að standa í stað, algera kyrrstöðu. Ef við tökum skólana, þá voru fjárveitingar til þeirra árið 1958, til bygginga skóla, 19.8 millj., nú 48.4 millj., sem sagt hækkun úr 19.8 um 28.6 millj. í 48.4. Ef við tökum sjúkrahúsin, þá voru fjárveitingar 8.2 millj., nú 14.2, eða hækkun um 6 millj. Ef við tökum flugvellina, þá var fjárveiting 1958 6.7 millj., núna 11.2, hækkun um 4.6. En þegar maður nú lítur yfir þessar tölur, þá er eitt, sem er ákaflega athyglisvert og sýnir, hversu skemmtilegt

viðfangsefni þeir hafa haft með höndum, þessir tveir hv. frsm. í fjvn., þetta ár, 1958, því að þeir hafa háð þar harða glímu, meðan fjárl. voru til meðferðar, við þáv. hæstv. fjmrh. um að fá hækkaðar þessar fjárveitingar. Svo er nefnilega mál með vexti, að í fjárl. fyrir árið 1957 voru t. d. fjárveitingar til hafna, ef maður tekur hafnarbótasjóðinn með, 12.6 millj. Þegar hæstv. fjmrh. lagði frv. fyrir, ætlaði hann aðeins 9.3 millj. til hafna, hafði lækkað það um 3.3 frá gildandi fjárl., og það var ein glíma þessara hv. þm. að fá þetta hækkað aftur upp í það sama og það var í fjárl. síðastliðins árs, og það tókst. Og það tókst meira að segja svo vel, að í stað 12.6 millj. árið 1957 tókst þeim að tosa það upp í 12.8 millj., eða hækka það um nærri 200 þús. kr. Ef við lítum á skólabyggingarnar, þá voru fjárveitingarnar á árinu 1957 19.6 millj. Hæstv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., lækkaði það niður í 15.1 millj. í fjárlfrv., um 4.4 millj. Eftir glímu þessara tveggja frsm. fram að jólum unnu þeir frægan sigur, því að þeim tókst að fá fjárveitingar til skóla hækkaðar upp í 19.8 millj., eða í rúmlega 200 þús. kr. meira en þær voru árið áður. Varðandi flugvellina, þá var fjárveitingin 6.7 millj. árið 1957, fjmrh. lækkaði það niður í 6 millj. í frv., og þeim tókst að fá þetta hækkað upp í 6.6 millj., upp undir það eins og það hafði verið árið áður.

Þannig var nú yfirleitt þeirra glíma í fjvn., þegar fjallað var um fjárl. fyrir 1958, að þeirra glíma var fyrst og fremst við þáv. hæstv. fjmrh. að reyna að fá fjárveitingar til verklegra framkvæmda hækkaðar á árinu 1958 upp undir eða upp í það sama sem það hafði verið árið áður, og var þó á árinu 1958 framkvæmd stórfelld gengisfelling með 55% yfirfærslugjaldinu. Það er von, að þessir hv. þm. komi hingað eftir sína stóru sigra á árinu 1958 og telji sig hafa staðið sig nokkru betur í vinstri stjórninni en gert sé nú. Og þeir eru ákaflega hneykslaðir á því, að nú í dag skuldi ríkissjóður eða eigi vangoldin framlög, langa hala í ýmsum greinum, sem séu ekki staðin skil á, eins og vegna skólabygginga, vegna hafna og sjúkrahúsa o. s. frv. Þessir tveir hv. þm. virðast hafa gleymt því, að í þeirra valdatíð, á árinu 1958, var halinn eða skuldabagginn vegna skólanna 12½ millj. eða vel það, skuldabagginn vegna hafnanna var þá á 15. milljón, og þannig mætti lengi telja. Eins var það með sjúkrahúsin, íþróttasjóðinn o. fl. Því fór fjarri, að á þeirri tíð hefðu verið greiddar upp skuldir eða vangoldin framlög til sveitarfélaga eða annarra aðila á sviði sjúkrahúsa, hafna, spítala eða íþróttamannvirkja, heldur ætla ég, að einmitt á þessum árum hafi þessi hali heldur lengzt og stækkað, að upphæð hinna vangoldnu framlaga hafi heldur hækkað en minnkað.

Hv. þm. hafa að því vikið, að það sé fjarri öllu lagi að áætla ekki í fjárl. nú 28½ millj. til greiðslu á framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég hef skýrt hér áður, hverjar ástæður liggja til þess, að gert er ráð fyrir að fresta þessari greiðslu. Ástæðurnar eru þær, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn hefur mjög mikið fé handbært og hefur enga þörf fyrir að fá þetta greitt í reiðu fé. Atvinnuleysistryggingasjóður hafði á s. l. ári í tekjur 68½ millj. kr., en atvinnuleysisbætur urðu aðeins 800 þús. kr. Þessum gífurlega tekjuafgangi safnar hann í sjóð, lánar nokkurn hluta, en ekki nema nokkurn hluta þeirra út. Og þegar þess er gætt, að handbært fé sjóðsins um síðustu áramót var 170 millj. kr., þá sér það hver heilskyggn maður, að sjóðurinn hefur ekki minnstu þörf fyrir það að fá þessar 28½ millj. greiddar út í beinhörðum peningum. Sjóðurinn er alveg jafnvel stæður, þótt hann fái þetta greitt með skuldabréfi eða verðbréfi. Það verður auðvitað gert annaðhvort með því, að stjórn sjóðsins og ríkisstj. semji um kjör á slíku skuldabréfi, eða með lagaákvæði, þar sem skýrt er tekið fram, að ríkissjóður geti greitt framlag sitt með skuldabréfi. Þessi háttur er heldur ekkert einsdæmi. Ég man eftir einu dæmi alveg hliðstæðu. Svo er ákveðið í lögunum um sauðfjárveikivarnir, að þegar niðurskurður á sér stað, þá er ríkissjóður skyldur að greiða þeim, sem fyrir tjóni verða, bætur. Þetta eru greiðslur, sem ríkissjóði er skylt að inna af hendi. En ríkissjóður greiðir nokkurn hluta, jafnvel verulegan hluta af þessum tjónbótum með skuldabréfum, og þannig hefur það verið um margra ára skeið og öllum þótt eðlilegt. Vitanlega hefur aldrei komið til mála í slíku tilfelli að telja til gjalda í fjárlögum heildarupphæð þeirra tjónbóta, sem til falla á því ári. Þetta er auðvitað fært í fjárlögum þannig, að inn í þau eru teknir vextir og afborganir, sem til falla á hverju ári. Og alveg á sama hátt er um þetta, að að því leyti sem ríkissjóður greiðir eða mun greiða sitt framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs með skuldabréfi, þá er ekki rétt að telja þessa upphæð að fullu til útgjalda nú á næsta ári, 1962, heldur í fjárlögum jafnóðum og afborganir og vextir af skuldabréfinu falla til.

Meðal þess, sem kom fram í ræðu hv. frsm. 1. minni hl., hv. 3. þm. Vesturl., var lýst í rauninni mætavel skilningi hans og hans flokksbræðra á vissum atriðum. Hann segir: Halli Skipaútgerðar ríkisins er framlag ríkissjóðs til dreifbýlisins, og um leið og halli Skipaútgerðarinnar er áætlaður nú aðeins 10 millj. eða nokkru lægri en hann hefur verið, þá er þar með verið að skerða rétt dreifbýlisins og minnka framlag til strjálbýlisins um þessar milljónir. — Það er eins og það sé gersamlega lokuð bók fyrir þessum hv. þm., að það sé hægt að veita á nokkru sviði jafngóða þjónustu fyrir minna fé með bættu skipulagi. Vitanlega kemur það í einn stað niður fyrir fólkið úti á landsbyggðinni, ef Skipaútgerðin getur veitt því sömu þjónustu varðandi samgöngur, ef hægt er að skipuleggja þetta fyrirtæki betur, þannig að rekstur þess kostar minna fé. Það er alger misskilningur, að meiri eða minni halli Skipaútgerðarinnar þýði meiri eða minni styrk eða þjónustu við hinar dreifðu byggðir. Þvert á móti, auðvitað er það hinum dreifðu byggðum í hag einnig, að reynt sé að gæta hófs, sparnaðar og góðs skipulags í opinberum rekstri. Varðandi Skipaútgerð ríkisins hafa undanfarin 2 ár farið fram mjög rækilegar athuganir á því, hvernig megi draga úr hinum gífurlega

halla þessa fyrirtækis með þeim hætti að veita þó fólkinu úti á landi jafngóða eða betri þjónustu. Því miður hafa þessar umbætur ekki komizt í framkvæmd vegna mikillar tregðu hjá forráðamönnum. Ég er sannfærður um það, að í rekstri Skipaútgerðarinnar má spara milljónir án þess að draga úr þjónustunni.

Þá hefur því verið haldið fram hér, að sú staðhæfing okkar í ríkisstj., að fjárlögin verði nú afgreidd án þess að leggja á nýja skatta, sé röng, vegna þess að tollar og aðflutningsgjöld í heild verði hærri á næsta ári en þau hafa verið. Það er vissulega ákaflega leitt, að hér á Alþingi skuli vera deilt um jafnaugljósar staðreyndir og jafnskýr hugtök og hér er um að ræða. Þessir hv. þm. vita það ákaflega vel, að hingað til hefur það aldrei verið talin skattaeða tollahækkun, ef prósenttala skatta eða tolla er óbreytt, þó að sú óbreytta prósenttala gefi í ríkissjóð eitt árið hærri tekjur en ella. Við skulum taka dæmi. Við skulum segja, að meðalaðflutningsgjöld af innfluttum vörum séu 30%. Ef nú verðlag hækkar á erlendum markaði, þá hækka auðvitað í krónutali þær tekjur, sem ríkissjóður fær af óbreyttu innflutningsmagni. Dettur þessum hv. þm. í hug að kalla þetta tollahækkanir af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, ef tollahundraðshlutinn er sá sami og hann var, fyrir það eitt, að varan hækkaði á erlendum markaði? Ég held, að engum manni detti þetta í hug. Ef varan hækkar vegna þess, að gengi íslenzkrar krónu breytist, þá vitanlega gefur sama tollaprósenta að óbreyttu útflutningsmagni fleiri krónur í ríkissjóð. Þetta er að því leyti alveg hliðstætt, að það er fjarstæða ein að tala um tollahækkanir í þessu sambandi. Ef tekjuskattur er t. d. af einhverjum tilteknum tekjum 30% og tekjur manna í landinu hækka, þannig að heildartekjur ríkissjóðs og heildartekjur sveitarsjóða af útsvörum verða hærri af þessum ástæðum, þá hefur hingað til engum manni dottið í hug að kalla þetta skattaeða útsvarshækkanir. Ég held, að hv. þm. ættu að vara sig á svona hugtakabrengli. A. m. k. veit ég frá fyrri árum á hv. Alþingi, að aldrei mátti sá fjmrh., sem sat hér árin 1950—1958, formaður þingflokks Framsfl., heyra nefnt annað en það væri hrein fölsun að kalla þetta skattaeða tollahækkanir, ef prósenturnar voru þær sömu. Ég hélt, að um svona einfalda hluti ættu þm. að geta verið sammála. Það, sem hér gerist, er þetta, að skatta- og tollaprósentur hækka ekki. M. ö. o.: í viðurkenndum og almennum skilningi þessara hugtaka og túlkun þeirra er ekki um skatta- og tollahækkanir að ræða, þó að heildartekjur ríkissjóðs verði á næsta ári í krónutölu eitthvað hærri en áður.

Varðandi hinar verklegu framkvæmdir vil ég svo að lokum taka það fram til viðbótar því, er ég sagði hér áðan, að vitanlega er fjárhæðin, sem veitt er á hverju ári til verklegra framkvæmda, ekki það atriði, sem sker úr. Það er fleira, sem kemur til greina, og ekki hvað sízt nýting fjárins. Þó að fjárveiting sé sú sama í krónutölu á einhverju sviði og áður, þá má vel vera, að raunverulega hækki hún, vegna þess að féð nýtist betur. Og þannig er það t. d. varðandi vegafé, svo að við tökum dæmi. Á tvennan hátt hefur núv. ríkisstj. reynt að bæta þar nýtingu vegafjárins. Annars vegar með því að auka mjög vélakost vegagerðarinnar, og það var gert á síðasta ári með þeim hætti, að bæði voru bein framlög og lán miklu hærri en áður til vélakaupa. Þetta atriði, að vegagerðin er betur búin að stórvirkum tækjum, gerir það að verkum, að vegafé nýtist betur, að meira fæst fyrir hverja krónu. Og í öðru lagi hefur nú á tveimur árum orðið sú gerbreyting á, að í stað þess að árið 1959 var vegafénu dreift á 219 vinnustaði með tiltölulega lágum upphæðum á hvern, þá er nú gert ráð fyrir á næsta ári, að vinnustaðirnir verði rúml. 100. Þetta þýðir það, um leið og vinnustöðunum fækkar og miklu hærri upphæð kemur á hvern, að vegafé nýtist miklu betur en áður. Þessa bættu hagnýtingu verða menn vitanlega að hafa í huga í sambandi við umr. um fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Út í það, hvað áunnizt hefur með hagræðingu, betra skipulagi og sparnaði í rekstri, skal ég ekki fara hér, ég gerði því nokkur skil í fjárlagaræðu minni. En í ummælum hv. frsm. 1. minni hl., 3. þm. Vesturl., beindist hugur hans mest að því, hvort hann talaði um 50 eða 60 atriði, sem ríkisstj. hefði ætlað að spara, þá væri það nú ekki allt komið í framkvæmd. Og það, sem virðist eiginlega efst í huga þessa hv. þm. og undrar hann mest, er, að núv. ríkisstj. skuli ekki á tveimur árum vera búin að leiðrétta og lagfæra allar vitleysur og bæta úr öllum syndum flokksbræðra hans fyrr á árum. En það er nú þannig, að eftir þann langa valdatíma Framsfl. og þau löngu og erfiðu ár, sem sá flokkur fór með fjármálin, fer svo margt aflaga í þessu þjóðfélagi, að það tekur lengri tíma, þrátt fyrir mikinn áhuga og þótt við viljum sýna ötulleika í þeim efnum, þá tekur það meira en 2 ár að kippa því öllu í lag.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 208) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Við hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) höfum leyft okkur að flytja brtt. við fjárlagafrv., þ. e. við 14. gr., um það, að framlag til tónlistarskólans á Akureyri verði aukið um 40 þús. Í frv. er gert ráð fyrir 40 þús. kr. framlagi, eins og verið hefur, en till. okkar er, að framlag þetta verði aukið um helming. Fyrir fjvn. lá í haust erindi frá forráðamönnum þessa skóla, tónlistarskólans á Akureyri, þar sem þeir lýsa erfiðum fjárhag skólans og fara fram á í fyrsta lagi, ef það mætti verða, að skólastjórinn verði tekinn upp á launaskrá sem starfsmaður ríkisins, en sem varatillögu fóru þeir fram á, að framlag ríkisins til skólans yrði aukið allverulega. Við flutningsmenn þessarar brtt. leggjum ekki til að þessu sinni, að farið verði að óskum skólastjórnarinnar um, að skólastjórinn verði tekinn á launaskrá, en óskum hins vegar eftir því, að hv. Alþ. geti fallizt á að hækka framlag til tónlistarskólans á Akureyri sem nemur helmingi. Tónlistarskólinn á Akureyri er hinn stærsti, sem starfar utan Reykjavíkur. Hann hefur starf-

að óslitið í meir en fimmtán ár og er vaxandi stofnun. Hefur verið reynt að hafa þróun skólans sem jafnasta og samfelldasta, og þ. á m. hefur verið unnið að því að fá góða starfskrafta að skólanum, og ég hygg, án þess að lasta aðra tónlistarskóla utan Reykjavíkur, að tónlistarskólinn á Akureyri sé betur búinn að starfskröftum en aðrir tónlistarskólar. Þar eru nú a. m. k. tveir fastráðnir kennarar, skólastjórinn og annar til, og raunar sá þriðji líka, sem að nokkru leyti er fastráðinn kennari við skólann, og hefur skólastjórnin látið svo um mælt, að hún óttist, að einhverju af þessum starfskröftum verði að fórna, ef ekki er undinn bráður bugur að því að koma fjárhag skólans á traustari grundvöll en nú er.

Tónlistarskólinn á Akureyri fær tekjur sínar úr ýmsum áttum. Í fyrsta lagi frá Akureyrarbæ, 60 þús. kr. Að auki fær hann svo tekjur frá Alþ., sem eru 40 þús. Þannig var þetta á s. l. ári. Og auk þess hefur Menningarsjóður Kaupfélags Eyfirðinga lagt honum til 10 þús. kr. Þetta samanlagt er helmingur af tekjum skólans, því að hinn helmingurinn og þó ríflega það kemur inn í skólagjöldum. Forráðamenn skólans telja það nærfellt ókleift að ætla að hækka skólagjöld, en fara hins vegar fram á, að hið opinbera hlaupi undir bagga og stuðli að áframhaldandi starfsemi skólans, þannig að hann megi halda áfram að starfa, og einkum það, að hann þurfi ekki að draga úr starfsemi sinni.

Til frekari upplýsinga um hag skólans er skylt að geta þess, að hann skuldar nú allmikið. Í fyrsta lagi eru samansafnaðar skuldir vegna rekstrarhalla undanfarandi ára, og auk þess er skuld, sem stafar af kaupum á hljóðfæri, og það er á það bent í erindi skólastjórnarinnar til fjvn., að nauðsyn sé til bæði að greiða rekstrarhallann og þá skuld, sem stafar af hljóðfærakaupunum, og raunar sé einnig brýnt að bæta við hljóðfærum, og einkum og sér í lagi að tryggja það, að skólinn geti notið áfram þeirra starfskrafta, sem hann nú býr við.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari tillögu, ekki síst vegna þess, að hún hefur enn ekki verið prentuð og þess vegna ekki útbýtt í þinginu.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Áður en ég vík að ræðu hæstv. fjmrh., vil ég segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. formanns fjvn.

Hv. þm. sagði, að ég hefði fallið í þá freistni að býsnast yfir því, hvað fjárlögin væru há. Ég gerði grein fyrir því í minni framsöguræðu, að margar ástæður gætu legið til þess, að fjárlög hækkuðu ár frá ári, og þyrfti það ekki að vera neikvætt. En hins vegar gerði ég einnig grein fyrir því, hvað þyrfti að vera til staðar, til þess að hækkun fjárlaga væri eðlileg, og sýndi fram á það með ljósum rökum, að það væri ekki til staðar í sambandi við þetta fjárlagafrv., og af þeirri ástæðu dæmdi ég það fyrir það, hvað það var hátt.

Um tekjuáætlun pósts og síma er ekki annað að segja en það, sem ég tók hér fram áðan, að hún hefur verið hækkuð svo mikið, að póstur og sími er nú látinn annast að öllu leyti sína uppbyggingu, og það er gert með auknum álögum á almenning.

Um Skipaútgerð ríkisins mun ég svo ræða seinna og sömuleiðis atvinnuleysistryggingasjóð.

Um ákvæðisvinnuna í brúa- og vegagerð og hafna verð ég nú að segja það, að fjárveitingar til þeirra framkvæmda þurfa að vera ríflegri en nú er, ef ákvæðisvinnu á að verða þar verulega við komið. Ég sýndi fram á það í ræðu minni í dag, hvað mjög hefði úr þessu dregið, og það er nú svo með brúargerðir, að það má teljast gott, ef er brú í annarri hverri sýslu á landinu, en áður fyrr var venjulega a. m. k. ein brúarframkvæmd í hverri sýslu. Þess vegna held ég, að fjárveitingar til þessara framkvæmda þurfi verulega að aukast, áður en ákvæðisvinna kæmi þar nokkuð að notum.

Um tekjuáætlunina sagði hv. formaður, að ég hefði rökstutt það lítið, hvernig við byggðum upp okkar tekjuáætlun. Ég skýrði þó frá því hér í dag, að við byggðum hana á þeim upplýsingum, sem ráðuneytisstjórinn í efnahagsmrn. hefði gefið í fjvn. Fyrst skal tekið fram, að við höfðum ekki langan tíma til þess að velta þessu fyrir okkur, þar sem ráðuneytisstjórinn mætti hjá okkur eftir hádegi á laugardag og við urðum að vera búnir að skila nál. og till. um hádegið í gær. Hins vegar voru mín rök fyrir tekjuáætluninni áreiðanlega sterkari en þau rök, sem hv. formaður hafði til að mótmæla henni, því að þau voru engin.

Þá vil ég snúa mér að hæstv. fjmrh., sem hélt hér langa ræðu, áður en fundarhlé var gert. Að vísu var nú orðið svo, að útlit var fyrir, að hann ætlaði ekki að geta verið hér við fjárlagaumr., og hefði það að sjálfsögðu orðið nýtt í sögu þingsins.

Hæstv. ráðh. vék að togaraútgerðinni í landinu, og ég ætla ekki að fara að ræða það mál hér við þessa umr. Hann taldi, að efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. hefðu ekkert við togaraútgerðina komið. Trúi þeir, sem trúa vilja, að vaxtahækkun hæstv. ríkisstj. hafi ekki komið við togaraútgerðina. Mér sýnist af þeim gögnum, sem ég hef séð, að þeir skuldi það mikið, togaraútgerðarmenn, að vaxtahækkun komi áreiðanlega við þá.

Hæstv. ráðh. ræddi mikið um ríkisábyrgðirnar og þær aðgerðir, sem þeir hefðu gert viðvíkjandi ríkisábyrgðunum á s. l. sumri í sambandi við gengisbreytinguna. Það er um þær að segja, að í sumar hefur setið á rökstólum nefnd til þess að vinna að því, hvernig eigi að fara með eldri ríkisábyrgðir, sem á voru fallnar. Sú nefnd gerir tillögu til ráðuneytisins um, að verulegur hluti af þessum ríkisábyrgðum verði innheimtur. Það er sáralítið, sem nefndin gerir tillögu um að verði eftir gefið, heldur verði þessu breytt í löng lán til þess að gera aðilum kleift að endurgreiða það, sem ríkið hefur orðið að greiða fyrir þá. Nefndin gerir einnig ráð fyrir því, að þær ábyrgðir, sem á hafa fallið á þessu ári, sem eru að verulegu leyti vegna þess, að það hefur ekki verið hægt að innheimta hjá útgerðarmönnum vegna laganna um stofnlána-

deild sjávarútvegsins, — nefndin gerir fastlega ráð fyrir því, að þessar ábyrgðir verði innheimtar, þegar áhrifa þessara laga hættir að gæta og stofnlánin eru afgreidd. Það hefur verið til þessa með þeim hætti, að það hefur verið gengið að frystihúsunum eða hafa verið greiddar ábyrgðir fyrir þau, og er reiknað með því, að hæstv. ráðh. fylgi þessari reglu. En það verður að segja, að það eru góð viðskipti í sambandi við þessar ríkisábyrgðir. Í fyrsta lagi er búið að ætla verulega fjárhæð til þeirra á fjárlögum. Í öðru lagi er till. um að innheimta þær að mestu leyti. Og í þriðja lagi á svo að taka gengishagnaðinn til þess að mæta þeim. Ef ríkissjóður tryggir sig alls staðar svo vel sem hér er, þá þarf hann ekki að kvíða um sín viðskipti.

Þá kom hæstv. ráðh. að niðurgreiðslunum og útflutningsuppbótunum á landbúnaðarvörur. Það, sem var aðalatriðið í því, sem hann þar sagði, og gladdi mig, var, að hann sagði, að við útflutningsuppbæturnar yrði staðið, enda tók ég það fram í ræðu minni í dag, að ég gerði ráð fyrir því. Í öðru lagi sagði hann, að það yrði ekki velt yfir á fólkið í verðhækkunum niðurgreiðslunum eða lækkun þeirra, eins og við gerðum ráð fyrir. Og í þriðja lagi, að engu væri slegið föstu um breytingar á niðurgreiðslunum. Það var einmitt þetta, sem ég og hv. 6. þm. Sunnl. vorum að taka fram hér í ræðum okkar í dag, að við vildum ekki ganga út frá því að afgreiða fjárlögin eftir einhverjum hugsanlegum reglum, sem enginn vissi, hverjar yrðu. Við höfðum af því reynslu um skattanefndirnar í fyrra, þegar gert var ráð fyrir því þá, að skattalögunum eða skattálagningunni yrði breytt, og þá var í athugasemdum fjárlagafrv. reiknað út frá þessu nýja kerfi, sem er ekki farið að sjá dagsins ljós enn.

En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um áætlanir framleiðsluráðs, vil ég leiðrétta það nokkuð. Hæstv. ráðh. var að vefengja áætlanir ráðsins í fyrra. Það lá fyrir fjvn. áætlun frá framleiðsluráði upp á 21 millj. 250 þús., en 1. des. sendi framleiðsluráðið nýja áætlun upp á 19.8 millj. Nú segir hæstv. ráðh., að þetta verði 18 millj. Það liggur ekki fyrir enn þá, hver fjárhæðin verður, um það hef ég fengið upplýsingar, og þess vegna hygg ég, að þessi áætlun sé nærri lagi. Hins vegar var líka á það bent af framleiðsluráði, að ef minnkaður yrði útflutningur á dilkakjöti, mundi það þýða, að niðurgreiðslurnar yrðu hærri og þess vegna kæmi það nokkurn veginn út á eitt. Ef hefur verið minni útflutningur en gert var ráð fyrir, sem mun ekki nema neinni fjárhæð, þá er það vegna þess, að niðurgreiðslur hafa farið fram úr áætlun, eins og hæstv. ráðh. tók fram. En því er til að svara, að framleiðsluráðið hefur ekki verið beðið um neina áætlun núna. Framleiðsluráð hefur ekki verið beðið um neina áætlun núna, og þess vegna hentar það ekki hér á hv. Alþ., að verið sé að slá fram, að það sé ekki hægt að fara eftir áætlun frá framleiðsluráði, það sé eitt í dag og annað á morgun. En heldur svo hæstv. ráðh., að þrátt fyrir vafasamar áætlanir, sem liggja ekki fyrir, frá framleiðsluráði, þá geti ríkisstj. áætlað til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta minni fjárhæð, lækkað þetta um meiri fjárhæð en sem nemur öllum útflutningsuppbótunum, og tekur það svo fram, að hún hafi ekki hugsað sér að láta verðhækkun eiga sér stað á þeim vörum, sem hún hefur til þessa borgað niður, og ekki slegið föstu um neina breytingu á reglum til útborgana? Hvernig á að koma þessu heim og saman? Það er ekki hægt að segja, að það eigi engu að breyta, en jafnframt að halda því fram, að það sé eðlilegt að áætla þessa upphæð um 74 millj. kr. minna en gert er ráð fyrir.

Út af þessari upphæð, 74 millj. kr., vil ég taka það fram, að við höfum þessa upphæð frá formanni fjvn. samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann gaf okkur í n., eftir að við höfðum beðið um þær þar, og ekki beðið um, að þar yrði nein önnur upphæð en reiknað væri með útflutningsuppbótunum eins og þær voru áætlaðar og niðurgreiðslunum óbreyttum. Þetta eru 73.8 millj. kr., sagði formaður skýrt og skilmerkilega, lét okkur það í té, eins og óskað var, og það er sú tala, sem við erum hér að ræða um. Þess vegna er ekki hægt að komast fram hjá þessu atriði nema með því að breyta reglunum eða áætla minni útgjöld en gera má ráð fyrir, og ég vil ekki trúa því, að hæstv. ráðh. vilji taka það sem góða og gilda vöru að fá bagga upp á 70 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun.

Þá tók hæstv. ráðh. til að ræða um útflutning á landbúnaðarvörum, og þar var mikið mál um að tala. Og það minnti sannarlega á, þegar hæstv. ráðh. hefur verið að tala um fyrirætlanir sínar í sparnaðarmálum og öðru slíku, sem hefur svo ekki orðið meira en upptalningin ein. Hann var að tala um, að það mætti áreiðanlega koma þessum málum betur fyrir en nú væri gert. Að vísu tók hann svo fram, áður en lauk, að það mundi ekki hafa áhrif á niðurgreiðslurnar á næsta ári. Hæstv. ráðh. hélt, að það hefði engin breyting orðið í sambandi við útflutningsverzlun landbúnaðarins í eina öld, það færi nákvæmlega í sama farveg og var fyrir einni öld. Á síðari hluta 19. aldarinnar var sauðaútflutningurinn eini útflutningurinn á landbúnaðarvörum hér. Það hefur orðið breyting á því, því að nú flytjum við ekki út lifandi fé. Á fyrstu þrem tugum og fram á fjórða tug þessarar aldar var það saltkjötsútflutningurinn, sem átti sér stað hér. Og það voru samtök bændanna í landinu, sem tóku með myndarlegu viðbragði, þegar þeir þurftu að breyta frá saltkjötsútflutningnum yfir í frosna kjötið, og það er ekki fyrr en á fjórða tug þessarar aldar, sem farið er að flytja frosið kjöt út. Og svo heldur hæstv. ráðh. því fram hér á hv. Alþingi, að þetta renni í sama farvegi og fyrir heilli öld. Ég held, að hæstv. ráðh. þyrfti að kynna sér þetta mál dálítið betur, áður en hann fer með slíka sleggjudóma hér á hv. Alþingi um þá menn, sem hafa sýnt myndarskap í verzlun með landbúnaðarafurðir. Því er meira að segja haldið fram hér á hv. Alþingi í sambandi við annað mál, að sölustöðvar bændanna í landinu séu svo fjárhagslega vel staðar, að það þurfi ekki að veita þeim svipaða aðstoð í sambandi við skuldaskilin og sölustöðvum sjávarútvegsins. Og

svo kemur hæstv. fjmrh. og heldur því fram, að þessu hafi verið sérstaklega illa stjórnað. Það fer ekki saman, hvort við erum hér að ræða um útflutningsuppbætur eða lánamál bændanna.

Þá kom hæstv. fjmrh. að því að tala um verklegar framkvæmdir, og meginkjarni í því, sem hann þar sagði, var einmitt það, sem er meginkjarni í störfum hæstv. ríkisstj. eða stefnu hennar, og það var, að það yrði að stilla fjárfestingunni í hóf, þess vegna yrði að gæta að því, að uppbyggingin í landinu yrði ekki of mikil, og sannarlega hefur hæstv. ríkisstj. unnið markvisst að því. Hæstv. ráðh. gat þess, að framlag til veganna hefði hækkað á þessum árum frá 1958 um 46%, þegar fjárlögin hafa hækkað á annað hundrað prósent, en hann gleymdi að geta þess í leiðinni, hæstv. ráðh., að þegar þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda, tók hún í ríkissjóð 28 aura af hverjum benzínlítra eða 14 millj. kr. af umferðinni til viðbótar því, sem áður var. Og svo býsnast hæstv. ráðh. yfir því, að framlög til vega hafi hækkað um 46%, þegar fjárlögin í heild hafa hækkað á annað hundrað prósent. Það er nákvæmlega þetta, sem ég var að halda hér fram í dag og sýna fram á að hefði gerzt, að það, sem væri um að vera, væri það, að fjárveitingin til þessara framkvæmda hefði ekki fylgt eftir hækkun fjárlaganna og þar munaði stórkostlega. Og hæstv. ráðh. staðfesti þetta. Til flugvallanna hefur hækkunin verið um 67%, þegar fjárlögin hafa hækkað á annað hundrað prósent, og til hafnanna um 60%. Þetta sýnir bara það, sem ég sýndi fram á hér í dag, að það er einmitt það, sem hefur gerzt, að fé til framkvæmdanna í landinu hefur dregizt aftur úr miðað við upphæð fjárlaganna, og það er sú þróun, sem ég taldi hina óæskilegu þróun, en það er í samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj.

Þá ræddi hæstv. ráðh. um framlag til atvinnuleysistryggingasjóðsins, taldi, að óþarfi væri að greiða það, vegna þess að sjóðurinn hefði mikið af reiðufé. En setjum nú sem svo, að þessi stefna verði upp tekin. Hvað er þá fyrir þá, sem síðar koma? Eiga þeir þá að greiða hin lögboðnu rekstrargjöld til sjóðsins og lánin að auki? Viðþol sjóðsins er ekki einhlítt í þessu tilfelli. Þó að sjóðurinn kannske í sjálfu sér þurfi ekki fé á næsta ári, þá verður ríkissjóður skuldugur um þessa fjárhæð og verður að halda áfram að greiða framlagið að óbreyttum lögum framvegis. Hæstv. ráðh. líkti þessu saman við lögin í sambandi við sauðfjárveikivarnir, þegar skiptaniðurskurður ætti sér stað. Það er sá munur á þessu tvennu, að í fyrsta lagi er það tekið fram í lögunum um sauðfjárskiptin, að þetta geti átt sér stað, og bændur vita, að hverju þeir ganga um þetta efni, auk þess sem sauðfjárniðurskurður og fjárskipti, það er ekki reiknað með því, að þau verði varanleg í þessu landi. Það er ekki reiknað með þeim sem varanlegum útgjöldum, sem árlega þurfi að greiða til. Þess vegna er það staðfesting á því, sem ég tók hér fram í dag, að það er ekki hægt að stofna til skulda vegna venjulegra rekstrargjalda, þó að það verði að gera það við framkvæmd á einstaka verkum. Það er meginmunur á þessu tvennu. Rekstrargjöldin kalla til árlega, en slík fjárveiting eins og vegna fjárskipta er ekki hugsuð að falla til árlega, heldur er hér um svo mikla fjárhæð að ræða frá sjónarmiði löggjafans í þessu skyni, að það á að jafna henni á lengri tíma. Þess vegna er þessi háttur hafður á um fjárskiptin og fjárskiptabæturnar. Það hjálpar því ekki hæstv. ráðh. út úr þessari bóndabeygju, sem hann hefur sett sig í með þetta mál sitt.

Þá kom hæstv. ráðh. að Skipaútgerð ríkisins, og hv. formaður n. vék að því líka, eins og ég tók hér fram áðan. En hann bara staðfesti það, sem ég sagði hér í dag. Það var nefnilega þetta, það hefur engin skipulagsbreyting átt sér stað. Það hefur heldur verið dregið úr þjónustunni. T. d. var Hekla látin fara í utanlandssiglingar mánuði fyrr í fyrravor en áður, og það var verið að draga úr þjónustu við landsfólkið einmitt með þeirri ráðstöfun. Það var gert til þess að jafna hallann. Og farmgjaldahækkunin núna er gerð til þess að færa yfir á fólkið, svo að ríkissjóður þurfi ekki að bera hallann. Hér er ekkert að gerast, sem menn skilja ekki. Mönnum er orðið það fullkomlega ljóst. Það er bara spurningin um það, hvort ríkið á að veita þessu fólki, er ríkisskipin þarf að nota, meiri eða minni aðstoð. Það er ekki spurning um neitt annað og auðskilið mál, og það er staðfest af hæstv. ráðh., sem hélt því fram í dag, að það hefur verið fært yfir á fólkið með hækkuðum farmgjöldum og fargjöldum, því að það hefur engu verið breytt í skipulaginu.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að ekki væri um nýja skatta að ræða, þar sem skattstofnunum hefði á engan hátt verið breytt eða skattaprósentunni. Nú tók ég fram í minni ræðu í dag um nýjar álögur á almenning í landinu, og ég endurtek það, að það hafa verulegar nýjar álögur verið lagðar á almenning í landinu á þessu ári. Ríkissjóður tók til sín gengishagnaðinn, eins og upplýst er. Hann var búinn í nóvemberlok að fá 75.4 millj. kr. af þessum nýja skattstofni. Það munar nú um minna. En ég vil segja það, að það er ekki sambærilegt, hvort um er að ræða einhverja verðlagsbreytingu á einni vörutegund erlendis eða hvort ríkisstj. breytir skráningu á gengi krónunnar. Það er verulegur munur á því. Og við flestar gengisbreytingar hefur átt sér stað skattalækkun hlutfallslega, vegna þess að stofninn hefur verið hærri, sem af hefur verið tekið. Og í þessu sambandi og sambandi við það hugsanabrengl, sem hæstv. ráðh. var að tala um að kæmi fram hjá okkur, vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að þegar hv. þm. Eysteinn Jónsson var fjmrh., þá var talað um Eysteinsskattana, en á árunum 1950—58, meðan Eysteinn Jónsson var ráðh., var hann alltaf að lækka skattana, sem fyrirrennarar hans, ráðherrar úr Sjálfstfl., höfðu lagt á þjóðina. Og það hefur sennilega orðið þarna eitthvert hugsanabrengl, þegar var verið að ræða um þessa skatta þá. Og ég er ekki alveg viss um, að hæstv. fjmrh. núv. hafi þá gert sér ljósa grein fyrir því, að stofninn, sem á var lagt, hefði hækkað vegna gengisbreytinga og annað því um líkt og því mætti ekki taka þetta svona.

Nei, því verður ekki mótmælt, að það hafa verið verulegar álögur lagðar á þjóðina á þessu ári fyrir ráðstafanir hæstv. ríkisstj., og er alveg sama, hvað hæstv. ráðh. kann um það að segja.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri nýting vegafjárins, sem skipti ekki minna máli en fjárveitingarnar, og nú væri nýtingin orðin sú, að í staðinn fyrir, að áður fyrr hefði verið unnið að 219 vegum, væri nú unnið að 100. Ég skal segja hæstv. ráðh. það, að það veitist okkur þm. Vesturl. fullerfitt að fá fjárveitingar í þá fáu vegi, sem við látum vinna í á næsta ári. Og ég skal líka segja honum það, að það verður mun minna en áður unnið í vegagerð í mínu gamla kjördæmi á næsta ári, þó að fjárveitingin hafi hækkað nokkuð í krónutölu, vegna þess að verðlagið hefur hækkað miklu meira. Þess vegna held ég, að hæstv. ráðh. ætti að vara sig á því að tala um nýtinguna, þegar fjárveitingarnar eru að verða slíkar, að það er nánast ekki hægt að skipta þeim nema í einn eða tvo vegi í héraði hverju. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur efni á því að eyða miklum tíma í umtal um nýtingu.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að ég kynni ekki að meta nógu vel hagsýslugerðina og sparnaðinn, og taldi, að það hefði ekki verið á þeim málum haldið svo sem ég hafði búizt við. Og í því sambandi gat hæstv. ráðh. þess, að það væri ekkert undarlegt, þó að erfitt væri að laga þetta eftir stjórnarár Framsóknar. Í þessu sambandi vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að þegar hann ræddi hér um sín fyrstu fjárlög, þá gat hann um, að það hefði ekki verið tími til þess að undirbúa fjárlagaafgreiðsluna eins vel og hann vildi vera láta, en fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu skyldi vera búin að fara fram gagngerð endurskoðun á fjárlagafrv. og fjárlögum ríkisins með sparnað fyrir augum. Og þessi gagngerða endurskoðun fór svo fram, áður en fjárlögin voru undirbúin fyrir 1961, og hefur vafalaust haldið áfram. Nú verð ég að segja það eins og er, að mér fyndist það engin goðgá, þó að eitthvað hefði breytzt í fjármálastjórn ríkisins og e. t. v. eitthvað til sparnaðar, þegar þessi gagngerða endurskoðun var búin að fara fram. En það hefur skeð, að þrátt fyrir leitina, þrátt fyrir gagngerða endurskoðun á fjármálastjórn Eysteins Jónssonar, þá kom það, sem þar stendur: Fjöllin tóku jóðsótt og það fæddist sáralítil mús. Það er nánast sameiningin á tóbaki og áfengi, sem er eina blómið í hnappagatinu hjá hæstv. fjmrh., og það hefur sannarlega ekki verið mikið, sem hefur þurft að hreinsa til, fyrst ekki tókst betur um alla endurskoðunina en þetta. Ég skal segja hæstv. ráðh. það, að ég bjóst aldrei við miklu af hendi hæstv. ríkisstj. í þessum efnum frekar en öðrum. Hins vegar vil ég láta ráðh. njóta sannmælis eins og aðra menn, og ég bjóst sannarlega við einhverju, og mig furðar stórkostlega, að það skuli ekkert vera komið fram af þessum 23 atriðum, sem eru talin og bent var á af meiri hl. fjvn. á síðasta þingi, eða af þeirri upptalningu, sem hæstv. ráðh. hefur verið með hér við fjárlagaafgreiðslu fyrr. Það sýnir okkur kannske betur en annað, hvað vel hefur verið haldið á fjármálum ríkisins af hendi Eysteins Jónssonar, og það sýnir okkur líka, að þetta tal hæstv. stjórnarliða nú um sparnað hefur verið af öðrum toga gert en að hugsa sér að framkvæma hann. Og mér dettur í hug í þessu sambandi, að það var nú fyrir nokkrum kvöldum, að þá var ég að lesa nýútkomna bók, þar sem teknar eru saman greinar og viðtöl við Stein Steinarr. Á einum stað segir Steinn frá því, að einn rithöfundur, sem hafði tekið að sér að þýða ljóð, kallaði blaðamenn til sín og skýrði þeim frá því, hvað hann ætlaði að gera. Og þegar hann er búinn að fara um þetta nokkrum orðum og skýra málið, þá segir hann þetta í niðurlagi greinarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Og þegar ég nú þakka honum af heilum huga fyrir þetta tilvonandi meistaraverk, vil ég nota tækifærið til þess að mótmæla eindregið og opinberlega þeirri kennisetningu gömlu mannanna, að andleg þrekvirki séu ævinlega unnin í kyrrþey og án skrums og skjalls, þó að ég af sérstökum ástæðum geti ekki rökstutt þetta nánar.“

Ég vil enda þessi orð mín og segja, að ég þakka hæstv. ráðh., þegar sparnaðurinn kemur, en það verður hægt með sanni að segja, að hann var ekki unninn án skrums og skjalls.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 209 og 210) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil, áður en ég kem að þeirri litlu till., sem ég flyt hér ásamt hv. 7. landsk., aðeins segja nokkur orð um afgreiðslu fjárlaganna. Mér finnst ég ekki komast hjá því, vegna þess að mér sýnist vera að verða svo mikil breyting á afgreiðslu fjárl. hér á Alþingi frá því, sem áður var, að það sé vart svipur hjá sjón, og ég held, að það sé rétt að aðvara hv. þm. um það, hvert stefnir með þeim háttum, sem nú virðast farnir að tíðkast viðvíkjandi afgreiðslu fjárlaganna. Hingað til hefur það verið svo, þó að nokkuð hafi því farið aftur, að umr. um fjárlög, sérstaklega 2. umr., stóðu venjulega a. m. k. í tvo daga, og oft voru það harðar umr., og það, sem alveg sérstaklega einkenndi þessar umr. og raunar allt starf fjvn., jafnt þess meiri hl., sem stjórn fylgdi, sem hins, það var, að það kom fram allmikil gagnrýni á hendur ríkisstj., líka frá þeim, sem henni fylgdu, þegar fjvn. skilaði af sér. Nál. fjvn., líka meiri hl., voru venjulega mjög ýtarleg plögg, venjulega upp á mjög margar síður, þar sem rakin var mjög afkoma ríkissjóðs og margt sagt til þess að finna að og benda á það, sem betur mætti fara. Og það gætti venjulega mjög mikils sjálfstæðis af hálfu fjvn. í meðferð á því fjárlagafrv., sem kom frá þeirri ríkisstj., sem meiri hl. fjvn. studdi. Og hvernig stóð á þessu? Það stóð þannig á þessu, að undirrótin í þessu öllu var, að öllum fjvn.-mönnum var ljóst, að það var fyrst og fremst og eitt höfuðatriði í öllu valdi Alþingis að halda þannig á fjárveitingavaldinu, að það væri aðhald að ríkisstj. Í allri þeirri baráttu, sem þingin hafa háð við konungsvald eða ríkisstjórnir áratugum eða öldum saman, hefur baráttan um

fjárveitingavaldið verið svo að segja kjarninn, náttúrlega við hliðina á sjálfu löggjafarvaldinu, og það hefur verið höfuðatriðið í öllu því valdi, sem þingunum fylgir, að halda á þessu fjárveitingavaldi þannig, að gagnvart ríkisstj., jafnt þótt meiri hl. Alþingis sé fylgjandi þeirri ríkisstj., væri haldið þarna fast á. Ég verð að segja það, að mér brá þess vegna dálítið við, hvernig þessi afgreiðsla öll hefur farið fram nú. Ég minnist þess að hafa heyrt ræður af hálfu formanna fjvn. og frsm. meiri hl. stjórnarliðsins, sem voru jafnvel eins hörð gagnrýni á ríkisstj. og nokkuð það, sem stjórnarandstæðingar komu fram með, og ég held, að við megum ekki missa þessa aðstöðu. Alþingi þarf á því að halda, að líka sá meiri hluti, sem er fylgjandi einni ríkisstj., skoði það fyrst og fremst sem skyldu sína að standa á verði um vald þingsins gagnvart ríkisstj. Það hefur t. d. alltaf þótt á þingi jafnvel ósvinna, ef ráðherrar hafa farið að skipta sér af því eða tala um það, hvað þing kosti. Það var atriði, sem þá varðaði ekkert um. Og það er nauðsynlegt, ef á að reyna að halda virðingu og valdi Alþingis, að alveg sérstaklega fjvn. sem voldugustu og sterkustu nefnd þingsins sé alveg ljóst, hvað þarna er um að ræða. Fjvn. er ekki nefnd, sem á bara að taka á móti skilaboðum frá ríkisstj. og vera eins konar afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Fjvn. er sjálfstæðasta og voldugasta nefnd þingsins, sem á að halda á því valdi, sem þingum venjulega er dýrmætast. Og ef það gengur áfram í þessa átt, sem mér sýnist ganga hér núna hjá okkur, — og ég er ekki að segja það sérstaklega miklu meira um þessa ríkisstj. en aðrar ríkisstjórnir, það hefur alltaf verið að færast í þessa áttina meir og meir, — þá er sú þróun hættuleg okkar þingræði, þá lítillækkum við Alþingi smám saman niður í það að verða eins og hálfgerð afgreiðsluskrifstofa fyrir stjórnarráðið, og það var aldrei til þess ætlazt. Og mér sýnist það verða meir og meir svo í sambandi við afgreiðslu mála hér í sambandi við fjárlögin, að þingmenn séu bókstaflega að gefast upp á því, — og ég verð að segja það jafnt um sjálfan mig og aðra, — að vera að flytja tillögur í sambandi við fjárlögin. Jú, þeir menn, sem þræla í þessu, eins og minni hl. eða minni hlutarnir í fjvn., þeir reyna að gera skyldu sína og gera hana vel að mínu áliti. En mér sýnist, að meiri hl. þingmanna sé yfirleitt að gefast upp á því að flytja tillögur í sambandi við fjárlög. Og þetta er hættulegt atriði. Þetta er ekki atriði, sem bara hefur verið að gerast í tíð þessarar ríkisstj. Það er alllöng þróun, sem þarna liggur að baki, en það er hættuleg þróun. Og það er kominn tími til að stinga við fæti í þessum efnum. Ég man aldrei eftir því öll þessi 30 þing, sem ég hef setið, að það hafi verið eins fáar tillögur frá þm. og núna. Ég man aldrei eftir því. Það kann að vera misminni. En ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, að við athugum okkar gang um þetta. Ég skal ekki segja meira viðvíkjandi því.

Ég flyt sjálfur ekki nema eina einustu till. við þessa umr. og flyt hana ásamt hv. 7. landsk. þm., og það er viðvíkjandi listamannalaunum, við 14. gr. B. 13. Hv. 6. þm. Sunnl., 2. minni hl. fjvn., flytur brtt. um að reikna þau 13.8% jafnt á listamannalaunin sem önnur laun, sem á fjárlögunum eru. Ég tel þá till. svo sjálfsagða, að ég trúi því bókstaflega ekki, fyrr en ég tek á, að það sé ekki vilji Alþingis, að listamenn verði sömu réttinda aðnjótandi, þeir sem listamannalaun hafa, og allir aðrir, sem laun taka. Ég veit eiginlega ekki, hvert er þá komið um mat Alþingis á listum og mat Alþingis á íslenzkri menningu, ef það er meiningin, að það eigi að hækka í hlutfalli við dýrtíð við alla aðra en þá, sem reyna að halda uppi íslenzkri menningu. Ég trúi því ekki. Ég álít það svo sjálfsagt, að orðið verði við slíku, að það sé ekki um það að ræða. En ég vil reyna, eins og ég hef gert hér á þingum nokkuð áður, hvort ekki er hægt að leiðrétta gamalt ranglæti í þessum efnum. Það er vitanlegt, að um hálfa öld hefur það þótt Alþingi til skammar, hvernig Alþ. t. d. kom fram gagnvart Þorsteini Erlingssyni á sínum tíma. Og það er enn þá eins óafmáanlegur smánarblettur á því þingi, sem þá sat, því fátæka Alþingi, sem þá var, hvernig menn höguðu sér þá. En þau laun, sem þóttu smánarlaun handa Þorsteini Erlingssyni áður, eru a. m. k. eins og tvöföld heiðurslaun þess, sem mest er veitt nú á fjárlögum, til helztu skálda á Íslandi. Svona hefur Alþingi sokkið niður í þessum efnum. Það ríka Ísland, sem nú er, gerir yfirleitt helmingi verr við sína menn í þessum efnum, við sín skáld, heldur en það fátæka Ísland, sem var fyrir 50 árum. Þess vegna vil ég nú vona, að þessi litla till., sem við flytjum um að reyna að koma þessu upp í 2 millj., sem nú er 1 millj. 260 þús., að sú till. yrði samþykkt við þessa umr.

Að öðru leyti mun ég fyrir mitt leyti, og ég býst við, að það gerum við fleiri af þm. Alþb., fresta okkar till. til 3. umr., þangað til við höfum séð, hvernig farið hefur um þær tillögur, sem 2. minni hl. fjvn., fulltrúi Alþb. í fjvn., hv. 6. þm. Sunnl., flytur.

En það eru tvö smáatriði, sem mig langaði til að minnast á.

Ég sé, að það er hækkað hér til menntaskólans í Reykjavík um eina millj. framlagið, og er það mjög lofsvert og mjög gott. Ég vildi leyfa mér í sambandi við það að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort ákvarðanir hafi verið teknar um að kaupa lóð í miðbænum undir menntaskólann. Ég vil taka það fram, að ég álít það mjög illa farið, að það skuli ekki þegar hafa verið lagt í byggingu á þeim stað, þar sem menntaskólanum var hugsaður staður, þ. e. í Öskjuhlíðinni. Þó að ég sé því að vísu mjög sammála, að það hafi þurft að endurskoða þá teikningu, sem gerð var hér um árið, því að það var miðað við allt of stóran skóla, þá er slæmt, að það skuli hafa dregizt svo lengi að nota það fé, sem árlega hefur verið veitt á fjárlögum til byggingar menntaskóla, þangað til það nú er orðið miklu minna virði en var, þegar það var lagt til hliðar. En af því að ég hef áður, fyrir alllöngu, rætt um málið viðvíkjandi menntaskólahúsinu, sem nú er, einmitt þegar hugmyndir voru í gangi um það, — ég man nú ekki, hvað langt er orðið síðan, það er líklega einn áratugur eða svo, — að fara að kaupa upp mikið

af lóðum þarna í kring, þá vil ég taka það fram, að ég er mjög andvígur því, að það sé farið að kaupa upp dýrar lóðir í miðbænum fyrir menntaskólann. Við eigum nóg af lóðum, sem hægt er að láta í té fyrir byggingar eins og menntaskólann, sem rúmt er í kringum fyrir slíkar tilvonandi byggingar, án þess að fara að hrúga þessu niður hér í miðbænum. Og sérstaklega er mér illa við þetta vegna þess, að ég álít, að menntaskólahúsið eigi í fyrsta lagi að haldast í því formi, sem það nú er, og eins fljótt og við höfum komið upp menntaskólum í Reykjavík, þá eigi að taka það úr notkun sem menntaskóla og þá eigi að tengja það hús aftur við Alþingi eða við forsetadæmið og tryggja það hús og varðveizlu þess þannig, að það sé tengt því, sem það upphaflega helgaðist fyrst og fremst, sem sé því, að þar var aðsetur Alþingis og þar átti Jón Sigurðsson sæti allan þann tíma, sem hann sat á þingi. Þess vegna held ég, að það væri gott að fá það upplýst hér, hvernig um þetta er. Við vitum, að ríkisstofnanir hafa verið að gera mjög leiðar ráðstafanir í þessum efnum. Við vitum, að Seðlabankinn hefur verið að kaupa upp lóð hér við Lækjargötuna fyrir 10 millj. kr., og Seðlabankanum var hægt að hola niður hvar sem var, jafnvel fyrir innan Elliðaár, ef um það var að ræða. Það var engin sérstök þörf á að hafa hann á einhverjum stað, sem væri dýr, og gat verið gott fyrir hann að hafa gott útsýni, þar sem hann væri, ekki sízt yfir sundin. En það var engin þörf á að hafa hann í miðbiki bæjarins. Það er engin sérstök afgreiðslustofnun þar. Það er skiljanlegt, að viðskiptabankarnir þurfi að vera við þjóðbraut. En fyrir Seðlabankann, ef þeir vildu fara að taka upp á því, þeir sem þar ráða, að hugsa af einhverju viti, þá væri einmitt gott, að þeir væru einhvers staðar þar, sem þeir væru í friði. Og þess vegna væri það mjög óheppilegt, ef fleiri stofnanir færu að sigla í það kjölfar að vera að kaupa upp lóðir fyrir ríkisfé, þar sem þær eru dýrastar og þar sem engin þörf er fyrir ríkið á því að eyða fé í lóðakaup.

Svo hafði ég skrifað fjvn. lítið erindi viðvíkjandi tveim málum, sem hvorugt er stórmál. Ég mun nú ekki flytja brtt. út af því við þessa umr., kannske athuga það undir 3. umr., en vildi mælast til þess, að hv. fjvn. athugaði þau erindi. Þau munu hafa komið allseint, þannig að það er ekki von á því, að hún hafi getað athugað þau enn. Hún fékk það, þegar tilkynnt var hér, að búizt væri við erindum frá þm., en það mun fyrst og fremst hafa verið ætlazt til, að þm. sendu þá inn erindi viðvíkjandi vegum og öðru slíku.

Annað erindið var um, að það yrði veittur tveim Grænlendingum styrkur til náms hér á Íslandi, öðrum til háskólanáms og hinum til náms við búnaðarskóla. Fyrir nokkrum árum gerðist það, að við veittum Færeyingum slíkan styrk, sem hefur verið síðan og ég býst við að sé að einhverju leyti þegar notaður. Það er satt að segja ekki vansalaust, hve lítið við Íslendingar gerum fyrir þær tvær þjóðir, sem eru okkar næstu nágrannar og eru raunverulega okkar náungar, — þær tvær þjóðir, sem báðar eru minni en við og báðar eiga að nokkru leyti enn að búa við kjör, sem við höfum átt við að búa áður. Við höfum orðið varir við það einmitt, þegar Íslendingar hafa fengið nokkurt tækifæri til þess að ferðast til Grænlands nú, þótt stutt hafi verið, að menn verða þess sama varir hjá Grænlendingunum, og á ég þar með fyrst og fremst við Eskimóana, eins og við höfum orðið hjá Færeyingum, að þeir líta með nokkru trausti til Íslendinga. Og einmitt þau lífskjör, sem hafa markað þá þjóð, máske markað hana einmitt að sumu leyti þannig, að þeir eiga betra með að skilja okkur og við þá, af því að við búum á svipuðum slóðum, hafa gert það að verkum, að þeir geta áreiðanlega ýmislegt til okkar sótt. Strax og Grænlendingar fara eitthvað að kynna sér sína eigin sögu og líta á sitt þjóðfélag og þá baráttu upp á líf og dauða, sem það heyir nú við danska kúgun, þá skilja þeir tiltölulega fljótt, að Íslendingar eru þjóð, sem hefur háð samsvarandi baráttu. Og það er ekki vansalaust, að Grænlendingar skuli eingöngu verða að sækja sína menntun til Danmerkur. Það er rétt af okkur að gefa þeim tækifæri til þess að geta sótt hana hingað, alveg eins og við reynum að gera gagnvart útlendingum, sem eru miklu fjær okkur. Og það er ekkert stórt framlag, sem við þurfum til þess, nokkra tugi þúsunda á ári, til þess að geta haldið hér uppi grænlenzkum námsmanni við Háskóla Íslands. Satt að segja hefði mér ekki fundizt það ofrausn, en ég mun ekki gera tillögur um það, í sambandi við það mál, sem liggur fyrir Nd. um handritastofnun og annað slíkt, — mér hefði ekki fundizt það neitt of mikið, þó að hér á Íslandi hefði verið dósent annars vegar í færeysku og færeyskum bókmenntum og færeyskri sögu og hins vegar í grænlenzkri tungu og grænlenzkri sögu, og kannske þá um leið í öllu því, sem snertir viðskipti okkar Íslendinga við íbúa Grænlands og Norður-Ameríku á undanförnum öldum. Það er ekki vansalaust það tómlæti, sem við sýnum í þeim efnum. Þess vegna álít ég, að það hefði verið vel farið að veita þarna nokkurn styrk, til þess að einn Grænlendingur gæti stundað hér háskólanám.

Í öðru lagi höfum við orðið varir við það hvað landbúnað snertir og það jafnvel einmitt þá þætti í þeim frumstæða landbúnaði, sem við meira og meira erum að leggja niður, að Grænlendingar hafa haft not af því að kynna sér meira að segja þá þætti landbúnaðarins, sem eru að hverfa hjá okkur, og ég held, að það væri ákaflega heppilegt, að einmitt Grænlendingi væri gefið tækifæri til þess að geta verið hér við búnaðarskóla hjá okkur og að einhverju leyti kynnt sér íslenzkan landbúnað, kannske ekki endilega eins og hann er rekinn á búnaðarskólunum, en eins og hann er rekinn sums staðar í afdölum hjá okkur. Við gætum máske með slíku móti hjálpað þeim. Við höfum haft nokkur skipti við þá hvað snertir kvikfénaðinn, og það er engum efa bundið, að það væri rétt af okkur að reyna að vita, hvort við gætum ekki að einhverju leyti orðið þeim að liði. Ég vildi mjög mælast til þess, að hv. fjvn. athugaði þessi erindi undir 3. umr., hvort

ekki mætti að einhverju leyti verða við þeim.

Þá hafði ég sent annað erindi. Það var viðvíkjandi Viðey, framlag til viðgerðar á gamla húsinu í Viðey. Ég flutti till. um það fyrir einum átta árum, held ég, að það yrðu lagðar fram um 100 þús. kr. til þess að gera við það hús. Mér finnst það ekki vansalaust, á sama tíma sem við þó höfum gert mjög myndarlega við húsið á Bessastöðum, um leið og við gerðum það að forsetabústað, að það hús, sem er jafngamalt eða hér um bil, bústaður Skúla Magnússonar, sem er ein af þeim alfáu höllum, sem við eigum á Íslandi, skuli vera að drabbast niður eins og þar á sér stað. Ég sá það mér til ánægju, að einmitt mörg blöð Reykjavíkur og duglegir blaðamenn hafa í sumar tekið það mjög til bæna, hvernig þar er að farið. Við getum ekki látið fara svona að. Á sama tíma sem við erum sjálfir að segja, að við séum svo að segja útvalda þjóðin til þess að geyma það, sem gamalt sé, handritin og annað slíkt, og að hvergi sé slíkum hlutum betur fyrir komið en hjá okkur, þá erum við að láta drabbast niður hjá okkur þessar alfáu hallir, sem reistar voru í landinu, á sama tíma sem við í okkar skáldverkum erum að kvarta yfir því, að allar þær hallir, sem byggðar hafa verið fyrir íslenzkan svita, hafi verið byggðar niðri í Kaupmannahöfn. En það lítið af þeim, sem við höfum fengið hingað, þeim sýnum við þó ekki meiri sóma en þetta. Ég vil segja það um leið, — en það heyrir undir annað, að mér finnst við vera furðu frakkir í því að rífa niður það lítið af gömlum húsum, sem við eigum frá 19. öldinni. Hver maður, sem kemur í stórborg erlendis, finnur þar venjulega einhvern hluta, sem honum finnst rómantískur og fallegur. Það er það, sem er eldgamalt úr stórborginni og þessum mönnum þótti kannske ákaflega fátæklegt fyrir svo og svo mörgum áratugum. En ég býst við, að flestar þær stórborgir heimsins, sem eitthvað hugsa um sína menningu þannig, geri alveg sérstakar ráðstafanir til þess að viðhalda meira að segja slíkum byggingum. Viss hluti af þeim er rifinn niður, en viss hluta er gætt, þannig að hann haldi áfram að vera til. Það er eins og Vesturgatan hér hjá okkur, sem er ein af þeim fáu götum, sem helzt lítt breytt enn þá. Sannleikurinn er, að við eigum ekki bara að láta taka húsin, sem hafa einhverjar sögulegar minjar, og flytja þau upp á Árbæjarsafn. Við eigum að reyna að láta þessi hús haldast, þar sem þau eru, og göturnar eins og þær eru. Og þeim, sem á eftir okkur koma, mun einhvern tíma þykja það eitt það fallegasta, sem þeir sjá, hversu ríkulega sem byggt hefur verið og hversu flott sem byggt hefur verið, þau gömlu hús, sem kunna enn þá að vera til. Ég er ekki með neina till. um það í þessu sambandi, en kem kannske með það í öðru.

Ég vildi aðeins segja þetta út frá því, að ég álít, að þetta viðvíkjandi Viðeyjarhúsinu ætti fjvn. að athuga. Ef ég man rétt, var Viðey boðin til kaups Reykjavíkurbæ fyrir alllöngu fyrir 80 þús., og þótti þá ekki fært að kaupa. Ég hef heyrt, að til allrar hamingju sé verið að tala um að fara kannske að kaupa þar núna, vafalaust fyrir nokkrar millj., en það hefði verið gert betur fyrr. En eitt finnst mér þó, að við eigum að reyna að sjá um, að ekki verði húsin alveg hrunin, sem Skúli Magnússon byggði, áður en ríki eða bær væru búin að taka ákvarðanir um að kaupa þessa ey eða a. m. k. þessi hús.

Ég vil þess vegna vona, að hv. fjvn. athugi þessar litlu tillögur og fleiri, sem fram yrðu þá lagðar við 3. umr., og taki máske ofur lítið meira tillit en hún hefur gert núna til þess, að það er ekki aðeins ríkisstj., sem á að ráða afgreiðslu fjárlaganna, heldur Alþingi sjálft.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara með nokkrum orðum þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) beindi til mín varðandi byggingarmál menntaskólans í Reykjavík í tilefni af því, að ríkisstj. hefur lagt til, að framlag til byggingar hans verði á fjárlögum næsta árs tvöfaldað eða aukið úr 1 millj. í 2. Þótti mér vænt um að heyra, að hann fagnaði þeirri ákvörðun, og vænti þess, að það boði nokkrar framkvæmdir í byggingarmálum þessa elzta starfandi skóla á Íslandi. Ég skal í fáeinum orðum segja frá því, sem í þeim málum hefur verið að gerast undanfarið.

Nemendur í menntaskólanum eru nú um 750. Hann hefur vaxið hröðum skrefum og mun án efa vaxa enn á næstu árum. Hann hefur fyrir löngu sprengt utan af sér það húsnæði, þar sem hann hefur nú verið um langan aldur eða í meira en öld. Og það er í raun og veru langt frá því að vera vansalaust, að jafnlengi skuli hafa dregizt og raun ber vitni að gera verulegar endurbætur á skilyrðum menntaskólakennslu hér í Reykjavík. En ástæðan til þess, hversu lengi það hefur dregizt, er, eins og væntanlega öllum hv. þm. er kunnugt, að þegar alvarlega kom til greina að gera átak í því máli, þ. e. a. s. bæta skilyrði menntaskólakennslu í Reykjavík, þá hófst um það mjög mikil og hatrömm deila, með hverjum hætti það skyldi gert.

Það eru nú þegar um 20 ár síðan á því var brýn þörf að bæta skilyrði menntaskólakennslunnar og málið kom til kasta Alþingis. En einmitt um leið og málið komst á dagskrá, kom upp deila um það, hvernig ráða skyldi fram úr málinu, og sú deila hefur orðið þess valdandi, að allt til þessa dags hefur ekkert verið aðhafzt í málinu. Í fáum orðum má segja, að það, sem deilan stóð um, var, hvort byggja skyldi framhúðarhúsnæði fyrir menntaskólakennsluna í Reykjavík, á þeim stað, sem nú er menntaskóli og menntaskóli hefur verið í meira en 100 ár, eða hvort flytja skyldi menntaskólann frá þessum sögufræga stað á annan stað, og hafa þar margir staðir komið til greina í ýmsum hverfum bæjarins, í Laugarnesi, Skerjafirði og Hlíðum. En aldrei náðist samkomulag um það, hvernig með málið skyldi fara. Aldrei var í ríkisstj. tekin um það endanleg ákvörðun, hvað gera skyldi, sökum þess að forvigismenn, rektor og kennarar menntaskólans og fjölmargir þeir aðrir, sem létu sér umhugað um málefni skólans, skiptust í tvo mjög svo fjandsamlega hópa um það, hvernig á málinu skyldi tekið.

Þetta mál hefur nú undanfarið verið í athug-

un hjá ríkisstj. Og nú loks er svo komið, að meðal forvígismanna menntaskólans í Reykjavík, þ. e. með rektor og kennurum hans, hefur náðst alger samstaða við það sjónarmið, sem ég hef verið fylgjandi um það, hvernig heppilegast sé á málinu að taka, þannig að nú fyrir þrem dögum hefur kennarafundur í menntaskólanum í Reykjavík einróma gert ályktun um, hvaða stefnu sé heppilegast að fylgja í byggingarmálum menntaskólans. Og þó að ríkisstj. hafi ekki enn tekið formlega ákvörðun sína í málinu, þar sem svo skammt er liðið síðan mér bárust þessi skjöl í hendur, er ég þess fullviss, að ríkisstj. í heild mun fallast á þau sjónarmið, sem þar er um að ræða.

Ég skal nú gera í stuttu máli grein fyrir þeim áætlunum, sem uppi eru og gerðar hafa verið af hálfu húsameistara ríkisins og starfsmanna hans í samráði við menntmrn. og rektor og nokkra aðra kennara menntaskólans. Í gamla menntaskólahúsinu eru nú 10 kennslustofur, auk þess sem kennt er í svokölluðu Fjósi, þar sem eru tvær kennslustofur, og enn fremur er gamalt leikfimihús á menntaskólalóðinni, auk bókasafnsins Íþöku, sem nú er félagsheimili nemenda. Húsameistarar hafa gert teikningu að viðbyggingu við hið gamla menntaskólahús, sem reist skuli sumpart á menntaskólalóðinni, þeirri lóð, sem ríkið á nú, og sumpart á þeirri lóð, sem nú er í eign Olíufélagsins, í olíuportinu svonefnda, er liggur austur af menntaskólalóðinni, upp undir þær lóðir, sem einkahús standa á og liggja við Þingholtsstræti. En á þessari lóð, ef hún er tengd gömlu menntaskólalóðinni, mundi vel rúmast einnar hæðar bygging, þar sem verið geta sjö kennslustofur, þar af fjórar mjög stórar og rúmgóðar sérkennslustofur fyrir efnafræði, eðlisfræði, náttúrufræði og húmanistísk fræði. Gert er þá auðvitað ráð fyrir því, að Fjósið, sem nú stendur að baki gamla menntaskólahússins, verði rifið. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að leikfimihúsið, sem er orðið algerlega ónothæft, verði rifið og í tengslum við þessa einnar hæðar byggingu verði við Bókhlöðustíg ný bygging, sem verði hvort tveggja í senn nýtt leikfimihús og samkomusalur, en í kjallara hennar verði fatageymslur nemenda og snyrtiherbergi, þannig að sú eina kennslustofa, sem nú er notuð sem fatageymsla í gamla húsinu og er allsendis ófullnægjandi fyrir þá 750 nemendur, sem þar stunda nú nám, komi í gagnið sem ný kennslustofa. Þessi breyting mundi hafa í för með sér, að til viðbótar 11 kennslustofum í gamla húsinu komi 6 nýjar kennslustofur, þ. e. 8 nýjar stofur í bókstaflegri merkingu í nýja húsinu, en frá því verður að draga þær tvær, sem missast við það, að gamla Fjósið, sem í rauninni er fyrir löngu ónothæft sem kennsluhúsnæði, verður rifið, þannig að nettó bætast 6 kennslustofur við þær 11, sem fyrir eru, og um verður að ræða rúmlega 50% aukningu á kennslurými menntaskólans og þó í raun og veru miklu meira en 50% aukningu á kennslurýminu, því að af þessum 6 nýju stofum verða fjórar þess konar stofur, sem menntaskólann hefur í áratugi vanhagað um, þ. e. fullkomnar sérkennslustofur með rannsóknarstofum í efnafræði, eðlisfræði, náttúrufræði og húmanistískum fræðum. Leikfimisalurinn verður gerður eftir kröfum tímans og jafnframt útbúinn þannig, að hann verði hinn raunverulegi samkomusalur nemenda, þannig að ekki þurfi lengur að nota hinn sögufræga og helga sal, hátíðasal menntaskólans, sem almennan samkomusal og danssal nemenda. En í raun og veru hefði fyrir löngu átt að vera búið að taka fyrir það, að ein sögufrægasta stofa á Íslandi, einn mesti sögustaður, sem Íslendingar eiga, þar sem er hátíðasalur menntaskólans, þar sem Alþingi var háð um áratugi og þar sem Jón Sigurðsson starfaði, að sá salur væri notaður til skemmtisamkvæma fyrir unglinga. Þegar þessi breyting hefur komizt til framkvæmda, mun verða hægt að taka fyrir það.

Þegar þessi breyting verður komin til framkvæmda, mun menntaskólinn geta hýst um 1000 nemendur, miðað við það, að tvísett verði í skólastofur hans flestar, og það má gera ráð fyrir því, að það húsnæði muni duga fyrir menntaskólakennslu hér í Reykjavík um nokkur ár, um 4—5 ár fram í tímann a. m. k. Þessi tegund af framkvæmdum felur það í sér, að ekki verður byggt stórt frambúðarhúsnæði fyrir menntaskóla á menntaskólalóðinni við Lækjargötu. Byggingar þær, sem fyrirhugaðar eru samkvæmt teikningum húsameistara, sem fyrir liggja, eru í raun og veru bráðabirgðabyggingar, sem eru til þess ætlaðar að vera nothæfar um það bil jafnlengi og gera má ráð fyrir að gamla menntaskólahúsið verði nothæft, þannig að þegar gamla menntaskólahúsið yrði tekið úr notkun sem skólahúsnæði fyrir menntaskóla, sé líka hægt með litlum kostnaði að hætta að nota þessar viðbyggingar sem kennsluhúsnæði, og þá mætti taka um það ákvörðun, hvað við menntaskólahúsið gamla yrði gert, hvort það yrði notað sem safn, hvort það yrði flutt burt eða því fyrirhuguð einhver enn önnur örlög.

Þær ráðstafanir, sem samkvæmt þessum áætlunum eru fyrirhugaðar á menntaskólalóðinni, er gert ráð fyrir að muni kosta 9—10 millj. kr. Byggingarframkvæmdirnar munu kosta milli 9 og 10 millj. kr. Eftir er að semja um kaup á olíuportinu svonefnda við Olíufélagið, en gera má ráð fyrir því, að sú lóð kosti í hæsta lagi 2 millj. kr. Þessar framkvæmdir, sem því eru fyrirhugaðar á menntaskólalóðinni og olíuportslóðinni á næsta sumri, munu því kosta um 10—11 millj. kr. Í byggingarsjóði menntaskólans eru nú um 7—8 millj. kr., svo að það fjárframlag, sem nú kemur til viðbótar í sjóðinn á fjárlögum næsta árs, mun fara mjög langt í það að duga fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru. Slíkar einnar hæðar byggingar, eins og hér er um að ræða og ekki er ætlað að vera til algerrar frambúðar, eru ekki vandbyggðari en svo, að húsameistarar hafa fullvissað um, að hægt sé að ljúka þessum framkvæmdum á einu sumri, — ef undirbúningur er hafinn nógu snemma vors eða seint vetrar, þá sé hægt að hafa allar þessar byggingar til næsta haust, og má þá hiklaust telja, að vel sé séð fyrir húsnæðisþörf menntaskólans a. m. k. næstu 4—5 ár, auk þess, sem ég tel enn þá meira virði, að loksins er þá gert fyrir mennta-

skólann það, sem hann hefur átt skilið í áratugi, að honum verða þá búin nýtízku skilyrði til þess að annast þá mikilvægu fræðslu, sem þar fer fram. En það má í rauninni teljast furðulegt, hversu vel menntaskólanum hefur tekizt að inna af hendi hlutverk sitt, miðað við þær aðstæður, sem þar hafa ríkt um marga áratugi, og er þess að vænta, að þeir ágætu menn, sem þar starfa, muni starfa með enn meiri ánægju og með enn meiri árangri, eftir að þannig hefur verið að þeim búið, sem nú standa vonir til að gert verði á næsta sumri.

Hitt er svo annað mál, að það er ekki nægilegt að taka þá ákvörðun, sem ég hef nú verið að lýsa, að gera hinn gamla, sögufræga skólastað við Lækjartorg að aðsetursstað þúsund manna skóla til bráðabirgða, miðað við tvísetningu, en 500—700 manna skóla, miðað við minni og hóflegri notkun húsnæðisins. Það er ekki nægilegt að taka þá ákvörðun, sem ég hef nú hér verið að lýsa, þó að hún leysi vanda menntaskólafræðslunnar í Reykjavík í næstu 4—5 ár a. m. k. Jafnframt þarf að taka ákvörðun um að stofna annan menntaskóla í Reykjavík. Að því var gerður undirbúningur á sínum tíma með því að tryggja öðrum menntaskóla í Reykjavík lóð í Hlíðunum og hefja þar gröft grunns. Jafnframt þessari ákvörðun er nú nauðsynlegt að taka ákvörðun um það að hefja undirbúning að byggingu annars menntaskóla í Reykjavík. Það tekur nokkur ár að undirbúa slíka stórbyggingu, sem þar verður um að ræða. En það er um að gera að taka þá ákvörðun strax, þannig að bygging geti hafizt eftir svo sem 2—3 ár. Það má gera ráð fyrir, að hún taki nokkur ár, 3—4 ár, en það er þannig, að hún ætti að geta verið komin í gagnið eftir 6—8 ár. En þá má telja tvímælalaust, að þörf verði fyrir annan menntaskóla í Reykjavík. Ég tel, að þá teikningu, sem á sínum tíma var umræðuefni og hið mikla deiluefni, eigi að endurskoða, og það er raunar nú verið að gera. Sú teikning gerði ráð fyrir 21 almennri kennslustofu og 6 eða 7 sérkennslustofum, þ. e. 26—27 kennslustofa skóla. Sá skóli er af ýmsum talinn, einkum á allra síðustu árum, óþarflega og óheppilega stór, og sú endurskoðun, sem nú fer fram á þeirri teikningu, er við það miðuð, að kennslustofum verði þar nokkuð fækkað frá því, sem upphaflega var ætlað. En með því að gera hvort tveggja, að framkvæma þær byggingar á gömlu menntaskólalóðinni, sem ég nú lýsti, og taka jafnframt ákvörðun um að hefja strax undirbúning að byggingu annars menntaskóla í Reykjavík, sem síðan væri hægt að byrja að byggja eftir nokkur ár, væri séð til frambúðar fyrir þörfum hinnar mjög svo mikilvægu menntaskólafræðslu hér í höfuðstaðnum.

Um þessar meginlínur, sem ég nú hef lýst, eru rektor menntaskólans í Reykjavík og allir kennarar menntaskólans í Reykjavík á einu máli, sbr. þá ályktun, sem ég gat um áðan. Og nú, þegar slík eining hefur loksins skapazt um það, hverja stefnu skuli marka til frambúðar í byggingarmálum menntaskólafræðslunnar í Reykjavík, er enginn vafi á því, að endanleg ákvörðun verður tekin innan skamms um þetta efni, þannig að brautin verður fast mörkuð. Ríkisstj. hefur þegar ákveðið að gera vissar framkvæmdir á gömlu menntaskólalóðinni á næsta sumri, svo sem m. a. kemur fram í till. ríkisstj. um að tvöfalda framlagið í byggingarsjóð menntaskólans, og ég efast ekki um, að hún mun á næstunni, þegar hún fær lagðar fyrir sig þessar nýgerðu heildaráætlanir, sem frá menntaskólanum munu koma, taka endanlega ákvörðun, sem markar framtíðarstefnuna í byggingarmálum menntaskólafræðslunnar í Reykjavík.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 205 ásamt tveim samþingismönnum mínum, hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) og hv. 4. þm. Sunnl. (BFB), brtt. við fjárlagafrv., og ætla ég mér að mæla hér fáein orð fyrir tveimur þeirra, en hv. 6. þm. Sunnl. mælti fyrir einni þessara tillagna.

Mér er ljóst af reynslunni, að það er til lítils fyrir einstaka þingmenn að flytja hér brtt. eða till. yfirleitt, og má segja, hvort heldur eru frv. eða tillögur. Yfirleitt er það orðið þannig, að það er ekki annað, sem nær fram að ganga hér á hv. Alþingi, en það, sem ríkisstj. í hvert sinn vill láta ganga fram. Það má því heita nokkur einfeldni af okkur, þessum félögum, að vera að bera fram tillögur. En við kunnum ekki við annað en minna á þessi málefni, sem eru áhugamál heima í héraði okkar.

Fyrsta tillagan á þskj. 205 er við 11. gr. A, 10. lið, um það, að við bætist nýr liður: Til löggæzlu á Selfossi 70 þús. kr. Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir hér á Alþingi, bæði nú og í fyrra a. m. k., til þess að fá fjárveitingu á fjárlögum til löggæzlu á Selfossi. Sú málaleitun hefur þó ekki fengið náð fyrir augum þeirra, sem völdin hafa. Við flm. þessarar brtt. viljum þó enn gera tilraun með það að koma hér á framfæri á hv. Alþingi þessari málaleitan, svo að til úrslita komi, hvort hún nær fram að ganga eða ekki. Ég vil geta þess, að á Selfossi eru nú búsettir nær 2000 manns og að staðurinn liggur á krossgötum, og þar er mjög mikil umferð, svo sem kunnugt er. Það er þess vegna komið í ljós, að mikil þörf er þar á löggæzlu daga og nætur, og er slík gæzla mjög kostnaðarsöm, svo að sveitarfélagið, sem þarna um ræðir, stendur nú í vandræðum út af þessu máli.

Hin tillagan, sem ég hér vildi aðeins hafa nokkur orð um, er VII. till. á þskj. 205, við 22. gr., um það, að þar komi nýr liður um að greiða allt að 100 þús. kr. til uppbyggingar Kolviðarhóls í Árnessýslu. Það er eins og kunnugt mun vera, að í Reykjavík og á Suðurlandi er starfandi félag, sem sett hefur sér það mark að endurreisa hinn forna áfanga- og gististað á Kolviðarhóli. Sá staður var öldum saman einn fjölsóttasti áningarstaður ferðamanna, þegar þeir komu af Hellisheiði eða þegar þeir lögðu á heiðina. Þar hvíldust menn og skepnur í erfiðum ferðalögum vetur og sumar, og margt mannslífið mun hafa bjargazt vegna sæluhússins og síðar gistihússins á Kolviðarhóli. Vegna breyttra samgönguhátta og nýrrar tækni er Kolviðarhóls ekki lengur þörf sem gististaðar fyrir ferðamenn, sem fara um Hellisheiði. En

á Kolviðarhóli eru mikil og vönduð hús, sem síðasti gestgjafinn þar, Sigurður heitinn Daníelsson, reisti af miklum stórhug. Þessi hús hafa nú á síðustu árum orðið fyrir miklum skemmdum spellvirkja. Kolviðarhólsfélagið hefur látið framkvæma bráðabirgðaviðgerð á húsinu, svo að því hefur nú um sinn verið forðað frá bráðri eyðileggingu. En það vantar mikið á, að full viðgerð hafi farið fram, og mun hún kosta mikið fé. Sunnlendingar líta yfirleitt svo á, að endurreisn Kolviðarhóls sé þáttur í því að bjarga frá glötun og varðveita þjóðleg og menningarsöguleg verðmæti, sem á sínum tíma áttu sinn þátt í því, að þjóðin gat búið í landinu og varðveitt það til handa niðjum sínum, þeim er nú byggja þetta land.

Áreiðanlega hefur oft verið varið fé úr ríkissjóði til styrktar málefni, sem hefur ekki átt meiri rétt á stuðningi af hálfu þjóðfélagsins en það, sem hér er um rætt og tillagan fer fram á. Ég vænti þess vegna, að þetta mál eigi hér skilningi að mæta að þessu sinni. Áreiðanlega munu hin stóru hús á Kolviðarhóli geta komið að gagni á einhvern hátt, ef þeim verður bjargað. Mér finnst þjóðin ekki hafa efni á því, að slík verðmæti, sem á Kolviðarhóli eru, séu látin eyðileggjast, og eins og ég sagði áðan, vænti þess vegna, að þetta mál fái hér að mæta skilningi og velvilja hv. alþingismanna.

Ég geri ráð fyrir því, að við flm. tökum þessar tillögur aftur til 3. umr., og vil ég þá mælast til þess, að hv. fjvn. taki málið til athugunar þann tíma, sem hún hefur til umráða fyrir 3. umr. Og ég vildi mælast til þess, að hún vildi gera þessar till. að sínum tillögum og bera þær þannig fram við 3. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Reykn. (FRV) að flytja tvær brtt. við frv. til fjárlaga, sem hér er verið að ræða við 2. umr.

Fyrri brtt. okkar er sú, að fjárframlag til hafnargerðar í Kópavogi verði fært úr 200 þús. kr. í 250 þús. kr. Þessi fjárveiting, ef samþykkt yrði, væri sú sama og vitamálastjóri lagði til að veitt yrði til Kópavogskaupstaðar í tillögum sínum um skiptingu á fé til hafnarframkvæmda. Í hv. fjvn. var hins vegar fjárframlag þetta skorið niður um 50 þús., og tel ég það mjög ósanngjarnt, miðað við hina miklu þörf fyrir fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda í Kópavogi og einnig miðað við það, að á undanförnum árum hefur fjárveiting til Kópavogs til hafnarframkvæmda verið mjög smávægileg og minni en til margra annarra staða, sem ég get ekki séð að eigi frekar rétt á hærri fjárveitingum en Kópavogskaupstaður.

Síðari brtt. okkar hv. 5. þm. Reykn. gengur út á það, að fjárveiting til hafnarframkvæmda í Sandgerði verði hækkuð úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr. Á fjárframlögum fyrir næsta ár mun heildarfjárveiting til hafnarframkvæmda vera hin sama og á þessu ári. Hins vegar hefur það einkennilega skeð, að fjárveiting til hafnarframkvæmda í Reykjaneskjördæmi, einu allra kjördæma á landinu, hefur verið lækkuð um 100 þús. kr. Við flm. þessarar brtt. höfum gert það að tillögu okkar, að fjárveiting til Sandgerðis verði hækkuð um 100 þús. kr., þannig að heildarfjárveiting til hafnarframkvæmda í Reykjaneskjördæmi verði óbreytt frá því, sem hún var í fyrra, eins og er um önnur kjördæmi landsins.

Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþingismönnum, hversu mikilvægt það er fyrir þann mikla flota, sem stundar veiðar á vetrum og raunar lengur, að góð höfn, góð hafnarskilyrði séu í Sandgerði. Á undanförnum árum hefur verið unnið talsvert að hafnarframkvæmdum þar, og fyrirhugað er verulegt átak í þeim efnum, en til þess að hægt sé að ljúka þeim áfanga, sem áætlað er, skortir talsvert fjármagn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar tillögur. Þær eru ljósar og þurfa ekki mikilla skýringa við. En ætlun okkar flm. var sú að taka þessar tillögur aftur til 3. umr., og vildi ég því leyfa mér, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, að fara þess á leit við hv. fjvn., að hún taki tillögur þessar til velviljaðrar athugunar á þeim tíma, sem hún skoðar frv. á milli 2. og 3. umr., og helzt vildum við, að fjvn. gæti komið sér saman um að gera tillöguflutning okkar að sínum við 3. umr. fjárlagafrv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þær fjórar smátillögur, sem ég flyt til breytinga á fjárlagafrv., eru ekki komnar úr prentun, en það hafa verið veitt afbrigði fyrir þeim. Um þessar tillögur vil ég fara nokkrum orðum.

Ég vil, áður en ég vík að tillögunum, láta í ljós undrun mína, eins og flestir þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað við þessa umræðu, á því fyrirbæri, að fjárlögin hafa í heild hækkað á þremur árum um a. m. k. 70%, en fjárveitingar til verklegra framkvæmda mega heita að standa í stað þessi sömu þrjú ár.

Áreiðanlega hefði naumast nokkurri ríkisstj. haldizt það uppi að lækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda svo stórkostlega sem hér hefur verið gert. En hæstv. núv. ríkisstj., viðreisnarstjórninni, hefur tekizt að gera þetta með síendurteknum gengislækkunum. Staðreyndin er eftir sem áður, að það, sem nú er hægt að framkvæma fyrir þær fjárveitingar, fyrir þá sömu krónutölu, sem er nú til verklegra framkvæmda, til vega, brúa, hafna, flugmála, er að verðgildi stórkostlega miklu minna en var, þegar þessi sæla stjórn tók við völdum. Hún hefur því í raun og veru lækkað framlög til verklegra framkvæmda stórkostlega. Í Vestfjarðakjördæmi kemur þetta fram eins og annars staðar. Fjárframlög til vegagerðar í þessum mjög vanrækta landshluta eru að krónutölu svipuð og þau hafa verið undanfarin ár, en fyrir þetta fé verður auðvitað hægt að framkvæma miklu minna en t. d. fyrir þremur árum.

Fyrsta tillaga mín er um það, að veitt verði fé til Fjarðavegar, þ. e. a. s. vegarins út með Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem liggur um Sjötúnahlíð, um Kambsnes, að Eyri við Seyðisfjörð, og ætti að liggja frá Eyri fyrir fjarðarbotninn og að bænum Hesti. En ef þessi

vegur, Fjarðavegur, væri lagður á þennan veg, væri komið vegarsamband um hina byggðu sveit á þessu svæði, en fram undan væri þá hinn óbyggði fjörður, Hestfjörður, sem Fjarðavegi er ætlað að liggja inn fyrir og síðan inn fyrir Skötufjörð, áleiðis til Ögurs. Ég tel auðvitað mesta þörf vera á því að halda áfram vegagerðinni um hinn byggða hluta þessa svæðis. Þarna ætti þessi vegur, ef honum væri haldið áfram næsta sumar af nokkrum krafti, að vera kominn a. m. k. á næsta ári þar á eftir til nota fyrir stærsta sauðfjárbóndann á Vestfjörðum, sem býr á Eyri við Seyðisfjörð.

Það fékkst ekki samkomulag um það í hópi Vestfjarðaþingmanna að ætla þessum vegi nokkra upphæð að ráði, sem að gagni kæmi. Það var líka í mörg horn að líta sannarlega og miklu fleiri en hægt var að sinna. Hef ég því leyft mér að bera fram tillögu um það, að tekin verði upp fjárveiting til Fjarðavegar, 300 þús. kr., þ. e. a. s. fjárveiting, sem gæti skilað þessari vegagerð nokkuð áleiðis um Sjötúnahlíð og Kambsnes í áttina að bænum Eyri við Seyðisfjörð.

Það hefði mátt vænta þess, að þess sæi einhvern stað, að einn af þingmönnum Vestfjarðakjördæmis er nú formaður fjvn., í góðri aðstöðu, góðu skjóli ríkisstj., og átti vitanlega ekki að vanta viljann til þess, að það sæist nú eitthvað í a. m. k. ekki knappari fjárveitingum en áður, að hann hefði haft þessa aðstöðu. En nú bregður svo við, að því er tekur til fjárveitinga til brúa í Vestfjarðakjördæmi, að það eru aðeins tvær mjög smávægilegar brýr, sem fá þar fjárveitingu, og eru þó margar ár á Vestfjörðum, sem þyrftu sannarlega að verða brúaðar og það hið bráðasta. Um fjárveitingar að undanförnu til Vestfjarðakjördæmis að því er snertir brýr má segja það, að þær hafi oft verið svipaðar og í önnur kjördæmi, að öðru leyti en því, að ég man ekki til þess, að Vestfirðir hafi nokkurn tíma fengið eyri úr brúasjóði, en brúasjóðurinn hefur einmitt veitt fjárfúlgur til brúargerða í öðrum landshlutum, til þeirra brúa, sem hafa kostað eina milljón króna eða meira.

Hér er a. m. k. um eina á að ræða, sem mundi kosta meira en milljón krónur að brúa, og það er áin Mórilla í Kaldalóni. Á s. l. sumri var að mestu leyti lokið að leggja veginn báðum megin að þessari brú, fyrir Kaldalón, og tengja þannig saman veginn um Langadalsströnd og veginn um innanverða Snæfjallaströnd. En þó að því verði lokið á næsta vori að ganga frá þessari vegagerð og tengja Snæfjallahrepp og Nauteyrarhrepp þannig saman með samfelldum vegi, þá vantar þetta á, það vantar brúna á Mórillu, svo að menn verða engu nær. Hún er það vatnsfall, að trauðlega verður yfir komizt, nema yfir hana verði byggð brú, og þó að ég leggi hér aðeins til eina milljón króna, kostar hún sennilega hátt í 2 millj. kr., kannske meira en það. Þetta er jökulvatn, sem kemur úr Drangajökli og er oft mjög illt yfirferðar, kannske einna verst yfirferðar allra vatnsfalla á Vestfjörðum.

Þá hefur miðað það áfram vegagerðinni norður í Strandasýslu, að vegur var nú á s. l. sumri kominn norður í Kaldbaksvík. En þar er allvatnsmikill ós við vegarendann, milli vegarenda og bæjanna í Kaldbak, og þyrfti auðvitað að ríða þann endahnút þarna á í bili að brúa Kaldbaksós, en til þess get ég ekki séð að nein fjárveiting sé ætluð á fjárlögunum. Það er því verra að leggja bíla í ósinn, að upp í hann fellur sjór um flæði, og þykir öllum bílaeigendum allillt og er til stórskemmda á þessum tækjum að fara yfir slík vatnsföll. Þess vegna þarf að hraða brúargerð sérstaklega yfir Kaldbaksósinn.

Þá er tillaga um hafnarbætur eða lengingu bryggjunnar á Drangsnesi. Kauptúnið á Drangsnesi hefur tekið nokkrum vexti nú allra seinustu árin, átti lengi við atvinnulegar þrengingar að búa, en hefur nú eins og risið úr ösku. Þeir hafa þar, íbúarnir, komið sér upp stórum smávélbátaflota og eiga auk þess að njóta atvinnuaðstoðar frá togskipi, sem í raun og veru var keypt til þess að vera aðaluppistaðan og undirstaðan undir atvinnulífi Hólmvíkinga og Drangsnesbúa. En bryggjan á staðnum, þó að hafnarskilyrði séu þar að öðru leyti allgóð, er í því ástandi, að hún er ónothæf fyrir þetta stóra skip og veitir ekki nægа afgreiðslumöguleika fyrir smábátaflotann í kauptúninu. Það hefur verið hamrað á því ár eftir ár að fá einhverja fjárveitingu til þess að geta lengt Drangsnesbryggju, en þetta hefur mætt daufum eyrum, og hafa þó héraðsbúar ár eftir ár sent Alþingi skörulegar bænaskrár og rökstuddar vel um það, að ekki verði gengið fram hjá Drangsnesi og hafnaraðstöðu þar, því að á því veltur í raun og veru allt atvinnulíf þorpsbúa.

Ég vil nú vænta þess, að hv. fjvn. taki þessar tillögur mínar til athugunar, og væri sjálfsagt að gefa henni betra tóm til þess með því að taka þessar tillögur aftur nú við 2. umr. og knýja þannig enn fastar á dyr Flosa og eiga undir hans drengskap nokkuð.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þessar smávægilegu tillögur, en að síðustu aðeins fara örfáum orðum um eitt hið furðulegasta fyrirbæri, sem mér sýnist vera á þessu fjárlagafrv., og það er tillaga hæstv. fjmrh. um það að inna af hendi greiðsluskyldu ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginganna með einhverjum skuldabréfalappa frá ríkinu. Ég álít þessa tilraun hæstv. ráðherra algerlega lögleysu, því að það mun vera viðurkennt af lögfræðingum, að gildandi lögum verði ekki breytt með fjárlagaákvæði, og það eru gildandi lög í landinu, að atvinnuleysistryggingarnar fái tekjur frá ríkissjóði, og mun nú láta nærri, að greiðsluskylda ríkissjóðs á yfirstandandi ári sé um 29 millj. kr., og að atvinnuleysistryggingarnar skuli enn fremur fá greiðslu árlega frá sveitarfélögum og frá atvinnurekendum. Ef einn af þessum aðilum, sem eiga að greiða atvinnuleysistryggingunum, kemst áfram með það að borga með skuldabréfi, þá er ekki nokkur vafi á því, að Reykjavíkurbær mundi fljótt fara sömu leiðina og sveitarfélögin yfirleitt og sjálfsagt atvinnurekendurnir líka, því að ríkið er ekki á nokkurn minnsta hátt rétthærri aðili í þessu efni en hinir aðilarnir. Þar með væri búið að leggja

atvinnuleysistryggingarnar í rúst. Það hefur verið svo, að stjórn atvinnuleysistrygginganna, sem starfar samkvæmt þeim lögum, sem tryggingarnar byggja á, hefur veitt allmikið af lánum til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi á ýmsum stöðum, til þess að undirbyggja atvinnulífið, og hefur litið svo á, að það væri í anda laganna, auk þess sem tryggingarnar eiga fyrst og fremst að greiða atvinnuleysisbætur, atvinnuleysisstyrki, þegar atvinnuleysi ber að höndum. Hefur það verið gert, þegar svo hefur borið undir, en sem betur fer lítið þurft til þess að koma vegna góðs atvinnuástands. En ef atvinnuleysistryggingarnar nú ættu að fara að borga rekstrarhjálp til ríkisins, upp í rekstur ríkisins, koma hjálpandi til, þegar svo er haldið á ríkisbúskapnum, að ekki nást saman endar tekna og gjalda, og ætla þannig að fara að standa undir rekstri einhvers fyrirtækis, eins og til dæmis ríkisins, þá er komið að því, að atvinnurekendurnir gætu komið hver á fætur öðrum og heimtað á sama hátt að fá aðstoð við sinn rekstur. Á þessu er enginn munur. Gamansamur maður sagði, að það gæti alveg eins komið maður af götunni og sagt: Mig vantar peninga fyrir brennivínsflösku, og ég heimta að fá þá úr atvinnuleysistryggingunum, ég hef ekki tekjur fyrir því. — Það, sem ríkið tekur, getur vel farið fyrir brennivínsflöskur ráðherranna og í þeirra veizlur, og er þá enginn munur á, það eru rekstrarútgjöld hjá ríkinu, sem þarna er um að ræða, og rekstrarútgjöld einstaklings. En vitanlega næði slíkt engri átt. Hæstv. ráðherra hefur engan meiri rétt en maðurinn af götunni til þess að skjóta sér undan sínum lagalegu greiðslum og að ætla sér að fara að fá fé atvinnuleysistrygginganna, sem ber að verja lögum samkv., upp í það, sem hann vantar til þess að hafa rekstrartekjur á móti gjöldum. Það minnsta, sem yrði þá að gerast, eins og hér var sagt í dag réttilega, væri það, að hæstv. ráðherra færi til stjórnar atvinnuleysistrygginganna og bæði um heimild til þess að mega samkv. sérstökum samningi við stjórn trygginganna greiða árstillagið í þetta sinn með skuldabréfi. En mér er tjáð, að hann hafi ekki einu sinni haft svo mikið við, bara skellt þessu inn á fjárlögin og ætlar sér að breyta atvinnuleysistryggingalögunum með fjárlagaákvæði, sem talið er lögleysa. Ég fyrir mitt leyti mótmæli því algerlega, að þetta geti staðizt, og tel, að hæstv. forseti geti í raun og veru ekki borið svona till. undir atkvæði, af því að hún stríðir greinilega gegn lögum. En til slíkra óyndisúrræða er gripið af hæstv. ráðherra vegna þess, að hann vantar ekki aðeins þessar 28.5 millj. kr., sem þarna er um að ræða að smokka sér hjá að greiða og ætla sér að rétta viðkomandi aðila aftur skuldabréf í staðinn, heldur vantar hann líka 73—74 millj. kr. fyrir þeim niðurgreiðslum, sem hingað til hafa verið greiddar, og er alveg greinilega þarna um að ræða rúmlega 100 millj. kr. halla á fjárlögunum, þó að ekkert kæmi annað til.

Ég gat ekki að mér gert að víkja að þessu nokkrum orðum, af því að menn geta ekki látið sér í léttu rúmi liggja um það, ef ekki á að virða þau lög, sem atvinnuleysistryggingarnar starfa eftir, og brjóti einn aðili, þó að það sé ríkið, er alveg víst, að það býður öðrum lögbrotum heim frá þeim, sem hafa þá sama rétt, bæði atvinnurekendunum í landinu og sveitarfélögunum, og kynni að vera, að þau segðu alveg eins og ríkið: Mig vantar tekjur á móti mínum útgjöldum. — Og er þá ekki sízt um að sakast við hæstv. ríkisstj. sjálfa, að svo er komið.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka aftur til máls hér, en tel þó rétt að svara tveimur firrum úr ræðu síðasta hv. ræðumanns.

Hann slær því föstu í fyrsta lagi og segir, að það valdi mikilli undrun í hans huga, að framlög til verklegra framkvæmda standi svo að segja í stað. Það er sýnilegt, að hv. þm. hefur ekki lesið eða ekki hirt um þær upplýsingar, sem liggja fyrir í þessu efni. Ég gaf m. a. yfirlit um þær hækkanir, sem orðið hefðu til verklegra framkvæmda, og skal ekki endurtaka það hér. En fyrir þá sök minnist ég á þetta, að það er í raun og veru alveg blöskranlegt, að þessi hv. þm., sem var ráðh. í vinstri stjórninni, skuli leyfa sér að koma hér fram og bera það blákalt fram, að hér séu óbreytt framlög til verklegra framkvæmda, og hneykslast á því, eins og hann gerir, því að þessi hv. þm. veit ósköp vel um sína eigin fortíð í þessum efnum. Fyrir haustþingið 1957, á miðjum valdatíma vinstri stjórnarinnar, var lagt fram fjárlagafrv. fyrir árið 1958. Og við skulum líta á, hvernig þessi hv. þm., þáv. ráðherra, stóð að till. í því fjárlagafrv. um framlög til verklegra framkvæmda. Við skulum bera saman annars vegar framlögin til verklegra framkvæmda samkv. gildandi fjárlögum þá, 1957, og hverjar voru tillögur þessarar ríkisstj. og þar með þessa hv. þm.

Varðandi vegina voru framlögin í fjárlögum 1957 tæpar 16 millj. Þessi hv. þm. ásamt fjmrh. þá og allri ríkisstj. skar þau niður í frv. fyrir næsta ár niður í 12 millj. Framlögin til brúa voru í fjárlögum 1957 9.8 millj. Hann skar þau í frv. niður í 7 millj. Framlögin til hafna voru 12.6 millj. Hann skar þau niður í 9.3 millj. í frv., sem hann stóð að því að leggja fram. Framlögin til skólabygginga voru 19.5 millj. Hann skar þau niður í 15.1 millj. Framlögin til sjúkrahúsa voru í fjárlögum 1957 8.1 millj. Hann skar þau niður í 7.6 millj. Framlögin til íþróttasjóðs voru 1.6 millj. Þessi hv. þm. skar þau niður í 1.3 millj. Framlögin til flugvalla voru 6.7 millj. í gildandi fjárlögum 1957. Þessi hv. þm. skar þau niður í 6 millj. Þessir liðir: vegir, brýr, hafnir, skólar, sjúkrahús, íþróttasjóður og flugvellir, framlögin til þeirra voru í fjárlögum 1957 74 millj. kr. Þegar þessi hv. þm. hafði aðstöðu til þess að hafa áhrif á framlög til verklegra framkvæmda, stóð hann að framlagningu fjárlagafrv. haustið 1957, fyrir árið 1958, sem skar þessi framlög niður um 16 millj. kr. Á þinginu tókst að vísu að fá þessu breytt, þannig að þessum framlögum var tosað í krónutölu upp í það sama og hafði gilt á árinu 1957, og þó er þess að gæta, að á árinu 1958 stendur þessi hv. þm. að því að lækka gengi íslenzku krón-

unnar með 55% yfirfærslugjaldinu, þannig að allur tilkostnaður við hvers konar verklegar framkvæmdir hlaut auðvitað að hækka verulega. Ég verð að segja, að það er furðuleg fífldirfska og óskammfeilni, að þessi hv. þm. skuli svo koma hér og tala eins og hann gerði.

Varðandi hitt atriðið, sem hann nefndi, þá sýnir það gersamlega, hversu þessi hv. þm. er úti á þekju um það, sem um er að ræða. Hann býsnast yfir því, að það sé verið að leggja atvinnuleysistryggingasjóðinn í rúst með því, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði sitt framlag, 28.5 millj., á næsta ári með skuldabréfi í staðinn fyrir reiðum peningum. Þessi hv. þm. á að vita, ef það er ekki gersamlega frosið fyrir öll skilningarvit á honum, að þessi sjóður hafði í handbæru fé 170 millj. kr. um síðustu áramót. Þessi hv. þm. veit, að tekjur þessa sjóðs á hverju ári eru yfir 70 millj. kr. Hann veit það líka, að atvinnuleysistryggingabæturnar, sem á að greiða út, nema ekki einni millj. kr. á ári. Hvað gerir atvinnuleysistryggingasjóður við þetta fé? Hann lánar út til ýmissa verklegra framkvæmda sumt af þessu, en ekki nema lítinn hluta af því, hitt leggur hann inn í Seðlabankann. Og ég spyr: Hvers vegna er þessum hv. þm. svona annt um Seðlabankann, að hann heimtar endilega, að þessar 28.5 millj. séu geymdar vandlega í Seðlabankanum, en það megi ekki gefa út fyrir því skuldabréf, sem ríkissjóður mun greiða á sínum tíma? Auðvitað er ekki heil brú í þessum hugsunarhætti og er í rauninni varla svaravert, enda er búið að skýra mál þetta hér áður. En fyrir því svara ég tveim athugasemdum eða aðfinnslum hv. þm., að þó að margt gangi fram af manni af því, sem frá þessum hv. þm. kemur í hans framlagi til mála hér á Alþingi, þá finnst mér þetta með því blöskranlegra, sem hann hefur látið út úr sér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að mér þykir alltaf dálítið gaman að því, þegar pólitúrinn dettur af hæstv. fjmrh. Það er ekki þykkt lag, pólitúrinn utan á honum, en það er býsna mikill munur, sem verður á persónunni, þegar hinn hversdagslegi pólitúr er nuddaður af. Það var sannarlega ekki maður með góða samvizku, sem rauk hér upp áðan. Það var maður, sem vissi upp á sig skömmina. Hann varði það, að á þriggja ára tímabili, sem hæstv. ríkisstj. hefði hækkað heildarútgjöld fjárlaga um 70%, hefðu fjárveitingar til verklegra framkvæmda nálega staðið í stað. Um þetta er ekki til neins að þræta, þetta eru staðreyndir, og prósenttala þess fjármagns, sem fer nú til verklegra framkvæmda, hefur hrapað niður í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Hans vörn var svo í því fólgin, að hann sagði, að það hefði komið fram fjárlagafrv. í tíð vinstri stjórnarinnar og þar hefðu framlög til vega, brúa, hafna, sjúkrahúsa, íþróttasjóðs og flugmála lækkað frá árinu áður. En þegar hæstv. ráðh. hafði kjammsað á þessu, varð hann þó að klykkja út í lokin með því að segja: En afgreiðsla fjárlaganna varð samt sú, að krónutalan varð eins há og árið áður. — M. ö. o.: fjmrh., — ég var ekki fjmrh., svo að það var ekki til neins að skamma mig fyrir það, — hafði lagt fram frv., en ríkisstj. hafði séð um það í samvinnu við fjvn., að ekki urðu lækkanir. Og það var þetta, sem hæstv. ráðh. varð að játa, þrátt fyrir allar þær tölur til lækkunar, sem hann nefndi. Þetta varð niðurstaðan. Hér er þó engu sambærilegu saman að jafna á við það, þegar krónutalan til verklegra framkvæmda stendur í stað, eftir að búið er að framkvæma í fyrsta lagi gengislækkun, sem nam 50—79%, og aðra gengislækkun upp á 13% og krónutalan stendur samt nálega í stað. Það er afrek hæstv. fjmrh. núverandi.

Ég þorði nú ekki alveg að treysta á talnafullyrðingar hæstv. ráðh., svo að ég leit á fjárveitingarnar til vega og verklegra framkvæmda á árunum 1956, 1957, 1958 og 1959, og 1959 voru seinustu fjárlögin, sem vinstri stjórnin að miklu leyti undirbjó. Ég sé þá, að til vegamála voru á árinu 1956 ætlaðar 44 millj. 770 þús. kr. til vega og A-liðurinn alls var upp á 61 363 017 kr. Þetta var á árinu 1956. Á árinu 1957 voru fjárframlögin til veganna sjálfra 49 millj. — móti 44 árið áður — 49 millj. 780 þús. og A-liðurinn alls 70 148 407 kr., eða tæpum 9 millj. hærri en árið áður. 1958 voru þessir liðir 49 millj. 780 þús. beint til vegamálanna og A-liðurinn út 70 895 020 kr. Engin lækkun frá árinu áður, ívið er það þó hækkun. Og á árinu 1959 fer þetta upp í 60 millj. 780 þús. til vega og A-liðurinn út í 82 776 036 kr. Það er því búið að rekja það hér, hvernig þessar upphæðir breyttust þarna á fjögurra ára tímabili, og það er um engar lækkanir að ræða. Það er einmitt á árunum 1958—1959 um verulega hækkun að ræða, í öðru tilfellinu beint til vegamálanna um 11 millj. og A-liðurinn út um á 12. millj. kr.

Það fýkur því í þetta skjólið líka. Það er ekki einu sinni hægt að verja sig með vinstri stjórninni, og þótti hún þó ekki góð af þeim herrum, sem nú sitja í ráðherrastólunum, kannske að undanteknum einum, og stjórnarstuðningsliði þeirra. Það var þá ekki talað um, að það ætti að vera fyrirmyndin fyrir viðreisnarstjórninni. En samt sem áður er það svo, að það hafa fyrst verulega farið lækkandi framlög til verklegra framkvæmda á s. l. 3 árum, því að hlutfallslega fer nú miklu minna fjármagn til verklegra framkvæmda í landinu, miðað við heildarútgjöld ríkissjóðs, heldur en nokkru sinni áður um langt árabil.

Og þá kom að því tiltæki hæstv. ráðh. að ætla sér að gauka að atvinnuleysistryggingunum skuldabréfi í staðinn fyrir peninga. Og þá varð hann fyrst stórorður og gróforður. Hann sagði, að ef ekki væri frosið fyrir öll skilningarvit á þessum hv. þm., þ. e. a. s. mér, þá ætti ég þó að vita það, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn væri ekki á nástrái staddur. Hann hefur verið með 170 millj. kr. innstæðu, tekjurnar væru um 70 millj. á ári og atvinnuleysisbæturnar, sem þyrfti að greiða, væru innan við eina millj. og hitt væri fryst í Seðlabankanum, hvað ekki er nú rétt, því að allmiklum upphæðum hefur verið varið til grundvallaratvinnuframkvæmda, til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, gera grundvöll atvinnulífsins

traustari á ýmsum stöðum. En eitt láðist hæstv. ráðherra innan um allan stóryrðavaðalinn, og það var að svara því, hvort það væri lögleg athöfn, sem hann væri að framkvæma, að láta undir höfuð leggjast að ætla greiðslur samkvæmt löglegum skuldbindingum í gildandi lögum og ætla að snara út skuldabréfi í staðinn. Er það löglegt, hæstv. ráðh.? Á hvaða lagaákvæði byggist það? Hvers vegna er réttur ríkissjóðs meiri en annarra aðila, meiri en t. d. Reykjavíkurbæjar, meiri en atvinnurekendanna í landinu, sem líka vantar rekstrartekjur? Hvar stendur það, að ríkissjóður sé rétthærri en hinir? Ef hæstv. ráðh. getur ekki svarað þessu, þá ætti hann að spara sér öll stóryrði. Þá er hann hér að fremja löglausa athöfn, og það dugir ekki að segja: Það eru nógir peningar til í atvinnuleysistryggingunum. — Þó að það séu nógir peningar til í bönkunum, þá veit ég ekki annað en menn þurfi að koma og biðja um lán þar. Og hæstv. ráðh. verður að biðja um lán a. m. k. hjá atvinnuleysistryggingunum. Hann getur ekki seilzt þangað með sína hönd og tekið fé úr þessum sjóði. Það er ekki í hans umboði. Ég spyr því: Telur hæstv. fjmrh. það löglegt að breyta lagaákvæðum með fjárlagaákvörðunum? Og mér þætti afskaplega vænt um, að hann færði fyrir því lögfræðileg rök. En ef hann getur þetta ekki, þá ætti hann, til þess að ekki væri skrapað meira af pólitúrnum á honum, að spara sér stóryrðin.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hef tekið það fram áður, þó að það hafi farið fram hjá þessum hv. þm., að til þess að greiða framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs með skuldabréfi þarf annaðhvort samkomulag milli ríkisstj. og stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs eða lagabreytingu, sem heimilar ríkissjóði að greiða þessa upphæð með skuldabréfi. Þetta hef ég tekið fram hér áður. Það hefur vitanlega aldrei komið til mála að breyta gildandi lögum með fjárlögum, og annað tveggja af þessu, sem ég nefndi, verður að sjálfsögðu að vera fyrir hendi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 185, 186 og 187, 181, 182, 183, 184, 204, 205, 208, 209, 210).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 183,1 felld með 28:17 atkv.
— 182,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 183,2 felld með 30:17 atkv.
— 182,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 183,3 felld með 30:17 atkv.
— 182,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 183,4 felld með 31:17 atkv.
— 182,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 183,5 felld með 31:17 atkv.
— 182,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 183,6 felld með 30:16 atkv.
— 182,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 183,7 felld með 30:17 atkv.
— 182,7 samþ. með 33:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 184,1 felld með 32:10 atkv.
3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 183,8—10 felld með 32:21 atkv.
— 184,2 felld með 31:20 atkv.
— 183,11 tekin aftur.
— 184,3 tekin aftur.
— 183,12 felld með 32:25 atkv.
— 184,4 tekin aftur.
— 183,13—14 felld með 31:23 atkv.
— 184,5 tekin aftur.
— 183,15 felld með 32:24 atkv.
10. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 181,1 samþ. með 38:2 atkv.
— 184,6 felld með 35:10 atkv.
— 181,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 205,I tekin aftur.
— 184,7 felld með 28:10 atkv.
— 181,3—4 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 183,16—17 felld með 32:18 atkv.
— 181,5 samþ. með 47 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 181,6—8 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 184,8 felld með 30:23 atkv.
— 181,9—10 samþ. með 47 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 181,11 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 183,18 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG.
nei: GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, FS.
2 þm. (GTh, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 184,9 felld með 29:23 atkv.
— 181,12.1—38 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 204,1.a (brtt. 181,12.39 falli niður) samþ. með 44 shlj. atkv.
— 181,12.40—44 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 210,1 felld með 28:21 atkv.
— 181,12.45—46 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 204,1.b samþ. með 44:1 atkv.
— 181,12.47—74 samþ. með 44:1 atkv.
— 181,12.75—116 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 184,10 felld með 30:25 atkv.
— 181,13.1—16 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 204,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 181,14 kom ekki til atkv.
— 183,19 felld með 31:26 atkv.
— 184,11 felld með 29:27 atkv.
— 181,15.1—4 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 210,2.a felld með 32:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, KGuðj, LJós, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.
nei: JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, FS.
IG, KK, ÓlJ, ÁB, GíslG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar hv. fjvn. óskaði eftir skiptingu á brúafé frá þm. Vestf., þá hittust þeir til að ræða um það, hvaða till. skyldi gera um skiptingu þess fjár, sem skyldi veita á fjárlögum. Þá var einnig því hreyft, hvort hægt væri að fá meira fé til þessara framkvæmda, og öllum var ljóst, að það væri ekki hægt, og það var fullt samkomulag um skiptinguna. Ég tel það því brigðmæli, bæði frá flm. og þeim öðrum, sem greiða atkv. með þessum till. hér, að hafa brotið það samkomulag, sem gert var í nefndinni um skiptingu fjárins, og segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þessi till. er fram borin af því, að ég er sannfærður um, að það hefði verið hægt að veita meira fé til brúa á Vestfjörðum en gert er, þar sem við fáum aðeins fjárveitingu til tveggja smábrúa. Þess vegna tók ég alls ekki mark á þeim upplýsingum, sem gefnar voru, ég vissi, að þær voru rangar, og þess vegna ber ég tillöguna fram, og ég segi já.

Brtt. 210,2.b tekin aftur.
— 181,15.5—18 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 184,12 felld með 31:23 atkv.
— 181,16—17 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 184,13 felld með 30:16 atkv.
— 181,18—20 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 184,14 felld með 30:24 atkv.
— 183,20 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, FS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Brtt. 181,21.1—8 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 210,3 felld með 26:23 atkv.
— 181,21.9—26 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 205,II tekin aftur.
— 181,21.27—33 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 205,III tekin aftur.
— 181,21.34—49 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 181,22—28 samþ. með 51 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 183,21 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós.

nei: MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, FS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Brtt. 181,29—41 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 184,15 tekin aftur.
— 209 felld með 32:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, ÞÞ, AGl, ÁÞ, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG.

nei: GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, FS.

HÁ, HS, SkG, ÁB, BP, GíslG greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Brtt. 184,16 tekin aftur.
— 181,42 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 205,IV tekin aftur.
— 181,43—47 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 208 tekin aftur.
— 181,48—59 samþ. með 43 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 181,60—62 samþ. með 37 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 183,22 felld með 27:23 atkv.
— 181,63—67 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 184,17 felld með 27:23 atkv.
— 181,68—75 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 184,18 felld með 27:24 atkv.
— 183,23 felld með 29:24 atkv.
— 181,76 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 184,19 tekin aftur.
— 181,77—80 samþ. með 44 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 181,81.a tekin aftur.
— 181,81.b samþ. með 40 shlj. atkv.
— 184,20 felld með 27:22 atkv.
— 183,24 felld með 29:23 atkv.
— 184,21 kom ekki til atkv.
— 181,82—83 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 184,22 tekin aftur.
— 181,84 samþ. með 37 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 32:1 atkv.
Brtt. 183,25 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, FS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Brtt. 184,23 kom ekki til atkv.
— 183,26—27 felldar með 29:16 atkv.
19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 183,28 felld með 30:22 atkv.
— 181,85—89 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 183,29 felld með 33:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG.

nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, BP, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, FS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Brtt. 181,90—91 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 183,30 felld með 30:15 atkv.
— 181,92 samþ. með 37:1 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 181,93 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 205,V tekin aftur.
— 181,94—96 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 205,VI felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG.

nei: GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, FS.

2 þm. (FRV, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 205,VII tekin aftur.
— 181,97 samþ. með 34 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 211, n. 242, 243, 244, 246, 247).

Afbrigði um brtt. 244 og 247, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. fjárlagafrv. lauk, hefur fjvn. haldið nokkra fundi, farið yfir frv., brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr., og erindi og bréf, sem við bættust.

Meiri hl. n. leggur til á þskj. 244, að gerð verði ein brtt. við tekjuhlið frv., en nefndin öll gerir tillögur til breyt. á frv. samkv. þskj. 243 og öðru þskj., sem er ekki komið úr prentun. Hv. þm. Framsfl. og Alþb. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Mun ég fara nokkrum orðum um tillögurnar til breytinga.

Við 2. gr. frv. er ein brtt. frá meiri hl. n. um, að 3. töluliður hækki um 4.5 millj. kr., í 239 millj. 100 þús. kr. Athugun, sem fram fór, leiddi í ljós, að rétt væri að hækka þennan lið.

Við 10. gr. er brtt. I, 2. e. undirliður b, fálkaorðan hækki um 20 þús. kr. Þetta er leiðrétting vegna verðlagsbreytinga, frá því að áætlunin var samin.

Við 11. gr. A. 10 eru tvær brtt., að liðirnir k og r hækki, sá fyrri um 150 þús. kr., en hinn um 180 þús. kr. Þessir liðir eiga að ganga til löggæzlu í sveitum og ýmiss annars lögreglukostnaðar. Nefndinni höfðu borizt mörg erindi um aukna löggæzlu, bæði í sveitum og annars staðar, vegna vertíða eða annarra sérstakra ástæðna. Nefndin sendi þessi erindi til dómsmrn. til athugunar og leggur til, að þessi hækkun sé gerð að ósk rn. Er það von nefndarinnar, að þessar upphæðir nægi til þess, að hægt sé að koma til móts við eðlilegar óskir um aukna löggæzlu.

Við 23. lið, til húsameistara ríkisins, er ein leiðrétting. Liðurinn tekjur af vinnu, 500 þús. kr., lækki í 300 þús. Er það samkv. reynslu undanfarinna ára talið réttara.

Við 12. gr. Liðurinn VII hækki um 800 þús. kr. og jafnframt verði orðalagsbreyting, sem felur það í sér, að styrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík verði framvegis 20 kr. á legudag, en hinir fái 10 kr. á legudag eins og verið hefur.

Við 13. gr. A. II. 72, fyrir 100 þús. komi 150 þús. kr. Þetta er leiðrétting vegna skekkju, sem þarna varð.

Við 13. gr. D. IV. 6, liðurinn hækki um 120 þús. kr. vegna flugumferðar og öryggisþjónustu. Það hafði fallið niður af vangá. Þetta er leiðrétting, en ekki til þess að auka starfið frá því, sem nú er.

13. gr. F. 2, landkynning, liðurinn hækki um 250 þús. kr., en það er hluti ferðaskrifstofunnar af starfsemi og skrifstofuhaldi í London, sem láðst hafði að taka með í áætlun skrifstofunnar.

Á 14. gr. A. 1 komi nýr liður, 150 þús. kr. vegna 50 ára afmælis háskólans.

Á 14. gr. A. 2, til styrktar íslenzkum námsmönnum, liðurinn hækki um 775 þús. kr., í 8 millj. og 53 þús. kr., þar af til lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkv. lögum 5 millj. 555 þús. kr. Það er sumpart vegna gengisbreytingar, sem talið er eðlilegt að hækka nokkuð þennan lið, og einnig er nokkur hækkun til samræmis. Vegna launabreytinga innanlands er talið eðlilegt, að hækkun verði á styrk til íslenzkra námsmanna.

14. gr. A. X. 22, liðurinn hækki um 276 þús. kr. Þetta er talin óhjákvæmileg leiðrétting vegna fjölgunar nemenda og beinnar lagaskyldu um sundkennslu í skólum.

Við 14. gr. A. X. 23. b. 1 eru nokkrar breytingar. Hamrahlíð í Reykjavík: fyrir 1 957 280 kr. komi 520 þús. kr., vegna þess að ákveðið er að taka minni áfanga í byggingu þessa skóla en upphaflega var ætlunin. Við bætast tveir nýir liðir: Álftamýrarskóli í Reykjavík 700 þús. kr. og Reykdælaskólahverfi 144 þús. kr.

Á 14. gr. A. XI bætast tveir nýir liðir, gagnfræðaskóli verknáms í Reykjavík, fyrsti áfangi, 700 þús. kr. og gagnfræðaskóli Langholtsskóla, fyrsti áfangi, 620 þús. kr. Þessar breytingar eru taldar leysa betur úr brýnustu þörfum vegna fjölgunar barna og þrengsla í skólum, er leiðir af sér rúmlega 700 þús. kr. hækkun á þessum lið.

Þá er nýr liður, námskeið fyrir gagnfræðaskólakennara, 25 þús. kr. Þessi liður er endurveiting, en hafði fallið niður úr frv.

Liður XV, íþróttakennaraskólinn, liðirnir e og g hækki um samtals 32 þús. kr. Það eru leiðréttingar, vegna þess að talið var, að áætlunin væri of lág þar.

Þá kemur á þessari grein nýr liður, yfirbygging sundlaugar, íþrótta- og fimleikahúss á

Siglufirði 300 þús. kr. Þetta er fyrsta greiðsla af fimm til þess mannvirkis.

Á 14. gr. B. XIII, til skálda, rithöfunda og listamanna, liðurinn hækki um 290 þús. kr. Það er vegna þess, að talið er eðlilegt að hækka þetta framlag nokkuð frá því, sem verið hefur, vegna kauphækkana.

Þá er nýr liður á þessari grein: til listsýningar í Danmörku 100 þús. kr., og hækkun til Leikfélags Reykjavíkur 50 þús. kr., auk þess til vísinda- og fræðimanna, nýs leikfélags og til ritstarfa og útgáfustarfsemi, samtals 75 þús. kr. hækkanir.

Á 16. gr. A bætist við fyrirhleðsla í Fjarðará í Borgarfirði eystra vegna flóða, er nýlega urðu þar, og er óhjákvæmilegt að forða frekari skemmdum að dómi vegamálastjóra. Bætast þar við 20 þús. kr. — Liðurinn 33 hækki um 305 þús. kr. í 400 þús. kr., það er til mjólkurbúa og smjörsamlaga. — Við bætist nýr liður: til sóttvarnastöðva vegna hreinræktunar holdanauta 500 þús. kr.

16. gr. B. 1 hækki um 120 200 kr., þ. e. til Fiskifélags Íslands. Þessi hækkun er til þess að auðvelda félaginu að mæta sívaxandi óskum um rannsóknir og leiðbeiningar vegna vaxandi áhuga á niðursuðu fiskafurða og nauðsyn þeirrar starfsemi til að efla vöruvöndun á þessu sviði.

16. gr. D. XI, nýr liður, til jarðborana á Lýsuhóli í Staðarsveit 75 þús. kr.

16. gr. E, liðurinn tekjur frá happdrætti háskólans lækki úr 500 þús. kr. í 250 þús. kr., en gjaldaliðurinn hækki um þá upphæð. Þetta mun vera samkvæmt samningum, sem gerðir voru í fyrra um að fella smám saman niður í áföngum þetta gjald happdrættis háskólans í ríkissjóð.

Á þessari grein komi nýr liður: til rannsókna á kísilgúr á Mývatni 350 þús. kr.

17. gr. I, nýr liður: til vatnsöflunar í Keldnahverfi 125 þús. kr. Þessi liður var tekinn aftur við 2. umr. vegna nýrra upplýsinga, og er þessi upphæð ákveðin samkv. þeim. Þá er nýr liður, annar á þessari grein, til skipulags Reykjavíkur vegna samkeppni 350 þús. kr. Samkeppnin var ákveðin í samráði við félmrn., og var ætlazt til, að ríkissjóður greiddi helming kostnaðar.

17. gr. V. 8. b, liðurinn hækki um 35 þús. kr. og er bundinn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Þetta er skóli fyrir konur, er starfa á barna- og dagheimilum, og vegna mikillar aðsóknar er talið nauðsynlegt að auka skólann, enda mikil þörf á starfskonum fyrir þær stofnanir, og langt frá því, að hægt sé að fullnægja eftirspurn eftir þeim.

Þá kemur 18. gr. Þar hefur verið fylgt sviputum reglum og undanfarin ár, enda naumast annað fært, á meðan ekki er breytt gildandi löggjöf um elli- og eftirlaun. Hækkun á greininni er um 600 þús. kr. Það er rétt að taka fram í sambandi við 18. gr., að upphæðirnar, sem þar eru, eru ekki sambærilegar einar sér. Margir hafa eftirlaun úr eftirlaunasjóðum eða frá almannatryggingum, en upphæðin á 18. gr. er oftast miðuð við að jafna mun, sem orðið hefur af ýmsum ástæðum og ekki er unnt að leiðrétta öðruvísi.

Næst er 20. gr. IV. liður: til bygginga á jörðum ríkisins, hækki um 200 þús. kr. — Þá kemur 27. liður, hækki um 130 þús. kr. Þetta er starfsmannahús á Bessastöðum, leiðrétting vegna meiri kostnaðar en talið var að yrði, er frv. var samið.

Við 22. gr. eru þessar breytingar: IV. liður falli niður. Ríkissjóður er ekki lengur eigandi lóðanna í Vestmannaeyjum, og á því þessi liður ekki lengur heima þarna. — Þá er í öðru lagi nýr liður: Ríkisstj. er heimilt að gefa eftir aðflutningsgjöld af hljóðfæri, er Slysavarnafélagi Íslands var gefið. — Í þriðja lagi nýr liður: heimild til að gefa eftir aðflutningsgjöld af asdictæki í vélbátinn Mími. Tæki þetta var keypt með bátnum, en var ekki tilbúið, þegar hann sigldi heim, og varð því að sendast á eftir. Aðrir bátar, sem keyptir voru á sama stað, fengu tækin með sér og þurftu því ekki að greiða af þeim gjöld. Af þessum ástæðum þykir rétt að veita heimild til að gefa aðflutningsgjöldin eftir. — Í fjórða lagi er lagt til, að Norðausturland bætist við í grein um heimild til að bæta hlustunarskilyrði á Austurlandi. — Í fimmta lagi heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði, að upphæð ein millj. kr., með venjulegum skilyrðum. Þetta er endurveiting. Verksmiðjan mun hafa notið svipaðrar fyrirgreiðslu á undanförnum árum. — Þá er í sjötta lagi: ríkisstj. er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum að upphæð 35 millj. kr. vegna síldarverksmiðja á Austurlandi og til byggingar umhleðslustöðva fyrir síld, með venjulegum skilyrðum gagnvart öðrum en ríkisfyrirtækjum. — Í sjöunda lagi heimild til að veita síldarverksmiðjunum í Krossanesi og Hjalteyri 650 þús. kr. ríkisábyrgð fyrir láni til síldarflutninga með venjulegum skilyrðum. — Í áttunda lagi heimild fyrir ríkisstj. til að taka að láni 25 millj. kr. og endurlána upphæðina Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja. — Þá er níunda till.: ríkisstj. skal heimilt að taka lán að upphæð 2 millj. kr. vegna bruna skólans á Eiðum. — Þá er í tíunda lagi till. við lið XXXI á þessari grein á þskj. 211. Þetta er brtt. til leiðréttingar á orðalagi, sem fallið hafði niður úr greininni þar.

Verði þessar tillögur, er ég nú hef lýst, samþykktar, hækka tekjur um 4½ millj. kr., en gjöld um 7 739 718 kr. En greiðslujöfnuður verður 3 342 390 kr.

Þá vil ég geta þess, að það er von á tillögum frá nefndinni til viðbótar þessum, sem hefur ekki verið unnt að afgreiða enn, en ég mun gera grein fyrir, þegar þær liggja fyrir.

Ég legg til, að þessar till. n. og meiri hl. n., sem ég hef nú lýst, verði samþykktar og frv. svo breytt samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég grein fyrir afstöðu okkar fulltrúa Framsfl. í fjvn. til fjárlagaafgreiðslunnar. Við gerðum þá nokkra tilraun til þess að fá samþykktar leiðréttingar, er við töldum nauðsyn bera til að yrðu gerðar á fjárlagafrv., áður en það yrði afgreitt hér frá hv. Alþingi. Hinar veigamestu voru þær, að inn á fjárlög yrði tekin greiðsla til atvinnuleysistryggingasjóðs, 28.5 millj. kr., en það hefur ekki verið gert, og raunverulega verða þess

vegna fjárlögin afgreidd með halla, þar sem lántaka fer fram til þess að greiða þetta lögboðna iðgjald. Enn fremur gerðum við tilraun til að fá tekna inn hækkaða fjárveitingu til niðurgreiðslna á vöruverði í landinu og studdumst við þær upplýsingar, sem við höfðum fengið hjá fjvn., hver sú fjárhæð væri. Þessar tillögur báðar voru felldar, svo að hér eru þess vegna einnig vantalin útgjöld á fjárlagafrv.

Við umr. um niðurgreiðslurnar kom það fram hjá hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi, að niðurgreiðslum yrði haldið áfram, svo sem verið hefði, og verðlag mundi ekki hækka vegna breytinga á þeim. Í öðru lagi, að engar breytingar væru ákveðnar um tilhögun á niðurgreiðslunum. Í þriðja lagi, að við útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarafurðum yrði staðið. Það kom einnig fram við 2. umr. fjárlaganna, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefði ekki verið beðið um neina áætlun á útflutningsuppbótunum á næsta fjárlagaári. Þess vegna var órökstutt það, sem haldið var fram af hæstv. fjmrh. við 2. umr. fjárlagafrv. um aðild þess að þeim áætlunum, sem upp höfðu verið gefnar. Enn fremur var upplýst, að áætlun þeirra frá s. l. ári hefði staðizt að verulegu leyti. Í þriðja lagi var það svo upplýst hér við 2. umr., að samtök bændanna í landinu hefðu haft forustu um útflutning á dilkakjöti, þeir hefðu verið brautryðjendur í frystihúsabyggingum á sínum tíma og fylgzt með þróuninni á sviði útflutningsmála. Þess vegna voru þau orð, sem voru sögð um það í aðra átt, órökstudd og heyrðu til sleggjudómum.

Þegar fjárlögin verða afgreidd hér frá hv. Alþingi, sem nú líður óðum að, má gera ráð fyrir því, að um 100 millj. kr. halli sé á þeim, miðað við, að þessir tveir liðir, er ég hef gert grein fyrir, eru þar vantaldir. Niðurstöðutölur fjárlaga ættu því að vera um 1850 millj. kr., ef rétt væri fram talið. Hæstv. ríkisstj. hefur sinn hátt á þessu, og ætla ég ekki að gera fleiri tilraunir eða við fulltrúar Framsfl. í fjvn. til þess að koma fram leiðréttingum á fjárlagafrv. Ég vil enn fremur benda á það, að póst- og símamálastjóri lagði fyrir fjvn. leiðréttingar á áætlun pósts og síma upp á 13.2 millj. kr., og þegar ég ræddi þann þátt í ræðu minni hér um daginn, þá miðaði ég við, að sú leiðrétting hefði verið gerð. Nú hefur meiri hlutinn hins vegar ekki tekið upp þessa leiðréttingartölu, og er því áætlun pósts og síma, bæði um tekjur og gjöld, 13.2 millj. kr. lægri en póst- og símamálastjóri ætlast til, og man ég ekki til þess, að slíkar leiðréttingar frá embættismönnum hafi ekki verið teknar til greina fyrr, þar sem þær hafa ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga.

Út af tillögum þeim, sem fram koma við þessa umr., vil ég segja það, að ég fagna þeim leiðréttingum, sem gerðar hafa verið, eins og leiðréttingu á sundskyldunni, sem ég benti hér á við 2. umr. að væri vantalið. Þá hefur hv. meiri hl. tekið upp till. okkar fulltrúa Framsfl. um að hækka fjárveitingu til lánasjóðs námsmanna, enda gerðum við rökstudda grein fyrir því, að hér væri nánast um leiðréttingu að ræða. Að nokkru hefur verið tekin upp till. okkar um að hækka fjárveitingu til að byggja á ríkisjörðum, þó að þar sé of skammt gengið. Við fögnum því, sem áunnizt hefur í rétta átt í þessum atriðum, og skiptir það okkur engu máli, þó að hv. stjórnarliðum þyki henta betur að fella tillögur fyrst og taka þær svo upp á eftir.

Þá vil ég í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna geta þess, að það hefur verið venja nú a. m. k. við afgreiðslu þriggja síðustu fjárlaga að skipta fjárveitingu til flugvalla á einstaka flugvelli, þ. e. framkvæmdafénu. En fyrir nefndinni lá ekki nein skiptitillaga frá flugráði að þessu sinni, og verður að telja það mjög miður farið. Þess vegna gerir fjvn. ekki till. um að skipta þessu fé nú, en ég vil leggja á það ríka áherzlu, að slíkt má ekki endurtaka sig.

Þá er eitt atriði, sem ég vil víkja að enn þá, áður en ég lýk máli mínu, og það er afgreiðsla á fjárveitingum til byggingar skóla. Frá því að lögin frá 1955 um stofnkostnað skóla og fjármál skóla og eftirlit með þeim komu til framkvæmda, hefur verið samstaða innan fjvn. um undirbúning að skólabyggingaframkvæmdum. Hefur það verið bæði í tíð núv. ríkisstj. og einnig fyrrv. ríkisstj. Það hefur sýnt sig, að því miður hefur ekki tekizt eins vel framkvæmdin á þessari löggjöf og til var ætlazt, og bar það á góma við fjárlagaafgreiðslu, bæði í fyrra og eins við 2. umr. þessa fjárlagafrv. Frsm. meiri hl. fjvn. við afgreiðslu fjárlagafrv. 1961 lagði á það ríka áherzlu, eins og ég drap á í ræðu minni við 2. umr. fjárlagafrv. nú, að þessum málum yrði komið í traustara horf en verið hefði og gefin yrði út sérstök reglugerð um það, hvernig með þennan undirbúning skyldi fara. En í lögunum er lögð á það megináherzla, að undirbúningi sé hagað á þann veg, að teikningar séu fullgerðar og kostnaðaráætlun einnig, áður en samþykki ráðuneytis og Alþingis kemur til um fjárveitingar. Þegar gengið var frá undirbúningi fjárlagafrv. til 2. umr., voru teknir upp aðeins þrír nýir skólar, og var þá gert ráð fyrir því að taka til þeirra ¼ af fullgerðri áætlun og miðað við, að frá teikningum og kostnaðaráætlun væri þá fyllilega gengið. Í sambandi við þá afgreiðslu voru einnig leiðréttar nokkuð áætlanir um eldri skóla, sem höfðu verið gallar á, og var samstaða um þessa leiðréttingu og einnig um það að láta bíða til næsta hausts leiðréttingar á áætlunum þriggja skóla, sem hafði verið vantalin eða vangerð áætlun um, þegar samþykkt hafði verið. Það var skoðun okkar, er að þessu samkomulagi stóðum, að frekari aðgerðir í skólamálum yrðu ekki gerðar, nema a. m. k. leitað væri eftir samþykki allra nefndarmanna fyrir því. Hins vegar gerðist það á síðasta fundi nefndarinnar, að þá kom bréf frá hæstv. menntmrh., þar sem lagt var til að taka upp fjárveitingu til fimm nýrra skólahúsa. Nú þarf ekki orðum að því að eyða, að öllum er ljós þörfin á því að hefja þessar skólaframkvæmdir, bæði hér í Reykjavík og úti um landið, enda hefur mjög verið á það sótt undanfarin ár, að það yrði gert. En það, sem gerðist í sambandi við þessar fjárveitingar, er það, að hér var búið að ákveða að hefja byggingu á einum skóla í Hamrahlíð, og var gert ráð fyrir, að sú fjárveiting, sem til þeirrar skólabyggingar gengi,

yrði tæpar 2 millj. kr. eða fimmti hluti. En með bréfi hæstv. menntmrh. er lagt fyrir að hefja hér byggingu á þremur nýjum skólum til viðbótar þeim eina, er fyrir var, en hækka fjárveitinguna frá tæpum 2 millj. upp í 2½ rúmlega. Þetta kom okkur nm. mjög á óvart, og ég held, að það sé óhætt að segja, að það hafi komið fleirum á óvart en okkur minnihlutanefndarmönnum í hv. fjvn. Hæstv. ráðh. lagði á það áherzlu í sambandi við undirbúning að skólabyggingunum fyrir 2. umr., að það, sem gera þyrfti fyrst, væri leiðrétting, og það bæri að keppa að því að gera áætlanirnar raunhæfar, þær sem samþykktar eru. Samkv. því, sem fyrir liggur í fjvn. til upplýsingar um þessa skóla, þá er til þeirra skóla, sem gerð er till. um nú hér í Reykjavík, hluti ríkissjóðs af þeim kostnaði, eins og það liggur fyrir fjvn. í skýrslu fræðslumálastjóra, upp á 32 millj. kr. En samkv. þeim breytingum, sem gerðar voru með bréfi hæstv. menntmrh., eru þessar heildarfjárveitingar lækkaðar að hluta ríkissjóðs niður í 12.7 millj. kr., eða nærri um ⅔. Ástæðan til þess, að þessar breytingar eru gerðar, er sú, að með bréfi hæstv. ráðh. er farið inn á þá leið, sem talin er hafa reynzt illa, að skipta skólabyggingunum niður í áfanga og taka ákveðna fjárveitingu í aðeins hluta af þessum byggingum. Reynsla fyrri ára hafði sýnt, að þessi áfangaskipting hefði gefizt illa, og þess vegna hafði myndazt mikill greiðsluhali, sem nú átti að ganga að því að leiðrétta. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. nú horfið frá þeirri stefnu, sem hann lýsti fyrir nefndarmönnum um daginn, að ætti að vera númer eitt, að taka inn raunverulegar áætlanir, heldur er hér tekin upp áfangaleið í ríkara mæli en gert hefur verið, og það er tekið fram í bréfi hæstv. ráðh., sem lá fyrir hv. fjvn., að teikningar og áætlanir væru ekki fullgerðar, en ráðuneytið mundi sjá um, að það yrði gert. Ég verð að segja um þetta atriði, að ég tel þetta mjög miður farið. Í fyrsta lagi er þarna brotið í blað um samstöðu fjvn. að undirbúningi þessara mála. Það hefur verið einlægur vilji fjvn. að vinna að samstöðu í þessum málum, og t. d. átti ég hlut að því í fyrra að vinna að þessu máli með hv. 2. þm. Norðurl. e., Jónasi G. Rafnar, og var á engan hátt reynt að fara á bak við okkur minnihlutanefndarmenn í framkvæmd eða undirbúningi þessa þáttar fjárlaganna. Og ég tel það enn þá fráleitara, að hæstv. ráðh. skyldi leggja til, að fjvn. tæki til samþykktar slík mál, þar sem fyrir liggur af hans hendi, að vantar fullnaðarteikningar og fullnaðarkostnaðaráætlun, eins og lögin mæla þó fyrir að eigi að vera frumskilyrði fyrir því, að fjárveiting til slíkra bygginga sé samþ. á Alþingi.

Út af fyrir sig er ekkert um það að segja, og ég er ekki að efa nauðsyn þess, að þessar byggingar þurfi allar að framkvæmast. En það á að taka kostnaðaráætlanir þeirra í heild, eins og þær liggja fyrir, og yrði þá áætlun eða framkvæmd upp á 40 millj. á næstu 5 árum, ef fjárveitingin væri tekin öll eins og hún raunverulega liggur fyrir, því að þessi áfangaskipting mun aðeins verða til þess að halda lengra inn á þá leið, sem nú átti að fyrirbyggja, og koma í veg fyrir, að hægt verði að gera þær leiðréttingar, sem allir virtust vera sammála um, að nauðsyn bæri til að gera.

Ég ætla ekki að þessu sinni að hafa um þetta fleiri orð, en ég harma það mjög, að inn á þessa braut skyldi vera farið, og vil minna á það, að 17. liður í ábendingum meiri hl. fjvn. við fjárlagaafgreiðslu 1961 var einmitt að leggja áherzlu á það að undirbúa vel slíkar áætlanir um skólabyggingar, og verður að segja, að hæstv. ríkisstj. lætur ekki á sér standa um það, sem fyrirheit eru gefin um, að þverbrjóta þau.

Við fulltrúar Framsfl. í fjvn. höfum gert nokkrar brtt., sem eru fyrst og fremst í því fólgnar að hækka örlítið tekjuáætlunina, og sýnist okkur, að engum rökum hafi verið beitt gegn því, að hana mætti hækka nokkuð frá því, sem gert er, enda hefur hv. meiri hl. gert till. um hækkun á verðtollinum frá því, sem síðast var, og sýnir það, að tekjuáætlunin er nokkuð laus í reipunum.

Þá gerum við till. um, að hækkuð verði fjárveiting til íþróttasjóðs. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. fjárlagafrv., hver nauðsyn sjóðnum væri á aukinni fjárveitingu, og gerði mér þá von um, að hv. stjórnarliðar mundu hækka fjárveitingu til hans eitthvað meira en orðið er. En fyrst svo er ekki, gerum við till. um hækkun til hans.

Enn fremur höfum við endurtekið till. okkar um hækkun til jarðræktarvélakaupa, en um minni fjárhæð nú en við 2. umr.

Svo höfum við gert till. um að hækka til mjólkurbúa og smjörsamlaga, meira en gert er ráð fyrir í till. meiri hlutans.

Að þessu sinni mun ég svo ekki ræða þetta fjárlagafrv. öllu frekar, nema tilefni gefist til, en niðurstaða eða mynd sú, sem fjárl. gefa, er, að þau eru hærri en fyrr, það er minna varið til uppbyggingar hlutfallslega af tekjum fjárlaganna og byrðarnar eru æ meira færðar yfir á hinn almenna borgara.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef ekki lagt fram neinar till. sem minnihlutaaðili úr fjvn. við þessa umr. Að hinu leytinu mun ég standa að till., sem væntanlega verður hér innan tíðar útbýtt, um nokkur önnur atriði og skal ekki blanda því í þetta mál að svo stöddu. Almennt vildi ég þó segja örfá orð um afgreiðslu þessara fjárlaga.

Það er nú þegar sýnilegt, sem raunar mátti ráða af 2. umr. strax, að hér á að afgr. fjárlög, sem raunverulega eru stórkostleg hallafjárlög. Þetta vill hæstv. ríkisstj. þó ekki láta sjást á lagasamþykktinni sjálfri og hefur þess vegna gripið til ýmissa ráða til að fela útgjaldaliði fjárlaga, eins og hér hefur áður verið rakið. Á ég þar einkum við ranga áætlunartölu um niðurgreiðslur á vöruverði og útflutningsuppbætur og það tiltæki að borga hluta af lögboðnum útgjöldum ríkissjóðs með skuldabréfum, þ. e. framlag til atvinnuleysistryggingasjóðsins. Það er þess vegna ekki hægt að segja, að þau fjárlög, sem hér eru að fæðast, séu hallalaus fjárlög, en það mætti kalla þau fjárlög með skuldabréfum.

Hér hefur þegar verið gerð nokkur athuga-

semd um það, hvernig unnið hefur verið að þeim fjárlagalið, sem fjallar um byggingu nýrra skóla. Það er rétt, að við þau vinnubrögð er mikið að athuga. Í fjvn. hefur verið lögð í það vinna að samræma áætlanir og fjárgreiðslur ríkissjóðs lögum um greiðslu skólakostnaðar, og um þetta hefur verið samkomulag í nefndinni, svo langt sem það náði. Á hinn bóginn fagna ég því, að tekin hafa verið inn nú við 3. umr. fleiri ný skólahús en ráðgert var í upphafi, því að það er auðvitað alrangt sjónarmið, að ríkinu sparist nokkuð á því að halda svo í um leyfi til byggingar nýrra skólahúsa, að þar safnist fyrir þarfir, sem svo verður að sinna í stórum slurkum síðar. Ég álít, að það þurfi ekki einasta að ganga svo frá, að ríkissjóður standi við sínar skuldbindingar fjárhagslega gagnvart þeim aðilum, sem skólahús byggja og ríkið á að greiða hluta af kostnaði þeirra, heldur þurfi líka að leyfa á hverju ári byggingu nýrra skóla, eftir því sem óumdeildar þarfir kalla á. Þess vegna er ég að því leyti samþykkur þeim breytingum, sem hér hafa verið gerðar í sambandi við skólamálin, enda þótt ég áteljі þau vinnubrögð, sem hér hefur verið lýst, að eftir að fjvn. hefur gert sínar áætlanir, þá skuli áætlanalaust vera skotið inn til nefndarinnar málum, sem varða skólabyggingar, og það frá sjálfri ríkisstj., og þannig efnt til þess, að tekin verði inn á fjárlög skólahús, sem liggja ekki fyrir fullkomnar áætlanir um, enda er það ranglátt gagnvart hinum, sem eiga sínar umsóknir inni, hafa rökstutt fullkomlega þarfir sínar til nýrra skólabygginga og auk þess skilað öllum tilskildum áætlunum. Sem sagt, vinnubrögðin eru slæm. En að hinu leytinu stefnir það í rétta átt að halda ekki of í, að byrjað verði á byggingu nýrra skóla. Ég mun hér eiga aðild að till. um fleiri skólabyggingar, þótt sú till. sé ekki komin til útbýtingar enn þá, og verður hún vafalaust rædd hér, um það er þessari umr. lýkur.

Þá er eitt atriði í afgreiðslu fjárlaganna, sem ég leyfi mér að mótmæla alveg sérstaklega, en það er það atriði, sem varðar flugvallagerðina í landinu. Á nokkrum fjárlögum undanfarinna ára hefur verið tekinn upp sá háttur að sundurliða á sjálfum fjárlögunum þær framkvæmdir, sem flugvallafé á að renna til, á hliðstæðan hátt og sundurgreint er í fjárlögum, hvert vegagerðarfé á að renna, hvert brúargerðarfé á að renna o. s. frv. Þessi háttur hefur verið látinn undan dragast nú, og vil ég sérstaklega mótmæla því. Það hafa komið til fjvn. tilmæli frá stjórn flugmálanna um, að þetta verði ekki sundurliðað í fjárlögum að þessu sinni, enda sé í rauninni fyrir fram búið að ráðstafa öllu fénu. Í fjvn. hefur verið beðið um upplýsingar um, hvernig þær ráðstafanir væru. Þær hafa ekki verið lagðar fram, og þetta tel ég vera frá mörgum hliðum skoðað fráleit vinnubrögð og mótmæli þeim fyrir mitt leyti og allra freks t ef þetta skyldi eiga að verða upphafið á því, að framvegis verði þetta framkvæmdafé ekki sundurliðað á fjárlögum, þannig að þm., sem þó eru fulltrúar fólksins í landinu óumdeilt, fái ekkert um það að segja og enga hönd í bagga að hafa um það, hvernig þessu ríkissjóðsfé er varið, heldur verði það gert á eindæmi flugmálastjórnarinnar. Þessi vinnubrögð eru fráleit, og þeim mótmæli ég.

Að lokum vildi ég vekja athygli á því, að alveg um leið og verið er að afgr. fjárlög á Alþingi, þar sem fjallað er um tekjuliði ríkissjóðs jafnt sem gjaldaliðina, þá kemur það fram í aðalmálgagni ríkisstj., að verið er að ráðgera utan þingsala að breyta og jafnvel breyta stórkostlega sumum tekjuliðum fjárlaganna, sem hér á að fara að samþykkja. Ég á hér við benzíngjaldið, innflutningsgjald af benzíni, en það er á allra vitorði, enda viðurkennt, að um þessi mál er nú verið að fjalla utan við Alþ. Ég ætla ekki að segja fleira um það að svo stöddu, en ég tel slíkt vera fráleit vinnubrögð og móðgun við Alþingi, en beini þeirri sérstöku fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvers megi vænta í þessum efnum. Stendur það til, að utan Alþingis verði kannske sama daginn eða daginn eftir að fjárlög eru samþykkt ákveðnar annars staðar ráðstafanir, sem breyta í verulegum atriðum fjárlagalið eins og t. d. innflutningsgjaldi af benzíni? Ég vil taka það sérstaklega fram, að jafnvel þótt sú verðhækkun á benzíni, sem talað hefur verið um, sé hugsuð í einhverju öðru formi, þá er ég hér ekki fyrst og fremst að spyrja um formið, heldur hitt: Er í ráði, að þessu verði breytt nú á næstunni með einhverjum öðrum aðferðum en þeim, sem Alþingi fjallar um, eða stendur til að leggja fyrir Alþingi ný lög eða nýjar reglur um verðlag á þessari vörutegund, þannig að það hafi til muna áhrif á fjárhag ríkissjóðs?

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 242 hefur samvinnunefnd samgöngumála lagt fyrir nál. um framlög til flóabáta og til vöruflutninga fyrir árið 1962. Samkvæmt till. nefndarinnar, sem hún stendur óskipt að, eru framlög til þessarar þjónustu að mestu þau sömu eða aðeins 62 500 kr. hærri en á yfirstandandi ári.

Þar sem vitað er, að kostnaður við rekstur flóabátanna hefur aukizt verulega eftir hækkun kaupgjaldsins í sumar og aðrar hækkanir, sem fylgdu í kjölfar þess, er nauðsynlegt fyrir eigendur flóabátanna að fá auknar tekjur á næsta ári til að fyrirbyggja taprekstur. Til að bæta eigendum bátanna hinn aukna rekstrarkostnað virðist eðlilegt að heimila þeim hækkun á farm- og fargjöldum, sem ætti að auka tekjur flóabátanna, svo að komizt verði hjá hallarekstri. Skipaútgerð ríkisins mun hafa farið þá leið, eftir því sem forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur tjáð mér, að hækka fargjöld og farmgjöld ríkisskipa, svo að unnt sé að reka þau með minni taprekstri en verið hefur undanfarin ár, sérstaklega á þessu ári.

Ég vil leyfa mér fyrir hönd samvn. samgm. að fylgja úr hlaði till. hennar í sambandi við framlög ríkissjóðs til þessarar þjónustu.

Það eru þá fyrst Norðurlandssamgöngur. Nefndin leggur til, að framlag til Drangs verði 700 þús. kr., en það er sama upphæð og þessi bátur fær á þessu ári. Framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr. eins og í ár og rekstrartími bátsins nái yfir allt að 8 mánaða tímabil. Þá

leggur nefndin til, að Haganesvíkurbátur fái framlag að upphæð 20 þús. kr., sem er 11 500 kr. hærra en sá bátur fær á þessu ári. Það eru ýmsar aðstæður, sem gera það nauðsynlegt, að þessi bátur fái meira framlag í framtíðinni en hann hefur haft á þessu ári og á árinu 1959, meðfram líka það, að flóabáturinn Drangur kemur oftast við að næturlagi á Haganesvík, sem veldur miklum aukakostnaði fyrir þá, sem eiga að bera þann kostnað að skipa upp og út flutningi í bátinn. Til Hríseyjarbáts er lagt til að sé varið 30 þús. kr. og til Flateyjarbáts á Skjálfanda 48 þús. kr., en það eru sömu rekstrarframlög og veitt eru á yfirstandandi ári.

Þá eru Austfjarðasamgöngur. Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hækkað í 50 þús. kr. úr 42 þús. kr., sem báturinn hefur á þessu ári. Það hefur komið bréf til samgmn. um aðstoð vegna vélakaupa í þennan bát, en nefndin sá sér ekki fært að verða við þeirri ósk, en ákvað hins vegar að hækka framlagið um 8 þús. kr. Þá er framlag til Mjóafjarðarbáts. Leggur nefndin til, að það verði hækkað um 20 þús. kr., eða úr 90 þús., sem hann hefur í ár, í 110 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að báturinn sé í ferðum á milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og undanfarin ár. Þessi hækkun er til komin vegna þess, að póststjórnin hefur gert kröfu til þess, að báturinn haldi uppi vikulegum ferðum á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar þann tíma, sem er ekki hægt að komast á snjóbíl yfir Oddsskarð, og af þessu framlagi, 110 þús. kr., er gert ráð fyrir að nokkuð gangi til snjóbíls, sem annast ferðir á milli Seyðisfjarðar og upp á Hérað, og að eigandi bílsins fái 30 þús. kr. af upphæðinni. Þessi venja hefur skapazt á síðustu árum.

Þá eru Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur. Nefndin leggur til, að framlög vegna vöruflutninga úr Vestur-Skaftafellssýslu verði 270 þús. kr., eins og greitt er á þessu ári, og að framlag til vöruflutninga til Öræfa verði 108 þús. kr., en það er 12 þús. kr. lægri upphæð en á þessu ári, með því að framlag til báta-ferða fellur niður, þar sem þeirra er ekki þörf, eftir að Hornafjarðarfljót hefur verið brúað. Þá leggur nefndin til, að til Vestmannaeyjabáts verði veittar 150 þús. kr. vegna mjólkurflutninga.

Þá eru Faxaflóasamgöngur. Skallagrímur h/f nýtur á þessu ári 850 þús. kr. vegna rekstrar Akraborgar, og ganga till. nefndarinnar í sömu átt, að Skallagrímur fái einnig 850 þús. kr. á árinu 1962. Þá leggur nefndin til, að framlag til Mýrabáts verði hið sama og í ár, eða 4 500 kr.

Þá eru Breiðafjarðarsamgöngur. Nefndinni höfðu borizt óskir frá eigendum Flateyjarbáts um hækkað rekstrarframlag og sömuleiðis framlag vegna viðgerðar á bátnum s. l. sumar. Nefndin gat ekki orðið við því, nema hvað það snertir, að hún mælir með, að báturinn fái hækkun á rekstrarframlaginu úr 200 þús. í 230 þús. Af þessari upphæð er gert ráð fyrir, að 20 þús. kr. gangi til snjóbílaferða á milli fjarða í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Í sambandi við rekstur Stykkishólmsbáts er lagt til, að hann njóti sama framlags, 660 þús. kr., og hann hefur á þessu ári. Það mun vera bréf frá hæstv. sjútvmrh. í vörzlum hv. fjvn., þar sem rætt er um ríkisframlag til nýs skips í Breiðafjarðarsamgöngur. Ég hef ekki orðið þess var, að hv. fjvn. hafi sinnt því máli að neinu, en ég vil þó taka það fram, að það er mikil nauðsyn á því, að sá bátur, sem nú annast þessar samgöngur, verði endurnýjaður, því að það er öllum ljóst, sem til þekkja, að sjóhæfni hans er ekki á þann veg, að hægt sé að reka hann í vetrarferðum á milli Breiðafjarðar og Reykjavíkur. Þetta er flestum þeim kunnugt, sem til bátsins þekkja, og hafa því komið fram ákveðnar óskir frá eigendum bátsins, að byggt verði nýtt skip til þess að annast þessar samgöngur. Og þó að hv. fjvn. hafi ekki treyst sér að sinna þessu máli í þetta sinn, þá er það eigi að síður mjög nauðsynlegt, að þessu máli verði veitt athygli og gerðar jákvæðar aðgerðir til þess, að nýtt skip verði byggt. Til Langeyjarnesbáts leggur nefndin til að veittar verði 40 þús. kr., en það er 10 þús. kr. hærra rekstrarframlag en á þessu ári. Þessi bátur hefur einnig sótt um framlag úr ríkissjóði vegna mikilla aðgerða á bátnum, sem nefndin hefur ekki séð sér fært að sinna.

Þá eru Vestfjarðasamgöngur. Nefndin leggur til, að rekstrarframlag til Djúpbátsins verði 660 þús. kr., eins og það er á þessu ári. Ég vil geta þess, að á þessa árs fjárlögum var veitt heimild á 22. gr. fjárlaga að veita til Djúpbátsins 100 þús. kr., ef það sýndi sig, að hann þyrfti þess með til að forðast taprekstur. Þessi upphæð mun hafa verið greidd úr ríkissjóði í ár, og ég geri ráð fyrir, að það hafi verið færðar fram óskir við hv. fjvn. um það, að þessi upphæð yrði einnig veitt á fjárlögum 1962. Þá leggur nefndin til, að sömu framlög og í ár verði veitt til Dýrafjarðarbáts og Patreksfjarðarbáts, en það eru 10 þús. kr. til hvors báts. Og þá er ný fjárveiting til Skutulsfjarðarbáts, sem á að annast ferðir frá Hvítanesi við Skutulsfjörð í sambandi við Djúpbátinn. Nefndin leggur til, að til þessara ferða verði veittar 10 þús. kr.

Eins og tekið er fram í nál., hefur nefndin ekki séð sér fært að þessu sinni, þrátt fyrir nokkrar umsóknir um styrki til vélakaupa og endurbygginga á flóabátum, að leggja fram sérstök framlög í þessu skyni, en eins og ég hef nefnt hér, hefur hún hækkað lítils háttar einstaka framlag til að komast svolítið á móts við óskir bátaeigenda í þessum efnum.

Samkv. framangreindum till. samvn. samgm. eru heildarframlög til þessarar þjónustu flóabáta og vöruflutninga 4 120 500 kr., eða 62 500 kr. hærri en á þessu ári. Eins og ég tók fram í byrjun míns máls, stendur samvn. samgm. sameinuð að þessum tillögum, en ef það væru einhverjar óskir eða fyrirspurnir, sem hv. alþm. vilja bera fram til nefndarinnar eða til mín sem frsm. hennar, er mér ljúft að svara þeim.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaganna bar ég fram brtt. við 14. gr. B, XXIII. lið, að veittar væru til Jochums Eggertssonar til ritstarfa og skóggræðslu að Skógum 10 þús. kr. Nú hefur hv. formaður fjvn. tjáð mér, að

fjvn. hafi tekið þennan lið upp í sínar tillögur, og vissi ég ekki um það, fyrr en ég hafði borið till. fram aftur á þskj. 244, en eftir að hafa fengið þær upplýsingar, er þessi tillaga tekin aftur. Það er VIII. till. á þskj. 244.

Ég hef hins vegar borið fram þrjár till. á sama þskj., að við 22. gr., XXIII. lið, komi þrír nýir liðir.

Fyrst, að ríkisstj. sé heimilt að gefa Gróttu h/f og Sindra h/f á Patreksfirði eftir 1. veðrétt í eignum þeirra, kr. 4 789 250,26, auk áfallinna vaxta, allt vegna kaupa á togaranum Gylfa, enda yrði jafnframt samið um það við viðskiptabanka fyrirtækjanna, að atvinnurekstur þessara fyrirtækja geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Fyrir þessu vil ég gera dálitla grein. Þegar togarinn Gylfi var keyptur á sínum tíma, ábyrgðist ríkissjóður lán hjá Hambrosbanka fyrir allt að 70% af kaupverði skipsins, eins og þeirra annarra togara, sem þá voru keyptir til landsins, og enn fremur var lánað af ríkissjóði þá fé, allt að 20% af upphæðinni, á sama hátt og einnig var lánað til annarra skipa, en tekinn var 1. og 2. veðréttur í togaranum, en auk þess 1. veðréttur í þeim eignum, sem ég hef hér rætt um að framan. Nú var ekki hafður sá háttur á að taka 1. veðrétt í öðrum eignum en togurum yfirleitt, þegar þetta var gert, og þess vegna þykir eðlilegt, að þetta sé gefið eftir, auk þess sem upplýst er, að ef þessi veðréttur sé ekki gefinn eftir, þá sé ekki hægt að komast að samkomulagi við viðskiptabankana um að halda rekstrinum áfram, en það er mjög mikil nauðsyn, eins og nú er atvinnuháttum hagað á Patreksfirði. Ég skal taka það fram, að hér er um aðra eigendur að ræða. Grótta og Sindri eru ekki sömu eigendur og þeir, sem eiga Gylfa, þeir hafa hins vegar gefið leyfi til þess að veðbinda þessar eignir, og er því enn meiri ástæða til þess að gefa veðréttinn eftir.

Ég hef einnig borið fram undir b-lið, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast fyrir Suðurfjarðahrepp nauðsynlegan kostnað við umbætur á m/s Pétri Thorsteinsson vegna smíðagalla, sem komið hafa fram á skipinu, þó eigi yfir 100 þús. kr., enda framselji eigendur ríkissjóði skaðabótakröfuna á hendur byggjenda skipsins. Það hefur komið fram nú, meira en ári eftir að skipið hefur verið keypt, að öll undirbyggingin undir vélinni er skökk, aðalvél skipsins ekki í línu við skrúfuöxulinn, og hefur því verið nauðsynlegt að umbæta þennan smíðagalla. Það hefur verið látin fara fram á þessu skoðun af löglega útnefndum mönnum, sem hafa staðfest, að hér sé um að ræða smíðagalla frá verkstæðinu, skipabyggingarstöðinni, og óhjákvæmilegt sé að gera við þetta, en þetta mun fara í allt að 100 þús. kr. Ríkissjóður gerði kaupsamninginn fyrir hönd eigenda á sínum tíma, og hann var raunverulega millilíður um þessi kaup. Þetta er einn af þeim bátum, sem voru keyptir frá Austur-Þýzkalandi, og er því eðlilegt raunverulega, að ríkissjóður fái framselda skaðabótakröfuna og aðstoði eigendur um að fá hana greidda frá byggjendum. Ég skal leyfa mér að geta þess, að verði ekki hægt að leysa þetta mál þannig, þá er ekki annað sýnilegt en skipið verði að hætta og ríkissjóður að láta ganga að eigendum og selja skipið, og þá kemur að sjálfsögðu einnig á hann að greiða viðkomandi upphæð, þar sem það hvílir á skipinu hjá viðgerðarverkstæðinu, sem nú verður að gera við þetta, þangað til upphæðin er annaðhvort tryggð eða greidd.

Þriðji töluliðurinn, c-liður, er um, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast fyrir Togarafélag Ísfirðinga 175 þús. kr. skuld við Rafveitu Ísafjarðar vegna gjalds, sem er greiðsla fyrir rafmagn, til að afstýra rekstrarstöðvun frystihússins, sem nýlega hefur tekið til starfa. Um þessa skuld má segja það, að þetta er skuld fyrir ógreitt rafmagn. Nú hefur frystihúsið verið leigt öðrum aðilum, en Rafveita Ísafjarðar telur sig ekki geta eða vilja selja þeim aðilum rafmagn til rekstrar, nema því aðeins að þessi skuld sé greidd, og kemur þá í sama stað niður að því leyti til, að ef dómur félli um, að hún hefði fullan rétt til þess að stöðva þannig rekstur inn, þar til þessi skuld yrði greidd, þá yrði að sjálfsögðu veðhafi hússins, sem er ríkissjóður og mundi að líkindum eignast húsið, ef það yrði boðið upp, einnig að greiða þá upphæð, þegar þar að kæmi, svo að það kemur raunverulega einnig í sama stað niður. Hins vegar mun verða látinn ganga dómsúrskurður um það, hvort hægt sé yfirleitt fyrir Rafveitu Ísafjarðar að stöðva sölu á rafmagni til nýrra aðila, þó að hinir fyrri aðilar hafi ekki greitt skuldir sínar. En það mundi taka alllangan tíma og þess vegna nauðsynlegt að fá þetta mál nú leyst á þann veg, sem ég hef hér óskað eftir.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hv. Alþ. fallist á þetta og samþykki tillöguna.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Við þingmenn Framsfl. í Norðurl. v. höfum flutt fáeinar brtt. við fjárlfrv., sem er að finna á þskj. 244. Ég er fyrsti flm. að einni af þeim brtt., brtt. II á því þskj. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð um hana, en meðflm. mínir að hinum till. munu gera grein fyrir þeim.

Þessi brtt., sem er við 11. gr. A, er um það, að þar verði settur inn nýr liður og að veittar verði til sumarlöggæzlu á Sauðárkróki 30 000 kr. Þessi brtt. er flutt í samræmi við óskir frá sýslumanni, sem fram koma í bréfi frá honum til dómsmrn. Ástæður, sem færðar eru fram fyrir þessari beiðni, eru þær, að íbúatala er þarna orðin nokkuð há, 1200 íbúar á staðnum, auk þess allfjölmennt hérað, sem að liggur. Á sumrin er þarna allmikið um aðkomubáta og aðkomufólk, og umferð er einnig þarna talsvert mikil yfir sumarið. Af þessum ástæðum er löggæzla talin þarna ófullnægjandi yfir sumarmánuðina. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að það er í mörg horn að líta í þessu efni. En ég fæ ekki betur séð en þessi staður sé sambærilegur við ýmsa þá staði aðra, sem fjárveitingu hafa fengið í fjárlögum í þessu skyni. Hér er farið fram á mjög smáa fjárveitingu.

Ég vænti þess, að hv. þm. líti með vinsemd á þessi tilmæli og þeir geti greitt þessari brtt. atkvæði. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um hana fleiri orð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 244 flyt ég brtt., það er þar V. liður. Meðflutningsmenn að þessum till. eru þeir hv. 5. og hv. 3. þm. Norðurl. v., og till. eru um það að auka lítils háttar fjárveitingar til brúargerða.

Samkv. till. hv. fjvn. við 2. umr. málsins var samþykkt að veita 100 þús. kr. til brúar á Fitjaá, en hún er í V.-Húnavatnssýslu. Nú er það hins vegar svo, að vegamálastjóri segir mér, að gera megi ráð fyrir því, að brú yfir þessa á kosti 450 þús. kr. Af þessu mætti hv. þm. vera ljóst, að ef byggð verður brú fyrir 100 þús., þá verður hún allt of stutt yfir ána. Þetta er ekki mikið vatnsfall, þessi Fitjaá, venjulega, en þó getur hún orðið slæm yfirferðar, og það er mikil nauðsyn að fá brú yfir ána til að greiða fyrir t. d. mjólkurflutningum frá heimilum, sem þurfa að flytja mjólk yfir ána. Ég legg því til, eða við þessir þrír flm., að upphæðinni verði breytt, hún verði sett 450 þús., til þess að von sé um, að brúin nái yfir ána. Ég vona, að menn geti litið á þetta nánast sem leiðréttingu, mér finnst svo sjálfsagt að hækka upphæðina.

Þá flytjum við einnig till. um, að byggð verði brú á Reyðarlæk í Vesturhópi. Hún kostar ekki nema 390 þús. kr. Það er mikil þörf á því að fá brú yfir þennan læk, skammt sunnan við Vesturhópsvatn. Þetta er á sýsluvegi, en brúin er það löng, að samkv. lögum á ríkið að bera allan kostnað af brúargerðinni.

Ég er meðflm. að þremur eða fjórum öðrum till., en geri þær ekki að umtalsefni, því að það hefur að sumu leyti og mun að öðru leyti verða gert af öðrum.

Það mun vera í þriðja skipti á stjórnartíma núv. hæstv. ráðherra, sem fjárlög eru hér til afgreiðslu. Í fyrsta skipti var það í febr. 1960, þá voru afgreidd fjárlög fyrir árið 1960. Frv. til þeirra fjárlaga var lagt fram í Alþ. 8. febr., og næsta dag, 9. febr. 1960, sagði aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. frá málinu og umræðunni og hafði yfirskriftir með stóru letri fyrir sínum greinum. Á forsíðu var þannig fyrirsögn með mjög stóru letri: „Stórfelldur sparnaður í opinberum rekstri fyrirhugaður.“ Tveim dögum síðar flutti sama blað, sem Morgunblaðið heitir, þætti úr framsöguræðu hæstv. fjmrh., Gunnars Thoroddsens. Í fyrirsögn fyrir þeirri tilvitnun í ræðuna sagði m. a.: „Gagngerðar endurbætur gerðar á fjármálakerfi landsins.“

Næst var lagt fyrir þingið fjárlagafrv. fyrir árið 1961, í okt. 1960. 1. umr. um það mál fór fram 24. okt. Þá sagði hæstv. ráðherra m. a., að við undirbúning fjárlagafrv. fyrir 1961 hefði verið reynt að snúa inn á aðra braut og freista þess að færa gjöldin niður. Morgunblaðið sagði frá fjárlagaræðunni m. a. í leiðara blaðsins 26. okt. Þar segir, að fjmrh. hafi bent á, að nú hefði verið „brotið blað í fjármálastjórn landsins með allmikilli lækkun útgjalda flestra gjaldagreina fjárlaga“ o. s. frv. Í Reykjavíkurbréfi blaðsins 30. okt. var sagt: „Ekki er síður mikilsvert, að nú er horfið frá hinum sífelldu útgjaldahækkunum og þenslu ríkisbáknsins.“

Og svo er nú komið hér að afgreiðslu fjárlaga í þriðja sinn á valdatíma núv. hæstv. stjórnar. Frv. var lagt fram í upphafi þings í haust, og í Morgunblaðinu gat að líta frásögn 12. okt. af frv. Þar stóð þvert yfir forsíðuna: „Fjárlög 1962 án nýrra skatta.“ Og í undirfyrirsögn segir: „Áfram haldið til aukinnar hagkvæmni í rekstri ríkisins og stofnana þess.“

1. umr. um þetta frv. fór fram að kvöldi 17. okt. Næsta dag, 18. okt., sagði áðurnefnt málgagn ríkisstj. frá ræðu hæstv. fjmrh., og þvert yfir forsíðu er þar prentað stórum stöfum: „Við eigum að gæta viðsýni og hagsýni í fjármálum.“ Þetta er vel mælt og réttilega. Víst eigum við að gæta viðsýni og hagsýni í fjármálum. Og í umsögn blaðsins um fjárlagaræðuna segir m. a. á þessa leið: „Gat ráðherrann um margvíslegar sparnaðarráðstafanir, sem ýmist væru í undirbúningi eða þegar komnar til framkvæmda.“ En nú var svo skipt um, að þetta um sparnaðarráðstafanirnar var aftast í þeim formála, sem blaðið hafði fyrir ræðu ráðherrans. Það virtist því vera þannig í haust, að það væri nokkuð farið að draga niður í þeim viðkomandi sparnaðinum, bæði hæstv. ráðh. og aðalmálgagni ríkisstj. En meiri hluti hv. fjvn., skipaður fimm mönnum úr liði stjórnarinnar, bætir þetta dálítið upp. Í nál. meiri hl., sem dags. er 10. þ. m., segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Fjárlagafrv. ber með sér, að þeirri stefnu hefur verið fylgt að gæta ýtrasta sparnaðar í rekstri ríkisins og ríkisstofnana.“ Í framhaldi af þessu segja þeir: „Nefndin hefur einnig miðað tillögur sínar við það sjónarmið. Fjmrh. skýrði frá því í framsöguræðu sinni með fjárlagafrv., að enn sé unnið að athugunum á því, hvað unnt sé að gera til aukinnar hagsýni og sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Meiri hluti nefndarinnar fagnar því og er þess fullviss, að einmitt með vandlegum undirbúningi og athugunum muni árangur í þeim efnum verða beztur.“

Þarna er okkur færður sá fagnaðarboðskapur, að ýtrasta sparnaðar hafi verið gætt við samningu fjárlagafrv., en nú sé enn unnið að athugunum á því að auka sparnaðinn. Til viðbótar ýtrasta sparnaði, sem þegar hefur náðst, á að koma enn meiri sparnaður. Mikið stendur nú til.

Hv. meiri hl. vitnar í ræðu fjmrh., er hann lagði fjárlagafrv. fyrir þingið í haust. Ég vil leyfa mér að víkja nokkuð að því, sem hann sagði þar um sparnaðinn. Hæstv. ráðh. sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Ég skal nú nefna nokkrar þær umbætur til sparnaðar og hagræðingar, sem ýmist eru komnar fram eða undirbúningi vel á veg komið.“ Síðan nefndi hann nokkur atriði. Það var fyrst sameining áfengis- og tóbakseinkasölu. Hann sagði, að spöruðust 11 starfsmenn og húsnæðiskostnaður. En fjárlagafrv., eins og það nú er, ber þó með sér, að þessi sparnaður, sem hæstv. ráðh. hér minnist á, hefur ekki svipað því vegið á móti auknum rekstrarkostnaði að öðru leyti, því að rekstrarkostnaður hinnar sameiginlegu stofnunar er þrátt fyrir þetta allmiklu meiri en hinna tveggja áður.

Þá nefndi hæstv. ráðh. það, að innflutningsskrifstofan hefði verið lögð niður, og sagði, að talið væri, að við það hefðu sparazt yfir 3 millj. Ekki fylgdu neinir útreikningar þessu, og þeir liggja ekki fyrir mér vitanlega. En ég vil benda

á það, að árið 1958 fékk ríkissjóður rúmlega 1 millj. kr. í tekjuafgang frá innflutningsskrifstofunni, það var afgangur af leyfisgjöldum, eftir að reiknaður hafði verið kostnaður við skrifstofuna og einnig kostnaður við verðlagseftirlitið, og ég hygg, að 1959 hafi þessi afgangur verið um 1½ millj.

Nú er svo ákveðið í lögum, að bankarnir skuli fá allt að helming af leyfisveitingagjaldinu, sem má vera 1%, til þess að standast kostnað við leyfisveitingar. Ef einhver afgangur verður af því, þá fer það til bankanna, en ekki ríkisins. Að öðru leyti á leyfisgjaldið samkv. lögum að ganga til að greiða kostnað við verðlagseftirlitið. Mér er ekki kunnugt um, hvernig þessir reikningar standa, en væntanlega verður hægt að fá upplýsingar um það síðar.

Enn nefndi hæstv. ráðh. póstinn og símann, vildi telja það til sparnaðar, að ekki væri greiddur úr ríkissjóði rekstrarhalli þessara stofnana. En þarna hefur enginn sparnaður átt sér stað. Gjöld þessara stofnana hafa hækkað eins og hjá öðrum, og þær hafa hækkað til mikilla muna sín gjöld, sem almenningur verður að borga fyrir þá þjónustu, sem þar er veitt. Símagjöld og burðargjöld hafa hækkað verulega, og þarna er ekki um neinn sparnað að ræða fyrir okkur.

Enn nefndi hæstv. ráðh. það, að nú væri tekið að úthluta fé til vegagerða þannig, að það færi í færri staði en áður var, og taldi, að vegavinnutæki mundu nýtast betur með þessu fyrirkomulagi, meira væri unnið fyrir féð. Ég held, að þetta sé nokkuð vafasöm fullyrðing. Á öllum ríkisvegum þarf að fara fram viðhald ár hvert, það þarf að framkvæma viðgerðir á vegunum. Þess vegna þurfa vegagerðarmenn með sín tæki að vera á ferð árlega á öllum ríkisvegum, og þá hefur það í mörgum tilfellum lítið að segja, hvort þeir vinna þar fyrir þúsundi meira eða minna, og mundi ekki vera á neinn hátt óhagkvæmara í mörgum tilfellum, að þeir, um leið og þeir vinna að viðgerðum á einhverjum vegi, vinni einnig að nýbyggingu á sama stað. Það kann að vera, að sums staðar náist eitthvað hagkvæmari vinnubrögð með þessu, en ég held, að hæstv. ráðh. hafi gert of mikið úr því.

Hann nefndi sendiráðin í París, sem hefðu verið sameinuð, en kostnaðurinn við umboðsmennsku í Parísarborg er nú þrátt fyrir þetta miklu hærri en hann áður var.

Hann nefndi skyldusparnað, talaði um, að nú væri von um, að 1 millj. mundi nægja til að framkvæma skyldusparnaðinn, en gaf ekki upplýsingar um, hvað sá kostnaður hefði áður verið, og mér er það ekki ljóst.

Þá var að sögn ráðh. nokkur breyting á Keflavíkurflugvelli. Hann sagði, að þar hefðu verið sameinaðar flugumsjónardeild svonefnd og flugvélaafgreiðsla. En þrátt fyrir þessa sameiningu er það svo, að í fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að kostnaður við rekstur Keflavíkurflugvallar verði rúmlega 60% meiri en hann var samkv. fjárl. 1958.

Enn talaði hæstv. ráðh. í fjárlagaræðu sinni um, að undirbúnar væru breytingar á störfum Skattstofu Reykjavíkur og innheimtu þinggjalda og till. væru í smíðum eða jafnvel gerðar um breytt fyrirkomulag viðkomandi bifreiðarekstri ríkisins, og hann sagði í okt., að ákvarðanir yrðu teknar bráðlega. En þess mun ekki hafa orðið vart, að enn væru nokkrar breytingar gerðar á fjárl. í sambandi við þetta, enda þarna um fyrirheit að ræða, en ekki þegar gerðar framkvæmdir, og geri ég það því ekki frekar að umtalsefni.

Í sambandi við þetta má benda á, að það eru fleiri stofnanir en pósturinn og síminn, sem hækka gjöld fyrir þá þjónustu, sem þær veita. Samkv. frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að aðeins 22% af kostnaði við löggildingarstofuna verði greidd úr ríkissjóði, en 1958, samkv. fjárl. fyrir það ár, greiddi ríkið 48% af þeim kostnaði. Nú er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði aðeins 9% af kostnaði við Skipaskoðun ríkisins, en greiddi helminginn af þeim kostnaði samkv. fjárl. 1958. Í athugasemdum með fjárlfrv. nú segir, að gert sé ráð fyrir að mæta auknum kostnaði hjá Skipaútgerð ríkisins með hækkun far- og farmgjalda. Þarna er á ýmsum sviðum verið að leggja skatt á þjóðina til viðbótar því, sem fyrir var, þó að sagt væri í haust, að nú fengjum við að sjá fjárl. án nýrra skatta.

En hvað segir þá sjálft fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, um sparnaðinn? Ég hef verið að líta í frv., eins og það nú liggur fyrir eftir 2. umr., og þær tölur, sem ég nefni, tek ég úr því. En nú sé ég, að hv. fjvn. gerir till. um að bæta dálitlu við gjöld. Ég hef gert hér nokkurn samanburð á þessu fjárlfrv., nokkrum greinum þess, og fjárl. fyrir 1958. Ég vil nefna hér fyrst t. d. 8. gr. frv. Þar er færður kostnaður við æðstu stjórn landsins. Sá kostnaður er nú samkv. fjárlfrv. yfir 40% meiri en hann var samkv. fjárl. 1958. Sama er að segja um kostnaðinn við stjórnarráðið, sem fært er á 10. gr. I. lið, þar er hækkunin frá 1958 milli 40 og 50%, nær 50% þó. Svo er það 11. gr. A, þar er kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn. Mér reiknast svo til, að samkv. þessu frv. eftir 2. umr. sé sá kostnaður 100% meiri en hann var áætlaður í fjárl. 1958. Þá er kostnaður við utanríkismál. Hann hefur aukizt tiltölulega enn meira en þetta, þrátt fyrir sameiningu þessara tveggja sendiráða í París. Náttúrlega valda gengisbreytingarnar hér miklu um.

Ég hef lagt saman upphæðir á gjaldagreinum fjárlfrv. og á fjárl. 1958 til samanburðar, þ. e. a. s. ég sleppi á báðum stöðum 19. gr., og það geri ég vegna þess, að það hafa verið undanfarið mismunandi aðferðir við fjáröflun til greiðslu á útflutningsuppbótum og til lækkunar á vöruverði innanlands, og þess vegna sleppti ég 19. gr. á báðum stöðum. En þá er útkoman sú, að eins og þetta frv. er nú eftir 2. umr., þá eru rekstrargjöldin á því rúmlega 90% hærri en þau voru á fjárl. 1958. Þegar maður virðir þessar tölur fyrir sér, þá sér maður það, að aukin útgjöld þess opinbera vegna þeirra kauphækkana, sem urðu á þessu ári, eru ekki nema örlítið brot af þeim miklu hækkunum á gjöldum ríkisins, sem orðið hafa í stjórnartíð núv. ríkisstj.

Það hefur verið nefnt af öðrum, að nú er hlutfallslega miklu minna en áður af ríkistekj-

unum látið ganga til nauðsynlegra verklegra framkvæmda ýmiss konar. Ég ætla að nefna hér aðeins þrjú dæmi um þetta: Til nýrra akvega er nú veitt samkv. fjárlfrv. tæplega 28% hærri upphæð en var 1958, og þetta er náttúrlega mjög langt frá því að vega á móti þeirri hækkun á vegagerðarkostnaði, sem orðið hefur síðan. Og þó eru framlögin til brúargerða enn meira skert. Til brúargerða er nú samkv. frv. aðeins varið 14.6% hærri upphæð en 1958. Sjá þá allir, að það verður langtum minna, sem hægt verður að vinna fyrir upphæðina nú en fyrir fjárveitinguna fyrir fjórum árum. Ég ætla enn að nefna raforkuframkvæmdirnar, þ. e. a. s. framlög til þeirra frá ríkissjóði. Árið 1958 var veitt úr ríkissjóði til raforkusjóðs og til nýrra raforkuframkvæmda samtals 25 millj., en nú eru þessar upphæðir 24 250 000 kr., það er lækkað um 750 þús. En hvað ætli kostnaðurinn hafi aukizt mikið við rafvæðinguna á þessu tímabili? Það er ekkert lítið.

Þegar maður athugar þessi mál með því að líta yfir fjárlfrv., þá er hvergi hægt að finna þann sparnað, sem hefur verið talað um og manni hefur þó skilizt af ummælum bæði hæstv. ráðherra og fleiri manna og þeirra blaða, sem styðja ríkisstj., að hefði verið töluverður. En maður finnur hann ekki. Maður finnur stórkostlegar hækkanir gjalda í staðinn fyrir sparnaðinn. Þetta er í miklu ósamræmi við yfirlætisfullar yfirlýsingar um sparnað, og vel mætti segja við þessa menn, eins og Grímur bóndi á Bessastöðum kvað: „Ykkur er nær að láta minna."

Enn er þó skrifað um sparnað og ekki spöruð fyrirheitin.

Þeir hv. fimm stjórnarstuðningsmenn, sem skrifa undir álit meiri hl. fjvn., telja, að ýtrasta sparnaðar hafi verið gætt við undirbúning fjárlaga nú. En þeir vilja gera enn betur, blessaðir. Í nál. þeirra má sjá, að stefnt er að því að koma á enn meiri sparnaði en þeim ýtrasta. Víst er það þakkarvert, að hv. meiri hl. fjvn. lætur okkur hafa ofur lítið til að gleðja hugann.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Norðurl. e. brtt. við fjárlagafrv., sem prentaðar eru á þskj. 244 og 247. Ég mun nú mæla fyrir nokkrum þessara tillagna og þar á meðal fyrir nokkrum tillögum, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. ætlaði að mæla fyrir, en hann er nú fjarverandi vegna veikinda.

Ég vil þá leyfa mér að byrja á því að mæla fyrir brtt. á þskj. 247, og er þá í fyrsta lagi II. brtt., við 13. gr. fjárlagafrv. Ég vil taka það fram, áður en ég mæli fyrir þessum brtt. við 13. gr., að við þm. Norðurl. e. héldum með okkur fund til þess að ræða um skiptingu þess fjár, sem tilkynnt var af hv. meiri hl. fjvn., að lagt yrði til af þeim meiri hl., að veitt yrði til vega, hafna og brúa. Og það varð samkomulag milli okkar þm. kjördæmisins um skiptingu þess fjár til nánar tilgreindra vega, brúa og hafna, og voru fjárveitingar til einstakra framkvæmda samþykktar við 2. umr. Hins vegar er það skoðun okkar, sem að þessum tillögum stöndum, að þær upphæðir í heild, sem veittar eru til þessara framkvæmda samkv. frv., eins og það er nú, séu of lágar. Þó að við séum út af fyrir sig öðrum þm. kjördæmisins sammála um það, að þeim upphæðum, sem í frv. eru nú eftir 2. umr., skuli skipta á þá leið, sem nú er gert í frv., viljum við nú freista þess að leggja til, að upphæðirnar verði hækkaðar og veitt verði meira fé í þessu skyni til þessara mála en nú mundi vera gert samkv. frv., eins og það er nú. Leggjum við þá til, hvernig þessari fjárveitingu skuli ráðstafað. Ég ætla, að hv. 1. minni hl. fjvn. hafi á öðru þskj. gert tillögur varðandi tekjubálk fjárl., sem mundu, ef samþykktar væru, hafa það í för með sér, að þessar brtt., sem bornar hafa verið fram, þótt samþykktar yrðu, yrðu ekki til þess að skapa halla á fjárlögum.

Ég kem þá að 1. brtt., sem er um það, að fjárveiting til Hólsfjallavegar verði hækkuð úr 85 þús. upp í 100 þús. kr. Þetta er vegurinn milli Öxarfjarðar og Hólsfjalla um Hólssand, alllöng leið, og hefur verið unnið að þessum vegi alllengi, en hann er því miður enn hvergi nærri fullgerður. Við höfum lagt til, að fjárveiting til hans hækki um 15 þús. kr., og hefði þó verið þörf að sjálfsögðu á meiri hækkun þar eins og víðar.

Í öðru lagi leggjum við til, að framlag til Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegar til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegar verði hækkuð upp í 800 þús. Hér er um að ræða alla aðalþjóðvegi á svæðinu milli Tjörness og Þórshafnar á Langanesi, og hefur til skamms tíma a. m. k. öðru hverju verið veitt fé til allra þessara vega. En fyrir nokkru var þessi fjárveiting sameinuð í eitt til allra veganna. Þannig hagar til víða í þessu héraði, eða allvíða a. m. k., að þar er þurrlent, og þess vegna var í öndverðu auðvelt að leggja þar vegi á ódýran hátt með ruðningi. En þetta eru ákaflega ófullkomnir vegir, og sérstaklega á veturna leggur þar fljótt snjó, og eins í illviðrum blotna vegirnir fljótt, og þar hefur verið unnið að því nú í mörg ár að byggja þessa vegi upp og er mikið verk. Auk þess er svo þess að geta, að nú seinni árin hefur verið unnið að því að gera akfært milli Raufarhafnar og Þistilfjarðar, svokallaðan Hálsaveg, sem liggur fyrir ofan svokallaðar Víkur við utanverðan Þistilfjörð að vestanverðu. Þessi vegur á nú að heita akfær orðinn, en þó aðeins að sumarlagi, og er eftir að verja miklu fé enn til þess að byggja veginn upp, þannig að hann megi teljast viðunandi fyrir þá umferð, sem þarna á sér stað og þarf að vera bæði sumar og vetur, og bróðurparturinn af þessari upphæð, sem veitt hefur verið undanfarin ár til veganna milli Tjörness og Þórshafnar á Langanesi, hefur gengið til þess að byggja þennan veg upp, gera hann færan, þannig að mjög lítið hefur farið til veganna í byggðunum, Kelduhverfi, Öxarfirði, Núpasveit, Sléttu, Þistilfirði og á innanverðu Langanesi. Til þeirra vega hefur farið mjög lítið síðustu árin, síðan fjárveitingarnar voru sameinaðar. Út af fyrir sig er það mjög nauðsynlegt að reyna að gera þennan veg vel akfæran, en hinu

er svo ekki að leyna, að það er mjög bagalegt fyrir þá, sem byggja þessar sveitir, að verða að bíða mjög lengi eftir umbótum á sínum aðalframleiðslu- og kaupstaðarvegum. Í þeim sveitum, sem hér er um að ræða, hefur til þessa einkum verið stunduð sauðfjárrækt. En nú er vaknaður mikill áhugi fyrir því að taka jafnframt upp mjólkurframleiðslu, og má gera ráð fyrir því, að ekki líði langt, þangað til úr því verður. Þá eykst mjög nauðsynin á því og verður sérstaklega brýn, að vegirnir séu færir allt árið nokkurn veginn, a. m. k. oftast nær, og er alveg nauðsynlegt að auka framlag til þeirra m. a. með tilliti til þess, enda hafa borizt um það áskoranir frá bændum í þessum sveitum að auka framkvæmdir á þessum vegum. Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, leggjum við til, að upphæðin verði hækkuð nokkuð til þessara vega í heild.

Þá er lagt til, að framlag til Langanesvegar verði hækkað úr 50 þús. upp í 65 þús. Hér er um að ræða þjóðveg, sem eðlilega er ruddur frá Heiði, eða frá Skálanesi utan við Heiði, út að Skoruvík á Langanesi. Það er mjög nauðsynlegt, að þarna sé vegarsamband, þótt ekki sé um mikla byggð að ræða. Það er til þess að nytja ýmis hlunnindi, sem þarna eru við sjóinn, og eins vegna vitans á Langanesfonti og sömuleiðis vegna slysahættu á sjó, sem alltaf er til staðar við nesið utanvert. En það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu mikilsvert það er, að byggð sé ekki mjög fjarri þeim stöðum, þar sem slík slysahætta er. Af þeim sökum hefur verið í það ráðizt að ryðja þennan veg, enda þótt þar sé um litla byggð að ræða, og við höfum lagt til, að sú upphæð verði hækkuð lítils háttar.

Þá er lagt til, að fé verði veitt til tveggja brúa, og er þar um að ræða ár á sýsluvegum, Gilsbakkaá í Öxarfirði og Þorvaldsstaðaá í Þistilfirði. Það er lagt til, að veittar verði 125 þús. til þess að byggja brú á Gilsbakkaá og 75 þús. til að byggja brú á Þorvaldsstaðaá. Sýsluvegurinn í sambandi við Gilsbakkaá er í ofanverðum Öxarfirði, og liggur vegurinn meðfram efstu bæjaröð þar í sveitinni. En Gilsbakkaá er þar slæm torfæra. Þorvaldsstaðaá er á svonefndum Frambæjavegi í Þistilfirði, sem þegar hefur verið gerður akfær að nokkru leyti, og áin er þar farartálmi.

Ég kem þá næst að V. lið á sama þskj., en þar er lagt til, að framlag til hafnarframkvæmda á Þórshöfn verði hækkað úr 450 þús. upp í 500 þús., en 500 þús. er sú upphæð, sem veitt var til þessarar hafnar á fjárlögum 1961. Á Þórshöfn hefur verið unnið að hafnarmannvirkjum alllengi. Það hafa verið byggðar þar tvær bryggjur, skipabryggja og bátabryggja, og dýpkuð innsiglingin í höfnina. Undanfarið hefur verið unnið að því að gera hafnargarð eða öldubrjót, og er gert ráð fyrir, að fremst á öldubrjótnum komi hafskipabryggja. Enn er mikið óunnið að þessum mannvirkjum, til þess að þarna geti talizt sæmileg bátahöfn og sæmileg aðstaða fyrir hafskip. Sennilega eða samkvæmt áætlun er eftir að vinna fyrir 8 millj. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum, en aðeins benda á það, að framtíð staðarins er að miklu leyti undir því komin, að þessi hafnarmannvirki komist upp. Ágæt fiskimið eru við Langanes og Sléttu og á Þistilfirði, en hafnarskilyrði hafa hamlað vexti útgerðarinnar á þessum stað. Eins og hv. þm. er kunnugt, urðu miklar skemmdir á hafnarmannvirkjum á Þórshöfn í ofviðrinu, sem gekk yfir Norðurland 23. nóv. s. l. Skemmdist þá fremsti hlutinn af hafnargarðinum, sem ég hef áður nefnt, en þær skemmdir verða væntanlega bættar sérstaklega og gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., ásamt skemmdum, sem orðið hafa á öðrum höfnum, enda hefur það tíðkazt, þegar slíkt hefur komið fyrir, að ríkið hefur þá hlaupið undir bagga á einhvern hátt.

Þá kem ég að VII. brtt., við 14. gr. Hún er um það, að veittar verði 640 þús. kr., sem er fyrsta greiðsla til byggingar barnaskóla á Raufarhöfn, en þetta er sú upphæð, sem fræðslumálastjóri telur að þurfa muni til þessarar fyrstu greiðslu á hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaðinum. Á Raufarhöfn var byggt barnaskólahús skömmu eftir 1930, en það er nú fyrir löngu orðið of lítið og ófullnægjandi. Þegar það hús var byggt, voru íbúar á Raufarhöfn um 170, ef ég man rétt, en nú munu þeir vera fast að 500. Auk þess hefur í seinni tíð verið starfandi unglingaskóli í þessu húsi. Nú er þannig ástatt, að einn bekkur skólans er til húsa í læknisíbúð, sem þarna er á staðnum og er auð, vegna þess að þar vantar lækni, eins og sakir standa, en vonandi verður það ekki lengi, og þegar héraðslæknir fæst í þetta hérað, verður skólinn að sjálfsögðu að láta af hendi þetta húsnæði. Getur það orðið hvenær sem er. Ég tel það mjög illa farið, ef ekki verður byrjað á því að veita fé til þessa skólahúss nú á næsta ári, því að það þýðir, að ekki er hægt að hefja framkvæmdina samkvæmt lögum. Mér er kunnugt um það, að hlutaðeigandi námsstjóri hefur talið mjög nauðsynlegt að ráðast í byggingu þessa húss og hvatt til þess þar, og í fyrra reyndu forráðamenn skólans að fá fjárveitingu og áttu um það viðræður, einkum við fræðslumálastjóra. Af því gat þá ekki orðið, og það er illt, að það þurfi enn að dragast um eitt ár, að hafizt verði handa um þetta mjög svo nauðsynlega verk. Það er nú svo, þó að töluverður húsakostur sé á Raufarhöfn, sem notaður er sem mannaíbúðir á sumrin, á sumarvertíðinni, þá hentar það húsnæði engan veginn, jafnvel þótt hægt væri að fá það á leigu, til skólahalds, m. a. vegna þess að upphitunarkostnaður við það húsnæði er mikill. Það er því eiginlega óhjákvæmilegt að ráðast í þessa húsbyggingu, og verður mjög bagalegt, ef ekki verður hægt að byrja á henni á næsta ári.

Ég vil þá næst koma að brtt. á þskj. 244, og er þá fyrst IV. brtt., við 13. gr., um, að fjárveiting til Austurhlíðarvegar verði hækkuð úr 90 þús. upp í 150 þús. Unnið hefur verið að þessum vegi fyrir lánsfé, og hvílir á honum allmikil skuld. Er nauðsynlegt, að þessi upphæð verði hækkuð.

Þá kem ég að VII. lið á sama þskj. Þar er fyrst brtt. við 13. gr. um það, að fjárveiting til brúar á Laxá í S-Þing. verði hækkuð úr 210 þús. í 570 þús. Þessi brú er í Laxárdal. Þangað var

flutt fyrir nokkrum árum — ég ætla, að það hafi verið 1958 — gömul brú af annarri á, sem var ekki orðin nothæf þar, og var þar þá byggð ný brú. Þessi gamla brú, sem er járnbrú, hefur síðan staðið þarna hjá brúarstæðinu á Laxá í Laxárdal, og hefur tvisvar sinnum verið veitt fé til hennar. Nú eru þeir, sem koma til með að nota þessa brú, orðnir nokkuð óþolinmóðir, og hingað til Alþ. hafa borizt áskoranir frá bændum í Laxárdal í þessu sambandi. Nú eru í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir eftir 2. umr., ætlaðar 210 þús. til brúarinnar, en til þess að setja hana niður og ganga frá henni þarf 570 þús., og við höfum leyft okkur að leggja til, að fjárveitingin verði hækkuð, þannig að hægt verði að byggja brúna eða setja hana niður á næsta sumri. Vegurinn að þessari brú liggur öðrum megin árinnar, ég ætla að vestanverðu við ána, og þegar brúin er komin á ána, mundu bæir hinum megin við ána komast í vegarsamband. Hafa menn mikinn áhuga á því, sem vonlegt er. Skiljanlegt er, að þeim þyki erfitt að bíða, þegar brúin er þarna komin, enda munu menn hafa vonazt eftir því í öndverðu, að ekki mundi líða á löngu, þangað til hún kæmi að notum.

Næst er, undir þessum sama tölulið, VII., till. um, að veittar verði 100 þús. kr. til hafnargerðar á Grenivík við Eyjafjörð. Það er nýr liður. Grenivík er þorp og útgerðarstaður við utanverðan Eyjafjörð að austanverðu, í Höfðahverfi. Á þeim slóðum hefur lengi verið útgerð, og munu ýmsir minnast þess, sem lesið hafa ævisögur Tryggva Gunnarssonar og Einars í Nesi, að Höfðhverfingar stunduðu hákarlaveiðar á 19. öld og reyndust hinir vöskustu við þau störf. Hákarlaveiðarnar voru á þeim tíma mikilsverður þáttur í atvinnulífi Höfðhverfinga og reyndar Eyfirðinga bæði austan og vestan fjarðar. Nú í seinni tíð hefur verið töluverð útgerð frá Grenivík, og þorpið hefur byggzt upp, myndarlegt þorp, margir hafa byggt þar hús yfir sig í seinni tíð, og íbúar staðarins munu nú vera nokkuð mikið á annað hundrað og fer fjölgandi. Þarna hafa verið gerðir út eða verið skráðir tveir allstórir vélbátar, sem að mestu leyti hafa verið mannaðir Grenvíkingum og öðrum Höfðhverfingum og stundað sjóinn bæði norðanlands og sunnan með góðum árangri. En hafnarskilyrði eru slík, að þessir bátar hafa yfirleitt ekki getað lagt aflann upp í heimahöfn. Hins vegar eru á Grenivík nokkrir minni bátar, opnir bátar og litlir þilfarsbátar, sem eru gerðir þaðan út á vorin, sumrin og haustin og leggja þar afla á land, ýmist í Grenivík eða í Hrísey. Fyrir nokkru var hafizt handa um bryggjugerð í Grenivík og nokkuð að henni unnið í áföngum, en við nánari athugun kemur í ljós, að sú bryggja er ekki heppilega staðsett, því að við hana er lítið skjól í hafátt. Fyrir einu ári eða svo fór fram nákvæm mæling á höfninni á vegum vitamálaskrifstofunnar, og þá kom í ljós, að dýpið hinum megin í höfninni, þar sem bátarnir venjulega liggja, er meira en menn höfðu ætlað. Þarna virðist allhagkvæmt að gera hafnarmannvirki, a. m. k. er dýpið því á engan hátt til fyrirstöðu, þarna virðist vera heldur dýpra. Og þarna mundu hafnarmannvirkin vera í miklu betra skjóli en bryggja sú, sem byggð hefur verið. Það er því ætlun manna að hætta við þessa gömlu bryggju, byggja hana ekki lengra fram, og hefja framkvæmdir á hinum staðnum. Hefur verið gerð áætlun um að byggja þarna grjótgarð fram frá landinu með steyptri þekju og haus og afgreiðslubryggju fyrir báta innan á garðinum. Þetta mannvirki, a. m. k. eins og það er hugsað nú fyrst um sinn, mun kosta kringum 4 millj. kr. Hér voru á ferðinni í vetur fulltrúar Grýtubakkahrepps og Grenvíkinga, sem hér eiga hlut að máli, til þess að ræða við vitamálastjóra og þm. um þessa fyrirhuguðu framkvæmd, og þar hjá heimamönnum er mjög mikill áhugi á því, að hægt verði að hefja framkvæmdir þegar á næsta sumri. Sú framkvæmd, sem þá þyrfti að geta átt sér stað, væri sú að gera veg eftir sjávarbakka fram að garðstæðinu. Það er nokkuð mikið verk, því að bakkinn er hár, áður ekki talið fært, en nú munu ekki neinir erfiðleikar á því með tækjum, sem menn hafa yfir að ráða. Þetta mannvirki er nauðsynlegt að geta framkvæmt á næsta sumri og jafnframt að gera athuganir og byrjunarframkvæmdir í grjótnámi, þar sem sennilega verður tekið efni í hafnargarðinn. Upphæðin, sem við förum fram á, er ekki há, 100 þús. kr., og er aðallega við það miðuð, að hægt verði að hefjast handa, þannig að næsta ár á eftir væri þá hægt að byrja á verkinu af fullum krafti. En í Grenivík eru miklar vonir bundnar við þetta hafnarmannvirki, og vitneskjan um það, að hafnargerð sé möguleg á þessum stað, að skilyrði séu betri en menn höfðu áður gert ráð fyrir, hefur mjög glætt bjartsýni fólks á þessum slóðum. Þarna er mikið af ungu og uppvaxandi fólki og margir dugandi sjómenn.

Ég kem þá næst að brtt. við 14. gr., sem er um það, að fjárveiting til barnaskóla í Mývatnssveit verði hækkuð upp í 600 þús. kr. Bygging þessa skólahúss hefur staðið yfir undanfarin ár. Áætlað ríkisframlag til skólans mun vera um 1½ millj. kr., og er búið að greiða af því tæpar 800 þús. kr. Eftir eru þá rúml. 700 þús. kr. Við höfum leyft okkur að leggja til, að upphæðin verði hækkuð, eins og ég sagði, upp í 600 þús., og þá með það fyrir augum, að hægt yrði að koma verkinu það áleiðis, að skólinn gæti komizt í notkun á árinu 1962. Það er mikil nauðsyn á því, að hægt verði að taka þetta hús í notkun sem allra fyrst, því að skólinn býr nú við mjög óæskilega aðstöðu. Kennsla fer í raun og veru fram í íbúð skólastjórans og hefur gert undanfarin ár, og er það mjög bagalegt, ekki aðeins af því, að húsnæðið er óhentugt fyrir skóla, heldur einnig ákaflega bagalegt fyrir skólastjórann og fjölskyldu hans að þurfa að sjá af íbúð sinni til þessara nota. Hér voru á ferðinni í vetur forráðamenn þessa skóla til þess að leita fyrir sér um það, að þeir yrðu aðstoðaðir við það að koma húsinu svo áleiðis á næsta ári, að hægt yrði að nota það næsta vetur, og okkur virðist eðlilegt, að reynt yrði að líta á þeirra mál. Í Mývatnssveit munu nú vera um 30 börn á skólaskyldualdri, og allt útlit er fyrir, að fólksfjölgun verði í þessari sveit á næstu árum. Eins og kunnugt er, hefur það

verið haft á orði, að ungt fólk í Mývatnssveit kysi það helzt yfirleitt að setjast að í átthögum sínum. Þar hefur mikið verið gert að því að byggja nýbýli, og úrræða hefur verið leitað um nýjar atvinnugreinar, þannig að mér þykir mjög líklegt, að þarna verði um verulega fólksfjölgun að ræða næstu árin. Ýmis náttúruskilyrði eru þarna, sérstaks eðlis, sem geta greitt fyrir eflingu atvinnulífsins, svo sem jarðhiti þar nálægur og hráefni til iðnaðar á botni Mývatns, sem margir kannast við og verið hefur í rannsókn nú undanfarið.

Síðasta brtt., sem ég mæli fyrir á þskj. 244, er um það, að framlag til Reykdælaskólahverfis, byggingar skóla þar, verði 240 þús. kr. Þessi skóli í Reykjadal er áætlaður á 3 113 000 kr., og er gert ráð fyrir að taka fyrir helming hússins, en ríkisframlag, ¾ hlutar, því að hér er um heimavistarskóla að ræða, er þá um 1200 þús. kr. og fyrsta greiðsla ætti þá að vera 240 þús. kr. Eins og stendur, starfar þessi skóli í leiguhúsnæði, en skólinn hefur fengið land að gjöf úr jörðinni Litlu-Laugum, og sveitarfélagið á heita uppsprettu eða laug, sem notuð verður til að hita upp húsið. Gert er ráð fyrir, að skólinn fái aðstöðu til íþróttaiðkana og verknáms í húsi héraðsskólans, og er að því mikið hagræði.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., en vænti þess, að þeim verði tekið með skilningi af hv. þm. og hv. fjvn., sem væntanlega á eftir að starfa eitthvað enn þá, enda mun varla verða annað sagt en hér sé hóflega í sakirnar farið og af nauðsyn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) spurði, hvort fyrirhuguð væri lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum og hækkun innflutningsgjalds af benzíni. Því er til að svara, að hvorugt hefur verið rætt í ríkisstjórninni.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það er hér brtt. við frv. til fjárlaga frá fjvn., sem ég skýrði frá áðan í framsöguræðu minni, að von væri á. Hún er skrifleg og of seint komin fram, svo að ég þarf að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða, en till. er svona:

„Við 22. gr. bætist: Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar."

Það er ætlun Læknafélagsins að setja þarna upp lækningamiðstöð með fullkomnum rannsóknartækjum, lækningastofum og öðru því tilheyrandi.

2. till. er:

„Ríkisstjórninni er heimilt að greiða h/f Djúpbátnum 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef í ljós kemur, að halli verði meiri en bátnum er ætlað skv. till. samvinnun. samgöngumála."

Þetta er endurveiting, svipuð og var á fjárlögum í fyrra, en talið er nauðsynlegt, að heimild sé einnig til að gera það nú.

3. till. er, að á 18. gr. bætist frú Hildur Blöndal með 20 þús. kr. og enn fremur hækki frú Agnete Kamban um 5 þús. kr. og frú Sigríður Bjarnason um 5 þús. kr.

Þá er enn ný tillaga við 22. gr.:

„Ríkisstjórninni er heimilt að endurgreiða Vagninum h/f aðflutningsgjöld að upphæð kr. 242 921.80, gegn því, að félagið falli frá öllum skaðabótakröfum á hendur ríkissjóði."

Þetta eru bílar, sem fluttir voru inn samkvæmt millirikjasamningum og hafa reynzt óseljanlegir. Nefnd, sem ríkisstj. skipaði, hefur lagt til og telur sanngjarnt, að þessi háttur verði á hafður. Í nefndinni voru Einar B. Guðmundsson, Halldór Jónatansson og Pétur Pétursson.

Þá vil ég aðeins drepa á nokkur atriði, sem komið hafa fram í umr.

Um skiptingu á flugvallafé vil ég geta þess, að flugmálastjóri hefur fyrir hönd flugráðs farið fram á, að ráðinu verði heimilt að skipta fénu að þessu sinni. Hitt er rétt, að fjvn. hefur skipt þessu fé undanfarið og venjulega farið að till. flugráðs um skiptinguna. Flugmálastjóri hefur lofað að senda nefndinni skýrslu um framkvæmdirnar og áætlaða skiptingu nú, þó að hún hafi enn ekki borizt.

Viðvíkjandi ummælum hv. 3. þm. Vesturl. (HS) um póst og síma, þá er það rétt, að póst- og símamálastjóri skýrði nefndinni munnlega frá því, að tekjur og gjöld mundu væntanlega hækka verulega. Erindi um þetta hefur þó enn ekki borizt n. eða til þess rn., sem stofnunin heyrir undir, og þótti meiri hlutanum því ekki rétt að breyta þessu í frv. nú. Það skal tekið fram, að póst- og símamálastjóri taldi víst, að tekjur stofnunarinnar mundu nægja fyrir gjöldunum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki fara hér neinum almennum orðum um afgreiðslu fjárlaganna, enda hefur skoðun mín komið fram í nál. 1. minni hl. fjvn., sem ég hef undirritað, og tel því ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Hins vegar stend ég að nokkrum brtt. ásamt samflokksmönnum mínum í Norðurl. e. Þessar till. eru á þskj. 247 og 244. Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) hefur gert grein fyrir allmörgum og flestum af þessum till., en ég mun ræða hér örlítið þær till., sem hann kom ekki inn á í sinni ræðu.

Það er þá fyrst hér að nefna till. á þskj. 247, en þar leggjum við til, að hækkað verði framlag til þriggja vega í Eyjafjarðarsýslu af fjórum, sem nefndir eru í fjárlagafrv. Þessir vegir eru Ólafsfjarðarvegur, við leggjum til, að hann fái 50 þús. kr. hækkun, hækki úr 150 þús. í 200 þús., og eins, að Múlavegur, sem tengir saman Ólafsfjörð og Dalvík, fái 650 þús., og er það um 150 þús. kr. hækkun, eins, að Hörgárdalsvegir hækki nokkuð, úr 130 þús. í 160 þús.

Þá leggjum við einnig til á þessu sama þskj., undir IV, að framlag til hafnarmannvirkja í Hrísey verði hækkað úr 300 þús. í 500 þús. Það er ástæða til að minnast aðeins frekar á þessa till. Þannig er ástatt nú í Hrísey, að hafnarmannvirki, sem þar eru orðin allgömul, eru orðin mjög hrörleg og þurfa verulegra endurbóta við. Hefur verið gerð áætlun um það, hvað kosta muni að gera við það, sem sérstaklega

brýnt er að laga í bráð, og nemur sú áætlun 3 millj. kr. Nú háttar þannig með þessa endurbót, að talið er, að gera þurfi sem allra mest í einu af henni, ef hún eigi að koma að notum. Það er áætlað á fjárlagafrv. að leggja til 300 þús. kr., en að auki hafa Hríseyingar von um að geta fengið af sínu eigin fé, sem þeir hafa safnað heima fyrir, 500—600 þús. kr., og auk þess hafa þeir lánsmöguleika hjá Brunabótafélagi Íslands upp á 300 þús. kr. Þar að auki hefur komið til tals, að Hríseyjarhreppur gangi inn í atvinnuleysistryggingasjóð sem aðili að honum, en það hefur ekki verið til þessa, og þá opnast þar líka lánsmöguleikar fyrir hreppinn til þessa hafnarmannvirkis. Ef nú er bætt við, eins og við leggjum til hér, þessum 200 þús., má segja, að þá sé um að ræða allríflega fjárhæð samtals, sem Hríseyjarhreppur hefði til þess að koma upp þessari bryggju, eða lagfæra hana eins og nauðsynlegt er. Þess má geta, að undanfarin ár hafa verið mjög litlar fjárveitingar til hafnargerðar í Hrísey og s. l. ár voru þær algjörlega felldar niður og var það gert í samráði við hreppinn og þá jafnframt gert ráð fyrir því, að framlagið á þessu ári yrði það ríflegt, að það munaði verulega um það í sambandi við byrjunarframkvæmdir á bryggjugerðinni í Hrísey. Ég tel því, að hv. Alþ. ætti að samþykkja þessa till. okkar til hækkunar, og legg eindregið til, að svo verði.

Þá vil ég minnast á till., sem er á þessu sama þskj., 247, og það er um nýjan lið á 14. gr. A, við liðinn, sem fjallar um nýja skóla. Þar leggjum við til, að lagt verði til Árskógsskólahverfis 75 þús. kr. sem byrjunarfjárveiting til byggingar skólastjórabústaðar. Þessi skólastjórabústaður er að vísu hugsaður sem áfangi í stærri skólabyggingu, en eftir því, sem okkur er tjáð þaðan að heiman, þá er það mjög brýnt og það brýnasta í skólamálum þeirra á Árskógsströnd að koma upp sómasamlegri skólastjóraíbúð, því að skólastjórinn, sem nú er, býr við mjög þröng húsakynni.

Að lokum vil ég minnast á till. á þessu sama þskj., X. lið, en þar endurflytjum við till., sem við fluttum við 2. umr., um hækkun framlags til tónlistarskólans á Akureyri úr 40 þús. kr. upp í 80 þús. kr., en til vara leggjum við til, ef það verður ekki samþykkt, að hækkunin nemi 20 þús. kr., þ. e. verði 60 þús. Ég hef áður gert grein fyrir ástæðunum fyrir þessari hækkun til tónlistarskólans og mun ekki eyða lengra máli í það að þessu sinni, en vona hins vegar, að hv. Alþ. geti fallizt á það með okkur að hækka þessa fjárveitingu.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 211, n. 242, 243, 244, 246, 247, 248, 252, 253).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég mælti hér fyrir till. í dag á þskj. 244, við 22. gr., að XXIII. liður orðist eins og þar segir. Ég skýrði frá því, að hér væri verið að óska eftir, að ríkissjóður gæfi eftir 1. veðrétt í ákveðnum eignum, enda verði jafnframt samið um það við viðskiptabanka fyrirtækjanna, að atvinnurekstur þeirra gæti haldið áfram með eðlilegum hætti, eins og segir í till. Nú hef ég orðið þess var, að samningar standa yfir um, að takast mætti að halda þessum atvinnurekstri áfram, og það án þess að til komi að gefa eftir þetta, ef eitthvað komi í staðinn, og í trausti þess, að þessir samningar takist milli viðkomandi aðila, og jafnframt í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að auðvelda þá samninga, svo að ekki þurfi að stöðva fyrirtækin og gera fjölda manna atvinnulausa í þessum stað, þá tek ég þessa till. aftur. Till. undir a-lið er tekin aftur.

Till. undir b-lið óska ég að verði látin ganga til atkv. Ég hef skýrt frá því, hvernig stendur á um það atriði.

Hvað snertir c-liðinn, þá er það ljóst, að skyldi það koma fyrir, að stöðva yrði sölu á rafmagni til frystihússins, þá mundi frystihúsið liggja undir stórum skemmdum, en ríkissjóður á veð í húsinu fyrir stórum upphæðum, og ég veit, að það mundi ekki þurfa neina heimild frá Alþingi til þess að bjarga þeim málum. Í trausti þess, að það verði ekki látið koma til stöðvunar og hæstv. ríkisstj. grípi þar inn í, svo sem eðlilegt er, þá tek ég einnig till. undir c-lið aftur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um framlög til vega, brúa og hafna og annarra slíkra hluta í þessum umr. Og hefur því verið haldið fram af hálfu ríkisstj., að til þessara hluta sé nú varið verulega hærri upphæðum en áður, m. a. heldur en var 1958. Meira að segja hafa verið lesnar upp nokkrar tölur, sem óneitanlega eru dálítið hærri nú en voru 1958. En sú ónákvæmni er í þeim málflutningi, að tölurnar þýða ekki það sama nú og var fyrir þremur árum. Það mætti reyndar segja, að þarna væri verið að bera saman einnar krónu peninga við tveggja krónu peninga, sem þá voru lagðir í þessar framkvæmdir. Og það er óneitanlega betra að fá stóru peningana, eins og þeir voru þó þá, heldur en litlu peningana núna, þó að upphæðin sé eitthvað ofur lítið hærri. Ég held, að það sé vægast sagt auglýsing, nokkurs konar jólaauglýsing, að bera þannig saman misstóra peninga. En þó er skylt að gera sér grein fyrir því, hvort fjárveitingar í þessar framkvæmdir eru meiri, eru svipaðar eða eru minni en þær voru t. d. 1958. Ég held, að þetta verði varla betur séð með öðru en því að bera fjárhæðirnar saman við heildarútgjöld fjárlaga hvert ár. En þá verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, að 1958 voru greiddar verulegar upphæðir úr útflutningssjóði til þeirra hluta, sem nú er greitt til úr ríkissjóði. Bæði árin 1958 og 1959 var það svo. Vilji maður fá samanburð á þessu, þarf að bæta þeim upphæðum við fjárlagaupphæðina á þessum árum til þess að fá réttan samanburð. Ég tel, að líka þurfi að taka með í þennan samanburð þær upphæðir, sem koma í vegi og brýr af benzínskatti, þó að þær upphæðir séu ekki innifaldar í fjárlagaupphæðum hvers árs, vegna þess að það eru óneitanlega framlög til þessara framkvæmda, en bæta bara við fjárlagaupphæðirnar því, sem benzínskatturinn gefur. Með þetta

í huga hef ég gert nokkurn samanburð á fjárveitingum, þ. e. a. s. til nýbygginga aðeins, til nýbygginga vega, brúa og hafna annars vegar 1958, hins vegar eins og nú er ætlazt til með því frv., sem hér liggur fyrir.

1958 námu þessar fjárveitingar 5.27% af útgjöldum fjárl., þegar reiknað er með þessum hætti, eins og ég hef nefnt. Ef sambærileg framlög væru nú fyrir árið 1962 5.27% af útgjöldum fjárl., ættu þessar fjárveitingar að vera tæpar 92 millj. En þær eru bara ekki nema rúmar 62 millj. Það vantar 29.4 millj. upp á það, að fjárveitingar samkv. þessu frv. séu jafnháar og þær voru 1958, miðað við útgjöld fjárlaga og útflutningssjóðs bæði árin. Á þessa hliðina hefur þetta sigið þessi þrjú undanfarin ár og virðist eiga að gera á komandi ári.

1959 virðist mér, eftir þessum reikningi, að fjárveitingar í þessar framkvæmdir hefðu þurft að vera 8.6 millj. hærri en þær voru til að jafnast við 1958. 1960 hefðu þær þurft að vera 17.7 millj. hærri en þær voru þá. 1961 hefðu þessar fjárveitingar þurft að vera um 21.8 millj. kr. hærri en þær voru í fjárlögum. Og eins og ég nefndi, í þessu fjárlagafrv. þyrftu þær að vera 29.4 millj. kr. hærri en þær eru.

Þetta held ég að sé nokkurn veginn hlutlaus og rétt mynd af því, hvort fjárveitingar til nýbygginga vega, brúa og hafna séu hærri eða lægri en þær voru 1958. Á þessum þremur árum, sem liðin eru síðan, og að meðtöldu því ári, sem hér er verið að gera áætlun fyrir, á fjórum árum, skortir því 77½ millj. kr. til þess, að fjárveitingar til þessara framkvæmda séu hliðstæðar því, sem þær voru 1958. Ég býst við, að þetta fari ekki á milli mála, ef hlutlaust er á þetta litið.

Það mundi ekki vera nein ósanngirni, þótt þm. flytji nokkrar hækkunartillögur til vega, brúa og hafna við þessa umr., og það hef ég leyft mér að gera ásamt hv. 2. þm. Vestf., en svipað þessu er um margt fleira, og skal ég ekki fara frekar út í það.

Fyrsta till., sem við flytjum og er á þskj. 248, er um nokkra vegi. Það er í fyrsta lagi Gufudalsvegur, nýr liður, 100 þús. kr. Fyrir tveimur árum var opnuð leiðin til Ísafjarðar frá Reykjavík. Þá komst á vegasamband yfir Dynjandisheiði. Um leið og þessi vegur opnaðist, margfaldaðist umferðin vestur Barðastrandarsýslu norður í Vestur-Ísafjarðarsýslu til Ísafjarðar og þ. á m. um þennan veg, Gufudalsveg. En sama árið og umferðin um veginn jókst svona var felld niður fjárveiting til hans með öllu, að undanteknum 10 þús. kr., sem áttu að ganga upp í skuld. Í fyrra var enginn eyrir til þessa vegar, og á þessu frv. er enginn eyrir til hans. Aftur á móti var á árinu 1958 90 þús. kr. fjárveiting til þessa vegar, en það mundi samsvara 180—200 þús. kr. fjárveitingu með núverandi peningum. Það skýtur mjög skökku við þarna. Það er þó ekki fyrir það, að þessum vegi sé lokið, að hætt er að veita í hann fé, þvert á móti eru langir kaflar á þessum vegi mjög lélegir bráðabirgðavegir, og það er aðkallandi að ljúka þeim köflum. Ég vænti þess, að það sé full sanngirni, sem mælir með því að veita þessar 100 þús. kr. í þennan veg.

Annar liður í þessum till. frá okkur er til Bæjar- og Svínanesvegar, sama upphæð, 100 þús. kr., en það er ekki ætlazt til, að það fari neinn peningur í þann veg skv. frv. Þessum vegi er verið að ljúka. Þetta er síðasti áfangi milli Kirkjubóls og Bæjar á Bæjarnesi, sem er hálfgerður núna, og ég ætla, að honum mundi ljúka eða mjög nálægt því, ef hann fengi þessa fjárveitingu. Því er þetta lagt til.

Þriðja till., sem við flytjum á þessu sama þskj., er Tálknafjarðarvegur, nýr liður, 100 þús. kr. Þannig stendur á, að Tálknafjarðarvegur liggur út með Tálknafirði að norðanverðu, þ. á m. yfir Sveinseyri, en vegurinn þar liggur fyrir neðan bakkana, fyrir neðan túnið, fjöruna, og þessi vegur verður ófær, bæði af snjóum og sjógangi, á hverju hausti, og er ónothæfur allan veturinn. Hreppsbúar, sem búa fyrir utan Sveinseyri, hafa því ekki getað notað þennan vegarkafla og hafa engin úrræði haft önnur en að fara yfir túnið á Sveinseyri, — fara yfir túnið, sem enginn vegur liggur yfir. Bóndinn þar hefur verið hið mesta lipurmenni og leyft þeim þetta fram að þessu. Nú hugsar hann sér að taka þarna allvæna spildu úr túninu til nýræktar. En ef hann gerir það, þá fara sveitungar hans ekki yfir túnið lengur. Og hvernig fer þá. Það er af þessum ástæðum, sem við leggjum til, að þessi litla upphæð verði veitt í þennan veg, það er að mæta þörfum Tálknfirðinga, þeirra sem búa utan Sveinseyrar, svo að þeir þurfi ekki lengur að aka yfir túnið hjá nábúa sínum.

Fjórða till., sem við flytjum, er um 100 þús. kr. fjárveitingu í Ketildalaveg. Það er vegurinn frá Bíldudal út í Selárdal. Það mun hafa verið 1960, sem fjárveiting í þennan veg var allt í einu lækkuð um hér um bil helming og 1961 felld niður, ekki eyrir í veginn. Og það er hálfgerð raunasaga, hvernig gengið hefur til um fjárveitingar í vegi handa Arnfirðingum. Það eru þrír vegir í þessum sveitum, sem þeir þurfa sérstaklega að bera fyrir brjósti. Það er Hálfdán, það er þessi, Ketildalavegur, og það er Suðurfjarðavegur. Á fjárl. yfirstandandi árs var enginn eyrir á fjárlögum í neinn af þessum vegum. Og sama árið og felldar voru niður fjárveitingar í vegi Arnfirðinga, féllu niður flugferðir þangað, svo að þeir hafa ekki flugsamgöngur lengur. Það er allt á sömu bókina lært hjá þessari byggð hvað snertir að eiga undir fjárveitingavaldinu.

Við flytjum líka till. um, að tekinn verði upp nýr liður, í Suðurfjarðaveg, 300 þús. kr., en það er sá vegur, sem þeir heimamenn leggja mesta áherzlu á. Og ég held, að þeir leggi meiri áherzlu á að fá veginn frá Trostansfirði upp á Dynjandisheiði, upp á hinn nýja Vestfjarðaveg, heldur en menn yfirleitt leggja á það að fá vegi, því að það kemur fram í því, að Bílddælingar hafa sent hv. 1. þm. Vestf. skjal mikið. Þetta skjal er undirskrifað af 127 Bílddælingum, þar sem hann er beðinn að beita sér fyrir því, að rífleg fjárveiting fáist í Suðurfjarðaveg, svo að þeir komist í samband við veginn á Dynjandisheiði. En það er meira í þessu bréfi. Það er það, að nokkrir Bílddælingar bjóðast til þess að leggja fram óafturkræft framlag, 50 þús.

kr., í þennan veg, ef það fáist í hann fjárveiting. Svo brennandi áhugamál er það þeim að fá þennan veg, að þeir bjóðast til að leggja fram tugi þúsunda úr eigin vasa, til þess að ríkið leggi eitthvað fram í veginn. Ég held, að það þurfi ekki að tala frekar fyrir þessari till. en á þennan hátt, sem Bílddælingar gera sjálfir. Mér þykir ótrúlegt, að hv. þm. taki því ekki vel, sem þarna er boðið fram af hálfu Bílddælinga, en það kemur brátt í ljós.

Næsta till. okkar er framlag í Ísafjarðarveg. Það er nýr liður, 300 þús. kr. En Ísafjarðarvegur heitir vegurinn úr Dýrafirði til Ísafjarðar, þótt hann sé venjulega kallaður Vestfjarðavegur. Það er Breiðadalsheiði, sem er ætlazt til að þessi fjárveiting fari í, en Breiðadalsheiði er, eins og kunnugt er, einn af allra hæstu fjallgörðum þessa lands, sem þjóðvegur liggur yfir, mun vera um 610 m á hæð, þar sem vegurinn liggur. Þarna er mikil þörf á endurbótum og þó meira en á sjálfri háheiðinni, það eru einnig skógarbrekkurnar að vestanverðu. Svo mikil þörf er á þessu, að það þurfti að gera sérstakt átak um endurbætur á Skógarbrekkunum, til þess að áætlunarbifreiðar kæmust til Ísafjarðar, og verður varla hægt að una við það lengur, að hér komi ekki til einhver fjárveiting. En auk þess lokast þessi vegur í fyrstu snjóum, af því að hann er svo lágur, og meira en það, hann er niðurgrafinn á köflum á háheiðinni. En um þennan veg er mikil umferð, bæði sumar og vetur, ef vegurinn væri annars einhvern tíma fær að vetri til, en það er ekki nema rétt eftir að hann hefur verið mokaður. En hann gæti batnað mjög við það að veita, þótt ekki sé ýkjahárri, upphæð í hann. Þá mundi hann ekki lokast svo fljótt af snjóum, ef hægt væri að ýta honum eitthvað upp á háheiðinni. Það er eins og kunnugt er, að samskipti eru orðin mjög mikil af öllum Vestfjörðum við Ísafjörð og fara vaxandi, og það kemur sér sannarlega illa, að þessi vegur skuli vera lokaður allan veturinn.

Þá flytjum við á þessu þskj. till. um 200 þús. kr. til Fjarðavegar. Till. var flutt við 2. umr. um fjárveitingu í þennan veg, 250 þús. kr., og var hún felld. Var þá skýrt frá því, hversu mikil nauðsyn væri á að koma þessum vegi áfram, sérstaklega inn í Seyðisfjörð og Hestfjörð. En það er engin fjárveiting til vegarins í frv. Þarf ég ekki að endurtaka það, sem þá var sagt um þennan veg, en það má líta á þetta sem varatillögu, þar sem hún er 50 þús. kr. lægri en flutt var við 2. umr. Þarna er ekki um neinn veg að ræða, eftir að kemur inn fyrir Álftafjarðarbotninn, eða rúmlega það, og þarf því alfarið að leggja þennan veg að nýju. Fólkið, sem býr í fjörðunum þar fyrir innan, hefur ekkert af neinum vegi að segja.

Næsta till. okkar er um hækkun á fjárveitingu til Reykjarfjarðarvegar á Ströndum úr 500 þús. kr. í 600 þús. Þarna vantar mikið átak, til þess að unnt sé að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfi landsins. Þar er löng leið á milli og kostar mikið fé. En hitt getum við ekki sætt okkur við, að fjárveitingin sé lækkuð frá í fyrra til þessa vegar, svo mikil sem þörfin er, því að þá var samtals fjárveiting 540 þús., en er í frv. ekki nema 500. Við leggjum því til, að hún hækki upp í 600, og er varla hægt að flytja till. um minni hækkun en þetta, ekki sízt þegar á í hlut vegur, sem þarf svo mikið til eins og er um þennan veg.

Þá flytjum við einnig till. um, að Strandavegur hækki úr 400 þús. í 500 þús. kr. Á þessum vegi eru tveir kaflar, sem er mjög aðkallandi að gera betri en þeir eru. Í Hólmavíkurhreppi, skammt fyrir sunnan Hólmavík, lokast vegurinn af snjóum mjög snemma, og eru mjög háværar óskir um það að fá gerðan betri veg á þeim kafla, en auk þess er í Bæjarhreppnum annar kafli og sízt betri, sem þarf að leggja áherzlu á að verði lagfærður. Þetta er lítilfjörleg hækkun, en munar þó um það og gæti kannske orðið að meira gagni að verja henni á einn stað en tvo, og skal ég ekkert segja um það, hvað verður gert í því efni, en ekki þarf að efast um þörfina þarna.

Um vegi höfum við ekki fleiri till. að flytja.

Þá flytjum við till. um ferjubryggjur. Það eru ekki ýkjaháar upphæðir í frv. um þá hluti. Það eru einar 80 þús. kr. í allar ferjubryggjur. Við leggjum til, að þessi upphæð hækki upp í 120 þús. kr. og þessi 40 þús. kr. hækkun gangi til Gemlufallsbryggju í Dýrafirði, en ferja gengur milli Gemlufalls og Þingeyrar alla vetur, þegar ófær er vegurinn inn fyrir Dýrafjörð. Meginsamgöngurnar við Þingeyri eru í þágu Núpsskóla, en þar er mikið fjölmenni, eins og kunnugt er. Þarf því stöðugt að vera þarna á ferðinni með ferjuna yfir fjörðinn, en bryggjan á Gemlufalli er að verða ónothæf til þess, að þessi ferja geti haldið uppi starfsemi sinni. Það er því till. okkar, að 40 þús. kr. gangi til þessarar bryggju og hækki fjárveitingin sem því nemur.

Þá leggjum við til, að til Drangsnesbryggju verði varið 200 þús. kr. Þessa bryggju þarf að lengja. Fiskiskip geta ekki lagzt upp að bryggjunni, eins og hún er, og er þetta því aðkallandi nauðsyn.

Við leggjum einnig til, að til Kaldrananesbryggju verði veittar 100 þús. kr. Hvort tveggja þetta eru nýir liðir, en þar er svo ástatt, að Breiðarnar, sem eru einu skipin, sem þangað koma, treysta sér ekki til þess að leggjast þar að, nema þá í allra blíðasta veðri. Það er óhjákvæmilegt að gera þarna bryggjuhaus, svo að skip geti lagzt þar að, og er því þessi till. flutt.

Ég kem þá að flugvöllunum. Flugvellir er mál, sem Vestfirðingar láta sig miklu skipta, eftir að hafa tapað flugsamgöngum eins og raun ber vitni um, allir nema Ísfirðingar. Á Vestfjörðum eru víða sjúkraflugvellir, en stærstur þeirra er flugvöllurinn á Hólmavík, og er ekki nema herzlumunur að gera hann það langan, að Dakotaflugvélar geti notað hann. Ef það yrði, þá gætu Hólmvíkingar fengið áætlunarferðir með líkum hætti og Ísfirðingar. Það er mjög sennilegt, að þessi fjárveiting geti dugað til þess að lengja flugvöllinn um það, sem á vantar til þess, að hann nái tilskilinni lengd. Þess vegna leggjum við til, að 400 þús. kr. séu veittar til þessa flugvallar.

Þá leggjum við til, að til flugvallar í Patreksfirði komi byrjunarfjárveiting 300 þús. kr. Í Patreksfirði er engin flugbraut, hvorki stór né lítil, og engin flugbraut í nágrannasveitum,

sem Patreksfirðingar geta haft samband við að vetri til, svo að öruggt megi teljast. Næstu sjúkraflugvellir við Patreksfjörð eru í Hrísnesi á Barðaströnd og á Rauðasandi, en á báða þessa staði er oft ófært, sérstaklega er ófært á Barðaströnd vegna snjóa alla vetur á Kleifaheiði, og svipað, þótt betra sé, má segja um Skersfjall, þó að nota ætti sjúkraflugvöll á Rauðasandi. En þegar á þetta er litið, þá sjá menn, að Patreksfirðingar og nærsveitir Patreksfjarðar búa þarna við verri skilyrði, þegar á liggur, heldur en flest eða a. m. k. mörg önnur byggðarlög landsins. Það er neyðzt til þess að fá sjúkraflugvél til þess að lenda í fjöru einhvers staðar, þegar á liggur, en menn geta gert sér í hugarlund, hversu mikið öryggi er í því. En fyrir utan það, þá er aðkallandi þörf að koma upp venjulegum flugvelli fyrir áætlunarflug sem allra næst Patreksfjarðarkauptúni, en þar búa um 900—1000 manns. Það er ekki gert ráð fyrir, að unnt sé að koma flugvelli annars staðar en í svokölluðum Sandodda skammt frá Sauðlauksdal, en þar er nægilegt landrými til þess. Ég hygg, að flugmálastjórnin hafi á sínum tíma gert áætlun um flugvelli á Vestfjörðum fyrir venjulegt áætlunarflug, og þá hefur Patreksfjörður verið einn af þeim stöðum, en þar hefur ekkert verið aðhafzt. Því er það, sem við flytjum þessa till. um fyrstu fjárveitingu, byrjun á flugvelli, sem auðvitað gæti og verið aðeins sjúkraflugvöllur, meðan stutt er komið áleiðis með hann, en byggður frá upphafi með það fyrir augum, að það verði venjulegur flugvöllur til nota fyrir áætlunarflug.

Þá flytjum við tillögu um hækkun á fjárveitingu til viðhaldskostnaðar Núpsskóla. Ég ætla, að fyrir fjvn. hafi legið erindi frá skólanefndinni um það, hversu miklar endurbætur þurfi að gera á þessum skóla. Til þess þarf ríkisfé og miklu meira en við gerum hér tillögur um. M. a. mun vera álitið af húsameistara ríkisins, að það þurfi að setja algerlega nýtt þak á skólann. Ég þarf varla að fjölyrða um það, að þörf er á þessari fjárveitingu, og er þetta þó ekki nema smávægilegt, 300 þús. kr. hækkun frá því, sem er í frv.

Síðasta till. okkar á þskj. 248 er við 22. gr. fjárlaga, að ríkisstj. skuli heimilast að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir flugfélög eða einstaklinga, gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar, til að kaupa hentuga flugvél, er tæki upp áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Fyrir allmörgum árum lagðist flug niður við Vestfirði, eins og ég sagði áðan, þegar sjóflugvélarnar, Katalínubátarnir, voru ekki lengur flughæfar. Þá misstu allir Vestfirðingar flugsamgöngur. En nú nýlega hafa þó Ísfirðingar hlotið flugsamgöngur á ný, með hinum nýja flugvelli, sem þar er nú orðinn nothæfur. Eins og öllum er ljóst, fullnægir ekki Ísafjarðarflugvöllur öllum Vestfjörðum, og mun enginn hafa látið sér detta það í hug. Á undanförnum þingum hafa verið samþykktar þáltill., sem miðuðu að því að greiða fyrir undirbúningi að flugsamgöngum við Vestfirði. Hefur ekki verið ágreiningur á Alþingi um það, að nauðsyn bæri til þess að leita hinna beztu ráða til að bæta úr flugsamgöngum við þennan landshluta. Núverandi hæstv. ríkisstj. mun hafa skipað nefnd, sem hefur athugað þessi mál nokkuð. Hv. 1. þm. Vestf. á sæti í þeirri nefnd og skýrði okkur samþingismönnum sínum frá því, hvað sú nefnd hefði gert. Í því máli er eitt og annað til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. Hann gat þess m. a., að rætt hefði verið við Flugfélag Íslands um það, hvað hægt væri að gera í þessu efni, og mun hafa borið á góma, að kaupa þyrfti nýja flugvél, fremur litla, sem gæti notfært sér nokkra þeirra flugvalla, sem til eru á Vestfjörðum, og síðan yrði að fjölga flugvöllum í samræmi við þá flugvél, svo að flugsamgöngur gætu hafizt á ný á þeim stöðum, sem áður voru viðkomustaðir sjóflugvélanna. En hann gat þess, að væntanlega mundi Flugfélagið þurfa á ríkisábyrgð að halda til þess að kaupa slíka flugvél. Að vísu munu engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum. En ef svo kynni að fara, að að þessu ráði yrði horfið, þá viljum við, að nú þegar sýni Alþingi vilja sinn í því að mæta þessum ráðstöfunum og hraða með því framkvæmdum, að Alþingi veiti ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán í þessu skyni. Flugvél, sem flytur t. d. 6 farþega eða í kringum það, er náttúrlega mjög lítil til þessara ráðstafana og getur varla talizt nema bráðabirgðaráðstöfun. Slík flugvél, ef ætti að kaupa hana nýja, mundi kosta, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, í kringum 120 þús. dollara, ef hún er keypt ný, eða rúml. 5 millj. kr. En það er oft hægt að fá slíkar flugvélar lítið notaðar, og þá er verðið jafnvel ekki nema helmingur af þessu. M. a. keypti Björn Pálsson sína ágætu flugvél notaða. Ég ætla, að hún hafi verið tveggja ára, og hún kostaði 48 þús. dollara, en hann keypti auk þess nýjan hreyfil í hana fyrir 12 þús. dollara. 60 þús. dollara kostaði hún með öllum sínum tækjum og áhöldum, sem með þurfti, eða um það bil helming þeirrar upphæðar, sem ný vél kostar. Nú er ég ekki að leggja til, að verið sé að kaupa notaðar vélar, síður en svo, þó að flestar flugvélar Íslendinga hafi upphaflega verið keyptar notaðar til landsins. En miðað við það, að keypt væri ný flugvél af þessari stærð og hún kostaði um 120 þús. dollara, þá ætti þessi upphæð, 4 millj., að duga fyrir ¾ hlutum kaupverðsins, og ætla ég, að með því væri vel séð fyrir því, að Flugfélagið — eða ef einhverjir aðrir vildu ráðast í slíkar flugsamgöngur — gæti keypt slíka vél og rekið hana. Hinu er náttúrlega ekki að neita, að það er óálitlegt, ef einhver annar aðili ætti að fara að taka upp flug á þessa staði, sem minnstar tekjurnar gefa miðað við tilkostnaðinn, en Flugfélagið hefur flugferðir til Ísafjarðar, sem er auðvitað bezti staðurinn að fljúga til hvað snertir fjárhagsafkomu. Þess vegna er nauðsynlegt, að það sé á sömu hendi, flug til hinna stærri staða, sem gefur betri tekjur, og hinna, sem eru lakari fjárhagslega fyrir þá, sem fluginu halda uppi.

Ég vænti þess fastlega, að hv. þm. taki þessum tillögum vel og þær hljóti samþykki hv. Alþingis við þessa umræðu.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 248, 252 og 253, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að taka til máls, en af því að það gafst sérstakt tilefni til þess í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Vestf. (SE), vildi ég aðeins gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Hv. þm. hefur ásamt fleirum flutt hér till. um það, að ríkisstj. verði gefin heimild til þess að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir Flugfélag Íslands eða annan aðila til flugvélakaupa. Það er rétt að upplýsa það, að í sumar og haust hefur starfað þriggja manna nefnd til þess að athuga, hvernig samgöngur við Vestfirði og aðra þá staði, sem sjóflugvélin hafði samband við, verði leystar. Í þessari nefnd átti sæti hv. 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, flugmálastjóri og Björn Pálsson flugmaður. Nefndin hefur skilað áliti sínu til ráðuneytisins, og hef ég haldið fundi með nefndinni ásamt forstjóra Flugfélags Íslands. Hefur verið kannað, á hvern hátt mætti mæta óskum þessara byggðarlaga, sem áður höfðu samgöngur með sjóflugvélinni. Forstjóri Flugfélags Íslands hefur látið þá skoðun í ljós, að Flugfélagið væri reiðubúið að kaupa flugvél, sem gæti veitt svipaða þjónustu og sjóflugvélin gerði. Á þeim fundi, sem ég átti með nefndinni og forstjóranum, var rætt um það, hvort Flugfélagið óskaði ekki eftir að fá ríkisábyrgð til þess að geta keypt þessa flugvél, og var að heyra á forstjóra félagsins, að þess gerðist ef til vill þörf. Óskar hann eftir að hugsa málið nánar, og ef hann teldi það nauðsynlegt, þá ætlar hann að skrifa ráðuneytinu um það nægilega fljótt til þess, að unnt væri að flytja tillögu um það í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Það dróst að fá þetta bréf, og talaði ég því við forstjóra Flugfélagsins, en hann taldi, að eftir að hann hefði haft fund með stjórn félagsins, þá hefði stjórnin og hann komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki þörf á ríkisábyrgð, Flugfélagið hefði möguleika til þess að kaupa flugvél sem þessa án ríkisábyrgðar. Það var þess vegna í samráði við hv. 1. þm. Vestf., að fallið var frá því að fara fram á ríkisábyrgð til handa Flugfélaginu. Ég tel nauðsynlegt, að þetta komi hér fram og hv. 4. þm. Vestf. sem og aðrir hv. þm. viti, að undir forustu hv. 1. þm. Vestf. hefur verið unnið að lausn þessara mála, sem hv. 4. þm. Vestf. talaði eðlilega nokkuð hér um, og undrar það mig ekki, þótt hann hefði áhuga á að leysa málið.

En það eru fleiri staðir en Vestfirðir, sem hér er um að ræða, t. d. Siglufjörður. Sjóflugvélin flaug nokkuð reglulega einnig til Siglufjarðar, en flugferðir til Siglufjarðar hafa fallið niður að mestu leyti síðan sjóflugvélin var tekin úr umferð.

Forstjóri Flugfélags Íslands hefur fallizt á að kaupa flugvél, sem gæti annazt flugferðir til þessara staða, sem hér er um að ræða, til Vestfjarða og fleiri staða, sem sjóflugvélin annaðist. En það er auðvitað rétt, sem um hefur verið rætt, að til þess að flugvél af stærð þeirri, sem Björn Pálsson notar, eða kannske litlu stærri, komi að notum, þarf að laga flugvelli á Vestfjörðum, Siglufirði og víðar, lengja flugbrautirnar lítils háttar frá því, sem þær eru nú, og nefndin, sem starfaði að þessu á s. l. sumri og í haust, hefur lagt á það ríka áherzlu og gert tillögur um það. Hv. 4. þm. Vestf. hefur ekki vitað um þetta, þess vegna flutti hann sína ræðu í því formi, sem hún var, og þess vegna er hún frá mínu sjónarmiði eðlileg. En eftir að hann hefur fengið þær upplýsingar, sem ég nú veiti, þá tel ég eðlilegt, að hann taki tillöguna um ríkisábyrgðina aftur, vegna þess að Flugfélagið, sem býðst til þess að veita þá þjónustu, sem sjóflugvélin áður gerði, hefur ekki talið ástæðu til að fá ríkisábyrgð.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Fjárlög þau, sem nú er verið að ræða, eru nokkuð mikið á annan milljarð króna og þau hæstu, sem nokkru sinni hafa komið til umr. á hv. Alþingi. Margur mundi nú ætla að framlög ríkisins til opinberra framkvæmda mundu nema allháum upphæðum og miklu hærri upphæðum en verið hefur að undanförnu. En hið sorglega er, að staðreyndin er þveröfug. Til nýbyggingar þjóðvega er ekki einungis, að þær fjárhæðir, sem til þeirra eru ætlaðar, séu lægri hlutfallslega, miðað við fjárlögin sjálf, heldur og einnig tölulega lægri en á yfirstandandi ári, og mundu fáir trúa því.

Það er undarlegt viðreisnarástand í landi voru, og það byggist á því að hækka skattana á þegnunum, en jafnframt að minnka þjónustuna við þegna þjóðfélagsins. Þetta blasir alls staðar við, og sá hluti fólksins í landinu, sem venjulega hlýtur nafnið alþýða, er einna harðast úti í þessum efnum. Það kann að vera forsvaranlegt að skattleggja þjóðina, ef það er gert til nytsamlegra hluta, en þegar það er gert vegna eyðslu, þá er það ekki forsvaranlegt, eins og á sér stað og hefur átt sér stað í mjög ríkum mæli hjá hæstv. núv. ríkisstj.

Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar brtt. við fjárlögin ásamt hv. 3. þm. Vesturl., og þessar brtt. eru á þskj. 248, IV. liður.

Fyrst er Hvalfjarðarvegur. Til þessa vegar eru ætlaðar samkv. fjárlagafrv. nú 250 þús. kr. Aðaltillaga okkar er, að veittar verði 750 þús. til þessa vegar og varatillaga 550 þús. Sem kunnugt er, þá er Hvalfjarðarleiðin ein af aðalsamgönguæðum landsins til Vestur-, Norður- og Austurlands, og það gefur að skilja, hversu mikla þýðingu það hefur á sumrum og vetrum, að þessi vegur sé hlutverki sínu vaxinn. En við teljum, þm. Vesturl., flm. þessarar till., að svo sé ekki, eins og nú er, og því beri að hafa hraðan á að bæta úr því, sem brýnast er í þeim efnum, og vænti ég þess, að hv. þm. samþykki till. þessa.

Þá er 2. till. frá okkur undir IV. lið varðandi Fróðárhreppsveg eða Búlandshöfða. Eins og kunnugt er, komst þessi vegur í akfært samband á yfirstandandi ári. En til þess að hægt væri að gera það átak, varð að stofna til mikilla skulda, og þær eru flestar til skamms tíma og því útilokað að komast frá þeim málum sómasamlega nema fá töluvert fjármagn til þess á fjárlögum. Þess vegna höfum við nú

flutt till. um, að Búlandshöfðavegurinn fái 500 þús. kr. að þessu sinni, en ef þm. finnst það of mikil rausn við þá samgöngubót, þá 300 þús. kr. til vara. Vegurinn má heita fullger, og hann tengir tvö mjög stór kauptún á Snæfellsnesi, þar sem annars vegar er Ólafsvík, en hins vegar Grafarnes. En skammt undan landi frá þessum kauptúnum eru hin aflasælustu fiskimið, sem eru til í landi voru. Það gefur því að skilja, að þessi samgöngubót milli þessara tveggja kauptúna er geysiþýðingarmikil, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, að á s. l. ári var brúaður fyrsti fjörður á Íslandi, Hraunfjörður, þ. e. brúin yfir Mjósund, sem bætir mikið úr samgöngubótum Grafarness eða Grundfirðinga við Stykkishólm og yfirleitt við umheiminn.

Þá vil ég örlítið minnast á það, að við vorum að hugsa um að flytja tillögu um fjárveitingu til Ólafsvíkurennis, en gerum það ekki, vegna þess að það eru líkur til, að það verði byrjað að vinna í þeim vegi nú á næsta ári, þótt ekki verði hækkaðar fjárveitingar til þess vegar. Þarna er um allmikla samgöngubót að ræða milli Hellissands annars vegar og Ólafsvíkur hins vegar, og tekur mörg ár að gera þann veg, þar sem við þetta er nokkurra milljóna króna kostnaður. En þegar sá vegur kemst á, er búið að leysa samgöngumálin á Snæfellsnesi á nokkuð viðunandi hátt og tengja saman þessi sjávarkauptún þar, sem hvert um sig liggur mjög nærri góðum fiskimiðum. Á s. l. ári mun aflamagnið, sem hefur borizt á land á Snæfellsnesi hjá fjórum sjávarkauptúnum þar, nema sem næst 120 millj. kr. að útflutningsverðmæti. Ég ætla því, að hv. þm. sé nokkuð ljóst, að á Snæfellsnesi er verið að ráðast í framkvæmdir á sjó og landi fyrir þá aðila, sem eru fullkomlega þess verðir, sem til þeirra er lagt. En betur þarf að gera við þessa staði og endurbæta aðstöðu þeirra til þess að nýta sjávaraflann umfram það, sem þeir hafa möguleika til nú.

Þá flytjum við einnig till., sem er 4. undirliður undir rómv. IV á þskj. 248, það er Heydalsvegur. Við leggjum til, að fjárveitingin til Heydalsvegar sé 650 þús. — og varatillaga 450 þús. En sem kunnugt er, þá er Heydalur snjóléttasta leiðin á milli Breiðafjarðar annars vegar og Faxaflóa hins vegar. Þeir fjallvegir, sem nú eru lagðir yfir þann fjallgarð, sem er þarna á milli, eru allir mun hærri en Heydalur, hann er þeirra lægstur og er hæstur 180 m yfir sjávarmál. Það gefur því auga leið, að þegar sá vegur kemst á, þá losnar ríkissjóður við gífurlega mikil útgjöld í snjómokstri, sem hann hefur orðið að inna af hendi oft og mörgum sinnum á undanförnum árum, og það er því stórsparnaður að geta hraðað þessari vegalagningu allmikið frá því, sem verið hefur.

Þá er það 3. till., Vesturlandsvegur, Gilsfjarðarvegur. Sem kunnugt er, liggur vegur þessi í fjöruborðinu, og eru vegfarendur því háðir því, hvernig stendur á sjó, þegar leið þeirra liggur þarna um. Á s. l. sumri var gert stórt átak til að reyna að bæta úr í þessum efnum. Það var undirbyggður vegurinn á svokallaðri Holtahlíð, inn undir Ólafsdal. En það á eftir að setja nokkur ræsi og bera ofan í þennan veg, og er sá kostnaður talinn munu nema 375 þús. kr., en til þess að hægt væri að undirbyggja veginn á s. l. sumri, var stofnað til töluverðra skulda, og sú fjárveiting, sem nú stendur í fjárlagafrv., hrekkur engan veginn til að greiða þær skuldir, sem á þessum vegi hvíla. Þess vegna höfum við lagt til, að fjárveitingar þessar yrðu hækkaðar úr 225 þús. kr. í 725 þús. kr. — og til vara 525 þús. Ef þessi fjárveiting fæst nú, þá eru líkur til þess, að hægt verði á næsta sumri að ljúka við þennan veg, en Vestfirðingum hefur fundizt þetta vera mjög þýðingarmikil samgöngubót fyrir þá, þar sem þeirra leiðir liggja oftast nær og a. m. k. yfir sumarmánuðina allmikið suður á bóginn, og Austur-Barðstrendingar hafa lagt alveg sérstakt kapp á það, að þessi vegur, þar sem Gilsfjörður er verstur, komist á hið allra fyrsta, og hafa þeir sjálfir lagt töluvert af mörkum á þessu ári, til þess að svo mætti verða. Það er því mjög slæmt að geta ekki komið á móts við þá áhugamenn nú og fulllokið þessu verki á næsta sumri. En ef þessi till. okkar verður ekki samþ., eru litlar líkur til þess, að svo verði. Umferð til Vestfjarða hefur vaxið mjög ört hin síðari ár, ekki sízt eftir að hin nýja leið til Ísafjarðarkaupstaðar og Ísafjarðarsýslna opnaðist nú fyrir skömmu, og það var mjög réttilega mælt hjá hv. þingmanni, varaþm. Sjálfstfl., Sigurði Bjarnasyni, þegar hann sagði um Gilsfjörðinn, að það yrði að vinda bráðan bug að því að tryggja aðalsamgönguæðina til Vestfjarða hið allra fyrsta. Og ég vænti þess, að a. m. k. hv. þingmenn Vestfirðinga sýni þessu máli svo mikinn skilning, að tillagan nái fram að ganga, því að það er ekki svo lítið, sem Vestfirðingar eiga undir þessari samgöngubót komið.

Ég er sannfærður um það, að þingmenn skilja þýðingu þess, hve öruggt samgöngukerfi er þjóðinni nauðsynlegt og hve þessir vegir eru þýðingarmiklir eins og Hvalfjarðarvegur, Búlandshöfðavegur, Heydalsvegur og góður vegur í Gilsfirði, og ég vænti þess, að þeir sýni skilning á þessum málum. Þetta eru svo almennar tillögur, að það þyrfti enginn þeirra að skammast sín fyrir það að ljá þeim atkvæði sitt hér á hv. Alþingi, og mundu þeir verða meiri menn eftir en áður.

Þá er það I. till. á þskj. 248, sem við höfum flutt, hv. 3. þm. Vesturl. ásamt mér, og er hún um löggæzlu í Ólafsvík yfir vetrarvertíðina. Nú kann það að vera, að Ólafsvíkurbúum sé ætluð fjárhæð í 11. gr. fjárlaga, þar sem stendur: annar lögreglukostnaður. En það er okkur ekki kunnugt um. Og ef svo er, að Ólafsvík sé ætlað fjármagn af þeirri upphæð, þá vænti ég þess, að hv. formaður fjvn. og frsm. eða hæstv. fjmrh. eða dómsmálaráðherra geti upplýst það mál hér, og er þá tillaga sú. sem við flytjum, óþörf, og mundum við þá taka hana til baka. En að öðrum kosti vænti ég þess, að þingmenn ljái henni atkvæði sitt.

Það er að sjálfsögðu margt annað, sem mætti ræða við þessa fjárlagaafgreiðslu, en það ætla ég ekki að gera, vegna þess að það hefur verið gert mjög vel af mörgum mínum samflokksmönnum, og get ég því látið staðar numið. En

ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á 18. gr. fjárlaga, vegna þess að mér finnst, eftir því sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. upplýsti hér í dag, að það sé meira og meira brugðið út af því prinsipi, sem sú fjárlagagrein byggðist upphaflega á, og ég tel, að það sé nauðsynlegt, ekki af því, að ég telji neitt eftir, sem þarna er greitt, heldur hitt, að nauðsynlegt sé vegna annarra aðila í þjóðfélaginu, sem hafa ekki möguleika á að fá neitt af 18. gr., að þessi grein verði endurskoðuð með hliðsjón af því, sem aðrir sambærilegir þegnar í landinu fá frá Tryggingastofnun ríkisins og öðrum lífeyrissjóðum. Ef réttlæti á að ríkja hjá Tryggingastofnun ríkisins, tel ég brýna nauðsyn, að þetta mál sé endurskoðað í samráði við hana og þess gætt, að mikils misræmis gæti ekki í þeim efnum hjá þeim, sem á annað borð nauðsynlega þurfa á fjárhagslegri stoð ríkisins að halda.

Ég vænti svo þess, að hv. þingmenn ljái tillögum okkar atkvæði sitt og að við getum að þessu sinni stutt að aðalsamgöngukerfinu í Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi á myndarlegan hátt og miklu myndarlegri hátt en við höfum haft tækifæri til áður.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða neitt almennt um fjárlögin. Ég átti kost á því við 1. umr., og viðhorfið hefur ekki breytzt. Sé ég því ekki ástæðu til að bæta við það, sem ég sagði þá um fjárlögin.

Það var til þess að mæla fyrir nokkrum brtt., sem ég flyt ásamt þremur öðrum þingmönnum af Austurlandi, að ég kvaddi mér hljóðs.

Það er þá fyrst, að á þskj. 243 flytur fjvn. till. um heimild á 22. gr. til að ábyrgjast lán að upphæð allt að 35 millj. kr. til byggingar og endurbóta síldarverksmiðja og síldarumhleðslustöðva á Austurlandi, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, hjá öðrum aðilum en ríkisfyrirtækjum. Við leyfum okkur að flytja till. um, að þessi heimild verði hækkuð í 45 millj. kr., og rök okkar eru þau, sem nú skal greina í örfáum orðum.

Síldargengd hefur sífellt farið vaxandi nú við Austurland, og s. l. sumar hefði síldveiðiflotinn tvímælalaust getað veitt mörg hundruð þúsund málum meira, ef sæmileg skilyrði hefðu verið á Austurlandi til þess að taka á móti bræðslusíld. Þetta hefur valdið mönnum þungum áhyggjum, hversu erfitt er að taka þar á móti bræðslusíldinni, bæði þeim, sem byggja þessi byggðarlög, og ekkert síður þeim, sem starfa á síldveiðiflotanum. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það tjón, sem af því leiðir, þegar flotinn verður annaðhvort að sækja með hleðslu sólarhringssiglingu eða liggja dögum saman og bíða. Sjá allir, hvílík gífurleg verðmæti fara þá til spillis og hversu háskalegt ástand það er þjóðarbúinu, að þannig standi ár eftir ár. Segja má, að síldin sé hrekkjótt og færi sig mikið til og því vont við þessu að gera til fullnustu. En þess ber að gæta, að ef síldarsaga landsins er skoðuð og litið yfir langt tímabil, kemur í ljós, að sumarsíldveiði hefur verið fyrir Norðurlandi og Austurlandi, þessu landssvæði öllu saman. Þess vegna er tvímælalaust rétt stefna að hafa viðbúnað til að taka á móti síld til bræðslu og söltunar á öllu þessu svæði. Þetta má telja nú orðið eitt veiðisvæði, allt þetta svæði. Það hefur komið í ljós, að stórfellt tjón leiðir af því, hversu illa er búið í haginn fyrir síldarmóttöku á suðurhluta þessa stóra veiðisvæðis fyrir Norður- og Austurlandi. Svo koma aftur síldarmál Suðvesturlandsins sér á parti og verða ekki rædd af mér í sambandi við þessa tillögu.

Dálítið hefur verið bætt úr þessu fyrir Austurlandi á undanförnum árum, en reynslan sýnir glöggt, að það er aðeins lítið af því, sem þarf að gera. Nú hafa menn mikinn gaum gefið þessum málum í sumar og haust á nýjan leik, bæði síldarverksmiðjustjórn ríkisins, sem íhugað hefur þau gaumgæfilega og margt skoðað í því sambandi, og einnig austfirzkir menn, sem hafa af vanefnum að sjálfsögðu reynt að koma sér upp nokkrum verksmiðjum á undanförnum árum með stuðningi ríkisvaldsins.

Það er skemmst af að segja, að síldarverksmiðjustjórn ríkisins hefur lagt til við hæstv. ríkisstj. nú í haust, að byggðar yrðu tvær síldarmóttökustöðvar á Austurlandi á vegum síldarverksmiðja ríkisins, önnur á Vestdalseyri við Seyðisfjörð og hin á Mjóeyri við Eskifjörð. En uppástungur eru gerðar um tvær vegna þess, að síldarverksmiðjustjórninni fannst þýðingarmikið að hafa aðra þessa stöð fyrir sunnan Gerpi. Þar er röst mikil og erfitt um siglingar, en veiðisvæði oft gott. Þótti því síldarverksmiðjustjórninni hyggilegt, að þessar stöðvar yrðu tvær, önnur á Seyðisfirði og hin fyrir sunnan Gerpi. Varð þá Mjóeyri við Eskifjörð fyrir valinu að dómi sérfróðra manna, sem skoðuðu þá staði, sem gátu komið til greina.

Hugsunin er, að þessum stöðvum verði komið upp, þ. e. a. s. bryggjum, síldarþróm, sem eru tankar, og löndunartækjum góðum og umhleðslutækjum, en síldin verði fyrst um sinn flutt í síldarverksmiðjur ríkisins, sem til eru fyrir Norðurlandi. Er þá hugsunin að reyna að nota vélakost þann, sem þar er til, til þess að vinna nokkuð af þeirri síld, sem veiðist fyrir Austurlandi.

Þessum framkvæmdum eru svo vandlega valdir staðir, sem eru sérlega heppilegir til þess, að þar komi síldarverksmiðjur. Er þá að sjálfsögðu útkoman sú, að ef síldin heldur áfram að veiðast verulega fyrir Austurlandi, sem við vonum, þá verði síðar byggðar verksmiðjur á þessum stöðum. En með þessu móti ætti að vera hægt að greiða talsvert fyrir síldveiðiflotanum án þess að leggja í að byggja nýjar verksmiðjur á vegum síldarverksmiðja ríkisins að svo stöddu.

En nýjar verksmiðjur eru nokkuð dýrar nú orðið. Til marks um það má segja, að 2500 mála verksmiðja, sem væri byggð alveg að nýju, án þess að þar væri nokkuð við að styðjast fyrir, með bryggjum að sjálfsögðu og öllum nauðsynlegum útbúnaði, mundi líklega kosta rúmar 40 millj. kr. En þessar framkvæmdir, sem síldarverksmiðjustjórnin hefur gert tillögur um til hæstv. ríkisstj., eru áætlaðar 21 millj., eða sem svarar hálfum stofnkostnaði við að reisa eina 2500 mála verksmiðju alveg að nýju.

En það er trú þeirra, sem sitja í síldarverksmiðjustjórn ríkisins, og þeirra ráðunauta, sem hún styður álit sitt við, að með þessu mundi mega bjarga geysilega miklum verðmætum, samanborið við stofnkostnaðinn, og mætti bjarga miklu meiri verðmætum á þennan hátt en með því að verja tilsvarandi fjárhæð í nýbyggingu á verksmiðjum.

Mér virðist þessi lausn mjög hyggileg og æskileg, og ég held, að flestum sýnist svo, sem þetta mál hafa skoðað.

Ég segi frá þessu hér vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt til, að heimilt sé að ábyrgjast 35 millj. kr. lán til þess að koma upp nýjum verksmiðjum og endurbæta þær, sem fyrir eru, og löndunarstöðvum, og er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að það, sem ríkisstj. fellst á að gera á vegum síldarverksmiðja ríkisins, verði innifalið í þessari fjárhæð. En tillögur síldarverksmiðjustjórnar eru upp á 21 millj.

Þá er þannig ástatt á Austurlandi, að þar eru tveir staðir, sem allvel eru fallnir til síldarsöltunar, en þar sem engin leið er að losna við svo mikið sem úrgang af síldarplönum, hvað þá meira, því að á þessum stöðum er ekki einu sinni aðstaða til að vinna fiskúrgang, hvað þá síldarúrgang eða síld. Þessir staðir eru Reyðarfjörður og Bakkafjörður. Á öðrum þessara staða, Reyðarfirði, hefur verið rekin síldarsöltunarstöð með erfiðleikum, vegna þess að ekki hefur verið hægt að losna við úrganginn. Fjölgar síldarsöltunarstöðvum þar og á að fjölga, ef allt gengur rétta leið, og það þegar á næsta sumri, svo framarlega sem hægt er að leysa þetta vandamál með úrganginn af plönunum og helzt taka við einhverjum slöttum úr söltunarskipum. Söltun hefur ekki verið á Bakkafirði um sinn, en sá fjörður liggur sérlega vel við, og var verið að enda við í sumar að gera það hafnarmannvirki, sem gerir þar söltun sjálfsagða, ef hægt er að gera verðmæti úr síldarúrganginum og losna við smáslatta.

Allir, sem nokkuð hafa komið nálægt sjávarútvegi, vita, að það er óhugsandi að reka útgerð nú á dögum, nema hægt sé að gera verðmæti úr beinunum og öðrum úrgangi úr fiskinum. Það er því lífsspursmál fyrir þessa staði að koma sér upp litlum fiskimjölsverksmiðjum, sem jafnframt gætu brætt nokkuð af síld. Þetta kostar talsvert, og að sjálfsögðu mundi ábyrgð til að greiða fyrir þessum stöðum rúmast í þeirri till., sem hv. fjvn. leggur til, því að gert er ráð fyrir nýbyggingum í því sambandi. En ég held, að varla sé hægt að gera ráð fyrir því, hversu smátt sem í þetta er farið, að það þurfi minna en 8—9 millj. kr. ábyrgð fyrir báða þessa staði samanlagt, þó að þeir legðu fram nokkuð heima fyrir, eins og vant er, þegar svona stendur á.

Loks er svo þess að geta, að á Austurlandi eru þrjár verksmiðjur, Vopnafjarðarverksmiðjan, Neskaupstaðarverksmiðjan og Seyðisfjarðarverksmiðjan. Þær eru nú orðnar nokkurra ára gamlar, en byggðar upphaflega af vanefnum, hafa þó verið endurbættar nokkuð, en alls ekki nægilega, þannig að þær ná engan veginn þeim vinnsluafköstum, sem þær gætu náð, ef allur búnaður og vélakostur væri þar í réttum hlutföllum og sem tryggilegast frá öllu gengið. Það er því alveg lífsnauðsyn að kosta talsvert upp á þessar verksmiðjur, til þess að þær geti aukið afköst sín og orðið að fullu liði fyrir síldveiðiflotann, því að það er náttúrlega fyrst og fremst málefni þeirra, sem stunda síldveiðarnar, að geta losnað við það, sem þeir veiða, og ég vil segja þjóðarinnar allrar, því að skammt mundum við komast, ef síldartekjurnar vantaði í þjóðarbúið.

Ég vil skjóta því hér inn í í þessu sambandi, að ég er fyrir mitt leyti sannfærður um og hef þráfaldlega látið það í ljós á undanförnum árum, að með aukinni tækni við að finna síldina, hvar hún heldur sig, og með aukinni veiðitækni, sem batnar með risaskrefum, þá er ég alveg sannfærður um, að skammt er undan, að síldveiðin verði ein öruggasta búgrein Íslendinga.

Ég hef á undanförnum árum notað hvert tækifæri, sem ég hef fengið, til að koma þessari skoðun minni á framfæri, því að ég er sannfærður um þetta. Það kemur óðfluga að því, að menn geta vitað alveg, hvar síldin er í höfunum hér í kring, síldarmagnið virðist mjög mikið, og þegar svo er komið og hægt er orðið þar til viðbótar að veiða síldina í álíka sjóveðri og hægt er að vera með línu og net, verður síldveiðin ein öruggasta búgreinin. Nú er alveg komið að því, að hægt sé að stunda síldveiðar með herpinót frá skipinu sjálfu, með bezta útbúnaði, í álíka löku sjóveðri og net og línu. Þetta er orðin bylting.

Ég verð að leggja áherzlu á, að það vantar talsvert mikið á, að þessar þrjár verksmiðjur eystra séu þannig útbúnar, að þær geti komið að fullu gagni. Og það er enginn vafi á því, að það er einhver bezta fjárfesting, sem hægt er að gera, að leggja fé í að endurbæta þær, og með því nýtist líka margfalt betur það fjármagn, sem búið er að leggja í þær.

Nú þori ég ekki að nefna nákvæmar tölur í þessu sambandi, hvað þarf að ábyrgjast mikið fé til að koma þessu sæmilega fyrir. Þessar verksmiðjur geta talsvert lagt fram sjálfar, því að afkoma þeirra s. l. sumar var nokkuð góð. En ástæðan til, að ég á dálítið erfitt með að nefna nákvæmar tölur, er sú, að forráðamenn einnar af þessum verksmiðjum, þ. e. a. s. Seyðisfjarðarverksmiðjunnar, hafa svo nýlega komið með sínar áætlanir til hæstv. ríkisstj. og þingmanna af Austurlandi.

Ég legg ekki út í að nefna í þessu sambandi nákvæma tölu. En við, sem flytjum þessa till., teljum nauðsynlegt að hækka ábyrgðarheimildina, sem hér liggur fyrir, úr 35 í 45 millj. Okkur sýnist augljóst af því, sem fyrir liggur, að 35 millj. muni ekki nægja til að koma í framkvæmd því bráðnauðsynlegasta af því, sem þarna liggur fyrir, þegar þetta er tekið saman: framkvæmdir síldarverksmiðja ríkisins, framkvæmdir á þessum tveimur stöðum, sem enga aðstöðu hafa núna, hvorki til að vinna úrgang úr fiski né síld, og einnig endurbæturnar á þessum þremur verksmiðjum, sem fyrir eru, og loks að byggja upp á nýjan leik litla verksmiðju, sem brann á Fáskrúðsfirði s. l. sumar og lífsnauðsyn er að koma aftur af stað, eins

og gefur að skilja, þar sem það er bæði beinamjölsverksmiðja og síldarverksmiðja og hin eina á þeim stað. Atvinnulíf þess staðar yrði slegið algeru rothöggi, ef hún kæmist ekki upp á nýjan leik, enda þykist ég viss um, að það verði greitt fyrir því samkvæmt þeim undirtektum, sem það mál þegar hefur hlotið.

En þegar þetta er tekið saman, þá sýnist okkur brýna nauðsyn bera til, að hæstv. ríkisstj. fái ríflegri heimild en þá, sem til er greind, og mundi það þá að sjálfsögðu vera á hennar valdi, hvernig ábyrgðirnar yrðu veittar, eins og venja er til.

Það kann að vera, að fljótt á litið sýnist einhverjum 45 millj. vera há tala í þessu sambandi. En sé svo, vil ég biðja menn að athuga, að svo er ekki. Það er byggt á misskilningi, ef mönnum kynni að detta það í hug, því að 45 millj. eru ekki nema rétt ríflega stofnkostnaðarverð einnar 2500 mála verksmiðju. Ég er sannfærður um, að ef þessar framkvæmdir kæmust upp, yrðu margföld not af þeim fyrir flotann á við það að leggja t. d. alla fúlguna í eina 2500 mála verksmiðju, að ég nú ekki tali um fyrir öll þau byggðarlög, sem þarna eiga hlut að máli.

Ef þetta kæmist í framkvæmd, sem kostar ekki meira en þetta, væri t. d. stórlega endurbætt söltunaraðstaða á öllu svæðinu frá Langanesi og suður undir Stöðvarfjörð. En það er vitaskuld alveg lífsnauðsyn, að á þessu svæði stórbatni söltunaraðstaða frá því, sem hún hefur verið, vegna þess, hvernig síldin hefur lagzt. Sjá allir, hvernig færi, ef síldin t. d. legðist enn meira austur og sunnar en hún hefur gert, hvernig það færi með að notfæra sér síldina í salt, ef ekki batnaði aðstaðan frá því, sem nú er. Hér eru því ekki aðeins tvær flugur slegnar í einu höggi, ef svo mætti segja, heldur margar.

Ég er alveg sannfærður um, að þetta yrðu mjög hyggilegar framkvæmdir fyrir þjóðarbúið, enda sé ég, að þeir, sem ráða fyrir í fjvn., munu vera á sömu skoðun, þó að þeirra fjárhæð sé lægri en sú, sem við stingum upp á. Við teljum nefnilega mjög þýðingarmikið, að ekkert af þessu, sem ég hef talað um, verði útundan.

Ég vil leggja mikla áherzlu á, að hér er ekki um neinn glannaskap að ræða. T. d. eru tillögur síldarverksmiðja ríkisins beinlínis og hreinlega miðaðar við að geta notað sem bezt þau verðmæti, sem fyrir eru í vélum og öðrum útbúnaði fyrir norðan, þó að síldin hafi lagzt austur.

Sumum mundi kannske finnast, að ástæða væri til að leggja meiri áherzlu á að byggja stórar síldarverksmiðjur fyrir austan, þar sem síldin hefur lagzt á þessa lund. En ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef alveg hiklaust tekið þátt í að leggja til, að þrátt fyrir það verði ekki að svo vöxnu ráðizt í að byggja stórar síldarverksmiðjur fyrir austan, heldur áherzla lögð á að byggja nú löndunarstöðvarnar til að geta notað verksmiðjurnar fyrir norðan og sjá betur, hverju fram vindur í þessum málum. En þá er náttúrlega jafnhliða lífsnauðsyn að gera þær verksmiðjur eystra, sem fyrir eru, sem bezt úr garði, svo að þær nýtist til fulls.

Ég vona, að þessar tillögur hljóti hylli manna hér á hv. Alþingi.

Þá eru það nokkur orð um tillögur okkar félaga á þskj. 252. Það er fyrst um vegina. Okkur sýnist lífsnauðsyn að hækka nokkuð framlög til veganna, því eins og horfir með kostnaðinn, eru fjárveitingarnar að verða að engu svo að segja og þetta spólar sig niður. Það er fyrst uppástunga um að taka upp Hjaltastaðaveg og Hróarstunguveg austan Lagarfljóts. Þessir vegir eru báðir hliðarvegir, sem liggja inn á Úthéraðsveginn í Hjaltastaðaþinghá. Hjaltastaðavegurinn er skröltfær sumarvegur, og vantar lítið til, að hann megi teljast það allur. En til hans hefur ekki verið veitt fé síðan 1959. Nú er stungið upp á aðeins 50 þús. kr. til að reyna að laga verstu ágallana á þessari leið, þannig að hægt væri að skrölta að sumrinu til. Hróarstunguvegurinn austan Lagarfljóts er í byggingu. Hann fékk dálitla fjárveitingu 1960, en síðan ekkert. En það er alveg óhjákvæmilegt að halda áfram lagningu þessa vegar. Báðir vegirnir hafa mjög mikla þýðingu fyrir þessi byggðarlög vegna mjólkurflutninga til mjólkurbúsins á Egilsstöðum.

Þá er Jökuldalsvegur eystri. Við stingum upp á, að í hann verði veittar 100 þús. kr. Allmörg undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma austurbyggðinni á Út-Jökuldalnum í vegasamband. Nú er ráðgert að fella fjárveitingu niður til þessa vegar, og teljum við alveg óafsakanlegt að fella þessa fjárveitingu niður, eins og þessi mál standa, og leggjum því til, að í þennan veg verði veittar 100 þús. kr.

Þá er næst Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi. Um æðimörg ár hefur verið veitt nokkurt fé á hverju ári til að leggja þennan veg, sem liggur út frá kaupstaðnum Eskifirði út eftir hreppi, sem Helgustaðahreppur heitir, og áleiðis út í vík í þeim hreppi, sem Vaðlavík heitir. Þessi vegur er afar ófullkominn enn sem komið er á stórum köflum, lítt fær vegna lækja líka og annarra torfæra, sem bólgna upp á vetrum. Nú er hugsun þeirra, sem ráða í fjvn., að strika fjárveitingu til þessa vegar algerlega út. En við viljum ekki láta því ómótmælt og leggjum því til, að 100 þús. kr. verði veittar til þessa vegar. Á þessum vegi er líka heiði nokkur, sem þarf að fara út í Vaðlavíkina. Í víkinni eru fimm bæir og ástandið á heiðinni í vegamálum er hræðilegt. Má segja, að þessir fimm bæir hafi tæpast byggðasamband yfir sumarið.

Þá er vegur, sem Vattarnesvegur heitir. Sá var síður en svo um sinn að veita til þessa vegar smáfjárhæð. Þetta er útvegur, ef svo mætti segja, eða afleggjari frá Fáskrúðsfjarðarvegi, sem liggur frá Reyðarfirði til Búðakauptúns í Fáskrúðsfirði. En þessi vegur liggur út á nes, er Vattarnes heitir, við Reyðarfjörð. Á þessu nesi er fiskipláss gott, nokkrir bæir og útvegur nokkur, en vegasamband með öllu óforsvaranlegt, og leggjum við því til, að áfram verði haldið að veita nokkurt fé í þessu skyni, 50 þús. kr.

Þá kemur næst till. okkar um að hækka framlag í Stöðvarfjarðarveg úr 410 þús. kr. í 700 þús. kr. En þannig er ástatt um þennan veg, að þó að hann heiti Stöðvarfjarðarvegur, er þetta hluti af samfelldum vegi, sem liggur frá

Fagradalsbraut í Reyðarfirði, en sú braut er aftur tengd aðalveginum norður og vestur um land. Þessi vegur liggur frá Reyðarfirði af Fagradalsbrautinni, út með Reyðarfirðinum að sunnan, yfir svokallað Staðarskarð til Búða í Fáskrúðsfirði, og þaðan um suðurströnd Fáskrúðsfjarðar til Stöðvarfjarðar, inn fyrir Stöðvarfjörðinn og áfram um svokallaðar Hvalnesskriður og Kyrruvíkurskriður til Breiðdals, síðan áfram suður með ströndinni, svo langt sem vegasamband nær, suður að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Hefur lengi verið unnið að því að þoka þessum vegi þarna fram með fjörðunum. Það hefur verið geysimikið átak og gengið afar hægt. En eins og gengur, var svo komið að lokum, að ekki var eftir alveg ófært nema nokkurt haft á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Var verið í sumar að ryðja veg þarna í skriðunum og koma sambandi á með fjörðunum. Þetta opnar sem sé samband þarna með öllum Austfjörðunum, og í raun og veru opnar þetta vetrarleið. Ég bið menn að taka eftir því, að þetta opnar vetrarleið með fjörðunum. Þetta er stórfellt mál og breytir allri afstöðunni mjög.

Það er búið að ryðja þarna, en þá er eftir enn stórfelldur kostnaður við að bera ofan í. Þetta er afar mikil vegagerð utan í snarbröttum skriðum, þar sem menn fyrir ýtutímann héldu, að alls ekki gæti orðið nokkurn tíma lagður bílvegur. Það er eins með Njarðvíkurskriður eystra og ýmsar skriður fyrir vestan o. s. frv., sem menn héldu að ekki væri hægt að vegleggja. Það var ekki fært nema huguðustu mönnum að fara þarna um á hesti, án þess að fara af baki sums staðar. Nú er sem sagt búið að ryðja þarna, en eftir að setja á þetta smiðshöggið. Annað er ekki minna um vert, og það er, að þó að hægt verði nú að koma ofaníburði í þetta, þá eru stórir kaflar á leiðinni frá Fáskrúðsfirði til Breiðdalsvíkur með öllu ólagðir, hreinn og beinn ósæmilegur ruðningur, sem skrönglazt er eftir á þessari leið. Yfir þá kafla hefur verið hlaupið til að komast alla leið. Þarna eru því geysileg verkefni ónunnin. Auk þess er búið að taka lán fyrir fram út á fjárveitingar í þennan veg til að reyna að tengja saman. Við leggjum til, að fjárveitingin verði hækkuð um 290 þús. kr.

Þá koma næst Breiðdalsvegir í Breiðdalssveitinni. En Breiðdalur er þannig gerður, að hann greinist í tvo dali og í honum eru þrjár þjóðleiðir: Ein inn í Norðurdal, sem kallaður er. Önnur, sem er hluti af aðalleiðinni og kölluð Austurlandsvegur, sem liggur upp um Breiðdalsheiði til Fljótsdalshéraðs og þaðan norður í land. Það er einn þjóðvegurinn í Breiðdal enn, í svokölluðum Suðurdal, þ. e. a. s. fyrir sunnan Breiðdalsána. Þar er þjóðvegur inn með bæjaröðinni. Þarna vantar mikið á, að vegir séu komnir í nokkuð sæmilegt horf, en fjárveiting aðeins 100 þús. kr., — var lækkuð fyrir tveimur árum úr 150 þús. kr. niður í 100 þús. kr. Nú leggjum við til, að hún verði lagfærð á nýjan leik og sett í 150 þús. kr., eins og hún var fyrir tveimur árum.

Þá koma næst tvær tillögur, sem ég ætla að leyfa mér að mæla fyrir í einu lagi. Það er Berufjarðarvegur, að framlag til hans hækki úr 180 þús. í 350 þús., og Geithellnavegur, að framlag í hann hækki úr 180 einnig í 350 þús. En þannig er ástatt um þessa vegi, að þeir eru báðir hluti af aðalleiðinni umhverfis landið. Þegar komið er að norðan austur á Fljótsdalshérað að Egilsstöðum, þá er farið inn Skriðdal, síðan yfir Breiðdalsheiði og niður í Breiðdal. Þá tekur Berufjarðarströndin við og farið inn fyrir Berufjörðinn, það er þessi Berufjarðarvegur, sem því er hluti af aðalþjóðleiðinni umhverfis landið. Síðan er farið yfir Búlandið, sem kallað er, þar sem Djúpivogur skerst í, þá inn fyrir Hamarsfjörð, suður í Álftafjörð og inn fyrir hann, og er sá vegur kallaður Geithellnavegur, unz komið er suður á Lónsheiði. Á þessu sjá menn, að þessir vegakaflar eru hlutar af aðalþjóðleiðinni í kringum landið og jafnframt af aðalleiðinni með sjó um Austfirðina, sem fyrr var lýst. Segja verður hverja sögu, eins og hún gengur. Þessir vegakaflar eru einhverjir lélegustu kaflarnir á allri þjóðleiðinni umhverfis landið, aðalleiðinni. Hefur oft verið á þetta bent hér á Alþingi, en mjög hægt gengið með fjárveitingar, eins og verða vill, þar sem í mörg horn er að líta. En nú er það beiðni okkar til þm., að þeir vildu styðja okkur í að hækka nokkuð fjárveitingar í þessa vegakafla, þar sem óðum dregur nú að því, að þjóðleiðin í kringum landið annars staðar komist í gott horf. Þykir okkur hart við það að búa, að ekki verði aukinn skriðurinn á lagningu þessara vega.

Í þessu sambandi vil ég skjóta hér inn, get ekki stillt mig um það, enda verður það einhvers staðar fram að koma, að sú óhæfa hefur verið drýgð núna í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, að jafnframt því, sem fé af benzínskatti hækkar um 400 þús. kr., er framlag til Austfjarðavega af benzínskatti látið standa óbreytt. Ekki ein króna af viðbótinni er veitt á Austurland. Hika ég þó ekki við að fullyrða, að á Austurlandi og Vesturlandi er mest þörf fyrir aukið vegafé. Ég þykist þekkja það vel til um landið, að mér sé óhætt að fullyrða þetta. En sú óhæfa hefur samt sem áður verið drýgð nú af þingmeirihlutanum, að ekki ein króna af aukningunni á benzínfénu hefur verið veitt til vega á Austurlandi. Hefði þó sannarlega ekki verið úr vegi, að eitthvað af aukningunni hefði komið á þann hluta aðalleiðarinnar umhverfis landið, sem liggur um þessar slóðir, sem ég hef verið að lýsa, og þar sem ástandið er eins og ég hef mjög lauslega greint frá.

Þá kem ég að næstu till., sem er um að hækka nokkuð framlag í vegina í Öræfunum. Ég veit ekki, hversu margir hv. þm. hafa komið í Öræfin eða eru kunnugir þar. En því fer alls fjarri, að vegir þar séu komnir í það horf, sem þarf að vera. Óuppbyggðir vegir eru þar á löngum köflum, en mjög nauðsynlegt að ganga einmitt sérstaklega vel frá vegum í Öræfunum, vegna þess að þar er vatnagangur furðulega mikill. Það hafa aðeins 80 þús. kr. verið ætlaðar í þessu skyni á fjárlagafrv., og förum við fram á, að það verði hækkað í 150 þús. kr. Ég er alveg sannfærður um, að ef hv. þm. væru kunnugir staðháttum, mundu þeir ekki sjá eftir því að veita þessa fjárhæð til að laga vegina í þessari sveit.

Ef einhverjum skyldi detta í hug, að hér væri farið fram á háar fjárveitingar yfir höfuð, þegar menn hlýða á þetta mál og mál annarra þm., sem hafa talað hér fyrir hækkunartill. sínum í vegamálum og brúamálum og öðru slíku, þá er mönnum hollt að hugleiða, að þó að allar þær tillögur væru samþykktar, sem fyrir liggja, hver ein og einasta, mundu fjárveitingar til vega ekki verða jafnmiklar raunverulega, miðað við framkvæmdir, og þær voru fyrir aðeins tveimur til þremur árum. Þó að hver einasta till. væri samþykkt, sem hefur verið lögð fram um þessi efni, hver ein og einasta, mundu ekki jafnmiklar framkvæmdir ráðgerðar og unnar voru fyrir þremur árum, 1958.

Þá kem ég að tillögum um brúamál.

Það er fyrst till. um að hækka fjárveitingu til brúargerðar á Fögruhlíðará. Þannig háttar, að þessi á, Fögruhlíðará, rennur út eftir Jökulsárhlíðinni, hliðstætt við Jökulsá, eftir að dregur nálægt sjónum. Þjóðvegur liggur svo út eftir hlíðinni, en á þessi, Fögruhlíðaráin, hindrar torfærulausar samgöngur fjallabyggðarinnar inn á aðalþjóðveginn. En þá leið þarf að fara, ekki aðeins til aðdrátta og ferðalaga, heldur líka til að flytja afurðir. Úr þessu er hægt að bæta með tvennu móti: Annaðhvort að leggja veg frá yztu bæjum fyrir vestan Fögruhlíðarána inn á þjóðveginn við bæinn Fögruhlíð eða með því að byggja tvær brýr yfir ána og koma þannig fjallabyggðinni í vegasamband. Nú stendur svo sérstaklega á, að það er hægt að fá þarna ódýrt efni til vegagerðarinnar vegna þeirra stóru framkvæmda, sem ekki alls fyrir löngu voru við Lagarfljót. Mundi því vera hægt að koma þessum brúm upp sérlega ódýrt. Hvor þeirra um sig mundi kosta um 180 þús. kr. Þarna eru æðimargir bæir, sem eiga hlut að máli, og atvinnureksturinn í veði. Þar að auki er kostnaðurinn við brýrnar aðeins lítið brot af því, sem þyrfti að leggja fram til að koma vegi alla leiðina fyrir vestan ána. Því leggjum við til, að fjárveitingin til brúa á Fögruhlíðará verði hækkuð úr 180 þús. í 360 þús. Ég skal taka fram, að við allir þm. af Austurlandi erum sammála um, að þessar brúarframkvæmdir ættu að vera þær, sem kæmu næst til greina í Norður-Múlasýslu.

Þá er till. um að veita 300 þús. kr. til að koma brú á Selá í Álftafirði. Fyrir nokkrum árum voru veittar 100 þús. kr. í þessu skyni, sem hafa verið geymdar ár eftir ár. Leggjum við nú til, að þetta verði hækkað og fjárveitingunni komið upp í 400 þús., sem er langdrægt nóg til að koma brúnni á. Þetta er á, sem afar oft er mikil torfæra, og fyrir sunnan ána, úr Álftafirði skoðað, eru tvær jarðir og sjúkraflugvöllur byggðarinnar. Mælir því allt með, að þessi á verði brúuð, enda hlýtur hún að verða það, en búið að bíða afar lengi með þessa framkvæmd.

Þá er Kotá í Öræfum. Þessi á er hið versta forað og hefur flæmzt þar fram og aftur um stórt landssvæði og eyðilagt. Hefur nú þegar verið unnið að fyrirhleðslum nokkrum við þessa á, sem ég kem að síðar, en brúin er ógerð, en lífsnauðsyn að koma henni upp. Það er ekkert ofsagt, að þessi á er hið versta forað. Ég held meira að segja, að Öræfingum þyki hún slæm, og kalla þeir þó ekki allt ömmu sína í því tilliti, það er alveg óhætt að fullyrða. Menn fá sig fullkeypta að glíma við hana, en hún rennur þarna á milli bæja í miðri sveitinni.

Þá kem ég að till., sem með nokkru móti má kallast í sambandi við þessa, þótt hún sé sjálfstæð. Og það er till. á sama þskj. við 16. gr., að framlag til fyrirhleðslu við þessa Kotá verði hækkað úr 40 þús. kr. í 70 þús. kr. Með bréfi, dags. 2. des., skrifaði vegamálastjóri fjvn. um nauðsyn þess, að hækkað yrði framlagið til fyrirhleðslu á Kotá í Öræfum. Í þessu bréfi er m. a. upplýst, að í fjárlögunum undanfarin tvö ár hefur verið dálítið framlag til fyrirhleðslu á Kotá. Í tillögum til rn. um fjárveitingu á þeim fjárlögum, sem nú er verið að afgreiða, þegar verið var að semja frv., hafði vegamálastjóri lagt til, að veittar yrðu til árinnar í fyrirhleðsluna 40 þús. kr., og hafði hann þá talið, að það mundi nægja til að ljúka verkinu. En á s. l. hausti kom mikið flóð í ána og raskaðist nokkuð mannvirkið, sem búið var að gera. Og til að endurbæta það mannvirki og vegna hækkunar á kostnaði lagði hann sem sagt til að hækka liðinn úr 40 þús. í 70 þús. kr. Enn fremur hefur vegamálastjóri tekið fram, að verði þetta ekki gert, þ. e. mannvirkinu lokið, sé mannvirkið allt í hættu, bráðri hættu. Fór hann fram á það við hv. fjvn., að hún tæki þessa leiðréttingu eða hækkun inn. En nefndin hefur ekki gert það af einhverjum ástæðum. Ég held, að það hljóti að vera hér um einhvern misskilning að ræða, og vildi ég beina þessu til hv. frsm. n., sem hlýtur að heyra þetta, því að ég trúi ekki öðru en hann hlusti á umr., þótt ég sjái hann ekki. (Gripið fram í.) Það getur ekki verið. Ég sé hann ekki. Það hljóta einhverjir nm. að vera hér, sem segja honum þá frá þessu. Annars er tæpast hægt að halda umræðunni áfram, ef hv. frsm. meiri hl. n. lætur ekki svo lítið að hlusta. Ég man satt að segja ekki eftir því, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að frsm., — nú sé ég, að hann er að koma. — Ég vildi fara fram á, að hv. n. athugi þetta, hvort ekki sé hægt að mæla með þessari till., því að mannvirkið er allt í bráðri hættu, eftir því sem vegamálastjóri segir, ef þessi fjárhæð fæst ekki.

En annars er það sannast að segja um þessa Kotá og fyrirhleðsluna og brúna, að þó að þessi mannvirki séu ekki dýrari en hér er greint, þá mun gróa þarna upp óhemju landssvæði, þegar búið er að koma þessum framkvæmdum í höfn, sennilega nægilegt land fyrir margar jarðir, undir mörg bú. Hér er því um merkilegar framkvæmdir að ræða, þótt ekki séu þær kostnaðarsamar. Þetta er auðvitað ekkert nýtt fyrir mönnum, sem hafa séð, hvílíkt óhemjuland nýtist við þær fyrirhleðslur, sem farið er að gera við margar af jökulánum.

Þá er till. við 20. gr. frá okkar hendi. Hún er um nokkrar fjárveitingar í flugvelli á Austurlandi. Ég vil finna að því, að reynt skuli vera að draga valdið til að skipta framkvæmdafénu til flugvalla úr höndum Alþingis með alls konar vífilengjum, eins og þeim, að það séu ekki komnar tillögur frá flugmálastjórninni. Eins og það sé frambærileg ástæða, komið fram undir jól. Þetta er hneyksli, að það skuli koma

í ljós, að ekki sé hægt að vinna að skiptingu á fjárveitingum til flugvalla, vegna þess að ekki séu komnar tillögur eða skýrslur frá flugmálastjórninni. Mér finnst, að fjvn. hefði átt að bæta úr þessu og ganga í málið, þannig að hægt væri að gera tillögur um skiptingu þessa fjár í fjárl., eins og a. m. k. oftast nær hefur verið gert. En hvað sem þessu líður, höfum við út af þessu lagt fram fjórar tillögur varðandi flugvelli. Það er fyrst til Norðfjarðarflugvallar 1 millj. Þannig er ástatt um þennan flugvöll, að nú í nokkur ár hefur verið veitt til hans fé, þótt mjög væri hægt á því. eftir að núverandi þingmeirihluti tók við. Nú vantar loks ekki nema herzlumuninn, til þess að þessi flugvöllur verði nothæfur, eftir að koma á hann slitlagi, en búið að byggja undirbygginguna, sem gerð er með þeim hætti mest, að dælt er upp úr sjávarlóni og þannig gerð undirbyggingin. Nú vantar slitlagið, og því leggjum við til, að veitt verði í þessu skyni 1 millj., til þess að flugvöllurinn komist í gagnið.

Þá leggjum við til, að til Egilsstaðaflugvallar verði veittar 700 þús. kr. Þetta er orðinn einn mesti umferðarvöllur landsins og samgöngulífæð. En sá er hængur á, að flugvöllurinn er tæpast nothæfur fyrir stærri gerð véla, eins og ástatt er. Hann er of gljúpur, og þarf að bæta úr því með nokkrum kostnaði. Enn fremur þarf enn að bæta öryggisþjónustu, m. a. vantar byggingu, ekki mjög dýra að vísu. Leggjum við til, að til endurbóta á Egilsstöðum verði þessu sinni veittar 700 þús. kr.

Þá er Hornafjarðarflugvöllur, sem er samgöngulífæð þeirra Hornfirðinga og miklu fleiri, því að hann er mjög mikið notaður í sambandi við langferðalög um landið. Hann er á tanga sunnan Hornafjarðaróss og sunnan Hornafjarðar, en aðalbyggðin í Hornafirði er norðan fjarðarins og norðan óssins. Verður því að ferja farþega og allan farangur og allan flutning yfir fjörðinn við árósana. Þar er mjög erfið aðstaða, ekki sízt á veturna, þegar ísrek bætist við straumþunga og aðra erfiðleika. Þess vegna verður að stefna að því að byggja nýjan flugvöll í Nesjunum sjálfum, rétt innan við Hafnarkauptúnið. Við leyfum okkur að leggja til, að 700 þús. kr. verði veittar til að byrja á þeirri framkvæmd. Þar hlýtur flugvöllurinn að koma.

Þá er það Vopnafjarðarflugvöllur. Þar er nú aðeins sjúkraflugvöllur ófullkominn, eins og gengur, en hefur þó komið að liði sem sjúkraflugvöllur. Leggjum við til, að 200 þús. kr. verði veittar til þess að byrja að koma þar upp farþegaflugvelli.

Þá kemur loks till. við 22. gr., heimildagreinina, að gefa eftir aðflutningsgjöld af bifreið, sem keypt hefur verið vegna happdrættis til stuðnings vegagerð yfir Öxi, en þessi Öxi er heiðin á milli Skriðdals og Berufjarðar. Þetta er leið, sem mundi stytta ferðalög úr syðsta hluta Suður-Múlasýslu og Skaftafellssýslu og allra þeirra, sem eiga leið þar um að sunnan, um 70—80 km, miðað við að fara út Berufjarðarströndina og inn Breiðdalinn og síðan Breiðdalsheiði til Skriðdals, sem er aðalleiðin nú.

Nú er ekki gott að gera allt í senn, og því hefur ekki verið hægt að fá fjárveitingar til að koma þarna upp bílvegi. Hefur orðið að snúa sér að því að koma upp vegi á Breiðdalsheiðinni, út Breiðdalinn, um Berufjarðarströndina og inn fyrir Berufjörðinn, þessa leið, sem ég var að lýsa áðan fyrir mönnum sem hluta af aðalleiðinni umhverfis landið. Sú leið liggur líka mest um byggðirnar, og þess vegna hefur orðið að leggja fjármagn fyrst í þá leið.

En menn hafa séð, hvað Öxi var vel fallin til ferðalaga, og haft geysilegan áhuga á því að koma þar upp vegi. Þessi áhugi hefur orðið svo mikill, að heimamenn í þessum sveitum, sveitunum fyrir sunnan Öxi, eru búnir að leggja mörg hundruð þúsund króna verðmæti í ruðning yfir Öxi. Sumpart hafa þeir skrapað saman fé að láni heima fyrir og sumpart lagt fram peninga og vinnu og nú loks af miklum áhuga lagt í happdrætti til stuðnings þessari vegagerð. Ég hygg þetta sé algert einsdæmi á öllu landinu um langa hríð, að svo hafi verið fórnað miklu og lagt mikið að sér til að koma á vegasambandi.

Nú standa vonir til, að á næsta sumri verði jeppafært yfir Öxi. Það var byrjað í hittiðfyrra að styðja þessa framkvæmd lítillega af fjallvegafé og dálítið aukið í fyrra, og ég geri mér vonir um, að með hjálp fjvn. verði enn eitthvað aukinn stuðningur við þetta næsta sumar. Þetta hrekkur allt saman afar skammt, en það standa þó vonir til, að þarna verði jeppafær ruðningur eftir næsta sumar. Vil ég benda mönnum á að fara þessa leið. Þetta er afar skemmtileg leið. Þarna er oft talsvert af hreindýrum og mjög stutt að fara inn á þær öræfaslóðir, þar sem mikið er um hreindýr og annað öræfalíf. Þetta verður þó ekki aðeins nytsamlegur ferðavegur, heldur einnig alveg sérstaklega tilvalinn vegur fyrir þá, sem vilja og þurfa að létta sér upp, skemmta sér og skoða óbyggðirnar.

Nú hefur það orðið þeirra hlutskipti, sem hafa efnt til happdrættisins, að borga mjög hátt aðflutningsgjald af bifreið, sem þeir keyptu til að halda happdrættið um. Hafa þeir farið fram á, að hv. Alþingi vildi ganga til móts við þá og falla frá því að innheimta aðflutningsgjöld af þessari happdrættisbifreið, — bifreið, sem keypt er til landsins til að afla fjár í veg, sem ríkissjóður á að réttu lagi að kosta. Það yrði óbeint framlag ríkisins til þessarar vegagerðar.

Mér er vel kunnugt um, að það er nokkuð vandfarið með tollaundanþágur á bifreiðum. En ég hef samt ekki hikað við að gera þessa till., vegna þess að ég veit ekki til, að það gæti komið til mála, að það yrði hættulegt fordæmi að veita þessa undanþágu. Hér er sem sé um að ræða fyrirtæki eða happdrætti til stuðnings vegagerð, sem ríkið að öðrum kosti yrði innan tíðar að kosta að fullu og öllu, því að það dregst ekki nema í mesta lagi nokkur missiri, að ríkissjóður taki að veita fé á fjárlögum til þessarar leiðar. Þó að hinar leiðirnar með byggðinni séu mjög nauðsynlegar, eins og ég hef drepið á, er engu að síður mjög nauðsynlegt að fá þennan veg. Ég held ég megi segja, að það séu aðeins 16 km af veginum fyrir botni Berufjarðar yfir Öxi og á Breiðdalsheiðarveginn í daladrögum Skriðdals og styttir langferðaleiðina um 70—80 km a. m. k., má ég fullyrða.

Þarna hafa verið lögð fram mikil verðmæti af heimamönnum og sýndur ótrúlegur dugnaður og framtak við það að hefjast handa og hrinda verulega áleiðis. Vona ég, að hv Alþ. treysti sér til að koma til móts við heimamenn á þessa lund. Ég tel, að menn þurfi alls ekki að óttast þetta fordæmi. En ef farið yrði að tíðka annars staðar að koma á fót happdrætti til að leggja fé í vegina, þá sýnist mér, að það væri síður en svo nokkur skaði skeður fyrir ríkið, þvert á móti mikill ávinningur, þótt undanþiggja þyrfti vinningana tollgreiðslu.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) að flytja brtt. á þskj. 248 við 13. gr. fjárlaga, II. lið, þjóðvegi, tölulið 64: Siglufjarðarvegur ytri. Leggjum við þar til, að í staðinn fyrir 400 þús. komi 500 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál um þessa till. Eins og öllum hv. alþm. mun kunnugt, er vegasamband við Siglufjörð eitt hið versta, sem er, miðað við flesta aðra kaupstaði á landinu. Vegurinn liggur yfir háan og illfæran fjallgarð, Siglufjarðarskarð. Sá vegur getur lokazt á hvaða tíma árs sem er, og er slíkt ástand illþolandi, sérstaklega fyrir bæ, sem hefur fjölmenna byggð og þar sem er jafnmikið atvinnulíf og þar er yfir sumar-, vor- og haustmánuði.

Það er alllangt síðan byrjað var á lagningu nýs vegar, sem á að ná í gegnum fjallið Stráka, en því verki hefur miðað mjög hægt áfram, eins og flestum mun vera kunnugt. Það er óumdeilanlega ósk allra Siglfirðinga, að þessi vegur komi sem allra fyrst, svo að úr því ástandi verði bætt, sem við nú búum við og ríkir í þessum málum.

Um mánaðamótin maí-júní s. l. fór ég ásamt mörgum öðrum yfir Siglufjarðarskarð. Á leiðinni brast á stórhríð, ein versta, sem ég hef komið út í. Eftir miklar tafir og erfiði tókst hinum dugandi bílstjórum að komast yfir skarðið. Á sama tíma urðu tvær stórar fólksbifreiðir fullar af skólakrökkum, sem voru að koma úr ferðalagi að vestan, að snúa við á skarðinu og börnin, sem voru í bílunum, voru í hrakningum alla nóttina og langt fram á næsta dag, og það var aðeins fyrir dugnað og hörku fólks heima í héraðinu, að tókst að brjótast yfir skarðið og ná börnunum heim til Siglufjarðar daginn eftir. Mér datt í hug, þegar ég var í þessu ferðalagi, að mikið hefði það nú verið ánægjulegt að hafa alla hv. þm. með sér í bílunum — og jafnvel ríkisstj. líka, því að þá hefðu þessir ágætu alþm. og hæstv. ríkisstj. af eigin raun getað kynnt sér það ástand, sem við Siglfirðingar eigum við að búa í þessum málum. Ég held, að allir flokkar, sem hér eiga menn á þingi, hafi lýst sig fylgjandi því að leysa sem fyrst vegamál Siglfirðinga. Það er náttúrlega ágætt, svo langt sem það nær, að gefa góð og falleg loforð, en þó er það nú þannig, að það er ekki nóg að gefa loforð, efndir verða að fylgja loforðunum. Í trausti þess, að hv. þm. vilji nú sýna vilja sinn í verki, vonumst við flm. til þess, sem stöndum að þessari mjög svo hóflegu till., að hún verði samþ., þegar til atkvgr. kemur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla mér aðeins í örstuttu máli að mæla fyrir nokkrum brtt., sem ég flyt við fjárlögin.

Sú fyrsta þeirra er á þskj. 252, í fyrsta rómverska liðnum. Það er till. við 12. gr. fjárl., um heilbrigðismál, og er um það, að styrkur til sjúkraflutninga verði tekinn upp í fjárlögin, þegar slíkur kostnaður verður einstaklingum ofviða. Eins og öllum þm. er kunnugt, er til sjóður, sem heitir læknisvitjanasjóður, að ég held, og er ætlað það hlutverk að hlaupa undir bagga með einstaklingum vegna tilfinnanlegs kostnaðar við að sækja lækni, þegar svo stendur á í læknishéraði, að enginn héraðslæknir gegnir héraðinu. Þarna er sæmilega séð fyrir aðstoð við þá menn, sem þurfa að leggja mikið í kostnað til að sækja lækni til fársjúkra manna, þegar héraðið er læknislaust. En það, sem ég vík að í þessari till., er nokkuð annars eðlis. Það er um það, þegar menn, einstaklingar, jafnvel í læknishéraði, þar sem læknir er starfandi, verða að koma fársjúkum sjúklingi til Reykjavíkur eða til sjúkrahúsvistar að læknisráði og þarf til þess að fá flugvél, kannske oftar en einu sinni, því að ég veit a. m. k. dæmi þess, að einstaklingur hefur lent í 20 þús. kr. útgjöldum af þessum sökum nú fyrir örskömmu. Og þau dæmi geta verið stórfelldari og þau geta verið fleiri. En þarna veit ég ekki til að sé gert ráð fyrir neinni aðstoð við einstaklingana, og væri það þó sjálfsagt út frá sama hugsunarhætti og fyrir mönnum hefur vakað með læknisvitjanasjóðnum. Ég legg því til, að í fjárlögin verði tekin fjárveiting að upphæð 100 þús. kr. í þessu skyni, til þess að hjálpa einstaklingum til sjúkraflutninga, þegar kostnaður verður svo stórkostlegur, að þeir rísa ekki undir honum. Ég teldi eðlilegt, ef þessi till. yrði samþykkt, að landlæknir eða Tryggingastofnun ríkisins ætti að meta aðstæður og úthluta þessu fé.

Önnur till., sem ég flyt, er einnig á þskj. 252 og er við 13. gr., er um það, að tekin verði upp fjárveiting til Dalahreppsvegar, að upphæð 100 þús. kr. Það var gerð grein fyrir því áðan af öðrum þm. úr Vestfjarðakjördæmi, að seinustu tvö árin hefði enginn eyrir verið ætlaður til þessa vegar. Hann liggur frá Bíldudalskauptúni út með Ketildalahreppi að vestanverðu við fjörðinn, og þessi byggð er þannig stödd nú, að við sjálft liggur, að hún leggist í auðn. Og ástæðan er fyrst og fremst vegleysan um sveitina. Það er aðeins örstutt síðan fært var jeppabifreiðum alla leiðina frá Bíldudal og út í Selárdal, en ógerlegt hafði verið að koma ræktunarvélum um sveitina, og það mýrlendi, sem þarna hefði þurft að vera undirstaðan undir landbúnaði í Ketildalahreppi, hefur þess vegna ekki orðið ræst fram, og það veldur því, að þessi sveit er nú þannig stödd, að full hætta er á, að byggðin leggist af, ef ekki verður gert neitt í því að bæta þarna samgöngur, svo að hægt sé að opna mjólkurmarkað t. d. við Bíldudalskauptún, sem hefði ærna þörf fyrir aukna mjólk, og að venda sér af fullum krafti að því verkefni að ræsa fram mýrlendið í hreppnum og leggja það þannig undir ræktun.

Þá er önnur till. mín um vegamál um það,

að tekin verði upp fjárveiting til Suðurfjarðavegar, að upphæð 450 þús. kr. Þessi Suðurfjarðavegur liggur frá Bíldudalskauptúni inn fyrir Suðurfirði og er kominn að bænum Trostansfirði. En frá þeim bæ og upp á fjalllendið, þar sem Vestfjarðavegurinn kemur yfir Vestfjarðahálendið sunnan úr Vatnsfirði, er talin um 10—12 km leið. En allir þeir, sem þyrftu að leggja leið sína frá Bíldudal og vestan af fjörðunum, Patreksfirði og Tálknafirði, norður á bóginn til annarra byggða Vestfjarða, hefðu auðvitað stytt leið sína mjög mikið, ef þeir gætu farið þessa leið inn á Vestfjarðaveginn, því að að öðrum kosti þurfa þeir að fara vestur yfir fjallveginn Hálfdán frá Bíldudal um Tálknafjörð, vestur á Patreksfjörð, suður á Barðaströnd og þá leiðina til Vestfjarða norðanverðra. Það er, eins og hér var gerð grein fyrir áðan, mikið áhugamál Bílddælinga, að Suðurfjarðavegurinn verði tengdur Vestfjarðavegi, og til þess þarf sem sé að ryðja veg þarna um 10—11 km leið. Þeir hafa sent, eins og hér var upplýst, 1. þm. Vestf. áskorunarskjal, undirskrifað af 125 mönnum í fremur fámennu þorpi, Bíldudal, og beðið hann að koma þessu máli á framfæri við hina aðra Vestfjarðaþingmenn og við fjárveitingavaldið. En þetta bréf hefur víst enginn annar af Vestfjarðaþm. fengið að sjá, svo að það hefur verið farið mjög varlega með það, verð ég að segja. En bréfið sýnir og sannar, að íbúar Arnarfjarðar, sérstaklega Bílddælingar, hafa brennandi áhuga á því, að Suðurfjarðavegurinn verði tengdur Vestfjarðavegi. Till. mín er sú, að til þessa verks verði veittar 450 þús. kr.

Þá er þriðja till. mín um vegamál sú, að til Hnífsdals- og Bolungarvíkurvegar verði varið 300 þús. kr. Það má segja, að vegurinn frá Ísafirði til Hnífsdals sé orðinn sæmilegur, bæði nægjanlega breiður og vel frá honum gengið, þannig að hann verði ekki fyrir áföllum af völdum vatns. En það verður ekki sagt um veginn frá Hnífsdal til Bolungarvíkur um hina snarbröttu Óshlíð. Þeirri vegargerð hefur aldrei verið lokið. Fyrir nokkuð mörgum árum var hann ruddur með jarðýtu og gerður bifreiðafær, að því er talið er, en aldrei hefur verið borið ofan í hann á nokkurn hátt og mjög illa ræst frá fyrir ofan veginn, eins og þarf þó nauðsynlega að gera í öllum vegum, sem lagðir eru um snarbrattar fjallshlíðar, því að vatnsrennsli er þar mikið og eyðileggur þessa vegi, ef ekki er ræst fram í gegnum vegina og vatni vel veitt frá þeim fyrir ofan þá. Þetta skortir alveg við Bolungarvíkurveg og gerir það að verkum, að hann bólgnar upp af svellum þarna utan í snarbrattri fjallshlíðinni, strax og haustar og frystir að, og verður bókstaflega stórkostlega hættulegur til umferðar. En um þennan veg flytur hið þróttmikla kauptún, Bolungarvík, allar sínar sjávarafurðir til útflutnings um Ísafjarðarhöfn, auk þeirra fólksflutninga, sem vetur og sumar eru um þennan veg. Honum hefur sem sé alls ekki verið lokið enn þá, og honum verður ekki lokið með viðhaldsfé. Til hans þarf því að veita fjárveitingu, og ég hef lagt til, að í þetta sinn yrðu lagðar 300 þús. kr. til þess að byrja á því verki að fullgera þennan þýðingarmikla veg.

Þá er fjórða till. mín um vegamál um fjárveitingu að upphæð 250 þús. kr. til Ísafjarðarvegar, til endurlagningar á Breiðadal. Þessi vegur liggur frá Ísafjarðarkaupstað vestur um Breiðadalsheiði, Önundarfjörð, Dýrafjörð og á Vestfjarðaveginn suður á Barðaströnd og áleiðis til Reykjavíkur. Þessi kafli, sem hér er hugsað til, eru svokallaðar Skógarbrekkur. Þar hefur vegurinn verið lagður eftir hinum gömlu reiðgötum í ótal kröppum beygjum, sem varla eru færar stærri bifreiðum, og verður ófær við fyrstu snjóa á haustin. Verkfræðingar vegamálastjóra hafa mælt fyrir vegi á þessum slóðum og telja, að það þurfi að leggja þessar skörpu vegarbeygjur upp hinar svokölluðu Skógarbrekkur af og leggja veginn vestan af Breiðadalsheiðinni í einum sveig fyrir dalbotninn og láta hann síðan liggja hinum megin ár niður í Breiðadal á Önundarfjarðarveginn þar. Þetta er bráðaðkallandi að gera, því að það er, eins og ég áðan sagði, varla hægt að segja, að Breiðadalsheiðarvegurinn að vestanverðu sé fær stærri bifreiðum. En hann er nú sú eina leið, sem tengir Ísafjarðarkaupstað og byggðirnar vestan hans við akvegakerfi landsins. Nokkuð mikill hluti af vöruflutningum til Ísafjarðar fer nú fram í stórum vöruflutningabifreiðum landleiðina og þannig um þennan veg, og þetta er sá kafli alls vegarins frá Reykjavík til Ísafjarðar, sem fyrst teppist á haustin, og er í raun og veru hættulegt að aka um hann á svo stórum og þungum bifreiðum sem þarna er um að ræða, alveg sérstaklega í vöruflutningunum.

Það hefði verið fyllsta ástæða til að flytja miklu fleiri tillögur um fjárveitingar til vestfirzkra vega. Eins og hæstv. fyrrv. forsrh., held ég maður verði að segja, Ólafur Thors, sagði einu sinni um veginn til Keflavíkur, að hann væri Ódáðahraun íslenzkra vega, þá má sannarlega ekki síður segja það um vestfirzku vegaslóðana, sem kallaðir hafa verið akvegir, að það er reglulegt Ódáðahraun íslenzkra vega og þyrfti um að bæta. Ekki síður væri ástæða til þess að taka nokkurra milljónatuga fjárveitingu til vegagerðar á Vestfjörðum en til Reykjanesbrautarinnar á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, en það mun hafa verið farið fyrst af öllum vegum út í það vegna hans að taka, ég held allt að 50 millj. kr. lán, til þess að endurbyggja hann og umbæta. Það tel ég engan veginn eftir, en tel, að þörfin hefði ekki verið minna brýn vegna vegleysanna á Vestfjörðum.

Þriðji rómverski liðurinn á þskj. 252 eru tillögur frá mér í fjórum undirliðum um fjárveitingar til hafnarbóta.

Ég legg þá í fyrsta lagi til, að fjárveiting til hafnarmannvirkja á Flateyri, sem er á fjárlagafrv. núna 100 þús. kr., hækki í 250 þús. kr. Um það skal ég ekki fara mörgum orðum. Flateyrarkauptún er þróttmikið útgerðarkauptún. Hafnarmannvirki eru þar ófullnægjandi fyrir þann vélbátaflota, sem nú er til í kauptúninu og er nú að vaxa eftir nokkurt atvinnuáfall, sem kauptúnið varð fyrir, þegar þeir togarar, sem þar voru gerðir út af einkaframtakinu, voru látnir sigla suður á Reykjavíkurhöfn til legu þar. En nú er svo komið, að viðlegupláss fyrir þessa báta er ekki nægjanlegt við hafnarmann-

virkin á Flateyri, og þyrfti því að lengja þann hafnarbakka verulega, til þess að aðstaða vélbátaútgerðarinnar á staðnum væri sómasamleg. Þarna er um að ræða 150 þús. kr. hækkun frá því, sem gert er ráð fyrir á fjárl.

Önnur till. mín um hafnarbætur er þess efnis, að í staðinn fyrir 50 þús. kr. fjárveitingu til bryggju í Hnífsdal komi 200 þús., hækkun um 150 þús. Ég sé ekki, hver er eiginlega tilgangurinn með því hjá hv. meiri hl. fjvn. að vera að bera fram tillögur, að vera að eyða í það bleki að ákveða 50 þús. kr. fjárveitingu til hafnarmannvirkja. Hvers konar leikaraskapur er þetta? Það er til einskis. Það er nauðsynlegt fyrir útgerðina í Hnífsdal, að Hnífsdalsbryggja verði lengd, og fyrir því greiða 50 þús. kr. ekkert, og væri alveg eins gott að hafa þá enga fjárveitingu og vera að nefna slíka hégómaupphæð, sem að engu gagni kemur. 200 þús. kr. er algert lágmark þess, sem eitthvað gæti dugað til þess, að Hnífsdælingar gætu ráðizt í að lengja bryggju sína um 10—12 metra, og yrðu þó áreiðanlega að leggja þegar í stað sín framlög á móti og vafalaust að taka einhver lán upp á væntanlegar greiðslur frá ríkissjóði til þess að geta leyst þann áfanga.

Þriðja till. mín um fjárveitingar til hafnarmála er um það, að til Hólmavíkur verði veittar 325 þús. kr. í staðinn fyrir 200 þús. kr., sem eru á fjárlagafrv. Þannig stendur á, eins og margir þingmenn vita, að á s. l. tveimur árum var gerður stór áfangi í því að endurbyggja bryggjuna í Hólmavík. Það var trébryggja gömul og var komin að falli og var hættuleg, eins og hún var, hún gat hrunið þá og þegar. En á s. l. sumri var svo langt komið, að landgangur hafði verið byggður að nýju og bryggjuhaus myndaður á ný, þannig að rammað hafði verið niður stálþil utan um allan bryggjuhausinn og jarðfyllingu að mestu leyti komið fyrir í þessum stálhring, þessum stálkraga. Eftir er að ganga frá öllum brúnum á bryggjunni og uppfyllingu og að steypa ofan á bryggjuhausinn og landganginn, og er sýnilegt, að því fer fjarri, að 200 þús. kr. geti dugað, til þess að þessum áfanga verði lokið og þannig gengið frá Hólmavíkurbryggju. Það er þess vegna, að ég tel nauðsynlegt, að þessu annars myndarlega mannvirki, sem nú er komið langleiðina, verði lokið, að ég legg til, að fjárveitingin verði 325 þús. kr., og hygg, að af þeirri upphæð veiti sízt, til þess að hægt sé að fullu að ganga frá Hólmavíkurbryggju.

Þá er það fjórða till. mín um hafnarmannvirki. Hún er um það, að í staðinn fyrir 50 þús. kr. til hafnarinnar á Patreksfirði komi 500 þús. kr., tífföld upphæð. Það er sjálfsagt öllum þm. kunnugt, að fyrir mörgum árum var það till. vitamálastjórnarinnar, að kvíabryggjurnar innan við Vatneyrarodda væru látnar falla og ekki haldið við og í staðinn grafin höfn inn í Vatneyri, inn í það stöðuvatn, sem þar var í miðri eyrinni. Þessu verki er ekki nándar nærri hálflokið enn þá, langt í frá, og að ýmsu leyti er höfnin ekki örugg og ekki nægilega góð, af því að hún er ekki nándar nærri hálfgerð. En þó að svo standi og í raun og veru milljóna mannvirki séu í hættu vegna landbrots í hafnarmynninu, þá gengur fjvn. svo frá þessu máli, að hún ætlar Patreksfjarðarkaupstað 50 þús. kr. til sinna hafnarmála, 50 þús. kr., með hálfgerða höfn eða tæplega það. Og mætti þó ætla, að fyrst og fremst ætti að koma í veg fyrir, að milljónatjón yrði af því, að töf yrði á áframhaldandi framkvæmdum á staðnum. Þetta er annar stærsti kaupstaður á Vestfjörðum, upp undir 1000 íbúar þarna, þróttmikil útgerð, tvö hraðfrystihús, mikið atvinnulíf og ríkisvaldið sýnir þessum stað þá forsmán, vil ég segja, að ætla til hafnarmálanna þarna 50 þús. kr. upphæð, sem dugir ekki til þess að kaupa fyrir eitt íbúðarherbergi, hvað þá heldur að það vegi nokkurn skapaðan hlut í því hlutverki að byggja upp höfn. Ég hef ekki gert till. um fjárveitingar til ýmissa hafna á Vestfjörðum, sem ekki er ætlaður einn einasti eyrir, eins og t. d. til Súðavíkur og fleiri staða, sem er þó eiginlega alveg óverjandi að hjálpa ekki til að bæta hafnaraðstöðuna, því að vestfirzkar byggðir eiga allt undir því, að hafnirnar verði forsvaranlegar.

Þá víkur næst að flugmálum. V. liðurinn á þskj. 252 er um fjárveitingu til flugmála á Vestfjörðum. Ég heyrði það í dag, að hv. formaður fjvn. sagði, að það væri því miður ekki hægt að leggja fram fyrir Alþingi neina sundurliðun á fjárveitingum til flugmála, af því að viðkomandi embættismenn, flugmálastjóri og flugráð, væru ekki búnir að ljúka sínum tillögum. Þetta er trúleg saga eða hitt þó heldur. Það hlýtur að vera þannig, að hv. nefnd hafi gleymt sér, hafi ekki rekið eftir því að fá þessi nauðsynlegu gögn, og fyrir bragðið erum við þm. þannig staddir, að við vitum ekkert, hvaða fyrirætlanir eru um það, hvernig eigi að skipta fjárveitingum til flugmála. En það hefði átt að liggja fyrir nú í síðasta lagi við 3. umr. fjárl., en gerir það ekki. Ég veit því ekkert um það, hvort till. eru á döfinni um það að verja einhverju fé til flugvallargerða á Vestfjörðum. Vonandi er það. En þar sem maður veit ekkert um þetta, þá er mín till. sú, að við liðinn bætist, og breytir þar með ekki heildarupphæðinni, sem til flugmála er ætluð, — þar við bætist: „Þar af til flugvallar á Hólmavík 700 þús. kr. og til Þingeyrarflugvallar 500 þús. kr.“ Sannarlega hefði verið þörf á að nefna eina þrjá, fjóra staði aðra á Vestfjörðum, eins og t. d. flugvallargerð við Patreksfjörð, því að það er skiljanlega lítt við unandi fyrir Vestfirðinga, að flugsamgöngur til landsfjórðungsins hafa lagzt niður á öllum þessum stöðum, sem ég nú var að nefna, nema til Ísafjarðar eins. En því nefni ég þó sérstaklega fjárveitingar til Hólmavíkurflugvallar og Þingeyrarflugvallar, að þar eru til flugvellir, sem aðeins þarf að lengja nokkuð og mundi þess vegna sennilega vera hægt að ljúka og gera nothæfa fyrir þær flugvélar, sem notaðar eru nú í áætlunarflugi innanlands, og koma þannig þremur stöðum á Vestfjörðum í flugsamband við Reykjavík. Þá er þó búið að bæta upp nokkuð af því áfalli, sem Vestfirðingar hafa orðið fyrir að því er snertir samdrátt í flugsamgöngunum á seinustu árum. Næsti áfangi væri svo sá að taka fleiri staði fyrir og þá sérstaklega vestari hluta Vestfjarðanna, Önundarfjörð, Arnarfjörð og Patreksfjörð. En von-

andi er það svo, að í þeim till., sem þm. hafa ekki fengið að sjá frá flugráði og flugmálastjóra, sé eitthvert fé ætlað til Vestfjarðaflugvallanna, og er það þá vel og mundi það þá geta fallið vel saman. En ef svo er ekki, þá tel ég óverjandi annað en hv. Alþingi samþykki till. um það að fullgera þessa tvo flugvelli af fjárveitingum til flugvalla á þessu ári.

Mér er það ekki nóg, þó að einn af hæstv. ráðh. komi hér, þegar hv. 1. þm. Vestf. hafði talað sig dauðan, og upplýsi það, að hann hefði gert einhverjar till. til ríkisstj. í einhverri leynilegri nefnd, sem maður er alltaf að frétta um, nýja og nýja leynilega nefnd, sem ríkisstj. hafi skipað eða kosið á kjörtímabilinu og hafi verið að gera till. til ríkisstj. um þessi og hin mál, þ. á m. þetta, að hæstv. flugmrh. kemur hér og segir, að 1. þm. Vestf. hafi eiginlega leyst þessi mál og það hafi því verið óþarft af hv. 4. þm. Vestf. að vera að tala um þau. En það hafi verið skiljanlegt, af því að hann hafi ekki vitað, hvað hv. 1. þm. Vestf. hafði verið búinn að gera mikið í málinu, og þess vegna hefði ræða hans, eins og hann úrskurðaði, verið ódlileg. Ég verð að segja, að ég kann illa þeirri forustu hv. 1. þm. Vestf. og vænti, að hann sé hér nálægur og heyri mál mitt, því að hann víkur sjaldan úr þingsal, — það má hann eiga, hann situr venjulega á þingfundum, — og láti nú þingmenn Vestfjarða vita um bréf, sem kjósendur skrifa okkur öllum og senda til hans, en það er upplýst í þessum umr., að hann hefur farið svo leynilega með það bréf frá Bílddælingum um framlög til eins vegar, að enginn annar Vestfjarðaþm. mér vitanlega hefur fengið að sjá það enn þá, og eins hitt, að allan þann tíma, sem hann hefur starfað í þessari nefnd, skuli hann ekkert samráð hafa haft við Vestfjarðaþm. um það, hvað væru óskir Vestfirðinga almennt í flugvallagerðarmálum og flugmálum fyrir fjórðunginn. En það eru aðeins örfáir dagar síðan okkur hinum Vestfjarðaþm. var trúað fyrir því, að þessi leynilega nefnd hefði verið skipuð og hann hefði verið í henni.

Ég heyrði það af ræðu hv. 1. þm. Austf. áðan, að það eru eitthvað öðruvísi vinnubrögðin hjá þeim, Austfjarðaþm. Þeir flytja allar sínar till. við fjárlögin saman, og mér er kunnugt um það, að þegar þeir þurfa að herja á einhvern ráðh. í ríkisstj., þá storma þeir þangað allir. Og mér er ekki kunnugt um, að neinn úr hópi Austfjarðaþm. hafi verið skipaður í leynilegar nefndir, sem menn fréttu fyrst um eftir dúk og disk, og svo komi ráðh. og segi: Eiginlega eruð þið að tala um málin af engri þekkingu, en ykkar 1. þm. er búinn að leysa öll mál í þessari og hinni nefndinni, sem ríkisstj. hefur holað honum í. — Ég segi það alveg hreinskilnislega: ég kann ekki við svona vinnubrögð og þakka ekkert fyrir svona forustu, þó að hæstv. ráðherrar komi og þakki þetta sem góða forustu.

Þá flyt ég að síðustu í rómverskum lið VII á þskj. 252 ásamt 5 öðrum þm. Alþb. till., sem er dálítið stærri í sniðum en þær, sem ég hef nú verið að gera grein fyrir, og er um það, að ríkisstj. verði á 22. gr. heimilað að taka lán, allt að 50 millj. kr., vegna húsnæðismálastofnunar ríkisins. Þetta lánsfé á húsnæðismálastjórnin að endurlána þeim húseigendum, sem eiga á hættu að missa íbúðir sínar vegna fjárhagsörðugleika, og lánin á að veita eftir nánari reglum, sem húsnæðismálastjórnin sjálf setji í samráði við ríkisstj. Húsnæðismálin hafa verið rædd áður á þessu þingi, og það hafa komið fram till. um að hækka heimildina, sem í lögum er nú, um hámarkslán, þannig að heimildin fyrir hámarkslán breytist úr 100 þús. kr. á íbúð í 200 þús. kr. Hins vegar hefur það einnig verið upplýst, að um 1500 umsóknir liggi a. m. k. óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn, sem hún hafi ekki enn þá haft neitt fé til þess að sinna. Enn fremur er upplýst, að mjög hafi dregið úr byggingu íbúðarhúsnæðis, bæði í Reykjavík og þó alveg sérstaklega úti um land, og vita allir, að það er afleiðing af því, að kaupgeta almennings hefur dregizt saman, fjárhagsgetan er minni en áður og bitnar jafnvel á því, að menn hafa ekki efni á að ráðast í að byggja íbúð yfir sig og sína. En samt sem áður er það hins vegar staðreynd, að hér í Reykjavík hefur á s. l. hausti verið meira framboð á íbúðum en nokkru sinni fyrr eða síðar að sögn fasteignasalanna. Og hvernig stendur á því? Hvernig samrýmist þetta þeirri staðreynd, að það hafi dregið úr byggingu íbúða? Þeim hefur fækkað. Þær hafa á seinni árum aldrei verið eins fáar og nú og aldrei verið eins mikið framboð á íbúðum í Reykjavík og nú. Það er af því, að fjöldi fólks, sem lenti undir okurvöxtunum og varð fyrir hækkandi verðlagi á öllum sviðum með sitt kaupgjald óbreytt, hefur ekki getað haldið sínum íbúðum. Þær eru á sölumarkaðinum út af neyð fólksins unnvörpum. Þannig stendur á þessu mikla framboði. Og þess vegna er það, að við flm. þessarar till. teljum, að þetta lánsfé, 50 millj. kr., eigi húsnæðismálastjórnin að endurlána þeim húseigendum, sem vegna fjárhagsörðugleika eiga á hættu að missa íbúðir sínar ella. Till. er beint borin fram vegna þess ástands, sem hefur skapazt vegna þeirrar fáránlegu og vitfirrtu efnahagsmálapólitíkur, sem hæstv. ríkisstj. rekur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það sjáist aldrei betur en í sambandi við afgreiðslu fjárl. hér á hæstv. Alþingi, hve framkvæmdavaldið er búið að draga allt vald frá löggjafarvaldinu í sínar hendur, því að það held ég, að allir geti gert sér ljóst, sem nokkuð íhuga það, að afgreiðsla og meðferð fjárl. hér á Alþingi er í raun og veru ekkert annað en sýndarleikur. Allt það, sem máli skiptir í sambandi við fjárlögin, er ákveðið annars staðar, það er ákveðið af hæstv. fjmrh. og ríkisstj. Þetta sést ekki síst á því, að aðalumr. um fjárl. eru látnar fara fram á tveimur næturfundum á þingi, sem situr þó venjulega í 6—8 mánuði. Nú við 2. umr. fjárl. fór umr. fram á einum næturfundi, og nú er hið sama að endurtaka sig við 3. umr. fjárl., og hæstv. ráðherrar gera ekki svo lítið yfirleitt að sýna sig við þessar umr. T. d. eru þeir allir farnir af fundi nú fyrir nokkru.

Við vitum það, að hv. fjvn. fær fjárlögin til meðferðar. En það er lítið annað en sýndarleikur líka, vegna þess að meiri hlutinn fer þar að flestu eða öllu leyti eftir þeim fyrirmælum,

sem hann fær frá hæstv. fjmrh., og minni hl. fær litlu eða engu fram komið. Þess vegna er það lítið annað en sýndarmennska að láta hv. fjvn. fjalla um fjárlögin, eins og nú er á málum haldið. Hér er þó ekki um neitt smámál að ræða, því að hér er að ræða um það, hvernig eigi að ráðstafa nær tveimur milljörðum króna, sem ríkið leggur á þegnana.

Ég held, að þetta mætti verða til þess, að hv. Alþingi athugaði, hvernig aðstöðu þess er komið, hvernig raunverulega er búið að draga valdið úr höndum þess í hendur ríkisstj. og hvort þetta gæfi ekki ástæðu til þess að taka upp til gaumgæfilegrar athugunar allt stjórnarkerfið með tilliti til þess, að Alþingi hefði meira um þjóðmálin að segja en það hefur nú.

Það væri vissulega ástæða til þess að ræða ýtarlega um afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, því að vissulega er margt í þeim þannig vaxið, að það gefur ástæðu til þess, að menn staldri við og geri sér grein fyrir því, hvernig orðið er ástatt í þeim efnum. Það má t. d. vera mönnum ekki lítið umhugsunarefni, að á þremur árum hafa fjárlögin ekki minna en tvöfaldazt, á einum þremur árum. Og þetta gerist á sama tíma, sem framlög til verklegra framkvæmda lækka raunverulega mjög verulega, þegar miðað er við það, sem fyrir þau fæst. Og þrátt fyrir það, þó að fjárlögin séu búin að ná þessari upphæð, að nálgast tvo milljarða króna, þá er stórum liðum, sem á ríkið eiga að falla og munu falla, haldið utan við þau, eins og t. d. því tillagi, sem ríkið á að greiða til atvinnuleysistrygginganna og lögbundið er. Og það er ekki heldur lítið umhugsunarefni, að á þeim tíma, sem álögurnar á landsmönnum hafa tvöfaldazt, á þessum þremur árum, hefur enginn teljandi sparnaður átt sér stað á neinu sviði ríkisrekstrarins, en útgjöldin hlaðizt upp svo að segja í öllum áttum.

Þetta gæfi vissulega ástæðu til þess, að menn stöldruðu við og þingið ræddi þetta mál meira en á tveimur kvöld- og næturfundum þann tíma, sem það stendur. En svo er nú búið að koma aðstöðu þingsins í þessum efnum og því ofurvaldi, sem ríkisstj. er búin að taka í sínar hendur í þessu sambandi, að þingið fær ekki nema tvo kvöld- og næturfundi til þess að ræða um þessi mál. Og þá gera hæstv. ráðh. sér lítið fyrir og sýna sig yfirleitt ekki hér í þingsölunum, þegar um þetta er rætt.

Ég hygg, að það sé sannast sagna, að úr þessu verði ekki fullkomlega bætt, nema við gerum verulegar breytingar á okkar stjórnarkerfi og aðskiljum framkvæmdavaldið eða ríkisstj. og löggjafarvaldið, Alþingi, mun meira en nú er gert. Og ég er ekki í neinum efa um það, að í þessum efnum er farsælla að taka upp að verulegu leyti a. m. k. það þingræðisfyrirkomulag, sem Bandaríkin hafa, heldur en að fylgja því fyrirkomulagi, sem yfirleitt viðgengst í Evrópuríkjunum, þar sem lýðræði er. Samkvæmt bandarísku kerfinu hefur þingið tvímælalaust miklu sterkari aðstöðu gagnvart ríkisstj. og getur skapað henni miklu meira aðhald en með því fyrirkomulagi, sem hér er orðið og leiðir af því, hversu mjög framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið er samtvinnað.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess nú á þessum næturfundi að ræða öllu nánara um þetta atriði, enda mun gefast tækifæri til þess síðar. En það, sem gaf mér ástæðu til þess að kveðja mér hér hljóðs og segja nokkur orð, var fyrst og fremst það, að ég vil vekja athygli á því, áður en fjárlögin eru afgreidd frá hv. Alþingi, að ein stétt og sú stétt, sem ríkið ætti sérstaklega að láta sér umhugað um, opinberir starfsmenn, þeir eru mjög hlunnfarnir, þegar hlutur þeirra er borinn saman við aðrar stéttir. Í skýrslu, sem stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lét birta í febrúarmánuði s. l., var sýnt ljóslega fram á það, að síðan á árinu 1944 hefði hlutur opinberra starfsmanna í samanburði við aðrar hliðstæðar stéttir versnað um 16.5%, þ. e. a. s. opinberir starfsmenn þyrftu að fá 16.5% launauppbót, ef þeir ættu að vera sambærilegir við aðrar stéttir, ef haldið væri því hlutfalli, sem var á milli þeirra 1944.

Nú hefur það gerzt síðan í febrúarmánuði í fyrra, þegar þessi grg. stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja var birt, að það hefur átt sér stað ný kauphækkunaralda í landinu. Opinberir starfsmenn hafa fengið 13.8% kauphækkun. Hins vegar hefur niðurstaðan orðið sú, að hjá öðrum hliðstæðum stéttum, t. d. iðnaðarmönnum, hefur kaupið hækkað um 15—18%, að því er haldið hefur verið fram af hæstv. ráðh. hér á Alþingi í haust. Þetta þýðir það, að enn hefur hlutur opinberra starfsmanna versnað í samanburði við aðrar stéttir, þannig að ef munurinn á þeim og öðrum, miðað við 1944, hefur verið 16.5% í febrúarmánuði s. l., þá er munurinn á launakjörum þeirra og annarra nú orðinn 18—21%, sem þeir þyrftu raunverulega að fá, ef hlutur þeirra ætti að vera til jafns við aðrar stéttir, eins og þetta var í stríðslok.

Það er líka skemmst frá að segja, að ef borinn er saman hlutur opinberra starfsmanna hér á landi og í nálægum löndum, þá er hann miklu verri hér en þar. Þetta hlýtur fyrr en síðar að leiða til þess, og það er óhjákvæmilegt, að það verði svo, að opinberir starfsmenn fái sinn hlut bættan og betur en þeim er ætlað nú í þessu fjárlagafrv.

Fyrir nokkrum dögum fóru fram hér í hv. Nd. allathyglisverðar umr. í sambandi við þessi mál, þar sem rætt var um laun dómara. Og mönnum kom yfirleitt saman um það, að laun sakadómara og hliðstæðra starfsmanna hér í Reykjavík væru of lítil, þó að þeir væru samkv. því frv., sem þá lá fyrir, hækkaðir um tvo launaflokka. Og ég tek fullkomlega undir það, að það var rétt. En hvað má þá segja um aðra opinbera starfsmenn, sem eru miklu verr launaðir en þó dómarar eru? Hvað má t. d. segja um gagnfræðaskólakennara og barnaskólakennara? Hlutverk dómara í okkar þjóðfélagi er vissulega mjög mikilsvert, og þess vegna er ástæða til þess að launa þá menn vel, svo að það fáist færir menn til að gegna þeim störfum. En ég efa það, hvort nokkur stétt manna gegnir öllu þýðingarmeira hlutverki í okkar þjóðfélagi, eins og nú er komið högum þess, en einmitt kennararnir, því að síðan áhrif heimilanna minnkuðu vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum árum, þá hvílir það orðið miklu meira á herðum

kennaranna en áður átti sér stað, að vandað sé til uppeldis æskulýðsins. og þess vegna er það hið þýðingarmesta, að í þessar stöður veljist vel færir menn. En hvernig er t. d. búið að barnaskólakennurum og gagnfræðaskólakennurum, eins og launakjörunum er háttað nú? Launakjör gagnfræðaskólakennara, þegar þeir eru komnir á hámarkslaun, eru nú eftir þá launahækkun, sem varð á s. l. sumri, 6500 kr. á mánuði. Laun barnakennara eru hins vegar 6000 kr. á mánuði. Ég held, að það geti allir gert sér fullkomlega grein fyrir því, að eins og nú er komið dýrtíð í landinu, þá er ekki hægt að lifa mannsæmandi lífi fyrir þessi laun, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að menn leggi á sig mikla menntun, eins og þessir menn þurfa að gera, til þess að fórna svo ævi sinni til að vinna fyrir slík laun á eftir. En hvar verðum við staddir eftir nokkurn tíma, ef þannig er haldið á þessum málum, að það fást ekki hæfir menn til að gegna kennarastörfum, til að vinna að uppeldismálunum, við uppeldi æskulýðsins, sem er þó án efa þýðingarmesta verkið, sem þarf að vinna í þjóðfélaginu, ef vel á að fara í framtíðinni? Ég hygg, að þetta hljóti að sýna öllum það ljóslega, að það er brýn nauðsyn á því að gera sem fyrst endurbætur í þessum efnum og ganga þannig frá þessum málum, að opinberir starfsmenn njóti fullkomlega jafnréttis við aðrar stéttir, sambærilegar stéttir, en eins og ég vék að áðan, þá vantar þá nú 18—21% launauppbót, til þess að hægt sé að halda slíku fram.

Ríkið þarf að gera sér það fullkomlega ljóst, að það getur ekki tryggt sér sæmilega starfsmenn, nema það haldi uppi svipuðum launagreiðslum og einkareksturinn býður. En á það vantar nú stórkostlega, að svo sé, eins og ég hef nú bent nokkuð á. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að taka upp aðra stefnu í þessum efnum en þá, sem hefur verið fylgt á undanförnum árum og hefur beinzt að því að þrengja hlut opinberra starfsmanna til samanburðar við aðrar stéttir, sérstaklega þó aðrar launastéttir. Ég held, að það sé komið að því, að það verði ekki lengur dregið að endurskoða öll þessi mál, að taka launamál opinberra starfsmanna til gaumgæfilegrar endurskoðunar, og alveg sérstaklega hygg ég, að það sé nauðsynlegt að gefa þeim bætta aðstöðu til þess að semja um mál sín, til þess að knýja það fram, að þeir geti búið við sambærileg kjör og aðrar stéttir hafa. Ég tel rétt að benda á það í þessu sambandi, að t. d. þeir starfsmenn hjá ríkinu, sem njóta verkfallsréttar, — ég á þar við sjómenn á strandferðaskipunum og á varðskipunum, — þeir tryggðu sér á seinasta ári 27—31% kauphækkun, á meðan aðrir starfsmenn hins opinbera fengu ekki nema 13.8% kauphækkun. Þessi munur liggur að sjálfsögðu fyrst og fremst í því, að þessir starfsmenn, sem hærri kauphækkanir fengu, höfðu verkfallsréttinn eða samningsréttinn til að styðjast við. Þann rétt hafa aðrir opinberir starfsmenn nú yfirleitt ekki. Og ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, til þess að opinberum starfsmönnum verði í framtíðinni tryggð svipuð kjör og öðrum stéttum og þeim ber að hafa og þeir þurfa að hafa, ef ríkið á að tryggja sér nægilega góða starfsmenn, þá verði að skapa þeim aðstöðu til þess að geta haft svipuð áhrif á það að knýja fram sinn hlut og aðrar stéttir hafa. Og það er ein ástæðan til þess, að ég hef að þessu sinni ekki talið ástæðu til þess eða ekki talið, að heldur mundi þýða að bera fram till. um það, að hlutur opinberra starfsmanna væri bættur frá því, sem hann er ætlaður í fjárlagafrv., heldur vildi ég reyna að vinna að því, að sú breyting yrði gerð á þessum málum, að opinberum starfsmönnum væri tryggð betri aðstaða til þess að gæta síns réttar til samanburðar við það, sem öðrum stéttum er veitt.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa þessi orð fleiri, en mér fannst rétt að láta þetta sjónarmið gagnvart opinberum starfsmönnum koma fram, áður en fjárlögin væru endanlega afgreidd að þessu sinni.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 253, V, hefur hv. 5. þm. Vesturl. og ég flutt brtt. við frv. til fjárl., við 18. gr. rómv. II, að veitt verði eftirlaun til Sveindísar Hansdóttur, ekkju Daníelíusar Sigurðssonar hafnsögumanns í Rifi, en Daníelíus lézt á s. l. hausti. Daníelíus heitinn Sigurðsson var skipaður hafnsögumaður í Rifi, er siglingar hófust þangað. Hann var ráðinn til þessara starfa af hafnarráði Rifshafnar. Jafnframt voru honum falin önnur störf í þágu hafnarinnar. Það leikur því ekki á tveimur tungum, að Daníelíus heitinn var opinber starfsmaður, og ber því ekkju hans, Sveindísi Hansdóttur, að fá einhver eftirlaun úr ríkissjóði, eins og hv. 5. þm. Vesturl. og ég höfum leyft okkur að bera fram á nefndu þskj.

Um miðjan nóvember skrifaði ég hv. fjvn. og bar þá ósk fram, að ekkju Daníelíusar Sigurðssonar yrðu veitt eftirlaun úr ríkissjóði. Af einhverjum misskilningi dró hv. fjvn. þá ályktun, að Daníelíus heitinn Sigurðsson hafi ekki verið opinber starfsmaður. Þetta er alger misskilningur, eins og ég hef hér bent á. Einnig má leiða athygli að því, að eftirlauna úr ríkissjóði njóta hafnsögumenn, sem látið hafa af störfum vegna aldurs. Og að sjálfsögðu eiga ekkjur þeirra einnig að njóta þeirrar aðstoðar, er eiginmenn þeirra falla frá. Er mér ljóst, að hv. fjvn. hefur ekki viljandi óskað að svipta ekkju Daníelíusar heitins réttmætum eftirlaunum, heldur er hér um misskilning að ræða af nefndarinnar hálfu, sem hv. 5. þm. Vesturl. og ég höfum í nefndri brtt. viljað leiðrétta. Væntum við þess, að hv. alþm. samþykki brtt. okkar og þar með veiti frú Sveindísi Hansdóttur 6000 kr. eftirlaun.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Mig furðar á því, hvað fáir þm. sitja hér í salnum og hlusta á þessar umr., því að ég verð að segja það, að þetta eru einhverjar skemmtilegustu og fróðlegustu umr., sem ég heyri hér á hv. Alþingi. Það eru þessar umr. um fjárlagafrv., þar sem þm. mæla fyrir till. um framfara- og áhugamál íbúanna í hinum einstöku héruðum landsins og lýsa staðháttum í sambandi við það. Ég hygg, að það séu sjaldan jafnfróðlegar

umr. hér á Alþingi og einmitt þegar umr. fer fram um þessar tillögur.

Ástæðan til þess, að ég kem nú hér í ræðustólinn, er sú, að ég stend hér að nokkrum brtt. ásamt hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 6. þm. Sunnl., og ætla ég að mæla hér örfá orð í sambandi við þennan tillöguflutning.

Það er þá í fyrsta lagi till. nr. II á þskj. 248, brtt. við 12. gr., um það, að hækkað verði framlag til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða úr 7 millj. í 7 millj. 750 þús., og í öðru lagi, að aftan við liðinn bætist svo hljóðandi aths.: „Þar af 250 þús. kr. til sjúkrahússins á Selfossi og 500 þús. kr. til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum."

Ég ætla ekki, vegna þess að nýlega hafa farið fram umr. hér á hv. Alþingi um sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum, að halda neina ræðu um það. Það þarf ekki að lýsa því. Þar er verið að berjast fyrir því að koma upp nýju sjúkrahúsi, og þm. hafa nýlega heyrt umr. um það hér.

Hins vegar er það svo, að á Selfossi er um nokkurra ára skeið búið að vera eins konar sjúkraskýli, vegna þess að í Árnessýslu og austan Hellisheiðar er talin brýn nauðsyn á slíkri stofnun. Og það var tekinn fyrir nokkrum árum læknisbústaðurinn í Selfosslæknishéraði og gerður að sjúkraskýli, og þar var komið fyrir 20 sjúkrarúmum. Síðan hefur svolítið verið bætt við þetta og byggt við, svo að þarna eru nú skilyrði til þess að hafa rúmlega 30 sjúklinga. Ég hef stundum heyrt ýmsa menn segja, og mér hefur þótt það fávíslegt, að þetta væri óþarfaframkvæmd, að vera að koma upp sjúkrahúsi á Suðurlandi, sökum þess, hversu nálægt þetta væri Reykjavík. En hafa menn ekki gætt að því, að þó að ekki séu nema 60 km til Reykjavíkur frá Selfossi, þá er fjallgarður á leiðinni, sem iðulega teppist á vetrum og verður ófær? Í öðru lagi vildi ég benda á það, að austan úr Skaftafellssýslu eru til Reykjavíkur um 300 km, austast í Skaftafellssýslu, og talsverðu gæti það nú munað í slæmri færð að geta komið sjúklingi þaðan að austan inn í sjúkrahúsið á Selfossi, ef ófærð væri á Hellisheiði. Í Árnessýslu eru búsettir um 7500 manns, en á Suðurlandsundirlendinu öllu munu nú vera um 12000 manns. Nýlega hafa verið reist sjúkrahús hér í grennd við Reykjavík, bæði á Akranesi og einnig í Keflavík, og mun vera um svipaða vegalengd að ræða héðan frá Reykjavík til Keflavíkur og er austur yfir fjall. Og ég heyri ekki á nokkrum manni, að það hafi verið taldar óþarfaframkvæmdir eða vitleysa að byggja þessi sjúkrahús, enda eru þau umsetin og ævinlega full. Svo er einnig um þetta sjúkrahús, sem við höfum komið upp austan Hellisheiðar, að þar eru nú yfirleitt rúmliggjandi yfir 30 manns og ekki hægt að taka á móti öllum, sem þangað hafa sótt.

Sjúkrahúsið virðist hafa verið heppið með það, að það hefur fengið ungan og efnilegan skurðlækni, og hann er nú þegar á þessu ári búinn að framkvæma 300 skurðaðgerðir þarna. Af þessu má nokkuð marka það, hvort um óþarfaframkvæmd hefur verið að ræða.

Nú er það hugsjón Sunnlendinga, að þeir ætla sér að byggja fullkomnara sjúkrahús en þarna er um að ræða og hafa þá hugsað sér að koma því undir lögin um fjórðungssjúkrahús. Á undanförnum þingum höfum við ýmsir þm. Sunnl. flutt tillögur hér um fjárveitingu í þessu skyni, sem yrði þá til taks, þegar ráðizt yrði í þessar framkvæmdir. En þær tillögur hafa ekki enn þá séð náð fyrir augum alþm. hv. eða a. m. k. ekki meiri hluta þeirra. Hér er um það að ræða, eins og ég hef sagt, að við flytjum tillögu um, að varið verði 250 þús. kr. til sjúkrahúss á Selfossi. Skal ég svo láta útrætt um það.

Þá er í öðru lagi till. nr. VIII á þessu sama þskj., brtt. við 13. gr., um brúargerðir. Það er, að þar komi nýir liðir: í fyrsta lagi Affall í Rangárvallasýslu, að til þess verði veittar 500 þús. kr., og í öðru lagi Kálfá í Gnúpverjahreppi og í það yrði veitt 350 þús. kr. Um Affallsbrúna í Rangárvallasýslu er það að segja, að eins og kunnugt er, þá er sú brú á Affallinu, á Suðurlandsvegi í Landeyjum, orðin gömul og úr sér gengin og þegar að falli komin. Það er þess vegna talið nauðsynlegt að endurbyggja hana mjög bráðlega. Er þessi till. flutt í því skyni að fá þarna fjárveitingu til byrjunarframkvæmda. En vafalaust yrði um meiri kostnað að ræða en þetta.

Þá er í öðru lagi Kálfá í Gnúpverjahreppi. Austan Kálfár eða í totu, sem myndast milli Kálfár í Gnúpverjahreppi og Þjórsár, eru nokkrir bæir, það eru svonefndir Hofsbæir í Gnúpverjahreppi. Það er Stóra-Hof, tvíbýlisjörð, og Minna-Hof, það eru þrír bæir, sem standa þar í totunni. Þeir eiga alla sína aðdrætti að sækja yfir Kálfá til þess að komast á þjóðveginn, sem liggur um Gnúpverjahreppinn. Yfir Kálfá verða þeir að fara á vaði, og á sumrin, þegar gott er og lítið í ánni, þá er hún enginn farartálmi. En þegar vatnavextir koma og sérstaklega á vetrum, þegar áin bólgnar upp og stíflar sig stundum þarna, þá er oft og tíðum, að þarna er ófært yfir að fara, svo að dögum skiptir. Á þessum bæjum er vitanlega mjólkurframleiðsla, og þarf að koma mjólkinni daglega á mjólkurbílinn, sem gengur um þjóðveginn, en oft og tíðum hefur það ekki verið hægt nokkra daga í einu, þegar áin hefur orðið ófær. Þetta veldur ákaflega miklum erfiðleikum fyrir þessa bæi og sumir af bændunum þarna hafa verið að tala um það, að þeir yrðu að gefast upp á búskapnum á þessum jörðum vegna þessa farartálma. Það hefur verið rætt við vegamálastjóra um það, hvað mundi kosta að byggja þessa brú, og hann hefur talið, að kostnaðurinn mundi geta orðið í kringum 350 þús., eins og hér er lagt til að veitt yrði. Þarna er ekki um stórt átak að ræða, en hins vegar er þarna um stórmál að ræða fyrir þá, sem þarna búa, og fyrir sveitina, þar sem þessir bæir standa.

Ég stend hér að fleiri till., en hugmyndin var nú, að hv. 4. þm. Sunnl. mælti fyrir þeim, en ég sé, að hann er hér ekki viðstaddur, svo að ég vil aðeins drepa á þessar tillögur einnig.

Það er XV. till. á þessu sama þskj., við 14. gr., um það, að við bætist nýir liðir. Það er í fyrsta lagi um heimavistarskóla í Hrunamannaskólahverfi, 960 þús. kr. fjárveiting, sem við gerum till. um. Í öðru lagi Þykkvabæjarskólahverfi,

þar er um að ræða skólastjóraíbúð, 120 þús. kr., og í þriðja lagi Hvamms- og Dyrhólahreppsskóli, 224 þús. kr. fjárveiting, sem við leggjum til. Um þetta er það að segja, að í Hrunamannahreppi, þar sem Hrunamannaskólahverfi er, búa rúmlega 400 manns. Þeir byggðu einn fyrsta heimavistarskólann á landi hér fyrir 1930, en þá var þekking á steinsteypu miklu minni en nú er og erfiðara að ná í gott efni til þeirra hluta en nú er orðið vegna bættra samgangna, og mölin, sem notuð var í þetta skólahús, mun hafa verið í raun og veru ónothæf. Nú er svo komið, að þetta skólahús er þegar að hrynja, er mér sagt, og er að öðru leyti orðið ófullkomið og á allan hátt úr sér gengið. Þeir hafa nú sótt um það að mega byggja skóla, og fyrir liggja teikningar að því húsi. Ég hygg, að áætlun um þetta hús sé einhvers staðar á 7. millj. Hér er því aðeins farið fram á byrjunarfjárveitingu, 960 þús. kr. Þá er um að ræða skólastjóraíbúð í Þykkvabænum í Rangárvallasýslu. Þar er nauðsyn á að byggja skólastjóraíbúð, eigi skólastjórinn ekki að vera húsnæðislaus. Við förum fram á 120 þús. kr. fjárveitingu til þess. Og í þriðja lagi er umsókn um byggingu barnaskóla í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Þar er ófullkomið skólahald, og þeim er nauðsyn á þar að geta byrjað sem fyrst að byggja barnaskóla. Þessi till. er fram borin í því skyni, að þeir fengju byrjunarfjárveitingu til þeirra hluta.

Þá er XVI. till. á sama þskj., við 14. gr., um nýjan lið um heimavist og skólastjóraíbúð að Skógum undir Eyjafjöllum. Þar vantar nauðsynlega íbúð og auknar heimavistir fyrir nemendur, og höfum við farið fram á 350 þús. kr. fjárveitingu með þessari till. Teikningar að þessari byggingu munu vera fyrir hendi og mikil nauðsyn, eins og ég hef sagt, á því, að hægt væri að hefjast handa.

Ég held, að ég hafi þá minnzt fáum orðum á allar þær tillögur, sem ég stend að ásamt öðrum. En ég vildi geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að á þskj. 253 er till. frá mér ásamt sömu þm., sem tekin var aftur til 3. umr., það er 2. till. á því þskj., brtt. við 11. gr. um, að þar komi nýr liður: til löggæzlu á Selfossi. Ég vil taka fram, að þessi till. er tekin aftur sökum þess, að hv. fjvn. mun hafa tekið tillit til þeirrar þarfar, sem fyrir hendi er um fé til aukinnar löggæzlu á Selfossi, hún mun hafa tekið tillit til þess í sínum till., og er ég þakklátur fyrir það.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Til viðbótar þeim tillögum, sem ég hef áður gert grein fyrir, flyt ég eina brtt. á þskj. 253, það er fyrsta till. á því þskj. Þessi till. mín er ekki um fjárveitingu úr ríkissjóði, síður en svo. Með henni er að minni hyggju stuðlað að því, að betur heimtist í ríkissjóð tekjur af söluskatti en ella mundi. Ég legg til, að inn í 2. gr. frv., við 11. tölulið hennar, komi aths., svo hljóðandi:

„Skýrslur um álagðan söluskatt af vörusölu og þjónustu innanlands skulu liggja frammi almenningi til sýnis eftir sömu reglum og gilda um skrár yfir álagðan tekjuskatt og eignarskatt."

Í lögum um söluskatt er ákveðið, að skattstofur og skattanefndir skuli leggja á þennan skatt, söluskatt af vörusölu og þjónustu innanlands. Þetta er há upphæð, þessi söluskattur í heildinni, eftir því sem fjárlögin gera ráð fyrir. Ég held, að ég muni það rétt, að hann sé áætlaður 215 millj., en tekju- og eignarskatturinn er áætlaður innan við 100 millj., svo að söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands er samkv. því meira en helmingi hærri. Nú er það svo, eins og menn vita, um tekjuskattinn og eignarskattinn, sem skattstofur og skattanefndir leggja á, að það eru lagðar fram skrár, sundurliðaðar skrár um þessa skatta. Þær liggja frammi ákveðinn tíma öllum til sýnis, og svo er um fleiri gjöld, sem lögð eru á af þessum sömu aðilum. Mér finnst því, að það ætti að hafa sama háttinn á um þennan söluskatt. Það hefur verið um það talað stundum, að nokkur hætta væri á því, að hann kæmi ekki allur til skila, sumir þeir, sem innheimta þennan skatt fyrir ríkið, mundu ekki skila honum að fullu. Ég lít svo á, að það væri fólgið í því nokkurt aðhald fyrir þá aðila, sem kynnu að vilja komast hjá því að skila öllum skattinum, ef skýrslur um skattinn væru látnar liggja frammi á sama hátt og skattaskýrslur, og því hef ég borið þessa tillögu fram. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um hana fleiri orð.

Ég var á ferð um Vestfirði í sumar. Ég fór þá í fyrsta skipti eftir hinum nýja vegi, sem lagður hefur verið sunnan frá Breiðafirði norður yfir fjallgarðinn til Arnarfjarðar. Þetta er vel gerður vegur og hann hefur orðið mikil samgöngubót fyrir Vestfirðinga, sérstaklega þá, sem búa norðan Arnarfjarðar. Ég veitti því athygli eins og aðrir, sem fara þarna um, að það vantar veg af þessum vegi til Bíldudals. Mér er sagt, að þetta séu tæpir 10 km, þessi leið. Það er ákaflega erfitt fyrir Vestfirðinga, einkum þá, sem búa sunnan Arnarfjarðar, að búa við þetta, geta ekki haft full not af þessum nýja vegi. Eins og kunnugt er, þá eru allfjölmenn kauptún syðst á Vestfjörðum. Þar er mikill atvinnurekstur á Patreksfirði, í Tálknafirðinum og á Bíldudal, og þeir, sem þar búa, eiga oft erindi norður á Vestfirðina, einkum til Ísafjarðar. Þar er miðstöð fyrir Vestfirði að sumu leyti, t. d. eru þar staðsett bankaútibúin, sem eru á Vestfjörðum. En meðan ekki er lagður vegur þennan spöl fyrir Suðurfirðina, þurfa menn, t. d. á Bíldudal, sem eiga erindi norður á firði, að fara suður yfir fjallið Hálfdán til Tálknafjarðar, þaðan yfir háls til Patreksfjarðar, úr Patreksfirði suður yfir Kleifaheiði og inn Barðaströnd allt til Vatnsfjarðar og svo eftir hinum nýja vegi norður í Arnarfjörð. Þetta er óravegur. Það er líka mikil lykkja, sem þeir þurfa að leggja á leið sína, ef þeir þurfa suður til Reykjavíkur eða til annarra landshluta utan Vestfjarða, því að þá þurfa þeir, sem búa sunnan megin Arnarfjarðar, að fara þessa sömu leið allt suður til Patreksfjarðar og þar suður yfir heiði til Barðastrandar, en gætu sparað sér stóran krók, ef þessi vegur væri kominn fyrir Suðurfirðina.

Það kom fram hér í umr. í kvöld, að nú á þessu ári hefur engin fjárveiting verið í þenn-

an vegarspotta, og samkv. fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er ekki ætlazt til þess heldur, að það verði veitt ein einasta króna í veginn nú á þessu ári. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta furðulegt. Ég hef minnzt á þetta vegna þess, að það var svo nýlega, sem ég átti ferð um þessar slóðir, og mér varð það þá ljóst, hvað þarna væri hægt að gera mikið til samgöngubóta fyrir allmargt fólk með tiltölulega mjög litlum kostnaði.

Ég sé, að það eru hér tillögur frá þm. Vestf. um að veita nokkuð í þennan veg, og ég vildi leyfa mér að mæla hið bezta með því, að slíkar tillögur yrðu samþ. Það er áreiðanlega sanngirnismál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 19. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 246,1 felld með 31:16 atkv.
— 244,I samþ. með 32 shlj. atkv.

Áður en brtt. 253,I kæmi til atkv., mælti

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er ákveðið að leggja fram almenningi til sýnis skýrslur um álagðan söluskatt á vörur og þjónustu innanlands, og þarf út af fyrir sig ekki til þess sérstök lagafyrirmæli. Það má e. t. v. líta svo á, að ekki sé heppilegt eða rétt form að setja slíkt ákvæði sem þetta í fjárlög. En sem sagt, þetta hefur verið ákveðið, og vildi ég því með hliðsjón af þessu beina því til hv. flm., hvort hann teldi ekki ástæðu til að draga till. til baka.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um formið, vil ég benda á, að það kemur oft fyrir, að slíkar athugasemdir eru látnar fylgja einstökum liðum í fjárlögum. En þar sem hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að það mundi tekið að birta þessar skýrslur, eins og ég lagði til í till. minni, þá get ég vel fallizt á það að taka till. mína til baka og geri það.

Brtt. 253,I tekin aftur.
— 243,1 samþ. með 31:9 atkv.
— 244,II felld með 28:16 atkv.
— 253,II tekin aftur.
— 248,I felld með 29:15 atkv.
— 243,2—5 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 248,II felld með 31:26 atkv.
— 252,I.1 felld með 30:25 atkv.
— 248,III felld með 31:24 atkv.
— 248,IV.1 felld með 31:25 atkv.
— 248,IV.1 varatill. felld með 29:28 atkv.
— 248,IV.2 felld með 31:22 atkv.
— 248,IV.2 varatill. felld með 31:26 atkv.
— 248,IV.3 felld með 31:25 atkv.
— 248,IV.3 varatill. felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ.

nei: GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.

3 þm. (GÍG, KK, BBen) fjarstaddir.

Brtt. 248,IV.4 felld með 29:26 atkv.
— 248,IV.4 varatill. felld með 28:25 atkv.
— 248,V.1 felld með 29:25 atkv.
— 252,I.2 felld með 29:26 atkv.
— 248,V.2.a—b felld með 29:26 atkv.
— 248,V.2.c felld með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl.

nei: BGr, BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AuA, FS.

4 þm. (BBen, GÍG, KK, AGb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar vitað var, hver yrði heildarupphæð til skipta í vegi, brýr og hafnir í hinum ýmsu héruðum, hélt ég fund með hv. þm. Vestfjarða, ásamt hv. 4. þm. landsk., til þess að ná samkomulagi um, hvernig skipta skyldi þeirri upphæð. Þá lá fyrir erindi um það, að Bílddælingar hefðu boðizt til þess að leggja fram 50 þús. kr. sem gjafafé til þessarar vegagerðar, sem hér á að greiða atkv. um, ef á móti kæmi veruleg upphæð frá ríkissjóði. Þá lágu einnig fyrir upplýsingar um það, að þessi vegagerð mundi kosta 3½ millj. kr., að tengja þessa tvo vegi saman frá Trostansfirði og upp á heiðina, og enn fremur aðrar 3½ millj. kr. til þess að gera veginn færan frá Bíldudal og að Trostansfirði ásamt kostnaði við brúargerðir. Það lágu engar tillögur þá frá flm. um að færa til það fé, sem ákveðið var í aðra vegi í sýslunni, og fullt samkomulag um, hvernig því fé skyldi varið, og um leið samkomulag um að bera ekki fram neinar brtt. í sambandi við skiptingu á vegafé. Þess vegna lít ég á þessar tillögur sem hreinar yfirboðstillögur, án nokkurrar ábyrgðar aðila, og segi **nei.**

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af grg. hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), þar sem hann segir, að það hafi legið fyrir fundi þm. Vestf. tilboð um 50 þús. kr. gjöf frá Arnfirðingum í þennan veg, þá er þetta á misskilningi byggt. Bréfið lá ekki fyrir, og var ekki frá því skýrt á þeim fundi.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að það hefði verið samkomulag um skiptinguna, þá er það rétt, það sem það nær. En það var ekkert samkomulag um að flytja engar hækkunartillögur um vegi. Þar sem hann talar um yfirboð, þá er það að vissu leyti rétt, því að hér er boðið yfir núll, þar sem það er enginn eyrir lagður til í þennan veg, og segi ég já.

Brtt. 248,V.3 felld með 25:24 atkv.
— 252,I.3 felld með 26:24 atkv.
— 248,V.4—5 felld með 31:26 atkv.
— 244,III felld með 31:25 atkv.

Brtt. 248,VI felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ.
nei: GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
3 þm. (GÍG, KK, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Með því að þessi brtt. er borin fram undirbúningslaust og án nokkurs samráðs við þrjá þm. úr viðkomandi kjördæmi, hlýt ég að líta svo á, að hún sé fyrst og fremst borin fram í öðru skyni en að fá hana samþykkta, og segi því nei.

Brtt. 247,I felld með 28:23 atkv.
— 244,IV felld með 28:25 atkv.
— 243,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 247,II.1—3 felld með 31:25 atkv.
— 252,II.1—7 felld með 31:25 atkv.
— 248,VII felld með 31:25 atkv.
— 244,V.1 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ.
nei: GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
3 þm. (GÍG, KK, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 244,V.2 felld með 31:26 atkv.
— 244,VI felld með 31:26 atkv.
— 244,VII.1 felld með 30:25 atkv.
— 247,II.4 felld með 31:26 atkv.
— 252,II.8—9 felld með 31:26 atkv.
— 248,VIII felld með 31:26 atkv.
— 248,IX.1 felld með 31:26 atkv.
— 247,III samþ. með 47 shlj. atkv.
— 248,IX.2 felld með 31:25 atkv.
— 252,III.1 felld með 31:23 atkv.
— 244,VII.2 felld með 31:25 atkv.
— 252,III.2—3 felld með 31:25 atkv.
— 247,IV felld með 30:25 atkv.
— 248,IX.3 felld með 31:26 atkv.
— 248,X felld með 31:26 atkv.
— 252,III.4 felld með 31:24 atkv.
— 248,XI felld með 31:25 atkv.
— 247,V felld með 31:26 atkv.
— 243,7 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 248,XII felld með 31:25 atkv.
— 243,8—11 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 244,VII.3 felld með 30:24 atkv.
— 247,VI samþ. með 37 shlj. atkv.
— 244,VII.4 felld með 30:25 atkv.
— 243,12 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 247,VII felld með 31:26 atkv.
— 248,XIII felld með 30:24 atkv.
— 248,XIV.1 felld með 31:26 atkv.
— 248,XIV.2 felld með 30:26 atkv.
Brtt. 248,XIV.3 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ.
nei: EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BGuðm, FS.
3 þm. (GÍG, KK, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 247,VIII felld með 31:24 atkv.
— 248,XV felld með 29:24 atkv.
— 247,IX samþ. með 40 shlj. atkv.
— 248,XVI felld með 29:23 atkv.
— 243,13—14 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 246,2 felld með 29:24 atkv.
— 246,2 varatill. felld með 28:23 atkv.
— 243,15 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 248,XVII felld með 28:22 atkv.
— 253,III samþ. með 43 shlj. atkv.
— 243,16—17 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 244,VIII.1 tekin aftur.
— 243,18—21 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 248,XVIII felld með 29:25 atkv.
— 247,X felld með 30:22 atkv.
— 247,X varatill. felld með 30:23 atkv.
— 243,22 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 246,3 felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, FS.
4 þm. (BBen, GeirG, GÍG, KK) fjarstaddir.
Brtt. 252,IV.1 felld með 27:23 atkv.
— 243,23 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 246,4 felld með 28:23 atkv.
— 246,4 varatill. felld með 28:24 atkv.
— 243,24—33 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 243,34 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 253,VI.1 (ný brtt. í stað brtt. 243,35.a.1) samþ. með 35 shlj. atkv.
— 243,35.a.2—c samþ. með 36 shlj. atkv.
— 253,IV samþ. með 34 shlj. atkv.
— 253,V samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,VI.2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 243,36 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 252,IV.2.a felld með 31:24 atkv.
— 252,IV.2.b.1 felld með 29:22 atkv.
— 252,IV.2.b.2 felld með 28:23 atkv.
— 252,IV.2.b.3 felld með 30:23 atkv.
— 252,IV.2.b.4 felld með 31:23 atkv.
— 252,V felld með 31:23 atkv.
— 243,37 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 243,38—39 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 252,VI felld með 31:24 atkv.
— 253,VI.3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 243,40—41 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 252,VII felld með 30:25 atkv.
— 253,VII felld með 31:20 atkv.
— 244,VIII.2.a tekin aftur.

Brtt. 244,VIII.2.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 244,VIII.2.c tekin aftur.
— 243,42.a samþ. með 42 shlj. atkv.
— 253,VIII felld með 31:24 atkv.
— 243,42.b—c samþ. með 44 shlj. atkv.
— 248,XIX felld með 30:24 atkv.
— 243,43 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 253,IX.1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 243,44 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 253,IX.2 samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

13. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1962.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1962** [138. mál] (stjfrv., A. 268).

Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hæstv. forseti. Eins og allir hv. þm. vita, er svo fyrir mælt í stjórnarskrá landsins, að reglulegt þing skuli koma saman hvert ár fyrir 15. febr., nema annað sé ákveðið með lögum. Það er óruggt mál, að því þingi, sem nú stendur yfir, verður ekki lokið fyrir þennan tíma, og er því lagt til með þessu frv., sem hér er til umræðu, að þing skuli koma saman í haust eigi síðar en 10. okt., nema forseti Íslands ákveði annan fyrri samkomudag Alþingis. Þetta er gamall kunningi hér á Alþingi. Ég hygg, að enginn beri fram ósk um, að frv. verði vísað til nefndar, og tel raunar beztu málsmeðferð vera þá, að það verði afgreitt frá hv. deild nú með þremur fundum, og að nýr fundur hefjist þá þegar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., var í dag samþ. í hv. Nd. Það er gamall gestur hér á Alþingi og öllum alþingismönnum kunnugt um efni þess og ástæðu fyrir því, að það er flutt. Í þeirri stuttu grg., sem frv. fylgir, er auk þess það tekið fram, sem segja þarf um málið, og sé ég ekki ástæðu til að bæta neinu við það. Ég vænti þess, að nú sem fyrr þyki það rétt meðferð málsins, að því sé ekki vísað til nefndar, og hygg ég einnig, að það sé venja við afgreiðslu sams konar máls á fyrri þingum að afgreiða það á þremur fundum í röð. Ég legg þess vegna til, að frv. verði samþ., ekki vísað til n., og tekið aftur til umr. að lokinni þessari umr. og afgreitt þannig.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 276).

14. Fjáraukalög 1960.

Á deildafundum 11. des. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1960** [114. mál] (stjfrv., A. 195).

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Yfirskoðunarmenn hafa lokið endurskoðun á

ríkisreikningnum fyrir 1960. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum hefur verið lagt fyrir hv. Ed. Alþingis og vísað til fjhn. þar. Þetta frv. til fjáraukalaga er samið að vanda eftir tillögum yfirskoðunarmanna, og legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 245).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1960 er flutt og samið samkv. tillögum yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, og hefur fjvn. yfirfarið það og borið saman við tölur í ríkisreikningi fyrir árið 1960 og ekkert fundið athugavert. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr..
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 296).

---

15. Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Frv. samhljóða þessu frv. lá fyrir síðasta þingi, en fékkst þá ekki afgreitt. Hv. þingmönnum er nú kunnugt efni þessa frv., — enda er það ekki nýgræðingur. Frv. til laga um Iðnaðarmálastofnunina var lagt fyrst fyrir þingið 1954. Og Iðnaðarmálastofnunin hefur síðan tekið til starfa og verið að slíta barnsskónum, meðan það hefur vafizt fyrir þinginu að setja henni löggjöf, en hún hefur starfað eftir starfsreglum, sem ráðherra hefur sett. Það virðist hins vegar einsýnt, að rétt sé að setja löggjöf um svo þýðingarmikla stofnun sem þessa, og er þess að vænta, að þetta mál geti náð fram að ganga á þessu þingi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál af þeim sökum, sem ég gat, hversu kunnugt það er nú orðið þingmönnum, en vil vekja athygli á því, að frá því að síðasta Alþingi lauk hefur starfsreglum Iðnaðarmálastofnunarinnar verið breytt af ráðherra, þann 5. apríl s. l., og á þann hátt, að Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands var fengin aðild að stjórn stofnunarinnar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ef það yrði samþykkt, er það að því leyti samhljóða þeim starfsreglum, sem nú eru í gildi og starfað er eftir. Ég vil svo leyfa mér að mælast til þess, að frv. að þessi umræðu lokinni verði vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til iðnn. með 31 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 120).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Enda þótt Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi nú verið við lýði í nokkur ár, er engin löggjöf til um skipun stofnunarinnar og starfssvið. Iðnmrh. hefur þó tvívegis, árin 1955 og 1957, gefið út reglur fyrir stofnunina til þess að haga störfum sínum eftir, þar til sett yrðu um hana sérstök lög. Til þessa hefur þeim reglum verið fylgt.

Í fyrrasumar fór hæstv. iðnmrh. þess á leit við stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar, að samið yrði á hennar vegum frv. til laga fyrir stofnunina. Ætti þá sérstaklega að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að veita Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandinu aðild að stjórn hennar, en samkvæmt gildandi reglum hefur hvorugt þessara heildarsamtaka átt fulltrúa í stjórninni. Frv. það, sem nú er til umræðu og iðnn. hefur haft til athugunar, er samið í iðnmrn. á grundvelli tillagna stjórnar Iðnaðarmálastofnunarinnar, með nokkrum breytingum, eins og fram er tekið í grg. frv.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er grundvöllur lagður að framtíðarskipun Iðnaðarmálastofnunarinnar. Í 2. gr. frv. er kveðið á um stjórn hennar. Þar er sú breyting á gerð frá gildandi starfsreglum, sem settar voru af ráðherra 29. maí árið 1957, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skal hvort um sig tilnefna einn mann í stjórn stofnunarinnar. Verður stjórnin þannig skipuð sjö mönnum samkvæmt tilnefningu ákveðinna félagssamtaka auk formanns, sem skipaður er af þeim ráðherra, sem fer með iðnaðarmál. Má telja þá breytingu eðlilega, þar sem innan þessara stóru samtaka eru ýmsir, sem eiga ekki heima hjá þeim aðilum, sem tilnefnt hafa og tilnefna nú fulltrúa í stjórnina, en hafa verulegra hagsmuna að gæta varðandi starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar og koma til með að þurfa að leita til hennar um ýmis áhugmál sín.

4. og 5. gr. frv. fjalla um starfssvið og verkefni stofnunarinnar, og leyfi ég mér í því sambandi að vísa til grg., sem fylgir. Í 4. og 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Frv. var til umræðu hér á hæstv. Alþingi í

fyrra. Það var þá afgr. frá Nd., og iðnn. Ed. mælti með frv. Þá var frv. sent nokkrum aðilum til umsagnar. Í álitsgerðunum kom fram nokkur ágreiningur um 2. gr. frv., þ. e. aðildina að stjórn stofnunarinnar, en að öðru leyti má segja að allir hafi efnislega mælt með samþykkt frv. Í áliti Félags ísl. iðnrekenda kom það m. a. fram, að það taldi, að iðnaðurinn sem slíkur ætti að hafa meiri áhrif varðandi stjórn stofnunarinnar. Þá bárust nefndinni tilmæli um það frá Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Landssambandi ísl. verzlunarmanna og Kaupmannasambandinu, að þessi samtök fengju fulltrúa í stjórnina.

Um það geta vart verið skiptar skoðanir, að rétt sé að setja löggjöf um Iðnaðarmálastofnunina. Hún hefur fjöldamörgum verkefnum að gegna, og mun engum blandast hugur um, að starfssvið hennar eigi eftir að færast út á komandi árum. Síðan hún tók til starfa hefur hún fengið framlög á fjárlögum til þess að standa undir starfsemi sinni. Á árinu 1953 nam sú upphæð 450 þús. kr., en í ár mun hún vera 1 millj. 85 þús. kr. Iðnn. mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja og fylgja brtt., er fram kunna að koma við frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed. s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd. eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 291).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem hér er til umræðu, á sér alllangan aðdraganda. Stofnun þessi hefur þegar starfað á níunda ár eða frá síðari hluta ársins 1953, án þess að um starfsemi hennar hafi gilt lagaákvæði, svo sem um allar aðrar ríkisstofnanir. Upphaflegt starf stofnunarinnar var byggt á reglugerð sem samin var af þriggja manna nefnd, sem skipuð var árið 1951 til þess að gera tillögur um framtíðarskipun iðnaðarmála. Næst á eftir er skipuð önnur nefnd til þess að semja á ný lög og reglur fyrir stofnunina. Frá upphafi hefur stofnunin því starfað á grundvelli reglugerðar, sem þó a. m. k. tvisvar hefur verið breytt, þ. e. 15. júní 1955 og aftur hinn 29. maí 1957. Þrisvar sinnum áður hafa frv. um stofnunina verið lögð fyrir hv. Alþingi: árið 1954, 1955 og s. l. ár, en ekki náð fram að ganga.

Frv. það, sem nú liggur fyrir, er samið af stjórn stofnunarinnar samkvæmt ósk núverandi iðnmrh. Frv. er ekki mikill lagabálkur, aðeins 9 greinar, sem nánast ákvarða útlínur um starfsemi stofnunarinnar, sem vart getur verið ágreiningur um að nauðsynlegt sé að gert verði. En eins nauðsynlegt og það er, að til séu lagaákvæði um jafnviðfeðmt starfssvið og Iðnaðarmálastofnuninni er ætlað, þá væri óskynsamlegt að múr- og naglfesta þar öll verkefni, svo að þeim sé ekki unnt að breyta með hliðsjón af þeim stórstígu framförum, sem sífellt eiga sér stað á vorum tímum og þá ekki síst í tæknimálum almennt. Verður vart um það deilt, að ungum iðnaði, eins og hann verður að teljast hjá okkur Íslendingum, sé þörf á stofnun, sem gegni því hlutverki að halda okkur í nálægð við það bezta, sem fram kemur hjá þeim þjóðum, sem mesta og bezta reynslu hafa í hvers konar tæknimálum, og samhæfa þær niðurstöður íslenzkum staðháttum. Allar tæknirannsóknir útheimta mikið fé, og niðurstöður slíkra rannsókna kosta oft svimháar upphæðir, a. m. k. á mælikvarða okkar þjóðar. Iðnaðarmálastofnuninni eru ekki sérstaklega ætluð önnur rannsóknarstörf, enda aðrir aðilar, sem hafa það verkefni með höndum. Samkvæmt þeim starfsreglum, sem við stofnunina hafa verið í gildi og enn fremur felast í frv. þessu, er það eitt höfuðhlutverk hennar að auðvelda íslenzkum aðilum aðgang að því bezta, sem með öðrum þjóðum gerist í þessum efnum. Þessu verkefni hefur stofnunin gegnt á þann hátt, sem nú skal í stórum dráttum rakið, en ég hef reynt að afla mér lauslegs yfirlits um starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar á undanförnum árum og tel þess vert, að hv. þdm. gefist kostur á að heyra það helzta, sem þar hefur verið unnið, en í ársskýrslum stofnunarinnar og tímariti hennar, Iðnaðarmálum, er að finna lýsingu á starfsemi stofnunarinnar frá ári til árs.

Varðandi fasta starfshætti er í fyrsta lagi þess að geta, að elzti þáttur starfseminnar er tæknileg aðstoð og upplýsingaþjónusta fyrir iðnað landsmanna. Leita verksmiðjur og iðnaðarmenn og fleiri að staðaldri fyrirgreiðslu stofnunarinnar varðandi upplýsingar og aðstoð um allt, sem varðar hráefni, vinnslu, innanhússflutninga, skipulagningu, framleiðslu og margt fleira. Hefur fjöldi skipulagsuppdrátta verið gerður í stofnuninni, frá því að hún tók til starfa, en þetta hefur m. a. stuðlað að betri nýtingu húsa, framleiðslutækja og hagkvæmari framleiðslu. Má í þessu sambandi geta þess, að stofnunin stendur í sambandi við fjölda tæknilegra stofnana, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og víðar, sem hafa öflun og miðlun tæknilegra upplýsinga með höndum. Á síðari árum hefur stofnunin auk þess veitt mörgum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við áætl-

anagerð vegna nýframleiðslu eða stækkana og sömuleiðis yfirfarið slíkar áætlanir að beiðni banka.

Nátengt upplýsingaþjónustunni er tæknibókasafn IMSÍ, sem er einasta almenningsbókasafn sinnar tegundar hér á landi. Verður að telja, að safn þetta, sem er nú á fjórða þúsund bækur, auk tímarita, hafi bætt úr brýnni þörf, enda eykst gestafjöldi um eitt þúsund á ári undanfarin ár og útlán safnsins aukast einnig stöðugt. Kvikmyndasafn stofnunarinnar er nú rúmlega 100 myndir, og eru þetta fræðslumyndir, sem margar hafa verið útbúnar með íslenzku skýringatali og eru að staðaldri lánaðar út til iðnaðarmannafélaga, iðnskóla, iðnfyrirtækja, og margra fleiri aðila. Sömuleiðis hefur stofnunin milligöngu um útvegun tæknilegra fræðslukvikmynda erlendis frá, aðallega frá filmusafni EPA eða Framleiðniráðs Evrópu í París, og annast sýningar fræðslumynda o. fl.

Stofnunin hefur á liðnum árum haldið fjölda námskeiða fyrir iðnaðar- og verzlunarfólk, þar sem fjallað hefur verið m. a. um stjórn og rekstur iðnfyrirtækja, nýjungar í vörudreifingu og margt fleira. Á nýbreytni í smásöludreifingunni á síðari árum að verulegu leyti rætur sínar að rekja til þessarar starfsemi. Þá hefur stofnunin gengizt fyrir fyrirlestrahaldi og umræðufundum fyrir iðnaðarmenn og fleiri skylda aðila. Greidd hefur verið gata margra, sem farið hafa til skóla eða verknáms í erlend iðnfyrirtæki eða tækniskóla. Hafa einnig margir stjórnendur og starfsmenn íslenzkra fyrirtækja verið aðstoðaðir við að heimsækja erlend fyrirtæki í kynningarskyni á undanförnum árum. Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur átt drjúgan þátt í undirbúningi að því að koma hér á fót fastri verkstjórafræðslu, og eru líkur til, að slík starfsemi geti hafizt hér á næstunni, og er nú reyndar þegar hafin.

Í tímariti stofnunarinnar um iðnaðarmál birtast að jafnaði fræðilegar greinar um tækni, iðnað og vörudreifingu. Áskrifendur eru m. a. iðnrekendur, iðnaðarmenn, verkfræðingar, iðnfræðingar, arkitektar o. fl. Enskur útdráttur fylgir hverju eintaki, sem selt er úr landi.

Stöðlun eða standardisering er starfsemi hér á landi, sem Iðnaðarmálastofnuninni hefur verið falið að annast, en er í öðrum löndum í höndum sérstakrar stofnunar. Tilgangur stöðlunar er m. a. að setja reglur til samræmingar um gæði og eiginleika ýmissar framleiðsluvöru í því skyni að auðvelda viðskipti og lækka vöruverð og vernda neytendur. Stöðlun er t. d, talin ein helzta leiðin til skipulegri og hagkvæmari framleiðslu og framkvæmda í byggingariðnaði, og hefur aðaláherzlan til þessa verið lögð á stöðlun í þessari grein iðnaðar. Nokkur verkefni eru búin og önnur langt komin, og verða fyrstu íslenzku staðlarnir sennilega gefnir út á næstunni.

Stofnunin hefur ýmist frumkvæði eða annast milligöngu um hagnýtingu erlendrar tækniaðstoðar, og er þetta allveigamikill þáttur í starfsemi hennar. Meðal alþjóðlegra stofnana, sem hún á samskipti við, eru European Productivity Agency, International Exchange Service og Sameinuðu þjóðirnar. Þá á hún einnig margvísleg samskipti við stofnanir í ýmsum öðrum löndum, sem veita oft hérlendum aðilum mikilvæga aðstoð og fyrirgreiðslu fyrir milligöngu stofnunarinnar.

Á vegum stofnunarinnar hafa verið gerðar ýmsar athuganir í einstökum greinum atvinnulífsins, t. d. niðursuðuiðnaði, bifreiðaviðgerðum, tréskipasmíðum, prjónlesiðnaði og mörgu fleira með það fyrir augum að finna leiðir til eflingar þessum iðngreinum. Sömuleiðis hafa verið gerðar almennar athuganir, svo sem vegna skattamála og rannsóknarmála fyrirtækja, og enn aðrar athuganir hafa beinzt að möguleikum nýs iðnrekstrar, þ. á m. nýtingu úrgangsefna o. fl. Hafa verið gefnar út skýrslur um ýmsar þessar athuganir og sendar mörgum aðilum.

Yfirlit um nokkur verkefni, sem nú eru á döfinni, er að finna í starfsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 1961.

Ég hef nú reynt að geta hér þess helzta, sem stofnunin hefur að undanförnu unnið að, og vona, að af þessu ágripi sé nokkru ljósara en áður, hve mikil nauðsyn er á því, að þessi verkefni séu af hendi leyst.

Hv. iðnn. Nd. bárust undir umr. í fyrravetur umsagnir átta aðila um frv. Fjórir þessara aðila mæla eindregið með, að frv. verði samþ. óbreytt, en það eru Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Vinnuveitendasamband Íslands og stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar, þó með fyrirvara um 2. gr. frv. Meiri hl. atvinnumálanefndar ríkisins mælir einnig með samþykkt frv., en leggur áherzlu á nauðsyn þess, að fullrar samræmingar verði gætt á milli ákvæða þessa frv. og tillagna þeirra, er n. hefur sent hæstv. ríkisstj. í frv. til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en þar er m. a. gert ráð fyrir, að stofnunin heiti Rannsóknarstofnun iðnaðarins. Sérstaka áherzlu leggur n. á samræmingu þeirra verkefna, sem snúa að athugun nýrra framleiðslugreina, öflun og miðlun tæknilegra upplýsinga og hagnýtingu tæknibókmennta. Félag íslenzkra iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks vilja koma fram breyttri aðild að stjórn stofnunarinnar. Landssamband íslenzkra verzlunarmanna fer einnig fram á aðild að stjórn stofnunarinnar og bendir á beiðni sinni til stuðnings, að Verzlunarráði Íslands sé t. d. ætluð aðild að stjórn stofnunarinnar, en þeim sem launþegasamtökum sé hins vegar ekki tryggður þar nokkur réttur til áhrifa á gang mála, þar sem Alþýðusamband Íslands geti ekki á nokkurn hátt komið fram fyrir þeirra hönd, enda hafi Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna fyrir skömmu verið synjað um inntöku í þessi samtök. Með bréfi sínu sendir L. Í. V. afrit af bréfi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur til iðnn. Alþingis 7. des. 1955, sem er álit félagsins á því frv., sem þá lá fyrir Alþingi um Iðnaðarmálastofnun Íslands. Persónulega finnst mér rökstuðningur L. Í. V. fyrir beiðni sinni um aðild að stjórn stofnunarinnar vera þess eðlis, að fram hjá þeim kröfum, sem þar eru gerðar, verði ekki til lengdar gengið. Hins vegar tel ég ekki heldur rétt að gera ágreining um þetta atriði nú, þegar málið er nánast komið á

lokastig hér á hv. Alþingi. Sú breyting yrði að bíða síðari tíma.

Við umr. í n. nú barst einnig bréf frá stjórn Verkfræðingafélags Íslands, þess efnis, að stjórnin væri með því, að 6. gr. frv. sé felld niður, og færð fyrir því þau rök, að ákvæði þeirrar gr. geti skert aðstöðu einstaklinga, sem slíka þjónustu vildu veita eða veittu nú þegar. Enn fremur hafði borizt bréf svipaðs efnis frá Jóni Brynjólfssyni verkfræðingi, sem áður gegndi því starfi hjá stofnuninni, sem um ræðir í umræddri 6. gr. Nefndin taldi, að reynslan yrði að skera úr um nauðsyn þess, að jafnmikilvægt ákvæði í starfsskrá stofnunarinnar yrði fellt burt, og synjaði því þessari málaleitan.

Með þessum orðum tel ég, að hið helzta sé fram dregið úr umsögnum þeim, sem fyrir liggja í frv. Eins og í nál. á þskj. 291 segir, var iðnn. sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 298).

---

16. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar [36. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar lögin um sveitarstjórnarmál voru afgreidd hér á síðasta þingi, var ekki hróflað við lögunum um sveitarstjórnarkosningar. Nú er það svo, að um næstu áramót, þegar lögin um sveitarstjórnarmál koma til framkvæmda, sem síðasta Alþingi samþykkti, falla jafnframt úr gildi mörg atriði í núgildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar, sem snerta annað en kosningarnar sjálfar. Það hefur því þótt rétt og sjálfsagt að endurskoða þessi lög, og hefur verið samið frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar að nýju. Þetta frv. um sveitarstjórnarkosningar er ákaflega einfalt. Þar er raunverulega haldið sig við það, að lög um kosningar til Alþingis frá 1959 skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim fáu frávikum, sem talin eru upp í frv. Þessi frávik eru svo einföld og lítil fyrirferðar, að ég tel óþarft að rekja þau. Það eru teknisk atriði allt, þar sem talið er nauðsynlegt að greina lítils háttar á milli þessara laga og alþingiskosningalaganna, og ég tel óþarft að rekja það frekar en í frv. og í grg. er gert.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 39, n. 164).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Háttv. forseti. Allshn. hv. d. hefur haft til athugunar mál það, sem hér liggur fyrir til umr., mál nr. 36, um sveitarstjórnarkosningar. Hefur n. borið það saman við gildandi lög um sama efni.

Núgildandi lög um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 1936, innihalda mörg ákvæði, sem varða ekki kosningar sérstaklega, en eru miklu fremur um skipulag sveitarstjórna almennt. Öll þessi ákvæði um stjórn og skipulag sveitarstjórna hafa nú verið tekin upp í hin nýju sveitarstjórnarlög, og eru ákvæði kosningalaganna um það efni felld úr gildi eða falla úr gildi 1. jan. n. k. með gildistöku sveitarstjórnarlaganna. Æskilegt mátti telja, að lögin um sveitarstjórnarkosningar yrðu endursamin.

Meginefni þess frv., er hér liggur fyrir, kemur fram í 1. gr. frv., en þar er svo ákveðið, að lögin um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skuli einnig gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, en með þeim frávikum, sem nánar er tiltekið í öðrum greinum frv., um atriði, er nauðsynlegt var að setja viðbótarákvæði varðandi sveitarstjórnarkosningar sérstaklega. Ákvæði þessa frv. eru þó efnislega svo til óbreytt tekin upp úr gildandi lögum. Þær fáu breytingar, sem frv. felur í sér beint með hinum sérstöku ákvæðum, sem aðeins gilda um sveitarstjórnarkosningar, og óbeint með því að láta lögin um alþingiskosningar einnig gilda um sveitarstjórnarkosningar, eru raktar í frv. sjálfu, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja þær hér. Engar þessara breytinga verða taldar mikilvægar eða líklegar til þess að valda ágreiningi. Er nánast um samræmingar og mjög eðlilegar smærri breytingar að ræða. Má þar t. d. nefna samræmingu á áfrýjunarfresti í sambandi við úrskurði hreppsnefnda og lengingu framboðsfrests í 4 vikur og 3 daga, var víst áður 21 dagur, og er það gert til samræmingar við framboðsfrest til Alþingis.

Frv. var sent Sambandi ísl. sveitarfélaga til umsagnar, og fékk nefndin það svar, að stjórn sambandsins hafi á sínum tíma í sumar fjallað um frv., þegar það var í undirbúningi í félmrn.,

og hafi þá þegar lýst sig fylgjandi þeirri stefnu, sem fram kemur í frv. Í hv. allshn. hefur enginn ágreiningur verið um afgreiðslu málsins. Það er talin eðlileg afleiðing þeirra tveggja lagasetninga, sem ég hef áður getið um, laganna um alþingiskosningar og laganna um stjórn og skipulag sveitarstjórna, og talið til bóta að hreinsa til í eldri löggjöf, sem að nokkru leyti hefur þegar verið felld úr gildi eða fellur úr gildi innan fárra vikna.

Hv. forseti. Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar hefur ekki inni að halda neinar verulegar efnisbreytingar frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um þessi efni. Þegar lögin um sveitarstjórnarmál voru afgreidd hér á hv. Alþingi í fyrra, voru eftir eða ekki tekin með þessi ákvæði um sveitarstjórnarkosningar, en núgildandi lög um sveitarstjórnarkosningar hafa hins vegar inni að halda ýmis atriði, sem snerta ekki beint kosningarnar sjálfar og voru tekin með, þegar sett voru heildarlögin um sveitarstjórnarmál á síðasta þingi. Þess vegna þurfti að breyta lögunum um sveitarstjórnarkosningar, sem í gildi eru og eru frá 1936, að ég ætla, og þá voru tvær leiðir hugsanlegar, annaðhvort að prenta upp öll ákvæði, sem að kosningunum lúta, eða þá hitt að láta lögin um kosningar til Alþingis gilda, eftir því sem við á, og taka sérstaklega fram þau fáu frávik, sem frá þeim lögum þarf að gera fyrir sveitarstjórnarkosningar. Við samningu þessa frv. hefur þessi síðari leið verið valin og því slegið föstu í 1. gr. þessa frv., að lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem þessi lög ákveða. Þessi frávik eru tiltölulega lítil og ég vil segja næstum því ómerkileg, en þarf þó að taka fram um þau, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tel það vel farið, að félmrn. hefur beitt sér fyrir því að láta fara fram endurskoðun á lögum um sveitarstjórnarkosningar til samræmis við sveitarstjórnarlögin, sem sett voru á síðasta þingi. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þannig úr garði gert, að ég tel ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil leyfa mér að vekja athygli á, áður en málið fer til nefndar.

Þegar sveitarstjórnarlögin voru sett á síðasta þingi, var nokkuð um það rætt hér í deildinni, hvaða reglur skyldi setja um kosningu varamanna í hreppsnefnd, þegar kosning er óhlutbundin. Og niðurstaðan varð sú, að í 20. gr. l. eru þessi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkv. hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Rétt kjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru rétt kjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um."

Samkvæmt þessum ákvæðum er veitt heimild til þess að velja um tvær aðferðir, þegar kosnir eru varamenn og kosning er óhlutbundin. En mér virðist, að í þessu frv. sé eingöngu miðað við aðra regluna, sem til greina getur komið, því að í 12. gr. þessa frv., þar sem rætt er um talningu atkvæða, þegar kosning er óhlutbundin, segir svo í 2. mgr. gr.: „Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt." Ég hygg, að það sé ástæða til vegna samræmis milli þessara tvennra laga að koma því einnig að í þessu frv., hvernig með skuli fara, þegar hin reglan er viðhöfð, t. d. á þann hátt, að 2. mgr. 12. gr. verði orðuð þannig: „Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt, nema varamenn hafi verið kosnir jafnframt kosningu aðalmanna."

Ég drep á þetta til athugunar fyrir þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, og vænti þess, að hún gefi þessu gætur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 39, n. 264).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar er stjórnarfrv., komið frá Nd. Ákvæði þau, sem nú gilda um þessi efni, eru í lögum nr. 81 1936. Í þeim lögum voru mörg ákvæði um skipulag sveitarstjórna, en þau ákvæði voru felld úr gildi með sveitarstjórnarlögum nr. 58 1961, og eru því einungis nokkrar greinar laganna frá 1936 enn í gildi. Hefur því þótt tilhlýðilegt að endursemja lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar, og koma þessi ákvæði nú endursamin í því frv., sem hér er á dagskrá.

Engar efnisbreytingar, sem orð er á gerandi, koma fram í frv. Í 1. gr. frv. er sú meginregla, að lög um kosningar til Alþingis skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við á. Síðan koma í 2. og 3. gr. ákvæði um kjördeildir og kjörstjórnir. Þar næst eru ákvæði um fresti og styttingu þeirra, um meðmælendur með framboði, um úrskurði um kjörgengi og áfrýjun þeirra, gerðabækur, gerð kjörseðla, merkingu framboðslista, auglýsingu þeirra, um atkvæðakassa, hvernig kosning fer fram og hvernig talning fer fram. Þá eru sérákvæði um kosningu sýslunefnda, um kosningarkærur og úrskurði þeirra og kostnað við kosningar, og að lokum ákvæði um gildistöku frv.

Allshn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til meðferðar og telur ákvæði þess eðlilega hluti og sjálfsagða og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm., hv. 11. þm. Reykv., var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 264, leggur nefndin til, að lítils háttar breyting verði gerð á 12. gr. frv. Sú breyting er nauðsynleg, sökum þess að í 20. gr. sveitarstjórnarlaganna er heimild til að haga kosningu varamanna í sveitarstjórn á tvo vegu, þegar kosning er óhlutbundin, en í 12. gr. frv., eins og það er nú, er einungis gert ráð fyrir einni kosningaaðferð.

Í 20. gr. sveitarstjórnarlaganna segir svo í 1. mgr.:

„Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Rétt kjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru rétt kjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um."

Þetta var 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaganna, en 2. mgr. 12. gr. frv. er aftur á móti á þessa leið: „Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt."

Til að samræma þessi ákvæði leggur n. til, að breyting sú, sem greind er á þskj. 264, verði gerð á frv.: „Aftan við 2. málsgr. bætist: nema kosning varamanna hafi farið fram samtímis kosningu aðalmanna skv. 1. málsgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 frá 29. marz 1961."

Þá er lagt til, að gildistökuákvæði 17. gr. verði breytt af augljósum ástæðum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en ég get minnt á það í leiðinni, að við 1. umr. málsins benti hv. 5. þm. Austf. á, að nauðsynlegt væri að breyta 2. málsgr. 12. gr. svo sem nefndin nú leggur til að gert verði.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni beindi ég þeim tilmælum til allshn., sem fjallar um þetta mál, að athuga eitt efnisatriði frv. Nefndin hefur orðið við þessu, eins og frsm. lýsti, og flytur brtt., þar sem þessu atriði eru gerð fullnægjandi skil. En ég vil leyfa mér við þessa umr. að vekja athygli á öðru efnisatriði frv., sem stendur í nokkru sambandi við það, sem brtt. nefndarinnar fjallar um.

Samkv. sveitarstjórnarlögunum, sem samþykkt voru í fyrra, er heimilt að viðhafa framboð við kjör til sýslunefndar, og í 13. gr. þessa frv. er beinlínis fjallað um framkvæmd þeirra kosninga, þegar framboð til sýslunefnda er viðhaft. Í 13. gr. þessa frv. segir:

„Nú eru framboð viðhöfð við kosningu sýslunefndarmanna, og skal þá kjörseðill þannig gerður, að prenta skal nöfn frambjóðenda og heimilisföng í stafrófsröð hvert niður af öðru á kjörseðilinn. Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa."

Og í athugasemdum frv. við þessa gr. er þetta mjög greinilega skýrt, því að þar segir:

„Lagt er til, að kjörseðill og kosning við kjör sýslunefndarmanna, þegar um framboð er að ræða til sýslunefndar, verði með sama hætti og var við kjör alþingismanna í einmenningskjördæmum."

Í fljótu bragði virðist þessi regla, sem sett er með þessum ákvæðum, vera mjög einföld og greinileg. En þess ber að gæta, að þegar kosnir voru alþm. í einmenningskjördæmum, eins og miðað er við, þá voru aldrei kosnir varamenn, stjórnarskráin heimilaði það ekki. Á hinn bóginn er skylt skv. sveitarstjórnarlögunum, sem sett voru í fyrra, að kjósa varamenn sýslunefndarmanna. Þegar þetta er borið saman, er auðsætt, að á þessu er meginmunur. Og mér sýnist, að sú kosningaraðferð, sem áður tíðkaðist í einmenningskjördæmum við alþingiskosningar, geti ekki hentað, þegar framboð er viðhaft við kjör sýslunefndarmanna, vegna þess að það eru grundvallarreglur, að þegar framboð er viðhaft, þá snýst kosningin um þá, sem í framboði eru, en ekki um hvern þann, sem annars gæti verið kjörgengur, og jafnframt er það grundvallarregla, að sá flokkur, sem fær aðalmann, á einnig rétt á því að hljóta varamannssæti. Með því að nöfnin séu í stafrófsröð og kjósandinn merki við nafn þess manns, sem skráð er á seðilinn, verður þessi grundvallarregla engan veginn tryggð.

Mér sýnist þess vegna, að hér þurfi að breyta þannig til, að kjörseðill við sýslunefndarkjör, þegar framboð er viðhaft, verði sniðinn eins og kjörseðlar voru við alþingiskosningar í tvímenningskjördæmum, þannig að kjósandi merki við listabókstaf þess flokks eða þess bandalags við kosningarnar, sem hann vill styðja, og þá liggur það alveg ljóst fyrir, að sá listi, sem hlýtur flest atkv., fær aðalsýslunefndarmanninn kjörinn og annar maðurinn á þeim lista verður jafnframt varamaður.

Ég hefði ekki á móti því, að þetta frv. gengi til 3. umr. En ég vek athygli á þessu og vænti þess, að nefndin taki þetta atriði enn að nýju til athugunar á milli umræðna.

Þá vil ég að lokum aðeins benda á, þó að það sé smávægilegt, að mér virðist á einum stað vera lítils háttar prentvilla í frv., sem skemmtilegra er að leiðrétta, áður en það fer úr þessari deild. Það er í 17. gr., 2. málsl., sem á að standa óbreyttur skv. brtt. nefndarinnar, þar er vitnað í lög nr. 36, en það mun eiga að vera númer 81. Það er á mörgum öðrum stöðum vitnað til þeirra laga í athugasemdunum, svo að hér er um augljósa prentvillu að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 264,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 264,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 45. og 47. fundi í Ed., 12. og 15. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 16. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 280, 294).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Eftir að 2. umr. fór fram um þetta frv., hefur allshn. d. haft það til athugunar, og sú athugun hefur reynzt tafsamari en gert hafði verið ráð fyrir og er enn ekki lokið. Hins vegar geri ég mér vonir um, að henni kunni að geta orðið lokið í dag. Ég mælist því til þess, herra forseti, að umræðunni verði enn frestað og málið tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 19. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 280, 294, 301).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Við þessa umr. flytur allshn. tvær brtt. við frv.

Brtt. á þskj. 301 við 2. mgr. 1. gr. miðar til leiðréttingar. Í 2. mgr. 1. gr. frv. segir, að við sveitarstjórnarkosningar gildi eigi 3. tölul. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis, en töluliður þessi fjallar um 5 ára búsetuskilyrðið. Af þessu orðalagi mætti ráða, að kosningarréttarskilyrði laga um kosningar til Alþingis, sem talin eru í töluliðum 1. gr., öðrum en 3. tölulið, gildi um sveitarstjórnarkosningar. Til þess er þó ekki ætlazt. 4. töluliður 1. gr. laga um kosningar til Alþingis fjallar um óflekkað mannorð, en samkvæmt 18. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1961 gildir það skilyrði ekki við sveitarstjórnarkosningar. Brtt. á þskj. 301 er flutt af þessu tilefni til leiðréttingar.

Þá er brtt. á þskj. 294 flutt að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Austf. Heimildarákvæði það, sem lagt er til að lögfest verði um kosningu varasýslunefndarmanna samtímis kosningu aðalmanna, sem brtt. fjallar um, er í samræmi við heimildarreglur um kosningar varamanna í sveitarstjórnir við óhlutbundnar kosningar, eins og fyrir er mælt í 20. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1961.

Að öðru leyti sýnist mér þessar brtt. ekki gefa tilefni til skýringa.

ATKVGR.
Brtt. 301 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 294 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 52. fundi í Nd., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 305).

Á 53. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 313).

---

17. Erfðalög.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til erfðalaga** [95. mál] (stjfrv., A. 151).

Á 25. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það til erfðalaga, sem hér er lagt fyrir, var til meðferðar á síðasta þingi, en ekki útrætt þá.

Á fundi nefndar, sem skipuleggur norræna lagasamvinnu, var samþykkt 1953 að beina þeim tilmælum til dómsmrh. á Norðurlöndum, að þeir beittu sér fyrir því, að erfðalög Norðurlandanna yrðu tekin til endurskoðunar og samræmingar.

Í framhaldi af þessu átti svo nefnd með norrænum fulltrúum og þ. á m. frá Íslandi að vinna að því að framkvæma þessa endurskoðun á löggjöfinni og samræmingu, og af hálfu Íslands unnu þeir að þessu próf. Ármann Snævarr og síðar Þórður Eyjólfsson. Það hefur ekki orðið sú niðurstaða, að þessi norræna nefnd kæmi sér niður á eitt og sama frv., en raunar, þótt svo sé ekki, hefur áreiðanlega mikið unnizt til samræmingar á erfðalöggjöf Norðurlanda í sambandi við þessa starfsemi nefndarinnar, enda má segja, að okkar löggjöf hafi borið keim af, eins og eðlilegt er, danskri löggjöf á sínum tíma í þessu sambandi. Það var gert ráð fyrir því, að síðan yrðu frv. um ný erfðalög lögð fyrir þingin á Norðurlöndum. Var búizt við, að ég hygg, að frv. kæmu fram bæði hjá Dönum og Norðmönnum á þessu ári, en eftir því sem mér er bezt kunnugt, hafa slík frv. ekki enn verið lögð fram.

Eins og ég sagði áðan, var þetta frv. á síðasta þingi lagt fram, og hafa ekki verið gerðar á því síðan neinar breytingar, sem máli skipta, heldur aðeins, eins og fram kemur í grg., örlitlar leiðréttingar, sem stöfuðu þá af misgáningi, en skipta efnislega ekki neinu máli.

Það má segja, að megintilgangur þessa frv. sé í fyrsta lagi að gera erfðalöggjöf okkar heillegri og sé það að því leyti formbreyting frá því, sem áður var. En í öðru lagi felast svo verulegar efnisbreytingar á gildandi réttarreglum í þessu frv. Megintilgangurinn með þeim breytingum er að segja má að styrkja sambandið á milli nánustu erfingja, milli hjóna annars vegar og niðja þeirra, frá því, sem verið hefur, auk nokkurra annarra, sem skipta allverulegu máli.

Samkvæmt gildandi lögum erfa t. d. eiðsbörn ekki föður og föðurfrændur né þeir þau, en eins og kunnugt er, eru það þau óskilgetin börn, eiðsbörn, sem feðruð eru með því móti, að móðir vinni eið eða drengskaparheit að faðerni þeirra í barnsfaðernismáli. Í þessu frv. er lagt til, að um erfðatengsl slíkra barna við föður og föðurfrændur fari sem önnur feðruð börn.

Þá er einnig veruleg breyting á gildandi lögum um erfðatengsl kjörbarna við kjörforeldra annars vegar og kynforeldra og kynfrændur hins vegar. Kjörbarn og niðjar þess erfa kjörforeldra eins og það væri getið og fætt barn þeirra, en erfðaréttur kjörforeldris eftir kjörbarn er allmiklum takmörkunum háður. Þá helzt þrátt fyrir ættleiðsluna erfðaréttur milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og kynforeldra þess og kynfrænda hins vegar. Hér er á gerð veruleg breyting í báðum tilfellum. Í 5. gr. er lagt til, að fullkomin erfðatengsl verði milli kjörbarnsins og niðja þess annars vegar og kjörforeldris og ættingja þeirra hins vegar, eins og um eigið barn kjörforeldra væri að ræða, en aftur á móti falli að öllu leyti niður við ættleiðingu lögerfðatengsl milli kjörbarna og kynforeldra þeirra og annarra ættingja.

Erfðaréttur þess hjóna, er lengur lifir, er rýmkaður með tvennum hætti. Er í fyrsta lagi lagt til, að erfðahluti maka, þegar niðjar hins látna eru á lífi, verði ⅓ hluti eigna í stað ¼ áður. Og í öðru lagi er mælt fyrir í frv., að í stað þess, að maki taki aðeins helming arfs, þegar skipt er arfi með honum og útörfum hins látna, þá taki hann tvo þriðju hluta arfs, ef foreldri hins látna er á lífi, en ella allan arf, en í þessu felst, að bæði systkini og aðrir fjarskyldari ættingjar arfleifanda taka engan arf, ef maki hins látna er á lífi.

Hér eru, eins og menn sjá, allverulegar breytingar. En um þessi atriði hefur verið samstaða a. m. k. í meginatriðum milli þeirra lögfræðinga á Norðurlöndunum, sem um þetta fjölluðu, og þótti ástæða til að styrkja þannig lögerfðatengslin á milli hinna nánustu ættingja.

Þá er einnig verulegt atriði, þar sem breytt er heimild arfleifanda til að ráðstafa eignum með erfðaskrá, þegar skylduerfingjar, niðjar eða maki, eru á lífi, því að eftir gildandi erfðalögum er honum heimilt að ráðstafa ¼ hluta eignanna, ef niðjar lifa, en helming eignanna ef niðja nýtur ekki, en maki er á lífi. En í 35. gr. frv. er ákveðið, að arfleifandi geti ráðstafað með erfðaskrá ⅓ eigna sinna frá niðjum og maka, og þannig er í samræmi við aðrar breytingar ráðstöfunarheimild arfleifanda rýmkuð gagnvart niðjunum, en hins vegar þrengd gagnvart makanum.

Frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra, fylgdi allýtarleg grg., sem handhægt væri fyrir nefndina að hafa til athugunar við meðferð málsins. En ég hef aðeins minnzt hér á nokkur meginatriði og sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara nánar út í frv. Ég vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 196).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér allmiklar efnisbreytingar frá núgildandi erfðalögum, nr. 42 frá 1949. Stærstu breytingarnar má segja að séu í fyrsta lagi, að eiðsbörn eru eftir þessu frv. gerð arfgeng með sama hætti og önnur feðruð börn og þar með sett á bekk með eiðfallsbörnum svokölluðum. Í öðru lagi, að kjörbörn skulu samkv. þessu frv. að öllu leyti, að því er erfðarétt varðar, sett á bekk með náttúrlegum börnum, en erfðatengsl á milli kjörbarna og kynforeldra að öllu leyti rofin. Í þriðja lagi, að það eru samkv. þessu frv. felld niður þau takmörk, sem hafa verið á erfðarétti ættleggs frá foreldrum. Í fjórða lagi felst svo í þessu frv. rýmkun á erfðarétti maka. Og í fimmta lagi felst í þessu frv. rýmkun á ráðstöfunarrétti arfleifanda. Þetta eru langstærstu breytingarnar, sem felast í þessu frv. frá gildandi erfðalögum, og það má að vísu segja, að þær breytingar séu að mörgu leyti mjög gagngerar. Það er álit allshn., að þessar breytingar stefni yfirleitt í rétta átt og séu þar af leiðandi til bóta, enda þótt í sumum tilfellum sé þar um mjög mikið álitamál að ræða. Þess vegna mælir allshn. með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Nefndin hefur ekki lagt í að gera tillögur um breytingar á orðalagi, þótt sumum kynni að þykja betur fara á öðru orðalagi á stöku stað, en þar er um svo mikið smekksatriði að ræða, að vafasamt er að gera brtt. því viðvíkjandi, enda er þetta frv. samið af hinum færustu mönnum á þessu sviði, þeim hæstaréttardómara Þórði Eyjólfssyni og próf. Ármanni Snævarr.

Fyrir helztu efnisbreytingum þessa frv. var gerð grein í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. En vegna þess, hve hér er um mikilvægt mál að ræða, tel ég þó rétt að rifja það upp með fáum orðum, í hverju aðalefnisbreytingarnar frá núgildandi erfðalöggjöf eru fólgnar, þannig að það gæti orðið betra fyrir þá hv. þdm. að setja sig inn í þetta, sem e. t. v. hafa ekki haft tækifæri til þess, þar sem hér er um allmikinn lagabálk að ræða.

Eins og þegar hefur verið sagt, lýtur fyrsta stórbreytingin að erfðarétti svonefndra eiðs-

barna, þ. e. a. s. óskilgetinna barna, sem feðruð eru með þeim hætti, að móðir vinnur eið eða drengskaparheit að faðerni þeirra í barnsfaðernismáli. Samkvæmt 2. gr. núgildandi erfðalaga erfir óskilgetið barn því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann hafi verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir barns, ef honum hefur orðið eiðsfall samkvæmt dómi, þ. e. a. s. að eftir þessu erfa ekki svokölluð eiðsbörn föður og föðurfrændur né þeir það. En í frv. er að þessu leyti til sett gagnstæð regla, því að í 1. tölulið 1. gr. frv. er lagt til, að óskilgetið barn erfi föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, er segir í löggjöf um óskilgetin börn. Svo sem þeirri löggjöf er háttað nú hér á landi, þá teljast eiðsbörn vera feðruð. Samkv. frv. eiga því eiðsbörn að vera arfgeng með sama hætti og önnur feðruð börn. Fyllingareiður móður í barnsfaðernismáli er að sönnu ekki traust sönnunargagn, en þó er þess að gæta, að hún fær því aðeins heimild til eiðvinningar, að hún hafi líkur með sér. Og auðvitað má líka orða það, að sönnunin sé ekki heldur traust, þegar lýstum barnsföður verður eiðsfall. Og þess má geta, að á Norðurlöndunum mun nú vera horfið frá því að láta faðerni barns velta á fyllingareiði móður eða synjunareiði lýsts barnsföður. Það þykir ekki vera um slíkt sönnunargagn að ræða, að á sé byggjandi. En íslenzk lög byggja hins vegar enn á eiðnum sem úrslitagagni í barnsfaðernismálum, og á meðan svo er, sýnist varla ástæða til þess að gera upp á milli eiðsbarna og eiðfallsbarna um erfðarétt, eins og gert er í núgildandi lögum.

Önnur meginbreyt. frv. á gildandi erfðalögum lýtur að erfðarétti kjörbarna. Í 18. gr. núgildandi erfðalaga er mælt fyrir um erfðatengsl kjörbarna við kjörforeldra annars vegar og kynforeldra og kynfrændur hins vegar. Samkv. þeim fyrirmælum núgildandi l. erfir kjörbarn og niðjar þess kjörforeldra sem það væri getið og fætt barn þeirra, eins og þar stendur. En erfðaréttur kjörforeldra eftir kjörbarn er allmiklum takmörkunum háður. Þrátt fyrir ættleiðsluna helzt svo erfðaréttur milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og kynforeldra þess og kynfrænda hins vegar. Þessari skipan er sem sagt breytt í frv. Í 5. gr. þessa frv. er lagt til, að fullkomin erfðatengsl verði á milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og kjörforeldra og ættingja þeirra hins vegar, eins og um eigið barn kjörforeldra væri að ræða, en aftur á móti falla niður að öllu leyti við ættleiðinguna lögerfðatengsl milli kjörbarna og kynforeldra þeirra og annarra ættingja.

Því er ekki að neita, að hér er um mikið álitamál og vandamál að ræða. Það hafa um þetta efni verið miklar umræður á Norðurlöndum að undanförnu, hvernig skipa skuli erfðarétti kjörbarna. Það má segja, að yfirleitt muni skoðanir hafa hnigið í þá átt að veita kjörbörnum ríkari eða víðtækari erfðarétt en áður var. Það má í stuttu máli segja, að það hafi komið fram tvenns konar skoðanir um þetta efni. Önnur á rætur að rekja til norskra laga, sem þar hafa verið gerð um breytingu á lögum um ættleiðslu, en samkv. þeim lögum getur ættleiðslan verið með tvennum hætti: annars vegar ættleiðsla, þar sem erfðatengsl haldast á milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættmanna, og hins vegar ættleiðsla, þar sem þessi erfðatengsl rofna algerlega, og taka þá kjörbörn arf eftir ættingja kjörforeldra, eins og þau væru eigin börn kjörforeldranna. Hin skoðunin er sú, að það sé óheppilegt að láta ættleiðslu hafa tvenns konar eða geta haft tvenns konar réttaráhrif um erfðarétt og réttara sé að fella algerlega niður erfðasambandið milli kjörbarns og kynforeldra þess og annarra ættingja, en veita barninu þess í stað fullkominn erfðarétt eftir kjörforeldra og ættingja þeirra og svo gagnkvæmt.

Þar sem þetta tvenns konar skipulag hefur verið heimilt, eins og í Noregi, þar sem sem sagt hefur verið um þessar tvær leiðir að velja, þá hefur reynslan orðið sú, að kjörbarni hefur langoftast verið veitt réttarstaða kynbarns að öllu leyti og erfðatensgl við kynforeldra og önnur ættmenni þá rofin.

Niðurstaðan hjá þeim norrænu erfðalaganefndum, sem sömdu frv. að erfðalögunum, varð sú að skipa málum þessum á þann veg, sem gert er í þessu frv.

Þriðja stórbreytingin samkv. þessu frv. lýtur svo að því að fella niður þau takmörk á erfð í öðrum erfðaflokki, sem eru eftir gildandi lögum. En samkv. 4. gr. núgildandi erfðalaga taka foreldrar arfleifanda, börn þeirra og barnabörn arf, en ekki aðrir fjarlægari niðjar foreldra. Þar er því staðnæmzt við systkinabarn arfleifanda. Í 3. gr. þessa frv. er lagt til, að þessi takmörkun eða stýfing á ættlegg frá foreldrum arfleifanda sé felld niður og gangi sá ættleggur allur til arfs, eins og var, áður en erfðalögin núgildandi, nr. 42 frá 1949, tóku gildi. Og það má geta þess, að á Norðurlöndunum munu ekki vera dæmi til þess, að það sé gengið jafnlangt og hér hefur verið gert í því að stýfa lögerfðirnar að þessu leyti til. En ástæðan til þess, að þetta var tekið upp á sinni tíð, mun hafa verið sú, að það var talið, að arfurinn dreifðist óeðlilega mikið með því að hafa þessa reglu, að láta þetta haldast óbreytt.

Fjórða meginbreytingin er svo um rýmkun á erfðarétti maka, en hann er rýmkaður með tvennum hætti. Samkv. 2. gr. frv. á erfðahluti maka, þegar niðjar hins látna eru á lífi, að vera ⅓ í stað ¼ hluta, eins og nú er. Í annan stað er svo fyrir mælt í frv., að í stað þess að maki taki aðeins helming arfs, þegar skipt er arfi með honum og útörfum hins látna, þá taki hann ⅔ hluta arfs, ef foreldri hins látna er á lífi, en ef það er ekki á lífi, þá allan arf. Í þessari reglu felst það nýmæli, að systkin og aðrir fjarskyldari ættingjar arfleifanda taka engan arf, ef maki hins látna er á lífi. Það eru færðar ýmsar ástæður fram fyrir þessari breytingu, m. a. þær, að þegar svona stendur á, þá sé oft erfitt um skipti, þau geti valdið óheppilegri og óeðlilegri truflun á atvinnurekstri hins eftirlifandi maka og þetta þess vegna talin eðlileg regla. Norrænu erfðalaganefndirnar, að íslenzka fulltrúanum undanskildum, vildu ganga enn lengra í þessu efni, af því samkvæmt þeirri tillögu var það svo, að maki skyldi taka

allan arfinn, þegar engir niðjar væru á lífi, þ. e. a. s. það átti samkv. þeim tillögum líka að útiloka foreldra. En í þessu frv. er ekki fallizt á það sjónarmið, og hefur það ekki þótt sanngjarnt gagnvart foreldrum að útiloka þau alveg, enda eru íslenzk lög að öðru leyti um samband barns og foreldris öðruvísi en norræn lög, Norðurlandalög, m. a. að því leyti, að samkv. íslenzkum lögum hvílir nú framfærsluskylda á börnum gagnvart foreldrum án tillits til aldurs. En svo mun nú ekki vera á hinum Norðurlöndunum.

Fimmta meginbreytingin varðar heimild arfleifanda til þess að ráðstafa eignum sínum með arfleiðsluskrá, þegar skylduerfingjar, annaðhvort niðjar eða maki, eru á lífi. Samkv. núgildandi erfðalögum er honum, þegar þannig stendur á, heimilt að ráðstafa fjórðungi eigna sinna, ef niðjar eru á lífi, en helmingi, ef maki er á lífi, en niðja nýtur ekki. Í þessu frv. er hins vegar ákveðið, að arfleifandi geti ráðstafað með erfðaskrá einum þriðja eigna sinna frá niðjum og maka. Þar af leiðir, að ráðstöfunarheimildin er þannig rýmkuð gagnvart niðjum, en þrengd gagnvart maka, og er sú regla í samræmi við þá heildarstefnu, sem er í þessu frv., að gera hlut maka í erfðaréttarlegu tilliti betri en nú er. Ráðstöfunarheimildin gagnvart niðjum er hins vegar að núgildandi lögum þrengri hér en á hinum Norðurlöndunum.

Auk þessara meginbreytinga, sem eru óneitanlega mjög víðtækar breytingar, eins og ég hef drepið á, víðtækar breytingar á erfðalöggjöfinni, þá felur þetta frv. í sér margar aðrar breytingar, margar smærri breytingar. Það yrði of langt mál að ræða þær hér eða fara út í þær hér, en að dómi allshn.-manna eru þær yfirleitt til bóta, og því er mælt með frv. óbreyttu, eins og áður hefur verið sagt og nál. ber með sér, en þó svo, að nm. hafa óbundnar hendur, bæði að því er tekur til flutnings á brtt. og eins til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég vil geta þess, að eftir að gengið hafði verið frá nál., bárust tillögur eða athugasemdir frá nefnd í Kvenréttindafélagi Íslands, sem hefur haft þetta mál til athugunar. Þær athugasemdir lúta sérstaklega að þeim kafla þessa frv., sem fjallar um setu í óskiptu búi. En það er raunar nýtt, að upp í þetta frv. og þar með upp í erfðalög eru tekin ákvæði um setu í óskiptu búi, en þau ákvæði hafa til þessa verið í öðrum lögum, lögum um réttindi og skyldur hjóna. Má sjálfsagt um það deila, á hvorum staðnum ákvæðin eigi betur heima, en það hefur verið horfið að því í þessu frv. að taka þessi ákvæði upp í frv. Það hefur ekki unnizt tími til að athuga þessar tillögur frá þessari nefnd Kvenréttindafélagsins, en ég geri ráð fyrir því, að allshn. muni taka þær til athugunar fyrir 3. umr. og þá gera grein fyrir því við 3. umr., ef hún telur ástæðu til þess að taka þær upp eða breyta frv. að einhverju leyti vegna þeirra ábendinga, sem þar koma fram. Það leikur ekki á tveim tungum, að erfðalöggjöf er þýðingarmikil, og liggja til þess margar ástæður, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. Ég verð að segja, að það er að mínum dómi óheppilegt að vera að hringla með slíka löggjöf fram og til baka á fárra ára fresti. Okkar gildandi erfðalög eru ekki gömul, aðeins frá 1949. Þess er að vænta, ef frv. þetta verður lögfest, að þá sé þar tjaldað lengur en til einnar nætur, og allar líkur eru til þess, að svo verði, því að ég tel, að hér sé um vandaða lagasmíð að ræða.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég er hv. frsm. sammála um það, að með frv. þessu eru ýmis ákvæði erfðalaganna miklu skýrari en á sér stað með núgildandi löggjöf. Tel ég það mjög vel farið, að svo sé, því að venjulega vill það fyrir koma, þegar á að fara að starfa eftir löggjöfinni, að ýmis ákvæði virðast þá vera óljós. Vildi ég aðeins drepa hér á nokkur atriði, sem ég tel að þrátt fyrir hina ágætu endurskoðun á þessum lögum séu enn þá ekki nógu skýr. Ef þar er um misskilning að ræða hjá mér á hlutaðeigandi atriðum, vænti ég þess, að hæstv. dómsmrh. eða hv. frsm., hv. 3. þm. Norðurl. v., leiðrétti þann misskilning.

Það stendur í 9. gr. frv., í II. kafla, þar sem rætt er um óskipt bú, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti kannar skiptaráðandi ástæður og má skipa ófjárráða erfingjum lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra út af umsókn um setu í óskiptu búi."

Mér finnst, að það sé ekki nógu skýrt á kveðið um þennan lögráðamann. En valdsvið hans kann undir mörgum kringumstæðum að vera nokkuð mikið, og það getur líka verið margvíslegt. Og mér finnst því eðlilegt, að skipun lögráðamanns brjóti ekki í bága við þá, sem hlut eiga að máli, maka og hlutaðeigandi erfingja. Ég tel það höfuðmáli skipta, að skipun þessa manns sé gerð að vilja þeirra aðila, en ekki gagnstætt. Maður gæti hugsað sér hvort tveggja. Þess vegna finnst mér, að það verði að kveða á um það í löggjöfinni, að hann sé skipaður í samráði við hlutaðeigandi aðila. Og afskipti þessa manns skilst mér að eigi fyrst og fremst að vera þau, þegar dæma skal um það, hvort leyfi má veita fyrir setu í óskiptu búi, að lýsa fjárhag og þeim aðstæðum, sem þar eru til staðar. Í öðru lagi, eftir að skipti hafa farið fram, geri ég ráð fyrir, að hinn sami aðili mæti þar fyrir hönd ófjárráða erfingja, þó að ekki sé það fram tekið í lögunum. En það mun hafa tíðkazt, að svo hafi verið. Og í þriðja lagi, eftir að skipti hafa farið fram og hlutaðeigandi arfshluti ófjárráða erfingja verið greiddur út, þarf þá lögráðamaður að hafa nokkur frekari afskipti af hlutaðeigandi ófjárráða erfingjum? Þegar búið er að greiða arfinn og skipti hafa farið fram og arfshlutinn er að fullu greiddur, er hans verksviði þá ekki lokið? Ef svo er ekki og lögráðamaðurinn deyr, áður en börnin eru orðin fjárráða, ber þá hlutaðeigandi skiptaráðanda að skipa annan lögráðamann í staðinn eða ekki?

Að gefnu tilefni hefði ég viljað fá þessum spurningum svarað við þessa umr. Og ég vil enn fremur, að það sé kveðið skýrar á í lögunum um valdsvið þessa manns en fram er tekið á þessum eina stað í 9. gr. Það má vera, að mér hafi sézt yfir þessa hluti, en ef svo er, býst ég við, að það leiðréttist í þessum umræðum.

Þá vildi ég enn fremur spyrja um, hvort það sé réttur skilningur laganna samkv. 41. gr. þessa frv., þar sem rætt er um erfðaskrár, ef hlutaðeigandi aðili, sem gerir erfðaskrá og tekur þar fram, að hann feli sérstökum aðila að annast skipti á dánarbúi sínu, er þá valdsvið fógeta og sýslumanns algerlega burt fallið, um leið og hlutaðeigandi aðili hefur falið öðrum samkvæmt erfðaskrá að fara með skiptin? Og ég geng þá út frá því, að erfðaskráin hafi að öllu leyti verið í lagi. Ef svo er, að þetta ákvæði laganna sé á þann veg, sem ég hef skilið það, þá getur hver einasti aðili, sem vill, ráðstafað sínum eigum, án þess að fógeti eða sýslumaður komi þar nokkuð við sögu. **(Gripið fram í:** Hvaða grein er þetta?) Þetta er 41. gr. frv. Þar ræðir, í miðhluta gr., með leyfi forseta:

„Nú er manni falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum á búi arfleifanda, og getur hann allt að einu vottað arfleiðslu".

Ég sé ekki, að annars staðar í þessu frv. sé getið um skiptaráðanda. En mér finnst, að þegar skiptaráðanda er falið jafnmikið vald og virðist vera gert þarna, þá þurfi að kveða nokkuð fastar á um hans hlutverk eða þá hitt að taka fram, að hans valdsvið sé í þessum efnum jafnt og hann væri fógeti eða sýslumaður. Þetta tel ég vera mjög þýðingarmikið ákvæði þessara laga og vil því nú undir þessum umr. hreyfa þessu máli og fá úr því skorið, hvort þetta sé á þann veg, sem ég hef skilið það, eða á einhvern annan hátt.

Þá er enn eitt í sambandi við þetta frv., sem ég sé ekki að neins staðar sé fram tekið og vera kann að það sé óþarfi, en þó hygg ég undir sumum kringumstæðum, að það sé ekki. Og það er þegar þannig stendur á, að erfingjar, löglegir erfingjar og ekkert um það deilt, að þeir eru allir löglegir, séu víðs vegar í heiminum, — þeir geta verið hér á landi og þeir geta verið í Ástralíu, Ameríku og annars staðar og ekki hafi til þeirra náðst, þegar skipti fara fram, — hver er þá rétta aðferðin við skipti hlutaðeigandi dánarbús? Er það það, að skiptaráðandi í samráði við erfingja skipi umboðsmann til að mæta við skiptin fyrir hlutaðeigandi fjarstaddan aðila, ef ekki hefur náðst í hann, þannig að hann hafi ekki getað sjálfur skipað umboðsmann fyrir sína hönd? Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, þegar ganga skal löglega frá arfaskiptum, ef þau skipti eiga síðar meir á engan hátt að stangast á við löggjöfina. Mér finnst, að um þetta þurfi að vera nokkuð í lögum, og ég hef hvergi getað séð neitt um það hér. En vera má, að þess sé ekki þörf, vegna þess að það séu annars staðar einhver ákvæði í þessum efnum, og vildi ég þá fá það upplýst.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Það stendur þannig á, að ég þarf að vera nú eftir nokkrar mínútur við jarðarför, og af því tilefni vildi ég vegna þess, sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Vesturl., beina því til hans, ef ekki kæmu fullnægjandi skýringar frá n. hálfu og frsm., hvort þessi mál gætu ekki gengið til athugunar í nefndinni af hans hálfu og í samráði þá við mig milli umræðnanna, en ef það er af einhverjum sérstökum ástæðum óhagkvæmara, þá yrði þessari umr. af þessum sökum frestað. Ég skil ósköp vel, að það kunni að vera eitt og annað í þessari löggjöf, sem menn vilja fá nánari skýringar á, og það er enda mjög æskilegt, að það komi fram undir meðferð málsins hér í þinginu, svo að ekki valdi misskilningi síðar. En ég vildi mælast til þess, að málið mætti ganga áfram og nánari athugun færi fram á þessu, ef þörf krefur, á milli umr., en ef það þætti ekki fullnægjandi af þessum ástæðum, þá yrði umr. í bili frestað um málið.

Ásgeir Bjarnason: Ég get fyrir mitt leyti vel fallizt á þá till. hæstv. ráðh., að nefndin taki þau atriði, sem ég minntist á hér áðan, til athugunar fyrir 3. umr. og að þær skýringar, sem ég fór fram á um þetta frv., komi alveg eins við þá umr. og þessa, ef það hentar hæstv. ráðh. betur. Ég geri engan greinarmun á því. En ég vænti þess bara, að þessi atriði verði tekin til meðferðar og lagfærð, eftir því sem nefndinni og öðrum aðilum hér í hv. deild sýnist bezt henta.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fyrsta athugasemd hv. 1. þm. Vesturl. laut að 9. gr. þessa frv. og að skipun lögráðamanns, en í 9. gr. er fjallað um beiðni um setu í óskiptu búi og könnun á þeirri beiðni. Þeirri beiðni á samkv. þessu frv. að snúa til skiptaráðanda, og eru að því leyti til ljósari ákvæði í þessu frv. um það efni en áður voru. Það er svo sjálfsagt, að skiptaráðandi verður að kanna það, hvort skilyrði séu fyrir hendi til setu í óskiptu búi eða ekki. Og þá könnun verður hann fyrst og fremst að framkvæma vegna hagsmuna þeirra erfingja og þá alveg sérstaklega þeirra ólögráða erfingja, sem þarna kunna að eiga hlut að máli. Vegna þess að setan í óskiptu búi gefur hinum eftirlifandi maka ákaflega víðtækan ráðstöfunarrétt yfir eignunum, verður m. a. að kanna, hvort honum sé trúandi til þess að fara með eignirnar þannig, að hagsmunum erfingjanna sé ekki stefnt í hættu. Enn fremur verður að sjálfsögðu að kanna, hverjar eignir og skuldir eru í þessu búi. Ef aðeins er um lögráða erfingja að ræða og þeir hafa gefið samþykki sitt til þess, að seta í óskiptu búi megi eiga sér stað, þá er málið almennt einfalt. Skiptaráðandi verður við þeirri ósk. Ef aftur á móti, svo sem oft getur átt sér stað, þarna er um að ræða ólögráða aðila, þ. e. a. s. að það er maki, sem óskar eftir setu í óskiptu búi, en börn, annaðhvort sameiginleg börn hans og þess, sem látinn er, eða e. t. v. börn af fyrra hjónabandi, eru þarna ólögráða, þá verður hann að rannsaka, hvort skilyrði séu fyrir hendi til setu í óskiptu búi. Og þá er það eðlilegt, ef ástæða þykir til, að hann skipi hinum ólögráða erfingjum lögráðamann, sem á að gæta hagsmuna þeirra í sambandi við ákvörðun um það, hvort leyfð sé seta í óskiptu búi eða ekki. Og sá lögráðamaður eða þeir lögráðamenn, sem þannig eru skipaðir, eiga að gæta hagsmuna erfingjanna, yfirleitt barnanna. Það hagar að vísu oft svo til vegna þess, hve um lítil efni er að ræða, að það er ekki nein þörf á því og ekki

talin ástæða til þess að skipa sérstakan lögráðamann í sambandi við ákvörðun um, hvort seta í óskiptu búi skuli leyfð eða ekki. En þess vegna er það nú í frv., að það er ekki um að ræða, að það skuli ætíð skipa ólögráða erfingjum lögráðamann, þegar svona stendur á, heldur er þarna um heimild að ræða og skiptaráðandi verður að meta, hvort svo skuli gert eða ekki.

En aðalathugasemdin frá hv. þm. virtist vera á þá lund, að hann teldi í sjálfu sér ekki heppilegt, að það væri skiptaráðandi einn, sem skæri úr í þessu efni, heldur ætti hann að taka þessa ákvörðun í samráði við erfingja og þá þar með einnig og fyrst og fremst makann, þann hinn lögráða. Ég held, að það geti ekki átt sér stað, og ég get ekki fallizt á þessa skoðun. Hlutverk lögráðamannsins í þessu tilfelli verður einmitt það að gæta hagsmuna hinna ólögráða barna gagnvart makanum. Menn geta nú sagt sem svo, að það sé ekki líklegt, að þarna rekist neinir hagsmunir á, af því að þarna sé um þau ættartengsl að ræða, að slíkt sé ekki líklegt, en reynslan sýnir nú því miður, að á þessu þarf stundum að hafa gát, og þá er það eðlilegt, að það sé einhver hlutlaus aðili, sem gætir hagsmuna barnanna í þessu sambandi, og ég álít, að hann megi ekki á neinn hátt vera háður makanum, sem er að fara fram á að fá að halda öllum eignunum áfram óskiptum í sinni vörzlu og fara fram á það að hafa eignarráð á þessum eignum og ráðstöfunarrétt á þeim.

Hafi ég skilið þm. rétt að þessu leyti, þá get ég ekki fallizt á þá skoðun, sem mér virtist þar koma fram. Ég álít, að það sé eðlilegt, að það sé skiptaráðandinn, sem er embættismaðurinn þarna, sem á að vera hlutlaus, að hann skipi lögráðamanninn, alveg án tillits til þess, hvort þeir, sem þarna eiga hlut að máli, telja ástæðu til þess eða ekki. Það verður að vera undir hans mati komið, hvort hann telur ástæðu til að skipa lögráðamann eða ekki, og þá á hann að velja lögráðamanninn þannig, eða út frá því sjónarmiði, að hann sé bæði líklegur og fær til þess að gæta hagsmuna barnanna við þessa ákvörðun.

Í öðru lagi spurði svo hv. þm., hvort slíkur lögráðamaður, sem þannig væri skipaður, ætti að halda áfram að fylgjast með þessum börnum eða ólögráða erfingjum, sem hann er skipaður lögráðamaður fyrir að þessu leyti, og það jafnvel eftir að búinu kynni að hafa verið skipt og arfshlutar hafi verið greiddir út. Ég held, að þessu sé því til að svara, að þarna er aðeins um að ræða skipun lögráðamanns við þetta ákveðna tilvik. Hans starfa er lokið, þegar ákvörðun hefur verið tekin um það, hvort seta í óskiptu búi hefur verið leyfð eða ekki. Hvernig svo háttað verður skipun lögráðamanns, þegar þar að kemur, að skipti fara fram og arfshlutar hafa verið greiddir út, það fer eftir lögræðislögum, og koma almennar reglur um það til greina, eftir því sem mælt er fyrir í lögræðislögum.

Þá vék hv. þm. að 41. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að sá, sem tilnefndur er skiptaforstjóri í erfðaskrá, geti allt að einu vottað á arfleiðsluskrá, og lét hann í ljós nokkra undrun yfir því, að það væri ekki í þessum lögum frekari fyrirmæli að finna um skiptaforstjóra, og spurðist síðan nokkuð fyrir um það, hvert vera mundi þá valdsvið þessara skiptaforstjóra. Það er rétt, að í þessum lögum er ekki ákvæði að finna um skiptaforstjóra. Í þessum lögum eru yfirleitt aðeins ákvæði um hin efnislegu atriði í sambandi við erfðir. En um hin formlegu atriði, þ. e. a. s. um búskiptin sjálf, eru ákvæði í skiptalögum, og þar eru ákvæði um skiptaforstjórana. Að vísu eru þau ekki margbrotin þar, en þar er gert ráð fyrir því, að það megi fá löggilding dómsmrn. til þess, að skiptaforstjóri án dómsvalds megi fara með skipti á búi. Og samkvæmt þeim reglum, sem þar um hefur verið fylgt, þá er það í stuttu máli svo, að skiptaforstjóri, sem er löggiltur, tekur við búinu og fer með skipti og kemur að öllu leyti í stað hins reglulega skiptaráðanda, að því þó fráskildu, að hann fer ekki með dómsvald, en þar af leiðir, að ef einhver ágreiningur rís í sambandi við skiptin, sem verður ekki ráðið til lykta nema með úrskurði dómara, þá verður að leita atbeina skiptaráðanda til úrlausnar á þeim ágreiningi.

Það, hvort þetta skipulag sé heppilegt eða ekki, held ég að ekki sé ástæða til að ræða í þessu sambandi. Þetta hefur tíðkazt, og það er einmitt oft, að að þessu leyti er ýmist farið eftir vilja arfleifanda, sem hefur óskað þess, að það væri ákveðinn maður, sem færi með uppgjör á eftirlátnum eigum hans, eða þá að erfingjarnir koma sér saman um það og telja af einhverjum ástæðum hentara, að það fari annar en hinn reglulegi skiptaráðandi með forstöðu skiptanna, og óska þar af leiðandi eftir því að fá löggiltan sérstakan skiptaforstjóra, ef opinber skipti, sem kölluð eru, fara fram á annað borð. En oft geta erfingjarnir skipt sjálfir án atbeina skiptaráðanda, og þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi, þá geta þeir komið sér saman um það að sjálfsögðu að leita til einhvers ákveðins manns, sem hafi sérstaklega með höndum uppgjör á því búi, sem þar er um að ræða.

Fjórða atriðið, sem hv. þm. spurðist fyrir um, hvernig með ætti að fara samkv. þessum lögum, var, ef skipta þyrfti og erfingi væri búsettur erlendis og ekki næðist til hans, hvort þá yrði honum skipaður lögráðamaður. Um þetta atriði eru engin ákvæði í þessum lögum, af því að þau fjalla ekki um skipti. Um þetta eru fyrirmæli í skiptalögum, og samkvæmt þeim mundi einmitt skiptaráðandi í því tilfelli skipa lögráðamann, skipa þessum fjarstadda erfingja umboðsmann til þess að gæta hagsmuna hans við skiptin.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið við þeim spurningum, sem ég varpaði hér fram áðan. Ég sé ekki ástæðu til að ræða miklu meira um þessi efni, annað en það, að ég er honum að einu leyti ekki sammála. Ég er honum ekki sammála í því, að skipa beri lögráðamenn án þess að taka einnig tillit til hlutaðeigandi erfingja, þ. e. a. s. vilja hlutaðeigandi erfingja, vegna þess að ef á annað borð er leyfð seta í óskiptu búi, þá tel ég, að höfuðatriði þess, að slík seta geti tekizt vel, sé,

að sá, sem skipaður er lögráðamaður hlutaðeigandi barna, sé vinveittur þeim aðila, sem halda skal búskap áfram. Nú hygg ég, að undir flestöllum kringumstæðum skipi hlutaðeigandi skiptaráðandi lögráðamenn með þetta sjónarmið fyrir augum, — ég geri ráð fyrir því. En hins munu e. t. v. vera líka dæmi, og þá getur varla vel farið, ef lögráðamaður er skipaður á þann hátt, að hann eigi að verða og verði hvimleiður hlutaðeigandi aðila. Ég vantreysti engu foreldri að hugsa um fjárhag og framtíð sinna barna, það er síður en svo. En hins vegar hef ég ástæðu til að vantreysta sumum lögráðamönnum, að þeir vinni ætíð með þetta sjónarmið fyrir augum.

Forseti (SÓÓ): Ég vil í tilefni þeirra ummæla, sem fallið hafa hér um meðferð málsins við þessa umr., líta svo á, að ef einhver ágreiningur er enn um frv., að hv. n. athugi það þá í samráði við þá, sem hefðu eitthvað við það að athuga, og gæti það þá farið fram á milli umræðna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
23.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
27.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—53. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
55.—56. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
57.—61. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samkv. yfirlýsingu, sem hér var gefin við 2. umr. málsins, hefur allshn. Ed. tekið þetta mál til athugunar á milli umr. Sú athugun hefur ekki leitt til þess, að gerðar væru af hálfu nefndarinnar neinar brtt. við frv.

Ég vil geta þess, að fyrir nefndinni lá erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands. Í því voru að vísu ýmsar athyglisverðar ábendingar, en þeim var þó þannig háttað, að nefndin taldi ekki ástæðu til að taka þær upp í þetta frv.

Eins og ég gat um í framsöguræðu við 2. umr. málsins hér, getur að vísu um orðalag á einstökum ákvæðum í þessu frv. orkað tvímælis, þannig að menn geta haft mismunandi smekk varðandi það efni, en nefndin sá ekki heldur ástæðu til þess að fara að gera brtt. um það efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Frv. það til erfðalaga, sem hér kemur til umræðu, var lagt fyrir hv. Ed. í fyrra og var þá ekki útrætt þar og var lagt fyrir deildina aftur nú í haust, efnislega óbreytt, með smávægilegum formlegum breytingum. Frv. þetta er samið af háskólarektor Ármanni Snævarr og hæstaréttardómara dr. Þórði Eyjólfssyni og er mjög svipað frv. um erfðalög, sem undirbúin hafa verið af norrænum lögfræðingum, er unnið hafa að því að fá sem líkasta norræna löggjöf um þetta efni.

Að þessu hefur nú verið unnið nokkuð lengi með þeim árangri, að í öllum verulegum atriðum hefur tekizt að koma á svipuðum heildarreglum eða tillögum um réttarreglur. En þó eru nokkrir misbrestir þar á, þannig að löggjöfin verður ekki að öllu leyti eins í öllum löndunum fimm, þó að frv. nái fram að ganga, en það er sem sagt í atriðum, sem telja verður minni háttar, og verulega hefur áunnizt í samræmingu, þrátt fyrir það þó að ekki verði að öllu leyti um samhljóða löggjöf að ræða.

Ég skal mjög stuttlega gera grein fyrir þeim meginbreytingum frá núverandi löggjöf, sem felast í þessu frv.

Það er þá í fyrsta lagi, að reynt er í frv. að gera erfðalöggjöfina heillegri en verið hefur, þannig að í þessu erfðalagafrv. eru saman komin flest ákvæði, er varða erfðir, eða mun fleiri en hafa verið í fyrri erfðalögum okkar.

Efnisbreytingarnar eru hins vegar í fyrsta lagi þær, að samkv. gildandi lögum erfa þau börn, ef faðerni þeirra er sannað með eiði eða drengskaparheiti móður, ekki föður né föðurfrændur. Í þessu frv. er lagt til, að um erfðatengsl slíkra barna við föður og föðurfrændur fari sem um önnur feðruð börn. Úr því að þessi háttur er viðurkenndur sem sönnun fyrir faðerni, virðist það eitt vera eðlilegt, að um erfðaréttinn fari að öllu leyti eins og um erfðarétt annarra barna. Annars er í raun og veru verið að draga í efa, að sönnunin sé fullgild. En ráðið við því er ekki að gera börnin réttarminni, heldur að viðurkenna ekki þennan sönnunarhátt, og hann er sums staðar ekki viðurkenndur. En hjá okkur hefur hann verið lengi í gildi og engar tillögur um að fella hann niður, og þykir því eðlilegt, að þessi breyting á erfðaréttinum verði gerð.

Þá er ætlazt til þess, að kjörbarn fái sams konar erfðarétt til kjörforeldris og um eiginlegt barn væri að ræða og erfðaréttur milli kjörbarns og kynforeldris þess og ættingja falli alveg niður.

Þá er ráðgert, að sú takmörkun á erfðarétti afkomenda foreldra arfleifanda, sem lögleidd

var hér 1949, verði nú felld niður. Sú takmörkun hefur leitt til ósamræmis og þekkist ekki annars staðar á Norðurlöndum.

Enn fremur er boðið, að erfðaréttur þess hjóna, sem lengur lifir eftir látinn maka, verði rýmkaður með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til, að erfðahluti maka, þegar niðjar hins látna eru á lífi, verði ⅓ hluti eigna í stað ¼ hluta, eins og hingað til hefur verið. Í öðru lagi er ætlazt til, að í stað þess að maki taki aðeins helming arfs, er skipt er arfi með honum og útörfum hins látna, þá taki hann ⅔ hluta arfs, ef foreldri hins látna er á lífi, en ella allan arf.

Loksins er breytt heimild arfleifanda til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, þegar skylduerfingjar, niðjar eða maki, eru á lífi. Samkvæmt gildandi erfðalögum er honum heimilt að ráðstafa ¼ hluta eigna sinna, ef niðjar lifa, en helmingi eignanna, ef niðja nýtur ekki, en maki er á lífi. Í frv. er ákveðið, að arfleifandi geti ráðstafað með erfðaskrá ⅓ eigna sinna frá niðjum og maka, og er ráðstöfunarheimildin þannig rýmkuð gagnvart niðjum, en þrengd gagnvart maka.

Þetta eru aðalefnisbreytingarnar í frv., auk þess sem ýmsar breytingar varðandi setu í óskiptu búi og varðandi formshlið er að finna í þessu frv. og gerð grein fyrir þeim í aths. við einstakar greinar frv. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þær.

Náskylt þessu frv. er frv. til laga um breyt. á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna og frv. til l. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð. Þessi frv. eru öll í samhengi, og má segja, að reglur þeirra þriggja síðasttöldu leiði af sjálfu frv. um ný erfðalög. Sé ég þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þau sérstaklega.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. og hinum þremur frv., að lokinni umr. um þau, verði öllum vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 282).

Frsm. (Jón Pálmason): Hæstv. forseti. Þetta frv. til nýrra erfðalaga, sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv. og samið af tveimur mönnum, sem til þess voru valdir, þeim Ármanni Snævarr háskólarektor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. ágreiningslaust, og í hv. allshn. þessarar deildar var samþ. að mæla með því, að frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Í þessu frv. eru nokkrar breytingar frá eldri erfðalögum og mörg ákvæði, sem gerð eru skýrari en var, en meginbreytingarnar eru tvær, eins og tekið var fram af hæstv. ráðh. við 1. umr. málsins. Önnur breytingin er sú, að samkv. þessu frv. er ákveðið, að óskilgetin börn hafi erfðarétt eftir föður sinn eins og skilgetin börn hafa. Það má telja, að þetta sé mikil sanngirni, og þó að oft hafi þetta verið framkvæmt þannig, þá hefur það kostað nokkra vafninga og umsóknir og örðugleika haft í för með sér, sem ekki þurfa að verða, ef þetta frv. verður samþykkt. Það, sem einna gleggst mælir kannske með þessari breytingu, er, að það hefur miklu meira en fyrr tíðkazt á undanförnum síðustu áratugum, að trúlofað fólk býr saman eins og hjón að öllu leyti án þess að láta vígja sig í hjónaband. Og ein helzta orsökin til þess mun vera skattalögin, vegna þess að það hefur verið svo á undanförnum árum, að skattur hefur verið miklu hærri á hjónum en persónum, sem telja fram sitt í hvoru lagi, og að það komi að nokkru leyti fram á börnunum, er náttúrlega algerlega ósanngjarnt. Þessi breyting er þess vegna framför.

Hin aðalbreytingin er sú, að það er aukinn nokkuð réttur þess hjóna, sem lifir hitt, þannig að samkvæmt gildandi ákvæðum, sem lengi hafa verið í gildi, erfir eftirlifandi maki ¼ af eignum hins dána, en samkv. þessu frv. ⅓. Þetta kemur þannig út, ef við tækjum t. d. 100 þús. kr. eign, að þá væru það samkvæmt eldri ákvæðum 25 þús. kr., sem eftirlifandi maki fær, en samkv. þessu frv. rúml. 33 þús. kr. Þetta er í sjálfu sér líka sanngjarnt, vegna þess að þegar eftirlifandi maki verður annars vegar að annast uppeldi barnanna, hins vegar að halda áfram sínum atvinnurekstri, þá er það eðlilegt og sanngjarnt, að þessi erfðahlutur sé aukinn.

Ég skal taka það fram, að eftir að allshn. hafði skilað sínu áliti, sem var útbýtt hér í gær, barst öllum nefndarmönnum langt bréf og nokkrar brtt. frá Kvenréttindafélagi Íslands, og þær brtt. snerta aðallega framkvæmd á því, þegar eftirlifandi maka er leyft að sitja í óskiptu búi. Ég skal ekki ræða þessar brtt., en tel sjálfsagt, að þær verði teknar til athugunar, og er í því efni um það tvennt að ræða, hvort þessari umr. verði frestað nú vegna þessara brtt. eða hvort allshn. málið látið ganga til 3. umr. og nefndin taki tillögurnar til meðferðar á milli umræðna og fengi þá að sjálfsögðu umsögn dómsmrn. um þær. Hvort heldur verði, læt ég hæstv. forseta eftir að ákveða, hvort heldur skuli fresta þessari umr. vegna þessara brtt. eða þá geyma meðferð þeirra til 3. umr.

Að öðru leyti sé ég ekki — fyrir hönd allshn. — ástæðu til þess að fjölyrða á þessu stigi meira um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 57. og 58. fundi í Nd., 1. og 2. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 151, n. 282, frhn. 339, 334).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var tekið til 2. umr. hér í hv. Nd. þann 13. febrúar s. l., gat hv. frsm. allshn., Jón Pálmason, þess, að nefndinni hefði borizt erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands, þar sem farið var fram á, að gerðar væru á frv. nokkrar breytingar og við það aukið. Þar sem tillögur þessar eða ábendingar voru taldar þess virði, að þær yrðu athugaðar nokkru nánar, var umr.

um frv. frestað, en annars hafði allshn. mælt einróma með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Þeim Ármanni Snævarr háskólarektor og dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, en þeir höfðu samið frv., var síðan falið að segja álit sitt á fram komnum ábendingum Kvenréttindafélags Íslands svo og brtt. þeim við frv., sem hv. 1. þm. Vestf. hefur nú flutt á þskj. 334. Umsögn þeirra prof. Ármanns Snævars og dr. Þórðar Eyjólfssonar liggur nú fyrir, og er hún prentuð sem fskj. með framhaldsnál. allshn. á þskj. 339.

Sjálf hefur allshn. athugað og rætt nokkuð á fundi sínum nýlega erindi Kvenréttindafélagsins og brtt. hv. 1. þm. Vestf. og telur ekki ástæðu til að breyta fyrri afstöðu sinni til frv. þeirra vegna. Leggur nefndin því enn til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 11. landsk. þm. (GJóh), áskilur sér þó rétt til að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Fyrir efni þessa frv. hefur áður verið gerð grein í ræðu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. þess í þessari hv. d., svo og í ræðu frsm. allshn. við 2. umr. hér í deildinni.

Með frv. því, sem hér er til umr., var flutt frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum, nr. 3 1878, frv. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 1923, og frv. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 1943. Allar standa þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögum þessum, í sambandi við væntanlega setningu nýrra erfðalaga. Leggur allshn. til, að öll þessi þrjú frumvörp verði samþykkt óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. það, sem hér liggur fyrir, var til 2. umr., eftir að gefið hafði verið út nál., þar sem nefndin lagði eindregið til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, óskaði ég eftir því, að 2. umr. yrði frestað um málið og n. gæfist kostur á að athuga og ræða tillögur, er ég hafði hugsað að bera fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég vil leyfa mér að þakka hv. nefnd fyrir að hafa frestað málinu og gefið mér tækifæri til þess að semja þær tillögur og einnig fyrir að taka þær til athugunar, þó að ég hefði óskað eftir því, að álit nefndarinnar um tillögurnar hefði farið á annan veg.

Hér er um mjög viðkvæmt og stórt mál að ræða, og eina ástæðan fyrir því, að málið fær ekki nánari athugun hér í hv. Alþingi í báðum deildum þingsins, er raunverulega sú, að frv. er samið af erfðalaganefnd annars vegar og í samræmi við heildarlöggjöf um erfðir á Norðurlöndum hins vegar, enda kemur það skýrt fram í umsögn nefndarinnar um tillögur þær, sem ég hef borið fram, að meginástæðan fyrir því að leggja til, að þær verði felldar, sé sú, að það sé verið að raska því samkomulagi, sem gert hafi verið í erfðalaganefndinni á Norðurlöndum. Nú viðurkenni ég, að okkur beri að hafa fullt samkomulag um heildarlöggjöf við aðrar Norðurlandaþjóðir. Ég hef einnig tekið þátt í því starfi í Norðurlandaráði. En ég tel hins vegar, að það starf megi ekki ganga svo langt, að það striði á móti þeim hugsunarhætti, sem er orðinn rótfastur hér í íslenzku þjóðlífi í jafnmerku máli og erfðalöggjöf er. En því ber ekki að neita, að þetta erfðalagafrv., sem hér er nú komið til 2. umr. í síðari deild, fer töluvert aftur á bak við þau ákvæði, sem eru í gildandi erfðalögum, og það tel ég vera stóran ágalla á frv. Ég vil einnig í sambandi við það leyfa mér að benda á, að á síðasta þingi var borið hér fram frv. til l. um breyt. á erfðafjárskattslögunum. Og þessi lög hvor tveggja verða raunverulega hvorki rædd né athuguð nema saman, vegna þess að þau eru nátengd og fjalla um sama efni. Niðurstaðan hér í hv. Nd. varð sú, að það mál var afgreitt með rökstuddri dagskrá. En meginatriðið í því frv. var m. a. að færa til á milli flokka, svo að hægara væri að skattleggja erfðaflokkana, þar sem sýnt var, að ef ætti að halda erfðafjárskattinum, eins og hann nú er, óbreyttum, eftir því sem nefndinni sýndist, kæmi hann mjög ranglátlega niður, eins og ég síðar skal koma að. Hin rökstudda dagskrá, sem afgreidd var hér ágreiningslaust í hv. Alþingi um þetta mál í fyrra, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess: 1) að ríkisstj. láti þegar á næsta ári fara fram endurskoðun á erfðalögunum frá 1949 með tilliti til þess, að þeim verði breytt þannig, að rýrður verði verulega erfðaréttur fjarskyldra erfingja frá því, sem nú er," — ég vil benda á, að það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í þveröfuga átt við þessa samþykkt, sem þessi hv. deild afgreiddi á s. l. ári, — „2) að jafnframt verði gerðar tillögur til breytinga á lögum um erfðafjárskatt frá 1921 til samræmingar við breytingu á erfðalögunum, enda séu erfðafjársjóði með þeim breytingum tryggðar verulega auknar tekjur; 3) að þar til slíkar breytingar hafa verið lögfestar, noti ríkisstj. ekki þá heimild, sem felst í 6. gr. núgildandi laga um erfðafjárskatt um lækkun erfðafjárskatts í 5%, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Skömmu eftir að þessi dagskrá hafði verið samþykkt hér á Alþingi mótatkvæðalaust samkv. tillögum nefndarinnar, lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. til erfðalaga, 169. mál á því þingi, en það frv. er svo að segja óbreytt frá því frv., sem nú er hér til umr., og ganga þessi frumvörp bæði í öfuga átt við það, sem hv. deild samþykkti í þessu máli á s. l. þingi. — Mér þykir rétt að láta þetta koma hér fram.

Ég trúi því ekki að óreyndu, að þeir hinir sömu menn, sem voru þeirrar skoðunar, að erfðalögin þyrftu einmitt að breytast í þá átt, sem þar er lagt til, taki ekki að einhverju leyti undir þær tillögur, sem ég nú ber fram og fara í þá átt, sem lagt var til í fyrra í sambandi við umr. um þessi mál. En að sjálfsögðu sést það, þegar tillögurnar koma til atkvæða.

Höfuðbreytingar þær, sem ég legg til að gerðar verði á frv., eru þær, að flutt sé til á milli erfðaflokka, bæði frá því, sem nú er í gildandi lögum, og frá því, sem er í þessu frv. En erfðaflokkarnir eru nú þrír. Er fyrsti flokkurinn börn hins látna, annar flokkurinn foreldrar hins látna og þriðji flokkurinn afar og ömmur hins látna. Að óbreyttum lögum um erfðafjárskatt er sýnilegt, að ef frv. nær fram

að ganga nú, eins og það er hér til umr., þá fellur allt að 10% — fyrstu 10 þúsundirnar eru stighækkandi — af erfðafé samkvæmt fyrstu erfð í erfðafjársjóð, en aftur á móti 25% úr annarri erfð, þ. e. a. s. börn greiða í erfðafjársjóðinn allt að 10% af þeim hluta, sem fellur í þeirra hlut, en foreldrar verða að greiða 25% af þeim hluta, sem fellur til þeirra frá börnum. Hins vegar ber að greiða af þeim hluta, sem fellur frá barni til afa og ömmu, í erfðafjársjóðinn hvorki meira né minna en 50%. Fannst nefndinni þá, að það væri óeðlilegt, að barn greiddi aðeins 10% í erfðafjárskatt, en af hluta, sem fellur til afa og ömmu, skuli skylt að greiða 5-falt hærri skatt. Þess vegna taldi nefndin nauðsynlegt, að öll erfðalögin yrðu endurskoðuð með tilliti til þess að fá hér meira samræmi í hluti, sem eiga svo margt sameiginlegt.

Ég skal aðeins setja fram eitt dæmi í sambandi við þetta og sýna fram á, hversu óeðlilegt þetta getur orðið. Við skulum hugsa okkur, að foreldrar deyi ungir, skilji eftir sig eitt barn, sem væri t. d. drengur. Hann hefur ekkert að hverfa nema til afa og ömmu. Þau taka hann, ala hann upp og gefa honum menntun, sem kostar e. t. v. mikið fé. Síðan fengi hann ágæta stöðu, segjum, að hann yrði t. d. flugmaður, vátryggði sig hátt, yrði fyrir flugslysi og félli frá án þess að eiga nokkurn niðja. Þá mundi hálf sú upphæð, sem kæmi í hlut erfingja hans, t. d. vátryggingarupphæð, sem gæti numið heilli millj. kr., fara í erfðafjársjóðinn, en aðeins hinn helmingurinn til afa og ömmu, sem hafa þó borið allan þunga uppeldisins og alla menntunina. En ef um væri að ræða barn, sem tekur arf eftir foreldra sína, þá mundi það ekki greiða nema 10% í erfðafjársjóð. Þetta tel ég vera óþolandi ósamræmi og eiga að lagast. Það er að sjálfsögðu hægt að laga þetta með breytingum á erfðafjárskattslögunum, en það verður miklu flóknara, ef erfðaflokkarnir í sjálfum erfðalögunum eru ekki ákveðnir þannig, að það sé hægt að vísa til þeirra og þar ákveðið, hve mikið hver flokkur skuli greiða í erfðafjársjóð. Þetta er meginástæðan til, að ég óskaði eftir, að þetta væri tekið til athugunar.

Mín till. við 2. gr., án þess að lesa hana upp, er því sú, að fluttir séu í fyrstu erfð foreldrar, afi og amma og af því fé, sem til þeirra fellur, verði ekki greitt hærra af þúsundi en af því fé, sem börn erfa eftir foreldra sína. Auk þess verði skerðingin sú, að útarfar komi ekki til þess að fá þá arfahluta, eins og nú er eftir gildandi lögum. Ég sé ekki ástæðu til, að verið sé að skipta búum í fjöldamarga staði. M. a. tjáði sá mæti maður, dr. Björn Þórðarson, mér, að hann hefði einu sinni skipt hér búi í Reykjavík í 138 staði, og ég sé ekki, hvers vegna eigi að vera að parta niður erfðafé, sem kemur þá lítið til gagns fyrir viðkomandi aðila, en mundi koma miklu meira að gagni, ef því væri haldið til færri aðila, hvort heldur það væri í fjölskyldunni eða þá til erfðafjársjóðs, sem nú hefur tekið að sér að standa undir mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu.

Þegar athuguð er álitsgerð nefndarinnar, færir hún raunverulega engin önnur rök fram til stuðnings þeirri tillögu sinni, að mínar tillögur verði felldar, en það, sem hefur vakað fyrir löggjöfunum, þegar þessi lög eru samin, þ. e. að hafa heildarlöggjöf fyrir öll Norðurlönd, og það er það, sem nefndin leggur megináherzlu á, að ekki sé frá vikið. En eins og ég sagði áðan, tel ég ekki, að það eigi að vera aðalsjónarmiðið hjá okkur í sambandi við þessa löggjöf. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að í heilbr.- og félmn. Norðurlandaráðs voru teknar upp ár eftir ár tillögur frá Dönum um að samræma fóstureyðingarlöggjöfina fyrir Norðurlönd öll og lögð á það mikil áherzla að lögfesta íslenzku löggjöfina, því að hún væri mildust og viturlegust, og hafin stórsókn í því máli til að fá þá löggjöf viðurkennda um öll Norðurlönd. Það hefur ekki tekizt enn þá. Þar settu Norðmenn sig á móti mjög alvarlega og vildu ekki gangast inn á samræminguna. Og ég sé ekki heldur, að það hafi verið þörf fyrir okkur að ganga svo langt í að mæta óskum Norðurlandanna í þessu máli, að það sé farið lengra í að dreifa erfðafé í framtíðinni en gert er nú í gildandi lögum, og alveg sérstaklega eftir að tekin hefur verið sú stefna hér að láta allan erfðafjárskattinn renna í erfðafjársjóð, sem stendur undir þeim verkefnum að koma upp elli- og örorkuheimilum fyrir þá aðila í landinu, sem ríkissjóður eða sveitarsjóðirnir yrðu að standa undir að öðru leyti. En það er það verkefni, sem erfðafjársjóðurinn hefur nú með höndum. Og einmitt vegna þess, hversu sá sjóður er févana, en mikið fé þarf til þess að uppfylla þær þarfir, sem að kalla á því sviði, verður að tryggja honum fasta og örugga tekjustofna. Fyrir þessu þingi liggja tvö frumvörp til þess að tryggja milljónatekjur í þennan sjóð með beinum sköttum á neyzluvörur landsmanna vegna þess, hversu þörfin er óhemjumikil til þess að standa undir þeim verkefnum, og hv. alþm. skulu ekki loka augunum fyrir því, að það verður ekki undir neinum kringumstæðum staðið á móti því að láta nauðsynlegt fé til þessarar starfsemi á einn eða annan hátt í landinu, og er þá vafasamt, að það sé heppilegra að taka það á slíkan hátt, eins og lagt er til að sé gert með þeim frumvörpum, sem ég annars mæli ekki á móti, meðan ekki er séð nægilega fyrir framlögum til þeirra málefna á annan hátt. En er nokkuð heppilegra að taka það þannig heldur en að taka það af því erfðafé, sem skiptist til fjarskyldra erfingja í þriðja eða fjórða lið eða til systkinabarna og hinna og annarra útarfa, sem oft og tíðum hafa ekki nein tengsli við þá aðila, sem hafa aflað fjárins? Ég skal ekki fara langt inn á það atriði, en það eru mýmörg dæmi þess, að skipting erfðafjár hefur valdið alls konar fjandskap á milli erfingjanna. M. a. eru til um það sagnir, að í einu merku embættismannsbúi hér fyrir nokkrum tugum ára hafi ekki verið meira samkomulag hjá sjálfum systkinunum, svo að ekki sé nú farið lengra, en það, að saga varð í sundur merkan silfurgrip í fjóra parta, til þess að hver erfinginn gæti fengið sinn hluta, af því að ekkert samkomulag varð um, hver skyldi fá hann heilan. Mætti telja mýmörg dæmi, sem sýna, að það er ekki að öllu leyti hvorki létt né rétt að láta erfðaféð ganga til útarfa.

Ég sé, að Kvenréttindafélag Íslands hefur einnig sent ýtarlegt erindi til hv. nefndar og óskað eftir því, að teknar væru til athugunar ýmsar ábendingar í sambandi við skipti á dánarbúum og sérstaklega sá kafli, þar sem kveðið er á um í lögunum, hvaða reglur skuli gilda um, þegar maki situr í óskiptu búi, og sést í álitsgerð nefndarinnar, að hún telur, að þessi ákvæði flest ættu heima í lögum um skiptingu búa og ættu ekki heima í þessu frv., sem hér er til umræðu. En ef svo er, hvers vegna er þá nefndin að leggja til, að II. kafla laganna sé haldið í þessu frv.? Mér skilst, að ef það er nokkur rökrétt hugsun hjá nefndinni, þá ætti hún einnig að leggja til, að II. kafli, um óskipt bú, væri fluttur inn í þá löggjöf og þá tekin upp þar þau ákvæði, sem hér er bent á, því að vissulega eru mörg af þeim ákvæðum mjög athyglisverð. Ég vil nú biðja hv. nefnd að athuga, hvort ekki væri rétt að fella þennan kafla alveg í burtu og semja þá um það mál annaðhvort nýja löggjöf eða fella kaflann inn í önnur lög, úr því að það er ótvíræð skoðun nefndarmanna, að þessi ákvæði, sem þeir treysta sér ekki til að mæla á móti, eigi ekki heima í þessum lögum, heldur í lögum um óskipt bú. En langur kafli er hér einmitt um slík ákvæði.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að það liggur nú fyrir hér í þinginu kafli um breytingar á lögum um skiptingu búa. Væri þá ekki rétt í sambandi við afgreiðslu þess máls að taka upp ekki einungis þær tillögur, sem bornar eru hér fram af Kvenréttindafélaginu, heldur og allan kaflann úr frv. um að sitja í óskiptu búi? Mér finnst vera miklu meira vit í því en að ganga frá frv. á þann hátt að víkja í burtu fjöldamörgum atriðum, sem nefndin sjálf viðurkennir að séu athyglisverð og þurfi ef til vill að fella inn í löggjöfina.

Ég skal ekki lengja mikið þessar umræður. Það er sýnilegt, að þessar tillögur mínar fá ekki hér stuðning hv. nefndar, ef til vill fá þær ekki heldur neinn eða litinn stuðning í hv. deild. Það er þó ekki lokastig þessa máls, þótt þær nái ekki fram að ganga, því að með breytingu á erfðafjárskattslögunum er hægt að gerbreyta sjálfum erfðalögunum. Og það verður áreiðanlega tekin upp barátta fyrir því, að erfðalögin, þótt þau verði samþykkt nú, þá skerði þau á engan hátt þær tekjur, sem erfðafjársjóðnum eru ætlaðar. Þess vegna sæki ég ekki eins fast, að mínar tillögur verði samþykktar, eins og ég hefði gert, ef samþykkt frv. kæmi til þess að hafa áhrif á tekjur erfðafjársjóðsins. En það var miklu eðlilegra og léttara að ákveða erfðafjárskattinn sanngjarnan og eðlilegan með því að skipta erfðaflokkunum öðruvísi en hér er gert með þessu frv., og það var meginástæðan fyrir því, að ég bar fram mínar tillögur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Brtt. og athugasemdir þær, sem fram hafa komið við þetta frv., hafa nú verið til athugunar hjá þeim lögfræðingum, sem unnu að samningu sjálfs frv., og gera þeir, eins og að hefur verið vikið í umræðunni, grein fyrir skoðun sinni á því efni í sérstakri álitsgerð, sem prentuð er sem fskj. með framhaldsnál. hv. allshn. Skal ég ekki rekja það, en einungis taka fram, að ég er þeim athugasemdum, svo langt sem þær ná, sammála.

Þó er sérstök ástæða til þess að víkja að því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Vestf., hélt fram, að eðlilegast væri að taka kaflann um óskipt bú út úr þessu frv. og hafa hann þá í sjálfum skiptalögunum, og styður það að nokkru við ummæli í álitsgerð erfðalaganefndarinnar. Ég vil einungis vekja athygli á því, að þarna er nokkur misskilningur, vegna þess að í II. kafla þess frv., sem nú liggur fyrir, er fyrst og fremst um að ræða, hvenær réttur sé til að sitja í óskiptu búi og hvaða réttarstaða skapist, þegar sá háttur er á hafður. Í skiptalögunum er hins vegar verið að ræða um allt annað, sem sé hvernig skipti eigi að fara fram, þegar á annað borð er skipt. Á þessu er ljós meginmunur, sem ég veit að menn átta sig á, strax og á þetta er bent. Hitt er svo annað mál, eins og kom fram í hv. Ed. og í þessu bréfi Kvenréttindafélagsins og einnig lýsir sér í tillögu, sem tveir hv. þingmenn úr Ed. hafa flutt í sameinuðu þingi um endurskoðun skiptalaganna, að þau eru orðin gömul, sett 1878, og þess vegna trúlegt, að tími sé kominn til þess að endurskoða þau. Og ég get lýst því yfir, að ég er því samþykkur, að sú þáltill., sem fram er komin um þá endurskoðun, verði samþykkt. En þær reglur, sem í nýjum skiptalögum yrðu settar, mundu fyrst og fremst fjalla um framkvæmd skiptanna, en ekki um rétt til að sitja í óskiptu búi eða það réttarástand, sem þá myndast, þegar seta í óskiptu búi er heimil og ákveðin. Það er og eftirtektarvert, að hv. 1. þm. Vestf., sem er allra manna mestur áhugamaður um þessi efni og einkar vel að sér í þeim, hefur ekki talið ástæðu til að taka upp í brtt. sínar neinar af þeim tillögum, sem Kvenréttindafélagið hreyfir, heldur bendir á, að þá væri nær að fella burt II. kafla sjálfs frv., en sú till. hans hvílir, eins og ég benti á áðan, á nokkrum misskilningi. Ég held því, að sá bezti háttur verði á hafður varðandi þessar ábendingar Kvenréttindafélagsins, að frv. verði þrátt fyrir þær samþykkt óbreytt, en dómsmrn. hlutist síðan, eftir áskorun Alþingis eða án hennar, eftir því sem þingið sjálft vill, til um það, að efnt verði til endurskoðunar á sjálfum skiptalögunum. En það er einhver flóknasta lagasetning og sízt við almenningshæfi að átta sig á af allri réttarfarslöggjöfinni, sem þó er ærið flókin, og þess vegna ekki von, að breytingar verði gerðar á henni nema eftir mikla íhugun og yfirlegu af hálfu þeirra manna, sem bezt eru að sér fræðilega í þeim efnum og mesta hafa æfinguna.

Varðandi brtt. hv. þingmanns, sem hér talaði áðan, 1. þm. Vestf., þá lýsti hann því alveg réttilega, að áhugi hans beinist fyrst og fremst að nokkuð öðrum þætti þessa máls en fjallað er um í þessu frv., sem sé að því, hvaða reglur skuli gilda um erfðafjárskatt, og hann minnti á rökstudda dagskrá, sem samþykkt var um þetta efni hér í deildinni í fyrra. Nú er það svo, að samning erfðalaga heyrir undir annað ráðuneyti en samning frv. um breyt. á erfða-

fjárskatti. Þar er um sitt hvort efnið að ræða. En ég vil segja, að það er a. m. k. forsenda þess, að hægt sé að semja nýtt frv. um erfðafjárskatt, að búið sé að kveða á um, hvaða reglur menn hugsi sér að gildi um sjálfar erfðirnar, því að því firnari sem erfðir eru, því meiri ástæða er til þess að skatta þær þunglega. Þess vegna er skoðun mín, að það séu skynsamleg vinnubrögð, að Alþingi nú fyrst taki afstöðu til þess, hvort setja eigi ný erfðalög, og síðan verði, að þeirri ákvörðun tekinni, snúið sér að því, hvort menn sjá sér fært eða telja ástæðu til að setja nýjar reglur um erfðafjárskattinn.

Hv. þm. sagði, að það væri meginhugsun sín með þessum sínum lagabreytingum að gera breytingar á erfðafjárskattslögunum auðveldari og gleggra fyrir menn að átta sig á, hvaða skattreglur giltu um hvern erfðaflokk um sig. Ég efast ekki um, að hv. þm. hafi rétt fyrir sér í þessu. En á því er sá annmarki, að sjálfar erfðareglurnar verða mun flóknari og erfiðara að átta sig á þeim eftir þeirri uppsetningu, sem hann leggur til að höfð sé, heldur en er samkvæmt sjálfu frv., og þar sem hér er, eins og hv. þm. tók fram, í raun og veru um sitt hvort atriðið að ræða, þá held ég, að það fari betur á því áfram eins og hingað til að halda þessu tvennu aðskildu og láta þá framsetningu, sem í frv. er nú, haldast. Það er enginn vafi á því, að það er mun hægara að átta sig á því eftir henni, hverjar erfðareglur gildi, heldur en eftir tillögum hv. þingmanns. Ég hef reynt að bera þetta saman og átta mig á því, hvað í hvoru um sig felst, og mér sýnist, að reglur frv. séu auðskildari, og hið sama kemur fram hjá þeim lögfræðingum, sem samið hafa álitsgerðina, að þeir telja frv. ljósara í þessu efni og þeim mun ljósara, að þeir telja nokkur vandkvæði á því að átta sig á, hvað í brtt. felst.

Hitt er svo auðvitað endalaust deiluefni og þrætu, hversu víðtækur erfðaréttur skuli vera. Á sínum tíma má segja að ég hafi borið ábyrgð á erfðalögunum 1949. Þau voru samin að minni tilhlutan og flutt sem stjórnarfrv., þegar ég þá var dómsmrh. Eftir á efast ég þó ekki um, að þá var gengið of langt í breytingum, og eins og hv. þm. tók dæmi áðan af erfðafjárskatti, að hann kæmi misjafnlega niður og stundum nokkuð af handahófi, þá er því miður hægt að benda á alveg tiltekin raunhæf dæmi um erfðarétt samkvæmt lögunum frá 1949, þar sem mikils handahófs virðist gæta og tilviljun ráða um niðurstöður. Ég hygg því, að sú breyting, sem í þessu frv. er gerð og hv. þm. sagði að væri aftur á bak, — og er það að vissu leyti frá sjónarmiði þeirra, sem vilja takmarka erfðarétt og kannske þar með eignarrétt sem allra mest, — að þær breytingar, sem gerðar eru með frv., fara þó ekki lengra aftur á bak frá þessu sjónarmiði heldur en lagareglur standa til um í hinum mjög viðurkenndu velferðarríkjum, í hinum Norðurlöndunum, þannig að ég hygg, að ekki sé hægt að segja, að erfðaréttur sé verndaður óhóflega eða farið langt aftur í forneskju um viðurkenningu hans, meðan þó er ekki farið lengra í að halda honum við heldur en ætlunin er í alveg nýlegri löggjöf og tillögum þessara umgetnu þjóða. Að vísu er rétt, sem hv. þm. sagði, að þó að eðlilegt kunni að vera og sé oft að hafa sem mest samstarf í löggjöf milli Norðurlandaþjóðanna, þá á ekki að fara svo langt í þeim efnum, að brotið sé á móti viðurkenndum réttarhugmyndum í hverju landinu um sig. En ég minni á, að þær réttarreglur, sem hér er verið að örlitlu leyti og einungis örlitlu leyti að færa í fyrra horf, hafa þó ekki staðið lengur en frá 1949 og voru þá mjög róttæk breyting frá því, er áður hafði gilt. Og ég vil sannast að segja mjög efast um, að allur almenningur og jafnvel allir lögfræðingar hafi áttað sig á, fyrr en ákveðin dæmi komu fram um, hversu langt var gengið í breytingunni frá 1949 og hversu hún gat í sumum tilfellum komið mjög einkennilega niður. En þar að auki skulum við viðurkenna, að það er auðvitað beint heppilegt, að með svo skyldum þjóðum, sem við höfum svo margháttuð samskipti við eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar, sé í slíku grundvallaratriði eins og erfðarétti jafnlíkar reglur og réttarhugmyndir hverju sinni leyfa.

En ég skal ekki þræta um þetta. Hér koma oft svo persónuleg tillit til, þegar á að fara að meta, hvort erfðaréttur í einstöku tilfelli sé sanngjarn eða ekki, að það er í raun og veru ákaflega erfitt að setja reglur, sem menn fyrir fram geti verið sannfærðir um að rati hið rétta meðalhóf. Það má sjálfsagt ætið benda á, að tiltekin regla komi illa niður og að stundum fái einhver arf, sem í raun og veru sé ekki eðlilegt að erfi, í öðrum tilfellum séu menn sviptir arfi, sem erfa hefðu mátt, ef full sanngirni hefði verið viðhöfð. Og þá er þess einnig að gæta, að þarna er ekki um skylduarf að ræða á þann veg, að ekki sé hægt að svipta menn þessum erfðarétti með erfðaskrá, svo að ef um verulegar fjárhæðir er að ræða og menn hafa í raun og veru viljað ráðstafa eigum sínum á annan veg, þá hafa þeir möguleika til þess, bæði samkv. núgildandi lögum og þessu frv. En mér dettur ekki í hug, að ekki megi þræta um einstök atriði þessa frv., né neita því, að það séu nokkuð tilviljanakenndar niðurstöður, sem af því geti leitt. En engu að síður hygg ég þó, að það sé til bóta að setja þessar reglur, það leiði til sanngjarnari niðurstöðu en er samkv. gildandi lögum. Einkanlega vek ég athygli á því sama sem hv. 1. þm. Vestf. lagði meginherzlu á í sinni ræðu, að hann getur komið sínum hugsjónum fram um sem mestar tekjur í erfðafjársjóðinn í raun og veru að mestu leyti án tillits til þeirra reglna, sem settar eru í þessum lögum, heldur er með þeim verið að skapa grundvöll til þess að taka erfðafjárskattslöggjöfina upp til nýrrar endurskoðunar, og þá kemur til mats á því, hversu langt menn treysta sér til að ganga í skattheimtunni.

Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt, en síðan verði í samræmi við þá þál., sem hér var samþykkt í fyrra, snúið sér að því að endurskoða erfðafjárskattslögin og sjá, hvort menn finna þá lausn á því máli, sem meiri hluti Alþingis geti komið sér saman um.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get að mörgu leyti sætt mig við þá skoðun, sem hæstv. ráðh. hefur sett hér fram, og er honum sammála í

því, að ég tel, að sumt í þessu frv., sem hér er til umr., sé til bóta, og mun þar af leiðandi greiða atkv. með frv., þó að það verði samþykkt óbreytt. Ég tel m. a., að það sé til bóta að stækka hlut eftirlifandi maka, og tel það vera veigamikið atriði í frv. Og þó að menn séu ekki að öllu leyti ánægðir með ákvæði frumvarps, þá gefst tími alltaf til þess að gera við það breytingar síðar meir, þegar reynslan sýnir, hvar skórinn kreppir mest að, svo að ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með frv., þó að mínar tillögur verði ekki samþykktar.

Ég er sérstaklega þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að hafa lýst því hér yfir, að þegar þetta frv. hefði náð fram að ganga og væri orðið að lögum, þá yrði snúið sér að hinum hluta þál., um endurskoðun á lögum um erfðafjárskattinn, því að eins og kom fram í umræðum um þessi mál á s. l. þingi, var nauðsynlegt að ákveða með nýrri erfðalöggjöf, hvernig flokka skuli arftaka. Um þetta er ég honum sammála, enda leit síðasta þing svo á, að ekki væri hægt að ganga að öllu leyti frá endurskoðun á lögum um erfðafjárskatt, nema því aðeins að það væri fyrst ákveðið, hvernig ný erfðalög skyldu hljóða, svo að þar er ég alveg sammála hæstv. ráðh. og þakka honum fyrir þá yfirlýsingu, sem hann hefur gefið hér í því máli.

En það er sýnilegt, að þeir menn, sem hafa þá skoðun, að erfðafjársjóðurinn verði að fá meiri tekjur en hann hefur nú, verða að gera um það tillögur og berjast fyrir því, að hærri og meiri skattur sé tekinn af útörfum en verið hefur, eftir að búið er að ákveða það með löggjöf, að ekki skuli fækka útörfum, því að það er sýnilegt, að með þessum lögum, sem hér er verið að setja, eins og hæstv. ráðh. hefur viðurkennt, er útörfum ekki fækkað, heldur er þeim einmitt fjölgað, gengið miklu lengra inn á þá braut en gert var með lögunum frá 1949, en þá löggjöf undirbjó núverandi hæstv. dómsmrh. Var ég honum mjög þakklátur fyrir það verk, því að þar var farið miklu lengra inn á þá braut að fækka fjarskyldari erfingjum en verið hafði. En með þessu frv. er aftur stigið sporið til baka, eins og ég hef minnzt á. Hæstv. ráðh. gaf hér þá skýringu á þessu, að reynslan hefði sýnt, að hér hafi verið of langt gengið árið 1949. Um það skal ég ekki deila. En mín skoðun er sú, að það hefði átt að ganga enn lengra um fækkun en þá var gert.

En ég vil, áður en ég lýk máli mínu, benda á, að ein mgr. í brtt. mínum, við 2. gr., er alveg nýmæli, sem kemur ekki því við, hve margir útarfar skuli taka arf, en það er, að karl og kona, sem búið hafa saman í þrjú ár eða meira, eiga saman niðja og eru samvistum, þegar annað deyr, eigi að hafa sama rétt til arfs og þótt gift hefðu verið. Til þessarar tillögu tekur erfðalaganefndin alveg ákveðna afstöðu. Hér er um mikið efnisatriði að ræða. Nefndin leggur á móti því, að farið sé inn á þá leið og telur hana hættulega. En ég vil biðja hv. alþm. að gera sér ljóst það ástand, sem ríkir hér í þessum málum, áður en gengið er til atkv. um þetta mál. Við skulum ekki loka augunum fyrir því, að fjöldi fólks býr saman ógift og það í vaxandi mæli, eiga börn saman, síðan fellur maðurinn frá og það miklu oftar en konan, skilur hana eftir fjárvana eftir kannske að hafa búið með henni í fjöldamörg ár, og hún hefur samkv. frv. óbreyttu lítinn eða engan rétt samanborið við það, ef hún væri gift. Það má segja sem svo, að það sé hennar sök. Það getur vel verið. Það er náttúrlega ýmislegt, sem kemur þar til greina. En það er vitanlegt, að á þessu eru mjög mikil vandkvæði og það verður á einn eða annan hátt, ef ekki í þessum lögum, þá á einn eða annan hátt að bæta hér úr. Tryggingastofnun ríkisins hefur viðurkennt rétt karls og konu, sem eiga börn og búa saman, til bóta eins og gift væru. Og þá sýnist mér, að það sé alveg rökrétt afleiðing af því að viðurkenna einnig erfðarétt þessara aðila, svo sem lagt er til í tillögu minni. Tryggingastofnun ríkisins er skyldug til þess að greiða sömu bætur til þessa fólks eins og það hefði verið gift, og ég sé ekki, að það sé neinn munur þar á, að löggjöfin þá einnig í sambandi við erfðalögin ákveði: Þennan rétt skal makinn hafa til samræmis við tryggingalöggjöfina.

Nú var því mjög haldið fram af varaþm. 4. þm. Norðurl. v., sem var formaður í n. í fjarveru 4. þm. Norðurl. v., að skattalög undanfarinna ára ættu stórkostlegan þátt í því, að fólk gifti sig ekki og byggi saman ógift og ætti börn saman ógift, beinlínis til þess að komast undan skattalögunum. Ef það er staðreynd, að svo væri í stórum stíl, þá ber löggjafanum enn meiri skylda til að tryggja þessum sömu aðilum með því ákvæði, sem hér er lagt til, erfðarétt í þeim erfðalögum, sem nú er verið að setja, því að það væri að höggva tvisvar sinnum í sama knérunn, fyrst að semja skattalög, þar sem fólkið verður að flýja annaðhvort úr hjónabandinu eða verjast hjónabandi, vegna þess að það séu of þungir skattar þannig, og neita svo hins vegar um þann rétt, sem þau siðferðislega eiga í sambandi við það fé, sem þau hafa aflað sameiginlega í sameiginlegu búi, þótt þau hafi ekki gift sig, vegna þess að þau vilja ekki á þann hátt beygja sig undir skattaákvæði, sem samþykkt hafa verið á Alþingi. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram hér, áður en gengið er til atkv. um málið.

Ég vil svo endurtaka það, að ég mun fylgja sjálfu frv., þó að tillögur mínar verði ekki samþykktar, vegna þess að ég tel, að í því séu margar breytingar til hins betra, þó að aðrar séu, sem ég hefði kosið að væru teknar í burtu.

ATKVGR.

Brtt. 334,1 felld með 19:2 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 334,2 felld með 17:6 atkv.
— 334,3—4 tekin aftur.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
23.—26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
27.—33. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
34.—53. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
55.—56. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
57.—61. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

---

18. Skipti á dánarbúum og félagsbúum.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878 [96. mál] (stjfrv., A. 152).

Á 25. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta dagskrármál né heldur hin tvö, sem á dagskránni eru, sem eru öll flutt í sambandi við 1. dagskrármálið eða breytinguna á erfðalögum. Þar er, í því frv., reynt að taka sem mest saman öll þau lagaákvæði, sem varða erfðir, en þó eru á einstaka stöðum annars staðar ákvæði, sem skipta máli í þessu sambandi, eins og í lögunum um skipti á dánarbúum og félagsbúum, sem hér er lagt til að nokkur breyting sé gerð á, sem er þó aðeins í því fólgin og í framhaldi af ákvæðum í hinu frv., erfðalagafrv., að taka af öll tvímæli. Þótt ekki sé hér um verulega efnisbreytingu að ræða, töldu þeir, sem stóðu að samningu frv., að það mundi vera öruggara að gera um leið þessa breytingu á lögunum um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl.
Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 197).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í sambandi við setningu nýrra erfðalaga hefur þótt sjálfsagt að setja skýrum orðum þá eðlilegu og sjálfsögðu reglu, sem felst í þessu frv. Allshn. mælir með því, að frv. sé samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. frv. til l. um breyt. á erfðalögunum ræddi ég nokkuð þessi mál í heild. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat hér um áðan, þá hefur nefndin yfirfarið þessi frumvörp, að mér skilst, síðan við 2. umr., og ekki hugsað sér að breyta þeim neitt.
Þetta frv., sem hér um ræðir, er ekki yfirgripsmikið. Það gefur aðeins eina örlitla bendingu um það, hversu nátengd erfðalögin eru skiptalögunum. Og því virtist það vera nokkuð eðlilegt, að þegar erfðalögin höfðu hlotið jafnýtarlega endurskoðun og þar virðist vera, þá hefðu skiptalögin einnig hlotið sams konar endurskoðun. En svo hefur ekki verið. Og ég hef nú frá því við 2. umr. þessa máls kynnt mér nokkuð skiptalögin og komizt að þeirri niðurstöðu, að sú löggjöf þarf mjög mikilla endurbóta við. Sem kunnugt er, þá er þessi löggjöf frá árinu 1878, og þess er því tæplega að vænta, að í öllum aðalatriðum séu lögin fullnægjandi nú, mörgum áratugum síðar. Það er varla þess að vænta, að þeir, sem þá hafa farið með löggjafarvald þjóðarinnar, hafi verið svo framsýnir menn, að löggjöfin þurfi ekki endurbóta við nú eftir svo langan tíma. Og þótt maður grípi ekki niður nema rétt á einum stað, eins og t. d. í 91. gr. skiptalaganna, þá stendur þar, með leyfi forseta:
„Amtmaður veitir umboðið, þegar skiptaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sé því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu og menn þeir, er tilnefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiptaforstjóra, sem eigi eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiptaforstjóri, sem tilnefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá eða getur eða vill eigi skipta búinu og enginn annar hefur verið tilnefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað."
Þessi litla lagagrein færir okkur í raun og veru heim sanninn um það, hvernig þessi löggjöf er og á hverju hún er byggð. Hún er byggð á landshöfðingjatímabili þjóðarinnar, þegar erlent konungsvald ríkti hér á landi. Ég veit ekki til, að neinn landshöfðingi sé hér á landi, sem geti veitt þetta leyfi, nema ef það væri í þessu tilfelli hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson. Ég veit ekki, að þar stæði annar nær, og séu lögin tekin bókstaflega, eins og yfirleitt er gert með lög, þegar ber að dæma eftir þeim, þá efast ég um, að þessi lagagrein fái staðizt. Og hver er amtmaður í hlutaðeigandi héruðum? Eða hverjir eru amtmennirnir núna? Ég hélt, að fyrir löngu væri búið að afnema þá aðila í þjóðfélaginu. Ég gæti hugsað mér, að forseti sameinaðs þings, sem er bæjarfógeti á Akureyri, væri í þessu tilfelli amtmaður á Norðurlandi. En ég hygg, að hann sé það þó ekki í þess orðs bókstaflegu merkingu.
Þessi lagagrein sýnir það fyrst og fremst,

hversu úrelt þessi löggjöf er orðin á fjölmörgum sviðum, þar sem hún er mynduð á konungstímabilinu og landshöfðingjatímabilinu og því ekki þess að vænta, að hún sé fullnægjandi nú.

Ég ætla mér ekki að flytja neinar brtt. við þetta frv. En hins vegar, eftir að ég hef kynnt mér þessa löggjöf, er ég staðráðinn í því að flytja till. í sameinuðu Alþingi þess efnis, að þessi löggjöf fái endurskoðun hið allra bráðasta og verði lögð fram í Alþingi, áður en mörg ár líða, í breyttu og betra formi og aðgengilegra en nú er.

Það er að sjálfsögðu mjög gott að hafa mjög greinileg og góð erfðalög. En framkvæmd erfðalaganna byggist á því, að þeir, sem með skipti dánarbúa fara í landinu, hafi greinileg og góð lög til að fara eftir, því að bara með skiptum dánarbúa má eyðileggja tilgangsgóða erfðalöggjöf. Þess vegna er það engu þýðingarminna, að skiptalögin séu fullkomin og athuguð í fullkomnu samræmi við þá endurskoðun, sem erfðalögin hafa hlotið. Og ég er líka sannfærður um það, að í skiptum dánarbúa hér á landi, ef þau mál eru rannsökuð ýtarlega, þá komumst við að þeirri niðurstöðu, að framkvæmd skiptanna fellur og stendur með þeim mönnum, sem eiga að framkvæma þessi verk, en ekki með löggjöfinni sjálfri, því að það er svo rúmt um hendur þar víða, sem þessir aðilar hafa, að þó að þeir breyti mjög misjafnlega, þá er kannske ekki hægt að segja, að neitt af því stangist á við lög. En til hvers eru þá erfðalög, ef þau eiga ekki með glöggri og greinilegri skiptalöggjöf að ná tilgangi sínum?

Ég vildi benda á þetta við þessa umr., af því að ég veit, að hv. þm. er ef til vill ljóst, hvernig þessi löggjöf er, og ef til vill ekki ljóst, hvernig hún er, og til þess að þeir, þegar þar að kemur, stuðli að því, að þessi löggjöf fái góða endurskoðun, sem nauðsynleg er, svo að erfðalögin, sem nú hafa hlotið mjög greinilega endurskoðun, fái notið sín.

Ég vil einnig minnast á það, af því að mér er það kunnugt, að fyrir hv. allshn. þessa þings lágu tillögur frá Kvenréttindafélagi Íslands um ýmis atriði varðandi erfða- og skiptalöggjöfina. Ég tel, að ýmsar af þeim tillögum hafi við rök að styðjast. Og ég tel líka, að um leið og skiptalögin verða endurskoðuð, þá verði þau sjónarmið, sem Kvenréttindafélagið varpar fram, höfð í huga við þá endurskoðun. Að sjálfsögðu ber að leita til margra fleiri aðila, þegar að því kemur að endurskoða þessa löggjöf, auk þess sem ég geri ráð fyrir, að þar sem annars staðar verði sérfræðingar hafðir með í ráðum, eins og færustu menn okkar í lögum og lagasmíðum.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta nú meira, en ég vil benda á, hversu úrelt þessi löggjöf er og þýðingarmikið, ekki síst eftir endurskoðun erfðalaganna, að þessi löggjöf hljóti sömu og eigi minni endurskoðun en erfðalögin. Ég mun síðar á þessu þingi flytja till. um, að endurskoðun á þessari löggjöf fari fram, þar sem ég tel það mjög nauðsynlegt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 48., 57. og 58. fundi í Nd., 13. febr., 1. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 152, n. 283).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 355).

---

19. Réttindi og skyldur hjóna.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923 [97. mál] (stjfrv., A. 153).

Á 25. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er eins með þetta mál og 2. dagskrármálið, að það þótti hentara í sambandi við samningu erfðalagafrv. að gera nokkrar breytingar á lögunum um réttindi og skyldur hjóna. Hér er um tvær breytingar að ræða, en önnur er aðeins formbreyting. Hins vegar er efnisbreyting á 29. gr. þeirra laga, þar sem lagt er til, að unnt sé að gera kaupmála þess efnis, að tiltekið verðmæti verði séreign hjóna, en við andlát annars þeirra skuli fara um verðmæti þetta sem hjúskapareign. Þetta þótti eðlileg breyting með hliðsjón af fenginni reynslu.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 198).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur skoðað þetta frv. Hún telur þá nýbreytni, sem í því felst, skynsamlega og mælir með því, að það sé samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 48., 57. og 58. fundi í Nd., 13. febr., 1. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 153, n. 284).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

---

20. Ættaróðal og erfðaábúð (stjfrv.).

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943** [98. mál] (stjfrv., A. 154).

Á 25. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til þess að taka af tvímæli, sem kynnu að skapast á skilningi erfðalaganna annars vegar eða frv. til erfðalaga, sem nú liggur fyrir, ef það yrði að lögum, og laga um ættaróðal og erfðaábúð. Það, sem í þessu felst, er í raun og veru að taka af tvímæli um það, að ákvæði erfðalaga um skylduarf sé því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja.
Þetta er, eins og ég sagði, aðeins til þess að ekki verði misskilningur um skilning þessara laga, hvernig fara skuli, þegar skýra skal ákvæði þeirra í sambandi við hin almennu erfðalög.
Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 199).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessu frv. er ætlað að taka af öll tvímæli um skilning á heldur óljósum lagaákvæðum. Allshn. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 48., 57. og 58. fundi í Nd., 13. febr., 1. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 154, n. 285).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 357).

---

21. Framsal sakamanna.

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar [129. mál] (stjfrv., A. 258).

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt vegna samkomulags, sem komizt hefur á milli hinna Norðurlandanna, og löggjafar, sem sett hefur verið þar varðandi framsal sakamanna. Það er ráðgert, að Ísland gerist einnig aðili að þessu samkomulagi, og er frv. í samræmi við þá löggjöf, sem í hinum löndunum hefur þegar verið sett. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umræðu og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 258, n. 281).

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til, að mörg orð séu höfð um þetta frv., enda var því fylgt úr hlaði með ræðu hæstv. dómsmrh., og hef ég þar engu við að bæta. Að athugun allshn. lokinni var hún ágreiningslaust sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 19. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er í samræmi við lög, sem sett hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um framsal sakamanna milli þessara ríkja innbyrðis og milli þeirra og Íslands. Löggjöfin í öllum þessum löndum er að mestu leyti samhljóða og byggð á samningum milli ríkjanna. Það þykir eðlilegt, að sams konar reglur séu settar hér á landi, og er frv. samið af lögfræðingum, sem til þess voru kvaddir, og hv. Nd. hefur þegar athugað málið. Vonast ég til, að ekkert sé í því, er ágreiningi getur valdið.
Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 258, n. 333).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Eins og fyrirsögn þessa frv. segir til um, þá fjallar það um skilyrði til þess, að framsal sakamanna eigi sér stað milli Norðurlanda innbyrðis. Um mál þetta var fjallað á sínum tíma í laganefnd Norðurlandaráðs og þar gert ráð fyrir, að lagasetningu sem þessari yrði komið á í hverju landi um sig. Þegar hafa verið sett um þetta lög á hinum Norðurlöndunum fjórum, efnislega samhljóða þessu frv., og rekur Ísland nú lestina.
Um efni frv. er þess í fyrsta lagi að geta, að það leggur ekki skyldur á herðar ríkisstj. að framselja sakamenn, heldur er hér um heimildarlög að ræða, heimildarákvæði. Margvíslegar takmarkanir eru þó á þeirri heimild. Um takmarkanir til þess, að heimilt sé að framselja íslenzka ríkisborgara, er fjallað í 2. gr. frv., en þar segir svo í fyrri mgr., að íslenzkur ríkisborgari verði því aðeins framseldur, að hann hafi verið búsettur tvö síðustu árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða að þyngri refsing en fjögurra ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenzkum lögum.
Í 4. gr. frv. segir síðan, að ekki megi framselja íslenzka ríkisborgara vegna stjórnmálaafbrota, og í 5. gr., að framsal sé óheimilt, ef hér á landi hefur gengið dómur um verknaðinn, dómsátt verið gerð eða ákæru frestað skilorðsbundið. Gildir það raunar einnig um erlenda ríkisborgara. Um framsal þeirra eru að ýmsu leyti ekki eins strangar reglur í frv., en meginreglurnar felast í 1. og 2. mgr. 3. gr., en þar segir, að ekki verði maður framseldur til saksóknar, nema þyngri refsing en fésektir liggi við brotinu í því landi, sem framsals óskar, og ekki verði maður framseldur til að þola full-

nægju dóms, nema dæmd hafi verið refsivist eða vistun á hæli hafi verið dæmd eða ákveðin samkvæmt heimild í dómi.

Beiðni um framsal manns skal send dómsmrn., en ráðuneytinu ber að senda beiðnina til saksóknara ríkisins, sem lætur rannsaka málið og sendir ráðuneytinu síðan álitsgerð um það. Þá getur maður, sem óskast framseldur, krafizt úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi, og má kæra úrskurð sakadóms til hæstaréttar.

Þessi atriði, sem ég hef nú nefnt, ætla ég að séu meginefni frv. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), var ekki viðstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Ég vil að lokum geta þess, að í frv. eru prentvillur. Ein hinna meinlegustu er í 17. gr., næstsíðustu línu á bls. 4. Þar stendur: 2. mgr., en á að vera 3. mgr. Þessar prentvillur verða að sjálfsögðu leiðréttar í prentun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 364).

---

22. Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni** [166. mál] (stjfrv., A. 358).

Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sameinuðu þjóðirnar eiga um þessar mundir við mikil greiðsluvandræði að stríða, og er talið, að á miðju þessu ári verði skuldir þeirra orðnar um 170 millj. dollara. Þetta á rót sína að rekja til þess, að Sameinuðu þjóðirnar hafa haft mjög mikil útgjöld, bæði vegna aðgerða í því skyni að koma á friði í Kongó og enn fremur vegna varnarliðs í Palestínu, en nokkrar þjóðir hafa neitað að greiða hluta af kostnaði við þessar ráðstafanir, sem ég gat um. Til þess að reyna að komast út úr þessum fjárhagsörðugleikum hefur verið ákveðið að gefa út skuldabréf Sameinuðu þjóðanna að upphæð samtals 200 millj. dollara, og eiga bréf þessi að vera til 25 ára og bera 2% ársvexti. Er ætlazt til þess, að þessi skuldabréf séu seld eingöngu ríkisstjórnum. Því hefur verið beint til þeirra ríkja, sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, að þau kaupi þessi bréf. Norðurlandaþjóðirnar, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa ákveðið að kaupa skuldabréf í hlutfalli við árlegt framlag sitt til Sameinuðu þjóðanna, og telur ríkisstj. eðlilegt, að skerfur Íslands verði hlutfallslega sami og þessara nágrannaþjóða. Nú er það svo, að miðað við þann hluta af heildarútgjöldum Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar greiða árlega, en það er 0.04%, að ef við höldum okkur við sama hlutfall af heildarupphæðinni, 200 millj., þá kæmu í hlut Íslands um 80 þús. Bandaríkjadollara. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér heimild til handa ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þús. Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa. Er þá gert ráð fyrir, að Seðlabankinn veiti slíkt lán til nokkurra ára.

Ég vænti þess, að frv. þetta fái góðar undirtektir hjá hv. Alþingi, og legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 369).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um að heimila ríkisstj. að kaupa skuldabréf Sameinuðu þjóðanna fyrir allt að 80 þús. Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa. Eins og alkunnugt er, hafa Sameinuðu þjóðirnar átt við mjög mikla fjárhagsörðugleika að stríða að undanförnu, en orsakir þeirra örðugleika eru fyrst og fremst geysimikill kostnaður af hálfu Sameinuðu þjóðanna við aðgerðir þeirra í Kongó og jafnframt við gæzlulið á landamærum Ísraels. En sú hefur því miður orðið raunin á, að sumar af þjóðum Sameinuðu þjóðanna hafa ekki viljað fallast á að greiða sinn hluta af þessum kostnaði. Það er m. a. undirrót þessara fjárhagsörðugleika. Því hefur það ráð verið tekið af hálfu Sameinuðu þjóðanna að leita eftir því að afla sér tekna með skuldabréfasölu, og er að sjálfsögðu eðlilegt, að Ísland kaupi þar sinn hluta og styrki Sameinuðu þjóðirnar, sýni þar vilja sinn í verki, þó að vitaskuld muni líða um framlag þess. Ég tók eftir því í hádegisfréttunum í dag, að þar var skýrt frá því, að fyrstu löndin til þess að kaupa þessi skuldabréf hefðu verið Finnland og Noregur, og ég tel það vel til fallið, að Norðurlönd ríði þarna á vaðið.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var afgreitt frá þeirri deild með algerri samstöðu allra þdm. Efni þess er það, að ríkisstj. sé heimilað f. h. ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þús. Bandaríkjadollara og að taka jafnháa fjárhæð að láni í því skyni. Sameinuðu þjóðirnar eiga við mikla fjárhagsörðugleika að stríða nú, og stafar það m. a. af miklum kostnaði við varnarlið þeirra í Kongó, Palestínu, og enn fremur hefur það bætzt við, að sumar þjóðir hafa ekki viljað taka hlutfallslegan þátt í kostnaði við þessar aðgerðir. Það hefur því orðið að ráði, að Sameinuðu þjóðirnar byðu út skuldabréfalán að upphæð 200 millj. dollara. Lánið er til 25 ára og ber 2% vexti. Því hefur verið beint til þeirra ríkja, sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum, að kaupa þessi bréf.

Norðurlandaþjóðirnar hinar, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, hafa ákveðið að kaupa skuldabréf í réttu hlutfalli við hin árlegu framlög sín til starfsemi Sameinuðu þjóðanna, og þykir rétt, að sami háttur verði hér á hafður, en Ísland greiðir árlega 0.04% af heildarstarfskostnaði Sameinuðu þjóðanna. Miðað við þetta hlutfall og ef við viljum hafa sama hátt á og frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, mundu falla um 80 þús. dollara í okkar hlut. Það er tillaga ríkisstj., að þetta verði gert. Fjárveiting er ekki fyrir þessu í fjárlögum, og er gert ráð fyrir og samkomulag um að taka þessa fjárhæð að láni hjá Seðlabankanum.

Þess er óskað, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér í þessari hv. deild, og vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, hvort ekki þætti fært að afgreiða það við 3 umr. hér í dag. Ég hef ekki tillögu að gera um, að málið fari til nefndar, þar sem alger samstaða virðist hafa verið um þetta mál, eftir því sem fram kom í Ed., og legg því til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að láta í ljós ánægju mína með þetta frv., sem hér hefur verið lagt fyrir, og lýsa stuðningi mínum við það.

Það gæti verið ástæða til í sambandi við þetta mál að ræða almennt um starfsemi Sameinuðu þjóðanna, en ég skal ekki fara langt út í það.

Maður heyrir stundum fólk kasta því á milli sín, að Sameinuðu þjóðirnar hafi ekki orðið að jafnvoldugri stofnun og menn hefðu viljað og jafnvel mistekizt. Hið síðara álít ég mikla fjarstæðu. Að vísu hefur Sameinuðu þjóðunum ekki tekizt að tryggja afvopnun og ekki sættir á milli stórveldanna. En þótt þetta hafi ekki tekizt, virðist mér starfsemi Sameinuðu þjóðanna hafa borið stórkostlegan ávöxt, hún hafa valdið alveg tímamótum í heiminum.

Það er ekki aðeins í menningarmálum og í efnahagslegu tilliti, að Sameinuðu þjóðirnar hafa náð stórkostlegum árangri, heldur einnig í því að koma í veg fyrir styrjaldir. Það er enginn vafi á því, að Sameinuðu þjóðunum hefur hvað eftir annað tekizt að koma í veg fyrir styrjaldir. Og nú síðast hafa enn stærri atburðir gerzt á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þeim virðist ætla að takast að tryggja, að í Kongó komist á fót sjálfstætt ríki. Slíkt hefði verið með öllu óhugsandi án tilstyrks Sameinuðu þjóðanna og þess skörungsskapar, sem sýndur hefur verið í því máli af þeirra hálfu.

Hér er ekki um neinn smáatburð að ræða. Það hefði þótt saga til næsta bæjar, jafnvel fyrir nokkrum árum, hvað þá áður fyrr, að það væri hægt að koma málum þannig fyrir, sem gert hefur verið í Kongó, þegar að sóttu til íhlutunar á annan bóginn alheimskommúnisminn og á hinn bóginn alheimsauðfélögin. En þrátt fyrir það hefur Sameinuðu þjóðunum tekizt, að því er virðist, að ná slíkum tökum á málum og styðja Kongóþjóðina þannig, að fullar vonir standa til, að þar komist upp sjálfstætt ríki.

Mér finnst þetta vera svo stórkostlegur atburður og ýmislegt annað, sem gerzt hefur í svipaða átt, að full ástæða sé til að minnast á þetta hér, þegar sá nýstárlegi atburður gerist, að lagt er fyrir Alþingi Íslendinga frv. um, að við Íslendingar tökum með skuldabréfakaupum okkar þátt í því að leysa fjármál Sameinuðu þjóðanna, sem komin eru í öngþveiti vegna þess, að sumir sterkir aðilar í samtökunum vilja alls ekki styðja þá stefnu, sem hefur reynzt svona farsællega.

Ég hika ekki við að segja, að smáþjóðirnar verða fyrst og fremst að setja sitt traust á Sameinuðu þjóðirnar, að þær haldi áfram að eflast. Vonir smáþjóðanna um að geta haldið áfram að vera sjálfstæðar hljóta í raun og veru fyrst og fremst að vera bundnar við, að Sameinuðu þjóðirnar geti orðið nógu sterkar og nógu voldugar. Því vildi ég segja þessi fáu orð til að fagna þessu frv. og lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera komið fram. Ég tel, að Íslendingar eigi hiklaust að leggja fram stuðning við Sameinuðu þjóðirnar að sínum hluta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

---

23. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 43. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip [140. mál] (stjfrv., A. 273).

Á 46. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum tekur að sér endurtryggingu á þeim skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögunum víðs vegar um land, en það eru allir þilfarsbátar, sem eru ekki stærri en 100 rúmlestir brúttó, og auk þess allmargir opnir fiskibátar. Samábyrgðin tekur í eigin áhættu hluta í hverju skipi, en endurtryggir afganginn að nokkru leyti í London og að nokkru leyti hjá innlendum vátryggingarfélögum. Hluti Samábyrgðarinnar í áhættunni er með lögum nr. 52 1947, um breyt. á l. um Samábyrgðina, takmarkaður við 25% af vátryggingarfjárhæð hvers skips, en má þó ekki vera hærri en 100 þús. kr. í einu skipi. Samábyrgðin hefur því orðið að endurtryggja frá sér mikinn meiri hluta af þeirri áhættu, sem hún hefur yfirtekið frá bátaábyrgðarfélögunum. Þetta sést m. a. glöggt á því, að af 32.6 millj. kr. iðgjöldum, sem bátaábyrgðarfélögin greiddu Samábyrgðinni 1960, runnu 27.7 millj. kr. til endurtryggjenda. Viðskipti Samábyrgðarinnar við endurtryggjendur hafa að undanförnu verið Samábyrgðinni óhagstæð, og reikningar hennar fyrir árið 1960 sýna, að á því ári hefur orðið afgangur, þegar öll tjón eru greidd og umboðslaun fyrir endurtryggjendur, 7½ millj. kr., sem endurtryggjendur hafa fengið í sinn hlut fyrir þessa þjónustu.

Vátryggingarkerfi fiskiflotans er nú allt í endurskoðun og óvíst, hvenær þeirri endurskoðun verður lokið. Það kom í ljós á árinu 1960, þegar hér var próf. Gerhardsen frá Noregi til að athuga ýmis mál sjávarútveginum viðkomandi, að vátryggingariðgjöld fiskiskipa eru hér á landi miklu hærri en þau eru í nábúalöndum okkar fyrir sams konar tryggingu, og var þá sett skömmu síðar nefnd til athugunar á því, hversu hægt væri að koma þessum málum öllum í betra horf, og vann þessi nefnd að því máli — það var nefnd sérfræðinga — fram til ársloka s. l. ár og skilaði þá áliti. En því miður var álitið þannig, að það voru jafnmörg álit og meðlimirnir voru í nefndinni, og hefur ekki tekizt enn að finna sameiginlega lausn á því máli, sem viðkomandi aðilar mundu geta fellt sig við, en það er allt í athugun hjá ríkisstj., og verður sleitulaust unnið að því, þangað til niðurstaða fæst. En eitt af því, sem sýnilegt var að hægt væri að laga, voru þessi endurtryggingariðgjöld Samábyrgðarinnar, sem þess vegna var talið að rétt væri að gera nú þegar.

Þegar þess vegna um áramótin þurfti að taka ákvörðun um, hvort Samábyrgðin ætti að endurnýja sína endurtryggingarsamninga erlendis, þá varð sú niðurstaðan, að það skyldi ekki gert, heldur yrði frá 1. jan. fyrirhugað að hafa vátryggingu skipanna hjá Samábyrgðinni á þann veg, að bátaeigendur bæru í eigin áhættu fyrstu 10%, bátaábyrgðarfélögin næstu 10% og af eftirstöðvum áhættunnar bæru innlend tryggingafélög 60% áhættunnar og Samábyrgðin sjálf 40%. En þessa breytingu leyfðu ekki lögin, eins og þau nú eru, og þess vegna var þessi breyting gerð með brbl., sem hér er leitað staðfestingar á. Að vísu þykir enn nauðsynlegt, að Samábyrgðin endurtryggi erlendis það, sem þessi 40% fara fram úr 400 þús. kr. á hverju skipi, en þessi endurtrygging kostar aðeins 2 millj. kr., og vafalitið kemur nokkur hluti þessarar upphæðar aftur í tjónagreiðslum, þannig að á þessu er auðséður verulegur sparnaður, sem þótti hæfileg byrjun til lausnar á þessu vandasama og vandmeðfarna máli.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 273, n. 290).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Samkv. upplýsingum hæstv. sjútvmrh., er hann mælti fyrir frv. því á þskj. 273, er hér liggur fyrir, eru gildandi lög um vátryggingar fiskiskipa nú í rækilegri endurskoðun, en á því er full þörf, þar eð samanburður hefur leitt í ljós, að þessar tryggingar eru mun dýrari hérlendis en í öðrum löndum, t. d. Noregi. Það eina atriði, sem frv. á þskj. 273 fjallar um, miðar að því að gera Samábyrgð Íslands á fiskiskipum kleift að ná hagkvæmari samningum við endurtryggjendur en þeim, sem gilt hafa, og er þetta atriði út af fyrir sig svo sjálfsagt, að sjútvn. mælir eindregið með samþykkt frv. Jafnframt væntir nefndin þess, að endurskoðun laganna í heild verði flýtt eins og hægt er. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi þessum tryggingamálum. Það munu hafa komið óskir um það frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, ef ekki beinar tillögur, á s. l. tveimur fundum, að þessi lög verði endurskoðuð með það fyrir augum að fá tryggingagjöldin lækkuð, og það er eiginlega dálítið furðulegt, að þessu máli skuli ekki miða betur áfram en raun ber vitni. Hér er ekki um neitt smámál að ræða, því að þessar tryggingar eru svo ranglátar og mismunandi, að það nær engri átt. Ef bátur er yfir 100 tonn, þurfa menn ekki að greiða nema 3% í iðgjöld, en ef hann er neðan við 100 tonn, þá er skyldutrygging, sem nemur allt að því 6%. Og það er meira en það. Það er hægt að kasko-tryggja stærri bátana fyrir 3.5%, og kasko-tryggingunni fylgir sá kostur, að svo að segja allar vélaviðgerðir eru borgaðar. Það er því ekki sambærileg aðstaða þeirra, sem hafa minni bátana, og þeirra, sem hafa stærri bátana. Þetta eru þvingunarlög, þannig að það væri miklu betra fyrir þá, sem eiga minni bátana, ef þetta væri alveg frjálst, — og hví ekki að hafa þessar tryggingar frjálsar eins og aðrar tryggingar og gefa einstaklingunum kost á að sæta sem beztum kjörum? Það má kannske segja, að þetta snerti ekki hvern einstakling svo mikið, þegar tryggingagjöldin eiga að borgast úr sameiginlegum sjóði, sem tekinn er af útflutningsverðmætum, eins og gert er ráð fyrir nú. En það er bara ekki nein smáprósenta, sem tekin er. Þetta er allt að því 4% af fob.-verði varanna, sem þýðir allt að því 8% af aflaverðmæti, eins og það kemur úr sjó, því að vitanlega kemur þetta allt á útgerðarmenn og sjómenn — eða útgerðarmennina, getum við sagt. Hér er því ekki um smámál að ræða, og tryggingalöggjöfin er, eins og hún er nú, algerlega óviðunandi. Ég furða mig á því, hvernig stendur á, að ríkisstj. reynir ekki að hraða þessu máli meira. Það væri svo velkomið, að við framsóknarmenn reyndum að vinna að þessum málum, ef hæstv. ríkisstj. vildi nota okkur til þess, en það er ekki von, að við nennum að vera að semja frumvörp, ef við vitum fyrir fram, að þau verði drepin. Ég get ekki skilið þann slóðaskap að geta ekki hert betur á þessum mönnum, sem hafa átt að vinna að þessu, þannig að frv. að gagni um þessi mál geti komizt í gegnum þingið nú. Og ef ómögulegt er að koma sér saman um frv. viðvíkjandi þessum bátatryggingum, skyldutryggingunum, sem ríkið hefur nú með að gera, hví þá ekki að gefa bara tryggingarnar lausar og lofa hverjum einstaklingi að sæta sem beztum kjörum? Það mundi áreiðanlega vera kostur að fá betri kjör í frjálsum tryggingum heldur en í þessum skyldutryggingum, eins og þeim er nú komið fyrir.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Það þýðir ekki að fara ýtarlega út í einstök atriði viðvíkjandi þessu. Það má vitanlega um það deila, hversu mikið happaverk það er, þetta ákvæði, sem stendur nú til að samþykkja. M. a. mun það hafa leitt af sér tilfinnanlegt tjón fyrir bátaeigendur, sem misstu báta nú fyrir nokkrum dögum. En ég sé ekki beinlínis ástæðu til að deila um þetta. Það er bara furðulegt að gera ekki gangskör að því að koma tryggingamálunum í viðunanlegt horf.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var að enda við að segja, og þá fyrst og fremst vegna þess, að mér fannst mega skilja það á orðum hans, að hér væri um óhæfilegan drátt að ræða hjá ríkisstj., að ganga ekki frá málinu fyrr eða vera fyrr búin að leggja fram tillögur um það.

Eins og ég hef sagt frá hér áður, var sett þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um nýja skipan á þessum tryggingamálum. Sú nefnd skilaði áliti skömmu fyrir áramótin síðustu, en það nál. var í þrennu lagi eða jafnmörgum pörtum og nefndarmenn voru margir, og einn nefndarhlutinn hefur ekki til fulls skilað áliti sínu enn þá, svo að það er alls ekki hægt að saka ríkisstj. um neinn drátt á þessu. Það hefur verið beðið eftir sérfræðingunum, og þó að ég út af fyrir sig fagni því, sem hv. þm. sagði um það, að Framsfl. mundi vera fús til þess að leggja sitt lið til lausnar þessa máls, þá vil ég nú a. m. k. á þessu stigi leggja fullt eins mikið upp úr því, að sérfræðingarnir geti lokið sínu starfi, áður en málið kemst yfir á þann pólitíska vettvang. Og málið er á því stigi í dag, *að það er í höndum sérfræðinganna, sem* um það hafa fjallað.

Ég efast ekki um kunnáttu og þekkingu hv. þingmanns á þessu máli, en ég hygg þó, að fullt svo notadrjúgt gæti verið að njóta sérfræðinganna við afgreiðslu þess, a. m. k. enn sem komið er. Ég hef sagt það áður, og ég get endurtekið það hér, að þetta mál kemur til kasta þingsins, undireins og það er komið á það stig, að ég telji það þjóna einhverjum tilgangi. En það er ekki komið á það stig, enn sem komið er, úr höndum sérfræðinganna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 20. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 273, 304).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 304. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.*

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, á þskj. 304. Brtt. er aðeins lítils háttar formbreyting, en hefur ekki í för með sér neina efnislega breytingu á frv. Breytingin er eingöngu um það, að á undan 1. gr. bætist orðin: „5. gr. laganna orðist svo.“ Þetta er nauðsynlegt, þar sem ekki er um það að ræða að fella 5. gr. alveg niður, heldur aðeins að gera á henni breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 304 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 306).
Á 51. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþykkt, að ég ætla samhljóða, gerð á því aðeins ein lítils háttar formsbreyting, engin efnisbreyting. En efni frv. er það, að numið verði úr lögum um Samábyrgð Íslands það ákvæði, að áhætta Samábyrgðarinnar verði takmörkuð við 100 þús. kr. á hvert skip, heldur verði í staðinn ákveðið af sjútvmrn., hversu há upphæðin skuli vera hverju sinni. Samábyrgðin tekur nú að sér endurtryggingu á þeim skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögunum, en það eru allir þilfarsbátar, sem eru ekki stærri en 100 rúmlestir brúttó, og auk þess allmargir opnir fiskibátar. Samábyrgðin tekur í eigin áhættu hluta í hverju skipi, en endurtryggir afganginn að nokkru leyti erlendis og að nokkru leyti hjá innlendum vátryggingarfélögum. Hluti Samábyrgðarinnar í áhættunni er, eins og ég sagði, takmarkaður með lögum við 25% af vátryggingarupphæð hvers skips, en þó má þessi áhætta ekki vera hærri en 100 þús. kr. fyrir hvert skip. Þessi viðmiðun er orðin mjög gömul og algerlega úrelt, og þykir nauðsynlegt að breyta þessu og það alveg sérstaklega vegna þess, að með þessum tölum hefur endurtryggingarupphæð Samábyrgðarinnar orðið miklu hærri og óhagstæðari en ef hún hefði fengið að taka meira í eigin tryggingu. Þetta sést glöggt af því, að af þeim 32.6 millj. kr. iðgjöldum, sem bátaábyrgðarfélögin greiddu Samábyrgðinni á árinu 1960, runnu 27.7 millj. kr. til endurtryggjenda. Viðskipti Samábyrgðarinnar og endurtryggjenda hafa líka verið Samábyrgðinni óhagstæð, þannig að á árinu 1960 greiddi Samábyrgðin í iðgjöld til endurtryggjendanna 27 millj. kr., en fékk ekki til baka nema í kringum 20 millj., þannig að hún borgaði 7 millj. kr. á einu ári fyrir þessa þjónustu.

Það er gert ráð fyrir, að fyrirkomulagið í framtíðinni, ef þetta frv. verður samþ., verði á þann veg, að bátaeigendur sjálfir taki í eigin áhættu 10%, bátaábyrgðarfélögin önnur 10% og afgangurinn verði endurtryggður þannig, að innlend félög taki að sér 60% af afganginum, en Samábyrgðin 40%, þó þannig, að Samábyrgðin endurtryggi erlendis það, sem umfram er 400 þús. kr. í hverju skipi. Þessi endurtrygging kostar Samábyrgðina ekki nema brot af því, sem öll tryggingin kostaði, og þar sem segja þurfti upp samningum við hina erlendu endurtryggjendur um áramótin, ef breyting á þessu átti að komast í framkvæmd þá, voru gefin út brbl., sem þetta frv. er borið fram til staðfestingar á.

Ég held, að frv. liggi svo ljóst fyrir, að það þurfi ekki nánari skýringa. Það er um þetta mál raunar að öðru leyti að segja, að allt vátryggingakerfi fiskiskipanna íslenzku er í athugun og hefur verið síðan á miðju s. l. ári. Þeirri athugun er ekki lokið enn, en verður leitazt við að hraða henni. En þetta frv. á að geta verið einn þátturinn í þeirri lagfæringu, sem hugsað er að gera.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 306, n. 371).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er breyting á lögum um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Er það staðfesting á brbl., sem út voru gefin um sama efni 30. des. s. l. Efni frv. er í því fólgið, að numið er úr gildi ákvæði laga frá 17. maí 1947, þar sem Samábyrgðinni var heimilað að hafa í eigin ábyrgð eða áhættu 25% af vátryggingarupphæð hvers skips, þó ekki hærri upphæð en 100 þús. kr. á einu skipi. Samkvæmt þessu frv. heimilast sjútvmrn. að ákveða, hversu háa upphæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu, bæði hvað snertir hundraðshluta og hámarksupphæð í hverju einstöku tilfelli.

Á s. l. ári námu iðgjöld, sem bátaábyrgðarfélögin greiddu Samábyrgðinni, alls um 32 millj. og 600 þús. kr. Af þeirri upphæð greiddi Samábyrgðin erlendum tryggingarfélögum fyrir endurtryggingar 27.7 millj. kr. En þegar öll tjón, sem átt höfðu sér stað á árinu, höfðu verið gerð upp, kom í hlut hinna erlendu tryggingafélaga sem nettó-upphæð hálf áttunda millj. kr. Samkvæmt ákvörðun sjútvmrn. var samningum við hin erlendu tryggingarfélög sagt upp, en eftir það ákveðið að haga tryggingunum þannig frá 1. jan. s. l., að 10% skyldu vera í áhættu bátaeigenda og 10% hjá bátaábyrgðarfélögum, en eftirstöðvarnar hjá innlendum tryggingarfélögum og skiptust þannig, að 60% af þeirri upphæð yrðu hjá hinum ýmsu tryggingarfélögum, en 40% hjá Samábyrgðinni. Hin ýmsu innlendu vátryggingarfélög munu hafa skipt upphæðinni þannig sín á milli, að í hlut hvers um sig hafa komið 3.5—7%, eftir því sem sjóðir félaganna hafa leyft. Hvað Samábyrgðina snertir var talið nauðsynlegt eða rétt að þessu sinni, að hún endurtryggði sinn hlut erlendis, þ. e. a. s. þann hluta af hugsanlegum tjónum, sem færi fram úr 400 þús. kr. á hvert skip. Er hér um svokallaðar topptryggingar að ræða, sem eru með mjög hagstæðum kjörum, nema þau iðgjöld samtals 2—3 millj. kr.

Ég hefði talið eðlilegt, að sama gilti um einstaklinga, þegar skipstapi á sér stað eða stórtjón verða. Það er útgerðarmanni, sem verður fyrir því óhappi að missa nýlegt skip sitt, í flestum tilfellum ofviða að hafa svo stóra fjárupphæð algerlega óvátryggða. Með hliðsjón af

því, hvað 70—80 rúmlesta vélbátur kostar í dag, er hér um 600—700 þús. kr. upphæð að ræða, þannig að áhætta útgerðarmannsins verður um 50—60% meiri en aðaltryggingarfélagsins, þ. e. Samábyrgðarinnar.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hæstv. sjútvmrh. gaf við framsögu málsins hér í hv. d., er allt vátryggingarkerfi fiskiskipaflotans nú í endurskoðun. Þegar mun vera búið að vinna allmikið í málinu, og væntanlega verður þeirri endurskoðun lokið, þegar Alþingi kemur saman síðar á þessu ári.

Svo sem fram kemur á þskj. 371, mælir sjútvn. einróma með því, að frv. verði samþ. Það er álit nefndarinnar, að efni frv. sé spor í rétta átt, en hún leggur að sjálfsögðu mikla áherzlu á það, að heildarendurskoðun þessa máls ljúki sem fyrst, svo að aðrar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru, verði gerðar og komi sem fyrst til framkvæmda.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

---

24. Aðstoð við vangefið fólk.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk [147. mál] (stjfrv., A. 288).

Á 47. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Síðustu áratugina hefur orðið talsvert markverð og mikil þróun í meðferð fávita. Þangað til var talið, að lítið annað væri hægt að gera fyrir vangefin börn og fávita en sjá þeim fyrir daglegum þörfum, en menn trúðu þá ekki almennt á fræðslu og þjálfun, álitu, að slíkt kæmi ekki að neinum verulegum notum. En menn hafa nú komið auga á, að mikið er hægt að gera fyrir þessa illa stöddu sjúklinga. Menn hafa fundið ýmsar orsakir til fávitaháttarins, og í vissum tilfellum má koma í veg fyrir hann. Þó að þessi fávitaháttur verði ekki læknaður til fulls a. m. k., má eyða vissum sjúkdómseinkennum, ef í tíma er tekið, þannig að börnin síðar meir verði kannske vart talin það sem nú er nefnt vangefin. Sömuleiðis má með kennslu og þjálfun gera börn, sem verr eru á vegi stödd, fær um að inna af hendi vandalítil störf og verða með því sjálfbjarga, í stað þess að verða þjóðfélaginu til byrði. Og sérstaklega vil ég leggja áherzlu á, að þessir sjúklingar, þessir fávitar eru ekki einasta þjóðfélaginu í heild til byrði, heldur sérstaklega fjölskyldum sínum og forsvarsmönnum, sem verða að ala önn fyrir þeim á heimilunum, af því að fyrir þá eru ekki til nægilegir dvalarstaðir, sem af opinberri hálfu eru reknir til þess að annast þá. Hér á Íslandi er eins og annars staðar talsvert mikið af þessu fólki, og hefur lauslega verið áætlað, án þess að um það liggi þó fyrir nægilega áreiðanlegar tölur, að þeir muni vera um 700—800, enda ber því saman við það, sem annars staðar er. Það er nokkurn veginn meðaltal, að þeir séu um ½% af þjóðinni, þar sem áreiðanlegar skýrslur eru til.

Eins og ég sagði, hefur til skamms tíma verið lítið fyrir þetta fólk gert og fyrst nú nýlega, að nokkuð hefur verið reynt að bæta úr og hæli byggð til þess að taka á móti þessum fávitum. Hæli hefur verið byggt í Kópavogi, — það er stærsta hælið. Enn fremur er annazt um þetta fólk í Skálatúni í Mosfellssveit og Sólheimum í Grímsnesi, en það hæli er nú rekið af einkaaðila. Enn skortir mikið á, að hægt sé að verða við brýnustu óskum um úrbætur í þessu efni. Hið síðasta, sem gert hefur verið, er, að byggður var starfsmannabústaður í Kópavogi, en þannig hefur verið hægt að rýma verulegan hluta hælisins, svo að hægt hefur verið að bæta þar við milli 20 og 30 börnum. En bygging eins og Kópavogsbyggingin kostar í kringum 6 millj. kr., og er talið, að hvert sjúkrarúm fyrir þessi börn kosti um ¼ úr milljón fyrir hvert eitt, þannig að sýnilegt er, að hér þarf mikilla fjármuna.

Ríkissjóður hefur komizt hjá því að leggja fram mikið fé í þessu skyni. En þó hefur hann lagt fram nokkuð, en ég vil segja aðeins mjög lítið, samanborið við það, sem í þetta hefur farið þó. En það, sem mest hefur dregið þessa starfsemi upp á síðkastið, er gjald, sem lagt var á gosdrykki og öl, 10 aurar á hverja flösku, fyrir nokkrum árum, sem nú er lagt til að verði hækkað upp í 30 aura eða þrefaldað. Það er raunverulega eina ákvæði þessa frv. að hækka þetta gjald úr 10 aurum upp í 30 aura á hverja flösku. Með því þrefaldast tekjurnar, sem hafa verið á undanförnum árum talsvert á aðra millj. kr. á ári, og ætti þá nokkuð að vera hægt að gera til þess að sinna þessum málum betur en orðið er.

Ég skal aðeins í þessu sambandi geta þess, að ríkisstj. hefur einnig ákveðið að leggja fram næstu daga frv. svipaðs eðlis vegna öryrkjanna, og mun það koma fyrir á næstunni, þar sem lagt er til, að visst gjald verði tekið af sælgæti til þess að greiða götu þeirra og reyna að stuðla að umbótum á þeirra málum.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 331).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir. Fyrir nefndinni lágu erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda og öl- og gosdrykkjaverksmiðjum í Reykjavík, þar sem mótmælt er þeirri hækkun hins svokallaða tappagjalds, sem lögð er til með frv., og yfirleitt þeirri fjáröflunarleið, sem hér er farin. Það skal viðurkennt, að þau rök, sem þessir aðilar færa fram máli sínu til stuðnings, verða í verulegum mæli að teljast réttmæt. En þar sem hins vegar liggur ekkert fyrir um það, að á döfinni sé eða í undirbúningi að fara aðrar leiðir til að afla fjár til framkvæmda í því mikla nauðsynjamáli, sem hér er um að ræða, leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþykkt, að ég ætla samhljóða. Efni frv. er að hækka gjald, sem greitt er af gosdrykkjum og öli, úr 10 aurum á flösku upp í 30 aura til aðstoðar við vangefið fólk. Þessi upphæð, 10 aurar á flösku, er út af fyrir sig góðra gjalda verð og hefur komið að miklu gagni, það sem hún nær. Gjaldið hefur gefið talsvert á aðra millj. kr. á ári. En þörfin fyrir meira fjármagn í þessu skyni er svo brýn, að talið hefur verið nauðsynlegt að afla frekari tekna í þessum tilgangi, og þess vegna er þetta frv. flutt.

Fávitar eða vangefnir eru æðimargir á þessu landi eins og víða annars staðar. Það liggur ekki fyrir nein talning á þeim, en gizkað hefur verið á, að þeir muni vera einhvers staðar á milli 850 og 900, sem á meiri eða minni aðstoð af hálfu hins opinbera þurfa að halda. Eins og öllum hv. þdm. er ljóst, er það mikill kross hverju heimili, sem verður að ala önn fyrir slíkum sjúklingum, og þess vegna nauðsynlegt að reyna að auka möguleikana til hælisvistar, eftir því sem frekast eru föng á, ekki einasta til þess að losa heimilin við þá, heldur hefur líka komið í ljós síðustu áratugina, að mikið er hægt að gera fyrir þetta vangefna fólk, suma jafnvel hægt að lækna, og enn fremur hægt að venja aðra við vinnu við vandalítil störf og gera þá með því móti nokkuð sjálfbjarga. Ég tel, að hér sé um mjög gott málefni að ræða.

Þessum fjármunum verður varið til byggingar nýrra hæla, en þau eru nú starfandi þrjú — og eiginlega fjögur. Stærsta hælið er í Kópavogi, en þar hefur nýlega verið lokið við góðar starfsmannaíbúðir og þess vegna hægt að fjölga hælisvistarsjúklingum þar. Enn fremur er rekið heimili að Skálatúni í Mosfellssveit og Sólheimum í Grímsnesi, og síðasta átakið er, að það hefur verið stofnað dagheimili fyrir vangefin börn hér í Reykjavík. En þessi hæli taka ekki nema tæplega 150 börn, og þess vegna virðist svo eftir ágizkaðri tölu þessara sjúklinga, að enn sé þörf hælis fyrir kannske 600—700 sjúklinga af þessu tagi, svo að mikið skortir enn á, að hægt sé að fullnægja eftirspurninni, enda langir biðlistar á öllum hælunum.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að þessu frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 383).

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Með frumvarpi þessu er farið fram á tvennt: í fyrsta lagi að framlengja enn um fimm ára skeið tímabil það, sem greiða skal svokallað flöskugjald til styrktar vangefnum, og í öðru lagi hækka gjaldið úr 10 aurum af flösku upp í 30 aura. Það þykir nauðsynlegt að stíga þetta skref vegna þess, hve seint gengur að búa vangefnum þá aðstoð, sem nauðsynleg er. Heilbr.- og félmn. mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 431).

25. Heyrnleysingjaskóli.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heyrnarleysingjaskóla [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., 15. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Þetta frv. er samið af nefnd, sem menntmrn. skipaði á sínum tíma og í áttu sæti þeir Brandur Jónsson skólastjóri málleysingjaskólans, Ásgeir Pétursson deildarstjóri í menntmrn. og Stefán Ólafsson læknir. — Var nefndin sammála um að leggja til við menntmrn., að þetta frv. yrði flutt hér á hinu háa Alþingi í þeirri mynd, sem frv. hefur á þessu þingskjali, sem hér liggur fyrir.

Í I. kafla frv. er rætt um skólann og hlutverk hans.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að sá skóli, sem hér hefur starfað síðan 1922 undir nafninu málleysingjaskóli, skuli hljóta nýtt nafn og nefnast heyrnarleysingjaskóli. — Er gerð grein fyrir því í áliti nefndarinnar, hvers vegna sú nafnbreyting sé eðlileg og raunar mjög æskileg. Þeir nemendur, sem stunda nám í þessum skóla, eru fyrst og fremst heyrnarlausir, en ekki málausir. Þau vandkvæði, sem þeim eru á höndum og gera sérstaka skólagöngu af þeirra hálfu nauðsynlega, er sú staðreynd, að þeir eru heyrnarlausir. Þykir því eðlilegt, að það komi fram í nafni skólans.

Í 2. gr. er kveðið svo á, að læknar skuli tilkynna skrifstofu landlæknis, þegar þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo lítla heyrn, að lítil líkindi séu til þess, að það læri málið, eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

Þá er og í þessum I. kafla frv. ákvæði um það, að foreldrum þeirra barna, sem annaðhvort eru fædd með svo lítla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmzt svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að það læri ekki málið á eðlilegan hátt, sé skylt að senda þau til náms í heyrnarleysingjaskólanum, þegar þau eru fjögurra ára gömul, og er því gert ráð fyrir, að skólaskylda heyrnarlausra eða heyrnarlítilla barna byrji þegar við fjögurra ára aldur. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri þó í samráði við skólastjóra veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um, hvenær barnið skuli koma til náms í skólanum.

Í II. kafla frv. er gert ráð fyrir því, að menntmrh. setji eða skipi skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skulu þeir vera opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt launalögum. Stundakennara má svo ráða eftir því, sem þörf krefur, í samráði við fræðslumálastjóra.

Í III. kafla er gert ráð fyrir því, að skólinn sé hreinn ríkisskóli, þ. e. að kostnaður hans greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

Í IV. kafla er kveðið svo á, að menntmrn. skuli hafa á hendi yfirstjórn skólans, en skólastjóri fara með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra.

Kennsla hefur verið höfð um hönd hér á landi gagnvart heyrnarleysingjum allar götur síðan 1865. En 1922, þegar málleysingjaskólinn var stofnaður, var breytt mjög til um kennsluaðferðir og ný kennsluaðferð tekin upp. Þá var hafið að kenna heyrnarleysingjum talmál, en ekki eingöngu byggt á notkun bendingakerfis, svo sem verið hafði fram til þess tíma.

Í frv. hefur verið lögð sérstök áherzla á að kveða sem skýrast á um, hverja heimilt sé að taka í skólann. Í l. frá 1922 um kennslu heyrnarleysingja var líka gert ráð fyrir því, að taka mætti í skólann blind, málhölt og vitsljó börn. En kennsla slíkra barna er í raun og veru algerlega ósamrýmanleg kennslu heyrnarleysingja. Höfuðatriði þeirrar kennslu, sem hefur farið fram við málleysingjaskólann og gert er ráð fyrir að fari fram í heyrnarleysingjaskólanum, er að kenna heyrnarleysingjum mál. Þeir hafa sömu meðfædda hæfileika og aðrir til þess að skapa sér mál, en vegna þess að heyrnina vantar, geta þeir ekki lært málið á sama hátt og þeir, sem heyra. Um blind, málhölt og vitsljó börn gegnir að sjálfsögðu allt, allt öðru máli, og er því eðlilegt að fella úr núgildandi lögum heimild til þess að taka slík börn í þennan skóla, þar sem kennsla þeirra má ekki fara saman.

Í gildandi lögum frá 1922 um kennslu heyrnarleysingja eru engin sérstök ákvæði um sérmenntun heyrnarleysingjakennara. Kennarar með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands hljóta ekki tilsögn í kennslu heyrnarleysingja, enda nám þeirra miðað við það að kenna heyrandi nemendum lögboðnar námsgreinar. Í heyrnarleysingjakennslunni eru hins vegar allar hinar lögboðnu bóklegu greinar almennra skóla, aðrar en móðurmálið, meira og minna aukaatriði, en kennslan öll miðast við að skapa mál hjá nemendunum, því að málið er grundvöllurinn, sem öll önnur kennsla verður að byggjast á. Þess vegna er sérmenntun þeirra kennara, sem þessa kennslu annast, nauðsynleg, til þess að réttur og góður árangur náist. Þar sem þess er hins vegar ekki að vænta, að stofnaður verði hér á næstunni sérstakur skóli fyrir heyrnarleysingjakennara, er ekki um annað að gera en að senda þá til náms við erlendar stofnanir. En þó er hins vegar eðlilegt og sjálfsagt, að þeir fengju áður þá fræðslu um þessi efni, sem hægt væri að láta þeim í té hér heima, og væri það eðlilegt verkefni heyrnarleysingjaskólans.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 314).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Frv. þetta er samið að frumkvæði hæstv. menntmrh. af n., sem í áttu sæti þeir Brandur Jónsson skólastjóri málleysingjaskólans, Ásgeir Pétursson, sem þá var deildarstjóri í menntmrn., og Stefán Ólafsson læknir. Frv. á að koma í stað 40 ára gamalla laga um málleysingjaskóla, sem hér hafa verið í gildi. Hefur verið leitazt við að breyta frv. í nútímaform, taka tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á þessu sviði, og gera á því aðrar endurbætur, sem nauðsynlegar þóttu.

Kennsla heyrnarleysingja á Íslandi hófst árið 1865 að Þingmúla í Skriðdal og hefur verið haldið uppi óslitið síðan. Framan af var hér, eins og í mörgum öðrum löndum, eingöngu kennt fingra- eða merkjamál og stuðzt við þá aðferð fram til ársins 1922, þegar þau lög, sem hér á að breyta, voru sett. Þá var tekin upp aðferð, sem byggðist á því að reyna að sameina fingra- og merkjamál og einhverja talkennslu. Þeirri aðferð var haldið fram til ársins 1944, þegar enn var breytt um kennsluaðferð og tekin upp sú, sem notuð hefur verið síðan, að miða alla kennsluna við að kenna þessu fólki að tala.

Lengi vel voru á þessu sviði notuð orð eins og daufdumbir og sambærileg orð í öðrum tungumálum, sem fengu ýmiss konar víðtækari merkingu en ástæða var til. Var það trú manna, að fólk, sem var kallað þessu nafni, væri að einhverju leyti sljótt eða hefði ófullkomna greind, þó að ekki væri nein ástæða til slíks. Eftir að þeim orðum var sleppt af stofnuninni, var tekið að kalla hana málleysingjaskóla. Þetta orð byggist þó á misskilningi, vegna þess að sjúkleiki þessa fólks er svo til í hverju einasta atviki ekki fyrst og fremst málleysi, heldur heyrnarleysi. Heyrnarleysið er orsök þess, að fólkið lærir ekki að tala. Samkv. þessu frv. verður því nafni á skólanum breytt úr málleysingjaskóla í heyrnarleysingjaskóla.

Eins og frv. liggur fyrir, er skólinn kallaður heyrnarleysingjaskóli, en við meðferð málsins hefur menntmn., í samráði við forráðamenn skólans, orðið ásátt um að breyta því í heyrnleysingjaskóla. Nú er nefndarmönnum ljóst, að þetta orð er ekki sérlega þægilegt eða tamt í máli, og var nokkuð um það rætt. En forráðamenn stofnunarinnar eru þeirrar skoðunar, að það verði að koma fram í heiti skólans, hvað þjálfir þá nemendur, sem þar eru. Þess vegna hefur ekki reynzt unnt að finna hentugra orð eða styttra, sem jafnframt gæfi til kynna, hvers konar fólk er þarna við sérstakt nám. Niðurstaðan er því sú, að n. leggur til í brtt. að breyta orðinu heyrnarleysingjaskóli í heyrnleysingjaskóli á öllum stöðum í frv.

Í frv. eru ákvæði um skólaskyldu heyrnarlausra barna, og er gert ráð fyrir því, að þau séu skólaskyld frá 4 ára aldri. Hallast menn nú mjög að því, að nauðsyn sé, að þessi börn fái eins snemma og hægt er kost á kennslu, og eru fyrir því ýmsar ástæður. Er talið, að á aldrinum 2—4 ára séu börnin næmust fyrir máli. Þá hefur komið í ljós, að ýmis millistig eru á milli fullkominnar heyrnar og algers heyrnarleysis. Þegar um er að ræða heyrnarleifar hjá börnum, er mjög mikilvægt að byrja snemma að kenna þeim að hagnýta þær leifar eins og unnt er. Enn benda sérfróðir menn á, að foreldrum þyki oft hvað vænst um þau börn sín, sem eiga við erfiðleika að stríða, fram yfir önnur, þeim hætti til að sýna slíkum börnum mikið eftirlæti, sem vel geti reynzt vafasamt fyrir uppeldi þeirra, og sé af þeim sökum hollt fyrir börnin að komast eins fljótt og unnt er í félagsskap og til náms og þjálfunar, eftir því sem unnt er.

Í gömlu lögunum var gert ráð fyrir, að í þennan skóla megi taka blind, málhölt og vitsljó börn, en kennsla slíkra barna er algerlega ósamrýmanleg kennslu heyrnarleysingja, og er það því tekið burt úr frv., sem hér liggur fyrir.

Menntmn. fór í heimsókn í málleysingjaskólann, sem nú heitir, og kynnti sér starfsemi hans. Nefndarmenn sannfærðust fljótt um, að mikil þörf er á að greina börnin í sundur eftir aldri og eftir heyrn — eða heyrnarleysi, þannig að ekki þurfi að hafa saman mjög ólík börn hvað aldur og þroskastig snertir. Nú er hópur heyrnarlausra barna hér á landi, sem skólinn veit um og hefur, ekki nema liðlega 20. Samt sem áður fannst n. augljóst, að það var of lítið að hafa fjóra kennara, eins og nú er. Þess vegna er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir því að festa tölu kennara, heldur er talið ráðlegt að láta vera á valdi menntmrn. að ákveða þá tölu.

Til viðbótar er rétt að geta þess, að skv. upplýsingum forráðamanna skólans er orsakir heyrnarleysis fyrst og fremst að finna í sjúkdómnum rauðum hundum. Fái vanfærar konur þennan sjúkdóm á vissu stigi, leiðir það svo til alltaf til heyrnarleysis, sjónleysis, hjartabilunar eða alls þessa, og af nemendum skólans, sem nú eru, eru tveir hópar: annar, sem var með 9 börnum upphaflega, hinn með 11 börnum, sem beinlínis er hægt að rekja til faraldra af rauðum hundum hér á landi. Það getur því komið til í framtíðinni, að sveiflur verði í nemendafjölda, og er þess vegna ekki rétt að hafa föst ákvæði um þessa hluti.

Í frv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að kennarar við heyrnleysingjaskólann njóti sömu réttinda til orlofs og aðrir kennarar í skólum á fræðsluskyldualdri. Menntmn. þótti augljóst, að þetta væri ekki nægilegt. Í fyrsta lagi er ekki krafizt af þessum kennurum eingöngu kennaraprófs, heldur sérmenntunar þar til viðbótar. Í öðru lagi verður augljóst við minnstu kynni af starfi í þessum skóla, að kennarastörf þar útheimta endalausa þolinmæði og miklu meiri alúð en ástæða er til að krefjast af kennurum í venjulegum skólum fyrir heilbrigð börn. N. leggur því til í 3. brtt. sinni á þskj. 314, að menntmrn. setji reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara heyrnleysingjaskólans og skuli þar tekið tillit til þeirra sérstöku krafna, sem eru gerðar til kennara skólans, auk þess sem þeir njóti sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, sem annast kennslu barna á fræðsluskyldualdri. Með þessu ákvæði, ef samþykkt verður, gefur Alþ. beinlínis í skyn, að það ætlist til þess, að ráðuneytið geri að einhverju leyti betur við kennara þessa skóla en aðra, með tilliti til þess, sem af þeim er krafizt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. eða þær brtt., sem menntmn. gerir við það. Augljóst er, að í þessum skóla er unnið mikilvægt mannúðarstarf, þótt hann sé ekki stór, og er því ástæða til þess fyrir Alþ. að búa eins vel að stofnuninni og framast er unnt. Það er því till. menntmn., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til á þskj. 314.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Á þskj. 314 flytur hv. menntmn. 6 brtt. við þetta frv. Þær eru flestar um það að breyta nafninu á skólanum frá því, sem lagt er til í frv. N. vill ekki láta hann heita heyrnarleysingjaskóla, heldur vill hún, að hann nefnist heyrnleysingjaskóli. Ég sé enga ástæðu til þess að gera þessa breytingu á frv. Ég tel miklu réttara að halda við hinni gömlu málvenju, að tala um heyrnarlausa menn og heyrnarsljóa, heldur en heyrnlausa eða heyrnlitla. Á það má benda líka, að hv. n. hróflar ekki við heyrnarlausum eða heyrnarlitlum, sem eru hingað og þangað í frv. Það er þegar í 1. gr. talað um, að það skuli vera skóli fyrir heyrnarleysingja. N. leggur ekki til að breyta þessu í heyrnleysingja. Og þar er líka talað um heyrnarlaus eða heyrnarlítil börn. Þetta ætlar n. að láta standa. Nei, ég tel ekki ástæðu til að vera að breyta þessu nafni. Það er að vísu talað um sjónlausa menn og sjónlitla. Þetta hefur lengi tíðkazt og er orðið fast í málinu, alveg eins og heyrnarleysi. Ég sé enga ástæðu til að breyta þessu. Ég teldi, að það væri sízt til bóta að innleiða þetta í fleiri skólum. Ég teldi enga ástæðu til þess t. d. að leggja niður verzlunarskólann og fara að stofna verzlunskóla. Og ef við förum nú í háskólann, er nokkur ástæða til þess að skýra upp lagadeild háskólans og kalla hana lögdeild? Það getur vel verið, að það gæti staðizt, en ég sé ekki, að það sé nein þörf á slíku. Margt fleira þessu líkt mætti nefna. Annars kemur það víða fram hér í frumvörpum, að menn eru að amast við eignarfallinu. Það var frv. hér, sem var tekið fyrir næst á undan þessu, sem hæstv. dómsmrh. mælti fyrir, og þar er talað um, held ég, stjórnvaldatilkynningar eða eitthvað svoleiðis. Ég hefði fellt mig betur við, að þetta hefði verið stjórnarvalda, því að ef ég á erindi við ráðherrana, þá talar maður um að fara í stjórnarráðið, en ekki endilega taka upp á því að fara í stjórnráðið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af hæstv. ríkisstj. Víst er það svo, að það er ákaflega mikil þörf á því að breyta frv., sem koma frá hæstv. núv. stjórn, og lagfæra margt í þeim. En einmitt vegna þess, að þar er mikið nauðsynjaverk fyrir hendi, sem þm. ættu að sinna af alvöru, þá tel ég ekki, að þeir ættu að vera að eyða orku sinni og tíma í að gera breytingar á stjórnarfrv., sem fremur eru til skemmda en bóta. Ég held satt að segja, að hv. menntmn. ætti, í staðinn fyrir að vera að amast við eignarfallinu í þessu tilfelli, að taka til umræðu, hvort hún gæti eitthvað lagað viðkomandi þágufalli og notkun þess í íslenzku máli.

Ég vil leggja á móti því, að þetta verði samþykkt, þessar brtt. nefndarinnar um nafn á skólanum, mér finnst það eigi að vera eins og er í frv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það má að sjálfsögðu lengi deila um atriði, sem viðkoma íslenzku máli. Hér gerist það, að nýtt heiti er sett á skólann af öðrum ástæðum en málsástæðum. Þá er nafninu breytt í þeim tilgangi að stytta orðið og gera það hljómbetra. Till. um þetta er komin frá forráðamönnum skólans, og n. hefur fyrir sitt leyti fallizt á hana.

Ég hygg, að það sé erfitt að tala um nokkrar reglur í okkar máli í sambandi við þetta. Ef hv. þm. telur sig vera til þess kallaðan að verja eignarfallið, vill hann þá ekki halda uppi því, sem er bezta vörnin, m. ö. o. sókn? Vill hann ekki leggja til, að hér verði ekki talað um þingmenn lengur, heldur þingsmenn, að ekki verði talað um sjónleysingja, heldur sjónarleysingja, að ekki verði talað um málleysingja, heldur málsleysingja? Af hverju hefur hann alla sína þingtíð látið standa í lögum frá 1922, að skólinn héti málleysingjaskóli, ef það eru afglöp gagnvart íslenzku máli að kalla hann ekki málsleysingjaskóla?

Ég vil taka fram að lokum, að ég tel till. enga goðgá. Við tökum samsett orð, heyrnarleysingi, og tengjum það við orðið skóla. Verður úr langt orð, eins og okkur hættir til í okkar máli, og eru mörg fordæmi fyrir því, að langar samsetningar hafa verið styttar með úrfellingum, þegar það hefur ekki skert merkingu. Ég sé ekki neina hættu við það. Þvert á móti tel ég, að nýja nafnið geti vel staðizt og sé að því leyti betra, sem það er styttra og óskert að merkingu.

Að öðru leyti get ég sagt fyrir sjálfan mig, — ég veit ekki um aðra nefndarmenn, — að ég mundi ekki telja það neitt höfuðatriði, ef hæstv. d. felldi þessa brtt. um nafnið, ef málinu sjálfu er jafnvel borgið eftir sem áður. Hv. deild ræður þessu að sjálfsögðu. En við skulum ekki hlaupa hugsunarlaust eftir fyrstu sérvizkurödd, sem kemur í þessum efnum.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í ágreining málfræðilegs eðlis í sambandi við þetta mál, það var annað, sem ég ætlaði að gera að umræðuefni. En úr því að farið er að tala hér um orð, þá get ég ekki annað en verið sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, að við eigum ekki að vera að taka okkur fyrir hendur hér á Alþingi að búa til nýyrði, það er annarra stofnana að búa til nýyrði í málinu. En það er það, sem hv. n. virðist hafa tekið sér fyrir hendur, að búa til nýyrði, sem gæti að vísu verið gott og gilt, en hefur að minni hyggju ekki áður verið til. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um það. Að sjálfsögðu mætti spyrja orðabókarhöfunda, hvort þetta orð sé til í málinu. Ég er þeirrar skoðunar, að við hér á Alþingi eigum ekki að taka okkur fyrir hendur nýyrðagerð.

Það, sem ég ætlaði að ræða um, er sú efnisbreyting, sem virðist vera gerð með frv., og breyting á nafni skólans, sem hefur heitið málleysingjaskóli, en nú er gert ráð fyrir að

nefna heyrnarleysingjaskóla — eða heyrnleysingjaskóla, ef farið er eftir tillögum menntmn. Ekki ætla ég að fara að rökræða það hér, af hverju málleysi stafi, og eflaust er það rétt, að það stafi að jafnaði af heyrnarleysi og að heyrnarleysi sé í raun og veru það mein, sem þjáir þá mállausu. Þarna er gert ráð fyrir í frv., að mér skilst, að heyrnarlaus börn — eða heyrnlaus — séu skólaskyld á vissum aldri. Nú held ég, að það sé ekki rangminni hjá mér, að í þessum skóla hafi verið hingað til börn og unglingar, sem voru ekki heyrnarlaus, en hins vegar mállaus, og víst er um það, held ég, að málleysi eða gallar á máli getur í vissum tilfellum stafað af öðru en heyrnarleysi. En ég vildi grennslast eftir því hjá hv. frsm., úr því að ráðh. er ekki viðstaddur, hvort það sé ekki ætlunin þrátt fyrir þetta, að mállaus börn eða mállítil geti áfram fengið að vera í þessum skóla, þó að þau séu ekki heyrnarlaus. Ef á að skilja málið þannig, að aðeins heyrnarlaus börn komist í skólann, þá held ég, að það sé breyting frá því, sem verið hefur, og ég vildi óska þess, að hv. frsm. veitti skýringu á þessu.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Eftir þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið, mun það hafa komið fyrir, að kennarar skólans hafi tekið þangað börn, sem hafa haft mjög gallað málfar, og þá oft getað hjálpað þeim. En mér skilst, að það hafi verið talið til undantekninga. Það, sem hægt er að kalla mállaus börn eða mjög mállítil, stafar, eftir því sem okkur er sagt af þessum sérfróðu mönnum, að því er mér skilst, alltaf af heyrnarleysi. Ef hv. þm. vefengir það, get ég ekki annað en óskað eftir því, að hann ræði það við þá menn, sem þarna ráða húsum, og sérfræðinga. Hér hefur t. d. einn læknir, sérfræðingur á þessu sviði, tekið þátt í að semja þetta frv. með þessari breytingu og með þeirri grg., sem því fylgir. Ég verð að vísa hv. þm. í grg., og ef hún ekki nægir, þá til þeirra forráðamanna skólans og annarra, sem hafa undirbúið þetta frv.

Það er í grg. bent á ýmsar ástæður fyrir því, að gamla heitið á skólanum, málleysingjaskólinn, getur haft óþægilegar afleiðingar og valdið óþægilegum misskilningi, eins einfaldir hlutir og umgengni manna í nágrenni við stofnunina og viðhorf bifreiðastjóra, sem fara þarna um. Menn vita, að þetta er málleysingjaskóli, en þeir átta sig ekki á því, að þessi börn geta mörg látið út úr sér hljóð, sagt einfalda hluti, mismunandi mikið eftir þroskastigi, en þau eru öll fyrst og fremst heyrnarlaus eða nálega heyrnarlaus.

Ég hygg, að hv. d. sé alveg óhætt að treysta þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir og eru frá Brandi Jónssyni skólastjóra og Stefáni Ólafssyni lækni, og einnig, að hér séum við að ganga í fótspor annarra, sem einnig þekkja vel til í öðrum löndum, hvað þetta mál snertir.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það var nú því miður lítið að græða á þeim skýringum, sem fram komu frá hv. frsm. n., en það, sem ég var að spyrja hann um, var, hvort hann áliti, að ekki mundi verða gert ráð fyrir því, að börn eða unglingar, sem eru mállaus eða mállítil af öðrum orsökum en heyrnarleysi, fái inngöngu í skólann. Sennilega hefur hv. frsm. ekki kynnt sér þetta, — ég er ekkert að ámæla honum fyrir það, — en vildi mælast til þess, að hann kynnti sér það fyrir 3. umr. og væri þá hægt að gefa svör um þetta nánar þá. En um þetta er ekki verið að spyrja að ástæðulausu, þannig að það er fullkomlega réttmætt að ætlast til þess, að þeir, sem hér standa fyrir málum, gefi sína skýringu á þessu.

Ég hef því miður ekki lesið nógu vel þá ýtarlegu grg., sem frv. fylgir frá n., sem undirbjó það. En ég hef ekki tekið eftir því, að það stæði í henni nákvæmlega þetta, sem frsm. gat um, að mállaus börn væru ávallt heyrnarlaus. Ég hef ekki tekið eftir því. Það getur vel verið, að það standi í henni þrátt fyrir það. En ég held, að það þurfi ekki að hafa um það langar umr., að barn getur verið mállaust eða málhalt af öðru en heyrnarleysi, það getur orðið það af slysi, svo að ég nefni dæmi, sem ekki er á heyrn, heldur á talfærum, þótt hitt megi trúlega til sanns vegar færa og sé sjálfsagt rétt, að meðfætt málleysi stafi yfirleitt af heyrnarleysi. Það er alkunna.

Ég vildi aðeins endurtaka þetta, sem ég var að spyrja um. En úr því að hv. frsm. getur ekki svarað því nú, þá væri æskilegt, að hann gæti svarað því við 3. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Ég geri ekki ráð fyrir og hef ekki heyrt annað í menntmn. en að gert sé ráð fyrir, að þessi skóli veiti alla þá þjónustu, sem hann hefur veitt og getur veitt. Það fer ekkert á milli mála um það. Ég vil að sjálfsögðu ekki deila um bein læknisfræðileg atriði við hv. þm. Það væri æskilegt að gera það á öðrum vettvangi.

ATKVGR.
Brtt. 314,1 samþ. með 17:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 314,2 samþ. án atkvgr.
3.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 314,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 314,4—6 samþ. án atkvgr.
11.—17. gr., svo breyttar, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv., svo breytt, og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heyrnleysingjaskóla.

Á 56. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 321).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta um heyrnleysingjaskóla er samið af nefnd, sem menntmrn. skipaði fyrir hálfu öðru ári og í áttu sæti þeir Brandur Jónsson skólastjóri málleysingjaskólans, Ásgeir Pétursson deildarstjóri í menntmrn. og Stefán Ólafsson læknir. Í þessu frv. eru sett ýtarlegri ákvæði um störf núv. málleysingjaskóla en eru í gildandi lögum, en þau eru frá árinu 1922. Til þess tíma höfðu engin ákvæði verið í lögum um kennslu heyrnarleysingja, þótt slík kennsla hafi hins vegar farið fram hér á landi allar götur frá árinu 1865, er hún hófst í Þingmúla í Skriðdal.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að skólinn breyti um nafn. Nefndin hafði gert ráð fyrir því að kalla hann heyrnarleysingjaskóla, og þannig var hið upphaflega frv. ríkisstj. Nefndin taldi eðlilegt að kenna skólann við heyrnarleysi, en ekki málleysi, vegna þess að heyrnarleysi er hinn upprunalegi sjúkdómur, sem þjáir þá nemendur, sem þennan skóla sækja, en ekki málleysi, þar sem reglan er sú, að málleysi er afleiðing af heyrnarleysi nemendanna.

Annað nýmæli í frv. felst í 2. gr. þess, þar sem kveðið er svo á, að læknum skuli skylt að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðum eyðublöðum, þegar þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til, að það læri málið, eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

Í 3. gr. eru svo enn fremur skýr ákvæði um, að foreldrum eða forráðamönnum þeirra barna, sem annaðhvort eru fædd með svo litla heyrn eða þá að heyrn þeirra hefur skemmzt svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læri ekki málið á eðlilegan hátt, sé skylt að senda þau til náms í heyrnleysingjaskólann, þegar þau eru fjögurra ára gömul. M. ö. o.: skólaskylda heyrnarlausra barna á samkv. frv. að byrja við 4 ára aldur. Þó er gert ráð fyrir því, að fræðslumálastjóri geti í samráði við skólastjóra veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.

Í frv. eru og mun fyllri ákvæði um kennaralið skólans en í gildandi lögum. Í 6. gr. er m. a. svo ákveðið, að ekki megi skipa aðra skólastjóra eða kennara við skólann en þá, sem lokið hafi kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands og prófi í kennslu heyrnarleysingja frá stofnun, sem fræðslumálastjórnin viðurkenni. Enn fremur er kveðið svo á um, að skólastjórar og kennarar skuli ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Í 12. gr. er síðan gert ráð fyrir því, að menntmrn. hafi á hendi yfirstjórn skólans, en skólastjóri fari með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra.

Einnig eru ákvæði í frv. um heimild til þess að stuðla að sérmenntun kennara þeirra, sem starfa við skólann.

Hv. Nd. hefur samþykkt þetta frv. með dálitlum breytingum frá því, að það var lagt fyrir. Fyrri breytingin felst í því, að nafni skólans var breytt úr heyrnarleysingjaskóla í heyrnleysingjaskóla. Síðari breytingin er fólgin í því, að ákvæði frv. um kennara skólans voru gerð nokkru ýtarlegri en þau voru í frv. og þá sérstaklega aukinn réttur kennaranna með hliðsjón af því, að kennsla sú, sem þeir inna af hendi, er alveg sérstaks eðlis og gerir í raun og veru alveg sérstakar kröfur til þeirra manna, sem hana stunda. Með þeirri breytingu, sem hv. Nd. samþykkti á frv., er menntmrn. heimilað að setja reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara heyrnleysingjaskólans, þar sem tekið sé tillit til þeirra sérstöku krafna, sem gerðar eru til kennara skólans, auk þess sem þeir eiga að njóta sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri. Hér er m. ö. o. gert ráð fyrir því að taka nokkurt tillit til þess, að störf þeirra kennara, sem hér er um að ræða, eru sérstaklega erfið og vandasöm, og tel ég, að þessi breyting hv. Nd. á frv. sé til bóta.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Ed., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 19. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 321, n. 385).

Frsm. (Auður Auðuns):. Herra forseti. Menntmn. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir, á fundi. Það skal tekið fram og kemur reyndar fram í nál., að einn nefndarmanna, hv. 5. þm. Reykn. (FRV), var fjarverandi, þegar málið var rætt og afgreitt í nefndinni.

Frv. fjallar um heyrnleysingjaskóla, en sú löggjöf, sem nú er í gildi um kennslu heyrnar- og mállausra, er mjög úrelt orðin, og er þessu frv. ætlað að ráða bót á í þeim efnum. Ég skal ekki fjölyrða um efni frv. Fyrir því var gerð grein við 1. umr. málsins. Í neðri deild voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. Það var aðallega breyting á nafni skólans og svo einnig á 10. gr. varðandi orlof kennara við skólann.

Menntmn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

5.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

11.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

26. Lausaskuldir bænda.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er frv. að brbl., sem út voru gefin 15. júlí s. l., og miðar það að því að gera bændum mögulegt að breyta lausaskuldum sínum og víxlum, verzlunarskuldum og öðrum ósamningsbundnum skuldum í föst lán. Er gert ráð fyrir því, að veðdeild Búnaðarbankans gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa í þessu skyni. Heimilt skal vera að veita lán til allt að 20 ára. Vextir bréfanna verði 7½% og ½% gangi til Búnaðarbankans fyrir þjónustu og áhættu. Vextir af lánunum verða þess vegna 8%. Gert er ráð fyrir því, að með þessum lögum gefist bændum sérstakt tækifæri til þess að losna við skuldirnar, sem eru ósamningsbundnar og eru oft og tíðum með þungum afborgunum, víxlarnir með sérstaklega háum vöxtum auk stimpilgjalds, og er enginn vafi á því, að verði þetta notað í ríkum mæli, gerir það bændum mun léttara en áður að standa undir þeim skuldabagga, sem á þeim hvílir.

Það hefur líka komið í ljós, að margir bændur hugsa sér að nota sér þennan möguleika. Síðast, þegar ég talaði við Búnaðarbankann, voru milli 1200 og 1300 umsóknir komnar og hefur sennilega borizt eitthvað síðan, og er þess að vænta, að úr verði hægt að greiða fyrir flestum þeim, sem sótt hafa um. Bændur verða þó að uppfylla viss skilyrði, og það er að hafa veð fyrir lánunum, því að gert er ráð fyrir því, að ekki megi hvíla meira á eigninni en 70% að meðtöldum þessum lánum. En því miður getur það verið svo, að allir bændur hafi ekki nægilega tryggt veð til þess að geta komizt að þessum kjörum. Það er vitanlega eðlilegt, að veðdeildin setji þarna föst skilyrði, því að hér er um að ræða að breyta víxlum eða öðrum skuldum, sem aðrir eru ábyrgir fyrir, en um leið og skuldinni er breytt, þá er það aðeins það veð, sem hefur verið tekið fyrir bréfunum, sem stendur á bak við.

Fengizt hefur samkomulag við Búnaðarbankann og Landsbankann um að breyta þeim skuldum, sem þar eru, samkvæmt þessum kjörum. Viðræður hafa farið fram við Útvegsbankann, en útibú Útvegsbankans munu hafa nokkuð af svona lánum, og hafa bankastjórar Útvegsbankans, sem ég hef rætt við, tekið þessu líklega og heitið því að bera það undir bankaráðin. Má því reikna með, að allir ríkisbankarnir, en þar mun mest af skuldunum vera, séu þessu samþykkir.

Hins vegar hefur ríkisstj. ekki tekið að sér að semja við sparisjóði eða verzlanir. Það verður að vera samkomulagsatriði á milli bændanna, sparisjóðanna og verzlananna, hvort samkomulag tekst um að breyta lánunum í 20 ára skuldabréf. Það má vel vera, að kaupfélögin og aðrar verzlanir kæri sig ekki um það að breyta verzlunarskuld í svo langt lán og fá bréf í staðinn. En ég hygg þó, að með þeim vöxtum, sem eru á bréfunum, muni skapast möguleiki til þess að nota bréfin á einhvern máta til greiðslu á skuldum, og þykir mér þess vegna mjög líklegt, að kaupfélög og verzlanir geri sitt ýtrasta til þess að greiða fyrir bændum að þessu leyti. Þá veit ég, að sparisjóðirnir munu gera það, sem í þeirra valdi stendur, en það má náttúrlega segja, að það sé vaxtamismunur. Þeir hafa lánað út með 9½% framlengingarvöxtum af víxlum, en vextir af bréfunum verða aðeins 7½%. Allt verður þetta að vera samningsatriði á milli þeirra, sem skulda, og þeirra, sem skuldina eiga. Það hefur ekki verið talið fært að skylda verzlanir eða sparisjóði til þess að taka að sér þessa breytingu, og ég hygg, að vegna þess að vextirnir voru ekki hafðir lægri af bréfunum en þetta, þá verði miklu auðveldara um samkomulag. Ef vextirnir hefðu verið t. d. 6%, má reikna með, að samkomulagsumleitanirnar hefðu orðið miklu erfiðari.

Nú veit ég, að að því verður spurt hér, hvernig stendur á því, að bændum er boðið upp á það að taka lán með 8% vöxtum, þegar útgerðin fær það með 6½%, að mig minnir. Þá er því til að svara, að útgerðarlánin voru aðeins í tveimur bönkum. Bændalánin eru að einhverju leyti í öllum ríkisbönkunum, í sparisjóðunum úti um land, í kaupfélögunum og öðrum verzlunum, og það er ósköp hætt við því, að ef vextirnir hefðu verið ákveðnir mjög lágir, þá hefði lítið orðið úr framkvæmdum. Ég get búizt við því, að einhverjir segi þá: Hvers vegna ekki að láta þá einhvern annan aðila greiða vaxtamismuninn? Hvers vegna ekki láta ríkissjóð eða Seðlabankann taka að sér að greiða þetta? — Ég býst við, að sú krafa kunni kannske fram að koma. En þá er því til að svara, að fyrir fram er ekkert vitað um, hvað þetta sé mikil upphæð, sem um er að ræða. Það má reikna með, að þarna verði nokkrir tugir milljóna, — ég segi ekki hundrað eða hundruð milljóna, en áreiðanlega margir tugir milljóna, og fyrir fram er engin leið að gera áætlun um, hvað þessi upphæð verði mikil.

Í öðru lagi er rétt að taka það fram, að bændur eiga að fá í verðlagi landbúnaðarvara þá vexti, sem þeir borga, og það hafa þeir fengið að mestu leyti, þá vexti, sem þeir greiða út. En þeir hafa ekki fengið fulla vexti af því kapítali, sem þeir hafa fast í búunum, jörðum og bústofni. Og deilan hefur að mestu staðið um það, hvort bændur gætu fengið fulla vexti reiknaða af því, en ekki, hvort þeir fá fulla vexti reiknaða af þeim vöxtum, sem þeir raunverulega borga af skuldum. Það hygg ég, að þeir fái að mestu leyti, eins og nú standa sakir. Einmitt vegna þess er vaxtaspursmálið á þessum lánum ekki eins mikið atriði og ætla mætti

í fyrstu. Ég vil þó segja, að það hefði verið æskilegra, að vextirnir gætu verið lægri en þetta, en í framkvæmdinni er það ákaflega örðugt, vegna þess að það er um svo marga aðila að ræða: sparisjóðina, kaupfélögin, aðrar verzlanir og ýmsa fleiri aðila, þar sem bændur skulda. Aðalatriðið er það frá mínu sjónarmiði, að bændur notfæri sér þetta, að þeir breyti lausaskuldunum í 20 ára lán og geri búskapinn og þá starfsemi, sem þeir hafa með höndum, auðveldari en hefur verið. Það er aðalatriðið. Og það er líklegt, að það verði notað í ríkum mæli, einmitt vegna þess að vextirnir eru ekki svo lágir, að verzlanir og sparisjóðir ættu að geta fært þá fórn, sem í því felst að taka bréfin í staðinn fyrir víxilinn og í staðinn fyrir skuldina.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að svo stöddu að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar hæstv. ríkisstj. var á sínum tíma að koma í gegn á hv. Alþingi efnahagslöggjöfinni á vetrarþinginu 1960, var það í boðskap hennar, að með því að koma þeirri löggjöf fram, þyrfti ekki að vera að basla við það á hverju ári eða jafnvel oft á ári að aðstoða atvinnuvegina í landinu. Það skyldi gert í eitt skipti fyrir öll um nokkuð langa framtíð, og þyrftu menn ekki að kvíða um sinn hag, ef þessi löggjöf næði fram að ganga og fengi að sýna sig. Það voru þó ekki liðnir nema nokkrir mánuðir, frá því að þessi óskadraumur þeirra varð að lögum, þ. e. efnahagslöggjöfin, sem þeir kölluðu síðar viðreisn, þangað til það varð að gera breytingu á löggjöfinni til aðstoðar við atvinnuvegina í landinu. Fyrst var byrjað með því að aðstoða togaraflotann. Og þegar þingmenn fóru í jólaleyfi um síðustu áramót, notaði ríkisstj. tímann til þess að gefa út brbl. um aðstoð við sjávarútveginn í heild, það eru lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það var almenn skoðun þm., að það hefði verið hægt að koma þessu verki fram, annaðhvort áður en þingmenn fóru í jólaleyfi eða strax eftir að þeir komu aftur til þings, þar sem jólaleyfið var stutt, en ekki hafi borið nauðsyn til að nota jólaleyfi þeirra til þess að koma þessum lögum fram í bráðabirgðalagaformi. En það hefur hins vegar sýnt sig, að hæstv. ríkisstj. hefur sérstakar mætur á því formi og hefur notað það í mörgum tilfellum, eða þegar hún hefur viljað sérstaklega slá um sig.

Þegar þessi löggjöf var hér til meðferðar á hv. Alþ. í fyrravetur, þ. e. lögin um stofnlánadeildina, benti hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) á það í nál. sínu, sem er út gefið 27. febr. s. l., að fleira þyrfti að gera en að aðstoða sjávarútveginn, og flutti þá brtt. til aðstoðar við landbúnaðinn einnig. Benti þessi hv. þm. á það bæði í tillögum sínum, í nál. og ræðum hér á hv. Alþ., og það var bent á það af okkur framsóknarmönnum yfirleitt, að nauðsyn bæri til að veita landbúnaðinum hliðstæða aðstoð og sjávarútveginum, til þess að bændur og vinnslustöðvar þeirra gætu komið sínum skuldamálum fyrir á eðlilegan hátt. Hæstv. ríkisstj. hafði þá ekki athugað það eða talið tímabært að taka þetta mál upp til velviljaðrar athugunar og afgreiðslu jafnhliða og á hliðstæðan hátt og við sjávarútveginn, eins og eðlilegt var. Tillögur hv. 1. þm. Norðurl. v. voru því felldar hér á hv. Alþ., og ekki komu fram tillögur frá hæstv. ríkisstj., sem bentu í þá átt, að hún ætlaði að taka þetta mál upp síðar. En er leið að þingslitum og eldhúsumr. fóru fram hér á hv. Alþ., lét hæstv. ríkisstj. einn af þm. sínum boða það, að hún mundi síðar taka þessi mál upp. Og var það eftir öðrum hennar vinnubrögðum að taka málið upp um það leyti, sem Alþingi var að ljúka störfum, sbr. það að gefa út brbl. um stofnlánadeild sjávarútvegsins í jólaleyfi þingmanna. Vinnuaðferðir við þessi tvö mál voru þau sömu, að út voru gefin brbl. í báðum tilfellum, en málið ekki tekið upp á Alþingi, eins og eðlilegt var, þó að Alþingi væri búið að benda á nauðsyn þess og ekkert hefði breytzt, frá því að þær ábendingar höfðu fram komið.

Þann 15. júlí s. l. gaf svo hæstv. ríkisstj. út brbl. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán. Þar var veðdeild Búnaðarbanka Íslands heimilað að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, og skyldi þessi lánaflokkur vera notaður til þess að greiða með lausaskuldir bænda.

Ef borin eru nú saman þessi tvenn lög, lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins og lögin um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þá er nokkur mismunur á þessum tvennum lögum. Og það var auðfundið á hæstv. landbrh. áðan, að hann veigraði sér við því að ræða þann þáttinn og fann, að það hlyti að verða gagnrýnt, að það skyldu hafa verið öðruvísi aðfarir í síðara tilfellinu en því fyrra.

Í fyrsta lagi er það, sem hér er um að ræða, aðeins aðstoð við bændurna sjálfa, en í fyrra tilfellinu, í sjávarútveginum, er einnig aðstoð við fiskvinnslustöðvarnar. Hér er ekki gert ráð fyrir, að frystihús, mjólkurbú eða aðrar vinnslustöðvar landbúnaðarins eigi að fá nokkra aðstoð til að breyta sínum skuldamálum í betra horf en áður var, eins og fiskvinnslustöðvar sjávarútvegsins fengu með l. um stofnlánadeildina. Þessar stöðvar, sem hafa bundið mikið fjármagn og eru með lausaskuldir eins og önnur fyrirtæki í þessu landi, á þær er ekki litið eða á þær er ekki hlustað. Það eitt er þessari löggjöf ætlað að taka hinn þáttinn, og skal ég nú ræða, hvernig það er hugsað. En það getur engum manni blandazt hugur um, að það var jafneðlilegt að aðstoða vinnslustöðvar landbúnaðarins til að koma sínum lánamálum í betra horf eins og vinnslustöðvar sjávarútvegsins, því að hvorar tveggja þurftu aðstoð.

Þá er í öðru lagi, að í þessum lögum er gert ráð fyrir því að lána aðeins út á fasteignir, — það eru aðeins fasteignir, sem þar eru veðhæfar, — en í hinu tilfellinu eru það skip, iðjuver og vélar. Það er hægt að nota vélarnar einnig sem veð í sambandi við lán sjávarútvegsins, en hér er aðeins fasteignin, sem er veðhæf. Hér er líka um meginmun að ræða og mikinn mun, sem er mjög óhagstæður fyrir bændur, þar sem þeir hafa orðið að festa mikið fjármagn einmitt í vélakaupum til landbúnaðarins, og þessum vélakaupum hafa þeir ekki getað komið fyrir nema taka óhagstæð lán til að koma þeim í

framkvæmd. Hér er því annað atriði, þar sem er verulega hallað á bændastéttina frá því, sem gert er ráð fyrir í hinni löggjöfinni.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því, að útvegurinn beri 6½% og vinnslustöðvar útvegsins greiði 6½% í vexti af sínum lánum. Hins vegar er bændum ætlað að greiða 8% af þeim lánum, sem þeir fá, því þó að skuldabréfin séu ekki nema með 7½% vöxtum, eins og hæstv. ráðh. tók hér fram áðan, þá er reiknað með ½% í kostnað. Hér er því enn þá gengið inn á sömu braut, að þessi lánaaðstoð er öll önnur og verri en í hinu fyrra tilfelli.

Hér er þó ekki öll sagan sögð, því að það er framkvæmdin, sem verður þó erfiðasti þátturinn í málinu. Eins og hæstv. ráðh. tók fram hér áðan og tekið er fram í l., á þessi aðstoð að verða með þeim hætti, að veðdeildin gefur út skuldabréf með 7½% vöxtum. Það eru tveir aðilar í landinu búnir að fallast á að kaupa þessi skuldabréf með nafnverði með þeim vöxtum, sem þar tilgreinir, því að ég geri ráð fyrir því, að um það hafi verið samið, að því leyti sem skuldirnar eru hjá þeim. Þetta eru Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands. Rætt hefur verið um það, segir hæstv. ráðh., við Útvegsbankann, en þaðan hafi ekki komið svör enn þá. Við skulum gera ráð fyrir því, að þau svör verði jákvæð. En hvað gerðist í sambandi við stofnlánadeild sjávarútvegsins? Það, sem gerðist þar, var, að Seðlabankanum var gert að skyldu að kaupa skuldabréfin af stofnlánadeildinni. — Hins vegar var viðskiptabönkunum gert að auka innstæðu sína eða lækka skuldir í Seðlabankanum sem upphæð þeirri næmi, sem fór í þessi lán. Þar með var það tryggt, hvernig þessi framkvæmd átti að vera. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það hefði verið hægt að framkvæma þetta á þennan veg, vegna þess að skuldir sjávarútvegsins hefðu verið í tveim bönkum, Útvegsbankanum og Landsbankanum. En ástæðan til þess, að þetta var framkvæmanlegt, var sú, að Seðlabankanum var gert að skyldu að aðstoða við framkvæmd þessara laga. Það er mergur málsins, en ekki að skuldirnar hafi verið í Útvegsbankanum eða Landsbankanum. Það hefði komið út á eitt, ef þessum bönkum hefði verið gert að skyldu að breyta sínum lánum í 20 ára lán, eins og hér er ætlazt til, án þess að Seðlabankinn aðstoðaði þá við það. Þá hefðu þessi lög ekki heldur náð tilgangi sínum. Ég er sannfærður um það, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki fengið bankana til að taka á sig vaxtalækkunina og að binda lánin til svo langs tíma nema með lagasetningu, sem hún hefði sett þvert ofan í vilja bankanna. En af því að þeir fengu aðstoð Seðlabankans til þess, var þetta framkvæmanlegt. Og það, sem hér verður að gera, ef á að verða nokkur árangur af þessari löggjöf, það verður að vera slíkt hið sama og hjá sjávarútveginum.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að hjá tveim aðilum, Búnaðarbankanum og Landsbankanum, væri mest af skuldum bænda. Ég er búinn að kynna mér þetta mál nokkru nánar, og það, sem er í því, er það, að þetta er mjög mismunandi eftir landshlutum. Þar sem þessir bankar hafa útibú, eins og t. d. útibú Landsbankans á Selfossi, þar eru bændur með sín víxlaviðskipti í útibúi Landsbankans. Þess vegna verður það þeim að einhverju liði að fá að breyta þeim víxlum, sem þeir eru með í útibúunum á Selfossi, Akureyri og Eskifirði, í löng lán. En aftur þar sem þessi útibú eru ekki, þar er meginið af þessum skuldum heima í sparisjóðunum í héruðunum eða eru verzlunarskuldir. Mér er fullkomlega kunnugt um það einmitt á því svæði, þar sem ég er kunnugastur. Þannig er þessu farið. Og haldið þið nú, hv. alþm. og hæstv. ríkisstj., að verzlunarfyrirtækin eða sparisjóðirnir verði ginnkeypt fyrir því að breyta víxlinum, sem sparisjóðurinn lánaði til sex mánaða eða eins árs og var búinn að semja um með 9½% vöxtum, — að breyta honum í 20 ára lán með 7½% vöxtum? Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um, að þetta mál er ekki auðleyst, enda er vitað mál, að það er ekki á valdi félítilla sparisjóða að inna það verk af höndum. Það er einnig alveg óframkvæmanlegt fyrir verzlunarfyrirtæki, sem verða að borga 10% í vexti af rekstrarfé sínu og eiga fullhart með að fá það fé, að breyta viðskiptaskuldum sínum í 20 ára lán með 7½% vöxtum. Ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. landbrh., sem er kaupfélagsstjóri austur á Hellu, þegar hann gegnir ekki ráðherrastörfum, væri ekki ginnkeyptur fyrir slíkum viðskiptum, enda ekki von, því að hver á sem slíkur að blæða fyrir vaxtamismuninn. Það er ekki nóg að hafa uppi óskhyggju um það, að bændurnir í landinu noti sér þessa aðstoð. Það verður að vera framkvæmanlegt, og það er þýðingarlaust fyrir bændurna að taka skuldabréf þessi og eiga svo eftir að semja um það við viðskiptavini sína að koma þeim í verð, því að það er óframkvæmanlegt fyrir verzlunarfyrirtækin, það er óframkvæmanlegt fyrir sparisjóðina að verða við þessum óskum þeirra, þótt þeir fegnir vildu. Ég er þegar búinn að kynna mér það mál nokkru nánar, og það sýndi sig í sambandi við aðstoð við útgerðarmennina, að það var óframkvæmanlegt talið fyrir viðskiptabankana, Landsbankann og Útvegsbankann, að veita útgerðarmönnunum þessi aðstoðarlán, nema Seðlabankinn aðstoðaði við það. Og hvaða ástæða er til þess, að Seðlabankinn aðstoði við skuldaskil útgerðarinnar, ef hann á ekki einnig að koma til í sambandi við landbúnaðinn? Með því móti, að Seðlabankinn komi til, er hægt að leysa þetta mál og láta það verða bændum að liði, sem fullkomin þörf er, eins og hæstv. ráðh. sagði. En það er ekki hægt með því að láta sér detta í hug, að Pétur eða Páll eigi að semja við þennan eða hinn um svo óframkvæmanlega hluti eins og þetta er.

Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki verið ljúft að vera með vexti af landbúnaðarlánunum mun hærri en af sjávarútvegslánunum. En eins og hann sjálfur sagði áðan, þá var þetta kannske eina hugsanlega leiðin, að einhverju yrði hægt að koma út af þessum bréfum, að vaxtamismunurinn yrði ekki meiri en þetta, — það væri eina hugsanlega leiðin, vegna þess að það vantaði aðilann, sem átti að sjá um, að þetta væri framkvæmanlegt. Sá aðili var Seðlabankinn í sam-

bandi við stofnlán sjávarútvegsins, og sá aðili átti einnig að vera Seðlabankinn í sambandi við þessi lán. Ef þessi löggjöf fer óbreytt hér í gegnum hv. Alþ., munu ekki verða nema mjög takmörkuð not af henni, a. m. k. í sumum landshlutum, og lítil sem engin í öðrum, því að sparisjóðirnir yfirleitt og verzlunarfyrirtækin hvorki geta né vilja fara að taka upp viðskipti eins og þessi. Þeim er það algerlega óframkvæmanlegt, og þess vegna munu þeir bændur í landinu, sem hafa þar sín viðskipti, einskis njóta í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það væri verulega sótt um þessi lán, og mér er kunnugt um, að svo er. En það er sótt um þau í þeirri von, að þau verði bændum að einhverju liði. Umsóknirnar eru fram komnar til þess að sýna þörfina. En bændur, sem eru að sækja um þessi lán, sjá einnig skuggann, sem er á framkvæmdunum, og lánið verður ekki að nokkru liði, sem teljandi er, nema að því leyti sem varðar þessa viðskiptabanka, sem hæstv. ráðh. talaði um hér áðan, og þá bændur, sem þar eru innan dyra, en að hinu leytinu ekki. Þess vegna verður ekki leyst úr þessu máli, svo knýjandi sem það þó er, nema hér verði gerð á sú breyting að samræma þetta, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti tillögu um í fyrra, að aðstoðin yrði á svipaðan hátt og var við sjávarútveginn, þ. e. að Seðlabankanum verði gert að skyldu að aðstoða með þessi lán, eins og þar var, svo að það geti verið með sama hætti og þar er til ætlazt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. hafa nú hlustað á hv. 3. þm. Vesturl., og hefur hann fundið ýmislegt þessari löggjöf til foráttu, þykir hún ekki tryggja nógu vel, að bændur geti notfært sér þessa löggjöf, og eins og hann sagði, rétt áður en hann steig úr ræðustólnum, að í sumum landshlutum yrðu þess alls engin not. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki hafa nú útibú á Ísafirði, og er mér kunnugt um, að bændur skulda þar talsvert. Það er útibú á Akureyri, og skyldu ekki bændur í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hafa þurft að koma þar í banka? Það er útibú á Austfjörðum. Ég hygg því, að flestir landshlutar hafi átt aðgang að ríkisbönkunum og að bændur víðs vegar um land séu þar skuldugir. Og að því leyti hlýtur það að koma öllum landshlutum að nokkrum notum, jafnvel þó að það væri ekki um nema ríkisbankana að ræða.

Hv. ræðumaður taldi útilokað, að sparisjóðirnir gætu notfært sér þetta. Mér finnst þetta nokkuð fljótráð fullyrðing, því að um leið og sparisjóðirnir fara að taka upp samninga við bændur í sambandi við breytingu þessara lána, mun sparisjóðsstjórnin eða sparisjóðsstjórinn gera sér grein fyrir því, hvort sparisjóðurinn getur notfært sér þessi bréf. Og gæti nú ekki verið, að sparisjóðurinn skuldaði einhverjum aðila, annaðhvort Landsbankanum eða Seðlabankanum, og gæti komizt að samkomulagi við hann um að taka bréfið upp í skuldina? Mér þykir það alls ekki ólíklegt, að sparisjóðirnir gætu komizt að slíku samkomulagi. Svo er það algerlega á valdi kaupfélaganna og verzlananna um landið, það eru kaupfélagsstjórarnir og kaupfélagsstjórnirnar, sem ráða því, hvort þau vilja greiða fyrir bændum að þessu leyti. Ég hygg, að segja megi, sem eðlilegt er, að kaupfélögin skuldi einhvers staðar, annaðhvort í bönkum eða þá hjá Sambandinu, þau hljóta að gera það. Og mér þykir mjög sennilegt, að Sambandið skuldi í einhverjum banka, t. d. í Landsbankanum. Og þess vegna er alveg rökrétt að ætlast til þess, að þessi skuldabréf verði tekin til þess að lækka slíkar skuldir, að Sambandið taki þessi skuldabréf af kaupfélögunum og það geti svo aftur notfært sér þessi bréf til þess að lækka skuld sína í bankanum.

Það er of fljótt fyrir hv. 3. þm. Vesturl. að fullyrða, að þetta sé óframkvæmanlegt. Ég skal viðurkenna það, að þetta hefur ekki verið kannað til hlítar. Þetta er ekki í frv. En ég veit, að hv. 3. þm. Vesturl. þekkir svo mikið inn í viðskiptalífið, að hann eygir möguleika gegnum þessa leið, og það á að fara þessa leið. Á þann hátt geta kaupfélögin tekið bréfin og breytt skuldum, sem eru í viðskiptareikningunum. Og þá er það hagnaður fyrir báða, viðskiptamanninn og líka fyrir kaupfélagið, ef það getur lækkað skuld sína á þennan hátt.

Hitt má svo segja, og ég undrast það ekkert, þó að hv. þm. fullyrði hér, — það ber að viðurkenna, að hann var hógvær í sínum málflutningi, — það er ekkert undarlegt, þó að hann fullyrði hér, að það hefði verið eðlilegt, að ríkisstj. hefði skyldað Seðlabankann til þess að gera það, sem hann ræddi hér um, hliðstætt við sjávarútveginn. En ég sagði hér áðan, að þetta er ekki algerlega hliðstætt að þessu leyti, að í sambandi við sjávarútveginn eru það aðeins tveir bankar, sem um er að ræða, og þessir bankar skulduðu báðir Seðlabankanum og gátu þess vegna með góðu móti breytt skuldunum fyrir sjávarútveginn, tekið bréfin og lækkað skuld sína við Seðlabankann. Þetta voru þess vegna ósköp auðveldir samningar og ósköp auðveld leið, sem hlýtur að vera erfið hvað landbúnaðinn snertir, þegar um er að ræða — ég man ekki hve marga sparisjóði um allt land, 60 kaupfélög eða svo og kaupmenn og svo ýmsa aðra aðila, sem eiga skuldir hjá bændum. Þetta er ekki hliðstætt því, sem er um sjávarútveginn, sem hefur aðeins við tvo aðila að eiga. Og að þessu leyti er framkvæmdin erfið í þessu máli, nema það ríki skilningur á milli aðilanna og þeir, sem skuldina eiga, hafi hug á því að greiða fyrir bændum. Og ég er alveg sannfærður um það, að kaupfélagsstjórarnir úti um land vilja greiða fyrir bændum. Þeir vilja lækka skuldir bændanna í viðskiptareikningunum, og þeir vilja taka bréf í staðinn fyrir skuldina, ef þeir eygja möguleika til að koma bréfinu í verð. Og ég hef bent á möguleikann, og ég ætlast til þess, að hv. 3. þm. Vesturl. láti það berast, að þessi leið er fyrir hendi, ef forsvarsmenn kaupfélaganna eru eins og hann, að hafa ekki áður komið auga á þetta. En ég veit, að hv. þm. skilur þetta mætavel og sér, að þarna er leið úr þessu.

Í sambandi við þetta mál er ekki nema eðlilegt undir meðferð málsins, að rætt sé við

Seðlabankann um þetta atriði, hvort ekki sé líklegt, að hann væri fús til þess að taka bréfin einmitt af þeim aðilum, sem skulda í bankanum. Ef bréfin mega ganga til þess að lækka skuld kaupfélagsins, Sambandsins eða kaupmannsins, þá hefur það ekki dýrtíðaraukandi áhrif, þó að bréfin séu tekin.

Hv. þm. var að tala um, að hér hefðu ekki verið teknar til greina vinnslustöðvar landbúnaðarins eins og vinnslustöðvar sjávarútvegsins. Það er rétt. Það er nú sem betur fer ekki alveg hliðstætt, vegna þess að vinnslustöðvar landbúnaðarins, þó að þær hafi að vísu ekki nógu fé yfir að ráða, þá hafa þær ekki fram að þessu verið svo illa staddar, að það hafi verið rekstrarstöðvun, — ég segi: sem betur fer, og það liggur ekki fyrir, að vinnslustöðvar landbúnaðarins þurfi aðstoð í sama formi og vinnslustöðvar sjávarútvegsins, sem gátu ekki starfað nema fá þessa aukaaðstoð. Og það hefur verið athugað nokkuð rækilega af tveimur aðilum, sem ríkisstj. fól það verk, og það lá nú ekki fyrir, að það væri — ég segi aftur: sem betur fer, sama fjárhagsástand hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins og vinnslustöðvum sjávarútvegsins mörgum hverjum.

Um vaxtamismuninn skýrði ég það áðan, að bændur munu fá a. m. k. að mestu leyti bættan þennan vaxtakostnað með því, að hann gengur inn í verðlag landbúnaðarafurða, þegar verðgrundvöllurinn er fundinn. Bændur kvarta að vísu undan því, að vaxtaliðurinn sé ekki nógu hár í grundvellinum, en það eru ekki þeir vextir, sem þeir greiða af skuldum, heldur vextir af eigin fé. Þeir kvarta um, að þeir fái ekki nægilega vexti af eigin fé í grundvellinum. Þess vegna getum við hv. 3. þm. Vesturl., þegar við athugum málið rólega frá þessu sjónarmiði, verið sæmilega ánægðir fyrir hönd bændanna, þótt vextirnir séu svona háir, ef við tökum þetta með í reikninginn, að vextirnir koma inn í verðlag landbúnaðarafurða.

Ég held, að það sé ekki þörf á að fara öllu fleiri orðum um málið út af því, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Ég hef bent á, að mest af því, sem hann sagði þessum lögum til foráttu, er ekki eins þungt á metunum og hv. þm. vill vera láta. Og þetta getur orðið bændunum ómetanleg hjálp, ef bændurnir vilja notfæra sér það, — þeir hafa sýnt það með því að sækja um 1200—1300, — og ef þeir, sem eiga skuldirnar hjá bændunum, vilja jafnframt greiða fyrir því. Þessi löggjöf byggist á því. Ef kaupfélögin vilja ekki greiða fyrir bændunum að þessu leyti, þá er sú hliðin vitanlega alveg lokuð, og ef forstjórar sparisjóðanna hafa ekkert að segja, þegar komið er til þeirra með það: Við höfum ekki efni á að gera þetta, — þá er sú leiðin einnig lokuð. En ef sparisjóðirnir hins vegar vilja leita allra hugsanlegra leiða, þá er líklegt, að það sé mögulegt fyrir sparisjóðina að koma bréfunum í verð til greiðslu á skuldum eða í viðskiptum á annan hátt. Framkvæmd þessara laga verður erfið og hún verður ómöguleg, ef viljinn er ekki góður til þess að framkvæma þau. En ef viljinn er fyrir hendi, geta þessi lög verið ómetanlegt tæki til þess að létta byrðarnar á bændum.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. var að ljúka hér máli sínu og gerði nokkrar athugasemdir við það, sem ég sagði hér áðan.

Út af því, sem hæstv. ráðh. talaði um útibúin, þá tók ég það fram hér í minni frumræðu, að þar sem þau væru til staðar, þar voru víxilskuldir bænda hjá þeim. En hins vegar þar, sem ekki eru nein útibú frá þessum bönkum, þessum tveim aðalbönkum, sem hæstv. ráðh. sagði að væru búnir að fallast á að taka þessi bréf upp í sín viðskipti, hjá einstaklingunum þar kæmu vandræðin. Og það voru einmitt þau vandræði, sem ég benti á að mundu verða þess valdandi, að þetta væri mismunandi eftir því, hvar menn væru staðsettir.

En hæstv. ráðh. kom hér inn á nýjan þátt í þessu máli, sem hann hélt að ég hefði ekki komið auga á, og þakka ég honum fyrir þann velvilja að benda mér á það, en það var viðskiptaleiðin um það, að þriðji aðili gæti notað skuldabréfin til þess að greiða fyrir sín viðskipti. Nú er það mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi ekki komið auga á þessa leið, því að ég hef rætt það við bankana, hvort þetta sé hugsað á þann veg. En þannig varð framkvæmdin um sjávarútvegslánin, að það var ekki endilega útgerðarmaður, sem þurfti að skulda beint við banka sinn. Hann gat skuldað þriðja aðilanum og borgað honum með þessu bréfi, og hann gat svo notað það í viðskiptum sínum við bankana. Ef þetta er með þeim hætti, að t. d. sparisjóðirnir mega afhenda Seðlabankanum slík skuldabréf, þegar þeir eiga að skila því til Seðlabankans, sem af þeim er tekið vegna sparifjárinnstæðna, þá er ég sannfærður um, að þeir sparisjóðir, sem ég þekki til, munu nota sér þá leið, og það stendur ekki á velvilja eða skilningi þeirra manna, er með þau mál fara. En það verður að vera möguleiki til þess að framkvæma löggjöfina. Það er löggjöfin sjálf, sem stendur í vegi fyrir framkvæmdinni, og ég fullyrði það við hæstv. ráðherra, að ef sparisjóðirnir mega t. d. afhenda Seðlabankanum þessi skuldabréf, þegar þeir skila þeim vissa hluta af sinni innstæðu til hans, þá munu þeir áreiðanlega nota sér þá leið. En ef þeir verða að taka þessi skuldabréf upp í víxil, sem þeir lánuðu til hálfs árs eða heils árs, og liggja með þau í 20 ár og gefa með þeim, þá verða þeir að velta þeim fyrir sér, áður en þeir fara inn á slíka leið. Og ég fullyrði það líka, að ef kaupfélagið getur farið með þessi skuldabréf inn í bankana hér í Reykjavík og borgað niður sínar skuldir með þeim, þá munu þau hiklaust gera það. En það er það, sem vantaði í ræðu hæstv. ráðherra hér áðan, að þetta væri framkvæmanlegt. Það, sem hann talaði um, var, að bankarnir hefðu fallizt á það að breyta sínum lausaskuldum, þeim sem hjá þeim væru, og einstaklingarnir væru þar með að breyta þeim í löng lán, en ekki öðrum. Og það eru einmitt þessi svör, sem viðskiptabankarnir hafa gefið mér, þegar ég hef verið að ræða þetta mál við þá, því að ég hafði sannarlega komið auga á þessa leið. Ef hún er fær, þá er málið allt annað, og það er einmitt þetta, sem ég legg áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. eigi

að beita sér fyrir því, að þessi leið sé fær. En ég hef ekki trú á því, að hún sé fær, nema aðstoð Seðlabankans komi þar til, og það er eðlilegast.

Ég þóttist finna það, að hæstv. ráðherra viðurkenndi þetta sjónarmið mitt hér áðan, þegar hann talaði um, að rætt yrði við Seðlabankann, þegar meðferð málsins færi hér fram á hv. Alþingi, svo að ég vona, að hæstv. ráðherra láti sér segjast og sjái, að þetta er í raun og veru eina færa leiðin til þess að leysa úr þessu máli. Það er hægt að finna leiðir til þess að koma þessu fyrir á eðlilegan hátt, eins og hann vitnaði til áðan, í sambandi við viðskipti bankanna við Seðlabankann, ef velvilja og skilningi er beitt til þess að koma því í gegn. Og þar þarf að koma til velvilji og skilningur hjá hæstv. ráðherra. Hann þarf ekki að efast um það, að kaupfélagsstjórarnir í landinu og viðskiptaaðilar yfirleitt, bæði sparisjóðir, verzlanir og kaupfélög, þeir vilja fá sínar skuldir greiddar, ef þeir fá þær greiddar á þann hátt, að þeir bíði ekki tjón við það. En hann mundi ekki sem kaupfélagsstjóri eða aðrir þeir, sem fyrir viðskiptastofnunum standa, og er ekki heldur eðlilegt, fara að taka slík bréf ótilneyddur, ef hann sæi, að hann tapaði verulega á hverju einasta skuldabréfi, sem hann tæki, enda er þannig háttað með viðskiptalífið í landinu yfirleitt, að það þolir ekki að taka á sig slíka ábyrgð. Ég skora því enn á ný á hæstv. ráðherra að sýna nú dugnað sinn og beita velvilja og skilningi á þeim stöðum, þar sem það á við, þ. e. hjá Seðlabankanum, til þess að hægt verði að leysa þetta mál svo, að það megi koma bændunum í landinu yfirleitt að því gagni, sem talið er að þessi lög eigi að gera.

Jón Pálmason: Hæstv. forseti. Af því að ég geri ekki ráð fyrir því að hafa aðstöðu til að ræða þetta mál við síðari umræður, þykir mér ástæða til að segja nokkur orð um þetta mikla vandamál, sem hér er til meðferðar.

Það er augljóst öllum, sem um það hugsa, að þessi brbl. eru spor í rétta átt. En þau eru aðeins spor og frá mínu sjónarmiði alveg ófullnægjandi, ef þeim verður ekkert breytt. Nú liggur það fyrir, eins og gefur að skilja, að Alþingi á að fjalla um þessi lög og hefur þess vegna tækifæri til þess að breyta þeim, eftir því sem samkomulag næst um.

Það versta við framkvæmdina á þessum lögum hlýtur að verða það, eins og nokkuð kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl., að þau koma ákaflega misjafnt niður á landshlutana, því að í þeim landshlutum, sem eru í kringum bankana og þeirra útibú, geta þessi lög komið að miklu gagni og kannske fullnægjandi gagni, vegna þess að bankarnir taki skuldabréfin yfirleitt upp í skuldirnar, en þar sem svo er ekki, svo sem víða er á landinu, að héruðin eru í fjarlægð við banka, þá eru skuldirnar yfirleitt í sparisjóðum og verzlunum, og það er kunnugt, að sum kaupfélögin eru orðin stærstu skuldaverzlanir, sem fæðzt hafa á okkar landi. Það, sem hér þarf þess vegna að gera frá mínu sjónarmiði og ég hef raunar sagt hæstv. ráðherra, er það, að Alþingi gangi þannig frá þessum lögum, að skuldaeigendurnir séu skyldaðir til að taka bréfin, bæði bankar, verzlanir og sparisjóðir. Það verður svo að koma í ljós síðar, ef þarf að hjálpa þessum aðilum á annan hátt til þess að standa undir þeim bagga, sem af því leiðir. Það vita allir og sjá, að þessi ráðstöfun, eins og ráðstöfunin með lausaskuldir sjávarútvegsins, þetta er kreppuráðstöfun, og það ber þess vegna að koma henni í það horf, að þetta komi sem jafnast niður alls staðar á landinu. En það er auðséð, að ef hér verður ekkert breytt frá því, sem frv. fjallar um, þá er alveg gagnólík aðstaða fyrir bændur t. d. hér á Suðurlandi og hér í kringum höfuðborgina og á Norðurlandi og Vesturlandi, þar sem ekki er aðgangur að bönkunum, eins og hér er. Það hafa borizt um 1000 umsóknir til Búnaðarbankans um þessi lán, og mér er kunnugt um það, að til viðbótar því eru margir bændur, sem hafa ekki sótt um þau, vegna þess að þeir hafa ekki gert sér vonir um, að þeir, sem skuldirnar eiga, tækju þessi bréf.

Ég vildi nú rétt aðeins geta um þetta til þess að vekja athygli hv. fjhn., sem fær þetta mál, og yfirleitt annarra deildarmanna á því, að þeir verða að athuga, hvort ekki beri nauðsyn til að breyta þessu þannig, að það komi sem jafnast niður á alla landshluta. En það er augljóst, ef það er alveg frjálst, að skuldareigendurnir eru ekki neitt skyldugir til þess að taka bréfin, þá kemur þetta ákaflega misjafnt niður, enda þótt tveir bankar hafi samþykkt fyrir sitt leyti að taka þessi bréf.

Úr því að út í kreppuráðstöfun er farið, þá er það í mínum augum ekki svo langt gengið, þó að skuldareigendurnir væru skyldaðir til þess að taka þessi skuldabréf, sem öll verða með veði í fasteignum. Það er ekki langt spor í samanburði við það, sem við höfum áður þekkt í sambandi við kreppumál. Mismunur á vöxtum er hér ekki svo ákaflega mikill, og þeir, sem hafa á undanförnum árum lánað stórkostlega út, verða frá mínu sjónarmiði að sæta því, þótt þeir þurfi að taka þessi bréf, eins og um hnútana er búið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 25., 26., 28., 29., 30., 32., 40. og 47. fundi í Nd., 24., 27. og 30. nóv., 4., 5. og 7. des., 2. og 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 13. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Eitt af þeim málum, sem liggja fyrir þinginu, er frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þetta er stjórnarfrv., lagt fram skömmu eftir að þing var sett í haust, til stað-

festingar á brbl., er út voru gefin 15. júlí næstliðið ár. Frv. fór til fjhn. í þessari deild, nefndin skilaði álitum um það í nóvembermánuði, og tveir nefndarmenn lögðu fram brtt. við frv. En þó að svona langt sé liðið, síðan nál. komu fram, hefur málið ekki enn verið tekið til 2. umr. Það hefur að vísu nokkrum sinnum verið sett á dagskrá í þingdeildinni, þrisvar sinnum í nóvember, eftir að nefndarálit komu fram, þrisvar í desember og tvisvar í febrúar, en aldrei verið tekið fyrir til umr. Síðast var málið fyrst á dagskrá deildarinnar í gær, en þó ekki tekið fyrir, heldur önnur mál. Og það er ekki á dagskrá þingdeildarinnar í dag.

Nokkru eftir að þessi brbl. voru gefin út í næstliðnum júlímánuði, var auglýst eftir umsóknum um lán samkvæmt þeim, og var fram tekið, að lánaumsóknir skyldu berast fyrir 1. okt. Það munu eitthvað yfir 1000 menn hafa sótt um lán samkv. brbl., og í upphafi munu ýmsir hafa gert sér vonir um það, að afgreiðsla á lánum fengist fyrir áramótin síðustu. Svo varð þó ekki. Enn mun ekki vera farið að veita nein lán samkv. þessum brbl. Þetta hefur komið sér illa fyrir ýmsa umsækjendur, þessi dráttur, og menn spyrja margir, sem hlut eiga að máli, sem eðlilegt er, hvað þessu valdi, að allt situr fast, engin lán afgreidd og málinu miðar ekkert áfram í þingi. Það er enn í fyrri deildinni og meðferð þess eins og ég hér hef lýst. Nú er það mjög óvenjulegt, held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé svo lengi dregið að taka mál til 2. umr., eftir að nefnd hefur skilað áliti. Þetta er því orðinn óeðlilegur dráttur, sem kemur sér illa fyrir marga. Ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að málið verði nú tekið fyrir hið allra fyrsta hér í hv. deild og það dragist ekki lengi, að það fái hér einhverja afgreiðslu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Það er rétt, þetta mál hefur verið nokkrum sinnum hér á dagskrá og ekki tekið til umr., en það hefur sínar eðlilegu orsakir. Umsóknarfrestur var til 1. okt. og bárust 1200—1300 umsóknir, og Búnaðarbankanum var falið að vinna úr þessum umsóknum. Það hefur alltaf verið ætlun ríkisstj. að semja við bankana um það, að þeir tækju bréfin á nafnverði, en samninga var ekki unnt að taka upp við bankana, fyrr en það lá fyrir, hversu há upphæðin var, sem semja skyldi um. Það var ekki fyrr en um miðjan janúarmánuð, sem þetta lá fyrir. Ég get upplýst það, að samningum er nú lokið við bankana, og n. k. fimmtudag er ekkert því til fyrirstöðu að taka málið á dagskrá og til meðferðar hér í hv. Alþingi.

Um það, að það hafi verið bagalegt, að ekki voru veitt lán fyrir áramót, þá er rétt að upplýsa það, að starfsfólk Búnaðarbankans var önnum kafið í nóvember- og desembermánuði við útreikninga á öðrum lánum, eins og hv. þm. ætti að vera kunnugt um. Það var þess vegna enginn tæknilegur möguleiki á því að afgreiða þessi lán fyrir áramót.

Ég hygg, að það sé aðalatriðið, að þetta mál verði leyst farsællega hér í þinginu, eins og allt af hefur staðið til, og að hitt sé aukaatriði, hvort það er mánuðinum fyrr eða seinna.

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 21, n. 118, 132 og 142, 133).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar fyrir alllöngu og hafa nefndarhlutar skilað álitum. Það voru haldnir nokkrir fundir í nefndinni um þetta mál, og á einum þeirra mætti hæstv. landbrh. og gaf þar ýmsar upplýsingar og skýringar. Sömuleiðis leitaði nefndin til Búnaðarbankans eftir tölu umsækjenda um lánin, og reyndust þeir vera einhvers staðar á milli 12 og 13 hundruð. Þá var og sent til Stéttarsambands bænda og leitað umsagnar þeirra um málið.

Ég mun hér í stuttu máli gera grein fyrir þeim grundvelli, sem markaði afstöðu meiri hl. n., en ég geri hins vegar ráð fyrir, að hæstv. landbrh. muni við umr. þessar skýra stöðu málsins í dag.

Nefndin var í heild sammála um markmið frv., þ. e. a. s. þá stefnu að reyna að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, og telur meiri hl. n., að með frv. og aðgerðum hins opinbera í framhaldi af þessari löggjöf verði þeim tilgangi náð. Hins vegar taldi minni hl. þessar aðgerðir ekki fullnægjandi og hefur í sérstökum nefndarálitum gert grein fyrir afstöðu sinni. Meingagnrýni minni hl. beindist að eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi, að Seðlabankinn og aðrar lánastofnanir séu ekki skyldaðar samkv. þessu frv., ef að lögum verður, til þess að taka við hinum nýja flokki bankavaxtabréfa sem greiðslu. Í öðru lagi, að lánin verði ekki veitt gegn veði í vélum eða tækjum. Og í þriðja lagi, að ekki sé gert ráð fyrir lánum til vinnslustöðva landbúnaðarins. Og að lokum í fjórða lagi, að af landbúnaðarlánunum sé hugsað að reikna hærri vexti en af lánum sambærilegum til sjávarútvegsins.

Skoðanir meiri hl. á þessum athugasemdum eru í stuttu máli þessar: Varðandi fyrsta atriðið er það að segja, að engar upplýsingar lágu fyrir, þegar nefndin vann að þessu verki, og munu sennilega ekki liggja tæmandi fyrir í dag, um heildarlánsupphæðina til landbúnaðarins, og virðist því hæpið að ætla að skuldbinda lánastofnanir samkvæmt lögum til að veita ótakmörkuð lán. Þá er það að áliti meiri hl. hæpin stefna yfirleitt að flytja slíkar skyldur yfir á lánastofnanir, því að þær geti á annan veg orðið beint til skaða og tjóns fyrir þá, sem ætlað er að gera gagnið, því að þær munu þá torvelda í framtíðinni lánveitingar til þeirra, a. m. k. á stuttum lánum, víxillánum, sem allajafna koma öllum atvinnuvegum að vissu haldi. Til viðbótar má svo geta þess, að hæstv. landbrh. upplýsti við umr., að hann hefði rætt þessi mál við viðskiptabankana og fengið fyrirheit þeirra um kaup á þessum bréfum. Varðandi annað og þriðja atriðið, að ekki sé gert ráð fyrir lánum gegn veði í vélum og tækjum og sömuleiðis til vinnslustöðva, þá upplýsti hæstv. landbrh., að í undirbúningi væri öflun fjár til fjárfestingarsjóða landbúnaðarins og mundi þá vera tilætl-

unin, að lán yrðu veitt gegn nýjum og nýlegum vélum og sömuleiðis veðhæfum vinnslustöðvum landbúnaðarins. Að lokum er það svo atriðið varðandi vaxtakjörin. Það er ætlan mín, að ef frv. þetta nær fram að ganga, muni vaxtakjör landbúnaðarins sízt verða lakari en hliðstæð lán til sjávarútvegsins, þar sem landbúnaðurinn mun fá vexti þessa að verulegu leyti inn í verð afurðanna.

Meiri hl. fjhn. er af framangreindum ástæðum þeirrar skoðunar, að þetta frv. nái tilgangi sínum að létta þungbærum lausaskuldum af bændum og þannig að bæta hag þeirra, og mælir því með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Mál þetta er búið að liggja lengi óafgreitt hér í þingdeildinni, og sannarlega er kominn tími til að þoka því áleiðis. Nefndarálit frá fjhn. voru lögð fram í nóvembermánuði í vetur, en frv. hafði þrátt fyrir það ekki verið tekið til 2. umr., þegar þingfundum var frestað 19. des. Mikill dráttur er þannig orðinn á afgreiðslu málsins í þinginu og lánveitingar samkv. brbl. hefjast miklu síðar en átt hefði að vera.

Rétt þykir mér að minnast á það, að hinn 5. jan. 1961 gaf hæstv. ríkisstj. út brbl. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka. Lögin voru sett í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, er þau hafa ráðizt í, eins og segir í 1. gr. brbl. Í brbl. stjórnarinnar varðandi útgerðina, sem hér hafa verið nefnd, voru engin ákvæði um fjáröflun stofnlánadeildar sjávarútvegsins vegna þeirrar lánveitingastarfsemi, sem henni var ætluð í lögunum. En úr því var bætt í þinginu, þegar brbl. voru þar til staðfestingar. Eftir tillögu fjhn. þessarar deildar var samþykkt sú viðbót við 1. gr. l., að stofnlánadeildin gæti stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni, og þannig voru lögin afgreidd á síðasta þingi.

Þegar þessi brbl. um lánveitingar til þess að létta lausaskuldum af útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum voru til afgreiðslu á síðasta þingi, var á það bent, að einnig væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja þeirra á svipaðan hátt. Um það náðist ekki samkomulag í þingnefndum, en fulltrúar Framsfl. í fjárhagsnefndum beggja þingdeilda báru fram brtt. um þetta efni. Þar var lagt til, að í frv. yrði bætt ákvæði um lán til bænda og þeirra fyrirtækja í sama skyni. Var lagt til, að sömu reglur yrðu látnar gilda um þær lánveitingar, lánstíma og vexti eins og um lánin til sjávarútvegsins. Ekki vildi meiri hl. þings á þetta fallast, og voru þessar tillögur felldar.

Þannig fór um málið á síðasta þingi. Var þó viðurkennt af sumum þeim mönnum, sem þá beittu sér gegn brtt. okkar framsóknarmanna, að þar væri hreyft máli, sem þyrfti að taka til íhugunar. Við 3. umr. frv. um lánin til sjávarútvegsins, sem fram fór hér í Nd. 16. marz s. l., skýrði hæstv. landbrh. frá því, að haustið 1960 hefðu sérfróðir menn verið til þess settir að gera athuganir á fjármálum útgerðarinnar og eftir að þeir hefðu lokið því starfi, hefðu þeir tekið að sér að gera sams konar athugun á fjármálum bænda og vinnslustöðva landbúnaðarins. Ráðh. sagði enn fremur: „Þessum málum verður komið í gott horf, að svo miklu leyti sem mögulegt er.“

Fjórum mánuðum síðar en þær umr., sem ég hef hér vitnað til, fóru fram í þinginu, eða 15. júlí á næstliðnu ári, gaf ríkisstj. út brbl. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Það eru þau brbl., sem nú eru hér til umr. Í lögunum og þeim reglum, sem settar hafa verið um lánveitingar samkv. þeim, er öðruvísi og lakar búið að bændum og þeirra fyrirtækjum en þeim, sem fást við útgerð og vinnslu sjávarafurða og fengið hafa lán til greiðslu á lausaskuldum samkv. lögunum frá síðasta þingi.

Með brbl. var því ekki efnt það fyrirheit hæstv. landbrh. frá 16. marz í fyrra, að málum þessum yrði „komið í gott horf, að svo miklu leyti sem mögulegt er.“ Samkv. 1. gr. brbl. er til þess ætlazt, að veðdeild Búnaðarbankans gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa og lánin, sem fyrirhugað er að veita, verði eingöngu borguð út í slíkum bréfum. Búnaðarbankanum hefur verið falið að framkvæma lánveitingarnar. Eftir að brbl. voru gefin út, birti bankinn auglýsingu um lánin, þar sem fram var tekið, að umsóknir um lán skyldi senda stjórn bankans fyrir ákveðinn tíma, og tilgreint, hvaða skjöl og skilríki ættu að fylgja lánbeiðnum. Til þess að fá nánari upplýsingar um lánin, leituðu menn að sjálfsögðu til Búnaðarbankans, og kom þá m. a. fram, að til þess var ætlazt, að bændur greiddu 8% ársvexti af lánunum. Þá var þess krafizt af bankanum, að lánaumsækjendur sendu yfirlýsingar frá lánardrottnum sínum, öðrum en bönkum, um, að þeir vildu taka bankavaxtabréfin til greiðslu á kröfum sínum. Þegar þessar upplýsingar höfðu fengizt, varð mörgum bændum þegar ljóst, að þeir gátu ekki að óbreyttum lögum og reglum haft not af þessum fyrirhuguðu lánveitingum, vegna þess að lánardrottnar þeirra, t. d. sparisjóðir, treystu sér ekki til að taka bankavaxtabréfin sem greiðslu. Lánbeiðnirnar urðu þar af leiðandi færri en ella hefði orðið. Er þó talið, að þær séu eitthvað á annað þúsund.

Fjhn. fékk þetta mál til athugunar að lokinni 1. umr. þess, 24. okt. í haust. Nefndin sendi frv. til Stéttarsambands bænda í byrjun nóvember til athugunar og umsagnar. Stjórn Stéttarsambandsins sendi skriflegt svar um hæl. Er bréf hennar birt með nál. mínu á þskj. 132. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkuð upp úr því bréfi frá stjórn Stéttarsambandsins. Þar segir, að stjórn Stéttarsambandsins telji, að það séu einkum þrjú atriði, sem bæta þurfi inn í frv., til þess að það geti komið að viðunandi notum: 1) Að heimilt verði að veita lán út á landbúnaðarvélar. 2) Vextir af skuldabréfum verði ekki hærri en 6½%. 3) Að Seðlabankanum verði gert skylt að kaupa skuldabréfin á nafnverði. Og síðan segir í bréfinu: „Skulu þessi

atriði rökstudd nokkru nánar“ — og í framhaldi af því segir í bréfinu:

„Til eru bændur, sem ekki eiga neinar fasteignir, en eru nýbúnir að eignast dýrar landbúnaðarvélar. Sýnist sanngjarnt, að þeim verði gefinn kostur á hæfilegum lánum fyrir lausaskuldum, sem þeir hafa stofnað til vegna vélakaupa, líkt og gert er ráð fyrir um útgerðarmenn, sbr. 2. gr. frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.“

Og um vextina segir stjórn Stéttarsambandsins:

„Ekki virðist sanngjarnt, að lán til landbúnaðar í þessu skyni séu með hærri vöxtum en lán til sjávarútvegsins undir svipuðum kringumstæðum. Er því gerð krafa til, að þeir verði ekki hærri.“

Enn segir í bréfi þess:

„Þriðja atriðið, sem hér að framan er nefnt, er langþýðingarmest. Samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir neinum aðila, sem ber skylda til að kaupa skuldabréfin. Verzlanir úti um land munu yfirleitt ekki geta breytt lausaskuldum bænda í föst lán til 20 ára, enda eru þær ekki lánastofnanir. Sparisjóðir eru þannig á vegi staddir, að þeir geta ekki bundið meira fé í föstum lánum til langs tíma en þeir hafa gert. Auk þess veldur það erfiðleikum úti á landsbyggðinni, að nú verður að skila Seðlabankanum 30% af árlegri sparifjáraukningu. Meðal annars af þeim sökum virðist í alla staði eðlilegast, að einmitt Seðlabankinn kaupi umrædd skuldabréf.“

Að lokum segir í bréfinu:

„Stjórn Stéttarsambands bænda lítur svo á, að frv. þetta geri ekki það gagn, sem til er ætlazt, þótt að lögum verði, nema gerðar verði á því breytingar í þá átt, sem að ofan greinir, og leggur jafnframt meginherzlu á, að löggjöf um þetta efni verði svo úr garði gerð, að hún komi bændum að fullum notum.“

Bréf stjórnar Stéttarsambands bænda, sem ég hef hér vitnað til, er undirritað af þeim fjórum stjórnarmönnum, sem þá voru staddir á fundi í Reykjavík. Það eru þeir Sverrir Gíslason, formaður Stéttarsambandsins, Einar Ólafsson, Bjarni Bjarnason og Bjarni Halldórsson. Einn af stjórnarmönnum sambandsins var ekki mættur á fundinum.

Ég vil geta þess um leið, að þetta mál hefur verið til meðferðar á fundum bænda og bændasamtaka á nokkrum stöðum á landinu, og gerðar hafa verið samþykktir þar, mjög á sömu lund og stjórn Stéttarsambandsins gerði. Ég get t. d. nefnt tvö erindi, sem borizt hafa til Alþingis varðandi þetta mál.

17. nóv. í vetur barst hingað ályktun bændafundar á Hólmavaði í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu, en til þessa fundar hafði verið boðað af Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga. Meðal annarra ályktana er þar skorað á Alþ. að tryggja það, að bændur njóti sömu vaxtakjara og gilda um hliðstæð lán hjá sjávarútveginum og að Seðlabankinn sé skyldugur að kaupa skuldabréfin með nafnverði.

1. des. barst Alþingi ályktun fulltrúafundar Búnaðarsambands Suðurlands, sem haldinn hafði verið 24. nóv. á Selfossi, það var kjörmannafundur Stéttarsambands bænda á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, sem gerði um þetta mál ályktanir, í fyrsta lagi um það, að Seðlabankanum verði gert að skyldu að endurkaupa skuldabréf sparisjóða og verzlana úti á landi vegna lausaskulda bænda, vextir af væntanlegum föstum lánum verði ekki hærri en hjá sjávarútveginum af hliðstæðum lánum og stofnunum bændanna, sem vinna úr vörum þeirra, svo sem mjólkurbúum, sláturhúsum og frystihúsum, verði veitt sömu kjör varðandi lausaskuldir og hliðstæðum vinnslustöðvum sjávarútvegsins.

Eins og þegar hefur komið fram, varð ekki samkomulag í fjhn. um þetta mál. Fulltrúar *stjórnarflokkanna í nefndinni leggja til í nál.* sínu á þskj. 118, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég hef gefið út álit á þskj. 132, og álit frá hv. 4. þm. Austf. er á öðru þskj. Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með breytingum.

Ég vil næst minnast á nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. frsm. meiri hl. n. og um getur í *nál. meiri hlutans.*

Út af till. um það, að Seðlabankinn skuli leggja fram fé til þessara lánveitinga eins og til sjávarútvegsins, segir meiri hlutinn, að það sé fráleitt að ætla að skylda einhverjar lánastofnanir til þess samkvæmt lögum að veita algerlega ótiltekin lán. Ég vil benda á, að þetta var gert á síðasta þingi. Engar nákvæmar upplýsingar lágu þá fyrir um heildarupphæð lána hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins. Heyrzt hefur síðan, að þau lán muni nema 350—400 millj. kr. í heild, og ég vek athygli á því, að hægt er að komast af með miklu minna fé í heild til lánveitinga handa landbúnaðinum. Hagstofa Íslands gerir árlega heildarskýrslu um skuldir bænda eftir skattaframtölum þeirra, um leið og búnaðarskýrslur eru gerðar. Skýrslan fyrir 1960 sýnir, að þá voru skuldir bænda, aðrar en veðskuldir, alls um 196 millj. kr. Nú er það vitað, að margir bændur sækja ekki um lán samkvæmt þessum brbl., þó að nokkuð hvíli á þeim af lausaskuldum, og því má gera ráð fyrir, að lánin til bænda verði miklu minni en þessari fjárhæð nemur. Og þó að þar við bætist nokkrar lánveitingar út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, þá munu lánin í heild alls ekki nema svo mikilli upphæð, að nokkur vandkvæði séu á því fyrir Seðlabankann að kaupa þessi skuldabréf.

Þá er það um vaxtakjörin. Hv. meiri hluti leyfir sér að halda því fram, að þó að vextirnir verði 8%, muni vaxtakjör landbúnaðarins sízt verða lakari en vaxtakjör sjávarútvegsins, því að vextir þessir muni að verulegu leyti ganga inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta mjög einkennilegur málflutningur. Það er vitanlega ekkert sérstakt fyrir landbúnaðinn, að það megi telja vexti með rekstrarkostnaði við atvinnureksturinn. Svo er einnig hjá sjávarútveginum, iðnaðinum og öllum öðrum atvinnugreinum. Alls staðar eru vextir taldir með rekstrargjöldum. Þar fyrir utan má svo vekja athygli á því,

að þeir bændur, sem skulda meira en sem nemur skuld á búi að meðaltali, fá ekki í afurðaverðinu nema hluta af þeim vöxtum, er þeir þurfa að borga. Það er vegna þess, að vaxtaliðurinn á þeim gjaldareikningi, sem lagður er til grundvallar, þegar afurðaverðið er ákveðið, mun vera áætlaður miðað við skuldir bænda að meðaltali, þannig að þeir, sem skulda meira en sem nemur meðalskuld á búi, eins og ég sagði áðan, fá aldrei nema nokkuð af þeim vöxtum, sem þeir þurfa að greiða, og það mun einmitt vera þannig ástatt um allan þorrann af þeim bændum, sem hér sækja um lán, að það eru þeir, sem mest skulda. Þessar röksemdir hv. meiri hl. fá því alls ekki staðizt að mínu áliti. Bændur eru rangindum beittir, ef ákvæðinu um vextina fæst ekki breytt. Þeim er ætlað að greiða 8% vexti, þegar útgerðin borgar 6½% af hliðstæðum lánum, og það er vitanlega fjarri öllum sanni, að vaxtagreiðslur af lánum skipti ekki máli fyrir atvinnuvegina, þó að greiddir vextir séu taldir með öðrum rekstrarkostnaði.

Á þskj. 133 flyt ég ásamt hv. 4. þm. Austf. nokkrar brtt. við frv. Við höfum tekið þar upp þær till., sem stjórn Stéttarsambands bænda hefur gert, og þar að auki till. um lánveitingar út á vinnslustöðvar landbúnaðarins. Í 1. brtt. okkar og í a-lið 2. brtt. er farið fram á, að fyrirtæki, sem hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, njóti sama réttar og fyrirtæki, er annast fiskvinnslu, en þau hafa fengið slík lán samkv. lögunum um stofnlánadeild frá síðasta þingi. 2. og 3. till. okkar, þ. e. a. s. um lán út á vélar í eigu bænda og um vextina, að þeir verði eigi hærri en 6½% á ári og að Seðlabanki Íslands kaupi bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð, þessar till. eru í fullu samræmi við það, sem stjórn Stéttarsambands bænda hefur farið fram á. 4. brtt. tel ég rétt að taka aftur til 3. umr. Þegar hún var flutt í nóvembermánuði, gerðum við flm. ráð fyrir, að málið fengi fullnaðarafgreiðslu í desember. Það þarf því að breyta till. að því er varðar umsóknarfrestinn, og er hægt að gera það fyrir 3. umr. En það liggur í augum uppi, að þegar nauðsynlegar lagfæringar hafa fengizt á frv., þarf að gefa bændum kost á að senda nýjar umsóknir. Það er vegna þess, að eftir að lagfæringar hafa fengizt á frv., munu ýmsir lánardrottnar, eins og sparisjóðir og jafnvel fleiri, sjá sér fært að taka slík bréf sem greiðslu, þó að þeir neituðu að gefa yfirlýsingar um slíkt á s. l. hausti.

Ég hef gert hér grein fyrir till. minni hl. fjhn. um breytingar, sem nauðsynlegt er að gera á frv. Í tillögum okkar er lagt til, að Seðlabankinn veiti aðstoð við lánveitingar til bænda og þeirra fyrirtækja, eins og hann veitti stofnlánadeild sjávarútvegsins lán til þess að breyta lausaskuldum útgerðarinnar í föst lán, að vextirnir verði lækkaðir, svo að þeir verði ekki hærri en af hliðstæðum lánum til sjávarútvegsins, að lán verði veitt út á vélar í eigu bænda eins og útvegsmanna og að lán verði veitt út á vinnslustöðvar landbúnaðarins eins og útgerðarinnar. Vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir eru flestar eign félagsfyrirtækja bændanna, sem hafa haft forgöngu um að koma upp slíkum stöðvum til þess að auka vöruvöndun og hækka verð afurðanna. Þessi félög hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra dýru, en nauðsynlegu framkvæmda, og veldur það erfiðleikum. Örðugleikar þeirra hafa einnig vaxið síðustu tvö árin af þeim sökum, að lánveitingar út á landbúnaðarafurðir hafa verið miklu minni en áður, miðað við magn og verðmæti framleiðslunnar.

Það er réttlætismál, að bændur og félög þeirra njóti í öllum atriðum sömu fyrirgreiðslu og útvegsmenn og þeirra fyrirtæki, þegar lög eru sett um ráðstafanir til að breyta lausaskuldum í föst lán. Reynslan hefur sýnt, að ekki er ótryggara að lána fé til landbúnaðar en sjávarútvegs. Fáist frv. ekki breytt og verði lakar búið að bændum en útvegsmönnum í þessum efnum, er rangindum beitt, og þá hljóta menn að spyrja, hér í þingi og annars staðar: Hvers eiga bændur að gjalda? — En ég vil vænta þess, að málinu verði komið í viðunandi horf. Ekkert getur verið því til fyrirstöðu, ef aðeins vilji er til þess hjá þingi og stjórn að láta bændur njóta sömu kjara og útvegsmenn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. frsm. 1. minni hl. viðhafði hér stóryrði, áður en hann fór úr ræðustólnum, fullyrðingar um það, að bændur væru rangindum beittir, ef ekki fengist breyting á því frv., sem hér er um að ræða. Rökin vantaði fyrir þessum stóryrðum, og er það vissulega leitt, þegar þingvanir menn láta sér það sæma að kasta svona stóryrðum út í loftið. Ég mun færa rök fyrir því, að þessi fullyrðing stenzt ekki og að bændur munu ekki á einn eða annan hátt búa við lakari kjör en sjávarútvegurinn í þessu efni.

Þetta mál hefur verið mikið rætt áður og oft af miklum misskilningi. Samþykktir hafa verið gerðar í þessu máli víðs vegar um landið, sem hafa verið byggðar á rangri túlkun, og er það mjög leitt. Það er víst, að þegar ríkisstj. ákvað að gefa út brbl. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, var það sjónarmið ráðandi að búa þannig um hnútana, að lögin kæmu að sem beztum notum. Talið var eðlilegt að byggja lausn málsins á frjálsu samkomulagi milli skuldara og skuldareiganda. Talið var eðlilegt að sníða löggjöfina, eftir því sem hagkvæmt þótti, eftir löggjöf um breyt. á lausaskuldum sjávarútvegsins. Var þó ekki hér um sömu aðstöðu að ræða, þar sem sjávarútvegurinn hefur viðskipti aðeins við tvo banka, Landsbankann og Útvegsbankann. Skuldir bænda eru við bankana, flesta sparisjóði, kaupfélögin og fleiri verzlanir auk fjölda annarra aðila.

Ákveðið er, að veðdeild Búnaðarbankans gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa og sjái um framkvæmd málsins. Bréfin verða til 20 ára með 7½% vöxtum. Samkomulag var strax við ríkisbankana um að taka bréfin á nafnverði til greiðslu á víxlum, sem þeir höfðu keypt af bændum. Með því tóku bankarnir á sig vaxtatapið af þessum viðskiptum. Samningur við Seðlabankann og frekara samkomulag við við-

skiptabankana var talið eðlilegt að biði, þar til fyrir lægi, hversu upphæðin væri há, sem semja þyrfti um. Umsóknarfrestur fyrir lánunum var til 1. okt. s. l. Lögin voru gefin út, eins og kunnugt er, um miðjan júlí 1961, og höfðu menn því tvo og hálfan mánuð til þess að undirbúa umsóknirnar. Ekki gafst tími til þess að vinna úr umsóknunum fyrir áramót vegna annríkis, sem ávallt er í Búnaðarbankanum síðustu mánuði ársins vegna venjulegra lána. Um miðjan janúar s. l. barst sundurliðuð skýrsla frá Búnaðarbankanum um þær umsóknir, sem borizt höfðu. Með því að allt væri tekið til greina, gætu lánin numið 82 millj. kr. Samkomulag hefur orðið við Seðlabankann um að kaupa veðdeildarbréf á nafnverði af sparisjóðum og kaupfélögum, eins og segir í bréfi bankans, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að greiða fyrir því, að hægt verði að breyta lausaskuldum bænda í löng lán samkvæmt lagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er Seðlabankinn reiðubúinn að gera eftirfarandi:

1) Að taka, sé þess óskað, þau veðdeildarbréf, sem sparisjóðir og kaupfélög vegna innlánsdeilda sinna veita móttöku með nafnverði upp í umræddar skuldir, upp í innlánsbindingu viðkomandi aðila á árinu 1962 og eftirstöðvar frá árinu 1961.

2) Þá sparisjóði, sem þurfa að veita viðtöku hærri fjárhæð af bréfum en svo, að gangi til greiðslu innlánsbindingarinnar, sem greind er í lið 1, er Seðlabankinn reiðubúinn að aðstoða með því að kaupa þessi bréf gegn því, að andvirði þeirra leggist á bundinn reikning í Seðlabankanum. Þetta fé ávaxtist þar með sömu vöxtum og annað bundið fé á hverjum tíma, sem mun vera 9% nú, en verður leyst eftir því sem ástæður leyfa, þó ekki á skemmri tíma en þremur árum.

3) Seðlabankinn gerir þetta með þeim skilningi, að Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn taki með nafnverði þau veðdeildarbréf, sem kaupfélög og önnur verzlunarfyrirtæki taka upp í áðurgreindar skuldir umfram það, sem Seðlabankinn kann að taka við samkv. lið 1, til lækkunar skulda félaganna og fyrirtækjanna við viðkomandi banka eða til lækkunar á skuldum Sambands ísl. samvinnufélaga, enn fremur, að sömu bankar séu reiðubúnir að taka veðdeildarbréfin upp í greiðslur greindra skulda við þá án aðildar frá Seðlabankanum."

Þannig hljóðar bréf Seðlabankans, og virðist ljóst vera, að sparisjóðirnir hafi ekki eftir þetta ástæðu til að ganga gegn því að skipta skuldunum, þar sem þeir verða ekki fyrir vaxtatapi og þurfa ekki að binda fé óeðlilega lengi. Búnaðarbankinn og Landsbankinn hafa heitið því að taka veðdeildarbréf á nafnverði til lækkunar á skuldum kaupfélaga og SÍS og einnig annarra verzlunarfyrirtækja. Útvegsbankinn hefur einnig tekið vel þessari málaleitan, þótt ekki hafi borizt formlegt svar frá þeim banka, en þar er aðeins um lítilræði að ræða, sem áreiðanlega verður samkomulag um. Eftir þetta samkomulag við bankana er engin ástæða fyrir sparisjóði, kaupfélög eða aðrar verzlanir að skorast undan því að samþykkja breytingu á lausaskuldum bænda í löng lán. Bréfin verða tekin á nafnverði til lækkunar á skuldum, og Seðlabankinn mun gera sparisjóðunum fært að taka bréfin, án þess að þeir verði fyrir vaxtatapi eða þurfi að festa fé í óhæfilega langan tíma. Má því reikna með, að flestir bændur, sem sótt hafa um þá fyrirgreiðslu, sem ætlað er að veita með þessum lögum, fái jákvæða afgreiðslu.

Fjhn. þessarar deildar hefur haft málið til meðferðar og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. telur lögin ófullnægjandi og veita lakari og minni fyrirgreiðslu bændum til handa heldur en sjávarútvegurinn hefur fengið. Minni hl. telur sjálfsagt að skylda Seðlabankann til þess að taka bankavaxtabréfin með nafnverði. Að öðrum kosti komi lögin ekki að gagni, segir minni hl. Er svo að sjá sem þeim, er að minni hl. standa, hafi ekki komið til hugar, að hugsanlegt væri að semja við bankana um málið, eins og nú hefur verið gert og alltaf hefur staðið til að gera. Vissulega er eðlilegra að fara samningaleiðina, ef hún er fær, og grípa ekki til lögfestingar, nema nauðsyn beri til.

Minni hl. finnur að því, að lánin til bænda verði veitt eingöngu í bankavaxtabréfum, og gefur í skyn, að með því sé verr búið að bændum en sjávarútveginum. Þess ber að geta, að sjávarútvegurinn fékk ekki nýtt fé í sambandi við breytingu lánanna fremur en bændum er ætlað að fá með þessum lögum. Að því leyti er um sams konar fyrirgreiðslu að ræða hjá sjávarútvegi og landbúnaði. Með því að bréfin ganga á nafnverði, er að fullu greitt fyrir því, að lausaskuldum verði breytt í föst lán, og má ætla, að bændur fái tiltölulega betri fyrirgreiðslu en sjávarútvegurinn, þar sem sjávarútvegurinn situr enn uppi með talsvert af lausaskuldum þrátt fyrir þá löggjöf, sem vitnað hefur verið til.

Minni hl. finnur að því, að bændalánin skuli aðeins veitt gegn veði í fasteignum og mannvirkjum, sem á jörðunum eru. Þetta atriði mun ekki skapa erfiðleika, þar sem það munu vera fá dæmi um, að ekki séu fyrir hendi nægileg veð fyrir skuldunum. Útilokað er að taka vélar í veð fyrir 20 ára lánum, en hér er aðeins um 20 ára lán að ræða.

Fundið er að því, að ekki skuli lánað gegn veði í vinnslustöðvum landbúnaðarins og vélum. Um vinnslustöðvarnar er það að segja, að það, sem veldur erfiðleikum hjá þeim, er vöntun á fé, en ekki það, að lausaskuldir hvíli á þeim að verulegu ráði. Á vinnslustöðvum sjávarútvegsins hvíldu hins vegar lausaskuldir, víxlar og aðrar óumsamdar skuldir, sem að nokkru leyti hefur verið breytt í föst lán. Fjárskortur vinnslustöðva landbúnaðarins verður ekki bættur nema með nýju fé, með útvegun nýrra lána og þá helzt úr ræktunarsjóði, eftir að hann hefur verið efldur. Sama máli gegnir um vélar. Bændur þurfa að fá ný lán út á vélar, og er sú þörf mjög brýn og aðkallandi. Ræktunarsjóður hefur ekki áður getað lánað út á vélar vegna fjárskorts. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess nú þegar, að ræktunarsjóður megi verða

það öflugur að geta tekið þennan þátt lána að sér. Væri eðlilegt að veita lán út á vélar til 10 ára, allt að 50—60% af kaupverði vélanna. Að því máli er nú unnið með það fyrir augum, að lánasjóðir landbúnaðarins verði efldir og geti tekið að sér nauðsynlegustu lánamál landbúnaðarins.

Þá finnur minni hl. fjhn. mjög að því, að vextirnir af lánunum skuli vera nokkru hærri, eins og það er orðað, heldur en hjá sjávarútveginum. Segja má, að æskilegt væri, að vextirnir gætu verið lægri. Við samanburð á vöxtum, sem sjávarútvegurinn greiðir, mun hins vegar koma í ljós, að bændur borga sízt hærri vexti, þegar á allt er litið. Bændur fá vextina reiknaða inn í verðlag landbúnaðarvara. Þótt það sé rétt, að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins sé ekki fyllilega réttur og nokkra útgjaldaliði við búreksturinn vantar inn í grundvöllinn, þá er hitt víst, að ekki er deilt um, að bændur fái að fullu inn í grundvöllinn þá vexti, sem þeir greiða. Um hitt er deilt, hvort bændum beri að fá meiri vexti af eigin fé, sem í búrekstrinum er bundið. Að því hlýtur að koma og það fljótt, ef rétt er á haldið, að bændur fái viðurkennda þá útgjaldaliði, sem þeir sannanlega verða að greiða við búreksturinn. Ég segi: ef rétt er á haldið, þannig að full og nauðsynleg rök séu færð fyrir því, að þetta séu útgjöld við búið. Það er ekki hægt fyrir bændur að una við annað en að útgjaldaliðirnir séu teknir til greina. Með því að útflutningstryggingin, sem landbúnaðurinn nú hefur, gefur verðtryggingu, sem sjávarútvegurinn hefur ekki, má fullyrða, að bændur greiða ekki nema hluta af vöxtunum, e. t. v. aðeins lítinn hluta. Meginhlutann fá þeir endurgreiddan í gegnum verðlagningu afurðanna. Sjávarútvegurinn fær ekki bætt verðfall á sjávarafurðum, og er því ekki líku saman að jafna, þegar rætt er um það, að sjávarútvegurinn fái reiknaða vexti í rekstrarkostnaði. Sjávarútvegurinn fékk ekki bætt verðfall á lýsi og mjöli, og verði fiskurinn seldur á lægra verði en áætlað var, þá er engin verðtrygging sjávarútveginum til handa.

Rétt er að geta þess vegna þess, hversu skuldir bændanna eru við marga aðila, að það er mun erfiðara að breyta þeirra skuldum í föst lán heldur en skuldum sjávarútvegsins, þar sem aðeins er við tvo banka að eiga, eins og áður er að vikið.

Minni hl. fjhn. telur, að bændur eigi að búa við sama rétt og útvegsmenn. Ég mundi vissulega segja, að þeir ættu hvergi að búa við lakari rétt. Það skal vissulega játað, að þeir eiga ekki að hafa minni eða lakari rétt. En þegar talað er um sama rétt, gæti minni hl. haft það í huga, að bændur ættu ekki heldur að hafa annan eða betri rétt en útvegsmenn. Ástæða er til að spyrja, hvort minni hl. telur eðlilegt, að útflutnings- og sölutrygging landbúnaðarins verði afnumin, af því að sjávarútvegurinn hefur ekki sams konar tryggingu. Vill minni hl., að lánin til landbúnaðarins verði aðeins til 10 eða 15 ára, eins og hjá sjávarútveginum, en ekki til 20 ára, eins og gert er ráð fyrir í þeim lögum, sem hér er um að ræða? Vill minni hl., að bændur fái ekki betri fyrirgreiðslu á lausaskuldum sínum en sjávarútvegurinn, þannig að umsækjendur sitji uppi með talsverðar lausaskuldir, eftir að lögin hafa verið framkvæmd, eins og sjávarútvegurinn óneitanlega gerir í mörgum tilfellum? Hvað á minni hlutinn við, þegar hann talar um, að bændur eigi að hafa sama rétt og sjávarútvegurinn? Fullyrða má, að með þeim lögum, sem hér er um að ræða, gefst bændum kostur á að fá betri fyrirgreiðslu en sjávarútvegurinn hefur fengið, og skal það játað, að nauðsynlegt er, að það geti orðið. Fullyrða má, að þeir bændur, sem sent hafa umsóknir fyrir tilskilinn tíma og hafa tilskilin veð, en það munu langflestir hafa, ættu að fá þá fyrirgreiðslu, að þeir geti losað sig að öllu leyti við þær lausaskuldir, sem á þeim hvíla, að örfáum mönnum undanskildum, sem kunna að vera svo illa settir, að þeir eigi ekki eignir á móti skuldunum. Af framansögðu er ekki ástæða til að breyta frv., til þess að það nái tilgangi sínum. Ekki er heldur ástæða til að framlengja umsóknarfrestinn, þar sem bændur höfðu 2½ mánuð til undirbúnings á umsóknum og ætla má, að þeir hafi sótt um lánin, sem töldu sig hafa þörf fyrir þá fyrirgreiðslu, sem hér er beðið um, enda mundi það tefja fullnaðarafgreiðslu málsins óheyrilega lengi. Fullyrðing minni hl. um, að bændur hafi ekki sótt um lánin, vegna þess að lögin, eins og þau nú eru, kæmu ekki að gagni, hefur ekki við rök að styðjast, enda hafa 1200—1300 bændur óskað eftir að notfæra sér það tækifæri, sem hér gefst.

Hvort minni hl. eða menn honum skyldir eiga sök á því, að einhverjir bændur verða út undan, vegna þess að þeim hefur verið ráðlagt að sækja ekki um lán, skal ósagt látið. Ef svo er, ber þeim, sem hafa gefið hin óhollu ráð, að bæta fyrir það.

Með nál. minni hl. fylgir bréf frá Stéttarsambandi bænda. Stjórn Stéttarsambands bænda telur, að langþýðingarmesta breytingin, sem gera þurfi á frv., sé sú að tryggja, að veðdeildarbréfin verði tekin á nafnverði. Þessari ósk stjórnar Stéttarsambands bænda hefur verið fullnægt, eins og alltaf stóð til að gera, án þess að breyta staf í frv. Önnur till. Stéttarsambandsins er, að lánið verði veitt út á vélar til 10 ára. Það á ekki heima í þessum lögum, enda er unnið að því að verða við þessum tilmælum Stéttarsambandsins með öðrum hætti, eins og áður hefur verið vikið að. Þriðja atriðið, sem stjórn Stéttarsambandsins minnist á, eru vextirnir. Af eðlilegum ástæðum leggur stéttarsambandsstjórnin ekki megináherzlu á þetta atriði, enda þekkja þeir menn, sem eru í stjórn sambandsins, eðli þess máls og vita, að bændur fá óumdeilanlega drjúgan hluta af ógreiddum vöxtum endurgreiddan, meðan lög um verðtryggingu og útflutningsuppbætur eru í gildi. Ég hef rætt þessi mál við menn í stjórn Stéttarsambandsins, og eru þeir fyllilega sömu skoðunar og ég hef lýst hvað það snertir, að bændur fái mikinn hluta af vöxtunum endurgreiddan gegnum verðlagið.

Af því, sem hér hefur verið fram tekið, er

augljóst, að eins og lögin eru út gefin af hendi ríkisstj., munu þau ná þeim tilgangi, sem ætlað var, og losa þá bændur, sem sótt hafa um fyrirgreiðslu vegna lausaskulda, við skuldirnar og gera þeim á þann hátt búreksturinn léttari og á margan hátt auðveldari en verið hefur. Líklegt má telja, að sú fyrirgreiðsla, sem hér er boðið upp á, gæti komið í framkvæmd í marz eða aprílmánuði, ef málið fengi fullnaðarafgreiðslu hér í hv. Alþ. nú næstu vikurnar.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við þá ræðu, sem hæstv. landbrh. var að enda við að flytja. Hann segir m. a., að hér sé ólíku saman að jafna, sjávarútvegi og landbúnaði, því að sjávarútvegurinn skipti aðeins við tvo banka og hafi ekki skuldað öðrum en bönkum. Ég hygg, að þessi fullyrðing geti alls ekki staðizt hjá hæstv. ráðh. Það er kunnugt, að ýmis útgerðarfyrirtæki hafa og þurfa að hafa viðskipti við fleiri en banka. Þau hafa haft viðskipti við verzlanir og oft komizt þar í skuldir, og ég hygg, að það sé þannig með þetta mál, að sjávarútvegurinn hafi einmitt fengið töluvert af lánum hjá stofnlánadeildinni á síðasta ári til að borga skuldir við aðra en banka, en kröfuhafar á útveginn hafi þá getað notað lánið til greiðslu á sínum skuldum við bankana.

Hæstv. ráðh. las hér upp bréf frá Seðlabankanum, sem gaf til kynna, að bankinn mundi fáanlegur til að taka eitthvað af þessum væntanlegu bankavaxtabréfum. Mér skilst, að bankinn ætli að taka bréf frá sparisjóðum og kaupfélögum, sem hafa innlánsdeildir, til greiðslu á því bindingarfé, sem hann heimtar af þessum aðilum árið 1962 og upp í vanskil á slíku bindingarfé frá 1961. Hafi ég tekið rétt eftir, þá var þetta þannig. En ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig er með þær stofnanir, sparisjóði t. d., sem greiddu að fullu fyrir síðustu áramót það, sem af þeim var krafizt fyrir árið 1961. Eiga þeir ekki að fá að leggja inn bréf og fá þá endurgreiddar þær upphæðir í peningum, sem þeir greiddu bankanum inn á bundinn reikning fyrir áramótin? Á aðeins að verðlauna þá, sem hafa verið í vanskilum við Seðlabankann, með því að taka bréf af þeim? Ég vil óska að fá svör um þetta frá hæstv. ráðh. Ég tel, að það skipti nokkuð miklu máli fyrir þá aðila, sem hafa orðið að binda fé í Seðlabankanum undanfarin ár, ef þeir gætu látið slík bréf til Seðlabankans og fengið laust þetta fé, fengið endurgreitt um leið það fé, sem þeir eru búnir að greiða inn á bundna reikninga. Annars væri aðeins verið að verðlauna þá, sem hafa verið í vanskilum við Seðlabankann, og það teldi ég ekki góða afgreiðslu á málinu.

Ráðherra segir, að eftir þetta samkomulag muni sparisjóðirnir geta tekið bréfin. Mér er reyndar ekki svo ljóst að öllu leyti, þó að ég heyrði þetta bréf lesið upp, hvað í því felst, að ég skuli um þetta dæma. En ef svo er, þá vil ég benda á, að þá er alveg nauðsynlegt að gefa mönnum kost á að senda nýjar umsóknir um lán, því að ef það er rétt, að það sé búið með þessu samkomulagi við Seðlabankann að gera sparisjóðunum auðveldara en áður að taka bréfin, þá breytist viðhorf þeirra til málsins vitanlega. Ég hef heyrt, að sumir sparisjóðir, sem hafa haft allmikil viðskipti við bændur og veitt þeim lán, hafi í haust neitað að láta þá hafa yfirlýsingu um, að sparisjóðirnir tækju bréfin, vegna þess að þeir sáu sér ekki fært að eiga þau og ekki möguleika til að losna við þau eftir þeim upplýsingum, sem þá fengust um framkvæmd þessara mála. Í því héraði, þar sem ég er kunnugastur, var það þannig, að sparisjóður, sem þar er og hefur allmikil viðskipti við bændur, lét þá hafa yfirlýsingu um, að hann mundi sjá sér fært að taka bréf til greiðslu á helmingi af lausaskuldum, og mér er kunnugt um það, að sumir þeir menn, sem höfðu hugsað sér að sækja um lán, töldu ekki taka því að sækja um slík lán, fá metnar eignir sínar o. s. frv., — það er ýmiss konar fyrirhöfn í sambandi við þetta, — ef þeir gætu aðeins losnað við helminginn af sparisjóðsskuldinni. En ef málið tekur nú þeim breytingum, að sjóðurinn telur sér fært að taka bréfin til greiðslu á öllum skuldum, þá væri rangt að leyfa ekki þeim mönnum að koma umsóknum frá sér á framfæri. Viðhorfið er þá orðið annað hjá þessum lánastofnunum og skuldunautum þeirra en var í haust.

Hæstv. ráðh. segir, að minni hl. fjhn. finni að því, að lánið sé aðeins veitt gegn bankavaxtabréfum. Út af fyrir sig var það ekki aðfinnsluvert, ef hægt var að losna við bréfin fyrir nafnverð. Það er það, sem við höfum gert tillögu um. Við höfum tekið upp tillögu frá stjórn Stéttarsambands bænda, sem fram kemur í bréfi stjórnarinnar 3. nóv. í vetur til fjhn., þar sem ein till. er um það, að Seðlabankanum verði gert skylt að kaupa skuldabréfin á nafnverði.

Þá er það um lán út á vélar í eigu bænda. Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki hægt að lána út á vélar til 20 ára. Það hefur ekki verið gerð nein krafa um það að lána út á vélar til 20 ára. Við flytjum tillögu um það, að bændur geti fengið lán út á vélar til 10 ára.

Þá segir ráðh., að til þess að veita lán út á vinnslustöðvar landbúnaðarins þurfi nýtt fé. Ef það er svo komið, að bankarnir vilji taka þessi bréf til greiðslu á útistandandi lánum, þá er ekki þörf á slíku, þá er ekki þörf á nýju fé. Þá geta þau fyrirtæki, sem eiga þessar vinnslustöðvar, notað bankavaxtabréfin til greiðslu á skuldum við bankana. Hitt er annað mál, að það vantar mikið fé til að veita lán út á slíkar framkvæmdir í framtíðinni. En það er annað mál. Og ég vil spyrja og óska svars frá hæstv. ráðh. um það, hvers vegna er ekki hægt að lána bændum út á vélar til 10 ára eins og útvegsmönnum og þeirra fyrirtækjum. Hvers vegna? Ég þekki dæmi þess, að menn, sem þurfa á slíkum lánum að halda til greiðslu á lausaskuldum, geta ekki fengið þau, nema þeir geti fengið lánin út á vélar. Hvers vegna má ekki hið sama gilda í þessu atriði fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn?

Þá er það um vextina. Hæstv. ráðh. segir, að það væri æskilegt, að vextir gætu verið lægri.

Hvað er því til fyrirstöðu, að bændur og þeirra fyrirtæki geti fengið lán með sömu vöxtum og útvegurinn? Ég óska að fá það skýrt frá hæstv. ráðh. Hvernig stendur á því? Útvegsmenn og þeirra fyrirtæki hafa á næstliðnu ári, skilst mér, fengið 350 eða 400 millj. að láni hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins með 6½% ársvöxtum. Hvernig stendur á því, að það er ekki hægt að láta bændur og þeirra fyrirtæki hafa lán, sem nema ekki nema nokkrum hluta af þessari upphæð, með sömu vöxtum og útveginum er gert að greiða? Það er alveg þýðingarlaust að halda því fram, að þetta geri bændum ekkert til með vextina, því að þeir fái þá greidda í afurðaverðinu. Er ekki reiknað með vöxtum, þegar fundið er út, hvað frystihúsin geti greitt fyrir fiskinn? Og eru ekki vaxtagreiðslur taldar með gjöldum hjá útvegsmönnum, þegar þeir eru að semja við fiskkaupendur um fiskverðið? Eru ekki vaxtagreiðslur taldar með í verði á iðnaðarvörum, sem iðnaðarfyrirtækin framleiða? Og þannig mætti lengi telja. Og hæstv. ráðh. segir, að bændur fái að fullu þá vexti, sem þeir greiða. Þetta getur vitanlega ekki staðizt. Vaxtagreiðslur bænda eru áætlaðar í verðlagsgrundvellinum miðað við þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um skuldir þeirra að meðaltali, og þeir, sem skulda meira en því nemur, verða að taka svo og svo mikið af vöxtum yfir á sig. Atvinnurekstur þeirra borgar þá ekki. Þeir verða að borga þá af sínum þurftartekjum, af því, sem þeir fá raunverulega fyrir sína vinnu sér og sínum til framfærslu.

Þá fór hæstv. ráðh. að minnast á í þessu sambandi, að bændur ættu að fá og mundu fá útflutningsuppbætur á vörur, sem fluttar eru úr landi. Ég fæ nú ekki beint séð, að þetta komi þessu máli við, sem hér liggur fyrir. En hvað var tekið af bændum í staðinn, þegar þeir fengu þetta? Ég veit ekki betur en þeir hafi haft rétt til þess að hækka verð á vörum sínum á innlendum markaði til þess að bæta upp tap, sem verða kynni á útflutningi. Þetta var af þeim tekið. Það voru höfð skipti við þá, þeir féllu frá þessum rétti, en fengu í staðinn lagaákvæðið um útflutningsuppbæturnar.

Hæstv. ráðh. viðurkennir, að bændur eigi ekki að búa við minni rétt en útvegurinn. Hvers vegna er hann þá að skammta þeim minni rétt og lakari kjör, meina þeim að fá lán út á vélar, neita að lána út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, þó að lán séu veitt út á slíkar stöðvar hjá útveginum, og krefjast þess, að þeir greiði hærri vexti af lánum en útvegurinn? Hæstv. ráðh. segir, að það mundi tefja fullnaðarafgreiðslu málsins, ef mönnum væri nú gefinn kostur á að senda umsóknir. Ég fæ ekki séð, að það þyrfti að tefja afgreiðslu þeirra umsókna, sem nú liggja fyrir. Það er hægt að afgreiða þau lán, sem nú er búið að biðja um, þó að viðbót kæmi síðar. Ef nú er með samkomulagi við bankana, Seðlabankann og viðskiptabankana, búið að koma því þannig fyrir, að ýmsir þeir, sem vildu ekki gefa bændum yfirlýsingar um það í haust, að þeir væru fúsir til að taka bréfin sem greiðslu, treysta sér nú til að taka bréfin, þá er vitanlega óhjákvæmilegt og sjálfsagt, að mönnum gefist kostur á að senda nýjar umsóknir.

Þá sagði ráðh., að Stéttarsamband bænda legði ekki mikla áherzlu á vextina. En um vextina segir í bréfi stjórnar Stéttarsambandsins, eins og ég hef áður skýrt hér frá, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki virðist sanngjarnt, að lán til landbúnaðar í þessu skyni séu með hærri vöxtum en lán til sjávarútvegsins undir svipuðum kringumstæðum. Er því gerð krafa til, að þeir verði ekki hærri."

Svo kemur ráðh. og segir: Stéttarsambandið leggur ekki mikla áherzlu á vextina. — Ég tel, að þessu máli verði alls ekki komið í viðunandi horf, nema sú breyting verði gerð, að vextirnir verði lækkaðir, lán veitt út á vélar og vinnslustöðvar, og eins og ég sagði áðan, þá hef ég ekki, þótt ég heyrði þetta bréf frá Seðlabankanum lesið hér einu sinni, getað myndað mér að fullu skoðun um það, hvað í því raunverulega felst. En mér sklist þó, að þar sé um lagfæringar að ræða frá því, sem áður var. En hin atriðin, sem ég hef nefnt, er alveg óhjákvæmilegt og sjálfsagt og sanngirnismál að lagfæra.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið nokkrar umr. hér um nefndarálitin, og frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir áliti hans á svo glöggan hátt, að það má álítast óþarfi af mér að bæta þar nokkru við. En þar sem þetta mál er þannig vaxið og ég tel mig hafa áhuga á, að málefni bænda fái góða afgreiðslu hér á Alþingi, vil ég leyfa mér að segja um þetta mál nokkur orð.

Það er eins og hér hefur komið fram í þeim umr., sem þegar hafa orðið, að á síðasta þingi var sett löggjöf um stuðning við sjávarútveginn. Með þeim lögum var útgerðarmönnunum gert mögulegt að breyta lausaskuldum sínum í alllöng föst lán með hóflegum vaxtakjörum, að maður verður að telja. Þetta þurfti sjávarútvegurinn að fá og miklu meira ári eftir að hin marglofaða viðreisn var sett í gang, en hún átti samkv. fyrirheiti hæstv. ríkisstj. að styrkja og treysta fjárhagsgrundvöll sjávarútvegsins alveg sérstaklega. Og raunar átti hún að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar í heild. Ég er ekki í vafa um það, að sjávarútvegurinn þurfti á þeirri hjálp að halda, sem hann fékk með þessum lögum og með því, að stofnlánadeild Seðlabankans tæki að sér að veita lán til langs tíma, svo að útgerðarmenn gætu greitt víxla og aðrar lausaskuldir, sem háir vextir voru af.

Við framsóknarmenn hér í þessari hv. deild studdum það mál, og það voru fluttar af okkar hálfu tillögur um, að bændurnir fengju sams konar fyrirgreiðslu sinna mála. Tillögurnar, sem fluttar voru hér af okkar hálfu, voru felldar. En það var látið í veðri vaka eða í það skína í umr., sem urðu um málið, og gefið um það raunar sérstakt fyrirheit, að þegar málið hefði fengið sérstaka athugun, þá mundi það verða leyst eins og bændum kæmi bezt. Og ég verð að segja það, að þó að ég sé andstæðingur hæstv. ríkisstj., þá vildi ég trúa því, að þarna væri al-

vara og heilindi á bak við, og ég sagði það við marga menn, bæði samherja mína og andstæðinga í bændastétt, að ég væri ekki í vafa um það, að stjórnin mundi leysa þetta mál farsællega, ég tryði ekki öðru, hún í raun og veru væri búin að binda sig þannig, því að hún gæti ekki látið það eftir sig liggja að gera bændunum lægra undir höfði en sjávarútveginum. Mér urðu það þess vegna mikil vonbrigði, þegar þessi brbl., sem hér eru nú til umræðu, voru sett í sumar, að sjá þá, að allt annar réttur og minni og verri kjör áttu að gilda í þessu efni fyrir bændurna heldur en fyrir útgerðarmennina, og ég verð að segja, að því fremur urðu mér þetta vonbrigði og ég held flestum, sem um þetta mál hafa hugsað, eða er það ljóst, að hér er þó miklu hægara úr að bæta en með lausaskuldir sjávarútvegsins, og það er vegna þess, hversu þessar skuldir bændanna eru miklu minni en skuldir útvegsins. Þar er ólíku saman að jafna, því að hafi ég tekið rétt eftir því, sem hæstv. landbrh. sagði, þá mun þarna, í þeim umsóknum, sem fyrir liggja núna, vera um að ræða 82 millj. kr., en sjávarútvegurinn mun hafa fengið a. m. k. um 400 millj. eða þar yfir, eftir því sem maður hefur heyrt, en ég skal þó ekki fullyrða neitt um það. Ég spyr þess vegna: Hvers vegna var ekki Seðlabankanum gert að skyldu að kaupa skuldabréfin, sem veðdeild Búnaðarbankans gefur út, og hvers vegna eru vextir af þessum lánum til bændanna miklu hærri en þeir eru til útvegsmanna? Er þetta einhver jafnaðarmennska í nýjum stíl, að hafa þetta á þennan hátt? Ég get ekki skilið það.

Hæstv. landbrh. segir, að samningaleiðin sé betri en löggjafarleiðin. Ég get ekki tekið undir það. Mér fannst eðlilegt, að úr því að þessi ákvæði voru lögfest í fyrra í sambandi við sjávarútveginn, að þá gengi hið sama einnig yfir bændurna og Seðlabankinn yrði skyldaður á sama hátt með lögum til þess að taka þessi bankavaxtabréf landbúnaðarins. Þá er líka ástæða til þess að spyrja, eins og hér hefur raunar verið gert: Hvers vegna fá útvegsmennirnir lán gegn veði í vélum og vinnslustöðvum, en bændur fá slíkt ekki? Þetta er nokkuð einkennilegt, því að það er vitað mál, að það, sem þyngst hvílir nú á bændum, þessar lausaskuldir þeirra, þær eru aðallega til orðnar vegna kaupa á vélum, og enn fremur eru þeirra vinnslustöðvar, mjólkurbúin og sláturhúsin og frystihúsin, skuldug fyrirtæki, sem hefðu þurft á þessari fyrirgreiðslu að halda alveg áreiðanlega mörg þeirra. Þeir hafa, bændurnir, brotizt í því nú upp á síðkastið að koma upp dýrum vinnslustöðvum fyrir afurðirnar, og það hvílir þannig á þeim þungur baggi í ofanálag á það, sem þeir hver og einn sjálfir hafa að bera í þessum efnum.

Ég verð að segja það, að það gleður mig að heyra, að hæstv. landbrh. gaf yfirlýsingu um það hér áðan, að nú yrði senn farið að lána út á landbúnaðarvélar, að ræktunarsjóði yrði gert kleift að lána út á landbúnaðarvélar. Þetta eru frá mínu sjónarmiði mikil fagnaðartíðindi, ef þessi loforð verða þá ekki efnd á sama hátt og ýmis önnur loforð, að það sé ekkert nema loforðið.

Ég verð að segja, að þegar litið er á þetta mál allt saman frá víðara sjónarmiði en því einu, sem snýr beint að bændum, þá kemur þegar í ljós, að þjóðfélagið allt á nokkurs að gæta í sambandi við þessi málefni. Landbúnaðurinn er enn þá annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar og a. m. k. sjötti hver maður í þessu landi hefur lífsframfæri sitt af landbúnaði beinlínis, auk þeirra, sem landbúnaðurinn á óbeinan hátt veitir atvinnu. Þótt ekki sé á annað litið en þetta út af fyrir sig og allt annað gildi landbúnaðarins fyrir þjóðlífið látið liggja á milli hluta, þá sér hver hugsandi maður, hversu stór ábyrgðarhluti það er fyrir ráðamenn þjóðfélagsins að hafa þennan þátt atvinnulífsins fyrir hornreku og þá, sem hann stunda, fyrir olnbogabörn. Það vita allir, sem til þekkja, að enginn annar atvinnuvegur hefur haft þvílíkan skaða af gengislækkunum hæstv. ríkisstj. og landbúnaðurinn hefur haft, og þessar ráðstafanir sverfa svo fast að bændunum núna, að ekki hafa margir þeirra átt áður við slíka fjárhagsörðugleika að etja. Þess vegna er þörf á að bæta úr erfiðleikum þeirra, sem verst eru staðir, og gera það sem allra fyrst.

Mér er sagt, að nálægt 1300 bændur hafi sótt um hjálp, sem þeir þóttust geta vænzt af brbl. þeim, sem hér eru til umræðu. Þar að auki munu allmargir hafa hætt við umsóknir, af því að þeir sáu, að brbl. voru, — eða þeim sýndist það að minnsta kosti, að brbl. væru meira sýndarmennska, sem gæti ekki orðið þeim til gagns. Það vita allir, að það hefur orðið flestum eða öllum umsækjendum talsverð fyrirhöfn og útgjöld að láta meta hjá sér til lántöku og afla gagna, er verða að fylgja umsóknum þeirra. Ég hygg nú, að þeim þyki þeir allhart leiknir að hafa verið ginntir til þess konar útgjalda og fyrirhafnar, sem þeir hafa ekki gagn af. Sannleikurinn er sá, að meginhlutinn af lausaskuldum bændanna er til orðinn vegna bygginga og vélakaupa nú síðustu árin, síðan hinar miklu verðhækkanir dundu yfir. Þessar skuldir eru því að verulegu leyti við kaupfélög bænda og verzlanir, er þeir hafa skipti við, svo og við sparisjóðina, sem flestir eru smáir og þess ekki megnugir að lána fé nema til stutts tíma. Það er því óhugsandi að leysa lausaskuldamál bændanna á þann hátt að ætla þessum stofnunum að binda fé og taka bankavaxtabréfin upp í lausaskuldirnar, ef ekki væri hægt að selja þau.

Ég álít þess vegna, að það sé til stórbóta, að samizt hefur við Seðlabankann um að taka bréfin. En hitt er það, að ég hefði fellt mig miklu betur við, að það atriði hefði einnig verið lögfest á sama hátt og gert var í sambandi við skuldamál sjávarútvegsins. Og ég skil ekkert í því, af hverju farið er á annan hátt að í sambandi við bændur en við útvegsmenn. Ég álít, að báðar þessar stéttir séu — ég vil segja jafnþýðingarmiklar fyrir þjóðarheildina og þjóðarbúskapinn, og ég held, að bændastéttin sé ekki þekkt að þeirri óreiðu í fjármálum, að það sé ástæða til þess að hafa aðra framkomu í hennar garð í þessum efnum en annarra. Ég held því eindregið fram, að peningastofnanir þjóðarinnar hafi ekki þá reynslu af viðskiptum

sínum við bændastéttina, að slík framkoma við bændur, sem mér finnst að þetta frv. því miður geri ráð fyrir, sé réttlætanleg. En það er í fyrsta lagi það, að bændum eru gefnar vonir um úrlausn á vandræðum þeirra vegna lausaskulda, er safnazt hafa að mestu leyti vegna óviturlegra ráðstafana, sem ríkisvaldið hefur gert í efnahagsmálum þjóðarinnar, og svo, þegar til framkvæmdanna á að koma, þá verður a. m. k. ekki nærri öllum bændum gagn að þessu. Ég vil leyfa mér að skora á hv. stjórnarlið hér í hv. Alþingi annaðhvort að samþ. brtt. þeirra Skúla Guðmundssonar og Lúðvíks Jósefssonar á þskj. 133 eða þá að hv. fjhn. taki málið til nýrrar athugunar og geri tillögur um breytingar á frv., sem komið geta að sama gagni. Mér finnst það satt að segja til vansa fyrir Alþingi að afgr. þetta mál á þann hátt, sem meiri hluti fjhn. leggur til, með því að samþ. frv. óbreytt.

Þegar litið er til afstöðu hæstv. landbrh. í þessu máli, sem ég efast ekkert um að vill bændastéttinni vel, — það hef ég aldrei efazt um, — þá þykir mér afstaða hans koma satt að segja úr hörðustu átt. Mér er það í minni, að í kosningunum haustið 1959 lofaði hann því á fundum um allt Suðurland, framboðsfundunum, sem þá voru haldnir, að þegar hann og hans flokkur næðu völdum eftir kosningarnar, þá skyldi renna upp sælutími fyrir bændur. Hann sagði, að þá yrði afnumið yfirfærslugjaldið á vélum og öðrum rekstrarvörum bænda, en þessi gjöld kallaði hann framsóknarskatta. Hann ráðlagði bændum að fara sér hægt í því að kaupa vélar, því að það yrði allt annað, þegar framsóknarskattarnir yrðu afnumdir, — og vissulega munaði þó nokkuð um það, ég skal játa það, að þá hefðu vélarnar vitanlega lækkað í verði, — og það trúðu náttúrlega ýmsir þessu. En ég held, að þeir hafi orðið fyrir alldýrkeyptri reynslu af trúgirni sinni. Framsóknarskattarnir voru afnumdir, það vita allir. En það kom nokkuð í staðinn. Það kom í staðinn gengisfelling, sem hækkaði hlutina í verði, þannig að vél, sem kostaði með framsóknarskatti 54 þús. kr., kostar nú yfir 100 þús. kr. Þetta var skattlækkunin eða afnámið. En án þessara véla og margra annarra góðra hluta og tækja, sem nú fást, geta bændur ekki verið, og því hafa nú margir síðan haustið 1959, þegar hæstv. landbrh. gaf hin fögru loforð, orðið að kaupa þessar dýru vélar og hafa af þeim ástæðum stofnað til óhæfilegra lausaskulda, sem þeir nú stynja vissulega undir, og verzlanir og peningastofnanir eiga í erfiðleikum, af því að þær fá ekki greiddar þessar skuldir.

Mér finnst nú satt að segja, að það hvíli síðferðileg skylda á hæstv. landbrh. og þeim flokki, sem ber ábyrgð á ráðherranum, að koma nú til skjalanna og bæta, þótt í litlu sé, fyrir þá brigð, er orðið hefur á loforðum ráðherrans, þegar hann var að biðja bændur um atkvæði haustið 1959. Ég skil vel, þegar menn eru að leita atkvæða kjósenda, að þá eru þeir vissulega uppfullir af góðum vilja, en mér finnst, að menn eigi ekki að lofa öðru en því, sem þeir eru vissir um að geta staðið við.

Sunnlenzkir bændur hafa nú tekið þessi mál nokkuð til umr. á sínum vettvangi, eins og hér hefur verið sagt frá, og þeir héldu fund, eins og hér var getið um áðan, — það var 24. nóv., að ég ætla, sem þeir héldu kjörmannafund Stéttarsambands bænda á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. Þessi fundur var haldinn á Selfossi. Þeir töldu rétt, bændurnir á Suðurlandi, að taka þessi mál til athugunar á vettvangi síns stéttarfélags. Þarna á þessum fundi voru mættir tveir kjörmenn úr hverju búnaðarfélagi í Árnes- og Rangárvallasýslum og Vestur-Skaftafellssýslu. Auk þess kom þarna fjöldi annarra bænda af svæðinu, og tóku sumir þeirra þátt í umræðum, sem þarna voru á fundinum. Ég var ekki staddur þarna, og er ég þó kjörmaður í minni sveit, — ég var þá hér á Alþingi, — en annar maður mætti þar í minn stað, sannorður maður, sem ég trúi um frásagnir af þessum fundi. Hann sagði mér, að á fundinum hefði verið fullkomin eining um afstöðu til mála og að sjálfstæðisbændur, sem margir eiga sæti á þessum fundi, eru kjörmenn fyrir sín búnaðarfélög, hafi ekki síður en aðrir hvatt þar til þeirrar áskorunar, sem á fundinum var gerð. Ég hef nú þessa áskorun eða þessar tillögur hér við höndina, því að þær voru sendar hv. Alþingi, og þó að það hafi verið drepið á þær hér áður, ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta:

„Kjörmannafundur Stéttarsambands bænda á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, haldinn á Selfossi 24. nóv. 1961, skorar á Alþingi að setja inn í frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán ákvæði um eftirtalin atriði: 1) Seðlabankanum verði gert að skyldu að endurkaupa skuldabréf sparisjóða og verzlana úti á landi vegna lausaskulda bænda. 2) Vextir af væntanlegum föstum lánum verði ekki hærri en hjá sjávarútveginum af hliðstæðum lánum." — Þeir leggja áherzlu á þetta. — „3) Stofnunum bændanna, sem vinna úr vörum þeirra, svo sem mjólkurbúum, sláturhúsum og frystihúsum, verði veitt sömu kjör varðandi lausaskuldir og hliðstæðum vinnslustöðvum sjávarútvegsins.

Selfossi, 29. nóv. 1961.
Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands,
Hjalti Gestsson."

Bændur í Suður-Þingeyjarsýslu tóku þetta mál einnig til umr. á fundi hjá sér, og það var 11. nóv.

Þeir gerðu eftirfarandi samþykkt:

„Almennur bændafundur, haldinn að Hólmavaði 11. nóv. 1961, skorar á Alþingi að tryggja það, að vextir af lánum vegna breytinga á lausaskuldum bænda í föst lán njóti sömu kjara og gilda um hliðstæð lán hjá sjávarútveginum og að Seðlabankinn sé skyldur að kaupa skuldabréfin við nafnverði. Þessar tillögur óskast lagðar fyrir hið virðulega Alþingi.

Árnesi, 12. nóv. 1961.
Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga,
Hermóður Guðmundsson."

Ég hef þá lýst því, hvernig bændur í tveimur mjög fjölmennum bændahéruðum hafa litið á þetta mál og hvaða tillögur þeir hafa gert. En

það fer saman, álit bændanna á þessum svæðum og tillögur minni hl. fjhn. á þskj. 133.

Ég get ekki skilið svo við þessi fáu orð, sem ég hef hér sagt, að ég drepi ekki þá um leið á vaxtakjör landbúnaðarins yfirleitt með örfáum orðum.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hefur verið stefna Framsfl., að vaxtakjörum til atvinnuvega þjóðarinnar þurfi að stilla svo í hóf sem frekast er unnt. Var líka svo um hnútana búið viðvíkjandi hinum opinberu lánasjóðum landbúnaðarins, þar til núverandi hæstv. ríkisstj. tók völdin og lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að hækka vexti og stytta lánstíma og þannig stórþrengja möguleika þeirra bænda, sem enn áttu eftir að byggja og rækta á jörðum sínum. Það er nú orðinn sá reginmunur fyrir þessar sakir á aðstöðu þeirra, sem voru búnir að framkvæma umbætur, áður en viðreisn hæstv. ríkisstj. hófst, og hinna, sem áttu það eftir, að aldrei áður hefur slíkur aðstöðumunur verið til staðar, þar sem sumir búa nú við tiltölulega lágar lánsfjárhæðir vegna framkvæmda, sem unnar voru fyrir viðreisn, og þeir borga, þeir bændur, af þeim lánum 2½—4½% vexti, og lánin eru til 20 eða 25 ára. En þeir, sem eru nú að framkvæma umbætur, þurfa að borga 6½% vexti með 5—10 ára styttri lánstíma en hinir. Það er ekki að furða, þótt ýmsir eigi í erfiðleikum, þegar svona ráðstafanir eru gerðar, um leið og gengisfelling er gerð og allar framkvæmdir náttúrlega af hennar völdum stórhækka allt verðlag og þá ekki síst fjárfestingarframkvæmdir. Ég hygg þess vegna, að það verði varla um það deilt, ef menn á annað borð vilja ræða mál af nokkru viti og sanngirni, að fátt sé atvinnulífinu í heild eins nauðsynlegt og hóflegir vextir af því fé, sem nauðsynlegt kann að vera að taka til láns á hverjum tíma. Og ég vil hér, um leið og ég lýk máli mínu, minna á það, sem ég hef fengið upplýsingar um og ég hygg að sé rétt, að það er ólíku saman að jafna um íslenzk eða dönsk stjórnarvöld, hvað þau hafast að í þessum efnum. Mér er sagt, að danskir bændur búi við miklu hagstæðari lánakjör en stéttarbræður þeirra hér á Íslandi. Þar eru fasteignalán bændanna til 80 ára með 2% vöxtum. Það er ólík aðstaða eða sú, sem bændur hér eiga við að búa, þar sem nú á að leysa vandræði þau, sem viðreisnin hefur valdið bændunum, með því að láta þá borga 8% vexti af viðreisnarskuldunum.

Ég ætla nú ekki að lengja þetta meira. Ég kunni ekki við annað en láta þessi sjónarmið mín koma hér í ljós, um leið og þetta mál var rætt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er fyrst og fremst varðandi eitt atriði þessa máls, sem ég vildi láta nokkur orð falla, í tilefni af þeim tíðindum aðallega, sem nú hafa gerzt með yfirlýsingu hæstv. landbrh.

Þegar þessi brbl. voru gefin út í júlí s. l., kom strax í ljós, að í þeim var mikið misrétti í garð bændastéttarinnar, eins og mjög vel hefur verið lögð áherzla á síðan víða, bæði í ræðu og riti. En það var einnig ljóst, að lögin voru botnlaus, ef svo mætti orða það, þau voru botnlaus, vegna þess að það var gert ráð fyrir því að afhenda bændum skuldabréf, án þess að þessi bréf væru gerð gjaldgeng upp í skuldir, og hafði slíkt aldrei þekkzt við lausn hliðstæðra mála hér í landi. Menn sáu það í hendi sér, að þetta gerði það að verkum, að lögin gátu ekki komið nema að mjög takmörkuðum notum og alls ekki að neitt hliðstæðum notum við þá löggjöf, sem sett hafði verið fyrir sjávarútveginn, því að þar voru bréfin gerð gjaldgeng upp í skuldir sjávarútvegsmanna.

Eins og ég sagði, var strax á þetta bent, og sló óhug á menn út af þessu. Þessari gagnrýni var ekki vel tekið af hæstv. landbrh. eða málgögnum hans, heldur var því haldið fram, að lögin væru góð. Því var ekki lýst yfir þá, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að bréfin yrðu gjaldgeng, og leið svo allt sumarið, frá því að lögin voru gefin út, og fram á haust og kom að þeim tíma, að menn skyldu senda umsóknir sínar um lánin. Allan þennan tíma lá það fyrir, að bréfin höfðu ekki verið gerð gjaldgeng upp í skuldir manna. Lögin gerðu ekki ráð fyrir því, og engar ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess. Augljóst er, að ef hæstv. ráðh. hefði í upphafi og hans menn ætlað sér að láta bændum í té hliðstæð skuldaskil og öðrum, þá hefðu þeir strax annaðhvort haft ákvæði um það í lögunum, að bréfin væru gjaldgeng upp í skuldir bænda, eins og gert var við sjávarútveginn, eða samið strax við stofnanir í landinu, bankastofnanir, um, að þótt þetta væri ekki í lögunum sjálfum, þá yrði þetta þannig í framkvæmd. Ef hæstv. ráðh. hefði hugsað sér heilsteypta og eðlilega lausn á skuldamálum bænda, hefði hann gert þetta, og þá hefði framkoman í þessu atriði verið óaðfinnanleg og heiðarleg, því að þá hefðu menn vitað, þegar þeir sóttu um lánin, hvers þeir máttu vænta. En þetta var ekki gert, heldur var gagnrýninni illa tekið til að byrja með, og það var ekki fyrr en bændur voru farnir að ganga í málið með miklum þrýstingi og fundarsamþykktum og ekki fyrr en eftir margra mánaða baráttu framsóknarmanna í þessu sambandi, að lát fór að koma á hæstv. landbrh. og hans menn og þeir sáu, að slík misskilningur voru á málinu, að það fékk ekki staðizt. Þá var málið stöðvað hér í þinginu og hafa miklar bollaleggingar verið um, hvernig ætti að komast út úr þessari sjálfheldu, sem búið var að efna til.

Það er augljóst á öllu því, sem komið hefur fram um þetta mál, að upphaflega var ekki meiningin að leysa málið á þann hátt, að bréfin væru gjaldgeng, því að ef sú hefði verið ætlunin, þá hefði það verið gert í tæka tíð, svo að bændur vissu það, áður en þeir sæktu. Auk þess er ljóst af því, að hæstv. ráðh. og hans menn munu hafa borið það fram sem eina af röksemdunum fyrir því, að vextir yrðu að vera svona háir og hærri en annars staðar, að það yrði að hafa vextina svona háa, til þess að bændum gengi skár að koma bréfunum út, til þess að bændum gengi skár að semja sjálfum við lánardrottna sína um að taka bréfin. Á þessu hefði ekki þurft að halda, ef það hefði verið ætlunin að leysa málið á eðlilegan hátt. Þá hefði ekki þurft að hafa vextina hærri en annars

staðar, til þess að bændur gætu notfært sér það við að reyna að koma þessum bréfum út sjálfir. Það er enginn vafi á því, að ýmsir bændur hafa hætt við að sækja, því miður, um lán vegna þess, hversu illa þetta mál var lagt fyrir af hæstv. ráðh. og ríkisstj. í brbl. og öllum þeim málflutningi, sem á eftir fór. Lát fór að koma á hæstv. ráðh. svo seint, að þá var umsóknarfrestur liðinn. Ef sumt af því, sem hæstv. ráðh. sagði þá, eftir að fór að koma lát á hann, hefði verið sagt s. l. sumar, má vera, að það hefði getað hjálpað til þess, að fleiri hefðu notfært sér löggjöfina.

Nú hefur hæstv. ráðh. lýst yfir því, að stjórnin hafi gert ráðstafanir, sem a. m. k. að verulegu leyti gera bréfin gjaldgeng í banka. Og það er gott, að þessi árangur hefur nú náðst af margra mánaða harðri baráttu framsóknarmanna fyrir m. a. þessu grundvallaratriði í skuldaskilunum og að slíkur árangur hefur líka náðst af þeim fjöldamörgu ályktunum, sem bændafundir hvaðanæva hafa sent frá sér í sömu stefnu. Það er gott, að þessi árangur hefur náðst, og því ber að fagna, og það sýnir sig nú í þessu máli eins og svo oft áður, að það er ýmsu hægt að koma áleiðis með skynsamlegri og rökfastri baráttu og góðum samtökum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): *Hæstv. forseti.* Það er í rauninni ekki margt, sem ég þarf að segja, vegna þess að þeir hv. þm., sem hafa talað hér og gagnrýnt það, sem ég sagði í ræðu minni, hafa ekki hrakið það, sem ég hef sagt. Þeir hafa reynt að gera það, en það hefur ekki tekizt.

Hv. 1. þm. Austf. talaði um, að lögin hafi verið botnlaus, þegar þau voru gefin út, með því að það hafi ekki verið ákveðið þar, að bankarnir væru skyldugir til þess að taka bréfin. Hitt er þó alveg víst, að meining ríkisstj. var sú, að lögin gætu náð tilgangi sínum, og hver sem talaði við mig s. l. sumar og ætíð síðan, eftir að lögin voru gefin út, mun ekki hafa heyrt annað frá minni hendi en það, að lögin ættu að ná tilgangi sínum, það yrði þannig um hnútana búið með samningum, að þetta mætti verða. Það eru því ekki nema getsakir einar, að þetta hafi ekki verið frá því fyrsta ætlun ríkisstj. Hitt skal ég svo alveg láta ósagt, þótt hv. 1. þm. Austf. þakki Framsfl. það, að hann er nú orðinn eftir atvikum ánægður með lögin, þakkar Framsfl. það, að samningar hafa tekizt við Seðlabankann og aðra banka. Ég öfunda hv. þm. ekkert af því, ef hann ætlar að reyna að telja landsmönnum trú um, að það sé framsóknarmönnum að þakka, að samningar hafa tekizt við bankana og Seðlabankann. Það er vitað, að ekki hafa þeir verið kvaddir þar til aðstoðar sérstaklega, t. d. hv. 1. þm. Austf., en liðsinni hans til alls góðs er vitanlega vel þegið, hvenær sem er.

Hv. þm. fullyrðir, að landbrh. hafi loks látið undan þunganum, samþykktum utan af landi og gagnrýni framsóknarmanna. En afstaða mín til málsins hefur alltaf verið ein og hin sama: að láta lögin koma að gagni. Fullyrðingar þessar meiða mig þess vegna ekki nokkurn hlut, þær eru aðeins sagðar af hv. þm., sem vill berja í brestina og segja í sínu málgagni, sem fer út um landið, að framsóknarmenn þrátt fyrir allt, þótt þeir séu ekki í stjórn, þá ráði þeir nú því, sem til bóta horfir.

Það eru nokkur tíðindi, sem hafa gerzt hér í dag, þegar hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) tekur að sér það lélega og ógeðslega starf að taka sér í munn það slúður, sem Tíminn hefur haft fram að bera oft undanfarið, t. d. það, að ég hafi ráðlagt bændum 1959 að kaupa ekki vélar. Ég lýsi því yfir hér í hv. Alþingi, að ég hef ekki dregið úr bændum að kaupa vélar, hvorki 1959 né í annan tíma, og hv. 2. þm. Sunnl. ætti, ef hann vill ekki minni maður heita, að nefna einhver nöfn, einhverja bændur, sem vilja vitna með honum í þessu efni. Og e. t. v. eigum við eftir að vera saman á stjórnmálafundum í Suðurlandskjördæmi aftur á ný. Þá gefst tækifæri til þess að spyrja fundarmenn að því, hvort þeir vilji vitna með þessum hv. þm. það slúður, sem hann hefur eftir Tímanum. **(Gripið fram í:** Ég kviði ekki fyrir því.) Það er ágætt. Ég held, að hv. þm. ætti nú samt að bíða og vera ekki allt of bjartsýnn í þessu efni, því að ef ég þekki Sunnlendinga rétt, þá vitna þeir ekki með röngum málstað, ekki heldur flokksmenn hv. þm., og mér eru það hrein vonbrigði, að þessi hv. þm. skuli hafa lagzt svo lágt að taka sér í *munn slúður Tímans í þessu efni.*

Hitt er rétt, að ég talaði um framsóknarskattana, sem voru lagðir á allan almenning, ekki aðeins bændur, heldur og á allan almenning, og það munu flestir nú vera farnir að skilja, að það var gæfa íslenzku þjóðarinnar, að stefnuleysi vinstri stjórnarinnar, sem Framsfl. réð mestu um, réð ekki lengur.

Svo talar hv. 2. þm. Sunnl. um gengislækkun ríkisstj. alveg eins og núv. ríkisstj. hafi fellt gengið. Hann man ekki eftir því, að með yfirfærslugjaldinu 1958 var gengið fellt. Hann man ekki eftir því, að með þeirri skriðu, sem þá var losuð, hélt krónan áfram að lækka til ársloka þess árs. Ég veit ekki, hversu góður þessi hv. þm. er í reikningi, en ég hygg þó, að hann sé svo góður í reikningi, að hann geti gert sér grein fyrir því, að krónan var felld á árinu 1958 niður í það, sem hún var skráð í ársbyrjun 1960. Þess vegna er rangt að segja, að núverandi ríkisstj. hafi fellt gengið. Núverandi ríkisstj. tók sér forustu um það að skrá gengið eins og það raunverulega var, eftir að vinstri stjórnin lét af völdum, og það er nauðsynlegt, ef þessi hv. þm. hefur ekki vitað þetta fyrr, að hann geri sér þetta nú ljóst, áður en hann tekur aftur til máls.

Hv. þm. talar um, að það sé nauðsynlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir brigðmælum mínum frá 1959, því að ég hafi þá lofað gulli og grænum skógum og batnandi tímum. Ég man það, og það munu Sunnlendingar líka muna, sem á fundunum voru, að ég gerði grein fyrir ástandinu eins og það var og að það yrði ekki bætt nema með því, að almenningur fengi skilning á því, að það yrði að gera róttækar aðgerðir, sem í bili gætu valdið nokkrum sársauka. Þetta er það, sem ég sagði. Þetta eru loforðin. En ég mun hafa bætt því við, að ef þjóðin öðlaðist þá gæfu að skapa sér þingmeiri-

hluta, sem hefði djörfung til þess að taka á málunum, þá mundu koma batnandi tímar og það væri þess vegna ekki ástæða til svartsýni, þótt að kreppti í bili. Þetta voru loforðin, sem ég gaf 1959, og ef hv. 2. þm. Sunnl. man það ekki, þá er ég sannfærður um, að Sunnlendingar, sem á okkur hlustuðu, muna það, og það væri mér þess vegna fögnuður, ef það ætti eftir að vera, að við *mættum mætast saman á fundum* í Suðurlandskjördæmi og ræða það, sem gerzt hefur, og það, sem fram undan er.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var með vangaveltur hér í annarri ræðu sinni. Það var þó auðheyrt á hv. þm., að það var ekki mikil ástæða til að gagnrýna lögin, sem hér er um að ræða, eftir að ég hafði haldið mína ræðu og gefið skýringar á lögunum, eins og þau raunverulega eru, því að það er eins og hv. þm. hafi ekki áttað sig á því, hvað í lögunum fólst, fyrr en hann hafði hlustað á *mína* ræðu. Og ég ætla ekki að segja hv. þm. það til lasts, síður en svo. Það er miklu frekar þakklætisvert, að hann virðist hafa tekið nokkrum rökum við það að hlusta á það, sem ég sagði áðan.

Hv. þm. var að tala um, hvort ætti að verðlauna þau fyrirtæki, kaupfélög og sparisjóði, sem væru í vanskilum við Seðlabankann, því að í bréfi Seðlabankans væri talað um að taka veðdeildarbréf upp í skuldir frá árinu 1961. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það séu margar stofnanir í vanskilum við Seðlabankann, hvorki sparisjóðir né kaupfélög. Hins vegar skil ég það, að Seðlabankinn hefur orðað þetta bréf á þann veg, sem hann gerði, jafnvel þótt ekki væri nema einn sparisjóður eða eitt kaupfélag, sem hefði átt eftir að inna skyldur sínar af hendi. Ég hygg, að þarna sé ekki um stórt atriði að ræða, og við getum verið ánægðir með það, að í bréfi Seðlabankans felst það, að hann er reiðubúinn að taka veðbréfin af sparisjóðunum upp í bindingu, og það, sem fram yfir er, hefur hann einnig heitið að kaupa og leggja á bundinn reikning með 9% vöxtum, eins og vextirnir eru nú reiknaðir, og losa bréfin aftur, en þó ekki á skemmri tíma en þremur árum. Ég er sannfærður um, að þeir, sem stjórna sparisjóðunum, eru ánægðir með þessa lausn, — alveg sannfærður um það, — og það er einnig svo með kaupfélögin, á meðan bindingarskyldan hvílir á þeim, þá munu þau vera ánægð með að láta bréf upp í bindinguna. Það, sem fram yfir er, munu viðskiptabankarnir taka til lækkunar á skuldum kaupfélaga, annarra verzlana og SÍS. Ég er einnig sannfærður um, að þessi fyrirtæki eru ánægð með að hafa tækifæri til þess að lækka skuldir sínar við viðskiptabankana. Þessi þáttur málsins er þess vegna alveg ljós, og er ég þess vegna undrandi á því, að eftir að hv. þm. hafa heyrt bréf Seðlabankans, eru þeir enn að tala um að samþykkja brtt. við frv. um að skylda Seðlabankann til þess að kaupa bréfin. Hvers konar hráskinnaleikur er þetta, sem hér er leikinn? Hvers vegna ekki að lýsa því yfir, að till. um að skylda Seðlabankann til að kaupa bréfin er nú orðin óþörf? Hvers vegna ekki að bjóðast til að taka till. aftur? Nei, þrátt fyrir loforð Seðlabankans á að halda áfram að greiða atkvæði um þessa till., og sú till. var alltaf óþörf, vegna þess að það var frá því fyrsta ákveðið að láta lögin ná tilgangi sínum. Það var frá því fyrsta ákveðið, og þarf þess vegna ekki að vera að halda því fram, að það hafi verið samið við bankana vegna þess, að einhver þungi hafi komið frá framsóknarmönnum hvað þetta snertir.

Fullyrðing hv. 1. þm. Norðurl. v. um, að *bændur hafi ekki sótt um lánin vegna þess*, að þeir hafi ekki trúað því, að í lögunum fælist sú lausn, sem þeir óska eftir, er vitanlega algerlega út í bláinn. Hv. þm. vitnar í sparisjóðina, og hann segir, að bændur hafi spurt sparisjóðina um það fyrir fram, hvort þeir vildu taka bréfin, og sparisjóðirnir hafi undir flestum kringumstæðum neitað því. En ég verð að segja það, að bændum er ekki rétt lýst, ef þeir hafa látið sér nægja eða tekið gilda neitun eins manns, þótt hann væri sparisjóðsstjóri. Eðlilegra hefði verið að leita upplýsinga á öðrum stöðum, sem gátu svarað fullum hálsi, ef ekki þótti ómaksins vert að sækja um þessa fyrirgreiðslu án þess að hafa 100% tryggingu fyrir því, að hún væri tekin til greina. Það er rétt, það er einhver kostnaður við það að virða hús og jörð og mannvirki á jörðunum, en hann er ekki svo mikill, að bændur hefðu ekki viljað taka áhættuna af því, þótt það lægi ekki fyrir fullkomlega, að sú lausn fælist í lögunum, sem þeir óskuðu eftir. Og ég segi þess vegna, að hafi bændur ekki talið ómaksins vert í sumar að sækja um lánin, vegna þess að þeir bjuggust ekki við nægilegri fyrirgreiðslu, þá er það ekki vegna þess, að einhver sparisjóðsstjóri hafi talið vandkvæði á að taka bréfin, heldur er það vegna þess, að einhverjir aðrir hafa talið heppilegt í leiðinni að segja: Þetta er nú svipað svo mörgu, sem kemur frá núv. ríkisstj., að ekki er á það að treysta. — Og í sannleika sagt, þá hef ég heyrt þetta orðalag frá vissum mönnum, en sem betur fer, mun þetta ekki hafa haft áhrif á marga bændur. Það hafa 1200—1300 bændur sótt um, og það verður að ætla, að það séu flestir þeirra, sem töldu sér nauðsyn á því að breyta skuldunum.

Hv. þm. var að tala um, að bændur hefðu ekki trúað því, að þeir gætu fengið nema kannske helming af því, sem þeir sæktu um. Hvaðan fengu þeir þá vitneskju? Ekki er talað um það í lögunum. Hitt er miklu líklegra, að bændur geti yfirleitt breytt öllum lausaskuldum sínum í föst lán samkvæmt þessum lögum, því að það vill svo til, að eftir hinni nýju virðingu eru eignir bænda svo miklar, að þeir hafa tilskilin veð. Þeir, sem búa á ríkisjörðum, sem framkvæmdir hafa verið gerðar á, ræktun, húsabyggingar og annað fleira, þeir eiga auðvitað að fá veðleyfi samkvæmt reglunni, til þess að þeir geti orðið með. Og ég er sannfærður um það, að margir, sem eiga jarðir í ábúð annarra, þó að það séu einstaklingar, þeir muni fúsir til að greiða fyrir ábúandanum með því að gefa honum veðleyfi innan skynsamlegra takmarka.

Eitt er það, sem vekur undrun mína, að hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, hafa haldið áfram fullyrðingunni um það, að núverandi ríkisstj. væri að mismuna landbúnaði og sjávarútvegi með því að gera ekki ráð fyrir að

lána út á vélar samkvæmt þessum lögum. Og mér er nær að halda, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi ekki hlustað nema með öðru eyranu áðan, þegar ég var að tala, úr því að hann heldur áfram fullyrðingum sínum um vélarnar, vegna þess að það er fram tekið, að það er meiningin að leysa þessi svokölluðu vélalán með öðrum hætti. Vélarnar eiga ekki heima í þessum lögum, og hvort skyldi vera betra fyrir bændur að fá lán, t. d. úr ræktunarsjóði, til 8 eða 10 ára, jafnvel þó að það sé ekki nema til 8 ára, — ég skal ekkert fullyrða um, hvort það sé eðlilegt að lána út á dráttarvélar til 10 ára, ég býst við því, að það sé alveg verjandi, — hvort skyldu þeir heldur vilja fá lán úr ræktunarsjóði út á vélarnar en að það væri tekið með í þessu? Ég þarf ekki að spyrja að því. Ég er sannfærður um, að bændur taka miklu fremur þann kostinn að fá ræktunarsjóðs- eða veðdeildarlán út á vélarnar, ekki aðeins það, sem þeir koma til með að kaupa á næsta vori, heldur einnig það, sem þeir keyptu s. l. ár eða jafnvel 1960, ef kostur er gefinn á því. Og bændur fá ekki þá fyrirgreiðslu í vélalánum, sem þeir nauðsynlega þurfa, nema með því að það sé útvegað nýtt fé, en samkv. þessum lögum er ekki um neitt nýtt fé að ræða frekar en lögunum varðandi sjávarútveginn.

Hv. þm. töluðu um vinnslustöðvar landbúnaðarins af miklum misskilningi, og skil ég ekki, hvernig á því stendur, vegna þess að þeir ættu að vera því kunnugir. Það eru ekki lausaskuldirnar, sem þjá vinnslustöðvar landbúnaðarins, það er fjárskortur. Að hvaða gagni kæmi t. d. Mjólkursamsölunni, að það væri einhver heimild í þessum lögum til þess, að hún kæmist hér inn? Að hvaða gagni kæmi Sláturfélagi Suðurlands, þótt það væri heimild til að taka það hér inn? Og skyldi ekki vera á sama hátt eitthvað svipað um aðrar vinnslustöðvar landbúnaðarins, t. d. á vegum kaupfélaganna eða SÍS? Þessar stofnanir vantar nýtt fé, og það er mjög æskilegt að útvega það með einhverjum hætti, og það er það, sem núverandi ríkisstj. hefur hug á.

Ég skrifaði það ekki hjá mér, en mig minnir, að hv. 2. þm. Sunnl. væri svo smekklegur hér áðan að tala um, að núverandi ríkisstj. hefði eitthvað svikið í þessu efni, að hún hefði eitthvað svikið með því, að hún hefði ekki enn lánað út á vélar, hún hafi eitthvað svikið með því, að hún hafi ekki enn útvegað nægileg lán vinnslustöðvum landbúnaðarins. Hv. þm. talaði ekki hátt um það, meðan hann studdi fyrrv. hæstv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., sem fjmrh., — þá talaði hann ekki hátt um það að útvega lán út á dráttarvélar eða lán til vinnslustöðva landbúnaðarins.

Og það eru leiðinlegar fullyrðingar, sem þessir hv. þm. hafa í frammi í blekkingaskyni. Ég man eftir því, að nú fyrir nokkrum dögum las ég leiðara í Tímanum, þar sem vitnað var í grein, sem forstjóri SÍS hafði skrifað, og þar er beinlínis sagt, að sjávarútvegurinn fái a. m. k. 75% afurðalán, en landbúnaðurinn 55, og að lán til landbúnaðarins hafi lækkað óheyrilega mikið nú upp á síðkastið. Það skal viðurkennt, að það væri æskilegt, að afurðalán til landbúnaðar og sjávarútvegs væru hærri, en að fara svona með tölur og með heimildir í riti, sem fer inn á flesta sveitabæi, það er beinlínis móðgun við fólkið og við lesendur, því að það er vitað, að þetta er ekki satt. Eru ekki útvegsmenn nú að heimta hækkuð afurðalán? Hafa þeir ekki talað um það í blaðagreinum, að afurðalánin væru jafnvel ekki nema 50% eða 55%? Svo segir forstjóri SÍS, að þau séu a. m. k. 75%.

Þá var enn fremur í sama leiðara vitnað í, að ríkisstj. stæði ekki við það að greiða útflutningsuppbætur eins og lög stæðu til, vegna þess að það hefðu verið ógreiddar 17.6 millj. við s. l. áramót. Þess er þó að geta, að þessar 17.6 millj. kr. voru ekki fallnar í gjalddaga. Þær eiga að greiðast af fjárlögum 1962. Þessi upphæð er vegna útflutningsuppbóta á afurðir, sem tilheyra verðlagsárinu frá 1. sept. 1961 til 31. ágúst 1962, og var ekki gjaldfallin fyrr en eftir s. l. áramót. Forstjórinn kvartaði undan því að fá ekki þessa peninga fyrir áramót. En hvernig hefði hann farið að, ef útflutningsuppbæturnar hefðu ekki átt að greiðast, ef lögin hefðu ekki verið í því formi, sem þau nú eru? Og það er rétt að koma einmitt að þessu máli, vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. v. líkti því saman, þeim rétti, sem bændurnir höfðu áður, að hafa leyfi til þess að hækka landbúnaðarvörur á innlendum markaði og vinna þannig upp tapið, og þeirri sölu og verðtryggingu, sem bændurnir nú hafa með því að fá 45—50 millj. kr. greiddar í útflutningsuppbætur á þessu ári. Jú, bændur höfðu þennan rétt. Þeir höfðu vissulega réttinn frá 1947 eða jafnvel frá 1943 til þess að vinna upp hallann af útfluttum vörum með því að hækka þær á innlendum markaði. En hvernig tókst það 1958 og 1959? Hvernig var það? Og skyldi hv. 2. þm. Sunnl. muna það, þegar Mjólkurbú Flóamanna vantaði 22 aura 1958 til þess að geta borgað verðgrundvöllinn, vegna þess að það var tap á útfluttum ostum? (**Forseti**: Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann hafi senn lokið ræðu sinni.) Ég skal ljúka máli mínu eftir eina mínútu. — Hv. 2. þm. Sunnl. var þó svo vitiborinn að vitna ekki í þetta ákvæði og leggja það ekki að jöfnu, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði.

Útflutningstryggingin, sem bændur nú hafa, er verðtrygging á öllu því, sem þeir framleiða. Þessa verðtryggingu höfðu þeir ekki áður, og þrátt fyrir það ákvæði, sem var í lögum um heimildina til þess að hækka útsöluverð innanlands til þess að vinna upp tapið, þá tókst það ekki. Það var ekki hægt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var aldrei hægt að áætla fyrir fram, hversu mikið þyrfti að flytja út nákvæmlega. Í öðru lagi þorðu þeir, sem með verðlagninguna fóru, beinlínis ekki að hækka verðið svo mikið innanlands, að það gæti borið hallann uppi, af ótta við, að það leiddi til meiri útflutnings og þeir ynnu bókstaflega ekkert með því að hækka verðið. Og þótt hér finnist hv. þingmenn á Alþingi, sem kunna ekki að meta þetta ákvæði í lögunum, þá kunna bændurnir það, þá kann stjórn Stéttarsambandsins það og framleiðsluráð landbúnaðarins, og skilja, að þetta ákvæði er þeim mikils virði og að þetta

ákvæði hefur ekki annar atvinnuvegur í lögum. Þess vegna er eðlilegt, að spurt sé, þegar hv. þingmenn segja, að bændur eigi að hafa sama rétt og sjávarútvegurinn, hvort þeir meini það, að landbúnaðurinn megi þá ekki hafa annan eða meiri rétt en sjávarútvegurinn, eins og landbúnaðurinn hefur nú, meðan þetta ákvæði er í lögum.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki blanda mér í þær almennu umr., sem efnt hefur verið til af hendi hæstv. ráðh. um landbúnaðarmál, en kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að ræða dálítið nánar það atriði í málinu, sem ég minntist á og hæstv. ráðh. ræddi nokkuð í sinni ræðu, en það er sú breyting, sem nú hefur verið gerð á málinu, og hvernig hún er til komin, þ. e. a. s. sú breyting, sem gerð hefur verið á framkvæmd málsins, þar sem skuldabréfin eru nú gerð að miklu leyti gjaldgeng í banka.

Ég lét í ljós ánægju yfir því, að hæstv. ráðh. hefði látið undan þrýstingi frá framsóknarmönnum um þetta veigamikla atriði í málinu og hefði einnig auðsjáanlega orðið fyrir áhrifum frá þeim fundum, sem bændur hafa haldið, þar sem þeir hafa mótmælt skuldaskilaaðferðinni, eins og hæstv. ráðh. hugsaði sér hana, og krafizt þess m. a., að skuldabréfin yrðu gerð gjaldgeng, þannig að þessi lán gætu komið að notum fleirum en þeim, sem skulduðu beint bönkum. En áður en skuldabréfin voru gerð gjaldgeng, komu þessi lán að sáralitlu gagni fyrir aðra en þá, sem skulduðu þeim bönkum beint, sem höfðu fyrir fram fallizt á að taka þessi bréf upp í skuldir við sig.

Mér fannst hæstv. ráðh. ekki vera ánægður yfir þessu, að ég skyldi láta þetta í ljós, og þótti mér það einkennilegt, því að það er sannarlega engin minnkun fyrir hæstv. ráðh. að hafa tekið til greina réttmæta gagnrýni í þessu efni, fremur en nokkurn annan, sem tekur til greina réttmæta gagnrýni og reynir að laga það, sem aflaga fer í því, sem hann ætlast fyrir. Þess vegna kom mér það dálítið einkennilega fyrir, að hæstv. ráðh. virtist taka þessu fremur illa, að ég benti á, að hann hefði tekið þessa gagnrýni að nokkru leyti til greina.

Í stað þess að viðurkenna þetta hélt hæstv. ráðh. því fram, að hér hefði ekkert annað gerzt en það, sem frá upphafi hefði ekki aðeins verið fyrirhugað, heldur alveg sjálfsagt. Það var allur tónninn í ræðu hæstv. ráðh.: það hefði frá upphafi verið sjálfsagt að gera þessi bréf gjaldgeng í bönkunum, þannig að menn gætu haft full not af lánunum. En það er þarna, sem hæstv. ráðh. skjátlast, — þ. e. a. s. honum skjátlast auðvitað ekki, en það er þarna, sem hann fer rangt með, því að það er hægt að sýna fram á með hans eigin orðum, það þarf ekkert að fara á milli mála, að þessi var ekki stefnan í málinu, og það er leiðinlegt að vera að kýta um þetta fram og aftur. Það er bezt að lofa þm. að heyra, hver var stefna hæstv. ráðh. í þessu. Mun ég því, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér í ræðu hæstv. ráðh. um þetta efni frá 23. okt. s. l., en þá voru þessi brbl. hér til umr. í þinginu, hv. Alþingi, og þá var bændum ætlað að vera búnir að senda inn sínar umsóknir, svo að yfirlýsingar hæstv. ráðh. þá sýna alveg glöggt, hvernig þetta mál var hugsað af hans hendi, meira að segja eftir að umsóknirnar voru komnar inn, enda er þetta í sömu átt og allt, sem fram hafði komið um málið, þangað til hæstv. ráðh. varð hræddur við gagnrýni framsóknarmanna og samþykktir bændafundanna og fór í dauðans ofboði að reyna að laga málið. Í þeirri ræðu greinir hæstv. ráðh. fyrst frá því, að stjórnin hafi fengið Landsbankann og Búnaðarbankann til þess að breyta skuldum bænda við þá í löng lán, taka skuldabréfin upp í skuldir beint við þá, en síðan segir hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar hefur ríkisstj. ekki tekið að sér að semja við sparisjóði eða verzlanir. Það verður að vera samkomulagsatriði á milli bændanna, sparisjóðanna og verzlananna, hvort samkomulag tekst um að breyta lánunum í 20 ára skuldabréf. Það má vel vera, að kaupfélögin og aðrar verzlanir kæri sig ekki um að breyta verzlunarskuld í svo langt lán og fá bréf í staðinn. En ég hygg þó, að með þeim vöxtum, sem eru á bréfunum, muni skapast möguleiki til að nota bréfin á einhvern máta til greiðslu á skuldum."

Þetta er það, sem hæstv. ráðh. segir sjálfur hér á hv. Alþingi 23. okt. um það, hvernig þetta eigi að fara fram samkv. löggjöfinni. Enn fremur segir hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. *forseta*:

„Þá veit ég, að sparisjóðirnir munu gera það, sem í þeirra valdi stendur. En það má náttúrlega segja, að það sé vaxtamismunur. Þeir hafa lánað út með 9½% framlengingarvöxtum af víxlum, en af bréfunum verða aðeins 7½%. Allt verður þetta að vera samningsatriði á milli þeirra, sem skulda, og þeirra, sem skuldina eiga. Það hefur ekki verið talið fært að skylda verzlanir eða sparisjóði til að taka að sér þessa breytingu, og ég hygg, að vegna þess, að vextirnir voru ekki hafðir lægri af bréfunum heldur en þetta, þá verði auðveldara með samkomulag. Ef vextirnir hefðu verið t. d. 6%, má reikna með, að samkomulagsumleitanirnar hefðu orðið miklu erfiðari."

M. ö. o.: það fer ekkert á milli mála um þetta. Hæstv. ráðh. hugsaði sér, að bændur stæðu í þjarki um þetta mál við þá, sem þeir skulduðu, og setti vextina svona miklu hærri en hjá sjávarútveginum, að því er hann sjálfur segir, til þess að bændur gætu frekar komið bréfunum út. En núna, eftir að hæstv. ráðh. varð hræddur og það var augljóst, að málið náði alls ekki tilgangi sínum, og framsóknarmenn höfðu hafið harða baráttu og bændur ályktað um þessa óhæfu á mýmörgum fundum úti um allt land, þá lætur ráðh. fresta málinu hér um langt skeið í Alþingi og semur í dauðans ofboði, tekst þá fyrir þessa pressu að fá bréfin gerð gjaldgeng. Þegar þessu er svo öllu lokið, kemur hæstv. ráðh. og segir, þvert ofan í sínar eigin ræður, sem liggja hér fyrir hverjum, sem lesa vill, að það hafi aldrei komið annað til greina en að þessi bréf yrðu fullkomlega gjaldgeng alla

leiðina í bankann og hefði því enginn þurft að hafa neinar áhyggjur af því. Við þetta bætist svo, að hæstv. ráðh. hefur meira að segja notað þetta, að bréfin áttu ekki að vera gjaldgeng, sem röksemdir fyrir því, að bændur yrðu að greiða hærri vexti en sjávarútvegurinn. Það var strax sett í lög, að sjávarútvegsbréfin skyldu vera gjaldgeng upp í skuldir, og þá gátu vextirnir verið lágir, en hæstv. ráðh. sagði, að þeir yrðu að vera svona háir hjá bændunum, af því að það væri ómögulegt að tryggja, að skuldabréfin gengju upp í lánin. Þess vegna yrðu vextirnir að vera svona háir. Þegar svo hæstv. ráðh. er kominn alveg í hring í þessu atriði og búið er að pressa hann nægilega, sem sé svo, að hann sá sér ekki fært annað en fá þetta lagað, þá er komin alveg ný röksemd fyrir háu vöxtunum hjá landbúnaðinum. Nú er hún sú, að það geri ekkert til, það sé alveg sama fyrir bændur, hve háa vexti þeir borgi, það skipti engu máli, því að neytendurnir borgi alla vextina fyrir þá í verðlagi afurðanna.

Það má segja, að þessi hæstv. ráðh. er með fleira en einu móti undarlegt fyrirbrigði, því að eftir þessari röksemdafærslu ætti það t. d. að vera alveg nákvæmlega sama fyrir bændur, hvað það kostaði, sem þeir þyrftu til framleiðslunnar yfir höfuð, því að neytendurnir greiddu það allt saman í hærra verði á landbúnaðarafurðunum. Þá fer maður að skilja, að þessi hæstv. ráðh. hefur ekki miklar áhyggjur af verðinu á traktorunum og öðru slíku. Það gengur allt eftir hugsanagangi þessa hæstv. ráðh. beina leið inn í verð landbúnaðarafurðanna og er borgað af neytendunum. Það er varla ástæða til þess að svara svona fjarstæðu, enda gefur auga leið, hvernig bændum gengur yfir höfuð að fá réttmæta kostnaðarliði tekna til greina í verðlagi afurðanna, þar sem nauðsynlegustu fyrningar og nauðsynlegustu vextir af eigin fé fást alls ekki teknir til greina í afurðaverðinu. Og má þá svo sem nærri geta, hvernig gengur fyrir bændur að koma hinu nýja traktorsverði hæstv. landbrh. og hinum nýju vöxtum hans og öðru slíku inn í verðlagið eða hvaða áhrif það svo yfir höfuð hefði að fá sölumöguleika á landbúnaðarafurðunum og annað, ef það fæst inn.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, því að þess gerist ekki þörf. Það liggur alveg ljóst fyrir, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér þetta mál og hverjar yfirlýsingar hans voru í því efni og svo hvað áunnizt hefur þrátt fyrir allt með þeirri baráttu, sem uppi hefur verið haldið. Og það er alveg sama, hvernig hæstv. ráðh. fer að, það er alveg óhugsandi fyrir hann að gera þetta óglöggt fyrir nokkrum manni.

Þá sagði hæstv. ráðh., að sér fyndist það einkennilegt, að framsóknarmenn skyldu ekki vilja taka til baka tillöguna um, að Seðlabankanum væri skylt að kaupa bréfin, eftir að þessir samningar hefðu orðið, sem nú hafa verið birtir, varðandi það, að ýmsar bankastofnanir tækju þessi bréf ýmist upp í skuldir eða í staðinn fyrir það sparifé, sem á að binda. En hæstv. ráðh. verður að sjá, að það hefur talsverða þýðingu samt sem áður, að bréfin séu gerð gjaldgeng að fullu. Mér sýnist tvær ástæður liggja til þess. Önnur er sú, að það verður sjálfsagt mjög erfitt fyrir suma af sparisjóðunum að framkvæma þetta á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessu bréfi bankanna. Þetta er annað atriðið, sem ég kem auga á. Hitt atriðið er, að ég sé ekki, hvernig hægt er að leysa einkaskuldamál eða einkaskuldaviðskipti öðruvísi en bréfin séu gerð gjaldgeng. Það hefur því þýðingu, að þetta verði gert alveg fortakslaust.

Fyrst ég er staðinn upp og kominn hér, vil ég ekki fara héðan, — þó að ég ætlaði mér ekki að blanda mér inn í hinar almennu umr. um landbúnaðarmál, sem orðið hafa, — án þess að mótmæla einu atriði, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Hann gerði hér með mjög undarlegu móti að umtalsefni áramótagrein forstjóra Sambandsins, sem birtist í tímaritinu Samvinnunni, og fór um hana mörgum bitrum orðum og óviðurkvæmilegum. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að hann héldi því fram, að forstjóri Sambandsins hefði farið með ósatt mál a. m. k. í tveimur atriðum, sagði t. d. móðgun við fólkið að halda öðru eins fram og forstjórinn hefði gert og dreifa því á fjölda heimila, eða eitthvað á þá lund komst hæstv. ráðh. að orði. Og þessi tvö atriði, sem hneyksluðu hæstv. ráðh. svo mjög og hann sagði að væru ósönn, var annars vegar það, sem forstjóri Sambandsins sagði um afurðalán, en það er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Afurðalán til bænda út á birgðir sauðfjárafurða hafa á tveimur árum verið lækkuð úr 67% í 50—54%. Lán út á birgðir sjávarafurða eru hins vegar a. m. k. 75%."

En það er þetta síðara atriði í þessu, sem hæstv. landbrh. sagði að væri algerlega rangt, að lán út á birgðir sjávarafurða væru a. m. k. 75%. Aftur á móti held ég, að hann hafi ekki mótmælt hinu atriðinu. Það sanna í þessu efni er, að afurðalán til bænda út á birgðir sauðfjárafurða hafa á tveimur árum verið lækkuð úr 67% í 50—54%, eins og forstjórinn segir. En forstjórinn getur þess ekki í leiðinni, sem hefði þó vel mátt fylgja með, að jafnhliða hefur Seðlabankanum verið bannað að auka lánveitingar í heild út á landbúnaðarafurðir, og hefur því samdráttur afurðalána út á landbúnaðarafurðir orðið miklu meiri en greinir í þessari frásögn forstjóra Sambandsins, vegna þess að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur aukizt, en heildarfjárhæð út á þær hefur ekki mátt hækka.

En varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði að væri rangt frá skýrt, þ. e. a. s. lánin út á birgðir sjávarafurða, er það að segja, að Seðlabankinn mun endurkaupa sem svarar 50—54% út á sjávarafurðir, en viðskiptabankarnir hafa fyrir fasta reglu að bæta við afurðalánin frá sjálfum sér, og í langflestum tilfellum eru lánin út á sjávarafurðirnar mun meiri en 75%, enda segir forstjóri Sambandsins: a. m. k. 75%. Hér er því um laukrétta frásögn að ræða hjá forstjóranum, því að í mörgum dæmum eru þessi afurðalán vafalaust 90%. Það er því sízt of djúpt tekið í árinni. En þau afurðalán eru ekki öll frá Seðlabankanum. Það er bætt við í viðskiptabönkunum.

Hitt atriðið var, að forstjórinn hefði sagt, að ríkissjóður hafi skuldað vegna lögboðinna út-

flutningsuppbóta á kjöt 17 millj. 600 þús. kr. um áramótin. Þetta væri rangt, sagði hæstv. ráðh., því að þessar 17.6 millj. hefðu ekki verið fallnar í gjalddaga, sagði hann, vegna þess að þær hefðu ekki verið komnar á fjárlögin, — þær hefðu ekki verið komnar á fjárlögin. Þetta voru svör hæstv. landbrh., og þess vegna sagði hann, að forstjórinn hefði farið með ósannindi í þessari grein varðandi þessa skuld ríkissjóðs vegna lögboðinna útflutningsuppbóta á kjöt.

En hvað er nú hið rétta í þessu? Hið rétta í þessu er, að þessi fjárhæð var orðin skuld ríkissjóðs. Hún var gjaldfallin fyrir áramót. Samkvæmt lögum nr. 59 frá 1960 var hún gjaldfallin og þess vegna orðin skuld ríkissjóðs. Það skiptir engu máli í því sambandi, hvort fjárhæðin stóð á fjárlögum eða ekki, eins og ég skal sýna nánar fram á. En fyrst ætla ég að víkja aðeins að því, hvernig ákvæðið er um greiðslu útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Greinin, sem um þetta fjallar, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir á útflutningi landbúnaðarvara. En þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar. Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar."

Af þessu er algerlega ljóst, að þegar útflytjandi landbúnaðarvara hefur lagt fram fullnaðarreikning fyrir hverja sölu erlendis og hagstofan hefur farið yfir þann reikning og reiknað út þá fjárupphæð, sem framleiðendum ber að fá, þá er sú upphæð strax gjaldfallin og kræf úr ríkissjóði, án tillits til þess, hvort fé er þá fyrir hendi samkv. fjárlögum til að inna greiðsluna af hendi. Engin ríkisstj. getur skotið sér undan lögmæltum útgjöldum með því að vanrækja að setja fjárhæðina á fjárlög. Þetta ætti að vera hverju barni ljóst. En til þess að freista þess að gera hæstv. landbrh. þetta ljóst, ætla ég að lesa hér fyrir hann ofur lítinn kafla úr Íslenzkri stjórnlagafræði eftir Bjarna Benediktsson, útgefinni 1940, en þar segir svo í kaflanum um fjárlög, á bls. 52—53, með leyfi hæstv. forseta:

„Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að setning og efni fjárlaga er ólíkt því, sem um venjuleg lög gerist. Þar af hlýtur aftur á móti óhjákvæmilega að leiða, að venjulegum lögum má ekki breyta með fjárlögum. Ef svo væri, mundi boð stjórnarskrárinnar um þrjár umræður í hvorri deild um venjuleg lagafrumvörp að engu orðið og einu höfuðatriði stjórnarskrárinnar um setningu laga kippt í burtu. Af því skapaðist fullkominn glundroði og upplausn í störfum löggjafans. Þessi regla, að lögum verði ekki breytt með fjárlögum, sem áður var talin gilda og a. m. k. að nokkru leyti viðurkennd í framkvæmd af Alþingi, er því nú orðin augljós og óumdeilanleg. Skiptir engu máli í því efni, hvort um er að ræða tekjulög fyrir ríkissjóð, lög, er hafa útgjöld í för með sér, eða önnur lög, enda eru þau ærið mörg lögin, sem einhver útgjöld stafa af. Skilja verður ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar um, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, í samræmi við þetta á þann veg, að þar með sé einungis átt við ólögboðin gjöld, því að" — og þessu bið ég hæstv. landbrh. að taka vel eftir — „því að lögboðin gjöld verður að greiða, þótt þeirra sé eigi getið í fjárlögum."

Sem sé, það er ekki hægt að komast hjá því að greiða lögboðin útgjöld með því að sleppa því að taka útgjöldin á fjárlög, og þess vegna er það bara fjarstæða, sem hæstv. landbrh. segir um þetta mál, algerlega gripið úr lausu lofti og fullkomið frumhlaup af hans hendi í garð forstjóra Sambandsins, sem á hér ekki sæti og getur því ekki svarað fyrir sig. Á þetta við um allt það, sem hann sagði um þessi efni í gær, bæði atriði þessa máls, og ætti hann að biðja forstjóra Sambandsins afsökunar.

Jónas Pétursson: Hæstv. forseti. Á s. l. vetri, við útvarpsumr. hér á Alþingi, gaf ég þá yfirlýsingu með leyfi ríkisstj., að hún mundi beita sér fyrir því, að hluta af víxilskuldum bænda yrði breytt í föst lán til langs tíma með hagstæðum vaxtakjörum. Í framhaldi af því var farið að vinna að löggjöf um þetta efni. Í júlímánuði s. l. voru svo gefin út brbl. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, sem hér eru nú til 2. umr. til staðfestingar. Þar er málið tekið mun fastari tökum en fólst í þeirri yfirlýsingu, sem upphaflega var gefin, þar sem veðdeild Búnaðarbankans er aðili málsins og þar með gert mögulegt að breyta í föst lán ekki einasta víxilskuldum bænda eða hlutum þeirra, heldur meginhluta allra lausaskulda þeirra, auðvitað að því tilskildu, að þeir hafi veð að setja fyrir lánunum. Ég vil minna á þetta hér, ef menn vildu bera saman það, sem við gætum kallað framkvæmd og fyrirheit.

Hv. þm. Ásgeir Bjarnason var við útvarpsumr. frá Alþingi fyrr í vetur að beina skeytum að mér út af þessu máli. Hann vitnaði þá í þessa yfirlýsingu, er ég gaf s. l. vetur með leyfi ríkisstj., og dró svo þá ályktun af því, að Jónas Pétursson teldi 8% vexti mjög hagstæða fyrir bændur. Þessi túlkun hans kom mér ekkert á óvart, því að hún er ákaflega táknræn fyrir málflutning framsóknarmanna yfirleitt, þann að rangsnúa ummælum andstæðinga.

Það voru þrjú atriði, sem hafa þurfti í huga við framkvæmd þessa máls. Það fyrsta, að sem mestum hluta lausaskuldanna yrði breytt í föst lán, annað, að lánstíminn yrði viðhlítandi langur, og þriðja, að vextirnir yrðu sem hagstæðastir. Í brbl. eru vextirnir ekki ákveðnir, heldur svo fyrir mælt, að stjórn sjóðsins ákveði vextina með samþykki ráðh. En ég vil leggja á það mjög mikla áherzlu, að allir þessir þrír höfuðþættir eru óvefengjanlega samtengdir. Ég tel þessa löggjöf í heild mjög mikilsverða og veit, að hún verður þeim bændum, sem fá skuldum sínum breytt eftir henni, að mjög miklu liði og bjargar í mörgum tilfellum frá algeru strandi. Um þetta vitnar líka ótvírætt áhugi þeirra bænda, sem laganna munu njóta, fyrir því, að málið gangi sem fyrst fram, en við

þann áhuga hef ég m. a. mjög orðið var. Þeir skilja, að svo mikilvægir sem vextirnir eru, þá er hitt ekki síður mikilvægt, að sem mest af lausaskuldunum falli undir þessa breytingu og að lánstíminn sé langur.

Þeir, sem unnið hafa að mótun og framkvæmd þessara mála, hafa unnið mikið starf. Það er ekki einfalt mál að breyta lausaskuldum þúsund aðila eða svo víðs vegar að af landinu í föst lán í einni stofnun, þar sem segja má, að þessar skuldir séu kvíslaðar um allt viðskiptalífið, og hafa ber það einnig í huga og gleyma sízt, að hér var aðeins um skuldabreytingu að ræða, ekki nýtt fé í umferð. Hæstv. landbrh. á að mínu viti sannarlega þakkir skilið fyrir farsælt starf við lausn þessa máls.

Framsóknarmenn eru sífellt að tala um hollustu sína við landbúnaðinn og bændur. Á Austurlandi, í Múlasýslum hafa þeir haft öll ráð, öll völd í sínum höndum um aldarfjórðungsskeið a. m. k. Það mætti því ætla, að þar væri velmegun bænda einna mest á Íslandi. En hverjar eru þá staðreyndirnar? Ja, þær eru, að á Austurlandi eru bændur einna tekjulægstir á landinu. Þar eru búin of lítil, bændur eru með miklar lausaskuldir. Úr Suður-Múlasýslu, þessu ríki sjálfs Eysteins Jónssonar, hafa, að því er ég bezt veit, 28% bænda sótt um lán til þess að breyta lausaskuldum. Í engum landshluta mun hafa verið jafnmikil nauðsyn að létta lausaskuldir bænda sem einmitt á Austurlandi. Þar hefur til þessa bústofninn verið að mestu leyti sauðfé, en alla þá tíð, sem það verðlagskerfi hefur gilt, sem við nú búum við, hefur verið hallað á sauðfjárbændurna í verðlagningunni.

Þessar lausaskuldir bænda, sem nú er verið að breyta, hafa myndazt á undanförnu fimm ára skeiði. Lítið af þeim er myndað á valdatíma núv. ríkisstj., þar sem það nær aðeins yfir um það bil ⅙ af þessu tímabili. Mestar eru þær frá valdatíma vinstri stjórnarinnar, frá velmektarárum Eysteins og Lúðvíks.

Hv. 1. þm. Austf. var hér í gær og einnig í ræðu sinni nú áðan að þakka framsóknarmönnum, að samkomulag hefði náðst við bankana um að taka skuldabréfin á nafnverði. Ja, flest má nú bjóða mönnum. Ég held, að flestir viti, að framsóknarmenn með Eystein Jónsson í broddi fylkingar gerðu það, sem þeir gátu, til að torvelda og koma í veg fyrir, að þessir samningar tækjust við bankana. Svona virðast þá heilindin vera á stundum. Mér finnst því miður oft sá svipur á framkomu og afstöðu framsóknarmanna til ýmissa mála hér, að ég tel hann ekki æskilegan, og ég vildi í fullri vinsemd og fullri alvöru beina því til þeirra, að þeir breyttu um þennan svip, þannig að það mætti ekki virðast, að þeir væru að þvælast fyrir þeim málum, sem hæstv. landbrh. er að vinna að fyrir landbúnaðinn og bændurna í landinu. Það væri betra fyrir þá að taka sér fremur til fyrirmyndar hv. flokksbróður sinn, þingmanninn Björn Pálsson. Hann er á móti því, sem hann er á móti, en viðurkennir það, sem vel er gert.

Gunnar Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að ráði, en ég kann þó ekki við, að þær líði svo, að ég færi ekki hæstv. landbrh. þakkir fyrir að hafa beitt sér fyrir mikilvægri aðstoð bændum til handa, þeirri aðstoð, sem felst í brbl. frá 15. júlí í sumar um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, sem eru nú hér til umr. í deildinni. Það er e. t. v. til of mikils mælzt, en þó hefði mér ekki þótt ótilhlýðilegt, að einhver þakkarorð hefðu fallið í garð hæstv. ráðh. í ræðum þeirra framsóknarmanna, sem hér hafa talað. Ég segi þetta af því, að þessir menn láta ætíð svo, að þeir séu hinir einu sönnu og réttu málsvarar bændastéttarinnar. Það mætti því ætla, að þeir gleddust yfir þeirri aðstoð, sem bændum er veitt með þessum lögum. En það er nú eitthvað annað. Ræður þeirra eru fullar af gremju, og þeir hafa allt á hornum sér, og jafnvel jafnhógvær maður og sanngjarn sem hv. 2. þm. Sunnl. er getur ekki stillt sig um að ráðast á hæstv. landbrh. með miður fallegu orðbragði og notar að vopnum ómerkar ófrægingarsögur um ráðh., sem birtast í Tímanum. Ekki eru þau vopn bitmikil. Og ég er alveg viss um, að hv. 2. þm. Sunnl. sannfærist um það m. a. af forgöngu hæstv. landbrh. í því máli, sem hér er til umr., að það er með öllu ómaklegt að gefa í skyn, svo sem þessi hv. þm. gerði í ræðu sinni hér í gær, að afstaða hæstv. landbrh. til bændanna og þeirra málefna mótist af óefndum loforðum. Ég held líka, að þessi hv. þm. hafi séð strax eftir þessum ummælum sínum, því að hann gat þess rétt á eftir, að hann vissi vel, að hæstv. landbrh. vildi bændum vel, og það er það, sem ég veit að hv. 2. þm. Sunnl. meinar. Það veit ég af minni góðu kynningu við hann.

Ein brtt., sem hv. minni hl. fjhn. flytur á þskj. 133, er um að skylda Seðlabankann til þess að kaupa bankavaxtabréfin. Þegar nú er upplýst, að samið hefur verið við Seðlabankann um það, að hann taki þessi bréf, þá er vitaskuld eðlilegast, að þessi brtt. verði tekin til baka og komi ekki til atkv. hér í þinginu. Mér finnst það hreint og beint vera móðgun við þessa stofnun, Seðlabankann, ef við samþykkjum, að hann verði skyldaður til þess að taka bréfin, eftir að við hann hefur verið samið.

Þá heimtar hv. 1. þm. Norðurl. v., að umsóknarfrestur um lánin verði framlengdur. Ég get ekki neitað því, að ég er dálítið hissa á þessu. Þessi hv. þm. stóð hér upp í deildinni á þriðjudaginn var og kvaddi sér hljóðs utan dagskrár og býsnaðist yfir þeim drætti, sem væri orðinn á því, að brbl. yrðu afgreidd í þinginu og bændur fengju þessi lán. Ég fæ ekki betur séð, ef farið væri nú eftir óskum þessa hv. þm., en að það mundi tefja um langan tíma, að bændur fengju þessi lán. Og ég sé heldur enga ástæðu til þess að framlengja umsóknarfrestinn. Bændur, sem töldu sig þurfa á þeirri aðstoð að halda, sem í brbl. felst, höfðu óneitanlega nægan tíma til þess að sækja um þessi lán og skila umsóknum sínum og plöggum til veðdeildar Búnaðarbankans. Og það verður að líta svo á, að það hafi þeir gert, sem töldu sig í þörf fyrir lánin.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. og einnig hv. 1. þm. Austf. töldu raunar, að brbl. væru þannig úr garði gerð, að ýmsir bændur hefðu ekki talið

þau sér að gagni koma, og þess vegna ekki sótt um lánin. Ég held nú, að hv. 1. þm. Austf. hafi átt gott ráð í fórum sínum til þess að ráðleggja bændum í þessum efnum. Hann þurfti ekki annað en skrifa grein í Tímann og segja sem svo: Jú, þessi brbl. Ingólfs Jónssonar eru ekki mikils virði. En bændur góðir, blessaðir sækið þið um lánin. Hin viturlega og skelegga stjórnarandstaða mín tryggir það, að frá þessum málum verður gengið þannig, að þið megið vel við una. — En þetta gerði ekki þessi hv. þm. Hvers vegna gerði hann það ekki? E. t. v. hefur hann ekki haft tíma til þess. Við vissum það vel allir, að þessi hv. þm. hafði í mörgu að snúast á s. l. sumri, en sjálfsagt hefði hann getað tekið sér einhverja stund frá öllu verkfallabröltinu til þess að ráðleggja bændum heilt í þessum efnum.

Eins og ég sagði, hlýt ég að líta svo á, að þeir, sem á þessum lánum hafa þurft að halda, hafi sótt um þau. Og nú fá bændur þessi lán, og það er það, sem við hljótum öll að fagna. Og þeir framsóknarmenn ættu að fagna því líka. Það er með öllu óhugsandi fyrir þá að nota þetta mál til árása á hæstv. landbrh. Honum er afgreiðsla málsins til sóma, en e. t. v. er það nú það, sem gremjunni veldur.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál mikið og af misjafnlega mikilli sanngirni. Það var gamall siður á Íslandi að bjóða gestum inn, og gestrisnin hefur verið eitt af aðalsmerkjum íslenzku þjóðarinnar. Eitt af menningarmálum hennar, sem alltaf hefur verið við lýði, er gestrisnin, og börnunum var strax kennt að þakka fyrir góðgerðirnar. Ef þau gerðu það ekki, var litið svo á, að þau kynnu enga mannasiði. Það er enn fremur venja, ef einhverjum er gerður greiði, að hann þakki fyrir það. Í stjórnmálunum er þessu hagað á nokkuð annan veg. Þar reynir hver að hæla sjálfum sér og sínum flokki og gera lítið úr andstæðingunum. Ég er í vafa um, að stjórnmálaflokkarnir vinni mikið við þetta. Það er vafasamt að „verma sitt hræ við annarra eld og eigna sér bráð, sem af hinum var felld", og í heildinni held ég, að það verði drýgst að unna bæði einstaklingum og andstöðuflokkum sannmælis, viðurkenna það, sem vel er gert, en deila á það, sem ástæða er til að deila á. Þá verði meira mark tekið á því, sem blöð og flokksforustumenn segja.

Ég skal játa, að þegar ég las þetta frv. fyrst, fannst mér það ófullkomið, og það er það. Það var ekki neitt tekið fram um það í þessu frv., að hægt væri að losna við bréfin, og vitað var, að ef það yrði ekki tryggt á einhvern hátt, kæmu lánin að tiltölulega litlu gagni. Það var enn fremur ekkert talað um vexti, og fleiri atriði voru óljós í þessu frv. Segja má, að með reglugerðarákvæðum hefði mikið mátt laga þetta. Í framsöguræðu virtist það koma fram hjá landbrh., að hann gerði ekki ráð fyrir því, að það væri fullkomlega tryggt, að hægt væri að losna við bréfin. Og ég held, að á því stigi hafi það alls ekki verið. Þetta leiddi til þess, að ýmsir bændur litu svo á, að það væri ekki til neins fyrir þá að sækja um lán. Þegar þeir töluðu við þá, sem stjórnuðu sparisjóðum og kaupfélögum, þá vissi ég, að sumir þeirra fengu þau svör, að það kæmi ekki til mála, að bréfin væru tekin, nema það væri tryggt, að bankarnir tækju þau. Ég bendi á þetta atriði vegna þess, að af þessari ástæðu er það dálítið ósanngjarnt að gefa ekki bændum kost á því að sækja um lán, eftir að lögin hafa verið endanlega samþykkt og það liggur fyrir, að nú er nokkurn veginn tryggt, að hægt verður að losna við bréfin. Það er ranglátt, vegna þess að þetta var ekki tekið fram í lögunum í byrjun og mönnum voru ekki einu sinni gefin nein loforð um það, það var aðeins sagt um þær skuldir, sem væru við Búnaðarbankann og Landsbankann, beinar skuldir, þau mundu verða tekin þar, en ekki hjá öðrum. Þetta hlýtur landbrh. að vita. Hitt skal ég játa, að mikið hefur áunnizt, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að landbrh. hefur orðið að hafa mikið fyrir þessu, og það er ekki nema sjálfsagt að þakka það og meta, sem vel er gert. Og ég vil enn fremur þakka þeim mönnum innan stjórnarliðsins, sem mest hafa að þessu unnið, því að vitanlega hefur landbrh. ekki róið þar einn á báti. Og það er rétt einnig að meta það við þá menn, sem hafa lítilla hagsmuna að gæta, bæði hvað atkvæði snertir og aðstöðu þeirra í atvinnulífinu, að þeir hafa fallizt á þessa lausn, því að þetta er meira en lítill greiði við bændur. Það hafa verið gerðar tvær kreppuráðstafanir, bæði gagnvart útgerðarmönnum og bændum. Það var talað um viðreisnarskuldir hér í gær. Það er nokkuð mikið sannmæli í því, þegar talað er um viðreisnarskuldir, því að talsvert mikið af þeim skuldum, sem þegar hafa lent í þessum kreppuráðstöfunum, hefur myndazt vegna aðgerða efnahagsráðstafananna. En þetta er aðeins byrjunin, þær eiga mikið eftir að aukast enn, viðreisnarskuldirnar, og verða erfiðar viðfangs.

Ég áleit, að það hefði verið of langt gengið í þessum ráðstöfunum strax í byrjun. Ég hélt ekki öðru fram en því, sem ég meinti í því efni. Landbrh. lét að því liggja í gær, að núv. ríkisstj. hefði ekki fellt gengið, heldur sú fyrrv. En þetta er ekki rétt. Í þeim tveimur gengisfellingum, sem verið hafa gerðar, lætur nærri, að gengið hafi verið fellt um 40%. Þetta þýðir það, að þeir ríkari í þjóðfélaginu hafa grætt, en þeir fátækari hafa tapað. Ofan á þessar gengislækkanir bætist svo vaxtahækkunin, og þó skal ég játa, að vaxtahækkunin var ekki nærri eins hættuleg eða skaðleg fyrir efnahagskerfið og gengislækkanir. Við hljótum því að játa, þegar litið er til þess, að þetta eru einhver tvö beztu ár, sem komið hafa yfir atvinnulífið, þá hlýtur eitthvað að hafa verið athugavert við viðreisnina, því að ekkert neyðarástand ríkti áður, það vitum við vel, þó að það næðist ekki samkomulag í vinstri stjórninni um að leysa vandamálin. Það þurfti ekkert annað að gera en að taka vísitöluspóluna úr gangi. Ef vinstri stjórnin hefði getað komið sér saman um það, þá hefði hún getað setið enn. Annað þurfti ekki að gera.

S. l. ár hefur verið sérstaklega gott fyrir sjávarútveginn, sem skapar aðalgjaldeyristekjurnar, og ástæðan fyrir því er m. a. sú, að tæknin hefur aukizt stórkostlega. Síldarleitar-

tækin hafa skapað mikinn afla, og fiskaflinn hefur orðið miklu meiri vegna landhelginnar. Undirstaðan að þeirri velgengni er ráðstafanirnar um útfærslu landhelginnar. Núv. stjórn hefur verið heppin, a. m. k. s. l. ár, og það á hún að nokkru leyti þeirri stjórn, sem sat á undan henni, að þakka. Það er þannig, að uppskeran kemur á eftir sáningunni.

Ég held, að bændur hafi ekki undan þessari lausn að kvarta viðvíkjandi því að afsetja skuldabréfin. Ég hef kynnzt ofur lítið skuldabréfaverzluninni hér í bænum, og hún er fyrir neðan allar hellur. Það er þannig með samvinnubyggingarfélögin, að þau fá ríkistryggð skuldabréf, handhafaskuldabréf, sem nemur eitthvað 730 kr. fyrir hvern rúmmetra í íbúð. Þetta eru miklir peningar, og væri mikil hjálp, ef hægt væri að losna við þessi bréf. En það er nú eitthvað annað. Þau hafa gengið manna á milli frá 60—70%. Ég hef ekki kynnzt þessu verzlunarkerfi fyrr en nú í vetur. Og ég undrast, að fólkið skuli geta sætt sig við þessa lausn á þessum málum. Gangurinn er þannig, að þeir, sem hafa peninga, kaupa skuldabréf með stórum afslætti, þannig að ofan á gengislækkanirnar og háa vexti neyðist fólkið til að selja þessi handhafaskuldabréf með 30—40% afslætti. Og ég furða mig á því, að fulltrúar Reykjavíkurbæjar skuli ekki hafa gert meira en þeir hafa gert til þess að tryggja sölu á þessum bréfum á einhvern hátt, því að þarna er fólkinu beinlínis fleygt í fangið á okrurunum. Ég álít, að þetta ástand sé algerlega óviðunandi, og væri miklu skynsamlegra og mannlegra af ríkinu að lækka lánsupphæðina, en tryggja það, að hægt sé að selja skuldabréfin. Svo er braskað með þetta með ótal milliliðum, í mörgum tilfellum sennilega í gegnum lögfræðinga, og allir græða nema þeir, sem eru að byggja. Ég tel, að ekki sé réttilega búið að þessu fólki. Og ég held, að Framsfl., ef aðrir flokkar vilja ekki aðstoða hann við það, ætti að gera þetta að baráttumáli, því að þetta er réttlætismál, hvað sem öllu öðru líður, og við höfum alltaf elskað bæði vizkuna og réttlætið, framsóknarmennirnir, eins og þið vitið allir.

Annað atriðið, sem ég ætlaði að minnast á, er viðvíkjandi vöxtum af þessum lánum. Það hefur komið fram í umr., að þeir eigi að vera 8%. Ég skal játa, að þetta eru nokkuð háir vextir, og það er villandi að halda, að viðkomandi aðili fái þetta endurgreitt í afurðaverðinu, því að eins og ég sýndi fram á í grein, sem ég skrifaði í vetur, þá eru það þeir, sem lítið skulda, sem græða á þessu, en ekki þeir, sem mikið skulda, því að allir fá sama verð fyrir afurðirnar, og þess vegna verða teknir meðaltalsvextir hjá bændum yfirleitt, þannig að þeir, sem borga háa vexti og skulda mikið, fá ekki nema lítið brot af því, sem þeir í raun og veru verða að borga, en þeir, sem skulda lítið og hafa hagstæða vexti, þeir njóta þess, að aðrir skulda mikið og hafa háa vexti, svo að þetta kemur engan veginn réttlátlega niður, þó að kannske byrðin komi að einhverju leyti á neytendur landsins, það er ekki nein afsökun. En það má vel vera, og ég get vel fallizt á, að það sé óþægilegt fyrir stjórnarflokkana, eins og sakir standa, að hafa vextina lægri, vegna þess að erfiðara verði að losna við bréfin. Það álít ég vera fyrir öllu. En þó að það verði ekki ástæða til þess eða þeir þykist ekki geta núna haft vextina lægri, þá vildi ég leyfa mér að benda hæstv. landbrh. á það, hvort það mundi ekki vera vegur, — af því að ég geri ekki ráð fyrir, að okkar brtt. verði samþ., því að við eigum því ekki að venjast, — hvort það mundi ekki vera vegur að búa skuldabréfin þannig út, að það væri tekið fram, að ef vextir lækkuðu almennt, þá lækkuðu þessir vextir hliðstætt öðrum vöxtum. Ef það yrði gert, þá teldi ég það vera mikið til bóta. Ég satt að segja hef þá trú, að þegar líður að kosningum, muni hæstv. ríkisstj. lækka vextina, því að það er oftast nær þannig, að þegar kosningaskrekkurinn kemur í menn, þá verða þeir liprari og líta meira á hag kjósendanna en rétt eftir kosningarnar, og þá vafalaust munu þeir halda því fram, að viðreisnin sé búin að gera svo mikið gagn, að það sé hægt að lækka vextina, og það er í sjálfu sér alveg aukaatriði og mannlegt, þó að þeir haldi því kannske fram. Aðalatriðið er það, ef væri hægt að framkvæma einhverja vaxtalækkun.

Ég efast ekki um, að landbrh. vill fylgja þessu eftir, eins og hann getur, og ég hef aldrei efazt um það, að hann hafi viljað leysa þetta mál á eins hagkvæman hátt og hægt hefur verið. En það er náttúrlega við ramman reip að draga í mörgu tilfelli, og hefur vafalaust verið þannig ástatt hjá hæstv. landbrh. En það eru þessi tvö atriði, sem væri hægt í framkvæmdinni að taka til greina: Það væri að gefa mönnum kost á því núna, eftir að búið er að ganga endanlega frá þessum málum, að sækja um lán. Það er aukaatriði í því tilfelli, hvort blöðin hafa rekið áróður eða ekki með eða móti þessu, það má ekki láta einstaka bændur uppi í sveitum gjalda þess, hvað blöðin eru að segja, því að þeir ráða hreint engu um það, hvað skrifað er í þessi blöð, og það er algerlega ranglátt að láta þá gjalda þess, hvort blöðin hafa hvatt þá til þess að sækja um lán eða ekki, og þetta er sanngirnismál. Og í öðru lagi að hafa vextina ekki þannig bindandi, að þeir lækki ekki, ef aðrir vextir lækka. Ég er ekki í vafa um, að þrátt fyrir það, þó að megi eitthvað að þessu finna og við vildum kannske hafa þetta eitthvað fullkomnara og betra, þá er þetta stórhjálp fyrir íslenzka bændur og ekki nema sjálfsagt að meta það á réttan hátt. Ég veit, að einstaka menn hefðu neyðzt til að hætta að búa, ef þessi fyrirgreiðsla hefði ekki fengizt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að vera langorður. Það, sem fram hefur komið hér, er ekki þannig vaxið margt af því, að það þurfi miklu að svara.

Hv. síðasti ræðumaður vildi vera sanngjarn í sínum málflutningi, eins og hann er oftast, og er rétt að taka til athugunar nokkuð af því, sem hann var að segja.

Hv. þm. talaði um, að það hafi ekki upphaflega verið tryggt, að bréfin yrðu tekin, og þess vegna hafi margir bændur ekki sótt um lánin. Það má segja, á meðan ekki var búið að fá sam-

komulag við bankana um að kaupa bréfin, að þetta væri ekki tryggt. Eigi að síður finnst mér, að bændur hefðu ekki átt að láta það verða til þess, að þeir sæktu ekki um þessa fyrirgreiðslu, því að kostnaðurinn og fyrirhöfnin, sem af því leiddi, eru ekki svo mikil, að það hefði hver maður átt að gera, sem taldi sig hafa þörf á fyrirgreiðslunni, enda þótt það væri ekki alveg öruggt 100%, að fyrirgreiðslan væri fyrir hendi. Og með því að 1200—1300 bændur hafa sótt um fyrirgreiðsluna, þá virðist mér, að það sanni, að menn hafi haft þennan skilning á málinu, og ég tel, að það sé ekki eðlilegt og réttmætt að tefja málið nú á ný með því að fara að auglýsa nýjan umsóknarfrest.

Það ættu margir að muna eftir því, sem sagt var um þessi mál í haust. Það var alltaf frá stjórnarinnar hendi, og ég veit, að ef flett er upp í ræðum eftir mig, að þá má finna þar þau orð eða þann skilning, að það hafi alltaf verið ætlun ríkisstj. að láta lögin koma að gagni, og áreiðanlega stendur það einhvers staðar skrifað eftir mér, að sparisjóðirnir geti á engan hátt tekið á sig vaxtatapið, sem af því leiðir að taka bréfin í staðinn fyrir víxla og skuldir, sem með þeim voru. Og einmitt vegna þessarar fullyrðingar hlýtur að vera eðlilegt að draga þá ályktun, þrátt fyrir það, sem hv. 1. þm. Austf. vildi halda fram hér áðan, að það hafi alltaf verið ætlun ríkisstj. og ákveðinn vilji að fá Seðlabankann til þess að gera sparisjóðunum fært að taka bréfin, því að það hefur aldrei farið á milli mála, að sparisjóðir geta ekki tekið á sig 2% vaxtatap, eins og hér er um að ræða. Það hefur heldur aldrei staðið til og alveg útilokað, að nokkrum hafi dottið það í hug, að bændurnir sjálfir tækju að sér að semja um þessi mál við banka og lánardrottna.

Hv. 1. þm. Austf. las hér upp ræðupóst áðan, sem ég hafði flutt í haust, og hann taldi, að með því gæti hann sannað, að það hafi ekki verið ætlun ríkisstj. frá upphafi að gera bréfin gjaldgeng. Sannleikurinn er, að einmitt það, sem hann las upp, staðfestir það, sem ég sagði hér í gær og allir vita að það var í fyrstunni aðeins samið við ríkisbankana um, að þeir tækju bréf vegna víxla, sem þeir hefðu keypt af bændum. Hinu var frestað, vegna þess að það var talið eðlilegt að bíða eftir því að sjá, hversu upphæðin væri há, sem þyrfti að semja um, og það lá ekki fyllilega fyrir fyrr en um miðjan janúar s. l., en þá byrjuðu samningar við bankana, sem enduðu á þann hátt, sem lýst hefur verið.

Ég fyrirgef hv. 5. þm. Norðurl. v., þótt hann talaði hér um viðreisnarskuldir, þótt hann vildi gefa í skyn, að þær lausaskuldir, sem bændur telja sér nú nauðsyn á að breyta, hefðu skapazt síðustu tvö árin, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Sannleikurinn er sá, að með lögunum er ætlazt til að breyta lausaskuldum, sem skapazt hafa fimm síðustu árin, og mér er kunnugt um, að þær eru ekki síður frá árunum 1957 og 1958, þessar lausaskuldir, heldur en frá árunum 1959, 1960 og 1961. Hv. þm. hefði því haldið eins góða ræðu fyrir sinn málstað, þótt hann hefði sleppt þessari fullyrðingu, sem er tæplega samboðin öðru því, sem hann sagði.

Þá talaði hv. 5. þm. Norðurl. v. um, að tvær gengisfellingar, sem gerðar hefðu verið, 1960 og svo aftur 1961, þær hefði núv. ríkisstj. framkvæmt. Það er rétt. Núv. ríkisstj. stuðlaði að því, að gengisskráningin færi fram. En þegar hv. þm. eru að tala illa um gengisfellinguna, þá er eðlilegt, að þeir séu spurðir að því, hvort gengið sé rangt skráð í dag. Búum við við rangt gengi í dag? Er krónan rangt skráð? Ef ekki er hægt að svara þessu neitandi, þá eru þeir menn, sem halda því fram, að gengisfellingin hafi verið ranglát ráðstöfun, að halda því fram, að við eigum að búa við falskt gengi. En hver vill játa, að það sé eðlilegt, að þjóðin búi við falskt gengi? Ég minnist þess 1950, þegar gengisskráningin var gerð þá, að þá töldu hv. framsóknarmenn alveg fráleitt að búa við falskt gengi. Þá voru þeir í ríkisstj. með sjálfstæðismönnum og töldu sjálfsagt og nauðsynlegt að skrá krónuna á því verðgildi, sem hún raunverulega hafði. Og það, sem gert var 1960, var að skrá krónuna á því verði, sem hún raunverulega hafði eftir útreikningum og mati hinna sérfróðustu manna. Og á s. l. sumri var það Seðlabankinn og sérfræðingar hans, sem gerðu tillögu um gengisskráninguna, eins og hún nú er. Ef hv. þm., sem tala um böl gengislækkunarinnar, sem tala um, að það hafi ekki verið rétt að skrá gengið eins og gert var, telja, að krónan sé raunverulega ekki of lágt skráð, þá er það þeirra meining, að það hefði átt að búa við falskt gengi, eins og reyndar hafði verið gert um nokkurn tíma áður. Og ég held, að ég geti ekki að því gert að endurtaka það, sem ég sagði hér í gær, að krónan var raunverulega fallin, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. talaði um, að það væri rangt, að bændur fengju alla vextina endurgreidda í verðinu. Ég held, að það hafi enginn fullyrt, að bændur fái alla vextina endurgreidda í verðinu. En hitt hljóta þeir menn, sem vita, hvernig verðlagningin er upp byggð, að viðurkenna, að bændur fá verulegan hluta af vöxtunum endurgreiddan gegnum verðlagninguna. Og einmitt vegna þess, að skuldirnar eru teknar til greina í verðlagningunni og ekkert deilt um það, hvað greiddir vextir eru miklir, þá hlýtur það að vera, að talsverður hluti af vöxtunum komi inn í verðið. Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, að bændur skulda misjafnlega mikið, og vegna þess að þeir skulda misjafnlega mikið og sumir kannske ekkert, þá er ekki rétt að segja, að allir vextirnir verði endurgreiddir. En það væri þó miklu ranglátara að segja, að það kæmi ekkert af þeim til baka. Og einmitt vegna þess að við vitum, að það kemur talsvert af þeim til baka í gegnum verðið, þá getum við verið sammála um það, að bændur í þessu tilfelli greiða ekki hærri vexti en sjávarútveginum er gert að greiða í sambandi við lögin um stofnlánadeildina. Og það væri eðlilegt, að spurt væri að því: Hefði verið heppilegra fyrir bændur, að vextirnir væru lægri á skuldabréfunum og lánstíminn styttri, t. d. 10—15 ár, eins og sjávarútvegurinn fékk, — því að það munu ekki hafa verið lengri lán hjá sjávarútveginum í sambandi við breytingu á lausaskuldum hans en 10—15 ár, — hefði verið heppilegra að hafa það aðeins 10—15 ára lán

og lægri vexti heldur en hafa það 20 ára lán? Ég held ekki. Ég held, að það sé hagkvæmt fyrir bændur, að lánstíminn sé sem lengstur. Í öðru lagi væri eðlilegt að spyrja: Væri heppilegra fyrir bændur, að vextirnir væru lægri, en fyrirgreiðslan minni, þannig að eftir að búið er að framkvæma þessi lög, þá sætu bændur uppi með talsverðan hluta af lausaskuldum eftir sem áður, eins og sagt er að útgerðin geri núna, eftir að búið er að framkvæma lögin um stofnlánadeildina? Ég held ekki. En einmitt eins og lögin eru, er gert ráð fyrir, að bændur geti, þeir sem hafa sótt um lánin, losnað við lausaskuldirnar í ríkari mæli en útgerðin hefur gert.

Hv. 1. þm. Austf. las hér upp kafla úr ræðu, sem ég hélt í haust við 1. umr. þessa máls, og vildi með því reyna að sanna, að það hafi aldrei verið ætlunin að taka upp samninga við bankana og gera bréfin gjaldgeng. En eins og ég sagði áðan, um leið og við viðurkennum, að sparisjóðirnir geti alls ekki tekið á sig vaxtahallann, þá stenzt ekki þessi fullyrðing, sem hv. 1. þm. Austf. las upp, *enda er hvergi* að finna í ræðu minni neitt um það, að ríkisstj. ætli sér ekki að gera þetta. Það er hvergi að finna orð um það, og þess vegna hefði hv. þm. getað sparað sér að lesa upp ræðukaflann, sem hann gerði áðan.

Hv. þm. *vildi enn þakka framsóknarmönnum* fyrir það, að nú er málið komið í gott horf. Hv. 5. þm. Norðurl. v. vildi hins vegar þakka allt öðrum fyrir það. Og við skulum láta hv. þingheim skera úr um það, hvor þeirra flokksbræðranna er líklegri til þess að fara með rétt *mál í þessu efni, og get ég látið útrætt um* það atriði með því.

Að lokum reyndi hv. 1. þm. Austf. að verja grein, sem birtist í Tímanum fyrir nokkru, þar sem vitnað var í forstjóra SÍS, að forstjóri SÍS á að hafa sagt, — ég hef ekki séð Samvinnuna, en ég hef lesið greinina í Tímanum, — að afurðalán til sjávarútvegsins væru a. m. k. 75%, en til landbúnaðarins aðeins 50 eða 54%, og hv. 1. þm. Austf. reyndi að halda því fram, að forstjórinn hefði farið með rétt mál með þessari fullyrðingu. Að vísu reyndi hv. þm. að draga í land með því að segja, að þessi 75% væru ekki frá Seðlabankanum, heldur aðeins 55%, hitt væri frá viðskiptabönkunum. Afurðalánin eru frá Seðlabankanum, á 7% vöxtum, en lánin frá viðskiptabönkunum eru, eins og kunnugt er, á hærri vöxtum. Hvers vegna er verið að reyna að blekkja í þessu máli? Hvers vegna er verið að reyna að halda því fram, að landbúnaðurinn eigi engan aðgang að viðskiptabönkunum? Landbúnaður og sjávarútvegur fá svipaðar prósentur hjá Seðlabankanum út á afurðir. Báðir þessir atvinnuvegir verða að leita til viðskiptabankanna, og mér er kunnugt um það, að landbúnaðurinn fær lán hjá viðskiptabönkunum, og ég veit, að hv. 1. þm. Austf. veit af þessu líka. Ég veit t. d. um eitt stórt félag, líklega stærsta samvinnufélag landsins, það hefur aldrei borgað betur út á afurðir en í haust, enda þótt það sé rétt, að afurðalán frá Seðlabankanum hafi lækkað nokkuð síðustu tvö árin, bæði út á landbúnaðarafurðir og sjávarútveg. En viðskiptabankarnir lána líka nokkuð þeim, sem fást við afurðasölu landbúnaðarins, og við skulum ekki alltaf vera að þessum metingi á milli landbúnaðar og sjávarútvegs. Við skulum vera sammála um það, að þessir atvinnuvegir báðir eru nauðsynlegir og þurfa að fá þá fyrirgreiðslu í bönkunum, sem nauðsynleg er, til þess að atvinnurekstrinn bíði ekki hnekki. Þá er það skuldin, sem hv. 1. þm. Austf. talaði um hér áðan, 17.6 millj. kr., sem ríkissjóður skuldaði út á útflutningsuppbætur árið sem leið. Og hv. 1. þm. Austf. talaði hér eins og hann væri orðinn einhver lögspekingur, vitnaði í rit eftir Bjarna Benediktsson, sem kom þessu máli ekkert við og staðfesti ekkert af því, sem hann hélt fram. En ég vil upplýsa hv. 1. þm. Austf. um, að það voru lögfróðir menn, að það voru meira að segja menn, sem hann gæti haft aðgang að, sem úrskurðuðu það fyrir jólin, hvort þessi skuld væri gjaldfallin, og það var úrskurðað, að hún væri ekki gjaldfallin, vegna þess að þetta væri út á útfluttar afurðir, sem tilheyra þessu verðlagsári, verðlagsárinu, sem byrjaði 1. sept. 1961 *og endar* 31. ágúst 1962. Ef ríkissjóður hefði átt eftir að greiða útflutningsuppbætur á afurðir frá verðlagsárinu 1960—61, þá var það gjaldfallið. Hv. þm. las hér upp lögin, sem ákveða, að útflutningsuppbætur skuli greiddar. Það er hvergi talað þar um gjalddaga. Það er *aðeins talað um, að hagstofan reikni út*, hversu háa upphæð beri að greiða á útfluttar afurðir til þess að ná fullu verði, en gjalddaginn er ekki neinn, og ég verð að segja það, að ég var dálítið undrandi, að forstjóri SÍS, — því að það er vist hann, sem hefur skrifað þetta, það er vitnað í hann í *Tímagreininni*, — að hann skyldi þrátt fyrir það, sem á undan var gengið, og þrátt fyrir lögfræðilegan úrskurð láta hafa þetta eftir sér, vegna þess að forstjóri SÍS ætti frekar öðrum að vita, hversu mikils virði það er fyrir landbúnaðinn að fá þessar útflutningsuppbætur. Og enda þótt forstjórinn hafi ekki fengið peningana í vasann fyrir áramót, þá notaði hann þessa upphæð vegna fyrirgreiðslna, sem hann fékk á öðrum stað, eigi að síður til nokkurs konar greiðslu eða sem ávísun, sem félli fljótt í gjalddaga eftir áramótin. Og ég segi það: ég var undrandi, þegar ég las þetta, og mér fannst það ekki sæmandi, mér fannst það ekki eðlilegt, eftir það, sem á undan var gengið, því að forstjórinn átti að vita betur, og það er tvímælalaust, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að þessi skuld var ekki fallin í gjalddaga, hana átti að greiða með fé, sem veitt er á fjárlögum 1962, og þess vegna ekki um það að ræða, að hún yrði greidd fyrr en á þessu ári.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði hér síðast, þá vildi ég leyfa mér að spyrja hann, — þegar ráðh. segir, að landbúnaðurinn fái lán í viðskiptabönkunum, þá spyr ég: Fær landbúnaðurinn lán út á afurðirnar? Það er ekki um það að ræða, hvort landbúnaðurinn fái lán í viðskiptabönkunum, heldur hvort hann fái lán út á afurðirnar, eins og sjávarútvegurinn fær. Um það er spurt. Þá segir hæstv. ráðh.: Það var

alltaf hugsað, það átti alltaf að framkvæma þetta svona, það átti alltaf að semja við Seðlabankann um þetta. — Ég spyr hæstv. ráðh., því að hann virðist ekki hafa hlustað nógu vel áðan, þegar hv. 1. þm. Austf. las upp úr hans ræðu, — þess vegna leyfi ég mér að endurtaka það, með leyfi hæstv. forseta, en hæstv. landbrh. segir í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli hér í hv. þd.: „Hins vegar hefur ríkisstj. ekki tekið að sér að semja við sparisjóði eða verzlanir, það verður að vera samkomulag á milli bændanna, sparisjóðanna og verzlananna.“ Hvað meinaði hæstv. ráðh. með þessum orðum, ef það var ekki hans hugsun, að það ætti að vera hlutverk bændanna sjálfra að semja við þessa aðila? Hæstv. ráðh. segir: Bændurnir gátu spurt, ef þeir þurftu að fá frekari upplýsingar, áður en þeir sóttu um lánin á s. l. hausti. — Bændurnir spurðu um framkvæmdina, áður en þeir sóttu um á s. l. hausti, og þeir spurðu ekki ómerkari aðila en hæstv. landbrh. Þeir spurðu hann á aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðu hann að gefa upplýsingar um framkvæmdina á þessu máli. Hver voru svörin? Þau voru það sama og hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðunni, sem hann flutti hér í okt. í haust, það er samkomulag við Búnaðarbankann og Landsbankann um að breyta þeim víxlum í löng lán, sem þar eru, og annað ekki. Þetta er það, sem bændurnir spurðu um, og þetta voru svörin, sem ráðh. gaf. Svo kemur hæstv. ráðh. hér á hv. Alþingi og segir: Ef þeir hafa ekki áttað sig á þessu nógu vel, þá gátu þeir spurt. En þegar þeir spurðu, fengu þeir þessi svör, svo að þeir voru jafnnær eftir sem áður. Hins vegar sóttu margir um lánin, af því að þeir treystu á það, að hæstv. ráðh. mundi láta undan þunganum, sem yrði í þessu máli, eins og raun ber nú vitni um að hefur gerzt.

Hæstv. ráðherra segir: Það var ekki ástæða til að setja það í lögin strax, að Seðlabankinn keypti skuldabréf með nafnverði. — Ég spyr: Af hverju var þá ástæða til að setja það inn í lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins? Af hverju var ástæða til að setja það inn í þá löggjöf, að Seðlabankinn skyldi innleysa skuldabréfin? Vegna þess, að málið var óframkvæmanlegt að öðrum kosti. Það var ekki verið að halda neinar þakkarræður hér á hv. Alþingi þá. Ég man ekki til, að varaþingmaðurinn af Austurlandi, hv. varaþm. Einar Sigurðsson, sem þá mun hafa setið hér á þingi, hafi komið og þakkað ráðh. og sagt: Góðir menn, núv. ráðh. gera þetta fyrir sjávarútveginn. — Það er álit þjóðarinnar, að hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma eigi að greiða úr fyrir atvinnuvegina í landinu, vegna þess að það er verkefni ríkisstj. á hverjum tíma að leysa vandamál fyrir atvinnulífið í landinu. Það þótti sjálfsagt þá, að Seðlabankanum yrði gert að skyldu að innleysa þessi skuldabréf með nafnverði, og það hefur sýnt sig, að það var ekki hægt að leysa þetta mál, lausaskuldir bænda, nema með því, eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls hér á hv. Alþingi, að Seðlabankinn keypti bréfin.

Svo kemur hæstv. landbrh. og segir: Það hefur alltaf verið ætlunin, að lögin næðu tilgangi sínum. — Ég spyr hæstv. ráðh. og hv. þm.: Hvenær eru sett lög hér á hv. Alþingi, sem er ekki ætlað að ná tilgangi sínum? Var eitthvað sérstakt við þessi lög? Af hverju þurfti hæstv. ráðh. að taka þetta fram? Vegna þess, að brbl. voru þannig úr garði gerð, að þau voru lítt framkvæmanleg. Hæstv. ráðherra segir: Það var vel um hnútana búið. — Við hæstv. ráðherra vil ég segja það, að það vantaði að hnýta hnútana. Endarnir voru lausir og þeir voru að trosna, og það tók hæstv. ráðherra þrjá mánuði að búa sig undir að geta rætt málið við 2. umr. hér á hv. Alþingi. Þessi hæstv. ráðherra er þó þekktur að öðru en að vera sérstaklega feiminn, en það tók hann 3 mánuði að undirbúa það að geta talað fyrir málinu við 2. umr. Af hverju? Af því að hann sá það sjálfur, að málið var óframkvæmanlegt og hann varð að fara að hnýta hnútana. Það var það, sem þurfti með. Svo kemur hæstv. ráðh. og tekur það fram í sinni fyrstu ræðu hér í gær, að það hafi verið vel um hnútana búið. Og af hverju sagði hann það, hæstv. ráðherra? Af því að hann sá, hvað endarnir voru trosnaðir.

Svo segir hæstv. ráðherra hér áðan, að til sjávarútvegsins sé yfirleitt ekki rætt um nema 10—15 ára lán. Hér er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Og hann spyr: Var þá betra fyrir landbúnaðinn að fá styttri lánstíma? — En í 2. gr. laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins frá Alþingi 1960—61 segir svo í 2. málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.“ Það eru engin lán veitt út á vélar til landbúnaðarins. Þess vegna er ekki hægt að hafa þar 10 ára lán. Það eru engin lán lánuð til landbúnaðarins nema út á fasteignir. Þess vegna eru það 20 ára lán eins og hjá sjávarútveginum. Þetta ætti hæstv. ráðherra að vita og ætti þess vegna ekki að vera að tala um annan lánaflokk hér á hv. Alþingi en þann, sem um er að ræða í sambandi við lögin um lausaskuldir bænda. Það er ekki um að ræða hér nema fasteignalán, og þau eru 20 ár í báðum tilfellum.

Hv. 3. þm. Austf. (JP) flutti hér sína þakkargjörð um þetta mál. Málið hefur verið tekið föstum tökum, sagði hv. þm. Það hefur verið tekið fastari tökum en ég sagði frá í ræðunni á Alþingi í fyrravetur. — Óskapa lauslæti hefur átt að vera í þessu máli hjá hv. þm., ef hann hefur ætlað það meira en er í lögunum frá því í sumar. Ég átta mig ekki á því, hvað hv. þm. hefur meint með þessari væntanlegu lagasetningu, ef hann ætlaði, að það væri enn þá lausara í reipum en brbl. frá því í sumar eru.

Hv. þm. fór að hreyta hér fúkyrðum í hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB). Út af hverju? Af því að hv. 1. þm. Vesturl. spurði, hvort það væru hagkvæmir vextir, sem eru 8%, hvort það væru hagkvæmir vextir fyrir landbúnaðinn. Ég spyr hv. þm., — hann svaraði því ekki áðan, heldur ætlaði sér að svara því með fúkyrðum einum, — eru það hagkvæmir vextir fyrir landbúnaðinn að fá 8%? Eru menn búnir að gleyma því, að það eru tvö ár síðan víxilvextir hér á landi voru 7½%? Hvað haldið þið, að hæstv. núv. landbrh., þáv. hv. 1. þm. Rang., hefði sagt hér á Alþingi 1958, ef bændum hefði verið boðið upp á aðstoðarlán með 8% vöxtum? Ég skal segja ykkur það.

Hann hefði ekki látið standa á sér í ræðustól, sá hv. þm., í þá daga. En nú eru þetta taldir hagkvæmir vextir. Hæstv. ríkisstj. talar um að lækka vextina von bráðar. Ég hef spurt um það í lánastofnunum, hvort þessir vextir á þessum skuldabréfum verði fastir. Því hefur alltaf verið svarað játandi, að það væri ekki framkvæmanlegt öðruvísi. Og þá segi ég: Þá gæti það skeð eftir tvö ár, að bóndi væri kominn með hærri vexti á aðstoðarláni heldur en vísilvextir eru. Það er mikið að þakka, ef þannig verður fyrir komið. Eða halda þessir hv. þm., að vaxtaokur þeirra verði varanlegt? Og hvaða leið er þá til að losa bændur við okurvexti? Það er aðeins til ein leið til þess að komast þá út úr þessum vandræðum. Það er að breyta fastalánum í lausaskuld aftur, ef það er þá hægt. Það er sú eina leið, sem bændurnir í landinu hefðu þá til þess að forðast vaxtaokur hæstv. núv. ríkisstj. Og ég held, að hv. 3. þm. Austf. ætti að svara því, áður en hann fer að hreyta úr sér fúkyrðum hér í garð hv. 1. þm. Vesturl., hvort hann álítur 8% vexti vera hagstæða fyrir bændur.

Hv. 3. þm. Austf. sagði, að það, sem skipti máli fyrir bændurna, væri að fá sem mestum hluta af lausaskuldunum breytt í föst lán. Það er rétt, það skiptir máli, ef þau eru einnig hagkvæm.

Hæstv. ráðherra hefur mikið rætt um, að útvegsmenn hafi ekki getað breytt öllum lausaskuldum sínum í föst lán. Af hverju er það, hæstv. ráðherra? Það er af því, að veðin vantar. Ef það er eins ástatt hjá bændum, að þá vantar veð fyrir sínum lausaskuldum, þá er það nákvæmlega sama og hjá útvegsmönnum. Það er ekki af því, að þessi hæstv. ráðh. geri neitt betur við bændastéttina en sjútvmrh. gerði við útveginn. Það er hins vegar af því, að veð vantar, sem er ekki framkvæmanlegt að breyta lausaskuldunum í föst lán, en ekki af öðrum ástæðum. Þess vegna er það ekki til þess að vera að hæla sér af hér á hv. Alþingi, þótt útvegsmenn vanti veð.

Um lánstímann segir svo hv. 3. þm. Austf.: Það er mjög hagkvæmt fyrir bændur, að lánstíminn sé lengdur. En hvað hefur gerzt, síðan þessi hv. þm. kom hér á Alþingi? Ég veit ekki betur en ræktunarsjóðslánin, sem bændur verða að fá til þess að byggja upp í landinu, hafi verið stytt síðan þessi hv. þm. kom hér inn á Alþing sem stjórnarstuðningsmaður. Ég veit ekki betur en lánin, sem eru veitt til þess að byggja yfir bændurna, hafi verið stytt að lánstíma. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, má telja, að meðallán í ræktunarsjóði sé um 60 þús. kr. Afborgun og vextir af þessu láni voru 4416 kr., áður en núv. ríkisstj. komst til valda, en eftir að búið er að hækka vextina og stytta lánstímann 6384 kr., eða 1968 kr. hærra. Það taldi þó hv. 3. þm. Austf. vera eitt af höfuðskilyrðum, sem bændastéttin þyrfti að sækjast eftir, að fá langan lánstíma og hagstæða vexti. Og svo hefur þessi hv. þm., síðan hann kom hér á Alþingi, stutt ríkisstjórn, sem gengur þvert á þetta, hækkar vextina, styttir lánstímann. Svo kemur hv. þm. og þakkar hæstv. landbrh. fyrir, hvað vel hann hefur gert í landbúnaðarmálum, þakka honum fyrir það líka, sem gengur þvert á það, sem hv. þm. sjálfur lýsir yfir að mestu máli skipti fyrir bændur.

Ég hef sýnt fram á það, að vextir eru hærri nú en vísilvextir voru fyrir tveim árum. Þeir eru hálfu öðru prósenti hærri en vextir af aðstoðarlánum sjávarútvegsins. Og svo ætlast þessi hv. þm. til þess, að bændurnir í landinu og forsvarsmenn þeirra hér á hv. Alþingi þakki landbrh. fyrir mjög duglega frammistöðu við að veita þeim svona hagkvæm lán með svona góðum kjörum. Er hv. þm. að gera grín að hæstv. ráðherra?

Vextirnir eru teknir í verðlagið, segir hæstv. ráðherra, það er allt í lagi. Það er nú búið að sýna fram á það og ráðherrann að viðurkenna, að það getur þó ekki gagnað, nema um þá vexti, sem eru ekki fyrir ofan meðaltal. En hvað sagði hæstv. sjútvmrh. hér á hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum, þegar hann svaraði fyrirspurn frá hv. 1. þm. Austf.? Hann sagði: „Ég lagði fyrir formann verðlagsráðs sjávarútvegsins að reikna með sömu vöxtum og nú gilda við verðlagsákvörðun.“ Þar er tekið tillit til vaxtanna, í verði sjávarútvegsins, og svo á að halda því fram, að það geri bændum ekkert til, hvað vextir séu háir, þeir fáist endurgreiddir. Ég er ekki viss um, að hv. 3. þm. Austf., bóndinn á Skriðuklaustri, sé alveg öruggur um, að hann fái vextina endurgreidda í verðlagi á búvöru sinni sem bóndi. Ég er ekki viss um það, þó að hann hér á hv. Alþingi standi upp og þakki fyrir háu vextina.

Ástæðan til þess, að vextirnir eru hafðir svo háir, er sú, hvernig málið var úr garði gert í upphafi, vegna þess að það var ekki farið að eins og með sjávarútveginn, að Seðlabankanum væri gert að skyldu að innleysa skuldabréfin. Það var það, sem átti að gera. En vegna þess að það var ekki gert, var farið að reyna að hafa vextina svo háa, að það væri hugsanlegt að koma bréfunum í verð. Þetta er sannleikurinn í málinu, og þýðir ekkert á móti því að mæla.

Hv. 3. þm. Austf. vék að því, að þm. væru að þvælast fyrir, eins og hann orðaði það á sinn smekklega hátt. Ég hefði viljað, svo að ég noti hans eigin orð, því að það hefði verið mikið til bóta fyrir bændastéttina í landinu, að hv. þm. hefði reynt að þvælast fyrir, er verið var að stytta lánstímann í ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitanna og hækka vextina og þegar verið var að ákveða að veita bændum aðstoðarlán með okurvöxtum. Það hefði verið strax til bóta, ef þessi hv. þm. hefði þvælzt fyrir þá, svo að notuð séu hans eigin orð.

Hv. þm. talaði um það, að búskapur á Austurlandi væri ekki góður, og vildi kenna hv. 1. þm. Austf. um það, að svo væri. Nú ætla ég ekki að fara að ræða um búskap á Austurlandi, því að ég er ekki nógu kunnugur þar. Hitt veit ég, að hv. 3. þm. Austf. var settur tilraunastjóri austur á landi fyrir nokkrum árum á vegum Búnaðarfélagsins og tilraunaráðs ríkisins til þess að koma búskap bændanna í betra horf, og þess vegna væri nær að spyrja hann um árangurinn af hans starfi í búskap austur þar heldur en hv. 1. þm. Austf., þó að ég viti, að hann sé meiri forsvarsmaður bænda þar í öllum málum, eins og hv. þm. játaði þarna.

Nei, hv. þm., sem hér hafa risið upp og þakkað hæstv. landbrh. fyrir þetta mál, hafa e. t. v. ástæðu til að þakka honum fyrir það, að hann hafi haft samráð við samtök bændanna í landinu, Stéttarsamband bænda, þegar þessi lög voru upphaflega sett sem brbl.? Það var ekki óeðlilegt, að það hefði verið gert. Ég man ekki betur en það væri haft samráð við L. Í. Ú. um lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins, hæstv. sjútvmrh. hefði samráð við útvegsmenn um þau. En hæstv. landbrh. hafði ekki samráð við Stéttarsamband bænda, þegar brbl. um lausaskuldir bænda voru sett, og meira að segja gaf svo ófullkomin svör á þeirra aðalfundi, að enginn maður skildi, hvað ráðh. meinti. Er það e. t. v. ekki óeðlilegt, þegar lögin voru jafnóljós af hans hendi og raun ber vitni um. Og ég spyr enn: Eiga bændurnir í landinu að þakka fyrir það, að þegar Stéttarsamband bænda mótmælir ýmsum atriðum í lagasetningunni og telur, að tvímælalaust eigi að breyta þeim, þá hefur hæstv. ráðh. það að engu? Er það þetta, sem ég hef nú talið, sem á að þakka og hv. þm., 3. þm. Austf. og 2. þm. Norðurl. v., séra Gunnar, voru að þakka? Ég sé nú ekki, hvað það er, sem bændurnir í landinu hafa að þakka. Ég lít svo á, að landbrh. eigi stöðu sinnar vegna að vera höfuðforsvari bændastéttarinnar á hverjum tíma. Ef það er eitthvað, sem sérstaklega er að þakka hæstv. ráðh. í þessu máli, þá er það innanflokksmál hjá stjórnarliðum. Þeir eru svo erfiðir viðfangs í landbúnaðarmálum, að flokksmenn hans, sem telja sig talsmenn í landbúnaðarmálum, vilja þakka landbrh., þó að hann nái ekki lengra en svo að bjóða bændum aðstoðarlán með okurvöxtum og á allan hátt verri kjörum en sjávarútvegsmenn njóta. Fyrir þetta á ekki að þakka, heldur að mótmæla því.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Hæstv. landbrh. virtist hafa skilið orð mín svo, að ég áliti, að Framsfl. hefði ekki átt neinn verulegan þátt í því, að þessi lög komust á, sem nú eru til umr. Ég nefndi dæmi og bar saman, hvernig lántakendur losna við þessi skuldabréf, sem fá handhafabréf með ríkisábyrgð út á samvinnubyggingar hér í bænum. Ég nefndi þetta sem dæmi, en ég nefndi ekki Framsfl. En bak við þetta lá það, að aðstaða bændanna viðvíkjandi þessum skuldabréfum var önnur og betri en þessara manna, sem standa að samvinnubyggingarfélögunum, af því að þeir höfðu átt öruggari málsvara. Það er alveg dæmalaust, hvernig að þessu er farið með samvinnubyggingarfélögin hér í bænum. Fólkinu er beinlínis kastað í klærnar á okrurunum. Ég er hræddur um, að kjör bænda væru önnur og verri, þótt þau séu engan veginn nægilega góð, ef Framsfl. hefði ekki verið til, og ég er hræddur um, að það væri þá meira ógert hjá bændum og viðreisnarskuldirnar mundu vera hærri.

Ég vildi enn fremur benda hæstv. landbrh. á það, — ég vil meta hans verk, og ég vil þakka það, sem vert er í þessu máli, bæði hvað hann sjálfan snertir og flokk hans, — en hitt veit ég, að það hefði verið ógerningur fyrir hann að koma þessu máli þó í það horf, sem það er, ef Framsfl. hefði ekki verið til. Þó að flokkur sé í minni hl., þá er hann engan veginn áhrifalaus, því að áhrif hans liggja fyrst og fremst í því, að ef flokkurinn er til og samtökin eru til, þá veigra hinir flokkarnir sér við að gera hluti, sem þeir halda að þeir tapi atkvæðum á. Það er þetta, sem á sinn mikla þátt í því, að þetta mál hefur komizt svo vel áleiðis, að Framsfl. var til og Sjálfstfl. kærði sig ekki um að tapa atkv. út af þessu máli.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla fyrst að minnast á það, sem hæstv. landbrh. sagði síðast í sinni síðustu ræðu. Hann var þá að tala um útflutningsuppbæturnar og hélt því fram, að ríkið hefði ekki þurft að borga útflutningsuppbætur nú fyrir áramótin, þær sem forstjóri Sambandsins gat um í sinni grein, vegna þess að þar hefði verið um að ræða vörur frá því verðlagsári, sem nú stendur yfir. Ég vil benda á það, að þetta skiptir engu máli um útfluttar landbúnaðarvörur, frá hvaða verðlagsári þær eru. Það er alveg ljóst, eins og lögin um þetta eru, þá eru þessar uppbætur gjaldfallnar, þegar búið er að flytja vörurnar út og fá verð fyrir þær og reikna út, hvað uppbæturnar eiga að vera miklar.

Í ræðu hér í gær bar ég fram nokkrar fsp. til hæstv. ráðherra. Hann hefur haldið tvær ræður síðan. Ég hef fengið mjög ófullnægjandi svör við þessum fsp. og alls engin við einni þeirra t. d., viðkomandi vöxtunum, sem bændum er ætlað að greiða. Ég spurði um það, hvers vegna væru heimtaðir hærri vextir af bændum en útvegsmönnum. Það hefur ekkert svar fengizt við þessu, sem svar getur kallazt. Ég skil það vel, að það er ákaflega erfitt fyrir hæstv. ráðherra og hans menn að fást við þetta og svara þessu, vegna þess að það getur enginn maður bent á það eða sýnt fram á, að það sé nokkur minnsta sanngirni í því að hafa þetta svo. Það sjá allir, sem íhuga málið, að í þessu efni eru bændur rangindum beittir. En hvernig stendur á þessu? Er það svo, að hæstv. landbrh. telji það sjálfur sæmandi að heimta 8% vexti af bændum, þegar útvegsmenn borga 6½% af hliðstæðum lánum? Mér skilst nú á einum flokksbróður hans, sem talaði hér áðan, hv. 3. þm. Austf. (JP), að hann telji þetta hagstæð vaxtakjör. Er þetta upprunnið frá sjálfum hæstv. ráðherra? Var það kannske hans till., þegar ríkisstj. var að ræða um útgáfu brbl. og þeirrar reglugerðar, sem á eftir fylgdi? Eða var hann hér ofurliði borinn af öðrum í stjórninni? Hvernig skyldi þessu vera varið?

Ég vil benda á það, að hæstv. ráðherra hafði ágæta aðstöðu í stjórninni, ef hann vildi, að bændur fengju þessi lán með hagstæðari vaxtakjörum. Áður var fyrir skömmu búið að afgreiða lánamál útvegsins og ákveða þar lægri vexti. Landbrh. gat sagt við aðra ráðherra í stjórninni: Ég sætti mig ekki við lakari vaxtakjör fyrir bændurna. — Hann stóð hér ákaflega vel að vígi að heimta það sama fyrir landbúnaðinn, sem ráðherra útvegsmála hafði fengið fyrir sjávarútveginn. Gerði hæstv. ráðherra þetta ekki? Bar hann ekki fram þá sjálfsögðu

kröfu fyrir bændanna hönd, að þeir fengju þessi lán með ekki hærri vöxtum en útvegsmenn greiða fyrir hliðstæð lán? Eða vildu hinir alls ekki hlusta á hann? Og var það vilji annarra, sem hér réð? Þetta er, sýnist mér, alveg óskiljanlegt. Alþingi verður að koma hér til skjalanna og jafna þennan halla. Það er alls ekki sæmandi fyrir Alþingi að afgreiða málið þannig, að bændur borgi hærri vexti en útvegsmenn. Og ég held, að þeir hv. þm. úr stjórnarliðinu, sem fluttu hér þakkarávörp áðan til ráðherrans, hv. 3. þm. Austf. og hv. 2. þm. Norðurl. v., ættu að minnast bændanna, þegar til atkvæða kemur um till. okkar um að færa niður vextina, og hrista einu sinni af sér slenið. Ræður þeirra benda nú því miður ekki til þess, að það sé mikils að vænta í þessu efni, en við sjáum til.

Svo er það um lánin út á vélarnar hjá bændum. Hæstv. ráðherra sagði í gær, að það væri ætlun stjórnarinnar að vinna að því, að bændur gætu framvegis fengið lán út á vélar hjá Búnaðarbankanum, mér skilst hjá ræktunarsjóði. Gott er að taka því, ef af því verður. En hvenær skyldi það verða? Og ráðherra sagði, að þess vegna ætti þetta ekki heima í þessum lögum, — ætti ekki heima í þessum lögum að ákveða þar lán út á vélar hjá bændum. Hvers vegna á það ekki heima þar, eins og það er í lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins og hefur verið framkvæmt, að útvegsmenn fá lán út á vélar? Það kemur ekki því máli við, hvað verður í framtíðinni um lán út á þessar eignir eða aðrar hjá atvinnuvegunum. Hæstv. ráðherra segir, að það þurfi nýtt fé, ef eigi að taka þetta inn í lögin. Það þarf ekki frekar nýtt fé til að lána bændum út á vélar, sem þeir nú eiga, heldur en þurfti nýtt fé til þess að lána útvegsmönnum út á vélar til greiðslu á eldri skuldum. Þessi lán mundu fara til greiðslu á lausaskuldum alveg eins og það, sem lánað er út á fasteignir, jafnt hjá bændum og útvegsmönnum. Sama er að segja vitanlega um lán út á vinnslustöðvar landbúnaðarins, það er óhæfa að neita að lána út á þær, þegar nýbúið er að lána til fiskvinnslufyrirtækja út á slíkar eignir.

Það er þegar fram komið, að viðhorf er nokkuð breytt nú frá því, sem var í haust, að því leyti, að sumir þeir aðilar, sem áður treystu sér ekki til að taka bankavaxtabréfin, sjá nú möguleika til þess að losna við þau, a. m. k. að einhverju leyti. Það er náttúrlega ekki rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. áðan, að það væri búið að semja við Seðlabankann um, að hann tæki bréfin, menn gætu losnað við þau, allir sem eignuðust slík bréf. Það er ekki rétt. Mér skilst, að t. d. ef sá hv. þm. eignast svona bankavaxtabréf og kæmi með það í Seðlabankann, þá sé bankinn alls ekki samningum bundinn að kaupa það af hv. þm. En samt er viðhorfið breytt í þessu efni.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu í gær, að hann hefði sagt mönnum s. l. sumar, að svo yrði um hnútana búið, að lögin næðu tilgangi sínum. Hann virðist hafa talað ósköp lágt, ef hann hefur sagt einhverjum þetta, alveg óvenjulega lágt, — eða kannske hefur þessu aðeins verið hvíslað að einstöku mönnum, ég veit það ekki. Lítið almennt gagn er að því, og það er nú komið upp, að hann hafði svo hljótt um þetta, að hann vildi ekki segja þeim þetta á aðalfundi Stéttarsambandsins, þegar rætt var um þessi mál í byrjun sept. s. l. ár. Nei, tilfellið er, eins og hér hefur komið fram, að hæstv. ráðh. fór ekki að fást við sína hnúta fyrr en nú í vetur og hefur verið að því undanfarnar vikur og mánuði, því að ef hann hefði verið farinn að hugsa um slíkt, áður en umsóknarfresturinn um lánin rann út í haust, sá sem settur var, þá hefði hann sjálfsagt látið Búnaðarbankann vita um þetta, til þess að ráðamenn þar gætu skýrt mönnum frá þessu, því að vitanlega sneru menn sér til Búnaðarbankans til þess að fá allar upplýsingar viðkomandi þessum málum, þar sem bankanum var falið að fara með framkvæmdirnar. Bankinn hefði þá getað látið aðra vita þetta, t. d. stjórnir sparisjóðanna og aðra, sem hér áttu hlut að máli. En þar var engar slíkar fréttir að fá, sem var ekki að vænta, því að mönnum þar var þá ekki kunnugt um það, að neinar ráðstafanir væru fyrirhugaðar til þess að greiða fyrir þeim að losna við bréfin, sem kynnu að eignast þau. Mér er kunnugt um þetta. Ég tók að mér að vera umboðsmaður fyrir nokkra menn í mínu héraði við væntanlegar lántökur, og ég gerði það fyrir ýmsa þá menn að leita upplýsinga hjá Búnaðarbankanum um framkvæmd á þessu, og þar var mér sagt, að menn yrðu að koma með yfirlýsingar frá sínum lánardrottnum um, að þeir tækju bréfin sem greiðslu, því að annars mundu lán ekki verða veitt, og þetta sagði ég mönnum, og þeir reyndu vitanlega að fá slíkar yfirlýsingar og gátu það í ýmsum tilfellum. Þó var það þannig eins og ég sagði hér í gær, að sparisjóður, sem þar starfar og hefur mikil viðskipti við bændur, sá sér ekki fært að lofa því að taka bréf nema til greiðslu á víxilskuldum bænda að hálfu leyti, vegna þess að þegar stjórn sparisjóðsins spurðist fyrir um þetta í bönkum, þá var þeim sagt það, sem stjórna sparisjóðnum, að ekki væri kunnugt um, að neinar ráðstafanir hefðu verið gerðar eða yrðu gerðar til þess að greiða fyrir því, að sjóðirnir gætu losnað við bréfin.

Svona var þetta í haust. En nú er orðin á nokkur breyting, eins og ég hef áður vikið að, þannig að einstakir kröfuhafar, t. d. sparisjóðir, treysta sér nú sennilega til að taka bréf til greiðslu á skuldum bænda, þótt þeir sæju sér ekki fært að lýsa slíku yfir í sept. í haust. Og þá er vitanlega sjálfsagt að taka til greina umsóknir frá mönnum, sem geta lagt fram slíkar yfirlýsingar nú. Það þarf alls ekki að tefja fyrir afgreiðslu á lánum til þeirra, sem áður hafa sent umsóknir. Það er hægt að afgreiða lánin, sem nú liggja fyrir umsóknir um, hvað sem þessu líður. Hitt getur komið síðar, ef nýjar umsóknir berast.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði, að bændur hefðu haft nógan tíma til að koma fram umsóknum í tæka tíð, og mér skildist hann telja óþarfa að taka til greina nokkrar nýjar. Ég vil nú benda á það, að þetta var á mjög miklum annatíma í septembermánuði, sem bændur þurftu að undirbúa þetta, að fá metnar jarðir sínar.

Umsóknir áttu að komast til sjóðsins fyrir 1. okt. Ég held því, að það sé alveg sjálfsagt fyrir þá, sem ekki sóttu um lán í haust, en þurfa þó á þeim að halda, að senda umsóknir nú, ef þeir geta nú fengið þær yfirlýsingar hjá lánardrottnum, sem þeir gátu ekki fengið í haust, — það er alveg sjálfsagt fyrir þá bændur að gera það, því að það hlýtur að verða þannig, að þær umsóknir verði teknar til greina, þó að síðar verði. Og vegna þess, hvað lengi hefur dregizt afgreiðsla á þessu máli, vil ég benda á, að það gæti verið mjög athugandi, enda þörf á því fyrir ýmsa bændur, að þeir gætu líka fengið lán til greiðslu á lausaskuldum, sem myndazt hafa á árinu 1961.

Hæstv. ráðherra lét þess getið í framsöguræðu sinni í haust, að það væri auðveldara að losna við bankavaxtabréfin af því, hvað vextirnir væru háir. Getur það hugsazt, að það sé frá honum sjálfum runnið að hafa vextina svona háa, en hann hafi hér ekki verið ofurliði borinn af öðrum í stjórninni? Ég veit það ekki. Þetta er lítt skiljanlegt. En ég vil út af þessu segja, að ég veit ekki, af hvaða ástæðu var farið að gefa út þessi bankavaxtabréf eða setja í lög, að það skyldi gert. Hvers vegna var þetta ekki haft eins og hjá sjávarútveginum? Þar eru ekki gefin út slík bréf. Stofnlánadeild sjávarútvegsins bara stofnar til skuldar við Seðlabankann, sem lánveitingunum nemur. Það eru ekki gefin út nein bankavaxtabréf til að afhenda kröfuhöfum þar. Hvers vegna var þetta ekki haft eins? Búnaðarbankinn eða veðdeild hans gat á sama hátt stofnað til skuldar við Seðlabankann. Það þurfti bara mörgum sinnum minni fjárhæð en til hinna, sem við útgerð fást. Þá þyrfti ekkert að fást við útgáfu bréfa og verzlun með bréf. Og lánin gátu alveg á sama hátt gengið upp í áhvílandi skuldir við bankana og aðra. Þetta hefði verið miklu einfaldara, að leysa málið þannig, og kostnaðarminna, því að það er ekki lítill kostnaður, sem fylgir þessari bréfaútgáfu og öllu því, sem á eftir kemur: innlausn bréfa og vaxtagreiðslur af þeim o. s. frv. Hitt var miklu þægilegra í vöfum og fyrirhafnarminna á allan hátt og ódýrara. Þessi aðferð, sem valin hefur verið í þessu og ég botna satt að segja ekkert í, hvers vegna er upp tekin, sýnir mikla ást hæstv. núv. landbrh. eða stjórnarinnar á skjölum og skriffinnsku.

Ég vil að lokum enn benda á það, að í brtt. á þskj. 133, sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Austf., eru bornar fram þær kröfur, sem stjórn Stéttarsambands bænda og bændafundir hafa gert um breytingar á þessu frv.

Jónas Pétursson: Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. kom hér upp áðan og var með heilmikinn derring. Ég veit ekki, hvað mikið tilefni ég hef gefið til þess, en ég er ekkert að kvarta undan því. Það er síður en svo ástæða til þess, og gott að ræða þessi mál, a. m. k. að vissu marki. Ég ætla nú samt sem áður ekki að tefja umr. mjög, en það er ekki hægt annað en víkja svolítið að ýmsum atriðum, sem fram komu í ræðu hans.

Hann var eitthvað að tala um í byrjun, að varamaður minn, Einar Sigurðsson, hefði ekki flutt hér neitt þakkarávarp í fyrra til sjútvmrh. út af lánamálum útvegsins. Ég get ekkert að því gert.

Þá minntist hann á það, sem hv. 1. þm. Vesturl. vék að þessu máli í útvarpsumr. frá Alþingi snemma á þinginu í vetur og ég kom aðeins að í minni ræðu, og hann sagði, að ég hefði ekki haft alveg rétt eftir. Ég athugaði það áðan í þingræðunni, og með leyfi hæstv. forseta, þá komst sá hv. þm. þannig að orði við útvarpsumræðuna, er hann hafði lesið tilvitnun í þá yfirlýsingu, sem ég gaf:

„Þá vitið þið það, bændur góðir, hvað íhaldið kallar hagstæð lán. Það eru lán með 8% vöxtum."

Ég tók þetta þannig, að hann teldi bæði mig og hæstv. landbrh. með íhaldinu, en hefði ekki átt hér við framsóknaríhaldið. Ég fæ ekki betur séð en í þessu felist það, að hann hafi sagt, að ég hafi lýst því yfir, að 8% vextir væru hagstæðir fyrir landbúnaðinn. Það er óþarfi að vera að þvæla um þetta. Ég býst við, að við séum allir sammála um það, að 8% vextir séu hvorki hagstæðir fyrir landbúnaðinn né nokkra aðra, sem þá vexti þurfa að greiða. Og það er síður en svo, að menn muni almennt telja þau vaxtakjör, sem nú eru í gildi, vera hagstæð. Það vita allir, að þau eru eins konar neyðarráðstöfun, sem er afleiðing af því ástandi, sem hér hefur ríkt um langt árabil að undanförnu, og að allra dómi var nauðsynlegt að hækka vextina meðal annarra ráðstafana, ef átti að vera mögulegt að stöðva þá verðbólguþróun, sem hér hefur ríkt allt frá stríðsárunum. Þetta skal ég láta nægja um vextina.

Þá var hann að minnast á, að það hefði verið til bóta, ef ég hefði reynt að þvælast fyrir í mínum flokki, þegar var verið að breyta ákvæðunum um vaxtakjör og lánstíma hjá ræktunarsjóði, sem var gert með hinni svokölluðu viðreisnarlöggjöf 1960. Ég er nú nokkuð á öðru máli en hv. þm. þarna, a. m. k. eftir því sem ætla mætti, eins og hann setti þetta fram. Ég held nefnilega, að það hafi verið ein af stóru yfirsjónunum, sem var búið að gera, eða hún var of lengi búin að vara, að hafa ekki hækkað vextina af ræktunarsjóðslánunum löngu fyrr. Með þessu var skapað mikið óréttlæti á milli þeirra, sem stóðu í framkvæmdunum. Sá hluti, sem ræktunarsjóðslánin hrukku til að greiða upp í framkvæmdir bændanna, fór sífellt minnkandi og sá hlutur stækkandi, sem þeir urðu að leggja fram eftir öðrum leiðum, sem voru þá yfirleitt með miklu hærri vöxtum og það svo, að munaði kannske um helming. Ég veit, að ef þessi hv. þm. hugsar um þessi mál í alvöru, þá mun hann vera á sama máli og ég um þetta, að það hefði forðað ýmsum vandræðum, m. a. hefði efnahagur og afkoma ræktunarsjóðs ekki verið jafnhörmuleg og raun ber vitni um, ef vextir hefðu verið hækkaðir fyrr en gert var. Og alveg á sama hátt er með lánstímann. Það breytir ekki því, að það er mjög nauðsynlegt og mjög mikilsvert, að á landbúnaðarlánum geti verið sem lengstur lánstími. En við verðum bara að athuga það, að við búum hér í landi, sem skortir fjármagn, landi, þar sem eftir er að framkvæma svo að segja allt, eða var a. m.

k. um það bil, sem það framfaratímabil hófst, sem enn stendur yfir. Það þurfti að umskapa t. d. landbúnaðinn gersamlega, helzt á einum mannsaldri. Til þess þarf mjög mikið fé, og það er mjög mikill aðstöðumunur í samanburði við margar aðrar þjóðir, þar sem landbúnaðurinn hefur verið að þróast í eina til tvær aldir, við það, sem hér gerist, þar sem á einum mannsaldri þarf að gera slíka gerbyltingu sem raun er á. Og það þarf engan að undra, þó að það sé ekki hægt við þau skilyrði að veita jafnhagstæð lán með jafnlöngum lánstíma og lágum vöxtum og hjá þeim þjóðum, sem fjármagn hafa miklu meira en hér. Með þessu er ekki sagt, að um alla framtíð eigi að láta þau ákvæði gilda, sem nú gilda um lánstíma og vexti hjá ræktunarsjóði. En það þarf ekki mikið reikningsvit til að skilja, að það getur verið betra að fá helming framkvæmdafjárins að láni með vöxtum, sem svara til þeirra, sem nú eru í ræktunarsjóði, heldur en aðeins ¼ og þá hitt með 8—9% vöxtum. Og ég satt að segja hef verið mjög undrandi á því, að ég hef séð frá mörgum fundum bænda samþykktir um, að þeir krefjast þess, að þessu sé tafarlaust breytt í fyrra horf. Mér finnst þau mál ekki vera krufin til mergjar, eins og ætti að vera, og það er síður en svo, að með þessu sé verið að vega að landbúnaðinum, heldur þvert á móti að reyna að styðja framfaraviðleitni hans. Það er aðeins fjármagnsskorturinn í landinu, sem við eigum hér við að glíma, og við verðum að beygja okkur fyrir þeirri staðreynd, a. m. k. eins og er í dag og sennilega um nokkra framtíð.

Þá var hv. þm. eitthvað að minnast á búskapinn á Austurlandi og hélt, að ég mundi eiga eins mikla sök á því, ef hann væri illa kominn, eins og hv. 1. þm. Austf. Ég ætla ekki frekar að vera að ræða þetta. Það væri vafalaust hægt, ef tími hefði verið til, að athuga tölulega, hvernig hann hefur þróazt, en ég veit, að hann hefur tekið verulegum framförum t. d. á síðasta 10 ára tímabili. Það er alls ekki vegna þess, að ég hef verið á Austurlandi þennan tíma. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. En það er samt sem áður gleðilegur vottur um það, að þar er þó líka lífsvon, en mér fannst ekki vera hægt að sleppa því að vekja athygli á þessu, því að það er ekkert ósanngjarnt að ætlast til þess, eins og þeirra málflutningur er ætíð hér á Alþingi, að það megi reikna með því, að þar sem framsóknarmenn séu sterkir, þar sé líka afkoman góð.

Svo er það aðeins út af umsóknarfrestinum um þessi lán. Hv. frsm. minni hl. fjhn., Skúli Guðmundsson, hamrar sífellt á því, að það sé mjög mikið ranglæti, ef ekki sé nú að nýju kallað eftir umsóknum um þessi lausaskuldalán. Ég get ekki verið honum sammála um þetta. Það var mjög langur frestur, sem var gefinn í upphafi til þess að sækja um þessi lán, eða til 1. okt. Og það var enn að nýju framlengt til 1. des. Liggur í augum uppi, að hvort sem menn hafa haft meiri eða minni trú á því, að það mundi bera árangur eða sem sagt að þessi lánabreyting mundi ná þeim tilgangi, sem til var ætlazt, þá var það ekki slíkt álag á þá, sem töldu sig þurfa á þessum lánum að halda, að senda umsóknina. Ég get t. d. skýrt frá því, að ég hvatti alla, sem ég náði til, til þess að senda umsókn í tíma, jafnvel þó að þeim virtust ekki lögin vera þannig úr garði gerð eins og þeir hefðu helzt óskað. Og ég veit það, að af Austurlandi munu þeir yfirleitt hafa sent umsóknir um lánin, sem töldu sig þurfa á þeim að halda. Ég vil ekki fullyrða, að það hafi verið í öllum tilfellum.

En annars er um þetta mál að segja í heild, að það er engan veginn eins einfalt og virtist nú koma fram í ræðu hv. frsm. minni hl., Skúla Guðmundssonar, að koma þessari lánabreytingu á. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér. Ég býst við, að ég sé engan veginn orðinn þeim málum nægilega kunnugur. En ég hef þó reynt að kynna mér þá hlið í gegnum þá menn, sem að þessum málum hafa unnið, og mér er það ljóst, að það er hægara um að tala en úr að leysa í ýmsum tilfellum, og sífellt koma fram ný og ný vandamál í framkvæmdinni. Og það, sem kannske hefur skapað fyrst og fremst þetta, sem framsóknarmenn eru að deila á, að það hafi verið dálítið óákveðið í upphafi, hvernig þetta yrði framkvæmt, var einmitt það, að það var ákaflega örðugt að útbúa eða gera sér grein fyrir, hvernig framkvæmdin gæti farið fram, fyrr en umsóknirnar lágu fyrir og hægt var að kryfja málið þannig niður í kjölinn. Þetta er nú mjög vel á veg komið. Það er búið að ganga frá samningum við bankana um að leysa bréfin af lánsstofnunum upp í skuldir lánsstofnana og upp í verzlunarskuldir, og með því er að langmestu leyti náð þeim tilgangi, sem í lögunum var. Það hefur aldrei verið reiknað með því, að af lausaskuldunum yrði 100% greitt í gegnum þessa lánsstofnun eða þessa löggjöf, en það mun verða að svo miklu leyti sem hægt er, sem við er fyrir, hjá hinum einstöku bændum, og eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, þá er alveg víst, að vegna þessarar löggjafar er þó nokkuð mörgum bændum í þessu landi forðað frá því að þurfa að gefast upp við búskapinn.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta á þessu stigi. Það er margt fleira, sem hefði verið ástæða til að taka fram, og kann að vera, að það séu einhver atriði, sem hv. 3. þm. Vesturl. beindi sérstaklega að mér, sem sumir telja, að ég hafi nú gleymt að svara, en það verður þá að hafa það.

Ágúst Þorvaldsson: Hæstv. forseti. Það hafa nú orðið hér allmiklar umr. um þetta mál, sem er ákaflega eðlilegt, málið er þannig vaxið, það hefur verið rætt hér síðan í gær um marga einstaka þætti þess, og hæstv. landbrh. og ríkisstj. í heild hafa fengið þakkir frá sínum stuðningsmönnum fyrir frammistöðuna í þessu máli. Ég ætla ekki að finna að því, þó að þeir þakki fyrir sig. Ég læt það afskiptalaust. En það, sem veldur því, að ég kem hér upp í ræðustólinn aftur, er það, hvað landbrh. varð reiður við mig í gær. Það er leiðinlegt með þann annars mæta mann, hvað hann er oft garralegur og ónotalegur við okkur samþingismenn sína, en ég kann ekki við annað samt en aðeins að svara honum nokkrum orðum.

Hann taldi mig segja það ósatt, að hann hafi

á framboðsfundum haustið 1959 lofað bættum lífskjörum, ef hans flokkur næði stjórnartaumum, og að hann hafi hvatt bændur til að fara sér hægt í vélakaupum, þar til framsóknarskattarnir hefðu verið afnumdir. Hann heimtaði, að ég nefndi nöfn manna í þessu sambandi, sem hann hefði átt að hvetja í þessa átt. En sannleikurinn er bara sá, að á þessum framboðsfundum, sem við vorum saman á í Suðurlandskjördæmi haustið 1959, voru mörg hundruð manns, og ég kann þess vegna ekki að greina nein sérstök nöfn, en ég vonast til þess, að þegar næst verða framboðsfundir á Suðurlandsundirlendinu í Suðurlandskjördæmi, þá hafi þetta fólk ekki misst minnið. (**Landbrh.:** Það vona ég líka.) Já, við erum þá sammála um það. Og ég skal lofa því, að verði ég á uppréttum fótum, þegar þessir fundir verða, þá skal ég koma og þá getum við athugað þetta betur.

Hæstv. ráðh. sagði líka, að ég segði það ósatt, að núv. ríkisstj. hefði fellt gengið eða íslenzku krónuna. Hann sagði, að stjórnin hafi ekki annað gert en að skrá gengið, vinstri stjórnin hafi í raun og veru verið búin að fella gengið. Hann hefur tekið það fram í dag aftur í þeim umr., sem hér hafa verið, að það sé alveg nauðsynlegt að skrá gengið rétt, þetta verði að vera rétt. Þeir tóku þess vegna allir upp blýantinn, ráðherrarnir í þessari viðreisnarstjórn, og skrifuðu í einum takt, að einn Bandaríkjadalur skyldi kosta 38 kr., — það gerðu þeir árið 1960, — og annar gjaldeyrir í samræmi við það. Og þá var þar með búið að skrá gengið rétt. Ég skal ekki segja um það, hvað er rétt gengisskráning. En ég efast um, að það sé nokkur sá maður til, sem getur fullkomlega sagt um það, hvað sé örugglega rétt gengisskráning, ekki einu sinni hagfræðingarnir. Ég efast fullkomlega um það. Þegar þessir hæstv. ráðherrar höfðu komið þessari réttu gengisskráningu á, þá hneigði Sjálfstfl. sig, og Alþfl. hneigði sig líka fyrir þessu, og hagfræðingarnir tóku ofan fyrir ríkisstj. Þeir voru svo ákaflega hrifnir af því, að hún skyldi hafa manndóm í sér til þess að gera þetta. (**Gripið fram í:** Nei, var það ekki öfugt? Tók ekki ríkisstj. ofan fyrir hagfræðingunum?) Hún hefur verið búin að því áður. Já, hún hefur vitanlega verið búin að því áður. (**Gripið fram í:** Hún var sem sé berhöfðuð, þegar hún skráði.) En allt var þetta nú vitanlega þannig, að það var látið fylgja, að maður skildi það, og það var hægt að lesa það á milli línanna í þeim skrifum, sem um þetta voru, að kotkarlar og eyrarvinnulýður, þeir skyldu nú aldeilis vara sig á því, ef þeir færu að krukka eitthvað í þetta og reyna að breyta þessu á einhvern hátt, því að nú væri gengisskráningin orðin rétt og hér skyldi ekki vera falskur gjaldmiðill. Svo fór það eins og allir vita, að á s. l. ári fór þessi lýður að hreyfa sig. Þá bara tóku þeir blýantinn aftur og skráðu gengið upp að nýju, og þá sögðu þeir, að hver Bandaríkjadollar skyldi kosta 43 kr., það væri það rétta. Síðan hefur þar við staðið.

En það er öllum kunnugt, sem eitthvað hafa fengizt við atvinnulífið, hvaða áhrif þetta hefur haft fyrir atvinnuvegina. Verðið á vélunum hefur hækkað hér um bil um helming eða líklega öllu meira núna, síðan þeir skrifuðu upp á nýtt. Fóðurbætir og áburður stórhækkaði og allar lífsnauðsynjar. En það er nú kannske fyrir sig, þó að þetta hefði farið þannig, ef eitthvað hefði þá komið á móti. En það kom ekki það á móti, sem dugði. Það var sama og ekkert, sem kom á móti, a. m. k. allt of lítið. Hvað gerðu bændurnir? Ég er dálítið kunnugur þeirra högum, af því að ég er sjálfur bóndi. Hvað gerðu þeir nú til þess að reyna að bjarga sér yfir þetta? Þeir tóku það ráð, sem ég held að bændur hafi alltaf tekið, þegar að þeim hefur kreppt, en það var það að reyna að framleiða meira. Þeir hafa því hert á þeim þrældómi, sem fyrir var hjá þeim, og á þann hátt hafa þeir enn þá haldið jörðum sínum. Ég hygg, að það sama eða eitthvað svipað hafi verkalýðurinn líka gert, verkalýðurinn hafi reynt að krækja sér í eftirvinnu og næturvinnu til þess að reyna að geta haldið svipuðum lífskjörum og þetta fólk hafði áður. Þetta eru staðreyndir, það sem ég hef sagt hér um bændurna. Þeirra framleiðsluaukning, sem varð á s. l. ári, er fyrst og fremst orðin til fyrir þetta, að þeir hafi lagt á sig meira þrældómsok en áður. Og ég er alveg viss um það, að hæstv. landbrh. veit þetta alveg eins vel og ég, hann veit það alveg eins vel, því að hann er mjög kunnugur högum og háttum bænda.

Hæstv. landbrh. var að velta því fyrir sér dálítið í ræðu sinni í gær, hvort ég mundi vera góður í reikningi. En ég er nú helzt á því, að ég muni ekki fá háa einkunn hjá hæstv. ráðh. í reikningi, enda á ég það sjálfsagt ekki skilið. En við skulum nú sjá til. Ég skal segja ráðh. það, að mér reiknast nefnilega svo til, að ég þurfi núna ⅓ stærri bústofn en ég þurfti 1958 til þess að geta veitt mér og mínum svipuð lífskjör og ég hafði þá. Ég er ekkert að hafa á móti því, að ég sé lélegur í reikningi, ég hef aldrei fengið háar einkunnir í reikningi. En ég hef talað við bændur, sem eru góðir í reikningi, og þeim hefur reiknazt svipað og mér. (**Gripið fram í:** Er reiknað með fjölskyldubótunum?) Já, já, það er reiknað með þeim líka. Þær voru ekki svo miklar, viðbótin var ekki svo mikil. Ég held nú, að sá, sem fram í greip, hljóti að vita það. Hann hefur svipaða reynslu og ég, hugsa ég. Reyndar hefur það líklega verið hlutfallslega meira, sem hann hefur fengið, af því að hann á færri börn en ég.

Ég er nú viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. hefði varið reikningskunnáttu sinni og orku í það að halda krónunni í horfi og vernda mátt hennar og gildi, þá þyrfti stjórnin ekki að vera að gera þær ráðstafanir ýmsar, sem nú er verið að gera, m. a. þessar ráðstafanir, sem er verið að gera vegna lausaskulda bændanna, sem safnazt hafa síðustu árin hjá þeim og öðrum, sem atvinnuvegina reka. Þá hefði ekki þurft að útvega mörg hundruð milljónir í lausaskuldir sjávarútvegsins. Og ég er alveg sannfærður um það, að þá hefðu bændurnir bjargazt. Það hefði verið nær að verja orku sinni og allri reikningskúnst í það að varðveita mátt krónunnar, og ég er sannfærður um, að efnahagslífinu er fátt nauðsynlegra en einmitt það að reyna að halda uppi mætti gjaldmiðilsins.

Eysteinn Jónsson: Forseti. Ég á aðeins aths., og auk þess er þannig ástatt, að ég þarf að fá fjarvistarleyfi hjá hæstv. forseta eftir stutta stund. Ég mun ekki taka fyrir mörg atriði af því, sem komið hefur fram, síðan ég talaði, og ef ég sé ástæðu til, þá mun ég fremur bæta einhverju við við 3. umr. málsins. Eins ef eitthvað kynni að koma fram í þessum umr., sem að mér snýr, þá mun ég frekar svara því við 3. umr.

Það er þrennt, sem ég vildi segja út af ræðu hv. 3. þm. Austf., sem annars hefði verið ástæða til að ræða nokkuð. Mér fannst hálfgerð ólykt af sumu því, sem kom fram í ræðu hv. þm., og leiðinlegt að þurfa að ræða þvílíkt, eins og t. d. það, sem hann sagði, að framsóknarmenn hefðu torveldað samningana um, að skuldabréfin yrðu gjaldgeng. Hvað meinar hv. þm. með þessu? Hvaða framsóknarmenn torvelduðu þessa samninga? Hvaða dylgjur eru þetta, sem hv. þm. er að flytja hér í þingsölunum? Vill hann ekki tilgreina, hvaða menn torvelduðu þá samninga og í hverju það var fólgið? Hvað á þetta að þýða?

Annað var það, sem hv. þm. kom inn á, sem ég ætlaði aðeins að drepa á. Hann virtist hafa mjög mikinn áhuga á að koma á framfæri þeirri skoðun sinni, að austfirzkir bændur byggju verr en aðrir landsmenn, hefðu, að því er mér skildist, minni bú, meiri skuldir og minni tekjur af búskapnum. Ég hef ekki fyrir mér þessar skýrslur hv. þm., og skal því ekki fara út í þær, en þessar skýrslur gætu verið fullkomlega villandi. Hann minntist t. d. á búskap og bændur í Suður-Múlasýslu. Það veit ég, að sennilega er í engri sýslu landsins meira af bændum, sem jafnframt styðjast við sjósókn, en í Suður-Múlasýslu. Þess vegna er gersamlega villandi og aðeins til þess að gefa blekkjandi mynd að bera meðalbústofn t. d. þar í sýslu saman við meðalbústofn annars staðar, — algerlega blekkjandi að bera slíkt saman. Auk þess er það vitað mál, að Austfirðingar hafa ekki búið við jafngóð markaðsskilyrði og bændur í ýmsum öðrum héruðum, þar sem innanlandsmarkaður hefur verið góður og mikill. Þetta veit hv. þm. mjög vel. Á Austurlandi hafa orðið óhemjuáföll af alveg sérstökum harðindum fyrir nokkrum árum og fjárpestum, t. d. eins og garnaveikinni, jafnvel mjög umfram það, sem gerðist mest í nokkrum öðrum héruðum. Þetta hafði stórkostleg áhrif fyrir nokkrum árum á möguleika manna til þess að búa í haginn og koma á framkvæmdum, þegar mest á reið.

Sannleikurinn er sá, að það er alveg ævintýri líkast, hvaða framfarir hafa orðið í búnaði á Austurlandi á síðustu árum, eftir að fór að rakna úr frá náttúrunnar hendi og menn fóru að losna við þessar stórfelldu búsifjar. Þetta gægðist líka fram hjá hv. 3. þm. Austf., þegar hann talaði aftur, því að þá fór hann að tala um hinar miklu framfarir, sem hefðu orðið á Austfjörðum á síðustu 10 árum, einmitt eftir að menn losnuðu við þær óhemjuplágur, sem yfir dundu af völdum veðurfars og sjúkdóma og urðu verri þar en nokkurs staðar annars staðar.

Það, sem hv. þm. sagði, varð því í meðförum hans, vegna þess að hann sleppti öllu þessu, ekkert annað en ótíndur óhróður um austfirzka bændur og austfirzkan búskap, en átti víst að hitta Framsfl. eða jafnvel mig eitthvað sérstaklega. Mikið skal til vinna að nota í því skyni málflutning eins og þennan.

Ég vildi, að sem allra flestir þm. t. d. og allra flestir landsmenn gætu átt kost á því að ferðast um Austurland og líta á þær framkvæmdir, sem þar hafa orðið í búnaði á síðustu árum, eftir að úr fór að rakna eftir plágurnar og rættist fram úr þeim gífurlegu erfiðleikum, sem af þeim stöfuðu, og mundu þeir þá áreiðanlega komast á aðra skoðun en hv. 3. þm. Austf. var að reyna að læða hér inn varðandi búskap á Austurlandi.

Ég þakka hæstv. forseta þolinmæðina.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég skal nú ekki lengja tímann, en út af því, sem hv. 3. þm. Austf. (JP) sagði, vil ég segja örfá orð.

Í fyrsta lagi í sambandi við vextina, sem hv. þm. ræddi í fyrri ræðu sinni, og út af því, sem hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) sagði þar um, þá leyfist mér að spyrja hv. 3. þm. Austf.: Hvað var hann að þakka? Var hann að þakka það, að þessi lán til bændanna ætti að lána þeim með vöxtum, sem væru neyðarráðstafanir, eins og hann orðaði það núna? Ég held, að það hafi verið farinn „derringurinn" úr hv. þm., þegar kom að þessu, fyrst þetta, sem hann rómaði svo mjög áðan og fullkomin ástæða var til að ætla af hv. 1. þm. Vesturl. í haust að væri það, sem hann hefði boðað í vetur, því að þá talaði hann um lán með hagkvæmum vöxtum, sem voru svo 8%, og það var því ekki undarlegt, þó að hv. 1. þm. Vesturl. segði, að nú vissi maður, hvað þeir sjálfstæðismenn kölluðu hagkvæma vexti, því að svo kom þessi hv. þm. og þakkaði sérstaklega fyrir þá. Hitt er svo annað mál, þó að hann hafi nú áttað sig á því, að þessir vextir eru neyðarúrræði, eins og hann sjálfur orðaði það.

En það er fleira í þessu máli, sem hv. stjórnarliðar hafa áttað sig á vegna gagnrýni okkar framsóknarmanna á Alþingi, sem orðið hefur til að gera það aðgengilegra, þótt ekki sé nóg að gert.

Mig langar til að heyra það frá hv. þm., það gerir ekkert til, þó að hann svari því ekki fyrr en við 3. umr.: Hvað er sérstaklega fyrir að þakka? Er sérstök ástæða til þess, að landbúnaðurinn þakki fyrir það að þurfa að sætta sig við vexti, sem eru neyðarúrræði, þegar sjávarútvegurinn fær þó ekki hærri en 6½% vexti? Hvaða ástæða er til þess, að landbúnaðurinn þurfi að búa við neyðarvextina? Ég hef ekki enn þá fengið skilið þau rök, sem voru fyrir því, nema þessa skýringu, sem ég gaf hér áðan, þ. e. vegna þess, hvernig þetta mál var tilreitt af hendi hæstv. ríkisstj., vegna þess að það átti ekki að láta Seðlabankann innleysa bréfin og það var verið að reyna að fá einhvern til að kaupa þau. Þess vegna var vaxtafóturinn svona hár. Það er af því, að það var ekki hugsað eins djarflega fyrir hönd landbúnaðarins, að gera Seðlabankanum skylt að taka þessi bréf, eins og í sambandi við sjávarútveginn.

Þá segir hv. þm., að það hefði átt að hækka vextina fyrr og stytta lánstímann hjá lánasjóðum Búnaðarbankans. Ég varð nokkuð undrandi. Ég vil leyfa mér að spyrja þennan hv. þm.: Úr hverju hefur þetta bætt fyrir íslenzkan landbúnað? Að hverju leyti stendur landbúnaðurinn betur að vígi fyrir það, að stofnlánin eru með hærri vöxtum og styttri tíma? Var ástæða til þess í landi, þar sem svo mikið þurfti að gera, eins og hv. þm. orðaði það sjálfur, í uppbyggingu og öðru slíku og þeim atriðum, — var ástæða til þess að fara þá svona að, að gera erfiðara fyrir með uppbygginguna. Ég sé ekki, hvernig er hægt að rökstyðja það í landi, sem mikið þarf að byggja upp, að það eigi að gera það sem erfiðast. Var ekki nóg fyrir bændurna í landinu að taka á sig verðhækkanirnar, þó að þetta bættist ekki við? Ég vonast til þess, að hv. þm. gefi mér skýringu á því, hvaða hagræði það hafi orðið fyrir landbúnaðinn, að þessu var breytt í það horf, sem nú hefur gerzt. Hitt er mér ljóst, að það var ekki hægt að láta lánasjóði landbúnaðarins starfa nema með því, að hið opinbera aðstoðaði þá. Þetta var opinber aðstoð við landbúnaðinn í landinu, að hafa lánakjörin eins hagkvæm og þau voru, og það átti það líka að vera. Það er ekki nema það eðlilega og þannig hugsað, að þetta væru betri kjör en á almennum peningamarkaði, og þess vegna var löggjöfin svo sem hún var, en ekki það, að verið væri að hugsa um hag sjóðanna út af fyrir sig, því að þeir áttu að vera til aðstoðar uppbyggingunni í landbúnaðinum. Mér þætti gaman að heyra um það frá hv. þm., þó að það verði ekki fyrr en við 3. umr. þessa máls, hvað hefur áunnizt fyrir íslenzkan landbúnað við þessa breytingu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 19. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 133,1 felld með 18:14 atkv.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 133,2 felld með 18:15 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 133,3 felld með 17:15 atkv.
— 133,4 tekin aftur.
4.—7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 21, 311).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil gera hér grein fyrir brtt. á þskj. 311. Þær eru fluttar af okkur tveimur fjárhagsnefndarmönnum, mér og hv. 4. þm. Austf.

Fyrri brtt. er við 1. gr. frv. Í þeirri grein segir, að bankavaxtabréfin, sem á að gefa út, skuli notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á árunum 1956—1960, að báðum meðtöldum. Við leggjum til í okkar brtt., að í stað 1960 komi 1961. Ef till. okkar verður samþykkt, eiga bændur þá kost á að fá lán til greiðslu á lausaskuldum vegna framkvæmda árið 1961, til viðbótar lánum til greiðslu á skuldum, sem myndazt hafa næstu árin á undan. Framkvæmdakostnaður allur er miklu hærri nú og hefur verið síðustu tvö árin heldur en áður var. Það má því búast við því, að lausaskuldir hafi myndazt hjá bændum á s. l. ári, þegar um einhverjar verulegar framkvæmdir hefur verið að ræða. Lögin munu því koma að meiri notum, ef þessum skuldum fæst einnig breytt í föst lán.

Síðari till. okkar er um það, að umsóknir um lán samkvæmt lögunum skuli senda veðdeildinni fyrir 1. maí 1962. Um þetta atriði var töluvert rætt við 2. umr., að gefa mönnum kost á að senda nýjar umsóknir, og skal ég því ekki fjölyrða um það. Upplýsingar, sem fengizt hafa um samninga við bankana, benda til þess, að ýmsir kröfuhafar, sem áður treystu sér ekki til að taka bréfin til greiðslu á lausaskuldum bænda, muni nú sjá sér fært að taka greiðslu á þann hátt, og þá sýnist alveg sjálfsagt að gefa mönnum kost á að senda nýjar umsóknir. Það er breytt viðhorf, ef menn geta nú fengið þær yfirlýsingar, sem lánveitandi hefur krafizt frá kröfuhöfum um, að þeir taki bréfin, þó að slíkar yfirlýsingar hafi ekki fengizt á næstliðnu hausti, þegar eftir þeim var leitað.

E. t. v. verður því haldið fram, að samþykkt á þessum brtt. á þskj. 311 muni tefja fyrir afgreiðslu lánanna. Því er þar til að svara, að þó að okkar tillögur verði samþykktar, þarf það ekki á nokkurn hátt að tefja fyrir afgreiðslu á lánum til þeirra bænda, sem nú þegar hafa sent umsóknir og þurfa ekki á því að halda að fá lán til greiðslu á skuldum, sem myndazt hafa hjá þeim árið 1961. Það er hægt, hvað sem þessum tillögum líður, að fara að afgreiða hvenær sem er lán til þeirra manna. Hins vegar má búast við, að það verði einhver dráttur á afgreiðslu lána til þeirra, sem notuðu sér heimildina til þess að sækja um lán til greiðslu á lausaskuldum frá árinu 1961, en í mörgum tilfellum mundu þeir telja það tilvinnandi að fá hærra lán, sem kæmi að meiri notum, þó að það hefði í för með sér, að þeir fengju lánið litlu síðar en annars hefði orðið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti, að mönnum sé það ljóst, þegar þeir athuga þessar tillögur okkar, að ef þær verða samþykktar, þá koma lögin að meiri og almennari notum fyrir bændur heldur en ef frv. er samþykkt óbreytt, eins og það nú er.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er út af umr., sem urðu við 2. umr., sem ég ætla að segja hér nokkur orð.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. lét orð falla í ræðu, sem hann hélt um þetta mál, á þá leið, að hann hlyti að líta svo á, að þeir, sem á þessum lánum þurfa að halda, hafi þegar sótt um þau. Ég held, að hv. 2. þm. Norðurl. v. viti betur. Ég þarf ekki að óska eftir því, að umsóknarfrestur verði framlengdur vegna bænda í Austur-Húnavatnssýslu. Ég átti tal við kaupfélagsstjórana um þetta í sumar og eins við ýmsa forráðamenn sveitarfélaganna, og ég held, að það hafi verið

gengið að því að hvetja menn til að sækja um lánin. Ég hygg, að í þeirri sýslu séu fáir, sem hafa ekki sótt um lán. En ég hygg, að í Skagafjarðarsýslu horfi þetta nokkuð öðruvísi við og að í Fljótum hafi forráðamenn kaupfélagsins og sparisjóðsins sagt bændum, að þeir hefðu ekki aðstöðu til þess að taka bréfin til að liggja með þau. Það lá ekkert fyrir um það, eins og allir vita, að bréfin yrðu keypt af Seðlabankanum. Það voru aðeins Búnaðarbankinn og Landsbankinn, sem höfðu gefið vilyrði fyrir því, og í ræðu, sem landbrh. hélt hér við 1. umr., gaf hann það alls eigi í skyn, að Seðlabankinn mundi kaupa bréfin. Það er ekki eðlilegt, að ráðherra segi meira en hann getur staðið við, jafnvel þó að hann geri sér einhverjar vonir. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að bændur uppi í sveitum geti fylgzt svo með, hvað gerist hér bak við tjöldin. Ég held því, að þarna sé ekki um réttlætismál að ræða, að það sé ekki rétt að farið, ef þetta verður ekki gert.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. lét liggja orð að því, að hv. 1. þm. Austf. hefði haft nógan tíma á s. l. sumri að hvetja bændur í Tímanum til að sækja, annað hefði ekki þurft að gera, og það hefði verið nær fyrir þann hv. þm. að gera það heldur en að vera að einhverju verkfallsbrölti s. l. sumar. Ég læt það liggja á milli hluta, hvort hv. 1. þm. Austf. hefur haft einhver afskipti af verkfallsbröltinu eða ekki. Hitt vil ég benda á, að það er ósanngjarnt að láta bændur í einhverju sveitarfélagi gjalda þess, hvað einhver maður í einhverjum flokki aðhefst. Ekki segja þeir honum fyrir verkum. Og viðvíkjandi blöðunum get ég bent á það, að ég veit ekki til, að neitt blað hafi sérstaklega hvatt bændur til að sækja um þessi lán, ég hef ekki lesið það, það hefur þá farið fram hjá mér a. m. k. Þetta var látið liggja á milli hluta. Þetta voru brbl., sem gefin voru út, og það lá ekkert fyrir um það, á hvern hátt það vandamál yrði leyst viðvíkjandi skuldabréfunum. Ég held, að blöðin hafi hvorki verið að segja bændum að gera þetta né segja þeim að gera það ekki. En það er ranglátt að ætla að láta bændur gjalda þess, þótt einhver þm. eða fyrrv. ráðherra eða þótt hann sé jafnvel í blaðstjórn einhvers blaðs hafi ekki látið skrifa einhverja sérstaka grein til að hvetja þá til að gera eitt eða annað.

Ég skal játa, að hv. 2. þm. Norðurl. v. er að mínu áliti drengskaparmaður og vel gefinn, og það er einmitt þess vegna, sem ég er að tala um þetta. Við vitum, að auk þess er hann prestur. Í því sambandi datt mér í hug dæmisagan, þegar Jesús mettaði fimm þúsundir. Hann deildi fáum brauðum og fáum fiskum á milli fjölda fólks. Mér datt í hug í því sambandi, að fólkið hafi ekki orðið satt af því, hve mikið það borðaði, heldur af því, að þessu litla var bróðurlega skipt. Mér datt í hug í því sambandi að benda mínum góða vini á það, hvort hann hefði íhugað, hvað Jesús mundi gera, ef hann væri í sporum þessara hv. sjálfstæðismanna, sem öllu ráða nú, hvort hann mundi láta suma af þeim, sem þörf hafa fyrir lán, fá þau, en aðra ekki. Ég get vel fallizt á, að fjármagnið sé takmarkað, en við eigum undir öllum kringumstæðum að skipta því eins réttlátlega og hægt er og ekki láta neinn gjalda þess, þó að hann hafi af einhverjum misskilningi ekki sótt á réttum tíma. Ég held, að það sé ekki réttlátt. Ef einhverjir geta ekki fengið lán, þá á að gefa öllum kost á að sækja og láta þá svo sitja á hakanum, sem bezta aðstöðuna hafa, þá sem ekki skulda meira en það, að líkur eru til, að þeir geti borgað það t. d. á þessu ári og næsta ári. Það er það eina, sem er rétt og skynsamlegt.

Ég veit, að landbrh. hefur haft talsvert fyrir þessu máli, og ég efast ekki um hans góða vilja, ég hef metið hann. Hvað mundi hann segja t. d., ef hann hefði þjón, sem ætti að taka til í húsi, hann kæmi svo inn í húsið og sæi, að þjónninn hefði ekki þvegið nema vissa bletti á gólfunum í herbergjunum, það væru eftir smáblettir, og þegar hann hefði átt að taka til í rúmunum, þá væri eitt og eitt rúm eftir? Hann mundi finna að við þennan þjón og segja, að hann hefði gert þetta illa. Hvað mundi hann segja við málara, sem ætti að mála herbergi og skildi eftir smábletti ómálaða, það yrði að vinna verkið aftur? Hann mundi vanþakka þessum málara og segja, að hann hefði gert verkið illa, þetta væri gagnslaust verk. Nú er það hans hlutskipti að inna þetta af hendi, sjá um, að þetta fari allt vel úr hendi, og mundi þá ekki vera viturlegra og skynsamlegra að gera þetta þannig, að það þyrfti ekki að vera að ganga í það á eftir? Og það megið þið vera vissir um, að ef þið skiljið vissa hreppa eftir eða vissa einstaklinga, sem hafa af óaðgæzlu eða einhverra ástæðna vegna ekki sótt um lán, þá verður gengið á það á eftir, það verður ekki látið liggja kyrrt. Þó að þið séuð nú í meiri hluta, þá er ekki víst, að þið verðið alltaf í meiri hluta. Við munum áreiðanlega reyna að rétta hlut þeirra, sem á að setja hjá nú af þeim ástæðum, sem ég hef áður nefnt. Það er ekki búmannlegt, hyggilegt eða skynsamlegt af hæstv. landbrh. og ekki honum samboðið, úr því að hann fer að vinna að þessu, að gera það ekki sómasamlega. Það munar svo litlu, hvort verkið er gert vel eða illa.

Pólitískt vinnið þið ekkert á þessum aðgerðum, það get ég alveg fullvissað ykkur um. Það er ævinlega svo, ef menn breyta rangt, að það kemur fram á þeim sjálfum. Ég vona, að þarna eigi sér ekki stað neinn hefndarhugur, þannig að menn eigi að gjalda þess, að þeir hafi frekar trúað Tímanum eða einhverjum framsóknarmönnum heldur en öðrum. Ég held, að það sé ekki. Ég efast ekki um, að það séu einhverjir sjálfstæðismenn, sem eiga eftir að sækja. Ef menn ætla að hefna sín á einhverjum, þá kemur það vanalega fram á þeim sjálfum, og þið skuluð athuga það, að með því að gera hluti, sem eru ekki réttir eða skynsamlegir, þá ljáið þið andstæðingunum vopn í hendur. Og Tíminn getur ábyggilega skrifað fáeina leiðara út af því, ef menn eru rangindum beittir í þessu, þannig að ef þið hjálpið einhverjum, þá eru það þeir, sem skrifa leiðara Tímans, þeir fá þarna efni til þess að skrifa um, og þið gefið sjálfir höggstað á ykkur. Ég held því, að það sé meira en rangt af ykkur að gera þetta, það er vitlaust líka, það er vitleysa. Og þegar það fer saman að gera rangt og gera það, sem er óskynsamlegt, þá er bezt að láta það

ógert. Það er aukaatriði, hvort þið samþykkið þessa brtt. eða ekki. Við vitum, að það er ekki venjulegt að samþ. brtt. frá okkur. Aðalatriðið er, að málið sé framkvæmt á réttan hátt, þótt það sé gert með reglugerðarákvæði eða með öðrum ráðstöfunum bak við tjöldin, það er alveg aukaatriði. Það þarf ekki að þakka okkur neitt í því efni, við ætlumst ekki til þess. Aðalatriðið er það, að hluturinn sé gerður og gerður rétt og heiðarlega.

Halldór Ásgrímsson: Hæstv. forseti. Áður en ég ræði þetta mál, eins og það liggur nú fyrir hv. þd., vænti ég, að mér leyfist að víkja lítils háttar að tildrögum þess og forsögu.

Strax og hin svokallaða viðreisnarlöggjöf hæstv. ríkisstj. kom á sínum tíma til umr. á hv. Alþingi, benti Framsfl. og raunar öll stjórnarandstaðan á það með sterkum rökum, að fyrirhuguð löggjöf með væntanlegum fylgifiskum væri ranglát og auk þess alger ofraun fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar, þ. á m. og ekki síst fyrir tvo aðalatvinnuvegina, landbúnað og sjávarútveg. Ég skal ekki fara nánar út í það mál, en aðeins minna á eitt atriði, sem sterklega var að fundið og varað við, en það var vaxtaokrið, sem var einn þáttur í hinni illa þokkuðu löggjöf.

Það kom líka strax á daginn, þegar til framkvæmda kom, að málsvarar atvinnuveganna, hvar í flokki sem þeir stóðu, tóku undir ádeilur Framsfl. um vaxtaokrið. Og svo fór, að stjórnarflokkarnir sáu sér ekki annað fært í árslok 1960 en að lina það að nokkru. Sú aðgerð, þótt um hana munaði, nægði þó ekki til að fleyta atvinnuvegunum áfram með aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. á herðum sér. Þetta var svo augljóst, að hæstv. sjútvmrh. sá sig til neyddan að gefa út brbl. hinn 5. jan. 1961, þar sem útvegsmönnum var opnuð leið til að breyta lausaskuldum sínum í hagstæð föst lán til langs tíma, og mun ráðh. hafa sett þau brbl. í samráði við ýmsa forsvarsmenn stéttarinnar.

Strax að liðnu jólahléi lagði hæstv. sjútvmrh. málið fyrir Alþingi, og voru allir sammála um að afgreiða það. En jafnframt lagði Framsfl. mikla áherzlu á, að inn í frv. skyldi bætt ákvæði um samtímis og sams konar aðstoð til bænda. Því máli eyddi þá hæstv. landbrh. og bar m. a. fyrir, að ekki væri vitað til, að bændur þyrftu þessarar aðstoðar við. En síðar gaf hann þó yfirlýsingu um, meðan á málsafgreiðslu stóð, að athugun yrði gerð, hvort bændum bæri nauðsyn til að fá sams konar fyrirgreiðslu í þessum efnum, og fyrir þinglok lét hann lýsa því yfir, að ríkisstj. hefði ákveðið að beita sér fyrir því, að bændum yrði gert kleift að breyta lausaskuldum sínum í föst lán til langs tíma, á svipaðan hátt og gert hafði verið með sérstökum lögum vegna þeirra, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.

Í forsendum fyrir brbl. sínum frá 5. jan. 1961 segir hæstv. sjútvmrh., að vegna rekstrarörðugleika sjávarútvegsins beri brýna nauðsyn til að breyta allmiklu — ég segi allmiklu — af lausaskuldum hans í löng lán. Hæstv. landbrh. var lengur að átta sig á ástæðum bænda í þessu sama efni. En hinn 15. júlí s. l. hefur hann þó komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn beri til, að sams konar ákvæði verði gefið út til handa bændum, og gefur því út brbl. þann dag um málið. Verður ekki annað séð samkvæmt forsendum þeirra brbl. en bændur eigi að njóta svipaðrar fyrirgreiðslu og kjara og veitt var sjávarútvegsmönnum og að framkvæmd skuldabreytinganna verði þannig, að hún nái tilgangi sínum. Eitt er þó athyglisvert í forsendum hæstv. landbrh. fyrir sínum brbl., samanborið við það, sem hæstv. sjútvmrh. lét fylgja sínum. Hæstv. sjútvmrh. lýsir því yfir, að hann ætlist til, að allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma verði breytt í löng lán. Má segja, að ráðh. gat tæplega tekið sterkar til orða um það atriði en hann gerði. Hins vegar segir hæstv. landbrh., að fyrirheit sé gefið um að breyta hluta af lausaskuldum bænda í föst lán. Má segja, að þar hafi verið tekið eins linlega til orða og fært þótti og að þetta orðalag hafi verið notað af ráðnum hug, og bendir til þess, sem verða átti um afgreiðslu málsins.

Þetta mál hefur valdið allmiklum umr. í hv. þd., enda að vonum, þar sem um er að ræða mikið hagsmunamál bændastéttarinnar, en málatilbúningur af hendi hæstv. landbrh. svo ömurlegur, að segja má, að þar heggur sá, er hlífa skyldi. Sem einn af fulltrúum bænda hér á hv. Alþingi hugsaði ég mér að segja hér nokkur orð við 1. umr. málsins og lýsa því ásamt öðrum, hvað væri óviðunandi í brbl. hæstv. ráðh. og hvað þyrfti því að lagfæra við afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi. En það vildi svo til, að ég var forfallaður, þegar þetta mál var til 1. umr. Hér var þó vitanlega enginn skaði skeður, því að nógir urðu til þess af hendi Framsfl. að benda á hina furðulegu ágalla frv. og gera kröfu til þess, að þeir yrðu lagfærðir í meðferð málsins hér á þingi. Sú n., sem fékk málið til meðferðar, hafði því nægilegar og rökstuddar ábendingar um þær lagfæringar, sem óhjákvæmilegar máttu teljast, ef svo átti að málinu að vinna, að það gæti orðið bændastéttinni að verulegu liði.

Það var þó ekki á hæstv. landbrh. að heyra, að nokkuð væri ábótavant um brbl. hans, og því var þess sennilega tæplega að vænta, að stjórnarliðið í hv. fjhn. tæki sig til að ganga inn á, að gerðar yrðu af n. hálfu brtt., sem að gagni mættu verða, og svo varð ekki, því að eins og nál. stjórnarliðsins ber með sér, er það aðeins hallelúja við öllu því, sem hæstv. landbrh. hafði gert og lagt til að gert yrði í málinu. En mikið má vera, ef einhverjum af þeim glöggu mönnum, sem að nál. meiri hl. stóðu, hefur ekki dottið í hug dæmisagan af refnum, sem bauð heim sýndarvini sínum og bar fram fyrir gestinn girnilega rétti, en þó á þann hátt, að gesturinn gat engra þeirra neytt, og fór hann því þurrbrjósta úr boðinu. En þótt svo hafi verið, má gera ráð fyrir, að þeir hinir sömu nm. hafi haft í huga hið forna máltæki í sambandi við hæstv. landbrh. og hugsað sem svo: Sjái hann fyrir sínum málum sjálfur.

Hv. minni hl. fjhn. bar hins vegar fram nauðsynlegustu breytingar við brbl., sem hefðu tryggt það, ef samþykktar hefðu verið, að bændur hefðu getað orðið aðnjótandi svipaðrar aðstoðar vegna lausaskulda og veitt hafði ver-

ið áður útvegsmönnum. Eins og kunnugt er, voru helztu brtt. minni hl. á þá lund að tryggja bændum rétt til að fá lán til að létta lausaskuldum af vinnslustöðvum sínum, að heimila bændum að fá lán út á landbúnaðarvélar sínar, að vextir af þessum lánum skyldu vera 6½% og að Seðlabankinn legði fram fé til lánveitinga. En allar þessar brtt. minni hl. fjhn. voru felldar við 2. umr. málsins, og stóð allt stjórnarliðið undir forustu hæstv. landbrh. samhuga að því. Eins og þingskjöl sýna, stóð ekki á því, að hv. fjhn. skilaði málinu frá sér, enda var það tiltölulega einfalt í sniðum og sérstaklega þegar tekið var tillit til þeirrar fyrirgreiðslu, sem útvegsmönnum hafði áður verið veitt vegna lausaskulda þeirra. Hjá nm. kom því fyrst og fremst til álita, hvort þeir ættu meira að meta að þjóna undir hug og vanhug hæstv. landbrh. í þessu máli eða að rétta bændum hönd í nauðsyn þeirra.

Meiri hl. hv. fjhn. skilaði áliti sínu 16. nóv. s. l. og minni hl. nokkrum dögum síðar. En það einstaka fyrirbrigði skeði, ekki sízt þegar um var að ræða stjórnarfrv., að þrátt fyrir að málið var margsinnis tekið á dagskrá, þá var hæstv. ráðh. ekki tilbúinn að taka málið til 2. umr. fyrr en um miðjan þennan mánuð. M. ö. o.: það tók hæstv. ráðh. marga mánuði að búa sig undir að fylgja málinu eftir, eftir að n. hafði skilað áliti.

Þrátt fyrir þessi furðulegu og einstæðu vinnubrögð hæstv. ráðh. ber ekki að lasta þau svo mjög, því að það kom í ljós, að ádeila Framsfl. varðandi brbl, og kröfur bænda og bændasamtaka um leiðréttingar mála sinna virðast hafa sannfært ráðh. um, að svo mikill maðkur var í þessari mysu hans, að ófært væri þrátt fyrir þingmeirihlutann að bera þann rétt óbreyttan fram fyrir bændur landsins.

Hæstv. ráðh. virðist því að lokum hafa sannfærzt um, að öll meginatriði í málfærslu Framsfl. um leiðréttingar í málinu og kröfur bænda um hið sama væru réttmætar og nauðsynlegt að gera þó a. m. k. einhverja bragarbót þar á. Þótt hæstv. ráðh. virðist hafa haft fullan hug á að hunza eftir föngum þessar kröfur, þá mun sennilega einhver samráðherra hans hafa bent honum á, að ekki yrði komizt hjá því að laga meginatriði brbl. að verulegu leyti og að nauðsyn bæri því til a. m. k. að afla einhvers fjár vegna fyrirhugaðra fjárveitinga, svo að bændum gæti orðið einhver hjálp að þessari ráðstöfun, en af brbl. ráðh. er augljóst, að hann hefur ekki hirt um að fara sömu leið og hæstv. sjútvmrh. fór, þegar hann og Alþingi tryggðu sjávarútvegsmönnum aðstoð vegna lausaskulda sjávarútvegsins og skylduðu Seðlabankann að veita fé til fyrirgreiðslu í þeim málum. En þessa leið hefur hæstv. landbrh. hvorki fyrr né síðar viljað aðhyllast eða fara og því ætlað bændum það vonlitla hlutverk að berjast að mestu óstuddir fyrir því við lánardrottna sína, að þeir tækju hin fyrirhuguðu bankavaxtabréf til greiðslu á lausaskuldum þeirra.

Sem sagt, hæstv. landbrh. sá sér ekki einu sinni fært að taka þessa höfuðkröfu stjórnarandstöðunnar til greina, en sá auðvitað jafnframt, að ekki var stætt á því að gera ekki eitthvað í málinu, og kaus því þá í raun og veru óskörulegu leið að ganga fyrir dyr Seðlabankans og biðja ráðamenn þar um aðstoð, þá menn, sem hæstv. ráðh. gat réttilega haft yfir að segja í þessu máli, samanber það sem gert hafði verið í sambandi við löngu lánin í þágu útvegsmanna. Og vafalaust gátu ráðamenn Seðlabankans látið sér eins vel líka lagaboð í þessu efni vegna bændanna eins og vegna útvegsmannanna.

Árangurinn af þessari Canossa-göngu ráðh. kom svo í ljós við 2. umr. málsins, því að þá las ráðherrann upp yfirlýsingu frá stjórn Seðlabankans um, að hann mundi aðstoða í sambandi við þessi fyrirhuguðu aðstoðarlán bænda. Vissulega verður þessi aðstoð Seðlabankans þakksamlega þegin, enda mikils virði og gefur bændum vonir um, að væntanlegar lánveitingar verði þeim að liði.

Þegar svo var komið málum við 2. umr., að hæstv. landbrh. hafði lesið fyrrgreint bréf frá Seðlabankanum, skoraði hv. 1. þm. Norðurl. v. á hæstv. ráðh. að hlutast til um, að þeir bændur, sem áður töldu sér þýðingarlaust að sækja um lán vegna óhagstæðra og fráleitra ákvæða brbl., fengju nú tækifæri til að bera fram sínar umsóknir.

Hæstv. ráðh. taldi það fjarstæðu, þótt þm. hefðu réttilega bent á, að mikilvægt atriði hefði nú breytzt til hags fyrir bændur og rétt væri því og skylt að gefa bændum tækifæri til að nota sér þá aðstoð, sem yfirlýst væri nú af hálfu Seðlabankans. Eins og málefni stóðu til, var það staðreynd, að hæstv. ráðh. hrökk ekki til að verja málstað sinn við 2. umr. málsins. Og þegar hann var að verulegu leyti búinn að leggja árar í bát, þá töldu ýmsir af stuðningsmönnum hans hér í þessari hv. deild ástæðu til að leggja honum lið í málflutningnum. Til máls tóku í þeim tilgangi hv. 3. þm. Austf. (JP) og hv. 2. þm. Norðurl. v. (GunnG), og voru ræður þeirra að mestu lofsöngur og þakkir til hæstv. ráðh. fyrir, hversu ágætlega hann hefði leyst þetta mikla vandamál bændanna. Taldi hv. 3. þm. Austf., að hæstv. ráðh. hefði leyst mikið afrek af höndum og það þrátt fyrir mikla andstöðu Framsfl., eftir því sem á ræðumanni mátti skilja. Vakti ræða hv. 3. þm. Austf. nokkra athygli þeirra, sem á hlýddu, því að svo haganlega fléttaði hv. ræðumaður saman háði og smeðjulegu lofi í garð hæstv. ráðh., að furðu gegndi. En um rætni í garð Framsfl. var ekki að villast. En hvað varðaði háðið, þá vil ég spyrja: Hvað er það annað en háð að lýsa því fyrst yfir með fjálglegum orðum, að brýna nauðsyn beri til, að sem allra mestu af lausaskuldum bænda sé breytt í föst lán, að vextir af lánum þessum verði sem allra hagstæðastir og að allir bændur, sem á því hafi þörf, fái að njóta lánanna, og jafnframt að þakka hæstv. ráðh. fyrir frammistöðu hans í þessum efnum? Ef þetta er ekki græskufullt háð í garð hæstv. ráðh., þegar litið er á alla málavexti, þá veit ég ekki, hvað það er. Og er það ekki háð í garð hæstv. ráðh. að fjargviðrast yfir því, hve málið sé óskaplega erfitt á allan hátt og hve mikið afrek það sé að koma því heilu í höfn, en gæta þess ekki, að nýverið var sams konar mál, en miklu

stærra og fjárfrekara, hávaðalaust og betur leyst fyrir sjávarútveginn? Snorri Sturluson segir á einum stað, þar sem hann ræðir um sannindi lofkvæða hirðskálda konunganna fornu, að hann hafi það fyrir satt, sem skáldin segi til lofs konungum sínum, því að enginn mundi þora að segja konungi það til lofs upp í eyru hans, sem hann sjálfur og allir aðrir, sem á hlýddu, vissu að væri ósatt. Og slíkt lof vildi Snorri Sturluson því telja skrök eða háð. Þessari gullvægu reglu virðist hv. 3. þm. Austf. hafa gleymt í ákafanum um að koma hæstv. ráðh. til liðs. En annars má væntanlega spyrja, í hverju afrek hæstv. landbrh. sé fólgið í þessu máli. Það mun vera flestra álit, að afrek geti það eitt talizt, sem betur er gert en annað, sem gert hefur verið í sömu grein, eða a. m. k. jafnvel og það bezta. Það verður því að telja heimilt að bera svokölluð afrek hæstv. landbrh. um að beita sér fyrir að koma lausaskuldum bænda á hagkvæman hátt í föst lán saman við sams konar aðgerð hæstv. sjútvmrh. um að breyta á sömu lund lausaskuldum útvegsmanna. Má geta þess, að jafnvel jöfn afrek eru ekki alls kostar sambærileg, sökum þess að hæstv. sjútvmrh. braut ísinn, skapaði fordæmið og greiddi götu hæstv. landbrh. með aðgerðum sínum í hliðstæðu máli. Afrekaannáll þessara hæstv. ráðh. er í stórum dráttum svo hljóðandi:

Hinn 5. janúar 1961 setur hæstv. sjútvmrh. bráðabirgðalög, þar sem stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilað að veita útgerðarmönnum lán til að breyta lausaskuldum þeirra í föst lán. Við meðferð þess máls á þingi leggur Framsfl. til, að inn í lögin sé bætt ákvæði, sem veiti bændum sams konar úrlausn. En þeirri till. var hafnað undir forustu hæstv. landbrh., sem svo gefur út brbl. hinn 15. júlí s. l., þar sem veðdeild Búnaðarbankans er heimilað að gefa út bankavaxtabréf til að lána bændum til að greiða með lausaskuldir sínar. Hæstv. sjútvmrh. leggur fyrir, að lánin til útvegsmanna skuli veitt út á skip þeirra, vinnslustöðvar og vélar. Hæstv. landbrh. leggur fyrir, að lán til bændanna séu aðeins út á fasteignir þeirra, og dæmir þannig frá upphafi þá bændur úr leik, sem eiga ekki fasteign, þótt á þeim sömu bændum hvíli lausaskuldir vegna vélvæðingar þeirra. Og í viðbót við afrek hæstv. landbrh. í þessu efni má geta þess, að hann sleppti hliðstæðu atriði um að veita bændum aðstoðarlán vegna lausaskulda, sem hvíldu á vinnslustöðvum þeirra. Hæstv. sjútvmrh. leggur fyrir, að allmiklu af lausaskuldum útvegsins skuli breytt í föst lán. Hæstv. landbrh. leggur fyrir, að hluta af lausaskuldum bænda skuli breytt í föst lán. Hæstv. sjútvmrh. leggur fyrir, að til taks sé nefnd til að meta eignir útgerðarmanna. Landbrh. leggur ekkert slíkt fyrir, og urðu því bændur, hver og einn, að eltast við að fá lögskipaða matsmenn hver fyrir sig. Hæstv. sjútvmrh. mælti svo fyrir, að Seðlabankinn skuli leggja stofnlánadeildinni fé vegna lánveitinga til sjávarútvegsins, en engin fyrirmæli um slíkt eru gerð af hæstv. landbrh. varðandi lausaskuldir bænda. Hæstv. sjútvmrh. gerir ráð fyrir, að stofnlánadeildin veiti útvegsmönnum bein veðlán. Hæstv. landbrh. mælir svo fyrir, að bændur fái bankavaxtabréf, sem þeir verði að verulegu leyti að *semja sjálfir um við lánardrottna sína, að þeir* taki upp í lausaskuldirnar. Hæstv. sjútvmrh. mælir svo fyrir, að vextir af lánum útvegsmanna skuli vera 6½%. Hæstv. landbrh. mælir svo fyrir, að bændur skuli greiða 8% af sínum lánum, af tiltölulega óhentugum gjaldmiðli, bankavaxtabréfunum. Og þeir vextir hljóta að standa óbreyttir áfram, þótt svo færi, sem ástæða er til að ætla, að hæstv. ríkisstj. heykist á því til langframa að halda uppi þeim okurvöxtum, almennt talað, sem nú eru í gildi.

Hinn 14. jan. 1961 gaf hæstv. sjútvmrh. út reglugerð varðandi mál sitt, eða 9 dögum eftir að hann setti brbl., og þar með fóru framkvæmdir í gang varðandi aðstoðarlánin til útvegsmanna. Hæstv. landbrh. gaf út sína reglugerð 9. okt. s. l., eða 86 dögum eftir að hann hafði gefið út brbl. og 9 dögum eftir að upphaflega hafði verið lagt fyrir bændur að hafa skilað öllum lánaumsóknum. Hæstv. sjútvmrh. gaf strax út öll fyrirmæli, sem máli skiptu um lánamöguleika og lánskjör, og vissu því útvegsmenn frá upphafi, að hverju var að ganga í því efni. Hæstv. landbrh. fór ekki þá leið, og urðu bændur því að leita, að því leyti sem brbl. sögðu ekki fyrir um málsatriði, upplýsinga hjá Búnaðarbankanum, sem gaf þær, eftir því sem hann gat bezt í té látið, meðan reglugerðin var ekki út gefin. En svo nú, þegar hæstv. ráðh. upplýsir, að vænta megi, að með aðstoð Seðlabankans geti þessi lán orðið til miklu almennari hjálpar bændum en hann hafði ráð fyrir gert, þá er helzt svo að heyra, að þeir bændur, sem höfðu ekki séð þýða fyrir sig að sækja um lán vegna vissra annmarka brbl., sem nú ættu að vera að verulegu leyti úr sögunni, fái ekki tækifæri til þess að nota sér þessi lán.

Ég skal láta þessum afrekaannál lokið og læt menn um að dæma, hvor hinna tveggja hæstv. ráðh. er nær því að hafa sýnt afrek, sá, sem beitti sér fyrir úrlausninni, skapaði fordæmið og gerði það á margan hátt farsællega, eftir því sem nú verður bezt vitað, eða hinn, sem drattaðist á eftir og gerði flest verra en sá, sem á undan fór.

Ég skal nú, hæstv. forseti, fara að láta máli mínu senn lokið, en vil þó aðeins lítils háttar víkja að örfáum atriðum af hinum rætnu slettum hv. 3. þm. Austf. í garð Framsfl., sem hann lét falla við 2. umr. þessa máls, þrátt fyrir það, þó að þær séu vissulega í raun og veru ekki þess verðar, að þeim sé svarað.

Hv. ræðumaður taldi, að lausaskuldir bænda væru frá eldri tíma en árum núv. hæstv. ríkisstj., og gaf helzt í skyn, að þær væru frá tímum vinstri stjórnarinnar svokallaðrar. Þetta er vitanlega órökstudd og furðuleg fullyrðing, sem í raun og veru brbl. hæstv. landbrh. afsanna, því að þar er tekið fram, að þær lausaskuldir, sem hafi safnazt frá árslokum 1955 til ársloka 1960, komi til greina, þegar um er að ræða að veita hin fyrirhuguðu aðstoðarlán. Auðvitað hafa lausaskuldir fyrr og síðar komið illa við bændur, og stafar það m. a. af vöntun á nægum framkvæmdalánum. En löngum var þó byrði lausaskuldanna þolanleg og ekki sízt einmitt í tíð hinnar svokölluðu vinstri stjórnar, og það

keyrði fyrst um þverbak fyrir bændum í þessum efnum, þegar núv. hæstv. ríkisstj. dembdi viðreisnarlöggjöfinni á með tilheyrandi okurvöxtum og öðru fleira, sem þeim fylgdi. Og það ætti ekki að þurfa að segja hv. þingmanni, að þessi aðstoðarlán, bæði til sjávarútvegsins og landbúnaðarins, eru til komin af þessum sökum.

Þá leyfði hv. þm. sér að segja, að Framsfl. hefði spillt fyrir framgangi þessa máls. Það eru fleiri en hv. þingmenn, sem vita, að þetta eru herfileg ósannindi, og m. a. vita bændurnir það um allt land. En út í það skal ég ekki nánar fara, því að væntanlega gefst okkur hv. 3. þm. Austf. tækifæri til að ræða það mál nánar í viðurvist austfirzkra bænda, jafnt frammistöðu hv. þingmanns í þessu máli sem í öðrum hagsmunamálum bændastéttarinnar, síðan hann komst á Alþingi.

Hv. 3. þm. Austf. var með ráðleggingar í garð okkar framsóknarmanna í sambandi við vinnubrögð okkar á Alþnigi, sérstaklega þegar um landbúnaðarmál væri að ræða, og taldi okkur það reyndar fyrir beztu að breyta um svip í vinnubrögðum. Þrátt fyrir góðan vilja eigum við framsóknarmenn vafalaust okkar yfirsjónir í málflutningi og afstöðu til mála eins og aðrir þingflokkar. En ég vil fullyrða, að það situr ekki á þessum hv. þm. né hans þingflokki að brigzla Framsfl. í því efni eða að ætla sér að gerast tyftunarmeistari. Og ég vil fræða hv. 3. þm. Austf. um það, að fullyrða má, að bændur eystra mundu setja upp óhýran svip, ef það kæmi í ljós, að við framsóknarmenn settum hans svip á afstöðu okkar til hagsmunamála bændanna.

Annars virtist hv. þm. tæplega sjálfrátt í glefsum sínum í garð framsóknarmanna, en yfir tók þó, þegar hann fór að brigzla bændum í Suður-Múlasýslu, þótt orðalagið væri annað, um ódugnað og ræfildóm og leiddi um leið orð að því, að slíkt væri að mestu leyti að kenna hv. 1. þm. Austf. Þessi fáheyrðu fúkyrði eru vitanlega jafnósmekkleg sem þau eru ósönn, og þarf ekki að hafa fleiri orð um það, nema þau eru vissulega Jónasarleg. Má segja, að með þessu hafi hv. þm. launað fylgi sjálfstæðisbænda í Suður-Múlasýslu sem hann var maður til. Og innræti sínu í garð bændastéttarinnar almennt jafnhliða þjónustuvilja sínum við þau öfl innan Sjálfstfl., sem vilja hafa bændur eftir atvikum sem mest hornreka í hverju máli, lýsti hv. 3. þm. Austf. vafalaust bezt með því að segja, að hann harmaði það, að ekki skyldu fyrr en raun varð á hafa verið hækkaðir vextir á stofnlánum landbúnaðarins hjá Búnaðarbankanum, og kenndi réttilega Framsfl. um, að svo varð ekki, meðan hann gat einhverju ráðið í þeim efnum.

Eftir að hæstv. landbrh. hafði við 2. umr. málsins tilkynnt orðsendingu Seðlabankans um aðstoð hans í málinu, talaði hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) og var prúður og hógvær að vanda. Morgunblaðið gerir mikið úr þakklæti því, sem hv. ræðumaður lét í ljós vegna þeirrar úrlausnar málsins, sem fólst í tilkynningu Seðlabankans, og virtist blaðið yfirfæra allt það þakklæti til hæstv. landbrh. Þótt það skipti nú ekki miklu máli, verð ég að segja það, að ég er ekki grunlaus um, að fréttamaður blaðsins hafi misskilið að nokkru þökk hv. ræðumanns í garð hæstv. landbrh. Víst var það þökk, sem hann flutti fram. En ég held, að það hafi verið álíka þakkarorð og hægt er, ef menn hafa geð til, að bera fram við mann, sem gefur félaga sínum kjaftshögg að ósekju, en hættir svo við, að góðra manna tilhlutan, að gefa annað, úrslitahöggið. Þetta má þakka fyrir bændanna hönd, og mér skildist, að þökk hv. 5. þm. Norðurl. v. væri eitthvað á þessa lund.

Hv. ræðumaður minntist einnig á þá hollu venju til sveita, að gestir þökkuðu fyrir veittar góðgerðir. Sem betur fer er þessari fornu venju við haldið, jafnt í sveit sem annars staðar, og venjan er, að ef þeir eru einhverra hluta vegna ekki viðlátnir, sem góðgerðirnar veittu, þegar gesturinn fer, þá er það venjan að biðja einhvern framámann heimilisins að skila kveðju og þökk fyrir veittar góðgerðir. Ég vil taka undir ábendingu hv. 5. þm. Norðurl. v. um alla kurteisi, og vil þess vegna leyfa mér fyrir hönd íslenzkra bænda að biðja hæstv. landbrh. að skila kveðju og þökk til ráðamanna Seðlabankans fyrir að hafa bjargað þessu máli eins vel og mikið og í þeirra valdi stóð.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta mál er nú komið á lokastig hér í hv. deild, og ég skal ekkert fara inn á það að ræða þetta vandamál almennt og ekki heldur fara að svara þeirri eldhúsræðu, sem hér var flutt af síðasta ræðumanni og sýnilega er flutt í þeim tilgangi að tefja afgreiðslu þessa máls. Þeir menn, sem þar var veitzt að, eru fullfærir um að svara fyrir sig sjálfir, ef þeim þykir ástæða til. En ég kvaddi mér hér hljóðs til að segja nokkur orð út af þeirri brtt., sem hér er flutt af minni hl. hv. fjhn.

Það hefur verið um það kvartað, að það hafi orðið langur dráttur á afgreiðslu þessara lána, sem hér eru fyrirhuguð. Sú kvörtun er ekki að öllu leyti ástæðulaus. Mér er kunnugt um það, að margir þeir menn, sem sóttu um þessi lán, eru orðnir þreyttir eða leiðir yfir því, hvað afgreiðsla þeirra hefur dregizt lengi. En ef ætti að fara að samþykkja nú þessa brtt. frá minni hl. fjhn., þá yrði drátturinn nokkuð langur, ég veit ekki, hve langur, a. m. k. fram undir lok þessa árs. Það er búið að leggja í það mikla vinnu í Búnaðarbankanum að sundurliða umsóknirnar og skuldirnar, sem um er að ræða hjá þeim bændum, sem sótt hafa um þessi lán. Öll sú vinna verður ónýt, ef þessi till. verður samþykkt. Það verður að endurtaka hana alla vegna þess, að eftir henni á að miða við árslok 1961 í staðinn fyrir árslok 1960. Það verður auðvitað að endurtaka alla þessa vinnu, og það yrði líka að endurnýja algerlega samninga þá, sem gerðir hafa verið við bankana um að taka veðdeildarbréfin, því að þeir samningar eru miðaðir við þær upphæðir, sem fyrir liggja í þeim lánbeiðnum, sem settar hafa verið fram og um er að ræða. Þá er það enn fremur, að ef ætti að fara að gefa nýjan umsóknarfrest, þá mundi það tefja alla framkvæmd málsins stórkostlega, og ég verð að segja, að á því er í raun og veru

engin þörf. Það var gefinn umsóknarfrestur í 2½ mánuð á s. l. sumri og hann rækilega auglýstur í útvarpi og blöðum, og á þessu tímabili var m. a. haldinn stéttarsambandsfundur bænda. Bændur höfðu þess vegna allir nægilegan tíma og tækifæri til þess að sækja um þessi lán, því að það var ekki um það tilgreint í þeim auglýsingum, hvaða skjöl þyrftu að fylgja, því að það var ekkert bundið við, að þau yrðu öll að vera til staðar, þegar umsóknarfresturinn væri liðinn.

En ég verð að segja það, að mér kemur það ekkert á óvart, þó að framsóknarmenn vilji fá nýjan umsóknarfrest. Þeir hafa í þessu máli haft allt á hornum sér, tafið málið og lagt meiri áherzlu á að rægja hæstv. landbrh. fyrir að hafa flutt það heldur en að gera málinu gagn. Og eitt m. a., sem ég hef spurnir af að þeir hafa gert og þeirra fulltrúar víðs vegar um land, það er að eggja bændur á að sækja ekki um þessi lán, því að þeir mundu ekkert gagn hafa af því. Og nú sjá þeir, að þetta muni vera dálítið athugavert og það er ekki bændum alls kostar til happa að hafa ekki sótt um, og þá vilja þeir auðvitað fá nýjan umsóknarfrest. En ef þetta mál verður afgreitt eins og það liggur fyrir nú, þá verður að ráðast, hvort það verður farið síðar í það að setja önnur lög, sem gefa frekari heimildir til þess að breyta lausaskuldum bænda í önnur lán. Ég vildi taka það fram, til þess að mönnum væri ljóst, að ef þessi till. verður samþykkt, þá er það til þess að tefja allt málið og tefja stórkostlega fyrir afgreiðslu allra þeirra lána, sem sótt hefur verið um.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið nokkrar umr. um þetta mál og ekki að ófyrirsynju, bæði við 1. umr. málsins, við 2. umr. og einnig nú við 3. umr. Ég hef ekki tekið þátt í þeim umr. hingað til og veit ekki, hvort ég hefði gert það, ef ekki hefðu komið fram ummæli nokkur í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem mér finnst ástæða til að gera að umtalsefni. Þar virtist mér hjá þeim mæta manni koma fram nokkur misskilningur eða þá það, að hann hafi ekki íhugað þau málsatriði, sem þar er um að ræða, sem skyldi. En úr því að ég hef kvatt mér hljóðs, mun ég fara nokkrum orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og upphaf þess.

Eitt kvöld á slættinum s. l. sumar, ef ég man rétt, birti ríkisútvarpið þá frétt, að út hefðu verið gefin brbl. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, og síðan birtur texti þessara brbl. Eins og venja er, fylgdi þessum brbl. grg. sú, sem hlutaðeigandi ráðherra hafði látið forseta lýðveldisins í té, þegar brbl. voru fyrir hann lögð. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðaði þessi grg. til forsetans á þessa leið, eins og frá henni er skýrt af forseta:

„Landbrh. hefur tjáð mér, að ríkisstj. hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu. Þar eð undirbúningi að þessari breytingu er lokið og nauðsynlegt að létta nefndum lausaskuldum af bændum hið allra fyrsta, beri brýna nauðsyn til að veita veðdeild Búnaðarbanka Íslands nauðsynlegar heimildir til þess, að breytingin geti farið fram og náð tilgangi sínum“ o. s. frv.

Aðalákvæði þessara brbl. voru svo á þá leið, að veðdeild Búnaðarbankans væri heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að bankavaxtabréf þessi yrðu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—60, og að lán samkv. lögum þessum skuli aðeins veitt gegn veði í fasteign bónda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru. Lánstími skuli vera allt að 20 ár og vaxtakjörin ákveðin sérstaklega. Enn fremur, að lán, samkv. þessum lögum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skuli ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

Ég var staddur í Norðurlandi, þegar þessi frétt barst um brbl. og efni þeirra, og ég varð þess strax var af viðtölum við bændur, sem komu að máli við mig út af þessari frétt, að menn áttuðu sig ekki fullkomlega á því, í hverju þessi fyrirgreiðsla væri fólgin. Sýndist flestum hún vera fremur lítil, ef ekki væri um annað að ræða en að menn gætu fengið bankavaxtabréf, sem þeir yrðu svo að ráðstafa sjálfir, og þá vafamál, hvort þau kæmu að haldi til þess að greiða þær lausaskuldir, sem um væri að ræða. Einnig varð ég þess var hjá mönnum, sem eiga ekki jarðir sínar sjálfir, að þeim sýndist mundi vera nokkur bagi á, að þeir gætu notað sér lögin, þar sem ekki væri gert ráð fyrir, að hægt væri að veðsetja vélar eða bústofn. Um vextina af þessum lánum var á þeim tíma enn ekkert kunnugt. Það var gert ráð fyrir, að þeir yrðu ákveðnir síðar. En það var auglýst eftir umsóknum og umsóknarfrestur settur til 1. okt.

Ég ætla, að það hafi verið hv. síðasti ræðumaður, og ég bið hann afsökunar, ef það hefur verið einhver annar úr hans flokki, en mig minnir, að það væri hann og e. t. v. einhverjir fleiri, sem létu orð falla um það, að þm. Framsfl. hefðu latt menn í sambandi við umsóknir um þessi lán, hefðu dregið úr því, að menn sæktu um þessa fyrirgreiðslu. Ég veit ekki, hvaðan þessi hv. þm. eða aðrir hv. þm. hafa þær fréttir. Ég skal ekki svara fyrir aðra menn, en að því er mig sjálfan varðar, þá vil ég alveg vísa þessu til baka, þessari frétt eða fullyrðingu, svo að ég hafi ekki um það önnur orð, heim til föðurhúsanna, því að ég get sagt fyrir mitt leyti, að við þá menn, sem spurðu mig um það, hvort ráðlegt mundi vera að sækja um þessi lán, — kannske hafa það ekki verið margir, en það voru einhverjir, — þá sagði ég alltaf það sama, að það væri sjálfsagt að gera það, alveg sjálfsagt að gera það, því þó að aðstoð samkv. þessum brbl. væri sýnilega eða virtist vera mjög ófullkomin, þá væri ekki fyrir það að synja, að hér kynni að verða bætt úr á einhvern hátt. Mér þætti líklegt, að Alþingi mundi gera athugasemdir við þessi brbl., þegar það kæmi saman, og þar mundi vera vilji fyrir því að gera þessa fyrirgreiðslu meiri og láta hana

koma að notum, það mundi verða reynt — eða væri ekki ólíklegt, að það yrði reynt að leysa úr því á einhvern hátt og þá sennilega með breytingu á brbl., því að það þótti mér reyndar líklegast að yrði. Hins vegar verð ég að segja það og vil hér með skýra frá því hér á þessum vettvangi hæstv. landbrh. og öðrum, sem það vilja taka trúanlegt, að ég hef ástæðu til að ætla, að það fyrirfinnist menn í hópi bænda, sem hafa ekki sótt um þessi lán, af því að þeim sýndust lögin ekki þessleg, að neitt gagn mundi verða að slíkum umsóknum, og af því að engin endurbót var komin á lögunum eða neitt fyrirheit um slíka endurbót um það leyti, sem umsóknarfresturinn var útrunninn. Og ummæli hæstv. landbrh. í formálanum fyrir brbl., sem ég las áðan, að undirbúningi að lagasetningunni sé lokið, eins og þar er orðað, þau gátu vissulega gefið mönnum tilefni til þess að ætla, að ekki væri að vænta breytinga hér á. Það er nú svona, að þó að það þyki kannske í fljótu bragði ekki mikil fyrirhöfn að senda hingað suður í veðdeild Búnaðarbankans nokkra pappíra áritaða, þá er það stundum töluvert mikil fyrirhöfn að ná í þessa pappíra og bændur hafa oft í öðru að snúast en vera að afla sér þeirra, ef þeir þá telja, að það hafi enga þýðingu. Hins vegar vil ég segja það, að ég álít, að margir eða e. t. v. mikill meiri hluti af þeim, sem óska eftir aðstoð vegna lausaskulda, hafi sótt. En ég þykist, eins og ég sagði áðan, hafa ríka ástæðu til að ætla, að það muni vera nokkuð af mönnum, sem ekki hefur gert það.

Svo gerist það í málinu, að hæstv. landbrh. gefur út reglugerð samkv. brbl. hinn 9. okt. s. l., og sú reglugerð var eiginlega ekki til þess fallin að hvetja menn til þess að reyna að koma inn umsóknum, eftir að umsóknarfresturinn var liðinn, jafnvel þó að veðdeildin hefði viljað taka á móti umsóknum eftir það. Reglugerðin gaf ekki neinar nýjar vonir í þessu máli, síður en svo. Þó að liðnir væru þrir mánuðir frá útgáfu brbl. og hefði því gefizt allríflegur tími fyrir hæstv. ráðh. til þess að sinna málinu, þá gaf þessi reglugerð frá 9. okt. ekki neinar nýjar vonir í þessu máli, heldur þvert á móti, því að þar var ekki komið fram með neitt úrræði til þess að gera verð úr þessum vaxtabréfum, gera þau nothæf til síns brúks, og þar kom svo ákvæði um vextina, sem mun ekki hafa aukið bjartsýni manna verulega í þessu sambandi, þar sem þeir voru ákveðnir 8%, eins og margsinnis hefur verið vikið að hér í umr. Og ég held, að það sé ekki ofmælt, þó að það sé sagt, að mörgum bændum, sem var kunnugt um vexti í stofnlánadeild sjávarútvegsins í sambandi við fyrirgreiðslu þar, hafi komið þetta á óvart, að vextirnir til bænda skyldu vera þetta hærri en til útvegsmannanna, án þess að menn séu þar með nokkurn meting. Það er sannarlega ekki ástæða til þess, að menn séu með neinn meting á milli sjávarútvegsmanna og bænda, nema síður sé. En bændum finnst þetta eðlilegt, að þeir njóti sams konar kjara og ekki lakari í sambandi við lán og aðrar atvinnustéttir eða aðrir atvinnuvegir, og það hefur verið í seinni tíð viðurkennt hér á Alþingi, a. m. k. í orði kveðnu, af öllum eða svo að segja öllum, að bændur og landbúnaðurinn ættu að njóta þess, sem kalla mætti beztu kjör í lánsfjármálum, að þeir ættu ekki að greiða hærri vexti eða yfirleitt að öðru leyti að hafa óhagstæðari lánskjör en aðrir atvinnuvegir eða aðrar stéttir á hverjum tíma, og þannig held ég, að hafi verið yfirleitt að málum staðið fram að þessu. Þess vegna virðist mér, að hér sé um nokkurt nýmæli, nokkra nýlundu að ræða, þar sem bændum í þessu tilfelli er ætlað að sitja við annað borð, lægra en öðrum, sæta óhagstæðari kjörum. Í því virðist mér eiginlega örla á nýrri stefnu í þessum málum, nýrri stefnu í landbúnaðarmálum. Þó að þar sé kannske ekki um nýja stefnu að ræða, þá virðist mér örla á henni þarna, og væri vonandi, að það væri ekki undanfari meiri tíðinda af því tagi. En í því sambandi verð ég að segja það, að þau hryggðu mig mjög, ummæli, sem hér féllu við síðustu umr. frá hv. þm., sem hefur nú verið starfandi við landbúnað, hv. 3. þm. Austf., þar sem hann eiginlega lagði lykkju á leið sína til þess að ræða þessi lánsfjármál landbúnaðarins umfram það, sem þetta mál, sem hér liggur fyrir, gaf beinlínis tilefni til. Og hann gekk svo langt í því, að hann lýsti yfir því sem sinni skoðun, að vaxtahækkunin, sem gerð var fyrir tveimur árum hjá Ræktunarsjóði Íslands, hefði verið fullkomlega réttmæt og eðlileg, og hann teldi meira að segja, að hún hefði átt að koma fyrr, þessi vaxtahækkun á lán bændanna hefði átt að koma fyrr. Mig furðaði töluvert mikið á þessum ummælum, ekki sízt frá þessum hv. þm., sem ég hef álitið að væri einn þeirra manna í Sjálfstfl., sem helzt mundu hneigjast til þess að líta á þarfir landbúnaðarins og nauðsyn og kunna skil á þýðingu hans almennt fyrir þjóðlífið. Þess vegna furðaði mig á þessum ummælum, og ég ætla, að svo muni fleirum fara. Ég hefði haldið, að þessi þm. og aðrir slíkir, sem studdu vaxtahækkunina á sínum tíma á stofnlánum landbúnaðarins, mundu vilja skýra afstöðu sína á þá leið, að þetta væri neyðarráðstöfun, hrein neyðarráðstöfun eða samkomulagsráðstöfun innan flokks eða meðal stjórnarstuðningsmanna, en ekki að þeir í sjálfu sér teldu þetta réttmætt og að aðra eins ráðstöfun hefði átt að gera miklu fyrr. Og það er illt til þess að vita, ef þetta er tákn nýrrar stefnu í landbúnaðarmálum á vegum hæstv. ríkisstj.

Nú var það svo, eins og ég var að ræða um áðan, að reglugerðin samkv. brbl. var gefin út 9. okt. s. l., og eins og ég sagði áðan, var hún síður en svo til þess fallin að glæða vonir manna um góða fyrirgreiðslu í þessu máli. Svo leið og beið og málið var lagt fyrir Alþingi. Frv. var vísað til nefndar, og nefnd skilaði áliti eða álitum. Síðan er langur tími liðinn, og nú er komið fram í febrúarmánuð 1962. Nú hefur það gerzt, að hæstv. landbrh. hefur tilkynnt þingheimi það, sem út af fyrir sig verður að telja góðar fréttir, að Seðlabankinn hafi fallizt á að veita viðtöku vaxtabréfum þeim, sem hér er um að ræða, á þann hátt, að ætla má, að að gagni geti orðið, a. m. k. flestum þeim, sem um þessi lán þurfa að sækja, þannig að þeir geti

greitt lausaskuldir sínar með þessum bréfum. Þó sýnist mér, að svo geti farið, að ekki komi þetta öllum að gagni, eða hvernig fer um þá, sem skulda ekki bönkum, ekki sparisjóðum og ekki verzlunum, heldur einhverjum einkaaðilum? Það eru lausaskuldir og geta verið óþægilegar við að fást ekki síður en hinar, en ég hef ekki komið auga á það, að fyrirheit Seðlabankans, eins og það er skráð í bréfi, sem hæstv. ráðh. las upp í deildinni, leysi vanda þeirra manna. Ef það væri, þá væri mér mjög kært að fá það upplýst, því að það skiptir vissulega máli. Eins er um hitt, að bændur, sem eiga ekki jarðir sínar, verða hér í nokkrum vanda, því að þeir verða þó að geta tryggt lánin. Hér er um að ræða bæði landseta ríkisins, þ. á m. embættismenn, t. d. presta í sveitum, og einnig menn, sem búa á jörðum í einkaeign sem leiguliðar. Nú getur verið, að hæstv. ríkisstj. geti tryggt það, að veðleyfi fáist fyrir þá, sem búa á opinberum jörðum, og vonandi tekst að tryggja það, en þá eru hinir, sem búa á jörðum í einkaeign sem leiguliðar. Lögin heimila ekki, að þeir veðsetji eignir, sem þeir kunna að eiga, eða verðmæti, sem þeir kunna að eiga og í ýmsum tilfellum hafa verið veðhæf, eins og vélar og bústofn. Og við 2. umr. var felld — því miður — brtt. frá minni hl. fjhn. um það, að vélar væru veðhæfar í þessu sambandi. En ýmsar af þeim lausaskuldum, sem hér er um að ræða, eru áreiðanlega orðnar til einmitt í sambandi við vélakaup og ekki óeðlilegt, að vélarnar gætu þá staðið sem trygging fyrir lánunum, enda var það svo í þeim lögum, sem samþykkt voru hér á hv. Alþ. árið sem leið um lausaskuldir útvegsins, að þá var gert ráð fyrir því, að vélar yrðu veðsettar fyrir lánunum.

Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, virðist mér, að brtt. tveggja hv. þm. úr minni hl. fjhn. á þskj. 311 um, að umsóknarfrestur skuli vera til 1. maí 1962, sé eðlileg og sanngjörn, og ég vil mjög mega vænta þess, að menn geti fallizt á að samþykkja hana. Einnig virðist mér, að eðlilegt sé að samþykkja fyrri brtt. á þskj. 311, um það, að lán skuli veitt til framkvæmda, sem bændur hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—61. Í frv. stendur: 1956—60. Samkv. þeim ákvæðum er ekki heimilt að lána til greiðslu á lausaskuldum, sem stofnaðar eru vegna framkvæmda á árinu 1961. Ég held, að sanngirni og nauðsyn mæli með því, úr því að afgreiðsla málsins hefur dregizt svona á annað borð, að taka árið 1961 með. Ef það verður ekki gert, þá er hætt við því, að ýmsar skuldir, sem til voru á árinu 1960 og taldar hafa verið fram, falli niður og verði ekki veitt lán til greiðslu á þeim, því að eftir lögunum og reglugerðinni mundi það vera svo, að ekki verður veitt lán til greiðslu á öðrum skuldum en þeim, sem eru til, þegar lánið er veitt. En ýmis dæmi munu vera um það að menn hafi greitt skuld frá árinu 1961 á þann hátt að stofna til annarrar skuldar. Það er í raun og veru um sömu skuldina að ræða, þó að það líti ekki þannig út við skuldaframtal eða við það yfirlit, sem gert er, um leið og lánið er afgreitt. Auk þess er það áreiðanlegt, að á árinu 1961 hafa safnazt nýjar skuldir hjá allmörgum, og það er ekki óeðlilegt. Ef hætta hefur verið á því á árunum 1956—60, að skuldir söfnuðust hjá bændum, vegna vélakaupa og vegna bygginga og ræktunar, þá hefur sú hætta þó verið miklu meiri á árinu 1961, því að aldrei hefur verið eins dýrt að byggja, aldrei eins dýrt að kaupa vélar, aldrei eins dýrt að rækta.

Ég trúi því ekki, fyrr en ég heyri það eða sé, að hv. þm. felli till. á þskj. 311. Nóg var að gert, þegar hv. deild felldi við 2. umr. brtt. minni hl. n., sem þá voru fluttar. Ég hef gert þær till. hér nokkuð að umtalsefni ásamt öðru, þótt þær liggi ekki fyrir nú, og mun ekki ræða þær umfram það, sem ég hef gert.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég ætla ekki að ræða það, hvort ástæða sé til, að fulltrúar bænda standi hér upp í hv. deild til þess að bera fram þakkir til hæstv. landbrh. út af þessu máli. Það geta þeir gert, sem sýnist, og hæstv. ráðherra veitt þeim þökkum viðtöku, sem honum þykir ástæða til. En ég hygg, að hann ætti a. m. k. að beita sér fyrir því, að þær brtt. verði samþykktar, sem nú liggja fyrir.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það var ræða sú, er hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm) flutti hér áðan, sem gefur mér tilefni til að segja örfá orð.

Hv. þm. segir, að þegar sé orðinn langur dráttur á afgreiðslu þessa máls og afgreiðslu þeirra lána, sem ætlað er að veita samkv. þessu frv. Það er alveg rétt. En um það er ekki hægt að kenna andstæðingum núverandi ríkisstj. Þessi dráttur stafar af því, að málið var illa undirbúið fyrir þingið, og drátturinn stafar af því, að hæstv. ráðherra fór að vinna að málinu, eftir að búið var að leggja það fyrir þingið, og tók það langan tíma. Svo segir hv. 4. þm. Norðurl. v., að drátturinn yrði þó enn lengri og tilfinnanlegri, ef brtt. okkar á þskj. 211 yrðu samþykktar.

Ég vil enn vekja athygli á því, sem ég gerði, þegar ég mælti fyrir þessum till., að samþykkt þeirra þarf ekki að valda neinum drætti frekar en orðinn er á afgreiðslu lána til þeirra bænda, sem hafa sent umsóknir og þurfa ekki á að halda lánum vegna skulda frá s. l. ári. Það ætti að verða hægt, þó að okkar till. verði samþykktar, að taka nú þegar að afgreiða lán til þessara bænda. Aftur á móti þegar um er að ræða menn, sem hafa stofnað til viðbótaskulda á næstliðnu ári, þá getur það að vísu dregizt nokkuð, að þeir fái lánin afgreidd, en þá aðeins vegna þess, að þeim þykir það borga sig að bíða dálítinn tíma eftir lánunum, ef þeir fá þá afgreiðslu, sem kemur þeim að meiri notum, ef þeir fá þá meira af sínum lausaskuldum tekið og breytt í fast lán. Nýi umsóknarfresturinn mundi ekki á nokkurn hátt tefja fyrir afgreiðslu þeirra lána, sem nú þegar hefur verið sótt um. Hv. þm. sagði, að það hefði ekkert verið tilgreint í auglýsingum bankans í fyrrasumar, hvaða skjöl þyrftu að fylgja umsóknum. Þetta er ekki rétt. Það var tekið fram, hvaða skjöl þyrftu að fylgja umsóknum, og það var ekki fyrr en um það leyti sem umsóknarfrestur rann út, sem auglýst var í útvarpi, — það

var Búnaðarbankinn, sem auglýsti í útvarpi, að það væri nægilegt að senda aðeins umsókn um lán fyrir 1. okt., skjölin mættu koma síðar.

Það er samkv. því, sem ég hef nú bent á, alveg rangt, sem þessi hv. þm. hélt fram, að við framsóknarmenn hefðum tafið málið. Málið hefur ekkert tafizt fyrir okkar tilverknað. Hann var einnig með dylgjur um það, að víða um land hefðu bændur verið eggjaðir á að sækja ekki um lánin. Slíkar dylgjur hafa komið fram hjá fleirum í umr. um þetta mál hér í deildinni. Þeir hafa varazt að nefna nokkur dæmi um þetta, og ég geri fastlega ráð fyrir því, að þau séu engin til, og þess vegna eru þetta alveg ósæmilegar dylgjur, — dylgjur um, að einhverjir menn hafi verið að letja bændur í þessum efnum og ráða þeim frá því að sækja um þessi lán, — algerlega órökstuddar ásakanir, og ég geri ekki ráð fyrir, að þær hafi við nokkuð að styðjast, a. m. k. þekki ég engin dæmi þessa.

Út af till. okkar um það, að mönnum verði gefinn kostur á lánum vegna skulda, sem myndazt hafa 1961, vil ég segja frá því, að ég hef sannfrétt, að þegar verið var að afgreiða lánin til útgerðarfyrirtækja á næstliðnu ári, þá hafi það verið þannig yfirleitt, að miðað var við ástæður fyrirtækjanna, eins og þær voru í árslok 1960, en þó fengu ýmis útgerðarfyrirtæki einnig teknar með lausaskuldir, sem myndazt höfðu hjá þeim á árinu 1961, áður en afgreiðsla á lánum til þeirra fór fram. Þetta hef ég sannfrétt. Og það væri nokkurt spor í áttina til þess að láta bændur njóta svipaðrar fyrirgreiðslu að samþykkja brtt. okkar um það, að skuldir frá 1961 kæmu hér til greina. Og vissulega ættu bændur að mega í einu atriði njóta hliðstæðra kjara og útvegsmenn hafa notið. Ekki væri þar til mikils mælzt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 23. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 311,1 felld með 19:13 atkv.

— 311,2 felld með 19:13 atkv.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., 26. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 27. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til staðfestingar á brbl. um lausaskuldir bænda, sem voru gefin út 15. júlí s. l., er komið frá Nd. og hefur verið rætt mikið þar, og einnig hefur verið mikið skrifað um þetta mál, svo að hv. dm. eru áreiðanlega mjög kunnugir málinu. Eigi að síður þykir mér hlýða að fara nokkrum orðum um málið hér, þótt ljóst sé, í hverju það er fólgið.

Með frv. er gert ráð fyrir því, að veðdeild Búnaðarbankans gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa, og skulu þau eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda. Auglýst var eftir umsóknum, eftir að lögin höfðu verið gefin út, og umsóknarfrestur gefinn til 1. okt., í 2½ mánuð. Eftir 1. okt. var ljóst, að ekki höfðu allar umsóknir verið fullnægjandi, og vantaði ýmis skjöl og skilríki í þær, til þess að þær væru teknar til greina, og var þá framlengdur fresturinn til 1. des. til þess að fullnægja umsóknunum. Má því ætla, að umsóknarfresturinn hafi verið nægilega langur til þess, að þeir, sem töldu sig hafa þörf fyrir fyrirgreiðslu í þessum efnum, reyndu að notfæra sér það, enda hafa um 1200—1300 bændur sótt um þessa fyrirgreiðslu. Og upphæðin, sem sótt er um að veita, er 82 millj. kr. Vextir af bréfunum eru ákveðnir 7½%, og er gert ráð fyrir, að lánið verði til 20 ára. Gera má ráð fyrir, að flestir, sem hafa sótt, geti fengið þá fyrirgreiðslu, sem ætlazt er til, með því að umsækjendur munu langflestir hafa nægileg veð, eftir að ný virðing hefur farið fram á húsum, jörðum og öðrum mannvirkjum. En það er gert ráð fyrir að lána aðeins út á fasteignir, enda um 20 ára lán að ræða.

Að því hefur verið fundið, að það skuli einungis lánað út á fasteignir og að það skuli ekki vera lánað út á vélar eða vinnslustöðvar landbúnaðarins. Er það borið saman við þá fyrirgreiðslu, sem sjávarútvegurinn hefur fengið, og ýmsir telja, að landbúnaðurinn fái lakari fyrirgreiðslu en sjávarútvegurinn. Ég tel hins vegar, að með þessum lögum muni bændur fá fyllri og betri fyrirgreiðslu. Það er gert ráð fyrir, að lán til þeirra verði til 20 ára. Lán til sjávarútvegsins voru aðeins til 10 og sum til 15 ára. Lán til sjávarútvegsins voru ekki nema á nokkrum parti af skuldum útgerðarinnar og vinnslustöðvanna, vegna þess að þau voru bundin aðeins við þær skuldir, sem voru í tveimur bönkum, Landsbankanum og Útvegsbankanum. Lán til bændanna eru ekki bundin við neina einstaka stofnun eða stofnanir, heldur er gert ráð fyrir að taka til greina og breyta skuldunum, hvar sem þær eru. Það er vitanlega mun hægara að eiga við útgerðina, sem aðeins þurfti að breyta skuldum í tveimur bönkum, heldur en hjá bændunum, sem skulda í velflestum bönkum, öllum kaupfélögunum og mörgum öðrum verzlunum og víða annars staðar. Það eru þess vegna ekki aðeins tveir aðilar, sem eru lánardrottnar bændanna í þessu efni, heldur eru það hundrað aðilar.

Gera má ráð fyrir, að flestir bændur, sem hafa sótt um lán, hafi nægileg veð, og þeir, sem eru á opinberum jörðum, munu fá veðleyfi fyrirhafnarlaust, vegna þess að það er gert ráð fyrir, að skuldirnar hafi orðið til vegna framkvæmda síðustu fimm ára, þ. e. áranna 1956—1960 að báðum árunum meðtöldum, og það er föst venja, að ríkið veiti veðleyfi vegna framkvæmda á ríkisjörðum. Þá er það og orðin að mestu föst venja, að eigendur jarða, sem eru í einkaeign, gefi einnig veðleyfi, þegar um framkvæmdir er að ræða á jörðunum, — framkvæmdir, sem gera jarðirnar byggilegri og útgengilegri á margan hátt. Það má þess vegna reikna með því, að bændalánunum, sem sótt hefur verið um, verði að langmestu leyti breytt

í 20 ára lán, og verður það þá fyrirgreiðsla, sem kemur að góðu haldi og gerir mörgum bóndanum léttara að reka sitt bú og standa straum af skuldunum heldur en áður.

Það hefur verið fundið að því, að vextirnir af bændalánunum verði hærri en hjá útveginum, þar sem gert er ráð fyrir, að bréfin gefi 7½%, og jafnvel veðdeildin taki ½% fyrir sína þjónustu, að það verði þá e. t. v. 8%, a. m. k. 7½% vextir af þessum bændalánum, en ekki nema 6½% af útgerðarlánunum. Ég vil ekki fullyrða, hve mikinn hundraðshluta útgerðin hefur fengið af þeim lánum, sem hún sótti um, en það er vitað, að það voru aðeins þær skuldir, sem voru í ríkisbönkunum, en ekki aðrar skuldir, enda aldrei ætlazt til annars, þegar lögin voru gefin út. Ef við segðum, að útgerðin hefði fengið helmingi af sínum lausaskuldum breytt í 10—15 ára lán með 6½% vöxtum, en bændurnir fengju í sumum tilfellum 80% og flestir 100% breytt sínum lánum í 20 ára lán gegn 8% vöxtum, þá vil ég spyrja: hvort er betra? Væri ekki betra að fá öllum lausaskuldunum og öllum víxlunum breytt í 20 ára lán, þótt það væru 7½%—8% vextir, heldur en helmingnum af lausaskuldunum fyrir 6½%? Þess ber og að geta, og það veit ég, að hv. alþm. Ed. vita, að kúfurinn af þeim vöxtum, sem bændur greiða, kemur inn í verðlag landbúnaðarvara. Menn geta haft skiptar skoðanir um það, og hv. þm. geta jafnvel verið sammála um það, að bændur vanti inn í verðgrundvöllinn ýmislegt, til þess að hann sé réttur. En það hefur ekki verið deilt um það, að þeir vextir, sem bændur greiða út, eru teknir inn í verðgrundvöllinn. Að vísu fá þeir, sem skulda mest, ekki allan kostnaðinn inn í verðgrundvöllinn, og þeir, sem skulda minnst, það má segja, að þeir fái of mikið. En undir öllum kringumstæðum hlýtur kúfurinn af þeim vöxtum, sem bændurnir greiða, að fara inn í verðlagið og vera að því leyti létt af bóndanum sem byrði.

Nú hefur verið gerður samanburður á vaxtagreiðslum annarra atvinnuvega og landbúnaðarins, og það hefur verið talað um, að það sé reiknað með vaxtagreiðslum útgerðarinnar í því verði, sem útgerðin fær fyrir fiskinn og frystihúsin gefa fyrir hráefnið. Þetta er að vísu rétt, en þó ekki nema að nokkru leyti, vegna þess að útgerðarmaður hefur enga verð- eða sölutryggingu á fiskinum. Útgerðarmaðurinn og vinnslustöðin verða að bera hallann, sem kann að verða af verðfalli á þeim fiski, sem þau hafa undir höndum. Bóndinn er hins vegar tryggður með það verð, sem semst um, með því að hann ber ekki lengur hallann af því tapi, sem kann að verða á útfluttum afurðum. Hitt er svo annað mál, að bóndann vantar inn í verðgrundvöllinn aðra kostnaðarliði, sem unnið verður vitanlega að því að fá viðurkennda og hljóta að fást viðurkenndir, eftir því sem betri og betri rök eru færð fyrir því, því að lögin um framleiðsluráð kveða skýrt á um það, að bóndinn skuli ekki hafa minni tekjur en verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, og hann getur ekki fengið a. m. k. sams konar tekjur, nema þau útgjöld, sem greiða verður nauðsynlega við framleiðsluna, verði tekin til greina í verðgrundvellinum. Þetta er svo skýrt, að það hlýtur að vera hægt að fá kostnaðarliðina viðurkennda, ef þeir eru rétt og röksamlega fram færðir, og það má segja, að s. l. haust hafi framleiðsluráð byggt upp sínar kröfur af festu og nokkuð góðum rökum, þótt þar megi vitanlega mjög um bæta. En ástæðan til þess, að kröfur framleiðsluráðs voru ekki allar teknar til greina s. l. haust, var m. a. sú, að haustið 1960 var samkomulag um verðgrundvöllinn, fullt samkomulag, og þeir, sem hafa skoðað verðgrundvöll landbúnaðarvara 1960 og 1961, telja, að það sé mjög vafasamt, að verðgrundvöllurinn 1961 sé nokkuð lakari en 1960. Og aðrir vilja fara lengra aftur í tímann og segja: Grundvöllurinn 1957 var þó sýnilega miklu verri. — En þetta er önnur saga.

En ég held, að við getum verið sammála um það, að krafan um 30% hjá framleiðsluráði, sem ég get búizt við að hafi verið í raun og veru alveg rétt, að það þurfi ekki að undrast, þótt hún væri ekki tekin að fullu til greina á s. l. hausti, eftir að samkomulag hafði orðið 1960, því að það vita allir og þarf ekki að taka blað og blýant til þess að reikna það út, að það hefur ekki orðið skekkja á verðlagsárinu 1960 og 1961, sem nemur 30%. Hafi verið 30% skekkja á verðgrundvellinum s. l. haust, þá á hún eldri upptök en aðeins þetta eina ár, og þess vegna er það, að framleiðsluráð vitanlega heldur áfram að færa rök og enn fyllri rök en s. l. haust fyrir þeim kröfum, sem gera þarf til leiðréttingar á grundvellinum. Og það er trú mín, að málstaðurinn sé svo góður, að það hljóti að vinnast, ef festu og rökum er beitt. Það vitanlega veikti málstaðinn s. l. haust, að í þau 18 ár, sem sex manna nefndin hefur starfað, hefur verið samkomulag um verðgrundvöllinn 15 sinnum, en aðeins þrisvar sinnum úrskurðað, og svo bera menn það fram í fullri alvöru, að grundvöllurinn hafi aldrei verið réttur. Ég skal ekki fara lengra út í það. En þetta er vitanlega ákaflega mikið atriði yfirleitt í sambandi við málefni bændanna og hefur vitanlega haft sín áhrif á skuldasöfnun bænda undanfarin ár, ef verðgrundvöllurinn hefur ekki verið réttur, og að svo miklu leyti sem hann er ekki réttur nú, verður að gera ráðstafanir til, að ranglætið verði leiðrétt.

Lausaskuldasöfnun bænda undanfarin ár er vitanlega mest til komin vegna framkvæmdanna, vegna þess að lánasjóðir landbúnaðarins hafa ekki verið þess megnugir að lána nema lítinn hluta af stofnkostnaði framkvæmdanna. Það var lengi, sem lán út á íbúðarhús var aðeins 45 þús. kr. Það mun hafa verið hækkað upp í 60 þús. 1952—53. 1955 mun það hafa verið hækkað upp í 75 þús. kr. og óbreytt síðan til haustsins 1960, þá var það hækkað upp í 90 þús. kr. og svo aftur s. l. haust upp í 100 þús. kr. Það má segja, að oftast nær hafi þetta ekki verið nema 25—30% af stofnkostnaði, og það er vitanlega svo lítið, að þeir bændur, sem ráðast í það að byggja íbúðarhús, hafa ekki efni á því að leggja fram eigið fé, sem nemur 70—75% af kostnaðinum. Afleiðingin verður, að það verða lausaskuldir í verzlunum eða víxlar í bönkum. Það er þetta, sem gerir erfiðleikana, og

úr þessu er þessum lögum ætlað að bæta. Ég er sannfærður um, að með því að 1200—1300 bændur hafa sótt um að notfæra sér það tækifæri, sem hér býðst, og möguleiki sýnist vera til þess, að þeir, sem sótt hafa um, geti undir langflestum kringumstæðum fengið úrlausn sinna mála, þá er hér stór bót á ráðin. Og um leið og við gerum okkur grein fyrir því, að þessi lagasetning ræður bót á því, sem fyrir er, þarf vitanlega að gera ráðstafanir til þess, að skuldasöfnun hefjist ekki á ný af sömu ástæðum og áður.

Þá komum við að vandamálinu, sem tækifæri gefst til þess að ræða síðar, það er nauðsynin á því að auka lánin, lána hlutfallslega meira út á framkvæmdirnar eftirleiðis en gert hefur verið hingað til. Og það er eina ráðið til þess að koma í veg fyrir, að lausaskuldasöfnun myndist á ný, og tryggja það, að áfram verði haldið að byggja og framkvæma í sveitum landsins með æskilegum hætti.

Það hefur verið fundið að því, eins og ég sagði áðan, að þessi lög gera ekki ráð fyrir, að lánað verði út á vélar. En vitað er, að hér er gert ráð fyrir allt að 20 ára lánum, og 20 ára lán er ekki unnt að veita nema út á fasteignir. Það er líka vitað fyrir fram, að með þessum lögum er ekki gert ráð fyrir að lána nýtt fé til framkvæmdanna, heldur aðeins að breyta lausaskuldum í föst lán. Vélarnar eiga þess vegna ekki heima í þessum lánaflokki, og það þarf að gera aðrar ráðstafanir til þess að lána út á vélar. Það er hörmuleg saga, en hún er sönn og við þekkjum hana, að undanfarið hefur ræktunarsjóður ekki getað, eins og hann hefur þó heimild til, lánað út á vélar. Lausaskuldasöfnun er vitanlega að einhverju leyti til orðin vegna þess, að menn hafa keypt vélar án þess að geta fengið lán út á þær. En það er vitanlega forsvaranlegt að lána til 10 ára út á nýjar vélar. Og nú er verið að vinna að því að gera ræktunarsjóði mögulegt að inna þessa — ég vil næstum segja: skyldu af hendi, sem ávallt hefur á honum hvílt, en hann hefur hingað til ekki verið megnugur að standa undir. Ég held þess vegna, að það sé engin ástæða til þess að finna út af fyrir sig að þessum lögum, að það er ekki gert ráð fyrir að lána út á vélar, vegna þess að það er ætlunin að leysa það með öðrum hætti.

Þá hefur verið fundið að því, að ekki skuli með þessum lögum gert ráð fyrir því að lána út á vinnslustöðvar landbúnaðarins. En hvað vinnslustöðvum landbúnaðarins viðvíkur, þá held ég, að okkur ætti öllum að vera það ljóst, að erfiðleikar þeirra stafa ekki af lausaskuldum, sem á þeim hvíla. Vinnslustöðvar landbúnaðarins eiga ekki í erfiðleikum vegna þess, að það hvíli á þeim lausaskuldir. Þær eru margar hverjar í erfiðleikum vegna þess, að þær vantar fé, þær vantar nýtt fé, rekstrarfé. Og það hefur í rauninni verið ætlunin mörg undanfarin ár, að ræktunarsjóður hlypi undir bagga og lánaði út á vinnslustöðvar, lánaði út á kjötfrystihús, sláturhús og mjólkurbú, en af fjárskorti hefur ræktunarsjóður ekki getað þetta. Þetta var gert í nokkuð ríkum mæli haustið 1960. Það var hins vegar ekki gert fyrir síðustu áramót, af því að það var ekki til fé. En það er ætlunin að reyna að leysa það nú á þessu ári. Og það er vitanlega alveg ljóst, að það er engin meining í því, að vinnslustöðvar landbúnaðarins séu hornreka og eigi ekki aðgang að lánastofnunum. En það má ekki blanda því saman við þessa löggjöf, vegna þess að þessi löggjöf gerir ekki ráð fyrir neinu nýju fé til útlána. Hún gerir aðeins ráð fyrir því að breyta lausaskuldum í föst lán. Þess vegna er ekki ástæða til að finna að því í þessari löggjöf, að vinnslustöðvunum er ekki ætluð fyrirgreiðsla samkvæmt henni.

Það hefur orðið samkomulag við bankana um það, að þeir taki á sig að breyta þeim víxlum, sem þeir hafa keypt, í 20 ára lán og taki á sig þann vaxtahalla, sem af því leiðir. Þeir fá 9½% núna af þeim víxlum, sem þeir hafa keypt, en fá hins vegar ekki nema 7½% af bréfunum, sem eru til 20 ára. Í öðru lagi hefur orðið samkomulag við Seðlabankann og ríkisbankana um það að taka önnur bréf, þannig að það er hægt að segja, að bréfin gangi á nafnverði í viðskiptabankana og Seðlabankann. Það var talað um það og alltaf ljóst, um leið og þessi lög voru gefin út, að sparisjóðirnir gætu ekki tekið á sig það vaxtatap, sem af því leiddi að taka 7½% bréf í staðinn fyrir víxla, sem þeir höfðu keypt og gefa 9½%. Þess vegna var alltaf meiningin sú að gera það mögulegt með einum eða öðrum hætti. Það þótti ekki fært að taka upp samninga við Seðlabankann eða ríkisbankana um kaup á bréfunum að öðru leyti en víxlunum, fyrr en það lá fyrir, hversu mikil upphæð það var, sem þyrfti að breyta. Og það lá ekki ljóst fyrir fyrr en um miðjan janúar s. l., og hefur það nú verið átalið, raunar af hreinum misskilningi, vegna þess að það er kunnugt, að starfslið Búnaðarbankans er önnum kafið síðustu mánuði ársins við undirbúning og fyrirgreiðslu venjulegra lána. Það var þess vegna ekki tæknilegur möguleiki að undirbúa lánsumsóknirnar fyrir áramót, þó að það kannske hefði verið æskilegast, og það lá ekki hreint fyrir, hvað hér var um mikla upphæð að ræða, fyrr en um miðjan janúar. En þegar það var ljóst, voru teknar upp samningaumleitanir við Seðlabankann og ríkisbankana að greiða fyrir þessu. Og Seðlabankinn hefur gefið fyrirheit um það að taka bréfin af sparisjóðunum, þannig að þeir verði ekki fyrir neinu vaxtatapi, og leggja bréfin inn á bundinn reikning, sem yrði ekki losaður á skemmri tíma en þremur árum.

Um kaupfélögin, verzlanir og önnur fyrirtæki, sem kunna að eiga útistandandi hjá bændum, er dálítið öðru máli að gegna. Það mætti þó segja, að kaupfélögin og verzlanirnar gætu ekki tekið á sig vaxtatapið frekar en sparisjóðirnir. Ég tel þó, að þau hafi getað það miklu frekar. Hitt er annað mál, að það er ekki hægt að segja, að það væri sanngjarnt að taka 7½% bréf til 20 ára upp í útistandandi skuldir, sem kynnu að greiðast á næstu 2—3—4 árum, og til þess að kaupfélög og aðrar verzlanir og fyrirtæki hefðu ekki ástæðu til að hafa neitt á móti því að gefa bændum þá fyrirgreiðslu, sem þeir óska eftir, þá var líka samið um það, að bréf, sem þau snertir, verði einnig tekin á nafnverði, svo að af þessu er ljóst, að umsækjendur,

sem langflestir munu hafa nægileg veð samkvæmt hinu nýja mati, munu fá þá fyrirgreiðslu, sem þeir óska eftir, og lögin ná þeim tilgangi, sem þeim var upphaflega ætlað.

Það hefur verið fundið að því, að umsóknarfresturinn væri útrunninn, og í hv. Nd. var flutt till. um að framlengja frestinn til 1. maí á þeim forsendum, að bændur hafi ekki getað treyst því, að lögin kæmu að því gagni, sem þau sýnilega munu gera nú. Ég álít þetta allt á misskilningi byggt, því að bændur gátu vitanlega treyst því frá upphafi, að lögin næðu þeim tilgangi, sem þeim var ætlað. Ríkisstj. hefði ekki farið að gefa lögin út nema hafa þetta markmið. Annars var tilgangslaust að vera að gefa lögin út. Og það, að 1200—1300 bændur hafa sótt um lánin, sýnir, að þeir hafa gert sér grein fyrir, að hér var boðið gott tækifæri, sem sjálfsagt var að notfæra sér. Ég harma það að vísu, ef einhverjir bændur hafa orðið eftir, sem hefðu þörf fyrir fyrirgreiðslu. En við því er ákaflega erfitt að gera í þessu tilfelli. Það voru 2½ mánuður til stefnu. Umsóknarfresturinn var vel auglýstur, og þetta stóð sannarlega öllum til boða. Ég ætla, að umsóknir hafi borizt úr öllum landshlutum, kannske einna mest af Austurlandi. Ég held, að það hafi verið upplýst, að 28% af bændum í Suður-Múlasýslu hafi sótt um. En ég hygg þó, að það sé úr öllum sýslum meira og minna og að einmitt það út af fyrir sig sanni, að boðin hafa komizt með skilum til bændanna og þeir hafi fengið þær upplýsingar, sem þurfti í té að láta, til þess að þeir gerðu sér grein fyrir því, hvaða fyrirgreiðsla hér er boðin.

Ég tel, að það sé ekki við þessa 1. umr. hér í hv. deild ástæða til að fara öllu fleiri orðum um málið. Maður kynni þá að endurtaka margt af því, sem sagt var í hv. Nd., og ég hygg, að málið sé svo vel upplýst fyrir hv. þm., að það sé ekki ástæða til að fjölyrða öllu meira um það. Ég mundi vilja leggja áherzlu á, að málið yrði ekki mjög lengi hér í þessari hv. d., því að um leið og brbl. hafa verið staðfest, ætti að vera unnt á tiltölulega skömmum tíma að vinna að úrlausn málsins.

Hæstv. forseti. Ég legg til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í fyrradag hafði hæstv. landbrh. framsögu fyrir þessu frv. Þetta mál er orðið allkunnugt, bæði meðal hv. þm. og þjóðarinnar allrar, þar sem það hefur legið fyrir Alþingi í vetur, frá því að þing kom saman, og auk þess höfðu verið gefin út um það brbl. þá nokkru áður.

Ég saknaði þess í ræðu hæstv. landbrh., að hann minntist ekki neitt á niðurstöður þeirrar nefndar, sem athugaði um þörf bænda fyrir breytingu lausaskulda í föst lán til langs tíma, en eins og hv. þm. muna, var, þegar frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins var til umr. í Alþingi, sagt frá því, að ekki væri hægt að taka afstöðu til þeirra brtt., sem við framsóknarmenn þá fluttum og sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn felldu, vegna þess að mál landbúnaðarins væru þá í athugun, svo að ég bjóst við því, að hæstv. ráðherra mundi skýra frá þeirri athugun og grundvalla málið fyrst og fremst á þeirri rannsókn, sem þar hefði fram farið. Ég hélt líka, að sú rannsókn hefði legið ljóslega fyrir hinn 15. júlí 1961, þegar hæstv. ríkisstj. gaf út brbl., sem hér eru til umræðu, og það hefði þá þegar verið vitað, hvað lausaskuldir bænda væru miklar, í fyrsta lagi og í öðru lagi, hvað margir bændur mundu geta komið til greina með að falla undir þessa löggjöf. En svo upplýsir hæstv. ráðherra, að hann hafi ekki getað náð samningum við bankana fyrr en 15. jan. 1962, eftir að Búnaðarbankinn var búinn að vinna úr þeim umsóknum, sem borizt höfðu á s. l. ári. Sem sagt, hann upplýsir, að það hafi ekkert verið vitað um lausaskuldir bænda, hvað þær væru miklar og hvað margir mundu sækja um þessa aðstoð, þegar lögin voru sett 15. júlí 1961. Það er ekki hægt að byrja samninga við bankana, fyrr en þetta er vitað, 15. jan. 1962, að því er ráðherrann upplýsti, og enn fremur, að nálægt 1300 umsóknir liggi fyrir í Búnaðarbankanum og að þær nemi rúmlega 80 millj. kr.

Nú er þess að geta í sambandi við þetta mál, að það horfir allt öðruvísi við nú en það gerði í haust, þegar málið var lagt fyrir Alþingi, vegna þess, að þá var það ekki vitað, að sparisjóðir, kaupfélög og verzlanir gætu losnað við bankavaxtabréfin í Seðlabankann eins og hæstv. landbrh. upplýsti í framsögu sinni um daginn. Ég tel þetta meginbreytingu á málinu, og ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir það, að hann guggnaði við að taka ekki tillit til þeirra, sem skulda í sparisjóðum, kaupfélögum og verzlunum, eins og útlit var fyrir, þegar málið var lagt fyrir á s. l. hausti. Það var vitað mál, þegar brbl. voru sett, að sparisjóðir, kaupfélög og verzlanir gátu ekki bundið mikið af fé til 20 ára á 8% vöxtum, þegar þeir borguðu mun hærri vexti af eigin skuldum. Þetta var mjög óhagstætt öllum smáfyrirtækjum og hefði valdið mjög slæmri rekstrarútkomu hjá þeim. Hér er því um gerbreytingu að ræða á höfuðatriði málsins og því eðlilegt, að allar þær umsóknir, sem kunna að berast á næstunni, verði teknar til greina, því að þetta er gerbreyting á málinu.

Hæstv. ráðherra ræddi mikið um veðin og taldi, að bændur hefðu nóg veð. Það má vel vera, að svo sé undir allflestum kringumstæðum, að þeir hafi nægileg veð í fasteignum. En þess ber að geta, að það eru til bændur í þessu landi, sem eru algerlega útilokaðir frá því að veðsetja fasteign. T. d. þeir, sem búa á prestssetrum, þeir fá ekki veð í þeim jörðum, og í öðru lagi eru einnig hinir, sem búa á jörðum hjá einstaklingum, að þeir fá ekki heldur allir veð hjá þeim, og þess vegna sýnist mér, að það verði að breyta lögunum á þann veg, að þessum mönnum sé ekki meinað frá því að njóta sömu aðstoðar og aðrir bændur í landinu. Ég tel, að þau lög, sem við útbúum hér, eigi að ná til allra, sem til er ætlazt, og ég veit, að hæstv. landbrh. ætlast ekki til þess, að einn eða neinn beri

skarðan hlut frá borði, þegar lög þessi öðlast gildi. En eigi svo að vera, þarf að breyta þessu frv. með tilliti til þess, að það eru til bændur, sem geta ekki útvegað fasteignaveð fyrir sínum lánum, og þarf því að lána þeim út á vélar og annað, sem talið er að séu næg veð.

Hæstv. landbrh. ræddi mjög lítið um frv. sjálft, enda er það ekki langt og segir ekki heldur mikið, því að án breytinga á því eða án samninga á alla kanta vantar þar bæði botn og lok, svo að innihaldið komi bændum að nokkrum notum. Hins vegar varð hæstv. ráðherra mjög tíðrætt um sjávarútveginn og reyndi að réttlæta gerðir sínar að frv. þessu á því, að útgerðarmenn væru svo skuldugir, að þá vantaði veð til að komast undir stofnlánadeild sjávarútvegsins, og hefðu þeir eftir sem áður miklar lausaskuldir á háum vöxtum. Þetta má vel vera, ég skal ekkert um það segja. En mér finnst, að þetta gefi síður en svo tilefni til þess að láta landbúnaðinn búa við önnur vaxtakjör en sjávarútveginn. Sé það svo, að landbúnaðurinn hafi á undanförnum árum búið við skarðan hlut í verðlagsmálum og að því er stofnlán varðar, þá er einmitt ástæða nú til að íþyngja landbúnaðinum ekki með hærri vöxtum en aðrir atvinnuvegir hafa í þessu landi, — það eru einmitt ríkar ástæður vegna þess.

Hæstv. landbrh. varð mjög tíðrætt um verðlag landbúnaðarvara og úrskurð hagstofustjóra frá síðasta hausti. Ég hélt, að hæstv. ráðherra hefði ekki slæma samvizku í þessum efnum, því að ég bjóst við, að hagstofustjóri hefði starfað að úrskurðinum óháð ríkisvaldinu. En ég efast um það eftir ræðu hæstv. ráðherra.

Það er öllum minnisstætt, að haustið 1959 gaf þáv. ríkisstj. út brbl. um verðlag á landbúnaðarafurðum. Þessi löggjöf, eins og annað hjá þeirri hæstv. ríkisstj., naut stuðnings Sjálfstfl. Með þessum brbl. var gert tvennt í senn: tekinn samningsréttur af bændum og lækkað verðlag landbúnaðarvara frá því, sem bændum annars hefði borið. En fyrir harðfylgi stjórnar Stéttarsambands bænda og fjölmargra félagasamtaka í landbúnaðinum og Framsfl. fékkst leiðrétting á þessu máli, en þó ekki fyrr en í febrúarmánuði 1960. Samningar gengu mjög erfiðlega, og hygg ég, að málið hafi staðið þannig, að það hafi verið mjög erfitt að reikna út hlut bændanna í þeim samningum, og þegar loksins er gengið frá samningum, má heita, að verðlagsárið sé hálfnað, og það mun hafa verið ein, ef ekki aðalástæða fyrir því, að ekki var sagt upp verðlagsgrundvellinum fyrir það ár. En hæstv. ráðh. lét orð um það falla, að það væri ekki von til þess, að bændur hefðu borið mikið úr býtum á s. l. hausti í úrskurði hagstofustjóra, vegna þess að þeir hefðu þar farið inn á nýjar leiðir, tekið upp liði í verðlagsgrundvellinum, sem aldrei hafi verið nefndir áður. Þetta er náttúrlega hrein og klár vitleysa, vegna þess að hver einasti liður, sem verðlagsgrundvöllurinn byggist á, hefur verið til umræðu í fjöldamörg ár og mörgu smáþokað áfram, þótt margt sé enn þá óleyst í þeim efnum, og sýndu tillögur bænda það bezt, þeirra sem að samningunum stóðu, hvað það var margt, sem þar var óleyst, en síður en svo, að þeir hafi aldrei imprað á þessum málum áður. Svo var það annað líka. Um það leyti sem gengið er frá verðlagssamningunum, var viðreisn hæstv. ríkisstj. ekki farin að verka, því að lögin um gengislækkunina með meira höfðu þá varla séð dagsins ljós, og ekki var vitað, hvaða áhrif þau mundu hafa, og fáir trúðu því, að þau kæmu jafnharkalega niður á bændum og reynslan hefur sýnt, síðan þessi löggjöf öðlaðist gildi. Mér finnst því að athuguðu máli, að hæstv. landbrh. ætti að spara sér það að hnýta nokkuð í stjórn Stéttarsambands bænda, þar sem hlutur ráðherrans er síður en svo góður í þessum efnum, og bera þar ekki sízt vott um brbl. frá 1959 og ýmislegt annað, sem á dagana hefur drifið síðan. Og hefðu bændurnir þá ekki haft nein samtök sín á milli, hvernig væru þeir þá nú staddir undir því stjórnarfyrirkomulagi, sem er í landinu? Það má segja, að þeir beri skarðan hlut frá borði, en aumur væri þeirra hlutur, ef Stéttarsamband bænda hefði ekki verið til að berjast fyrir þeirra málum, þegar svona stjórn ríkir.

Það var vitað mál haustið 1959, í þeim kosningum, sem þá fóru í hönd, að þeir flokkar, sem nú ráða, hétu þjóðinni gulli og grænum skógum. Þeir lofuðu stöðugu verðlagi, og þeir lofuðu bættum lífskjörum. En allt hefur farið á annan veg. Dýrtíðin hefur aldrei vaxið jafnmikið og lífskjörin hafa aldrei versnað jafnmikið. Eftir að hafa margfellt gengi íslenzkrar krónu og þar með kollvarpað framtaki fjölmargra manna, hækkaði hæstv. ríkisstj. vexti af öllum lánum og innstæðum, vitandi vits, að það, sem vaxtakjörin í landinu hljóta m. a. hverju sinni að byggjast á, er framleiðslan til lands og sjávar og þá fyrst og fremst það, hversu arðvænleg framleiðslan í landinu er. Þurfi framleiðslan fjárhagslegan stuðning, þolir hún ekki háa vexti. Hæstv. ríkisstj. streitist við að telja þjóðinni trú um, að viðreisnin hafi tekizt, á sama tíma og hún er að setja stoðir undir atvinnulíf þjóðarinnar, sem þoldi ekki baggana, sem viðreisnin ætlaði henni að bera. Samhliða gengisfellingunni er mikill hluti af innstæðuaukningu landsmanna innifrystur í Seðlabankanum, svo að fjármagnið sogast inn í farveg íhaldsaflanna í landinu og þjónar þar trúlega stefnu þeirra. Og til að herða hnútinn enn betur fyrirskipaði hæstv. ríkisstj. gífurlega vaxtahækkun, og hún var svo mikil, að meira að segja sjálf þessi hæstv. ríkisstj. neyddist til að lækka vextina lítið eitt seint í des. 1960, eftir nokkra mánuði, því að þá var sýnilegt, að framleiðslan þoldi ekki svo gífurlega vaxtabyrði. Og til þess að óskadraumur viðreisnarinnar rættist, varð að afnema lögin um okurvexti.

Fyrir um það bil tveim árum hækkaði hæstv. ríkisstj. vexti af öllum stofnlánum, sem eftirleiðis yrðu veitt, þannig að vextir úr byggingarsjóði hafa hækkað úr 3.5% í 6%, lánstími hjá ræktunarsjóði var styttur úr 25 árum í 15 ár og vextir hans hækkaðir úr 4% í 6½%, lánstími veðdeildar styttur úr 30 árum í 25 ár og vextir hækkaðir upp í 8%. Lán út á afurðir landbúnaðarins frá Seðlabankanum hafa lækkað úr 67% niður í 50%. Samhliða þessu hafa opinber framlög til framkvæmda í landbúnaði lækkað og afurðaverðið á sama tíma sáralítið

hækkað, enda hefur það sýnt sig, að þrátt fyrir framleiðsluaukningu og samdrátt í framkvæmdum hefur efnahagur bænda versnað stórum síðan 1958.

Engan undrar það, þótt framleiðsla bændanna geti ekki staðizt jafnmikla byrði og núv. hæstv. ríkisstj. ætlast til með sínum ráðstöfunum. Fyrir framtakssama bændur, sem óhjákvæmilega hafa safnað skuldum, kostar það ekki lítið að hækka vextina af stofnlánum, jafnframt því sem lánstíminn er styttur, — og líka svo, þegar ofan á þetta bætist að þurfa nú í miklu ríkari mæli en nokkru sinni fyrr að safna hærri fjárhæðum í lausaskuldum út á hverja framkvæmd en áður var og borga svo 9—10% vexti af þeim. Þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. kalla á nýjar stoðir, ef vel á að fara. Hv. þm. Jónasi Péturssyni virtist vera þetta ljóst fyrir ári, er hann sagði þá í þingræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum," — með hagkvæmum vaxtakjörum. Það frv., sem hér er til umræðu og á að vera syndakvittun hæstv. ríkisstj. til bænda landsins, ber það gleggst með sér, hversu kjörin eru hagstæð. Þolir landbúnaðurinn að borga í vexti lánsupphæðina á 12 árum? Þolir landbúnaðurinn að borga tvöfalda lánsupphæðina á 12 árum, þegar um 12 ára lán er að ræða? Ég segi nei og aftur nei. Eru vextirnir þá hagstæðir fyrir einhverja aðra aðila? Það efast ég mjög um. Það er ekki áhættulaust heldur fyrir innstæðueigendur að eiga fjármuni sína í framleiðslu, sem blessast ekki án síendurtekinnar aðstoðar, því eins og ég gat um áðan, þá tel ég, að framleiðslan, hversu vel hún gengur, það hljóti að takmarka vaxtahæðina hverju sinni og vera mjög ríkur þáttur í því, hvað hægt er að greiða háa vexti.

Hæstv. landbrh. hefur gert ítrekaða tilraun til þess að telja fólki trú um, að það skipti nú litlu máli, hversu vextirnir séu háir hjá bændum, vegna þess að kúfurinn af þeim fari inn í verðlagsgrundvöllinn. Hann hefur nú slegið mikið af þessu, hæstv. ráðh., frá því í vetur, að hann talaði hér í útvarp, því að þá fóru allir vextirnir í verðlagsgrundvöllinn, en þegar hann flutti sína framsöguræðu hér fyrir tveim dögum, var það aðeins orðinn kúfurinn, og lýsir það því þó, að hann hefur svolítið lært undir umr. málsins í Nd. Alþingis.

Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins fyrir yfirstandandi ár eru vextir af öðru en eigin fé 6079 kr., en ef bóndi borgar 20 þús. kr. í vexti, eins og fjölmargir bændur gera og margir miklu meira, hver greiðir vaxtamuninn, 14 þús. kr., sé bústærð hlutaðeigandi nákvæmlega hin sama og verðlagsgrundvöllurinn gerir ráð fyrir? Ég fæ ekki betur séð en þessa vaxtaaukningu verði hlutaðeigandi bóndi að taka af eigin kaupi. Það er því fjarstæða að halda því fram, að meginið af vöxtunum fari inn í verðlagsgrundvöllinn, og einmitt þeir bændur, sem skulda mest í þessu landi, eru fjær því að koma sínum vöxtum inn í verðlagið, vegna þess að þeir hafa ekki alltaf bústærð til samræmis við það, sem skuldirnar eru. Vaxtabyrðin samhliða óhagstæðum lánstíma kallar á sérstaka hjálp til bænda og mun gera það í mun ríkara mæli á næstu árum, þar sem bæði lánsfjárhæð, lánstími og ekki síst vaxtakjörin eru mjög óhagstæð, miðað við framkvæmdakostnað og verðlag búsafurðanna. Það er t. d. vitað mál, að byggingarefni hefur hækkað allmikið, þar sem sement hefur hækkað um milli 70 og 80% og timbur yfir 60%, og segir þetta nokkuð um, hvað framkvæmdakostnaður muni vera mikill almennt hjá bændum, sem standa í byggingum. Þótt lán hafi nokkuð hækkað út á framkvæmdir, eins og þau gerðu á þessum vetri, þá er fjarri lagi, að það sé svo, að það fyrirbyggi skuldasöfnun framvegis. Bara til íbúðarhúsa t. d. fer lánið einvörðungu til þess að borga viðreisnarskattana, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Og bóndi, sem byggði 1958 og þar áður, stóð betur að vígi án láns heldur en hinn, sem fær 90 þús. kr. að láni nú undir þeim kostakjörum, sem hæstv. ráðh. telur að bændur búi við nú.

Ef ekki er gengið hreint til verks nú og bændum almennt hjálpað til að losna við lausaskuldir með því, að ríkisbankarnir sýni fullan skilning á þessum málum og festi fjármagn í þessu skyni til langs tíma, samhliða því sem stofnlánin hækka í hlutfalli við kostnað framkvæmdanna, þá er enginn vafi á því, að draumur Guðjóns í Iðju og margra annarra sjálfstæðismanna um það að fækka bændum landsins um helming rætist miklu fyrr en nokkurn hefur grunað og það meira að segja sjálfstæðisforingjana sjálfa.

Það þóttu ekki nein kostakjör, áður en núv. ríkisstj. kom til valda, að borga 8% í vexti, eins og þá var af víxlum. En að áliti sjálfstæðismanna eru þetta mjög hagstæð kjör, sérstök kostakjör fyrir bændur landsins, eins og bezt kemur fram í því, er hv. þm. Jónas Pétursson sagði hér í fyrra, að það ætti að lána bændum hagstæð lán til langs tíma. Hér er freklega gert upp á milli atvinnuvega, þar sem sjávarútvegurinn á að greiða af sams konar lánum 6½%, og lýsir þetta nokkuð hug hæstv. ríkisstj. í garð landbúnaðarins.

Mér finnst það vera ósanngjarnt að miða eingöngu, eins og gert er í þessu frv., við skuldasöfnun til ársloka 1960, vegna þess að fyrsta árið, sem dýrtíðin skellur yfir þjóðina með fullum þunga, er árið 1961. Margir bændur, sem stóðu í framkvæmdum, voru búnir að undirbúa sig nokkuð 1959 undir þær framkvæmdir, sem þeir gerðu 1960, og stóðu því heldur betur að vígi en hinir, sem stóðu í framkvæmdum á s. l. ári. Mér finnst því óréttlátt að láta þá aðila falla alveg út með sína skuldasöfnun. Það er ekki rétt varðandi bónda, sem fékk dráttarvél í janúarmánuði 1961, eingöngu vegna þess að fyrirtækið gat ekki útvegað hana fyrir áramót, að útiloka hann frá lánum, en hinn, sem fékk sína dráttarvél í desembermánuði árið áður, fellur undir aðstoð þessara laga. Mér finnst, að þarna sé freklega gert upp á milli manna, þegar dýrtíðin skall af fullum þunga yfir þjóðina allt árið 1961.

Ég vil mælast til þess, bæði við þá nefnd,

sem fjallar um þetta mál, og hæstv. ríkisstj., að þeir endurskoði afstöðu sína í þessum efnum og framlengi umsóknarfrest um lánin, til þess að þeir verði ekki útilokaðir, sem stóðu í framkvæmdum 1961 og hafa þar af leiðandi safnað verulegum skuldum, og einnig hinir, sem töldu lögin, er þau komu fyrir þingið, ekki veita sér neina aðstoð. En eftir þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið, er orðin á þessu meginbreyting. Það er því rík ástæða til þess að endurskoða umsóknarfrestinn og taka með allar skuldir, sem safnazt hafa til ársloka 1961.

Hæstv. landbrh. mætti gjarnan minnast þess, að 1959 hélt hann því fram, að þegar sjálfstæðismenn kæmu til valda, yrðu bændur ekki lengi að losna við framsóknarskattana af dráttarvélum og öðrum tækjum, eins og hann kallaði það. En efndirnar hafa í þessu orðið eins og í öðru hjá hæstv. ráðh., þessar vélar hafa hækkað um 100%. Það er svo sem eins og annað hjá hæstv. ríkisstj. Það er ekki að undra, þótt víða úti á landsbyggðinni hafi ríkt megn óánægja með þessa löggjöf og hin ýmsu félagasamtök í landinu látið þessi mál mjög til sín taka á þessum vetri. Og í einu af stærstu búnaðarsamböndum landsins og þar sem hæstv. ráðh. á enn þá sitt lögheimili hafa ekki komið síður umkvartanir um þessa löggjöf en annars staðar af landinu. En ég læt nægja að vísa til fundarsamþykktar, sem gerð var á Selfossi 24. nóv. 1961, og er þessi fundarsamþykkt undirskrifuð fyrir hönd stjórnar sambandsins af þeirra ráðunaut, Hjalta Gestssyni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Kjörmannafundur Stéttarsambands bænda á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, haldinn á Selfossi 24. nóv. 1961, skorar á Alþingi að setja inn í frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán ákvæði um eftirtalin atriði:

1. Seðlabankanum verði gert að skyldu að endurkaupa skuldabréf sparisjóða og verzlana úti á landi vegna lausaskulda bænda.
2. Vextir af væntanlegum föstum lánum verði ekki hærri en hjá sjávarútveginum af hliðstæðum lánum.
3. Stofnunum bændanna, sem vinna úr vörum þeirra, svo sem mjólkurbúum, sláturhúsum og frystihúsum, verði veitt sömu kjör varðandi lausaskuldir og hliðstæðum vinnslustöðvum sjávarútvegsins."

Þetta segja bændurnir í bezta héraði landsins, á Suðurlandsundirlendinu, og getur maður þá nokkurn veginn gert sé í hugarlund, hvað aðrir bændur í landinu kunna að segja um þessa löggjöf, sem verr eru settir með sína framleiðslu.

Það er einmitt fyrir svona áskoranir, bæði frá Stéttarsambandi bænda og fjölmörgum félagasamtökum víðs vegar um landið, og skelegga baráttu framsóknarmanna hér á Alþingi fyrir því að fá fram breytingu á málinu, að það hefur áunnizt, sem áunnizt hefur í þessum málum, síðan frv. var lagt fyrir Alþ. Það er þetta tvennt, sem hefur haft þau áhrif, að það var gengið í það að semja við bankana, þegar allir landsmenn sáu, að þessi lög voru meira nafnið en að þau gæfu bændum nokkra verulega bót frá því, sem áður var.

Hæstv. landbrh. gat þess, að nú ætti að efla sjóði Búnaðarbankans og lána bændum hærri stofnlán út á framkvæmdir en verið hefur og einnig lána bændum til vélakaupa og vinnslustöðva landbúnaðarins til uppbyggingar. Það má vel vera, að þetta verði gert. En ekki finnst mér forsaga þessara mála í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar gefa tilefni til að halda, að þetta muni eftir fara. Samdráttarstefna hæstv. ríkisisstj. hefur sett sinn svip á landbúnaðinn, þannig að verulegur samdráttur varð þegar árið 1960, eins og lesa má í tíðindum til búnaðarþings 1962, sem útbýtt var hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum. Þar stendur m. a., með leyfi forseta:

„Í sambandi við ræktunarframkvæmdir, sem unnar hafa verið 1960, er nokkur ástæða til að vekja athygli á því, að árið 1960 er eina árið um 10 ára skeið, sem dregið hefur úr framkvæmdum, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði."

Í 10 ár, nánar tiltekið frá 1949, hafa framkvæmdir bænda aukizt ár frá ári, einkum nýræktin, en árið 1960 snýst blaðið við. Frá 1959 hafa eftirtaldar framkvæmdir minnkað sem hér segir: nýrækt um 19%, vélgrafnir skurðir um 19%, girðingar um 11%, þurrheyshlöður um 30%, og ríkisframlag vegna jarðabóta 1960 er 2 289 583.53 kr. lægra en það var árið áður eða vegna jarðabóta 1959. Þetta er í skýrslu um útteknar jarðabætur 1960, á bls. 135 í tíðindum til búnaðarþings 1962.

Það er líka vitað mál, að árið sem leið var þessi samdráttur enn þá meiri, og læt ég nægja í þeim efnum að vitna í yfirlitsræðu þá, sem ritstjórinn Gísli Kristjánsson flutti í útvarpið nú snemma á þessu ári. Þar kom í ljós, að það er samdráttur á flestöllum sviðum landbúnaðarins. Vaxtakjörin eru ætluð af hæstv. ríkisstj. sem bremsa á framkvæmdir landbúnaðarins. Þetta vita allir. Og stuttur lánstími verkar í sömu átt. Þetta tvennt, þessir háu vextir og stutt lán, takmarkar mjög greiðslugetu bænda til framkvæmda. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. ætli að láta fjármagn í stofnlánasjóði landbúnaðarins, en ég geri ráð fyrir, að hún sjái þá um leið um það, að þeim bændum, sem fá þessi lán, veitist ekki of létt að komast frá þeim, það verði bæði lánstíminn og vaxtakjörin, sem ráði þar miklu um. Og er það til samræmis við stefnu hæstv. stjórnar, síðan hún komst til valda.

Að lokum þetta: Það, sem ég tel, að mestu máli skipti fyrir bændur og eðlilega uppbyggingu landbúnaðarins í framtíðinni, er í fyrsta lagi að ganga nú sómasamlega frá lausaskuldamálum bænda, að gefa öllum jafnan kost á að sækja um þessi lán og það nái til skulda, sem safnazt hafa á fyrsta heila viðreisnarárinu, 1961, og síðan að lækka vexti af öllum stofnlánum í það, sem þeir áður voru, og lengja lánstímann til samræmis við það, sem hlutaðeigandi löggjöf mælti fyrir um. Þá hygg ég, að það megi í miklu ríkari mæli en nú komast hjá mikilli skuldasöfnun hjá bændum, sem ráðast í framkvæmdir í framtíðinni. Það er vitað mál, að uppbygging landbúnaðarins kostar mikið og þarfnast því hagstæðra lána, en ekki lána til skamms tíma, eins og nú hefur verið

upp tekið hjá hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess, að áður en þessi lög verða samþ. hér á Alþ., verði þau færð í það horf, eins og ég áður gat um, að allir geti notið þeirra, sem staðið hafa í framkvæmdum allt til ársins 1962. Verði lögunum ekki breytt á þann hátt, þá vænti ég, að þeir bankastjórar, sem kunna að fjalla um lánsbeiðnir, sem berast eftirleiðis, verði það viðsýnni en hæstv. ríkisstj., að bændurnir þurfi ekki að gjalda þess, að brbl., sem voru lögð fyrir Alþ., voru mjög af vanefnum gerð í upphafi.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Við útvarpsumr. í fyrra var því lýst yfir af hálfu stuðningsmanna stjórnarinnar, að unnið væri að því að breyta lausaskuldum bænda, þeirra er mest væru hlaðnir slíkum skuldum, í föst lán til langs tíma. Að sjálfsögðu kom þessi yfirlýsing ekki fram undirbúningslaust. Mál þetta hafði þá lengi verið til umr. og athugunar hjá ríkisstj. og í hópi stuðningsmanna hennar. Og þó að fullur hugur væri til mikils stuðnings við þessa bændur, þurfti að sjálfsögðu meira en orðin tóm til að leysa þar úr. Það þurfti fé — og raunar mikið fé, og ráð varð að finna til að leysa það aðalvandamál að afla fjárins. Það var enn örðugra fyrir það, að stofnlánasjóði landbúnaðarins vantaði líka fé, meira að segja mjög mikið fé, til að geta sinnt lánveitingum til ræktunar og bygginga samkvæmt ætlunarverkum þeirra, þó að ekki væri reiknað með nema óverulegum hækkunum til að mæta auknum byggingarkostnaði og kostnaði við ræktun. Ofan á það bættist svo það, að vitanlega voru uppi kröfur og það þungar kröfur um að hækka lán verulega til bygginga. Enn má benda á það, að veðdeild Búnaðarbankans hafði ekki heldur fé til að sinna réttmætum beiðnum og hefur raunar aldrei haft. M. ö. o.: þarna voru mörg verkefni á þessu eina sviði fjármálanna, sem kröfðust úrlausnar í einu, og undirstaðan, Búnaðarbankinn, peningalaus stofnun og raunar langt fyrir neðan núllið.

Ég held, að sanngjarnir bændur og aðrir, sem gert hafa sér grein fyrir þessum málum öllum, hljóti að viðurkenna, að 80 millj. kr. til lúkningar lausaskulda og eitthvað í kringum 60 millj. til útlána vegna bygginga í árslok 1960 urðu naumast gripnar upp úr götunni í einu augabragði, samhliða því einnig, að unnið hefur verið að því að leysa á varanlegan hátt mikil verkefni fyrir Búnaðarbankann og unnið að því að færa eitthvað út starfssvið hans frá því, sem verið hefur, þannig að hann hefði fleiri lánaflokka.

Nokkuð bar á því s. l. sumar og haust, að það heyrðist klingja frá herbúðum stjórnarandstæðinga, að svíkja ætti það fyrirheit, er ég nefndi áðan um lausaskuldalán, er Jónas Pétursson, hv. 3. þm. Austf., flutti við útvarpsumr. hér í fyrra með fullri vitund síns flokks. En þegar Ingólfur Jónsson, hæstv. landbrh., gaf út brbl. um þetta 15. júlí s. l., mátti ætla, að það vekti fögnuð. Örstuttu síðar fengu sýslumenn fyrirmæli um að skipa virðingarmenn í öllum hreppum landsins til að virða jarðir þeirra manna og hús, er höfðu í hyggju að sækja um lán eftir þessum lögum. Umsóknarfrestur um lánin var auglýstur rækilega og upplýsingar kunngerðar um skilyrði og möguleika fyrir því að fá þessi lán. Hvert mannsbarn í landinu hlaut því að fylgjast með þessu máli, a. m. k. bændur, sem höfðu hug á að notfæra sér tækifærið, sem brbl. buðu.

Á því hefur verið mjög hamrað af andstæðingum þessara laga, — ég kalla þá menn svo, sem við öll möguleg og ómöguleg tækifæri eru að reyna að gera þau tortryggileg í augum bænda, — já, á því hefur verið hamrað, að upplýsingar um alla tilhögun og lánsupphæðir hafi verið svo litlar, að fjöldi bænda hafi ekki sótt um þau þess vegna. Þetta er villandi málflutningur og meira að segja mjög villandi. Það er að vísu rétt, að tæmandi upplýsingar gat ekki hver og einn bóndi fengið um það, hvað miklu af skuldum sínum hann kynni að geta fengið breytt í föst lán. Það stafaði einfaldlega af því, að málið var þungt í vöfum og ómögulegt var að fullyrða í sumar um sum atriði þess. Lánardrottnar bænda eru allir bankar, allir sparisjóðir, öll kaupfélög, fjöldi annarra verzlana og einstakir menn að auki. Enginn vissi fyrir fram, hve háar upphæðir samtals væri um að ræða. Óljóst var, hversu langt veð mundi hrökkva til tryggingar skuldum bændanna, því að jarðir margar eru mjög hlaðnar veðum. Allt þurfti þetta að leiða í ljós, áður en hægt væri að ganga til fulls frá samningum við lánardrottna, umsóknir fyrst og upplýsingar samhliða.

Andstæðingar þessa frv. liggja hæstv. landbrh. mjög á hálsi fyrir það að leggja þetta ekki allt nákvæmlega útlistað á borð fyrir framan hvern einasta bónda í sumar, svo að hann gæti þá þegar talið þau þúsund á fingrum sér, sem hann gæti átt von á að fá. Þeir segja, að engin von hafi verið til almennt skoðað, að skuldabændur hafi farið að sækja um lán út í þessa óvissu, nema þá bara einhver hluti af þeim. Þetta eru furðulegar staðhæfingar og ákaflega ómaklegar. Þrautseigja hæstv. landbrh. í þessu erfiða máli er mjög þakkarverð, enda kemur daglega í ljós, að fjöldi bænda metur hana að verðleikum. Á þessum ásökunum bar mjög í Nd. við umr. málsins. Voru þær þá þar hraktar. Á þessum ásökunum bar ekki mikið hjá hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), sem hér talaði á undan mér, og virði ég það við hann. En í Nd. var því mjög á lofti haldið, að margt bænda hefði engar umsóknir sent, af því að þeir hafi ekki vitað, að þeir fengju jákvæð svör. Mér er spurn: Hvers vegna ekki að senda umsóknir, ef þörf var fyrir lán og fyrir fyrirgreiðslu, jafnvel þótt ekki væri handvíst um jákvæða úrlausn? Einhvern tíma hafa bændur hætt öðru eins til og að senda umsókn, því að hún kostaði ekki nema eitt frímerki á bréf, suma ekki einu sinni frímerkið. Virðingarmenn voru til staðar að virða fasteignir og munu hafa flestallir látið ógert að taka kaup fyrir, nema þá eitthvert smáræði úr sveitarsjóði. Eyðublöð fengust gefins og enginn hlutur auðveldari en útfylla þau eða útvega umboðsmann, t. d. einhvern alþm. Meira

að segja máttu þeir til að byrja með senda umsóknina og svo skjölin síðar, ef einhver töf var á að útfylla þau rétt og nákvæmlega, áður en fresturinn var útrunninn.

Mér er öldungis óskiljanlegt það tómlæti, sem á að hafa ríkt á bæjum skuldugra bænda í sumar og haust, þar sem mikil þörf kallaði að um úrlausnir. Slíkt fyrirhyggjuleysi þekki ég ekki á sveitabæjum. Ef þetta er ekki fleipur eitt út í loftið, stafar það af pólitískum áhrifum stjórnarandstæðinga, sem voru því andvígir, að bændur fengju fyrirgreiðslu á þennan hátt, og má hver sem vill kalla það heilindi fyrir mér. Annars held ég, að þetta sé viðbára ein. Á Íslandi eru liðlega 6 þús. bændur. Nú liggja fyrir skjöl um það, að 1200—1300 þeirra hafi sent umsóknir í tækan tíma eða meira en fimmti hver bóndi. Í sumum byggðarlögum hafa um 5% bænda sótt, annars staðar allt upp í 28%. Það er athyglisvert, hve umsóknir eru mismiklar úr hinum einstöku byggðarlögum, án þess þó að um aðstöðumun geti verið að ræða hjá bændunum innbyrðis, né heldur það, að um sé að ræða mismunandi þátttöku af því, að ódugnaður eða framtakssemi hafi verið meiri eða minni á einum stað en öðrum. Til grundvallar þessum mismun liggur sýnilega það, að skuldasöfnun hefur orðið mjög mikil í vissum landshlutum undanfarið, en miklu minni í öðrum, og virðist það stafa af mismunandi hugsunarhætti, mismunandi ráðdeild og mismunandi skynsemi, hverjar svo sem orsakirnar eru þar á bak við. Í þeim sveitum, sem ég þekki til, held ég, að allir bændur hafi sótt um þessi lán í tækan tíma, sem mesta höfðu þörfina, enda latti þá enginn nema blaðakostur Framsfl. með ólund sinni út í þetta mál.

Með örfáum orðum verð ég að lokum að minnast á vaxtakjörin. Það hefur mjög verið gagnrýnt, að lán þessi verði bóndanum heilu prósenti dýrari en hliðstæð lán til sjávarútvegsmanna. Allir eru sjálfsagt sammála um, að hagur sé það fyrir hvern einasta lántakanda að fá fé með sem allra vægustum vöxtum, og ég skal játa, að mér urðu það nokkur vonbrigði, að þessir vextir urðu að vera 7½%, en ekki 6½%, eins og hjá sjávarútveginum. En það er mjög skiljanlegt, að örðugt var um vik, þar sem um varð að semja og breyta fárra mánaða víxilskuldum í tuttugu ára lán og lækka um leið verulega vexti á þeim. Ég tek þá skýringu gilda, að betri niðurstöðu var ekki unnt að fá, eins og á stóð, þar sem ekkert nýtt fé var til umráða, og heldur vil ég þessa niðurstöðu en þá, að beðið væri um, að ríkissjóður greiddi 1% af vöxtunum, eins og margir hafa verið að tala um að væri eðlileg leið. Bændastéttin þarf að leita til ríkisins og ríkissjóðs um það að jafna aðstöðu sína frá grunni, en ekki um fyrirgreiðslu á þennan hátt. Auk þess vil ég taka undir þau rök hæstv. landbrh. hér í fyrradag, að gert er ráð fyrir því, að unnt sé að breyta svo til öllum lausaskuldum bænda, sem um hefur verið sótt að breyta, en ekki hægt að breyta öllum lausaskuldum útvegsmanna. Þetta atriði jafnar að líkindum alveg þann mismun, sem þarna er á, og ég tel, að þetta sé mjög stórt atriði í málinu. Og það er betri niðurstaða fyrir bónda, sem ræður ekki við sínar lausaskuldir, að fá einar 80 þús. kr. með 7½% vöxtum að láni, heldur en ef hann fengi aðeins 60 þús. eða máske 40 og yrði að hafa afganginn á háu vöxtunum. Þegar á þetta er litið frá öllum hliðum, verður samanburðurinn ekki svo mjög umtalsverður, að ég hygg. Aðalatriðið í þessu máli er það, að nú er lögð leið að því marki, sem sett var í fyrravetur, að ryðja til hliðar kúfnum af lausaskuldum bænda. Stór hópur bænda fagnar þessum lögum og þeirri niðurstöðu, sem nú er að nást eftir langt þóf. Ég held, að sú lausn verði að teljast viðunandi eftir ástæðum. Að henni hefur stjórnarandstaðan ekkert unnið, þó að hv. 1. þm. Vesturl. væri hér að tala um það áðan, að sú niðurstaða, sem nú liggur fyrir, væri að þakka skeleggri baráttu stjórnarandstæðinga gegn hugmyndum ríkisstj. um það að níðast á bændum. Það er varla heldur von, að þeir hafi að því unnið, því að þeir hafa ekki haft aðstöðu til þess. Nú orðið liggur það í lofti, að frammistaða hæstv. landbrh. í þessu máli mælist yfirleitt vel fyrir úti um landið, og um leið kemur þá nýtt hljóð í strokkinn við Tímann. Þar er skeleggri baráttu Framsfl. þakkaður sigur í málinu í gamaldags vísu. Jafnan er gaman að gortinu af litlu tilefni og enn meira þó, þegar tilefnið er minna en ekki neitt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Að máli því, sem hér er nú til umr., hefur orðið alllangur aðdragandi. Eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, boðaði hún þinginu og þjóðinni nýja stefnu í efnahagsmálum, nýtt kerfi, sem virtist eiga að vera eins konar sjálfvirkt kerfi, sem mundi skapa traustan og varanlegan grundvöll fyrir atvinnuvegina, þegar það væri komið í kring. Og þetta var boðað í hvítri bók, eins og mönnum er í fersku minni.

Við lifum á mikilli vélaöld, og við vitum mörg dæmi þess, að vélar eru sífellt að fullkomnast. Ég nefni í þessu sambandi t. d. nýtízku blaðaprentvél. Þegar búið er að koma fyrir efninu, þá er þetta eiginlega allt sjálfvirkt, pappírinn fer í gegnum marga valsa, og svo kemur blaðið umbrotið og altilbúið og þarf ekki annað en bera það á borð kaupendanna. Það virtist svo sem hið nýja kerfi, sem átti að leggja varanlegan grundvöll að atvinnulífinu í landinu, væri eins konar ný uppfinning, sem væri eiginlega sjálfvirk, þegar búið væri að setja þetta á laggirnar. En brátt kom í ljós, að atvinnuvegirnir stóðu mjög höllum fæti, og sú varð raunin, eftir að hið nýja kerfi kom til framkvæmda. Það var þannig ástatt hjá sjávarútveginum um áramótin 1960 og 1961, að útgerðarmenn munu hafa haft það við orð, að þeir mundu ekki geta gert út á vetrarvertíð s. l. vetur, nema einhverjar nýjar ráðstafanir yrðu gerðar í skuldamálum útgerðarinnar. Þá greip hæstv. ríkisstj. til þess ráðs að setja lög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til þess að opna nýja lánaflokka. En á þessu var nokkur feimnisblær hjá hæstv. ríkisstj., því að hún greip til þess að setja þessi lög sem brbl. 5. jan. 1961, meðan þingmenn voru í jólahléi sínu, í stað þess að

leggja málið fyrir þingið, sem þá í raun og veru átti setu, þó að stutt jólahlé hefði verið gert á störfum þingmanna. En þessi löggjöf mun áreiðanlega hafa átt ríkan þátt í því, að útgerðarmenn hurfu frá því að stöðva flotann um áramótin 1960—1961, heldur gengu að samningum um að hefja vertíðina.

Þegar þetta mál var til umr. hér á hv. Alþingi, beitti Framsfl. sér fyrir því, að hliðstæðar reglur yrðu þá þegar settar í löggjöfina gagnvart landbúnaðinum, eins og stefnt var að því að setja gagnvart sjávarútveginum með lögunum um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins til að opna nýja lánaflokka. Og framsóknarmenn í báðum deildum þingsins fluttu um þetta tillögur og beittu sér fyrir því að fá þessa breytingu gerða á málinu. Eitt atriði í tillögum framsóknarmanna var það, að vextir af þessum lánum, bæði gagnvart sjávarútvegi og landbúnaði, ef til kæmi, yrðu ekki hærri en 5%, vildu binda það beinlínis í lögunum. Og þá lögðu framsóknarmenn enn fremur til, að landbúnaðinum yrðu veitt hliðstæð kjör og sjávarútveginum, þannig að lánin gengju til þess að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skyldu samkvæmt tillögum framsóknarmanna veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda, fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins eða öðrum tryggingum, sem metnar yrðu gildar, hámarkslánstími yrði út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár og vaxtahæðin yrði bundin í lögunum og yrði jöfn, bæði gagnvart sjávarútvegi og landbúnaði. Þessar tillögur felldi þingmeirihlutinn undir forustu núverandi ríkisstj. Það var fyrsta ganga núv. ríkisstj. í þessu hagsmunamáli bændastéttarinnar.

En svo virðist sem samvizka þeirra manna, sem felldu þessar tillögur, hafi orðið eitthvað óró, eftir að þannig hafði verið gengið frá málinu, því að nokkrum vikum eftir að löggjöfin gagnvart sjávarútveginum var afgreidd hér á þingi, fóru fram útvarpsumr. hér frá hv. Alþingi, — ég ætla, að það hafi verið í marz 1961, — og þá gefur einn af þm. Sjálfstfl. yfirlýsingu, sem ég tel vafalaust að hafi verið gefin í samráði við hæstv. landbrh., þess efnis, að ríkisstj. hafi ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum. Svo líður tíminn, og þingi lauk s. l. vor, án þess að frá þessu skuldamáli bænda væri gengið. En 15. júlí í sumar eru sett brbl. að tilhlutan hæstv. landbrh. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þ. e. a. s. frv. það, sem hér liggur nú fyrir til umr. Þó að þessi lög væru sett 15. júlí í sumar, eru þau ekki enn komin til framkvæmda. Hraðinn á þessu máli í höndum hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið meiri en það. Og enn er fjallað um þetta frv. nú í marzmánuði 1962.

Það hefur komið fram í þessum umr., m. a. í ræðu hv. 10. landsk. þm., sem hér talaði áðan, að það hefði verið fullkomlega eðlilegt, að það hefði þurft langan tíma til þess að ganga frá þessu máli, því að það þurfti fé, já, mikið fé, til þess að ráða því til lykta eða finna þá lausn og framkvæma þá lausn, sem hér er stefnt að, sagði hv. 10. landsk. hér áðan. Þegar það er metið, hvað er mikið fé, þá vil ég, að það sé skoðað í samanburði við aðra þætti í þjóðfélaginu, bæði gagnvart sjávarútveginum og ýmsu öðru, eins og ýmis önnur fjárhagsvandamál, sem verið er að leysa. Nú sjáum við það í tímariti Landsbankans, sem lagt var á borð þm. hér fyrir fáum dögum, að á árinu 1961 hafa verið afgreidd stofnlán vegna sjávarútvegsins að upphæð 288 millj. kr. Þar er ekki tekið fram, hvort öll lán, sem veita á stofnlánadeildinni, hafa verið afgreidd fyrir áramótin síðustu, en sé svo, að eitthvað sé enn óafgreitt, þá á þessi tala enn eftir að hækka frá því, sem hér segir. Á hinn bóginn kom það fram í framsöguræðu hæstv. landbrh. hér í deildinni fyrir þessu máli, að sú heildarfjárhæð, sem umsóknir um lausaskuldalán bænda væru um, mundi nema 82 millj. kr., — ég held, að ég fari rétt með það, — eða rúmum 80 millj. kr. Hér eru því tvær tölur, sem eðlilegt er að líta á í samhengi og bera saman gagnvart þessum tveim höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, annars vegar 288 millj. a. m. k., sem búið er að veita í stofnlán til sjávarútvegsins, og hins vegar hinar rúmlega 80 millj., sem bændurnir hafa sótt um samtals að fá í lausaskuldalán. Ég verð að segja, að þegar þetta er borið saman, þá er þessi fjárhæð, sem að landbúnaðinum snýr að þessu leyti, ekki svo ákaflega há, að það út af fyrir sig hefði þurft að taka marga mánuði, eiginlega á annað ár, að finna lausn á þeim vanda, þegar litið er til þess á hinn bóginn, hvað hægt var að gera fyrir sjávarútveginn á skömmum tíma með bráðabirgðalagasetningu 5. jan. 1961. Þau ummæli hv. 10. landsk., sem að þessu lúta, eru því harla léttvægar röksemdir.

Þá kom það fram í ræðu hv. 10. landsk., að sú lausn, sem hér væri nú fundin á þessu skuldamáli bændanna, væri hæstv. landbrh. og stjórnarflokkunum að þakka, en stjórnarandstaðan ætti þar engan hlut að og hefði ekkert að því unnið. Þetta er fullyrðing, sem hv. þm. getur ekki staðið við. Við skulum líta á, hvernig þessu máli var tekið meðal bændanna sjálfra og samtaka þeirra, eftir að brbl. voru sett 15. júlí 1961, — bændanna, sem áttu að njóta hagræðisins af þessari lagasetningu. Þá má minna á það, að í sept. 1961 var haldinn aðalfundur Stéttarsambands bænda, þ. e. a. s. fullum tveim mánuðum eftir að brbl. höfðu verið sett, og eitt af því, sem aðalfundur Stéttarsambands bænda gerði ályktun um, er það, að nauðsyn beri til, að lausaskuldir bænda fáist yfirfærðar í bankana og verði lánaðar til langs tíma með lágum vöxtum. Þetta var sú rödd, sem heyrðist frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, eftir að brbl. höfðu verið sett og var orðið kunnugt um efni þeirra. Enn ber það að sama brunni, þegar athugaðar eru ályktanir frá ýmsum búnaðarsamböndum og félagadeildum bændasamtakanna. Hv. 1. þm. Vesturl. las hér upp í ræðu sinni í dag kafla úr ályktun frá Búnaðarsambandi Suðurlands, og fleira mætti minna á, sem fer í sömu stefnu. Þetta sýnir

það svo glöggt sem verða má, að bændurnir sjálfir fundu, að lagasetningin var ófullkomin og það þurfti að fá gagngerar breytingar á brbl. frá því, sem þau voru úr garði gerð í öndverðu.

Í sambandi við þá fullyrðingu hv. 10. landsk. hér áðan, að stjórnarandstaðan hefði engan hlut átt að lausn þessa máls og eiginlega engin áhrif getað haft á það, þá er ekki úr vegi að minna á, að meiri hl. í stéttasamtökum bænda er fylgismenn Framsfl., það fer ekki dult, og þannig er stjórn Stéttarsambandsins flokkslega saman sett, að meiri hlutinn er framsóknarmenn, en minni hl. sjálfstæðismenn. Og þannig er þetta víða í búnaðarsamböndunum og ýmsum félagsdeildum bændasamtakanna. Þó að þau sem slík starfi ekki beint á flokkslegum grundvelli, þá er alveg augljóst mál, að hið pólitíska fylgi er þannig í þessum samtökum. En til viðbótar því hefur Framsfl. sem slíkur hafið skelegga baráttu fyrir því að fá þessu máli breytt til aukins hagræðis fyrir bændastéttina frá því, sem brbl. frá í júlí segja til um. Og það er þessi barátta Framsfl. og bændasamtakanna, sem hefur haft mikil og ég vil segja mest áhrif á það, að við meðferð málsins hér í þinginu hefur fengizt á því breyting, sem ég tel mjög mikilvæga, í sambandi við þá samninga, sem fram hafa farið við bankana.

Þess má enn fremur geta, að eftir að málið kom inn í þingið, sendi stjórn Stéttarsambandsins álit til fjhn. Nd., og það álit er prentað með nál., þar sem stjórn Stéttarsambandsins leggur áherzlu á, að breytingar fáist á brbl. í veigamiklum atriðum, og í áliti Stéttarsambandsins segir þannig orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi Stéttarsambands bænda í sept. s. l. var samþykkt tillaga þess efnis, að lausaskuldir bænda fáist yfirfærðar í bankana og verði lánaðar til langs tíma með lágum vöxtum. Stjórn Stéttarsambandsins telur, að það séu einkum þrjú atriði, sem bæta þurfi inn í frv., til þess að það geti komið að viðunandi notum: 1) Að heimilt verði að veita lán út á landbúnaðarvélar til 10 ára. 2) Vextir af skuldabréfum verði ekki hærri en 6½%. 3) Að Seðlabankanum verði gert skylt að kaupa skuldabréfin á nafnverði.“ Og í framhaldi af þessu segir: „Skulu þessi atriði rökstudd nokkru nánar. Til eru bændur, sem ekki eiga neinar fasteignir, en eru nýbúnir að eignast dýrar landbúnaðarvélar. Sýnist sanngjarnt, að þeim verði gefinn kostur á hæfilegum lánum fyrir lausaskuldum, sem þeir hafa stofnað til vegna vélakaupa, líkt og gert er ráð fyrir um útgerðarmenn, sbr. 2. gr. frv. til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.“

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að sú breyting, sem fengizt hefur fram á málinu með samningum við bankana, sem hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir, er að mínum dómi mjög mikilvæg. En þrátt fyrir það skortir á, að önnur atriði, sem t. d. stjórn Stéttarsambandsins hefur lagt áherzlu á, hafi tekið þeim breytingum, sem þörf er á. Það stingur t. d. mjög í stúf, að lán til sjávarútvegsins eru veitt til fyrirtækja, sem hafa haft með höndum vinnslu sjávarafurða. En vinnslustöðvar landbúnaðarins eiga ekki að njóta neins af þessum lánum.

Það er í sjálfu sér gott, ef það tækist að útvega fjármagn til lána til framkvæmda, sem stofnað verður til hér eftir, eins og hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um í framsöguræðu sinni. En það er bara annar þáttur, það er annað mál, það snýr að framtíðinni, en þessi breyting á lausaskuldum snýr að fortíðinni. Og þess vegna er í sjálfu sér ekki rétt að blanda því saman, þó að það sé mjög umræðuvert og mikilvægur þáttur út af fyrir sig að búa í haginn fyrir framtíðina.

Þá er það einnig mikill galli á þessu frv., að lánin til bændanna á einungis að veita gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru. En vélar eiga ekki að vera veðhæfar gagnvart þessum lánum bændanna, þótt vélar sjávarútvegsins séu veðhæfar vegna hliðstæðra lána til þess atvinnuvegar. Nú er það svo, eins og stjórn Stéttarsambandsins bendir á í þeim orðum, sem ég las hér, að það eru til bændur, sem eiga ekki fasteignir til þess að veðsetja. Og ég sé ekki í þessu frv. eða þessum brbl., að þar sé lögð almenn skylda á alla jarðeigendur að veita veðleyfi, enda er hæpið, að það sé hægt. Það getur því skapazt sú aðstaða fyrir einstakan mann, sem á ekki fasteign, að honum veitist næsta erfitt að láta í té nauðsynleg veð til tryggingar því láni, sem hann þarf að fá. Það kom einnig fram í ræðu hv. 10. landsk. hér áðan, að margar jarðir væru orðnar mjög hlaðnar veðum vegna annarra lána, sem tekin hafa verið, og nú eiga þessi lán að viðbættum öðrum veðskuldum, sem á jörðunum hvíla, ekki að nema meira en 70% af matsverði veðsins. Með því að búa svo um hnúta, að vélar landbúnaðarins séu ekki veðhæfar að þessu leyti, er óneitanlega skertur möguleiki ýmissa bænda til þess að setja fullnægjandi veð, til þess að sú lausn komi þeim að fullum notum, sem hér er stefnt að.

Þá verð ég enn, þótt það hafi komið fram hjá ræðumönnum, sem fyrr hafa talað, að víkja að því, að vextir af þessum lánum eiga að verða mjög háir. Það munu ýmsir hafa vænzt þess, m. a. eftir þá yfirlýsingu, sem gefin var í þessu efni fyrir hönd Sjálfstfl., að ég ætla s. l. vetur, að það yrði meira í hóf stillt um vaxtahæðina af þessum lánum en raun er á, því að í yfirlýsingunni, sem Jónas Pétursson flutti, segir beinlínis, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum. Hingað til hefur það ekki verið metið svo, að 8% vextir væru hagkvæm vaxtakjör. En það er þá sjálfsagt í samræmi við annað eftir hinu nýja kerfi og þeim stjórnarháttum, sem þingmeirihl. stendur fyrir, ef nú er farið að kalla það hagkvæm vaxtakjör, 8% vexti á 20 ára lánum. Annars virtist mér ofur lítið á reiki í framsöguræðu hæstv. landbrh., hvort vextirnir yrðu 7½% eða 8%, og má segja, að það sé ekki neitt úrslitaatriði eða stórt atriði í þessu máli. En í reglugerð, sem sett hefur verið samkv. lögunum, er berum orðum sagt, að vextir skuli vera 8% og þar af gangi ½% til bankans, sem veitir lánið. Ég

vil því halda mig við það, sem segir berum orðum í reglugerðinni, því að ég hef ekki orðið þess var, að henni hafi verið breytt að þessu leyti.

Þá hefur hæstv. ráðh. lagt nokkra áherzlu á, að þessi vaxtabyrði muni ekki reynast bændum svo þung í skauti sem ætla mætti, vegna þess að kúfurinn af vöxtunum, — held ég, að hann hafi orðað það, — komi inn í verðlagsgrundvöllinn og sé því í raun og veru greiddur með verðlagi afurðanna. Út af þessu vil ég minna á það, að eitt af því, sem mestum ágreiningi hefur valdið milli fulltrúa framleiðenda og neytenda, er vaxtaliðurinn í verðlagsgrundvellinum. Sá ágreiningur snýr að miklu leyti eða kannske aðallega að vöxtum af eigin fé bóndans. En í sambandi við vexti af skuldum ber að gæta þess, að vextir þeir, sem færðir eru inn í verðlagsgrundvöllinn, eru miðaðir við meðaltal. Nú er það þannig, að þeir 1200—1300 bændur, sem sagt er að umsóknir hafi sent um lausaskuldalán, eru aðeins einn fimmti hluti bændastéttarinnar, og það verður að telja, að þessi fimmti hluti bændastéttarinnar sé þeir í stéttinni, sem erfiðastan efnahag eiga og höllustum fæti standa, og fylgi þar af leiðandi alls ekki meðaltali um þá vaxtabyrði, sem á búrekstri þeirra hvílir. Þess vegna er þessi röksemd ráðh. ekki gild nema a. m. k. að litlu leyti gagnvart þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, og það nægir því ekki vegna þeirra að vísa til verðlagsgrundvallarins, heldur væri hitt miklu hagkvæmara þeim, sem lánanna eiga að njóta, að vextirnir væru beinlínis færðir niður á þessum lánum frá því, sem til er stofnað með brbl.

Þá hefur verið á það drepið í þessum umr., að hverjum bónda hefði verið það í lófa lagið þegar í sumar og í haust að sækja um þessi lán og að umsóknarfresturinn hafi þar af leiðandi verið nægilega rúmur. Ég get ekki fallizt á þetta, vegna þess að meðan málið var þannig, að bréfin, sem lántakandinn á að fá, voru í raun og veru ekki gildur gjaldeyrir, þá átti bóndinn, sem skuldaði lausaskuldir, algerlega undir högg að sækja við lánardrottin sinn, hvort hann tæki bréfið eða ekki. Nú er það vitað, að verzlanir ýmsar og sparisjóðir hafa blátt áfram ekki bolmagn til þess að binda fé til langs tíma í þessum lánum. Og í brbl. var bóndanum ekki veitt nein trygging fyrir því, að hann gæti látið þetta bréf, þótt hann fengi það, sem gildan gjaldeyri til verzlunar, heldur varð það að vera háð samningum milli hans og lánardrottins. Þess vegna hefur málið tekið miklum breytingum óneitanlega við þá samninga, sem nú hafa átt sér stað við bankana, og í framhaldi af því væri fullkomlega eðlileg málsmeðferð að gefa bændum nú kost á því að sækja enn að nýju og halda opinni afgreiðslu þessara lána nú enn um jafnvel nokkurra mánaða skeið. Enn fremur vil ég taka undir það, sem aðrir hafa bent á, að það er fullkomlega sanngjarnt, að skuldir, sem stofnað hefur verið til á árinu 1961, séu teknar til greina í þessu sambandi, — þannig verði endanlega gengið frá þessu máli hér í þinginu. Einmitt vegna þess, hve mikill dráttur hefur orðið á um afgreiðslu þessa máls og framkvæmd þess, gagnstætt því, sem átti sér stað um lán sjávarútvegsins, væri það mjög eðlilegt og í raun og veru sjálfsagt gagnvart bændastéttinni, að það hagræði fylgdi þó þessum drætti á afgreiðslu málsins, að skuldir, sem stofnað hefur verið til 1961, yrðu teknar til greina í þessu sambandi. Þessi atriði vil ég leyfa mér að leggja áherzlu á nú, þegar ég lýk máli mínu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Naumast eru skiptar skoðanir um það hjá mönnum, sem nokkuð þekkja til, að bændum sé þörf á þeirri fyrirgreiðslu, sem felst í þessu frv. og samningar hafa nú tekizt um við Seðlabankann, þ. e. a. s. um breytingu lausaskulda þeirra í föst lán. Hins vegar verður ekki komizt hjá því að benda á, hversu illa og ótryggilega var frá máli þessu gengið í öndverðu og hversu mikið skorti á, að brbl. ein út af fyrir sig tryggðu bændum fyrirgreiðslu sambærilega við þá, sem sjávarútvegurinn fékk með stofnlánum sínum. Ég skal þó ekki fara langt út í þá sálma. Ber tvennt til. Í fyrsta lagi, að það hefur þegar verið bent á þau atriði allrækilega af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan mér, svo og hitt, að ég tel það þó aðalatriðið í sambandi við þetta mál, að vegna vinsamlegrar afstöðu Seðlabankans og ríkisbankanna er málið nú komið í allt annað og betra horf en gera mátti ráð fyrir við útgáfu brbl. Hér er því tvímælalaust um mikilsverða fyrirgreiðslu að ræða, og úr því vil ég ekki gera lítið.

En þrátt fyrir þær lagfæringar á fyrirhugaðri framkvæmd þessa máls, sem náðst hafa, á meðan málið hefur verið hér til meðferðar á Alþingi, eru enn á fyrirhugaðri framkvæmd þess nokkrir agnúar, eins og bent hefur verið á, agnúar, sem þarf að sníða af og er auðvelt að sníða af, ef góður vilji er til.

Bændur hafa á undanförnum árum safnað miklum lausaskuldum, svo sem óumdeilanlega er nú ljóst af lánbeiðnum þeim, sem fyrir liggja, og gögnum þeim, er þeim fylgja. Sú skuldasöfnun er að mínum dómi skiljanleg. Bændur hafa staðið í miklum framkvæmdum, bæði byggingarframkvæmdum og ræktunarframkvæmdum. Þeir hafa lagt í kostnaðarsöm, en í raun og veru óhjákvæmileg vélakaup, þeir hafa margir hverjir lagt í kostnað í sambandi við rafvæðingu heimila sinna, og þannig mætti lengi telja. Bændur hafa ekki átt kost á nægilegum föstum lánum til þessara framkvæmda. Lánastofnanir landbúnaðarins hafa ekki getað fullnægt lánaþörfinni vegna þessara framkvæmda og vélakaupa, og er það mál allt kunnara en svo, að ég þurfi að rekja það, og skal ég ekki fara lengra út í það út af fyrir sig. En bændur hafa neyðzt til þess að safna lausaskuldum, bæði þannig, að þeir hafa fengið víxillán í bönkum eða sparisjóðum eða safnað verzlunarskuldum í kaupfélögum og öðrum verzlunum. Það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu slíkar lausaskuldir eru óþægilegar og óhagkvæmar. Búin hjá mörgum bændum hafa því miður verið svo smá, að þeir hafa átt erfitt með að standa undir vaxtagreiðslum og kostnaði við slíkar lausaskuldir. Þegar hin gífurlega vaxtahækkun átti sér stað á byrjunarskeiði valdatímabils núv.

hæstv. ríkisstj., varð þessi skuldabyrði auðvitað miklu þungbærari en áður, og var raunar þá þegar auðsætt, að mörgum bændum mundi reynast það algert ofurefli að standa undir þessum lausaskuldum. Ég álít því, eins og ég áðan sagði, ofur skiljanlegt, að bændur hafi safnað allmiklum lausaskuldum, og ég álít það síður en svo leggjandi þeim til lasts, að þeir hafa haft þá bjartsýni til að bera, að þeir hafa ráðizt í þær framkvæmdir, sem voru í raun og veru óhjákvæmilegar, ef þeir áttu ekki að dragast því meir aftur úr og ef þeir í raun og veru áttu að geta haldið áfram að stunda búskap. Þess vegna verð ég að segja eins og er, að mér virtust ummæli hv. 10. landsk. þm. um þetta efni vægast sagt ómakleg í garð þessara bænda, en hv. þm. var með bollaleggingar um það, af hverju söfnun þessara lausaskulda mundi stafa, og lét þess getið, að allmikill munur væri á því, hversu margar lánbeiðnir hefðu borizt úr hverju héraði, og var að bollaleggja um, að þessi skuldasöfnun mundi stafa af mismunandi hugsunarhætti hjá bændum, af mismunandi skilsemi og af mismunandi ráðdeild. Ég hygg, að þessar bollaleggingar séu almennt ekki réttmætar. Það er sjálfsagt rétt, að það hefur kveðið mismunandi að söfnun þessara lausaskulda eftir héruðum. En ég hygg, að þessar lausaskuldir hafi einmitt safnazt í þeim héruðum, þar sem framkvæmdir voru áður skemmst á veg komnar og bændur urðu þess vegna að leggja í framkvæmdirnar, þegar dýrari tímar voru komnir, og kaupa vélar, þegar þær voru komnar í miklu hærra verð en áður. Ég álít, að þar sé skýringarinnar á þessu fyrirbrigði að leita almennt, en ekki í hinu, að þessir menn, sem ratað hafa í þetta, að stofna til allþungbærra lausaskulda, séu almennt talað meiri óskilamenn eða minni ráðdeildarmenn heldur en hinir.

Það var, eins og hv. 5. þm. Austf. sýndi fram á í ræðu sinni hér áðan, í raun og veru þegar sýnt, eftir að hin gífurlega vaxtahækkun hafði átt sér stað, að það mundi þörf sérstakra aðgerða í því skyni að létta lausaskuldum af bændum eða létta byrði þeirra nokkuð. Og það má minna á það í þessu sambandi, að við framsóknarmenn höfum flutt tillögur einmitt í þá átt. Ég nefni það t. d., að við höfum hér í þessari hv. deild, bæði á þessu þingi og á síðasta Alþingi, flutt frv. um bústofnslánasjóð, þar sem gert var ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs í því skyni m. a. að veita bændum aðstoð til þess að greiða fyrir því, að þeir gætu staðið skil á þungbærum lausaskuldum, auk þess sem gert var ráð fyrir aðstoð við bústofnskaup og vélakaup í þessu frv. En þessu frv. hefur ekki enn þá, hvorki á síðasta þingi né á þessu, sem nú situr, verið sýndur sá sómi eða sá skilningur af þeirri hv. þingnefnd, sem það hefur fengið til meðferðar, að áliti hafi verið um það skilað. Geri ég þó ráð fyrir, að flestir geti orðið sammála um, að ekki sé síður þörf á því að auðvelda ungum bændum og bændaefnum að eignast bústofn heldur en jafnvel að létta skuldabyrði bænda. Það má enn fremur minna á það í þessu sambandi, að við framsóknarmenn höfum flutt frv. um að aðstoða lánasjóði Búnaðarbankans með þeim hætti að létta af þeim gengistapi, en þau frumvörp hafa ekki heldur fengið hljómgrunn hjá hv. stjórnarstuðningsmönnum.

Eftir að lög voru svo sett um stofnlán útgerðinni til handa í byrjun s. l. árs, eins og hv. 5. þm. Austf. gerði rækilega grein fyrir hér áðan og ég skal ekki endurtaka, fluttu framsóknarmenn einmitt tillögur um það hér á þingi, að sams konar fyrirgreiðsla yrði veitt bændum. En þær tillögur framsóknarmanna fengu þá ekki byr stjórnarstuðningsmanna. Og ég minnist nú ekki þess, að það kæmi fram í sambandi við þær umr. nein yfirlýsing um það af stjórnarinnar hálfu, að bændur mættu eiga von á svipaðri fyrirgreiðslu og fólst í þessum lögum sjávarútveginum til handa.

En þó að hæstv. ríkisstj. gæfi ekki neinar slíkar yfirlýsingar í sambandi við meðferð þess máls á þingi, ef ég man rétt, þá mun henni þó fljótlega hafa orðið ljóst, að það yrði ekki stætt á því að setja bændur algerlega hjá í þessu efni. Og þá var það, eins og rakið hefur verið, að við útvarpsumr. var af hálfu ríkisstj. gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum, eins og að orði var komizt í þessari yfirlýsingu, sem flutt var af hv. þm. Jónasi Péturssyni og var flutt, að því er hv. 10. landsk. þm. upplýsti hér áðan, með fullri vitund, eins og hann orðaði það, flokksmanna hans.

Samkv. þessu fyrirheiti eru svo gefin út þau brbl., sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar, brbl. frá 15. júlí s. l. Og þar er í upphafi þeirra, eins og venja er til, gerð grein fyrir ástæðunum til útgáfu þessara brbl., og þar segir, með leyfi forseta:

„Landbrh. hefur tjáð mér, að ríkisstj. hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.“

Í sjálfum ástæðunum fyrir brbl. er þannig kveðið sterkara að orði í raun og veru um þetta fyrirheit heldur en í yfirlýsingu hv. þm. Jónasar Péturssonar, því að í þessum ástæðum fyrir brbl. segir beinlínis, að það eigi að breyta lausaskuldum bænda í föst lán „með svipuðum hætti“ og gert hefur verið með sérstökum lögum að því er varðar útgerðina. En þegar brbl. voru athuguð, kom fljótlega í ljós, að mikið skorti á, að bændum væru með þessum brbl. einum út af fyrir sig tryggð sambærileg kjör og útvegsmönnum með lánum úr stofnlánadeildinni, og það kom í ljós, að samkv. þessum brbl. voru hin fyrirhuguðu bankavaxtabréfalán ærið mikið frábrugðin lánum stofnlánadeildarinnar. Meginmunurinn var að sjálfsögðu sá, að í brbl. var enga tryggingu að finna fyrir því, að bankastofnanir mundu kaupa bréfin eða skuldaeigendur taka þau sem gilda greiðslu á sínum kröfum. Í lögunum um breytingu á lausaskuldum útgerðarmanna var hins vegar stofnlánadeild sjávarútvegsins gert að skyldu að veita lánin til langs tíma. Og það varð líka fljótlega ljóst, að lánskjörin samkv. þessum

brbl. yrðu önnur en þegar um var að ræða lán til útgerðarinnar. Samkv. þessum brbl. skyldi aðeins lánað út á veð í fasteignum, en hvorki út á vélar né vinnslustöðvar, svo sem gert var, þegar um stofnlán til sjávarútvegsins var að tefla. Og það kom líka fljótt í ljós, eftir að reglugerð samkvæmt þessum brbl. sá dagsins ljós, að vextir af þessum lánum mundu ekki verða 6½% eins og af stofnlánum sjávarútvegsins, heldur raunverulega 8%. En eins og ég áðan sagði, var þó auðvitað aðalatriðið og aðalhængurinn á þessari lagasetningu sá, að með henni var á engan hátt tryggt, að bændur gætu losnað við þessi skuldabréf, bankavaxtabréfin. Í framsöguræðu sinni gat hæstv. landbrh. þess að vísu, að bændur hefðu getað treyst því, að ríkisstj. hefði ekki farið að gefa út brbl., nema tryggt væri, að bændur gætu greitt lausaskuldir sínar með bréfunum. Og hann sagði réttilega, að það hefði verið tilgangslaust eða tilgangslítið að vera að gefa lögin út, nema þetta væri tryggt. En það var ekki tryggt í lögunum. Ríkisstj. ætlaði, samkv. sínum yfirlýsingum nú, að leita um þetta samninga við bankastofnanir. Ríkisstj. taldi ekki fært, að því er hún hefur líka lýst yfir, að taka upp þá samninga, fyrr en upplýsingar lægju fyrir um heildarfjárhæð þá, sem ætla mætti að þyrfti til þess að fullnægja þessum lánbeiðnum. Þegar ríkisstj. gaf því brbl. út, hafði hún enga hugmynd um það, hvort slíkir samningar við bankastofnanirnar mundu bera árangur eða ekki. Hvernig í ósköpunum átti það þá að vera tryggt við útgáfu laganna, að bændur gætu losnað við þessi skuldabréf með nafnverði? Sjálf ríkisstj. hafði ekki nokkra tryggingu fyrir því, og hvernig í ósköpunum áttu þá bændur að geta treyst því, að þetta væri tryggt? Það hefði verið meira oftraustið, sem þeir hefðu þá mátt bera til hæstv. ríkisstj. En ég hygg nú, að það muni vera æði margir bændur, sem ekki bera ýkja mikið traust til hæstv. núv. ríkisstj., og liggja til þess ýmsar ástæður, sem ég skal ekki að þessu sinni fara út í að rekja.

En það er af þessu, sem ég hef sagt, ljóst, að það er auðvitað gersamlega út í hött og ekkert annað en innantóm slagorð, þegar hæstv. ráðh. segir þetta, að bændur hafi mátt treysta því, þegar ríkisstj. gaf slík brbl. út, að þeir mundu geta losnað við skuldabréfin á nafnverði. Það var á þeim tíma alls ekki nokkur trygging fyrir því, síður en svo, að af hálfu hæstv. ríkisstj. né af hálfu þeirrar bankastofnunar, sem hefur með höndum útgáfu þessara bankavaxtabréfa, væru gefnar nokkrar yfirlýsingar, sem skilja mætti á þá lund. Það lá hins vegar fyrir, að ríkisstj. taldi ekki rétt að lögbjóða, að bankastofnanir skyldu kaupa þessi bréf á nafnverði, heldur vildi hún fara samningaleiðina, að því er hún nú lýsir yfir. Og það var ekki talið sem sagt hægt að taka upp slíka samninga, fyrr en fyrir lægi, hver heildarfjárhæðin yrði. Hér skýtur nú enn að vísu skökku við, þegar litið er til sjávarútvegsins. Það var hægt þá að lögbjóða þessi lán alveg hiklaust og skylda stofnlánadeildina eða Seðlabankann til þess að veita þau lán, sem þar var um að tefla, enda þótt þar lægi ekki beinlínis fyrir, hve mikið fé mundi þurfa til þeirra hluta, en þá var talað um ákveðna upphæð samt í því skyni og sagt, að það mundi a. m. k. þurfa að gera ráð fyrir 400 millj. kr. í þessi stofnlán sjávarútvegsins. Ég vil í því sambandi geta þess, að þó að það sé rétt, sem hér hefur verið sagt, að við síðustu áramót hafi ekki verið búið að veita nema 288 millj. kr. lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá er auðvitað langt frá því, að þar séu enn öll kurl komin til grafar, þar sem enn er eftir að afgreiða, að því er ég bezt veit, algerlega lán til togaraflotans og sennilega ýmis fleiri lán, svo vel má vera, að þegar allt kemur til alls, verði stofnlán sjávarútvegsins ekki mikið undir þeirri upphæð, sem í öndverðu var talað um í sambandi við þau, 400 millj. kr. En þetta sýnir enn, að það virðist svo sem landbúnaðurinn sé að þessu leyti til settur skör lægra, þar sem það þykir ekki fært, hvorki að lögbjóða skuldabréfakaupin né taka upp samninga við bankastofnanir um þau, fyrr en það liggur fyrir nokkurn veginn nákvæmlega, hverju muni nema heildarfjárhæð sú, sem til þessara lána muni fara.

Af þessum sökum, að það var svo ótryggilega frá þessu gengið í öndverðu, er því miður hætt við því, að einhverjir bændur, sem fulla þörf hafa fyrir þessi lán, hafi ekki sótt. Það eru e. t. v. ekki margir bændur og vonandi, vil ég segja, ekki margir. En út af fyrir sig er það ekkert aðalatriði, hvort það eru margir eða fáir, sem hafa ekki sótt af þessum ástæðum. Þó að það séu aðeins fáir, þá er jafnmikil ástæða til þess að láta þá ekki gjalda þess, að ekki var tryggilega frá þessu gengið. Það er jafnmikil ástæða til þess að láta þá ekki gjalda þess, þó að þeir af einhverjum ástæðum hafi ekki sótt. En sjálfsagt má skýringarinnar á því leita að nokkru leyti, eins og ég held að hv. 5. þm. Austf. hafi bent á, í því, að sparisjóðum og verzlunum var vitaskuld ókleift eða illkleift að taka þessi bréf á nafnverði til greiðslu á skuldum, ef engin von var til að losna við þau. Má þess vegna vera, að slíkar stofnanir hafi ekki sérstaklega ýtt undir sína skuldunauta um það að sækja. Hitt er náttúrlega algerlega út í hött og full ástæða til að mótmæla því sem algerlega órökstuddum ummælum hjá hv. 10. landsk. (BGuðm), sem hann lét sér sæma að bera á borð í ræðu sinni hér áðan, að ef einhverjir bændur, sem þörf hefðu fyrir þessi lán, hefðu ekki sótt um þau, þá mættu þeir sjálfum sér um kenna, að manni skildist, og sagði hann í því sambandi: „enda latti þá enginn nema blaðakostur framsóknarmanna.“ Ég leyfi mér að efast um, að hv. þm. geti fundið þessum ummælum sínum stað í einu einasta tilfelli í blöðum framsóknarmanna, að bændur hafi þar verið lattir til þess að sækja um þessi lán. Það kemur mér spánskt fyrir eyru að heyra slíku haldið fram. Það er auðvitað allt annað, þó að þar hafi verið gagnrýndir þeir agnúar, sem voru á þessari lagasetningu, en ég staðhæfi það, að hvorki blöð framsóknarmanna né framsóknarþingmenn hafi latt sína umbjóðendur að sækja um þessi lán. Það er hrein fjarstæða. Í raun og veru get ég ekki, þó að ég hafi ekki neitt sérstaklega mikið álit á hæstv. núv. ríkisstj.,

ætlað henni þann hugsunarhátt að hugsa á þessa lund, að úr því að þessi bóndi, Pétur eða Páll, sótti ekki í tæka tíð, þá sé honum mátulegt að fá ekki lánið. Þannig veit ég, að hæstv. ríkisstj. mun ekki hugsa, heldur geri ég ráð fyrir, að andstaða hennar og hv. stuðningsmanna hennar gegn því að fallast á þá breytingu á lögunum að framlengja nokkuð umsóknarfrest til þess að gefa mönnum færi á því að koma umsóknum á framfæri byggist á því, að hæstv. landbrh. gerir ráð fyrir því, að það hafi allir sótt, sem þurfa þessi lán. Það getur ekki verið meiningin hjá honum að ætla að fara að setja einhverja bændur hjá, sem virkilega þurfa þessi lán, bara af því að þeir hafi ekki sótt í tæka tíð. Þess vegna vil ég trúa því, að ef einhverjir sækja nú hér eftir, og jafnvel þó að það verði ekki fallizt á að breyta formi laganna að þessu leyti til, þá verði mál þeirra athuguð og tekin til afgreiðslu, eftir því sem efni standa til. Hitt væru svo óeðlileg formlegheit, að það er tæpast stætt á því fyrir ríkisstj., því að tilgangurinn með þessari lagasetningu er auðvitað sá að veita þeim færi á að breyta lausaskuldum í föst lán, sem þörf hafa fyrir það, og það væri náttúrlega strax til bóta, ef hæstv. ráðh. vildi gefa yfirlýsingu í þá átt, enda þótt hann af einhverjum ástæðum telji ekki rétt að fallast á það, að lögunum verði breytt að þessu leyti, svo sem þó væri eðlilegast. Ég vil nú ganga út frá þeirri skoðun minni og þessum skilningi mínum, nema þá hæstv. landbrh. lýsi beinlínis öðru yfir. Fyrir bankana getur þetta ekki skipt neinu höfuðmáli. Hér er sennilega ekki um stóra heildarfjárhæð til viðbótar að tefla, og hér er auk þess aðeins um lánabreytingu að ræða. Það er yfirleitt ekki ætlunin, að með þessu sé sett neitt nýtt fé í umferð, og þegar til þess er litið, þá skiptir það í raun og veru ekki neinu höfuðmáli fyrir bankana, sem hér eiga hlut að máli, hvort þetta eru 82 millj., sem hér er um að tefla, eða kannske 92, vegna þess að í raun og veru er með þessu ekki verið að gera annað en viðurkenna staðreyndir. Þó að þessar skuldir hafi verið lausar, er vitað mál, að það var búið að festa fé í þeim og útlánum þeirra vegna, og það hefði þess vegna ekki mátt vænta þess, að þetta fé hefði greiðzt inn á mjög skömmum tíma.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um aðra agnúa, sem eru á lögunum, eins og fyrirhuguð er framkvæmd þeirra, af því að það hefur þegar verið gert af öðrum. Það er þó rétt að undirstrika það, sem sagt hefur verið viðvíkjandi veðunum, að það getur vitaskuld verið svo í einstökum tilfellum — og reyndar í mörgum tilfellum, að bændur geti ekki notfært sér þessi lán, vegna þess að þau eru bundin við fasteignaveð. Það er auðvitað svo, að leiguliðar hafa enga möguleika á að veðsetja fasteignir til tryggingar þessum lánum. Hæstv. landbrh. lét þess getið í sinni ræðu, að það væri reiknað með því, að jarðareigendur gæfu veðleyfi í slíkum tilfellum. En það er auðvitað engin vissa fyrir því að þeir vilji gera það. Það eru engin ráð til þess að skylda þá til þess. Þess vegna væri einmitt mikil ástæða til að lána út á vélar. Hæstv. ráðh. hreyfði þeirri mótbáru gegn slíkri hugmynd í sinni frumræðu, að það væri ekki hægt að veita lán út á vélar til svo langs tíma sem hér væri gert ráð fyrir, til 20 ára. Það er alveg rétt, enda hefur enginn látið sér detta það í hug, að lán út á vélar yrðu veitt til 20 ára. 20 ár eru hámarkstími skv. þessum lögum, lánstíminn getur verið styttri, og í bréfi Stéttarsambands bænda var, ef ég man rétt, gert ráð fyrir því, að lán út á vélar yrðu 10 ár, þannig að þessi röksemd hæstv. ráðh. gegn lánum út á vélar fær ekki staðizt. Það er enginn að tala um 20 ára lán út á vélar, heldur lán til hæfilegs tíma, miðað við endingartíma vélanna. Í ummælum sínum um þetta virtist mér annars hæstv. ráðh. nokkuð blanda saman lánveitingum vegna væntanlegra vélakaupa og greiðslu skulda, sem menn eru í vegna vélakaupa, en það er vitað mál, að einmitt verulegur hluti af lausaskuldum bænda stendur í sambandi við vélakaup. Þess vegna þyrfti að sníða þennan agnúa af frv. og breyta því á þá lund að heimila að veita lán út á vélar og vinnslustöðvar landbúnaðarins, svo sem hér hefur áður verið talað um af öðrum en mér.

Þá eru það einnig vaxtagreiðslurnar. Þessir vextir, sem gert er ráð fyrir, 8%, eru óneitanlega háir vextir. Ég held, að það geti ekki verið skiptar skoðanir um það hjá mönnum, sem nokkuð eru kunnugir kjörum bænda, að það sé teflt á tæpasta vað að ætla þeim að standa undir slíkum vaxtagreiðslum, eins og bústærð hjá þeim mörgum er nú. Það er óneitanlegt, að ef um verulega fjárhæð er að ræða, þá er það talsverður munur á því, hvort vextir eru 6½% eða 8%. Mér finnst þess vegna, þegar vextirnir hafa hér verið ákveðnir 8%, þá hafi ekki verið staðið fyllilega við það fyrirheit, sem gefið var, bæði í yfirlýsingu hv. þm. Jónasar Péturssonar, þegar talað var um það, að vaxtakjörin yrðu hagkvæm, né heldur í ástæðunum fyrir brbl., þar sem sagt er, að lánskjörin muni verða með svipuðum hætti og þegar um lán til sjávarútvegsins væri að ræða. Ég fæ ekki séð, hvaða sanngirni mælir með því, að bændur séu að þessu leyti til settir á annan bekk en útgerðarmenn, að þeim sé ætlað að greiða 8%, en útgerðarmönnum og vinnslustöðvum sjávarútvegsins aðeins 6½%. Það hefur verið sýnt fram á það svo rækilega, nú síðast af hv. 5. þm. Austf. (ÞÞ), að sú röksemd hæstv. landbrh., að þetta skipti í sjálfu sér ekki svo miklu máli fyrir bændur, vegna þess að vextirnir séu teknir með í verðlagsgrundvellinum, fær með engu móti staðizt. Það nær ekki nokkurri átt sú kenning, að það skipti engu máli, hvernig vaxtagreiðslum er háttað og hversu háa vexti þeir þurfa að greiða af sínum lánum, af því að slíkt sé reiknað inn í verðlagsgrundvöllinn. Ég hygg, að það muni ákaflega fáir bændur taka undir þá kenningu. Og ég get satt að segja ekki séð, að það nái nokkurri átt, sem hæstv. landbrh. þó sagði hér, að með þessum hætti mundu bændur fá betri fyrirgreiðslu en sjávarútvegurinn. Ég held, að þetta sé algert öfugmæli, eins og lögin eru úr garði gerð og framkvæmdin er fyrirhuguð nú.

Hv. 10. landsk. lét svo um mælt, að þrautseigja hæstv. landbrh. í þessu máli væri þakkar-

verð og ég held jafnvel aðdáunarverð, a. m. k. þakkarverð, og hann talaði líka um þá lausn, sem nú væri að fást eftir langt þóf. Mér er nú spurn: Við hvaða öfl hefur hæstv. landbrh. orðið að berjast og einbeita sinni þrautseigju svo mikið sem hv. 10. landsk. gerði orð á? **(Gripið fram í:** Fjárskortinn.) Ég skal koma að því seinna. Og hvaða óskaplega þóf er það, sem staðið hefur verið í? Það hefur ekki þurft í þessu máli að berjast við stjórnarandstöðuna. Stjórnarandstaðan hefur verið reiðubúin frá öndverðu til þess að ganga fullkomlega eins langt í þessu máli gagnvart bændunum og gert var gagnvart sjávarútveginum. Það þurfti enga þrautseigju hæstv. landbrh. til þess að fá fylgi stjórnarandstöðunnar um þetta mál. Það hefði ekki þurft að standa í löngu samningaþófi við hana um það. Það hljóta þess vegna að hafa verið önnur öfl, annars staðar en í stjórnarandstöðunni, sem hæstv. landbrh. hefur þurft að glíma við í þessu efni. Og ég efast ekkert um, að hv. 10. landsk. segir þetta alveg satt og rétt. Ég efast ekkert um, að hæstv. landbrh. hefði út af fyrir sig haft vilja til þess að leysa þetta mál með viðunanlegri hætti en leit út fyrir í öndverðu og með betri hætti en þó enn er gert. Ég efast heldur ekkert um, að hv. 10. landsk. mundi hafa fylgt honum í því efni. En það eru aðrir innan flokks þessara hv. manna, hæstv. ráðh. og hv. 10. landsk., sem hefur þá þurft við að glíma í þessu máli, og það eru út af fyrir sig engin ný sannindi fyrir mér. Það hefur verið vitað lengi, að það væru sterk öfl í Sjálfstfl., sem hefðu tiltölulega takmarkaðan skilning á hagsmunamálum bænda og málefnum bændastéttarinnar. Hitt hefur þá ekki síður verið vitað, að samstarfsflokkur Sjálfstfl., Alþfl., hefur lengi átt ákaflega erfitt með að átta sig á málefnum bænda og sýna þeim fulla sanngirni.

Ég held, að þessi játning hv. 10. landsk. þm. sé lærdómsrík. Hún ætti að færa bændum nokkrar upplýsingar um það, hvar þeirra stefnumál eigi fylgi að fagna, og hún ætti að færa þeim heim sanninn um það, hverja þýðingu það hefur fyrir þá að þoka sér saman stjórnmálalega og hverja þýðingu það hefur fyrir þá, að Framsfl. sé sem sterkastur og áhrif hans á Alþ. séu sem mest, því að það er áreiðanlegt, eins og ég áðan sagði, að hæstv. landbrh. hefði ekki verið þreyttur eftir þá glímu, sem hann hefði þurft að eiga við Framsfl., í þessu efni. Það hefði ekki staðið á honum að fylgja þessu máli.

Hv. 10. landsk. skaut því fram hér áðan, að það hefði verið fjárskorturinn, sem við var að glíma. Þetta er hinn mesti misskilningur, vegna þess, eins og ég tók fram áðan, að hér er ekki um það að ræða, að neitt nýtt fé sé sett í umferð. Það er aðeins um að tefla breytingu á skuldum, sem þegar hefur verið stofnað til. Það er lánabreyting, sem hér er um að tefla, a. m. k. að langmestu leyti. Þess vegna gat það ekki á neinn hátt staðið hér í vegi.

Mig minnir, að hv. 10. landsk. væri eitthvað að tala hér áðan um gort. Mér flaug þá í hug hið fornkveðna: Ef enginn annar hælir mér, þá verð ég að gera það sjálfur. Og einhvern veginn fannst mér tónninn í ræðu hv. 10. landsk. á þá lund, að hann hefði orðið lítið var við ánægju yfir útgáfu þessara brbl., eins og þau voru fyrst úr garði gerð. Þess vegna fór hann inn á það að hæla þeim höfundum, sem að þessu hafa staðið. En það verður að segja, að því hóli, sem hann lét sér um munn fara í því sambandi um hæstv. landbrh., var í hóf stillt, því að hann sagði, að frammistaða ráðh. í þessu máli mundi yfirleitt hafa mælzt vel fyrir úti um land. Þetta er mjög hófsamlega til orða tekið.

Þá sagði hv. 10. landsk., að stjórnarandstaðan hefði ekki haft aðstöðu til að hafa áhrif á þetta mál. Þeirri aths. hans hefur þegar verið svarað svo rækilega af hv. 5. þm. Austf., að ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en hv. 5. þm. Austf. sýndi glögglega fram á, að þær breytingar, sem orðið hafa á fyrirhugaðri framkvæmd þessa máls, sem vissulega eru til stórbóta, má einmitt rekja til þrýstings frá bændastéttinni og frá stjórnarandstöðunni. En eins og ég hef áður sagt, þá eru enn, þrátt fyrir það að þetta sé mikilsverð fyrirgreiðsla, sem þarna er um að ræða, agnúar hér á, sem auðvelt er að sníða af. Og um það þurfa þm. þeir, sem eiga bændur að umbjóðendum, að sameinast. Það er alveg augljóst mál, að bændur geta ekki borgað 8% vexti. Og það er líklegt, að vextir verði lækkaðir hér í náinni framtíð, og þá sjá allir, hversu það er óeðlilegt og ósanngjarnt að vera búinn að binda bændum þessa byrði með háum vöxtum um langan tíma. Það verður a. m. k. að komast inn í þetta frv. eða þessi lög, að vöxtum verði þá breytt af þessum bréfum, ef almennar vaxtalækkanir eiga sér stað.

Það þarf að taka til vinsamlegrar afgreiðslu umsóknir og lánbeiðnir frá þeim, sem af einhverjum ástæðum, misskilningi eða öðrum ástæðum, hafa ekki sótt um þessi lán í tæka tíð. Það má að sjálfsögðu ekki verða til þess að tefja afgreiðslu lána hjá þeim, sem hafa nú öll sín skjöl í lagi, enda er það ástæðulaust, því að það er vitaskuld hægt að fara að afgr. þau.

Eins og ég hef sýnt fram á áður, getur það ekki skipt neinu höfuðmáli, hvort heildarfjárhæðin verður 82 millj. eða eitthvað meira, auk þess sem alltaf má náttúrlega gera ráð fyrir, að ekki sé hægt að taka til greina allar þær umsóknir, sem inn hafa verið sendar.

Og að lokum er það rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er auðvitað fyllilega sanngjarnt að taka með árið 1961, sem bændum hefur þrátt fyrir gott árferði að ýmsu leyti orðið þungt í skauti vegna þeirrar sívaxandi verðbólgu og dýrtíðar, sem við hefur verið að stríða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 414 og 417, 415).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem fram komin nál. leiða í ljós, hefur ekki orðið samkomulag í fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði afgreitt óbreytt, en minni hl. er að vísu efnislega sammála um kjarna málsins, en leggur til, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv., og eru brtt. um það fluttar á sérstöku þskj.

Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir máli þessu, þegar það var lagt fram og var hér til 1. umr. í hv. deild, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau rök í einstökum atriðum. Eins og nál. okkar í meiri hl. n. bendir til, leggjum við til, að frv. sé afgreitt óbreytt. En mér þykir rétt að ræða nokkur atriði málsins, sem sérstaklega hafa verið gagnrýnd af hálfu stjórnarandstöðunnar, og taka örlítið til athugunar þær röksemdir, sem fram eru færðar af hálfu talsmanna hennar og koma fram í nál. hv. minni hl., þó að ég muni svo aftur síðar, eftir að þeir hafa gert grein fyrir sínu nál., ræða nánar um þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Það er grundvallargagnrýnin á þessu frv., að bændum sé ætlað að búa við lakari kjör en útvegsmönnum í sambandi við þá aðstoð, sem þeim hafi verið veitt með breytingu lausaskulda í föst lán. Og það er í rauninni eina atriðið, sem máli skiptir, sem fært er fram sem gagnrýni á þessu frv. hér. Allir eru sammála um nauðsyn þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, þannig að um það mál út af fyrir sig þarf ekki að ræða.

Það mun vafalaust engum blandast hugur um það, að varðandi lausaskuldir bænda voru margvíslegir örðugleikar, sem var ekki hægt að leysa úr á sama hátt og í sambandi við lausaskuldir útvegsmanna. Ein orsökin er sú, að lausaskuldir útvegsins voru að miklum meiri hluta en lausaskuldir bænda skuldir við tvo viðskiptabanka útgerðarinnar. Lausaskuldir bænda eru hins vegar miklu dreifðari, við alls konar aðila, ekki hvað síst verzlunarfyrirtæki og hinar og aðrar stofnanir, og miðað við þá reglu, sem fylgt var í sambandi við lausaskuldir útvegsins, lá í augum uppi, að mjög torvelt yrði að framkvæma lausaskuldamál bænda á svipuðum grundvelli. Það mun öllum hv. þdm. kunnugt, að breytingu lausaskulda útvegsins var hagað þannig, að það losnaði ekkert fé. Þessir tveir viðskiptabankar, sem lán þessi gengu að öllu leyti gegnum, Útvegsbankinn og Landsbankinn, urðu að bæta hag sinn gagnvart Seðlabankanum í sama mæli og Seðlabankinn eða stofnlánadeildin létti á lausaskuldum útgerðarinnar. Sannleikur málsins mun vera sá, eftir því sem ég hef kynnt mér það mál, að sáralitlu af almennum viðskiptaskuldum útgerðarmanna mun hafa verið breytt í föst lán. Það eru fyrst og fremst og nær eingöngu bankaskuldir útvegsins, sem komið hafa til greina í því efni. Í sambandi við lausaskuldir bænda er ætlunin að ganga miklu lengra. Og það er ekki ætlunin að gera greinarmun á lausaskuldum eftir því, hverjir eiga þar hlut að máli, að svo miklu leyti sem það getur komizt innan þess ramma, sem verður að setja í sambandi við framkvæmd málsins, sem hv. þdm. er nú kunnugt um, hvernig er háttað. En einmitt þessi staðreynd, að það verður að byggja á því tölurvert mikið, að auðið sé að fá hina ýmsu aðila, sem bændur skulda, til þess að taka þessi bréf, án þess að geta verið öruggir um að losna við bréfin, — og á ég þá við þá aðila, sem geta ekki skuldajafnað í sambandi við þessi bréf, eins og var fylgt sem fastri reglu við útveginn, — þá var óumflýjanlegt að hafa vaxtakjör bréfanna ekki lægri en svo, að ekki væri fyrir fram raunverulega útilokað, að bændur gætu fengið aðstoð eftir þessari leið. Þetta var meginsjónarmiðið, sem varð að hafa í huga, þegar út í þetta var ráðizt varðandi lausaskuldir bænda.

Það hefur verið gagnrýnt, að ekki hafi verið fyrir fram tryggt, að hægt væri að leysa þetta mál á þann veg eins og nú liggur fyrir. Það gefur auga leið, að það var gersamlega útilokað að tryggja fyrir fram. Það vissi enginn um það, hvernig skuldum bænda væri háttað eða hversu miklar skuldir þarna kæmu fram. Og miðað við þá samninga, sem gerðir hafa verið við bankana nú, var augljóst, að enginn banki mundi taka þátt í slíkum samningaumleitunum eða viðræðum nema vita, hvaða viðfangsefni við væri að glíma. Það er engin afsökun, að bændur hafi ekki sótt um þessi lán, — ekki nokkur minnsta. Það var um það rætt strax í upphafi, þegar talað var um málið, og það kom opinberlega fram, að það mundi verða reynt að sjá til þess, að þessi aðstoð kæmi að fullum notum, og það gaf auga leið, þegar ríkisstj. efndi til þessara ráðstafana, að það mundi ekki verða látið renna út í sandinn, því að það gat engum orðið til góðs. Það er enda svo, að fjöldi bænda, sem hafði ekki neina örugga vitneskju um lausn sinna mála, nema menn gengu út frá því, að þetta yrði ekki látið vera dauður bókstafur, þeir hafa sótt. Og sú hugmynd að fara nú að rifja það mál allt upp aftur, auglýsa á nýjan leik, seinka þessu máli um marga mánuði eða jafnvel ár og valda því, að enn á ný verði að taka upp samninga við viðskiptabanka og Seðlabanka, er að sjálfsögðu ófær leið og gersamlega ástæðulaus.

Eins og málið liggur fyrir í dag, er sæmilega tryggt, að þessi aðstoð muni koma að notum öllum þeim, sem hafa tiltekin og tilætluð veð eða tryggingar fyrir lánum sínum. Og ég hygg, að það sé mjög yfirgnæfandi meiri hluti umsækjenda, sem þurfi ekki að lenda í neinum vandræðum hvað þá hlið málsins snertir, þannig að þetta ætti í langflestum tilfellum að geta leitt til lausnar á vanda bænda þeirra, sem sótt hafa, þó að það kunni auðvitað að vera einstök tilfelli þar á meðal, sem menn hafa rekið augun í, sem gera það að verkum, að erfitt sé að fá lausn á málum viðkomandi manna, svo sem t. d. það, ef það sýnir sig, að bændur eiga alls ekki fyrir skuldum, — en sem betur fer eru þau tilfelli fá. Ég held því, að miðað við allar aðstæður hafi hér tekizt vel til og fengizt fram á málinu lausn í sambandi við samninga við bankana, sem eigi að geta tryggt bændum viðunandi afgreiðslu þeirra mála, og er það vissulega mikils virði. Það eru vafalaust allir sam-

mála um, að æskilegast sé að hafa vexti sem lægsta og ekki þá sízt af lánum sem þessum. En þegar menn athuga, ef þeir gera það af fullu raunsæi, mismuninn, sem hér er á og í sambandi við lán útgerðarinnar, sem voru í þessu tilfelli á mjög fárra aðila höndum, þá gefur auga leið, að hér var við allt annan vanda að glíma. Og þar sem það lá ljóst fyrir, að til þess að fá fram þessa lausn málsins, varð að finna leið, sem yki ekki á þenslu í þjóðfélaginu, — en það hefði það óneitanlega gert, ef veitt hefði verið tugmilljónum króna út í efnahagslífið í nýju fjármagni, — þá var ekki önnur lausn finnanleg á vandanum en sú, sem hér er um að ræða. Og án þess að ég ætli að fara að rekja hér eða gera grein fyrir framkvæmd á skuldamálum útgerðarinnar, þá þori ég nokkurn veginn að fullyrða, að það mundi a. m. k. áreiðanlega valda bændum töluverðum bollaleggingum, áður en þeir ákvæðu að lúta heldur þeim reglum, sem útgerðin býr við, heldur en þeim reglum, sem gert er ráð fyrir hér að bændur búi við, jafnvel þó að um þennan vaxtamun sé að ræða. Það fullyrði ég. Þegar menn eru að ræða um það sem grundvallaratriði þessa máls í gagnrýnisskyni, að mjög sé mismunað bændum og útgerðarmönnum, þá eru óneitanlega miklu fleiri hliðar á því máli en minnzt er á og snerta vextina eingöngu, og það hygg ég, að útgerðarmenn, sem þetta mál þekkja, muni geta staðfest. Með þessu er ég á engan hátt að gera lítið úr þeirri aðstoð, sem útveginum hefur verið veitt, en þar hljóta að koma til greina ýmis önnur sjónarmið og ýmsar aðrar reglur, sem farið er eftir, heldur en í sambandi við þessi lán til bændanna. En ég endurtek það, að ég held, að óhætt sé að fullyrða, að þegar öll kurl eru til grafar komin og öll atriði málsins metin, þá muni sízt vera verr búið að bændum í sambandi við lausn á lausaskuldamálum þeirra, eins og hér er lagt til, heldur en sú lausn var, sem útvegsmenn hafa fengið á sínum málum, þannig að þær röksemdir séu meira og minna byggðar á misskilningi.

Þá er að því fundið, að ekki sé gert ráð fyrir að taka veð í vélum bænda og þar sé einnig bændum mismunað. Það mun hafa verið í framkvæmd hjá útveginum þannig, að meðan fasteignir hrukku til, voru þær ætíð teknar sem veð og það á undan skipum, og síðan skip. Það kann að vera í einhverjum tilfellum, að það hafi verið tekin veð í vélum, en það mun hafa verið algerlega í undantekningartilfellum. Hingað til hefur ekki verið tekið veð í vélum í sambandi við fjárfestingarlán til bænda. Vissulega er það mál, sem þarf athugunar við, og það hlýtur að koma að því, að nauðsynlegt verði að lána til vélakaupa á þann hátt, að veð verði tekið í vélunum, en ekki eingöngu í jörðunum. En í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða, þar sem er verið að ræða um 20 ára lánstíma, er að sjálfsögðu fráleitt með öllu að taka veð í vélum, og ég held, að mér sé nokkurn veginn óhætt að fullyrða, að þetta muni í sárafáum tilfellum leiða til nokkurra vandræða, vegna þess að eins og menn vita, þá er hugmyndin með breytingu á lausaskuldum byggð á því, að þessar lausaskuldir stafi af framkvæmdum, sem gerðar hafa verið á jörðum bænda, og það ætti því ekki, jafnvel þótt menn væru aðeins ábúendur á jörðum, að geta verið meira vandamál að fá heimild til veðsetningar fyrir þeim skuldum heldur en skuldum við stofnlánasjóðina sjálfa, sem stofnað hefur verið til í sambandi við sömu framkvæmdir. Það er a. m. k. alveg ljóst, að ef ætti að fara út í það að fara að taka veð í vélum, þá yrðu þessi lán að vera til miklu skemmri tíma, og ég hygg, að það væri mjög hæpið, að hverju gagni það kæmi bændum, af því, eins og ég áðan sagði, að það sýnist vera nokkurn veginn ljóst, að þetta vandamál rísi ekki nema í sárafáum tilfellum, og munu þá að sjálfsögðu verða tekin til sérstakrar meðferðar þau einstöku atriði. En breyting frv. í þessa átt held ég að hafi vægast sagt enga þýðingu, því að framkvæmd þessara mála í sambandi við allar stofnlánaveitingar til þessa hafa alls ekki verið við það miðaðar að lána til vélakaupa, heldur hafa veðin verið tekin í jörðum, meira að segja þó að beinlínis hafi verið lánað til að kaupa vélar, hvað þá þegar hér er um að ræða almennar skuldir vegna fyrst og fremst annarra framkvæmda á jörðunum en vélakaupa.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að eyða lengri tíma á þessu stigi málsins til að ræða þetta mál. Ég endurtek aðeins, að það er skoðun meiri hl. n., að með þessu frv. og með þeim samningum við Seðlabanka og viðskiptabanka, sem fram hafa farið fyrir forgöngu hæstv. landbrh., sé það tryggt á viðunandi hátt, að þessi mikilvæga aðstoð við bændur geti komið að fullum notum, og á þeim grundvelli leggjum við til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í forföllum 1. þm. Norðurl. e. (KK) mætti ég í fjhn., þegar fjallað var um þetta mál. Það er ástæðan til þess, að ég skrifa undir þetta minnihlutanál. og hef framsögu í því, og hefði sú skýring raunar átt að koma fram í nál.

Við 1. umr. málsins hér í þessari hv. deild var rætt nokkuð um málið almennt, og ég mun þess vegna reyna nú að fara ekki mjög langt út í almennar umr. um málið. Ég kemst þó ekki hjá því að drepa aðeins á örfá atriði, áður en ég vík að þeim brtt., sem ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) flyt hér.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hér á þessum vettvangi, að á undanförnum árum, einkum áður en hin svokallaða viðreisnarstefna var farin að verka, lögðu margir bændur í mjög fjárfrekar framkvæmdir, byggingar, ræktun, vélakaup o. fl., o. fl. Þeir hafa ræktað jörð sína, byggt bæði íbúðarhús og peningshús, keypt vélar og áhöld, tekið rafmagn á bæina, þar sem þess var kostur o. fl., o. fl. Þau föstu lán, sem kostur hefur verið á til þessara framkvæmda, hafa engan veginn nægt til þess að standa undir kostnaði við þessar framkvæmdir. Allmargir bændur hafa því stofnað til lausaskulda eða bráðabirgðalána, oft víxillána í bönkum eða sparisjóðum, auk þess sem skuldir hafa safnazt hjá þeim sumum hverjum í verzlunarfyrirtækjum þeim, sem þeir verzla við. Hjá mönnum

gætti á undanförnum árum mikillar bjartsýni og mikils framkvæmdavilja. En hjá þeim, sem hafa lagt í þessar framkvæmdir, oft af miklum stórhug, í einstaka tilfellum kannske ekki af nægilegri fyrirhyggju, hafa safnazt meiri eða minni lausaskuldir, ýmist í bönkum, verzlunum eða jafnvel stundum við einstaklinga. Ég lít nú svo á, að við óbreyttar aðstæður hefðu flestir þessara bænda komizt fram úr þessum vandræðum og að þeir hefðu getað greitt skuldir sínar af eigin rammleik og án aðstoðar þess opinbera. En vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. gerbreyttist aðstaða þessara manna, bæði vegna hinnar stórkostlegu vaxtahækkunar, hinnar gífurlegu gengisfellingar og þar af leiðandi aukinnar dýrtíðar og vaxandi framleiðslukostnaðar. Afleiðingar þessa, ásamt svo lánsfjárskorti hafa gersamlega kippt fótum undan mörgum þessara bænda og kollvarpað þeirra áætlunum um skuldagreiðslur og heilbrigðan atvinnurekstur á næstu árum.

Eftir að þessar breytingar höfðu á orðið, lá það ljóst fyrir, að ýmsum bændum mundi vera gersamlega um megn að standa undir víxillánum og öðrum vaxtaháum lausaskuldum. Ég skil það vel, að hæstv. ríkisstj. vilji komast hjá því að þurfa að rifja þetta upp, en það verður vitaskuld ekki hjá því komizt í sambandi við þetta mál að minna á, að ein meginorsökin til þess, hversu bændum veitist erfiðlega að standa undir sínum lausaskuldum, er einmitt sú breyting, sem gerð hefur verið í efnahagsmálum, og það, hversu er komið, má þannig einmitt rekja til aðgerða þess opinbera.

Eftir að þetta lá fyrir, var mjög fljótt sýnilegt, að bændum yrði með einhverjum hætti að rétta hjálparhönd. Annars var hætt við því, að sumir þeirra a. m. k. mundu hreinlega gefast upp, til tjóns bæði fyrir sjálfa þá og þeirra lánardrottna og þjóðfélagið í heild. Það er vissulega í alla staði réttmætt og eðlilegt, að þjóðfélagið rétti þessum mönnum hjálparhönd, því að vandræði þeirra stafa einmitt að verulegu leyti, eins og ég áðan sagði, af opinberum aðgerðum. Og það er einmitt þetta atriði, sem leggja ber áherzlu á í sambandi við þetta mál og þegar athugaðar eru þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru til fyrirgreiðslu bændum, það, að sá vandi, sem við er að glíma, á að verulegu leyti, — ég segi ekki að öllu leyti, — en að verulegu leyti rætur sínar að rekja til aðgerða þess opinbera.

Það var ljóst, að ef bændur áttu að komast sæmilega út úr þessum vandræðum, urðu þeir að eiga kost á hagkvæmum og ódýrum lánum í stað víxilskuldanna og kostnaðarsamra bráðabirgðalána og verzlunarskulda, sem þeir hafa átt við að glíma. Þetta hefur framsóknarmönnum vissulega verið ljóst. Ég minni hér aðeins í þessu sambandi á það, að framsóknarmenn hafa bæði á s. l. þingi og þessu þingi lagt fram frv. um sérstakan bústofnslánasjóð, sem m. a. var ætlað það hlutverk að létta undir með bændum um greiðslur þungbærra lausaskulda, bæði með lánastarfsemi — og fyrst og fremst með lánastarfsemi, en jafnvel í einstaka undantekningartilfellum með beinum styrk.

Ég minni einnig á það, að framsóknarmenn hafa flutt, bæði á þessu þingi og á síðasta þingi, frv. til laga um það að létta af lánasjóðum landbúnaðarins gengistapi, en það var vitaskuld alltaf út frá því gengið, að hið opinbera yrði að hlaupa undir bagga með þeim lánasjóðum og taka á sig þann vaxtahalla, sem óhjákvæmilega hlaut að verða á starfsemi þeirra sjóða. Það hafði einnig verið gert oftar en einu sinni á undanförnum árum, að til þessara sjóða hafði verið ráðstafað hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs.

Síðast, en ekki sízt minni ég á það, að þegar frv. um lánveitingar til þess að létta lausaskuldum af útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum var til afgreiðslu á síðasta Alþingi, báru framsóknarmenn fram brtt. við það frv., þess efnis, að í frv. yrði bætt ákvæðum um lán til bænda og þeirra fyrirtækja í sama skyni. Var þar lagt til, að sömu reglur yrðu látnar gilda um þær lánveitingar, lánstíma og vexti, og um lánin til sjávarútvegsins. Stjórnarflokkarnir beittu sér gegn þessum brtt., og voru þær felldar. En skömmu síðar mun þó hæstv. ríkisstj. og stjórnarstuðningsmönnum hafa orðið ljóst, að ekki yrði hjá því komizt að gera einhverjar ráðstafanir í þessu efni. Þá var það, að einn hæstv. stjórnarflokksþm., Jónas Pétursson, lýsti því yfir fyrir hönd flokksins við útvarpsumræður, sem fram fóru, að það mundu verða gerðar ráðstafanir til að breyta hluta af lausaskuldum bænda í föst lán með hagstæðum kjörum. Til efnda á þessu fyrirheiti voru svo brbl. frá 15. júlí s. l. sett, en það eru þau brbl., sem hér liggja fyrir og því frv., sem hér er til umr., er ætlað að staðfesta.

Í formála fyrir þessum brbl. segir, að ríkisstj. hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu. En þegar þessi brbl. eru athuguð svo og þær reglur, sem settar voru samkv. þeim, verður fljótt ljóst, að æði mikið skortir á, að staðið sé við þessi fyrirheit um lán bændum til handa, sem sambærileg séu við þau lán, sem veitt voru sjávarútveginum á s. l. ári. Séu ákvæði þessara brbl. og þær reglur, sem settar hafa verið samkv. þeim, bornar saman við lögin um lán til sjávarútvegsins og framkvæmd þeirra mála, kemur fram, að þar er mjög verulegur munur á og að bændum voru ekki með þessum brbl. tryggð sambærileg kjör og útvegsmönnum með lánum úr stofnlánadeildinni. Meginmunurinn var að sjálfsögðu sá, að í lögunum um breytingu á lausaskuldum útgerðarinnar var stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann gert að skyldu að veita lánin til langs tíma. En í þessum brbl. var ekki og er ekki að finna neina tryggingu fyrir því, að nokkur bankastofnun né nokkur annar kröfuhafi vilji taka við þeim bankavaxtabréfum, sem þessi lán eru veitt í, með nafnverði. Enn fremur var augljóst, að lánskjörin yrðu hér að allmiklu önnur en samkv. lögunum um skuldaskilalán útgerðarinnar. Samkv. þessum brbl. og því frv., sem hér liggur fyrir til staðfestingar á þeim, á aðeins að lána gegn veði í fasteignum, en ekki gegn veði í vélum eða vinnslustöðvum, svo sem heimilað

var um lán til sjávarútvegsins. Og hér er enn fremur ákveðið — eða ákveðið í þeim reglum, sem settar hafa verið samkv. þessum lögum, að vaxtagreiðslur af þessum lausaskuldalánum landbúnaðarins skuli vera 8% á móti 6½% hjá sjávarútveginum.

Eins og ég áðan sagði, var þó aðalatriðið, að það var með þessari lagsetningu einni út af fyrir sig á engan hátt tryggt, að bændur gætu notfært sér bankavaxtabréf þau, sem lánin eru veitt í. Hv. frsm. meiri hl., hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), vildi halda því fram hér áðan í sinni framsöguræðu, að bændur hefðu mátt treysta því, að reynt yrði að sjá til þess, að þeim kæmu lánin að notum, og var það raunar endurtekning á því, sem hæstv. landbrh. sagði við 1. umr. málsins hér í deildinni, þar sem hann lét þau orð falla, að bændur hefðu getað treyst því, að ríkisstj. færi ekki að gefa út brbl., nema tryggt væri, að hægt væri að greiða lausaskuldir með bréfunum. En þetta er vitaskuld mjög fjarri réttu lagi. Bændur gátu alls ekki treyst þessu. Hv. frsm. meiri hl. lét þess einnig getið, að á sínum tíma, þegar brbl. þessi voru sett, hefði ekki verið fært að leggja þá skyldu á bankana, að þeir tækju við þessum bréfum með hliðstæðum hætti og gert var um sjávarútvegslánin, vegna þess að ekkert hefði verið vitað um það, hve miklu þessar lausaskuldir næmu. Það hefði því ekki verið gerlegt, þegar málin stóðu þannig. Það einmitt sýnir, að hæstv. ríkisstj. hafði þá alls ekki gert sér grein fyrir því né gert það upp við sig, hvernig hún mundi snúast við þessu máli. Það er sagt, að það hafi verið ætlunin að leita um þetta samninga við bankana og fara samningaleið í stað þess að lögbjóða þetta. En hæstv. ríkisstj. gat ekkert vitað um það, hvort þeir samningar mundu takast eða ekki. Og sannleikurinn er sá, að það lítur út fyrir, að það hafi verið við nokkuð ramman reip að draga í þessum samningum, því að þeir hafa tekið æðilangan tíma. Eins og ég áðan sagði, voru brbl. gefin út 15. júlí s. l., en það var ekki fyrr en 12. febr. s. l., að fyrir lá, að samkomulag hefði náðst við Seðlabankann um þá afgreiðslu, sem samningar þá náðust um. Og einn hv. stjórnarstuðningsmaður lét þess getið í umr. í þessari hv. deild við 1. umr. málsins, að hæstv. landbrh. hafi í þessu máli sýnt aðdáunarverða þrautseigju. Sú þrautseigja hefur sjálfsagt m. a. beinzt að því að koma á þeim samningum um þetta mál, sem gera það að verkum, að líklegt er, að margir umsækjendur geti nú að vísu losnað við þessi bréf á nafnverði. En þetta sýnir, hvað það er fjarri lagi að halda því fram, að bændur hafi getað treyst því á s. l. sumri, að þeir gætu notfært sér lánin á þann hátt, að þeir gætu losnað við þau á nafnverði. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, að þegar þessi brbl. voru gefin út, var engin trygging fyrir því, hver afgreiðsla mundi fást á málinu að þessu leyti til, og það óvissuástand var ríkjandi, löngu eftir að þetta mál var lagt fyrir Alþingi. Það var í rauninni ríkjandi allar götur þangað til 12. febr. s. l.

Það verður þess vegna að segjast, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að frá þessu máli var í öndverðu gengið ákaflega ótryggilega og á allt annan veg en gagnvart skuldaskilalánum sjávarútvegsins. Þar þótti ekkert athugavert við það fyrir fram, áður en fyrir lá, hverjar umsóknir mundu berast frá þeim, sem sóttu þá um lán, að lögbjóða, að stofnlánadeild sjávarútvegsins skyldi kaupa þau bréf á nafnverði, að vísu að fullnægðum öðrum tilteknum skilyrðum, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á. Og það var þó fyrir fram vitað og hefur sannazt áþreifanlega síðar, að í því tilfelli var um miklu hærri fjárhæð að tefla en í sambandi við skuldaskilalán landbúnaðarins.

Hv. frsm. meiri hl. vildi gera nokkuð mikið úr því, að í sambandi við lausaskuldalán til bændanna hefðu risið og hlytu eðli málsins samkvæmt að rísa ýmsir erfiðleikar, sem hefði ekki gætt viðvíkjandi skuldaskilalánum til sjávarútvegsins. Það má vel vera, að það hafi verið vissir erfiðleikar, sem í því sambandi hefðu komið til greina. En ég held því hiklaust fram, að þeir erfiðleikar hafi samt ekki verið þess háttar, að það hefði ekki verið alveg eins frambærilegt að lögbjóða það, að stofnlánadeild, e. t. v. sérstök, sem sett hefði verið á fót við Seðlabankann, hefði greitt fyrir þessu máli með hliðstæðum hætti og stofnlánadeild sjávarútvegsins gerði. Það hefði að mínu viti verið fullkomlega eðlilegt. Og að öðru leyti snerta þessar mótbárur, sem hv. frsm. vildi bera fyrir sig, alls ekki önnur þau atriði, sem um er deilt í þessu máli, eins og t. d. vextina. Það eru engir þeir tæknilegir erfiðleikar í sambandi við lausaskuldalán til landbúnaðarins, sem gera það að verkum, að nauðsynlegt sé að hafa vexti á þeim lánum 1½% hærri en á lánum til sjávarútvegsins. Hv. frsm. meiri hl. vildi að vísu reyna að færa fram þau rök fyrir þessari ákvörðun, að það hefði þurft að gera bréf þessi útgengileg með háum vöxtum, þar sem ekki hefði verið hægt að leggja skyldu á neinar stofnanir að taka þau. Ég held, að þessi röksemd sé harla léttvæg og það er ég viss um að hv. frsm. sem bankastjóra er ákaflega vel ljóst. Meðan þannig er, að menn geta lagt fé sitt á bundinn reikning til eins árs í banka og fengið af því 9%, liggur nokkurn veginn í augum uppi, að menn fara ekki að ásælast bréf vaxta vegna, sem bera 8% eða 7½%.

Ég tel það því liggja alveg ljóst og óumdeilanlega fyrir, að þessi lán, lausaskuldalán, sem fyrirhuguð eru til bænda, eru með óhagstæðari kjörum en lausaskuldalánin til sjávarútvegsins. Það er alveg augljóst og verður ekki um deilt að því er varðar vaxtamismuninn. Það er augljóst og verður ekki heldur um deilt að því leyti til, að bændum er ekki leyft að setja eða nota sambærileg veð og útgerðarmönnum var heimilað. Og það stendur líka alveg fast, eins og ég hef hér rakið nokkuð og liggur alveg ljóst fyrir, að við útgáfu brbl. og lengi fram eftir þessu þingi var alls engin vissa um það, hvernig fara mundi um sölu eða afsetningu á þeim bankavaxtabréfum, sem lánin eru veitt í. Um þetta geta menn ekki deilt, ef menn vilja beygja sig fyrir staðreyndum. Hitt er svo annað mál, að menn geta, ef menn vilja, reynt að færa fram einhver rök fyrir því, að landbúnaðurinn eigi að þessu leyti til að búa við lakari kjör en sjávarútvegurinn.

Hitt er svo annað mál, og því fagna ég, að þrátt fyrir það, þó að þetta hafi ekki verið undirbúið í öndverðu svo sem skyldi, hafa nú samningar tekizt við Seðlabankann og ríkisbankana þrjá, Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann, um það, að þeir taki þessi bankavaxtabréf af sínum viðskiptamönnum á nafnverði til skuldagreiðslu eða á bundinn reikning, þó ekki af einstaklingum. Þetta er að minni skoðun mikilsverð endurbót á málinu, þó að það skorti að vísu enn á í þessu sambandi, að skuldum við einstaklinga er þarna alveg sleppt, og geta því einhver vandkvæði risið í því sambandi. Ég skal þó játa, að slíkar lausaskuldir eru að sumu leyti þannig, að erfiðara er við þær að eiga.

En þrátt fyrir þær lagfæringar á þessu frv. og á fyrirhugaðri framkvæmd þessara laga, sem náðst hafa fram, á meðan málið hefur verið til meðferðar hér á hv. Alþingi, eru enn nokkrir verulegir ágallar á frv., og þá ágalla þarf að sníða af þessu frv., ef bændur eiga að fá sambærileg kjör á þessum lánum og sjávarútvegsmenn hafa fengið á sínum skuldaskilalánum, og að því, að svo megi verða, að kjörin verði sambærileg, miða þær brtt., sem ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. hef flutt hér á þskj. 415. Og ég skal þá víkja að þeim brtt. með örfáum orðum.

1. brtt. er við 1. gr. og er um það í fyrsta lagi, að í stað þess, að það er miðað í lögunum við skuldir, sem hafa orðið til vegna framkvæmda, sem bændur hafa ráðizt í á jörðum sínum árið 1956 til 1960, þá skuli þetta einnig taka til ársins 1961. Það virðist vera fullkomið sanngirnismál, þar sem framkvæmd í þessum efnum og lánveitingar hafa dregizt svo sem raun ber vitni um, og það er líka sérstakt sanngirnismál af því, að árið 1961 er einmitt bændum sérstaklega erfitt að því er framkvæmdir varðar, vegna þess að þá voru verðlagshækkanir komnar til og framkvæmdir allar því miklu dýrari en áður var. Þess vegna er ómótmælanlegt, að bændur eiga í erfiðleikum vegna þeirra framkvæmda, sem þeir áður höfðu undirbúið og gátu þar af leiðandi ekki hætt við, en urðu að ráðast í á árinu 1961. Ég skal taka fram vegna ummæla hv. frsm. meiri hl., að það er á engan hátt ætlunin, að þetta verði almennt til þess að seinka lánveitingum í þessu efni. Þó að þessi till. yrði samþykkt, bæri að skoða það sem svo, að umsækjendum væri gefinn kostur á því, að þetta ár væri tekið með, og ef þeir hyrfu að því ráði, mundu sjálfsagt ekki vera nema sumir af þessum bændum, sem þannig stæði á um, að þeir vildu sérstaklega notfæra sér þetta vegna framkvæmda ársins 1961, og þá mundu lánveitingar til þeirra að vísu eitthvað tefjast, vegna þess að þeir yrðu að afla vottorða um þetta efni, en lánveitingar til annarra, sem vildu ekki notfæra sér þennan möguleika eða þyrftu ekki á honum að halda, þyrftu auðvitað ekkert að tefjast fyrir þessar sakir, og þannig er þetta meint af hálfu okkar flm.

B-liður þessarar 1. brtt. er um það, að við gr. bætist, að enn fremur eigi þetta við um lánveitingar handa fyrirtækjum, sem á undanförnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda. Þetta er aðeins til samræmis við það, sem gildir um sjávarútveginn. Þetta sýnist í sjálfu sér vera sjálfsögð breyting, og ég skal ekkert rökstyðja hana frekar, því að mér sýnist, að það liggi svo í augum uppi, að þetta eigi að koma hér með, það sé ekki nokkur ástæða til þess að skilja þetta frá og láta fyrirtæki landbúnaðarins sæta að þessu leyti til allt annarri reglu en sjávarútvegsfyrirtækin.

2. brtt. er við 2. gr. Fyrri liður hennar er um það að bæta inn sem veðhæfum eignum landbúnaðarvélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Þetta er líka algerlega til samræmis við það, sem gildir um sjávarútveginn samkvæmt skuldaskilalánum hans. Og hvað því viðvíkur, sem hv. frsm. var að tala um, að það mundi ekki hafa mikið til þess komið í reyndinni, að þau skuldaskilalán hefðu verið veitt út á vélar, þá held ég, að það sé alger misskilningur. Ég held einmitt, að jafnvel hæstu upphæðirnar í því sambandi séu út á ýmis frystihús og vinnslustöðvar sjávarútvegsins, þar sem vélar eru vitaskuld ein aðaluppistaðan í því verðmæti, sem lánað er út á.

B-lið leiðir svo nokkuð af A-liðnum. Þar er það ákveðið, að lán út á fasteignir skuli vera 20 ár, eins og gert er ráð fyrir samkv. frv., þ. e. a. s. lánstími skuli vera allt að 20 árum, — það er ekki bundið við það, að hann sé endilega 20 ár, heldur að 20 ár séu hámarkslánstíminn, — en jafnframt, að lán út á vélar megi vera allt að 10 árum. Þegar litið er til þessara brtt., er ljóst, að það fellur algerlega um sjálft sig, sem hv. frsm. meiri hl. hélt hér fram í sinni framsöguræðu, að það væri ekki hægt að lána út á þær til svo langs tíma. En það er eins og ljóst er af þessari brtt., að það er alls enginn að fara fram á, að það sé lánað til jafnlangs tíma út á vélar og fasteignir, heldur er skýrum stöfum tekið fram í þessari brtt., að lánstíminn út á vélar megi vera allt til 10 ára, ekki lengri. Að öðru leyti fer það eftir mati, þannig að þegar litið er til þess, þá er ljóst, að vélarnar geta verið á allan hátt gildar sem veð í þessu sambandi og ekki nokkur minnsta ástæða né sanngirni til að fyrirmuna bændum að fá lán út á þessar vélar. Og ég vil benda á það í þessu sambandi, að þetta frv. var sent til umsagnar stjórnar Stéttarsambands bænda, — það var gert af hálfu fjhn. Nd., þar lagði stjórn Stéttarsambandsins, sem skipuð er mönnum af ýmsum flokkum, stjórnarstuðningsmönnum sem stjórnarandstæðingum, einmitt áherzlu á þetta atriði, að það væri gefin heimild til þess að veita lán út á landbúnaðarvélar allt að 10 árum. Og þeir rökstyðja það alveg sérstaklega, vegna þess að þeir benda á, að það séu margir bændur, sem alls ekki eigi þær jarðir, sem þeir búa á, og alls ekki eigi þar af leiðandi neina fasteign til þess að setja að veði, en séu hins vegar nýbúnir að kaupa mjög dýrar vélar, mjög dýrar landbúnaðarvélar, sem eðlilegt sé að þeim sé gefinn kostur á að fá lán út á, svo að þeir geti losnað við þær lausaskuldir, sem þeir hafa stofnað til vegna vélakaupanna. Það er nú svo, að þó að það sé miðað þarna við framkvæmdir í frv., þá

er hætt við því, að það sé erfitt að greina á milli þeirrar skuldasöfnunar í lausaskuldum, sem orðið hefur vegna sérstakra framkvæmda, og þeirrar, sem orðið hefur vegna vélakaupa, enda hvort tveggja jafnbráðnauðsynlegt og ekki gerandi þar neinn greinarmunur á í sjálfu sér.

Og svo kem ég loks að 3. liðnum í þessari brtt., við 2. gr., en í 3. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir því, að vaxtakjör skuli ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, og það er samkv. þessu ákvæði, sem ákvörðun hefur verið tekin um það, að vextirnir eða kostnaðurinn við lánin verði raunverulega 8% eða svari til 8% vaxta með vöxtum af bréfunum og allri lántökuþóknun. Brtt. hljóðar um það, að við bætist: „en þó séu vextirnir eigi hærri en 6½%.“ Með því er það ákveðið, að vextirnir skuli vera þeir sömu og sjávarútvegurinn hefur greitt af sínum lánum. Það hljóta allir að taka undir það, að engin sanngirni er í því, að þessi landbúnaðarlán beri hærri vexti en sjávarútvegslánin og að bændur þurfi að greiða hærri vexti af sínum lánum. Það er engin sanngirni í því. Í annan stað eru bændur alls ekki færir um að greiða 8% vexti, og ef það á að verða svo, þá er takmörkuð hjálp í þessum lánum, vegna þess að vaxtagreiðslurnar eru þá svo háar, að þær eru í mörgum tilfellum allt að því eins háar og þeir verða nú að greiða af sínum lausaskuldum, þannig að þetta eru þá allt of dýr lán fyrir bændur, og það er engin von til þess, að ég held, að þeir geti staðið undir slíkum vaxtagreiðslum. Ég held, að þetta hljóti allir að viðurkenna, sem kunnugir eru fjárhagsafkomu bænda og þá allra helzt þeirra bænda, sem hér eiga hlut að máli, sem margir hverjir eru þeir bændur, sem erfiðasta aðstöðuna hafa á allan hátt. Það er alveg vonlaust, að þeir geti staðið undir 8% vöxtum, því að 6½% vextir eru að mínu viti í rauninni hærri en þeir fá ráðið við, þó að það hafi ekki verið lagt í það að gera brtt. um lægri vexti, af því að það þótti rétt að miða hér við sjávarútveginn og sannprófa það, hvort menn vildu ekki unna bændum sama réttar að þessu leyti.

Svo er loks síðasta breytingin, sem miðar að því, að það verði teknar til greina umsóknir, sem berast kunna fyrir 1. maí 1962. Það er vitað mál, að vegna þeirrar óvissu, sem ríkjandi var í þessum efnum, létu margir bændur, — ég veit ekki, hve margir, en ég veit með vissu, að það hafa einhverjir og allmargir bændur því miður látið það vera að sækja innan tilskilins tíma um þessi lán. Það má segja, að það sé illa farið, og það má segja, að það séu mistök af þeirra hálfu að hafa ekki gert þetta. En þó að svo sé, þá sýnist mér, þegar litið er til allra málavaxta og þeirrar óvissu, sem lengi vel var ríkjandi í þessum efnum, fyllsta ástæða til þess að koma til móts við þessa menn og gefa þeim enn færi á því að sækja. Og ég get ekki séð, að þetta þurfi að valda neinum vandkvæðum, vegna þess að það er auðvitað hægt að halda áfram að vinna að þeim lánbeiðnum, sem fyrir liggja, og hægt að fara að afgreiða þau lán, þó að það sé tekið á móti nokkrum til viðbótar. Ég býst við því, að þegar á heildina er litið, geti hér til viðbótar ekki verið um mjög stóra upphæð að ræða. Og ég tel það fullkomið sanngirnismál, að þessum mönnum sé liðsinnt. Ég geri raunar ráð fyrir því, að það verði gert, þó að jafnvel svo fari, að þessi brtt. væri ekki samþykkt, af því að stjórnarliðið af einhverjum ástæðum vilji alls ekki samþykkja neina breytingu við málið. Ég lét þess einmitt getið við 1. umr. hér í deildinni, að ég vildi líta svo á, að umsóknir yrðu teknar til greina, þótt síðar bærust, og að ég mundi skilja þögn hæstv. landbrh. við því sem samþykki. Og ég vil þess vegna vænta þess, að hvað sem verður um þessa brtt., þá fari svo, að þær umsóknir, sem berast kunna frá bændum um lausaskuldalán eftir þennan tíma, verði teknar til greina. Hitt er auðvitað hreinlegra, að samþykkja þetta, þannig að öllum bændum megi vera ljóst, að þeir eigi rétt á því að sækja, og þurfi ekki að vera í neinum vafa um það.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem hafa fylgzt með almennum málum s. l. ár, að margar kvartanir hafa borizt utan af landsbyggðinni frá bændum um það, að þeirra hagur væri bágur, og þeir hafa einkum kvartað um tvennt: þá vantaði meira lánsfé og þeir þyrftu að fá hærra afurðaverð. Það getur ekki dulizt neinum, að þessar kvartanir hafa vaxið mjög nú s. l. ár, og það er bein afleiðing af þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru árið 1960, og í framhaldi af þeim gengisbreytingunni, sem varð s. l. sumar. Þær ráðstafanir, sem voru gerðar af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar í þessu efni, hafa komið mjög hart við bændastéttina og þá, sem í sveitunum búa. Allt, sem gert er til umbóta á jörðum, hefur hækkað gífurlega í verði. Það þarf miklu meira stofnfé til þess að rækta og byggja fyrir en áður þurfti, og rekstrarvörurnar, sem þarf til landbúnaðarins, hafa líka hækkað svo gífurlega, að afurðaverðið nægir engan veginn til þess að standa undir þeim aukna kostnaði, sem á bændurna hefur fallið í þessu tilliti.

Bændur hafa sent tillögur til úrbóta í þessum efnum til ríkisstj. og Alþingis. Þeir hafa sent þær á sína fundi, stéttarsambandsfundi og búnaðarþing, og krafizt úrbóta í þessum efnum. Og það verður að segjast, að því miður hafa þessar tillögur ekki fengið þær undirtektir hjá ráðamönnum sem skyldi, til þess að hlutur bænda væri réttur, þannig að þeir geti litið björtum augum til framtíðarinnar, enda hefur svo farið nú tvö hin síðustu ár og horfir enn svo, að það muni fækka bændum í sveitum landsins, þeim muni fækka um ca. 100 á ári. Þetta er ískyggileg þróun, sem kann að hafa áhrif á allan hag þjóðfélagsins, vegna þess að það má ekki mikið á bresta, að það verði skortur á þeim vörum, sem framleiddar eru í sveitum landsins. En samkv. áætlun, sem Stéttarsamband bænda hefur nú nýlega gert um framkvæmdir næstu 10 ár í sveitunum, er þörf á, að veruleg aukning verði í þessu efni, svo sem

verið hefur, svo að fullnægt verði neyzluþörf þjóðarinnar á þessum vörum. Þess vegna er brýn nauðsyn að reyna að bæta þarna úr og reyna að treysta hag bændastéttarinnar, og það mál, sem hér liggur fyrir til umr., getur, ef vel tekst til, verið nokkur þáttur í því að treysta undirstöðu búrekstrar bænda og skapa aukna bjartsýni um framtíðina í sveitunum. En því aðeins getur það orðið, að þetta mál fái þær breytingar, sem minni hl. fjhn. leggur til á þskj. 415.

Eins og ég sagði, hafa orðið miklar hækkanir á framkvæmdakostnaði í sveitunum eftir efnahagsráðstafanirnar, sem voru gerðar 1960. Og það hlýtur að vera skylda stjórnarvaldanna að taka á sig afleiðingar þeirra verðhækkana og reyna að finna úrlausn, sem geti komið bændum að gagni, til þess að þeir geti yfirstigið þá erfiðleika. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. lét í það skína, að þessir erfiðleikar væru svo marghátt-aðir og fleiri en hefðu verið gagnvart sjávarútveginum, að það væri ekki fært að taka tillit til þeirra breytinga, sem minni hl. leggur hér til. Ég fæ ekki skilið, að það sé neitt örðugra að taka tillit til aðstöðu bændanna í þessu efni en aðstöðu sjávarútvegsins í sambandi við lausaskuldalán hans. Það eitt að taka inn í þetta skuldir, sem myndazt hafa vegna framkvæmda árið 1961, virðist vera alveg augljóst réttlætismál, því að aldrei var framkvæmdakostnaður meiri en einmitt s. l. ár, og lánsfé hefur ekki aukizt verulega til framkvæmdanna á s. l. ári, svo að þess vegna hljóta þeir bændur, sem hafa staðið í framkvæmdum, að vera enn verr settir en þó hinir, sem áður lögðu í framkvæmdirnar. Þetta virðist því alveg augljóst réttlætismál.

Þá er næsta brtt. minni hl. um lánveitingar til fyrirtækja, sem vinna í þágu landbúnaðarins. Það hefur verið svo á undanförnum árum, að ýmis fyrirtæki, sem byggð eru upp á vegum landbúnaðarins til þess að vinna úr landbúnaðarvörunum, hafa ekki átt kost á nægilegum lánum til sinna stofnframkvæmda. Hví þá ekki að taka það með í þessu tilliti líka, eins og hliðstæð fyrirtæki nutu fyrirgreiðslu, þegar sjávarútveginum var veitt þessi aðstoð? Ég held, að það sé ekki nema sjálfsögð réttlætiskrafa að fara fram á það, að slíkt verði gert, enda sjálfsagt.

Það hefur nokkuð verið talað um, að það væri ekki rétt að framlengja umsóknartíma um þessi lán, vegna þess að bændur hefðu átt að sækja um lánin í fyrrasumar. Þegar brbl. um þetta efni voru birt, fögnuðu margir bændur þessum lögum og vonuðu, að í þeim fælist sú lausn, sem þeir höfðu vonazt eftir í þessu efni. En þegar þeir fóru að kynna sér þetta með því að leita upplýsinga hjá Búnaðarbankanum og þeim aðilum, sem gerst máttu vita um framkvæmd málsins, kom berlega í ljós, að það var ekki tryggt, að þeir gætu fengið þessi lán, vegna þess að þeir yrðu sjálfir að selja skuldabréfin, sem þeir áttu að fá í þessari fyrirgreiðslu. Þá fóru bændurnir að leita til þeirra fyrirtækja, þar sem þeir skulduðu. Mér er kunnugt um það úr mínu héraði, að bændur leituðu til verzlana og sparisjóða og spurðust fyrir um það, hvort þessar stofnanir mundu taka bréfin upp í skuldir. Það voru til fyrirtæki, sem svöruðu þessu jákvætt, en hin voru miklu fleiri, sem svöruðu þessu neikvætt og sögðust ekki mundu taka skuldabréfin, og ég veit, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. er kunnugt um slíkar stofnanir í mínu héraði, sem hafa neitað að taka bréfin upp í skuldir. Og þegar svo var komið, að þeir skuldareigendur, sem bændur skulduðu, neituðu að taka við bréfum þessum, sem fyrirhugað var að láta í þessu efni, þá hættu margir við að sækja um lánin, töldu það þýðingarlaust. Nú er það svo, að margir bændur vildu ekki una þessu og trúðu ekki öðru en þessu yrði breytt þannig, að landbúnaðurinn nyti sama réttar og sjávarútvegurinn, og töldu fullvíst, að Alþingi mundi breyta þessu. Þess vegna var það, að á aðalfundi Stéttarsambands bænda í sumar, þegar rætt var um þessi mál, var gerð fyrirspurn til landbrh. um það, hvort slík breyting mundi verða gerð. Hann svaraði því til, að þetta væri ekki í brbl., og hann hagaði orðum þannig, að ekki varð skilið öðruvísi af fulltrúum þar en að þetta mundi ekki verða gert. Þetta mun líka hafa dregið úr því, að bændur sæktu um lánin, því að fulltrúar voru þarna af öllu landinu og úr öllum héruðum, og þeir munu hafa sagt frá svörum landbrh. um þetta efni á aðalfundi Stéttarsambands bænda heima í héruðunum. Nú þegar búið er að semja við Seðlabankann og viðskiptabankana, þ. e. ríkisbankana, um, að þeir taki þessi bréf, virðist ekkert eðlilegra og reyndar sjálfsagt réttlæti að gefa bændum kost á því að sækja um aftur. Og ég verð að taka undir það með hv. þm. Ólafi Jóhannessyni, að ég vil trúa því, að bankinn sem slíkur taki við umsóknum hér eftir, sem kunna að berast, þó að jafnvel þessi brtt. yrði ekki samþykkt.

Þá kemur að því atriði, sem líka hefur verið mjög mikið rætt um, hvort eigi að lána út á vélar. Það mun vera flestum kunnugt, sem eitthvað þekkja til í sveitunum, að allverulegur hluti bændanna er leiguliðar. Árið 1959 voru 917 leiguliðar á ríkisjörðunum, og fast að því fjórði hluti allra bændanna var leiguliðar. Ég veit ekki, hvort þessar skýrslur hafa verið birtar, en á einu þskj., sem hér liggur fyrir, í sambandi við frv. um breyt. á lögum um ættaróðul, er einmitt sagt frá því, að það séu 917 leiguliðar á ríkisjörðum í árslok 1959. Hvernig eiga nú þessir menn að fara að? Nú hef ég heyrt og hef það eftir fullgildum umboðsmanni ríkisins, að ríkið muni ekki veita veðleyfi á ríkisjörðum í þessu skyni. Hvernig eiga þessir menn að fara að? Á að synja þeim um lán, af því að þeir hafa ekki fasteignaveð til að setja fyrir þessu? Ég held, að það sé ekkert réttlæti í því að neita þessum mönnum um lán. Oft eru þetta fátækustu mennirnir, sem hafa ekki getað keypt jarðir, en búa á ríkisjörðum eða öðrum leigujörðum. Ég held því, að það sé sjálfsögð réttlætiskrafa og stjórnarflokkarnir geti í raun og veru ekki skorazt undan því að samþykkja það, að veitt verði lán út á vélar. Hitt er svo rétt, að það má vera, að það þurfi að vera styttri lánstími, þegar vélar eru að veði, því að þær endast ekki svo lengi, að þær geti verið veðhæfar eins lengi og fasteignir.

Þá er komið að því atriði, sem þó mest hefur verið rætt um, það er vaxtakjörunum. Landbúnaðurinn er með þeim hætti, að hann þarf að festa fé til langs tíma og þarf mikið stofnfé. Ræktunin er þess eðlis, að hún getur ekki svarað arðinum eins fljótt og t. d. fiskibátur, sem fer út á sjóinn og sækir aflann þangað. Þess vegna getur hún náttúrlega ekki skilað vöxtum af sínu kapítali eins fljótt og t. d. sjávarútvegur og ýmsar aðrar atvinnugreinar. Þess vegna er eðlilegt og rökrétt, að landbúnaðurinn hafi lægri vexti af sínum stofnlánum en aðrir atvinnuvegir, sem geta skilað þessu fljótar til framleiðenda. Það er því allt, sem mælir með því, að landbúnaðurinn hafi ekki lakari vaxtakjör en sjávarútvegurinn í þessu efni, og það hlýtur að vera lágmarkskrafa allra, sem unna landbúnaði, að þetta ákvæði um vaxtakjörin í þessu frv., sem hér um ræðir, verði ekki hærra en af sams konar lánum til sjávarútvegsins. Og ég fæ ekki trúað því, að stjórnarflokkarnir og hæstv. ríkisstj. fáist ekki til að breyta þessu á þann veg og skapa landbúnaðinum jafnrétti í þessu efni, því að það mun sýna sig, ef landbúnaðinum verður mismunað í þessu efni, þá mun enn halda áfram að skapast ótrú á framtíð hans, og það getur verið skaði, ekki aðeins fyrir bændurna, sem fyrir þessu verða, heldur fyrir þjóðfélagið allt, og það er þjóðarvoði, ef svo fer, að landbúnaðurinn dregst verulega saman frá því, sem nú er. Af þessum ástæðum vil ég mælast til þess, að hv. deild samþykki þær brtt., sem liggja fyrir á þskj. 415, og ég er sannfærður um það, að ef þær verða samþykktar, þá muni það verða landbúnaðinum og þjóðinni allri til hags.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri auðvitað margt hægt að segja í tilefni af þeim tveimur ræðum, sem hér hafa verið fluttar. En ég skal stilla mig um það að fara út í almennar umr. á grundvelli þeirra, heldur aðeins víkja að örfáum atriðum, meira til þess að útskýra málið nánar og leiðrétta misskilning, sem nokkuð virðist gæta. Ég skal þannig alveg spara mér að fara að ræða almennt um efnahagsaðgerðir og áhrif þeirra á kjör bænda. Það er skiljanlegt, að hv. framsóknarmenn vilji ræða málin á þeim grundvelli, sem þeir hafa hér gert, og ekkert við því að segja, þó að það sé auðvitað ekki í samræmi við neinar staðreyndir málsins, þegar er verið að halda því fram, að vandi bænda hafi fyrst orðið alvarlegur nú á árinu 1961 og það hafi í rauninni ekki gætt neinna vandkvæða hjá þeim og ekki verið neitt að þeim kreppt, áður en efnahagsaðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. komu til skjalanna. Við vitum það auðvitað öll hér, og þeir vita það alveg jafnvel og ég, að það gerðust margir hlutir áður, sem höfðu ekki minni áhrif á efnahagsástandið í þjóðfélaginu og hag bænda og annarra, og ég verð að segja það, miðað við viðtöl mín við fjölmarga bændur, að þá eru a. m. k. mjög skiptar skoðanir um það, hvort hagur bænda sé verri nú en hann hafði oft verið áður. Að öðru leyti skal ég láta það mál alveg liggja á milli hluta, en halda mér að því frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. frsm. minni hl. n. hefur nú útskýrt brtt., sem fram komu frá hálfu minni hl. Að verulegu leyti hafði ég svarað þeim athugasemdum fyrir fram, þannig að ég þarf ekki að endurtaka það. En það eru þó viss atriði, sem ég vildi minnast nokkru ýtarlegar á. Það var m. a. eitt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) sagði í sinni ræðu, og það var, að samningar við bankana hefðu tekið óeðlilega langan tíma, og undraðist mjög, að það skyldi ekki hafa verið hægt að skýra frá niðurstöðum þeirra fyrr en nokkuð var liðið frá áramótum. Fyrir þessu liggja mjög skiljanlegar og eðlilegar orsakir, sem sagt þær, að endanlegar niðurstöður úr þeim viðræðum gátu ekki legið fyrir, fyrr en sýnt var, hvaða viðfangsefni var hér við að fást, og því miður dróst mjög, að bændur sendu tilskildar upplýsingar, þannig að æ ofan í æ varð að auglýsa eftir þeim, og það dróst því lengur en við höfðum vonað, að hægt væri að gera þetta dæmi upp. En samstundis og það hafði verið gert, hófust fyrir alvöru viðræður við bankana, fyrst og fremst Seðlabankann, um lausn málsins. Og ég fæ ekki séð, að það stangist neitt á við það, sem hæstv. landbrh. hefur sagt, að það hafi að sjálfsögðu alltaf verið stefna ríkisstj. að sjá um, að þetta frv. næði tilgangi sínum, þó að af þessum eðlilegu ástæðum væri ekki hægt fyrir fram að segja, hvernig lausn málsins yrði. Ég held því, að það hljóti allir að geta skilið, hvaða orsakir lágu því til grundvallar, að ekki var hægt fyrr að skýra frá eðlilegum samningum við bankana.

Og þá kem ég einmitt að því atriði, sem einnig snertir þessar hugleiðingar, um vaxtakjörin og það sé ákaflega einfalt að framkvæma það á sama hátt og hjá sjávarútveginum. Málið er nefnilega miklu flóknara en menn kannske gera sér grein fyrir. Ég efast ekkert um það t. d., að þessir tveir hv. ræðumenn, sem hér töluðu, vilja í fullri einlægni gera sér grein fyrir eðli vandans. Hv. 3. þm. Norðurl. v. mun hafa misskilið orð mín hér áðan um það, að ég hefði sagt, að vextir þyrftu að vera allt að 8%, — þeir eru raunar ekki 8% á bréfunum, heldur 7½%, — til þess að hægt væri að nota þessi bréf og þau gætu orðið gjaldgeng til greiðslu á skuldunum. Mun hann hafa skilið orð mín svo, að ég hafi átt við, að það væri hægt að láta þessi bréf ganga kaupum og sölum. Það fólst ekki í mínum orðum, heldur átti ég við það eitt, að til þess að hægt væri að ná fram samningum um að taka þessi bréf til greiðslu á lausaskuldum, mætti þó ekki hafa vextina allt of lága. Og það má kannske segja, að það hefði verið hægt að fara með þessa vexti lengra niður gagnvart bönkunum sjálfum. En þegar á það er litið, að það er ekki nema einn þáttur vandans, heldur eru skuldirnar hjá bæði sparisjóðum og verzlunarfyrirtækjum og það að meiri hluta til, þá er málið miklu erfiðara og flóknara viðureignar. Það er að sjálfsögðu mikil kvöð fyrir bankana að taka við þessum bréfum, vegna þess að þeir verða fyrir stórfelldu vaxtatapi af þeim skuldum, sem þeir breyta, víxilskuldum, sem eru í bönkunum. Látum vera, þó að hefði verið hægt að leggja

þyngri kvöð á bankana varðandi þær skuldir. En það var gersamlega vonlaust að ætla sér að fara að auki að leggja þá kvöð á viðskiptabankana, að þeir færu að taka bréf af verzlunarfyrirtækjum og öðrum aðilum til greiðslu á skuldum þeirra við bankana og taka einnig á sig vaxtahallann á þeim bréfum. Þetta er það, sem gerir málið allt annars eðlis en er við sjávarútveginn, vegna þess að skuldir sjávarútvegsins voru að öllu verulegu leyti við bankana, þannig að þetta voru beinar skuldir við bankana, sem um var að ræða, og Seðlabankinn hefur ekki tekið þennan vaxtahalla á sig. Það er a. m. k. alveg óuppgert mál enn í dag milli bankanna og Seðlabankans, hvort Seðlabankinn tekur á sig vaxtahallann gagnvart útgerðinni. Ég hygg, að það sé rétt, að enn þá hafi það ekki verið afgert mál, þannig að a. m. k. enn sem komið er heldur Seðlabankinn því fram, að viðskiptabankarnir verði að taka þennan vaxtahalla. Og þá sjáum við enn ljósar, hversu mikið vandamál þetta er og hversu það hefði hlotið að setja málið fullkomlega í hnút, ef það hefði átt að byggja aðstoðarlánin til bænda upp á því að fara að gefa út bankavaxtabréf upp á 6½% og ætla verzlunum og sparisjóðum að taka þessi bréf, sem ég hygg að báðir þessir aðilar hefðu neitað, því að ég tel það nokkurn veginn útilokað, að viðskiptabankarnir hefðu, auk þess að taka þessi lágu bréf til greiðslu á skuldum við sig, þ. e. a. s. skuldum bænda við sig, að þeir hefðu þá einnig farið að taka bréfin til greiðslu á skuldum verzlunarfyrirtækjanna við bankana. Ég held, að málið hefði gersamlega komizt í hnút og verið óleysanlegt, ef hefði átt að fara þá leið. Þetta eru staðreyndir málsins, og þetta er það, sem ég átti við, þegar ég var að tala um það, að þó að við auðvitað öll værum áreiðanlega sammála um, að það væri æskilegast að hafa þessa vexti, eins og alla aðra vexti, sem lægsta, þá verði menn *að horfast í augu við raunveruleikann og gera* sér grein fyrir, hvað væri hægt að komast langt til þess að fá einhverja viðhlítandi lausn á þessu vandamáli. Og ég er ekki í neinum vafa um, eins og ég áðan sagði, að þó að borið sé saman við þá aðstoð, sem útgerðinni var veitt, og þá hagstæðari vexti, sem hún fékk, þá, þegar allt kemur til alls, búa bændur ekki við lakari kjör, miðað við það, að við vonumst til þess að geta með fjöldann allan af þeim, sem hér sækja, breytt öllum þeirra lausaskuldum í föst lán, sem er viðs fjarri með útgerðina. Það er því síður en svo, að hér sé verið að gera einhverja hluti af einhverri meinfýsi gagnvart landbúnaðinum eða bændastéttinni eða af því að *menn* vilji ekki láta bændur búa við hliðstæð kjör og aðra, heldur er verið að reyna að leysa málið á þann hátt, að það sé tryggt, að hér verði um raunverulega aðstoð að ræða, og ég fullyrði, að það er gengið eins langt í því efni og hægt er, án þess að það mundi þá leiða til þess, að boginn brysti.

Varðandi það atriði, sem hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj) gat um, að bændum hefði verið tilkynnt, að þeir yrðu sjálfir að fá samþykki skuldareigenda, þá er mér ókunnugt um það. Það var beinlínis í Búnaðarbankanum gengið út frá því og þeim a. m. k. sagt það, sem við mig höfðu samband þar, að bankinn mundi sjálfur, varðandi a. m. k. allar lánsstofnanir og verzlanir, hafa samband við þessa aðila, þegar þar að kæmi, og leita eftir samningum við þá um, að þeir tækju þessi bréf, því að raunverulega var alls ekki hægt að ætlast til þess, að bændur sjálfir gætu staðið í slíkum samningum, og það var þeim á ýmsan hátt óþægilegt. Hins vegar hefur ekki reynzt mögulegt, að bankinn gæti staðið í viðræðum um þetta mál við alla einstaklinga hér og þar um landið, sem skuldir eru við, og býst ég við, að menn geri sér grein fyrir því, að það er naumast framkvæmanlegt, heldur verða skuldararnir sjálfir að hafa samband við þá aðila. En hafi það verið sagt einhverjum frá Búnaðarbankanum, hefur það verið byggt á misskilningi, og ég vona, að ekki hafi margir fengið þær fregnir.

Hér liggur fyrir brtt. um að breyta þessu í þá átt, að nú verði einnig teknar með skuldir, sem til hafa orðið á árinu 1961, og talið, að þetta sé ákaflega auðvelt og eðlilegt mál, sem geti ekki valdið neinum vandkvæðum. Ég er alls ekki á sömu skoðun um þetta mál, vegna þess að í öllum viðræðum, sem um þetta hafa farið fram, enda er það byggt eðlilega á brbl., sem gefin eru út um miðjan júlímánuð í fyrra, var gengið út frá því og gengu allar lánsstofnanir út frá því, að þetta yrði miðað við árslok 1960. Og ég er ákaflega hræddur um það, að a. m. k. víða kynni það að hafa haft nokkur áhrif á ýmiss konar fyrirgreiðslu við bændur, ef lánsstofnanir hefðu vitað, að þær væru sama sem að lána til 20 ára, víxillán, sem þær voru að lána á árinu 1961, sem engri lánsstofnun mun hafa hugkvæmzt, miðað við lögin, eins og þau voru úr garði gerð. Án þess að ég vilji nokkuð um það fullyrða, hvaða áhrif það geti haft, þá a. m. k. get ég sagt það mikið, að ég er ekki í efa um það, að það muni hafa mjög slæm áhrif á viðhorf lánsstofnananna, ef ætti að fara að gera þá breytingu á frv., sem hér er lagt til að gerð verði. Lánsstofnanirnar, þ. e. a. s. viðskiptabankarnir, Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa tekið á sig þá sérstöku kvöð ekki aðeins að breyta víxilskuldum bænda við þessar tilteknu stofnanir, heldur einnig að reyna að létta undir með, að verzlanirnar gætu afsett sín bréf, sem yrði bein kvöð fyrir þessa viðskiptabanka, en ekki Seðlabankann. Samkomulagið við þessar lánsstofnanir byggist á þeim tölum, sem fyrir hafa verið lagðar nú þegar, og það er a. m. k. ljóst mál, að þessar stofnanir mundu telja sig lausar allra mála og það þyrfti að taka það mál upp á nýjum grundvelli og til nýrrar athugunar, ef ætti að fara að bæta nú við stórum upphæðum í nýjum skuldum, sem þessar stofnanir ættu að yfirtaka frá viðskiptafyrirtækjum hér og þar um landið. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að vera ljóst, ef þeir athuga það niður í kjölinn, að málið er ekki alveg svo einfalt að breyta bara einni tölu í þessu frv., þá hljóti þetta allt saman að vera ósköp auðvelt. Málið er miklu vandasamara en það, og ég vil alvarlega vara við því að fara að gera breytingar á þessu frv., sem kynnu að leiða til þess, að á þessu mynduð-

ust einhverjir hnútar, sem gætu leitt til þess, að erfitt yrði að framkvæma málið eins og nú er búið fyrir milligöngu hæstv. landbrh. að tryggja að verði gert á grundvelli þeirra umsókna, sem nú liggja fyrir, og með hliðsjón af þeim tölulegu niðurstöðum, sem þar eru annars vegar fengnar.

Ég held, herra forseti, að ég sjái ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið. Þetta, sem ég hef hér sagt, er ekki til þess að hefja neinar viðbótarrökræður um málið, heldur aðeins til að skýra nánar frá viðhorfunum í þessu máli, eins og þau liggja fyrir, þannig að mönnum verði það e. t. v. ljósara, að þetta mál er nokkru erfiðara en það eitt að bera fram brtt., sem út af fyrir sig er einfalt mál og jafnvel einfalt mál að samþykkja þær. Menn verða fyrst og fremst að horfast í augu við það, hvernig hægt er að leysa vandamálið á þann hátt, að það komi að því liði, sem að er stefnt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. (MJ), sem ég vildi minnast á. Hv. frsm. sagði, að ég hefði sagt, að samningar við bankana hefðu tekið óeðlilega langan tíma. Ég held, að ég hafi ekki sagt, að þeir hafi tekið óeðlilega langan tíma, heldur hitt, að þeir hefðu tekið langan tíma. Og það held ég að sé staðreynd. Og ég benti á þennan langa tíma sem sönnun fyrir því, hversu þetta mál hefði lengi allt verið óvíst, og ástæðu fyrir því, að bændur máttu vera í óvissu um þetta mál. Og það var raunar rökstutt enn rækilegar hér áðan af hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj), sem minntist á það, að hæstv. landbrh. hefði mætt á aðalfundi Stéttarsambands bænda og hefði þá verið spurður um þetta mál og hefði ekki getað gefið nein fyrirheit þar, eftir því sem hv. 1. þm. Vesturl. upplýsti hér áðan, þannig að það fer ekki á milli mála, að það var lengi vel mjög óvíst, hver afdrif þetta mál mundi fá, og hæstv. ráðherra gat skiljanlega ekki sagt neitt ákveðið um það, þegar hann vissi ekki, hvernig þessir samningar við bankana mundu takast, og þar sem af bankanna hálfu var litið svo á, eftir því sem hv. frsm. meiri hl. hefur upplýst, að þeir gætu ekki tekið neina afstöðu í þessu máli, fyrr en það lægju fyrir upplýsingar um, hversu miklu næmu þær fjárhæðir, sem um væri sótt. Það ber því allt að sama brunni í því efni.

Annað atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég aðeins vildi víkja að, er sú staðhæfing hans, staðhæfing, sem reyndar kom fram hjá hæstv. landbrh. á fyrra stigi þessa máls, að þegar á allt væri litið, yrði að telja, að bændur byggju ekki við lakari kjör á þessum lausaskuldalánum en sjávarútvegurinn. Það er ákaflega erfitt að átta sig á því, á hverju slík staðhæfing er byggð, þar sem það liggur fyrir um vextina, það liggur fyrir um veðin og það liggur fyrir, að landbúnaðarfyrirtækin fái ekki lán með sama hætti og vinnslufyrirtæki sjávarútvegsins. Ég hef ekki heyrt, að það væru færð nein veruleg rök fram fyrir þessari staðhæfingu, önnur en þau, sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. hér áðan. Og mér skildist, að þau rök, sem hann vildi bera fram til réttlætingar þessari staðhæfingu sinni, væru þau, að bændur mundu losna við miklu meiri lausaskuldir en útvegsmennirnir, að það hefði ekki verið tekinn nema lítill hluti af lausaskuldum sjávarútvegsins, en bændur mundu losna við allar sínar lausaskuldir. Ég held, að hann hafi sagt þetta. En það finnst mér nokkuð mikið sagt. Það má að vísu vel vera, að sjávarútvegsmenn hafi ekki losnað við allar sínar lausaskuldir. Mér er kunnugt um, að viss fyrirtæki hafa ekki fengið lán í þeim skuldaskilum vegna þess, að fjárhagur þeirra þótti slíkur, að það var ekki talið fært að lána þeim. En ég held, að því fari víðs fjarri, að bændur losni við allar sínar lausaskuldir, ef þetta frv. fer út úr þessari hv. d. svo úr garði gert sem það er nú. Það eru í fyrsta lagi lausaskuldirnar, sem myndazt hafa 1961. Þær vil ég halda að séu ekkert smáræði. Þær koma þó ekki með. Þeir hafa þær áfram. Í öðru lagi eru það þeir bændur, sem hafa ekki sótt, ef það væri meiningin, að þeir sætu með allar sínar lausaskuldir óafgreiddar, sem ég vona að ekki sé meiningin og hef áður tekið fram, heldur verði nú séð í gegnum fingur við þá, þó að þeir hafi ekki sótt. Og í þriðja lagi er það alveg ljóst og liggur ljóst fyrir, að sú fyrirgreiðsla, sem samið hefur verið um við bankana, tekur ekki til skulda við einstaklinga. Það er alveg skýrt og ótvírætt tekið fram í orðsendingu, sem Búnaðarbankinn hefur sent frá sér til skuldareigenda. Það verður því ekkert um það villzt, að það er náttúrlega ómögulegt að halda því fram, að með þessu frv. séu bændur leystir undan öllum lausaskuldum og að það leysi öll vandræði í þessu sambandi. Ég verð að segja það, að ég hef sem sagt ekki heyrt önnur rök fyrir því, að þegar allt kæmi til alls, væru það hagstæðari kjör, sem bændum væru búin með þessu lausaskuldalánafrv., heldur en útvegsmönnum. Það væri fróðlegt að heyra þau rök, sem fram væru færð fyrir því, að þessi lán séu hagstæðari bændum en útvegsmönnum. Ég verð að álíta, að þangað til ég heyri þau rök, þá séu það aðeins órökstuddar staðhæfingar, sem lítið gildi hafa.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Það var aðeins þetta, sem hv. frsm. meiri hl. lagði allmikla áherzlu á, að það mundi ekki vera hægt að fara að bæta við neinum upphæðum hér, vegna þess að það væri búið að semja um þetta og þeir samningar væru allir miðaðir við þessar upphæðir, sem nefndar hefðu verið í því sambandi, og því mundi ekki verða hægt að breyta. Ég held, að þetta séu frekar haldlítil rök, því að sannleikurinn er sá, að þó að þessar upphæðir liggi fyrir, hverju umsóknirnar nema, þá er það enn ókannað, að ég held, hve mikið af þeim verður tekið til greina, og þess vegna nokkuð óvíst, hver afgreiðsla þeirra verður, þó að það mætti segja eftir þeim upplýsingum, sem þar lægju fyrir, hvert gert væri ráð fyrir að hámark yrði. En í því sambandi vil ég aðeins taka fram, að í því samkomulagi, sem fyrir liggur og bréf er ritað um frá Seðlabankanum, er hvergi nefnd nein upphæð, enda fæ ég satt að segja ekki skilið, að það skipti höfuðmáli í

þessu sambandi, hver upphæðin er, vegna þess, eins og ég hef tekið fram áður, að það er ekki gert ráð fyrir, að það komi neitt nýtt fé út í sambandi við þessi mál, þessar lánveitingar, þar er aðeins um að ræða tilfærslu á lánum. Ég fæ því ekki séð, að það geti verið svo mikið höfuðatriði sem hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta, hver upphæðin er í þessu sambandi. Og hvað sem því líður og þótt einhverjir annmarkar kunni að vera á þessu, eins og hann var nú að tíunda, þá minni ég enn og aftur á, að þeir annmarkar þóttu ekki standa í vegi fyrir því, að það væri fyrir fram hægt að leggja þá skyldukvöð á stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann að breyta bankavaxtabréfum sjávarútvegsins, þ. e. a. s. veita þau lán, sem þar var um að tefla, og þó var talað í því sambandi um miklu hærri upphæðir en nokkrum hefur dottið í hug varðandi lausaskuldalán landbúnaðarins. Ég fæ ekki séð, að það hefði verið nokkur goðgá að ráða þessum málum til lykta með hliðstæðum hætti og setja á stofn við Seðlabankann slíka stofnlánadeild landbúnaðarins, sem hefði veitt svipaða fyrirgreiðslu við lausaskuldalán landbúnaðarins og stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur gert við lausaskuldalán sjávarútvegsins.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti. Það voru ekki í ræðu hv. frsm. meiri hl., held ég, nein þau atriði, sem gáfu tilefni til þess að vera tekin sérstaklega til athugunar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að þessu sinni að blanda mér inn í þessar umr., þess gerist ekki þörf málefnisins vegna, þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur haft hér framsögu í málinu og rætt það allýtarlega. En ég sé ástæðu til þess að mótmæla sérstaklega einu, sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj), um leið og ég harma það, að hann byrjar göngu sína hér í hv. Alþingi með því að hagræða svo sannleikanum sem hann gerði hér áðan.

Bóndinn á Hjarðarfelli flytur í sinni jómfrúræðu þann boðskap, að bændum fækki um eitt hundrað árlega. Og fækkunin náttúrlega eykst að hans áliti nú síðari árin, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Við þetta var náttúrlega nauðsynlegt að bæta, að það væri samdráttur í framleiðslunni og ef þessu héldi fram, þá mætti búast við því, að hér yrði skortur á landbúnaðarvörum. Ég undraðist þessa fullyrðingu og fékk mér því skjallegar upplýsingar um, hversu mikið hv. þm. skrökvaði. Bændatalið er tekið upp úr jarðaskrá Landnáms ríkisins. Það er tala byggðra jarða í sveitarhreppum, kaupstaðir ekki taldir, og tví- eða fleirbýli ekki talið heldur, og bændur eru þess vegna 1100—1200 fleiri en kemur hér fram í skránni, eftir því sem sá segir, sem skrifar undir þetta og tekur það upp úr jarðaskránni. Það kemur í ljós, að 1955—1956 voru bændur 5176, að viðbættum þessum 1100—1200; 1957—1958 5168, þá var vinstri stjórn, en fækkaði samt; 1958—1959 5078, þeim hafði sem sagt fækkað 1958—1959 um 90, það er kannske þetta, sem hv. þm. hefur haft í huga, en 1959—60 eru þeir orðnir 5159, það hefur þá fjölgað á fyrsta ári, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, um nær 80; og 1960—61 eru bændurnir 5266, að viðbættum þessum 1100—1200, sem eru í tvíbýli, eða hefur fjölgað um 115, en hv. þm., bóndinn á Hjarðarfelli, segir í sinni frumræðu hér, jómfrúræðu, að bændum fækki nú árlega. Ég segi það, vegna þess að ég hef ekki þekkt þennan hv. ræðumann að neinu slæmu, að ég harma það, að hann skuli hafa orðið til þess að hagræða sannleikanum á þennan hátt, og ég tel, að það sé ekki leyfilegt annað en að mótmæla svona fullyrðingu, sem stangast algerlega á við sannleikann.

Í rauninni þarf ég ekki að segja meira en þetta, því að um frv. hefur verið rætt málefnalega af hv. síðasta ræðumanni og málefnalega af hv. frsm., og það má segja, að þar hallist lítið á. En hv. síðasti ræðumaður reyndi að draga fram sinn málstað frá því sjónarmiði, sem hann taldi eðlilegt að túlka hann. Ég er alls ekki honum sammála og gæti fært rök að því, að það er ekki rétt, sem hann heldur fram. En eins og ég sagði, af því að það er í rauninni búið að gera það, þá er ástæðulaust að vera nú að taka það fram.

Hv. þm. var að tala um, að ég hefði ekki getað gefið nein ákveðin fyrirheit á aðalfundi Stéttarsambands bænda s. l. haust um það, hvers konar fyrirgreiðsla fælist í brbl. Ég man eftir því, að það var rætt um lögin á aðalfundinum, og það, sem ég sagði, var eitthvað í þá átt, að lögin bæru það með sér, hvers konar fyrirgreiðsla væri fyrirhuguð, og ég fullyrti einnig, að það, sem vekti fyrir ríkisstj., væri, að lögin gætu komið að gagni fyrir bændur landsins. Ég held ég hafi ekki sagt annað eða meira. En það er algerlega í samræmi við framhaldið og allt, sem hefur skeð síðan, og þá er ljóst, enda viðurkennt einnig af andstæðingum ríkisstj., að lögin munu verða til mikils gagns fyrir bændur, þótt hv. stjórnarandstæðingar telji ástæðu til að flytja brtt., t. d. eins og um það, að lögin nái til ársins 1961. Því hefur nú verið lýst hér af hv. frsm., hvaða áhrif það mundi hafa.

En ég tel það nokkurs virði, að hv. stjórnarandstæðingar tala um árið 1961, en ekki 1962. Það sýnir, að þeir hafa þó nokkra trú á því, að hagur bænda verði jafnvel betri á árinu 1962 en 1961, og stangast það nokkuð á við þær kenningar, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa stundum borið á borð, t. d. eins og það, að bændunum fækkaði, það væri samdráttur í framleiðslunni, og jafnvel það frv., sem nú er flutt um endurreisn lánasjóða landbúnaðarins, muni nú ekki ná tilgangi sínum. En skyldi það nú ekki vera einmitt vegna þess, að hv. stjórnarandstæðingar hafa séð framan í það frv., að þeir láta sér nægja að tala um árið 1961, að jafnvel þótt þeir ætli að greiða atkvæði á móti því frv., sjái þeir fram á, að með því er lagður grundvöllur að meiri framlögum úr stofnlánadeildinni og því minni þörf á því á árinu 1962 en áður að gera ráð fyrir að leysa lausaskuldir þessa atvinnuvegar?

Þá er hér ein till., og ég undrast það, af því að fyrri flm. hefur samið hana, en mér finnst það stangast algerlega á við lögin. Þar segir: „Við greinina bætist: og enn fremur til

lánveitinga handa fyrirtækjum, er á undanförnum árum hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.“ Það er alveg ljóst, að þegar talað er um, að þessi löggjöf eigi að vera í samræmi við lögin varðandi útgerðina, þá getur þetta alls ekki samrýmzt, og það held ég líka að hv. fyrri flm. þessara till. ætti að vita, að það eru ekki lausaskuldir, sem lama vinnslustöðvar landbúnaðarins, heldur aðeins fjármagnsskortur. Það eru ekki lausaskuldir, sem hvíla á þeim. Það er þess vegna ekki um það að ræða hér, að það þurfi að breyta lausaskuldum þessara fyrirtækja í löng lán, heldur að útvega þeim nýtt fé, en það hefur alltaf verið fyrir fram vitað, að það felst ekki í þessum lögum útvegun á nýju fé.

Það hefur verið rætt hér mikið um það, að þessi lög gera aðeins ráð fyrir lánum út á fasteignir, en ekki út á vélar. En ég held, að ég hafi upplýst það hér við 1. umr., hvað fyrir stjórnarvöldunum vakir í því efni, þ. e., að með því að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins er ætlað, að þeim verði gert mögulegt það, sem þeim hefur ekki verið mögulegt áður, að lána út á vélar og þá einnig vélar, sem eru 1—2 ára gamlar, og þá til styttri tíma, þannig að það er fundin lausn á því máli, ef það tekst, sem vonir standa til, að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, veðdeildina og stofnlánadeildina, eins og hún á nú að heita.

Þá er það lánstíminn. Það er vitanlega ekki ágreiningur um, að það er eðlilegt, að það sé til 20 ára, og þá má segja, að það sé betra fyrir landbúnaðinn að eiga þess kost að fá lán til 20 ára heldur en útgerðina, sem hefur orðið að sætta sig við, að mikið af þeim lánum, sem var breytt fyrir hana, er til 10 ára og nokkur til 15 ára, en það er sennilega alger undantekning, ef það er nokkuð til 20 ára. Og það er rétt að minna á þetta, þegar spurt er að því, að hverju leyti þetta sé hagstæðara fyrir bændur en útgerðarmenn. Það má einnig minna enn á það, sem reyndar hefur áður verið gert, að það er öruggt, að þeir bændur, sem hafa sótt um breytingu á sínum lausaskuldum, fá hlutfallslega miklu betri og meiri fyrirgreiðslu en útgerðin, þannig að það verða margir bændur og kannske flestir, sem fá öllum þeim lausaskuldum, sem þeir hafa sótt um breytingu á, breytt í föst lán. En það liggur fyrir, að það er ekki nema nokkur hluti af lausaskuldum útvegsins, sem hefur tekizt að breyta þannig.

Þá eru það vextirnir, sem hafa verið gerðir mjög að umtalsefni hér. Í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Vesturl. talaði um hér áðan, að það væri skýlaus krafa til stjórnarvaldanna, að hinn aukni rekstrarkostnaður væri tekinn til greina, sem er vextir og rekstrarvörur, þá þykir mér óhjákvæmilegt að upplýsa hv. þm. um það, því að hann hefði ekki talað svo, ef hann hefði vitað betur, — ég trúi því ekki, — að í verðgrundvelli landbúnaðarvara er tekið tillit til aukins kostnaðar við reksturinn. Ég vil t. d. minna á það, þegar talað er um vexti, að vextir hafa hækkað ákaflega mikið í grundvellinum, og það er þess vegna hreinn misskilningur að halda því fram, að bændur greiði raunverulega alla vaxtahækkunina. Ég hef hér útreikninga sexmannanefndar og grundvöllinn fyrir framan mig. Það sýnir sig, að vextir í grundvellinum 1957 hafa verið reiknaðir 8188 kr. bóndanum til útgjalda, og það færist inn í verðlagið og verður til þess að hækka verðlag vörunnar, eftir því sem útgjaldaliðirnir eru betur teknir til greina. 1958 er sama upphæð tekin í vöxtum, 8188, og það er sérstaklega nauðsynlegt fyrir hv. 1. þm. Vesturl. að leggja sér þetta á minni og gera sér grein fyrir því, hvernig verðlagið er byggt upp. Og 1959 hækka vaxtagjöldin upp í 11614. 1960 hækka vaxtagjöldin upp í 12824 kr., og hefur verið talið of lítið. En 1961 eru vaxtagjöldin hækkuð í 16579. Hvort stendur betur í vaxtakostnaði 1961 eða 1957 og 1958? 1957 og 1958 voru vextir af ræktunarsjóðslánum 4%. Þá voru vextir í grundvellinum 8188. 1961 eru vextir af lánum úr ræktunarsjóði 6½%. Þá eru vextir í grundvellinum 16579. 1957 og 1958 eru vextir af víxlum 7½%. 1961 eru vextir af víxlum 9½%, 2% hærri. En vextirnir í grundvellinum hafa hækkað um meira en helming, úr 8188 í 16579. Hvílir nú vaxtakostnaðurinn með meiri þunga á bændum nú 1962 eða 1961 heldur en 1957 og 1958? Ég held, að það sé rétt, þegar talað er um, að bændur standi undir þessum vöxtum öllum, að gera sér grein fyrir þessu, og það er leiðinlegt, þegar menn tala af hreinni vanþekkingu um þessi mál, en einmitt þess vegna er nauðsynlegt að koma með leiðréttingar.

Kjarnfóður hefur hækkað, og það er meira, sem bóndinn verður að láta fyrir það, heldur en áður, sömuleiðis áburður, og það er fróðlegt að sjá, hvað kjarnfóðrið var í grundvellinum 1957 og 1958 og hvað það var 1961. 1957 er kjarnfóðrið 9600 kr., þegar allt er talið með, en 1961 er kjarnfóðrið 20100 kr., sem það er reiknað til útgjalda og verður til þess að hækka afurðaverðið. Nú man ég ekki nákvæmlega, hvað fóðurbætirinn hefur hækkað í prósentum síðan 1957, en ég held þó, að fóðurblandan sé nú eitthvað um 4 kr., og ég held, að það sé ekki langt úr vegi, að hún hafi verið 3 kr. 1957.

Stærstu rekstrarútgjöldin eru fóðurbætir, áburður og vextir og svo náttúrlega vélar líka. Ef við tökum áburðinn, þá er hann 1957 um 8800, en 1961 14600. Ég hef ekki heldur borið saman eða reiknað út, hvað áburðurinn kostar 1957, en ég hygg, að útgjaldaliðurinn í grundvellinum hafi ekki hækkað minna en verðlag á áburðinum.

Svo höfum við vélarnar hérna. Ég er bara ekki búinn að lesa þetta nógu vel og alls ekki taka það saman, en það er sá liður náttúrlega, sem hækkar ekki nægilega ört. Það er vegna þess, að bóndinn á kannske vélina í fimm eða tíu ár og þessi útgjöld í grundvellinum hækka þess vegna seinna en t. d. vextir, fóðurbætir og áburður, og hættan er því mest á því, að bændur verði fyrir halla einmitt í sambandi við mat á þeim. Það tekur það langan tíma að samræma verðlagið, og þess vegna verða bændur óhjákvæmilega fyrir nokkrum halla. En ég

átti einmitt áðan tal við einn mann úr sex manna nefndinni, fulltrúa bænda, og var að tala um verðgrundvöllinn við hann. Ég sagði kankvís og brosandi: Mér sýnist, að þessi verðgrundvöllur hafi alltaf verið vitlaus og að hann sé ekki miklu vitlausari núna en hann var áður, kannske ekki eins vitlaus. — Ekki mótmælti hann því, samþykkti það ekki heldur. Ég spurði hann, hvað það væri, sem hann teldi helzt ábótavant í grundvellinum. Hann sagði: Það eru ekki útgjaldaliðirnir. Ég tel, að þeir hafi verið teknir til greina. Það, sem ég er óánægðastur með í verðlagsgrundvellinum, sagði hann, og reyndar það eina, sem ég er óánægður með, það er það, að bændum eru taldar tekjur og hlunnindi, sem þeir ekki fá. Hann sagði t. d., að ullin væri reiknuð bændum öllu meiri en hún væri. Það væri miðað við 2 kg, en hann sagðist álíta, að það væru ekki nema 1.8 kg af kind, en þar væru reiknuð bóndanum til tekna 2 kg. Ef þetta er svo, þá er það náttúrlega alveg rangt og þarf að leiðrétta. Hann sagði einnig um hlunnindi og aukatekjur, það eru 17700 í grundvellinum 1961, en voru 15100 í grundvellinum 1960 og 14300 í grundvellinum 1959, — hann sagði, að þetta væri ekki réttlátt, því að það væri alveg vitað, að margir bændur með meðalbú hefðu sáralitlar aukatekjur, og einmitt þessi atriði í grundvellinum, sem eru ekki byggð á föstum og traustum grunni, þarf að leiðrétta, en útgjaldaliðina, sagðist þessi maður, sem er mjög skýr og þekkir þetta alveg út í gegn, ekki vera óánægður með.

Ég vildi láta þetta koma fram hérna vegna þess, að það hefur oft verið talað um vextina og útgjaldaliðina í sambandi við búreksturinn af miklum misskilningi, og það er eina afsökunin, að þessar fullyrðingar, sem hafa ekki við rök að styðjast, séu fram bornar vegna þess, að menn hafa ekki kynnt sér málið. Mér dettur t. d. ekki í hug, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi farið vísvitandi rangt með áðan, þegar hann sagði, að bændunum fækkaði um 100 á ári, í staðinn fyrir að þeim hefur fjölgað um rúmlega 100 árið sem leið. Hann hefur bara sagt það af því, að hann hefur ekki kynnt sér þetta nógu vel, en trúað því, sem hann hefur verið að lesa oft og iðulega í sínu eigin flokksblaði. Og þetta er vitanlega miklu betra en ef hann hefði vísvitandi viljað fara rangt með, því að einmitt þessi árekstur hlýtur að leiða til þess, að hann reynir að kynna sér þetta betur, og ég er alveg sannfærður um það og vona það, að hann vilji frekar hafa það, sem réttara reynist, að vanda sig betur, næst þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn og fullyrðir um einhver mál eða málefni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Þau lög, sem hér er leitað eftir staðfestingu á, verða til gagns fyrir bændur. Það eru 1200—1300 bændur, sem hafa sótt um þessa fyrirgreiðslu. Það er gert allmikið úr því, að ýmsir bændur hafi ekki sótt um fyrirgreiðsluna, vegna þess að það hafi ekki verið fyrir fram tryggt, að bréfin gengju á nafnverði eða þeir fengju fyrirgreiðslu, og því er borið við, að þessir menn, sem talið er að muni verða út undan, hafi talað við einhverja menn í fyrirtækjum og stofnunum, sem hafi jafnvel fullyrt, að þetta væri ekki. Ríkisstj. getur vitanlega ekki tekið þetta til greina, vegna þess að það var alltaf fyrirhugað, að lögin næðu tilgangi sínum, og það hefur verið á það bent réttilega af hv. frsm., að það var ekki í rauninni mögulegt að ákveða þessar reglur fyrir fram, á meðan ekki var vitað um, hvað það yrði mikil upphæð, sem um væri að ræða. Það er vitað nú, að það eru 82 millj., sem umsóknirnar nema, en það hefðu alveg eins getað verið 200 eða jafnvel 300 millj. Þetta var ekki hægt að vita fyrir fram. En mér finnst, að það verði að trúa því, að þeir bændur, sem voru með lausaskuldir og töldu sig hafa þörf á að breyta lánunum, hljóti að hafa gert það, þó að það lægi ekki á borðinu einhver trygging um það, að þeir fengju 100% fyrirgreiðslu, því að hvaða kostnaður var það að sækja um lán? Hann var hverfandi lítill og fyrirhöfnin svo hverfandi lítil, að það gat ekki staðið í vegi eða verið hindrun fyrir þann mann, sem þurfti aðstoðarinnar við. Ég harma það, ef það hefur verið mikið að því gert, að bændur hafi orðið þannig út undan. Það á eftir að koma í ljós, og ég ætla ekki að trúa því, fyrr en það kemur þá greinilega í ljós, að það geti verið mikið um slíkt að ræða. Og eitt er það, sem styður nokkuð vel þá skoðun mína, að þeir, sem fyrirgreiðslunnar þurfa með, hafi sótt um hana. Það er, að það virðist svo sem það sé nokkuð jafnt úr öllum landshlutum, sem umsóknirnar nema, og hvers vegna skyldu þá sumir hafa orðið út undan og aðrir haft þessa fyrirhyggju eða sjálfsbjargarviðleitni? Ég trúi því ekki fyrr en það kæmi í ljós síðar meir.

Út af fyrir sig er ekkert að undrast það, þó að hv. stjórnarandstæðingar flytji brtt., og það má vel vera, að lögin litu betur út með því að samþ. sumt af þessum brtt. En hvort þau væru í reyndinni, í framkvæmdinni nokkru meira virði fyrir bændur eftir þær breytingar heldur en er í dag, það er svo allt annað mál. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég tel, að þetta mál sé orðið svo mikið rætt og liggi svo ljóst fyrir hv. þm., að þess gerist tæplega þörf.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. áminnti mig um það áðan að fara rétt með sannleikann, og skal ég taka undir það með honum, að það er hverjum manni skylt, því að enn eru í gildi orð Ara fróða: Hafa skal það, sem sannara reynist í hverju máli. — En um það efni, þar sem hann taldi mig hafa farið hér með rangt mál, vildi ég þó segja það, að samkv. upplýsingum, sem búnaðarþing aflaði sér hjá hagstofunni og Landnámi ríkisins, voru þær tölur teknar, sem ég fór hér með í ræðu minni áðan, og til þess að fá fullvissu mína um það, að ég færi með rétt mál í því efni, hringdi ég í hagstofuna í fundarhléinu og fékk nákvæmlega tölu þeirra bænda, sem hafa talið fram til skatts árin 1957—1960 samkv. búnaðarskýrslum, sem hreppstjórar gera hverju sinni. Samkv. þeim tölum voru bændurnir 1957 6400, 1958 6422, 1959 6309, og þá hefur þeim fækkað um 113, 1960 6151, og hefur þá fækkað um 158. Árið 1961 er ekki með enn þá, vegna þess að framtöl eru ekki komin, en það er álit þeirra manna, sem

fylgjast bezt með þessu, að sama þróun hafi verið árið 1961 og var árið 1960. Hvort hagstofan gefur upp rangar tölur, skal ég ekki um segja, ég rengi þær ekki, en það er þá annarra að gera það.

Það kom fram í ræðum hv. stuðningsmanna ríkisstj. og hæstv. landbrh. hér áðan, að kjör eða hagur bænda mundi ekki vera verri nú en áður. Í þessu sambandi vil ég segja það, að á stéttarsambandsfundi bænda s. l. sumar var upplýst, að skuldir bænda hefðu aukizt á árinu 1960 um 26%. Þessi tala talar sínu máli. Hún er staðreynd og talar ljósu máli um það, hvort hagur bænda hafi ekki versnað það ár. Það er almannarómur, að á sama hátt hafi skuldir bænda og hagur þeirra versnað árið 1961. Tölurnar liggja að sjálfsögðu ekki fyrir enn þá, en þær munu koma fram síðar og verða hægt að grípa til þeirra, þegar þær liggja fyrir. *Ég held, að það sé hyggilegast að neita* ekki staðreyndunum, þegar þær liggja fyrir tölulega, og held, að væri rétt fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. að taka tillit einmitt til þessara staðreynda og leiðrétta aðbúðina að bændunum í samræmi við það.

Ég vil líka í þessu sambandi nefna eitt. Búnaðarþing kynnti sér núna, hvernig tekjur bænda væru í hlutfalli við tekjur annarra svokallaðra vinnandi stétta, sem launakjör þeirra eru við miðuð. Samkv. skýrslunum fyrir árið 1960, þeim nýjustu, sem til eru í þessu efni, eru meðaltekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, þ. e. a. s. þeirra stétta, sem við er miðað, þegar verðlag landbúnaðarvara er ákveðið, 89 þús. kr., en bændanna af landbúnaði það sama ár, 1960, 55 þús., þar að auki voru tekjur utan búsins, sem ég ætla að hafi numið rúmlega 5000 kr. að meðaltali á bónda. Af þessu er ljóst, að tekjur bændanna eru mun minni en allra annarra stétta, sem við er miðað í þessu efni. Það sýnir, að hagur þeirra er verri en annarra stétta í þessu efni. Þessum staðreyndum mun ég ekki neita, þó að aðrir kunni að gera það.

Þá vildi ég nokkuð víkja að verðlagsgrundvellinum, sem hæstv. landbrh. ræddi hér um í ræðu sinni áðan. Hann vildi halda því fram, að hlutur landbúnaðarins hefði verið bættur á s. l. ári í þessu sambandi, og fór þar með tölur úr verðlagsgrundvellinum. Nú segja þessar tölur ekki allt, því að um leið og skuldir aukast, þá aukast vaxtabyrðarnar af þeim sökum, og líka þegar vextir hækka, þá aukast vaxtabyrðarnar af þeim sökum. Hvort tveggja varð á árinu 1960. Fulltrúar bænda í sex manna nefnd fóru fram á það s. l. haust og töldu sig byggja það á sterkum rökum, að vextirnir þyrftu að vera og ættu að vera 23 þús. kr., í stað þess að þeir voru úrskurðaðir 16 þús. kr., og allir stjórnarnefndarmenn Stéttarsambands bænda, þ. á m. fulltrúar bænda í sex manna nefnd, undirskrifuðu mótmæli gegn því, að þessu yrði breytt í yfirdómi, svo að ég fæ ekki skilið, að neinn úr stjórn Stéttarsambandsins sé ánægður með þá niðurstöðu, sem varð, eins og hæstv. landbrh. vildi láta skína í. En þó að vextir væru allir teknir inn í verðlagsgrundvöllinn, eins og fulltrúar bænda fóru fram á, er ekki þar með sagt, að það leysti allra þarfir, því að þetta er meðaltal. Það meðaltal er fundið út þannig, að allir vextir, sem landbúnaðurinn greiðir, eru teknir og í þá tölu deilt með bændafjöldanum, þannig að hlutur þeirra, sem skulda mikið, hlýtur alltaf að verða verri en hinna, sem skulda ekkert eða lítið. Og eftir því sem vextirnir eru hærri, þeim mun lakari verður hlutur þeirra, sem skulda mikið og búa við óhagstæð vaxtakjör. Þess vegna er það þýðingarmikið atriði og ekki hvað sízt til þess að hjálpa þeim, sem verst eru settir, að vaxtakjörin séu ekki óhagstæð. Því verð ég að álíta, að það sé í alla staði til hags fyrir landbúnaðinn að halda vöxtunum í skefjum.

Það mætti fara mörgum orðum um verðlagsgrundvöllinn, en af því að hann er ekki hér til umr., mun ég láta það vera. Þó vil ég koma inn á eitt, að landbúnaðurinn fær engar fyrningarafskriftir af húsum, sem tilheyra landbúnaðinum, og það eitt skaðar hann stórlega á hverju ári.

Mér sýnist, að hvernig sem þessu er velt fyrir sér, þá hljóti það að verða krafa bændastéttarinnar og þeirri kröfu verði beint að hæstv. ríkisstj. og Alþingi, að vaxtakjör landbúnaðarins verði ekki óhagstæðari en annarra höfuðatvinnuvega, t. d. sjávarútvegsins, og þá kröfu verðum við að bera fram hér á Alþingi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það gleður mig, að hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj) hefur haft eitthvað fyrir sér, þegar hann sagði áðan, að bændum hefði fækkað um 100 á hverju ári *undanfarið*. En ég *harma* það, að enn þá hlýtur þetta að vera á misskilningi byggt, annaðhvort spurningin ekki lögð rétt fyrir hagstofuna eða einhvers staðar er misskilningur í þessu, vegna þess að mér dettur ekki í hug að ætla, að það skjal, sem ég hef hér fyrir framan mig og ég vil nú leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, sé ekki rétt. Það er beinlínis tekið upp úr jarðaskrá Landnáms ríkisins. Það hlýtur að vera rétt, og það segir þar:

Tala byggðra jarða í sveitahreppum. Kaupstaðir ekki taldir og tví- eða fleirbýli ekki talið, en bændur eru 1100—1200 fleiri en jarðirnar, það hefur verið talið tvíbýli á þeim. Og þá kemur skráin eins og ég las hana áðan, að 1955—1956 eru byggðar jarðir 5146, 1957—1958 5168, 1958—1959 5208, 1959—1960 5159 og 1960—1961 5266. Þetta er tekið upp úr jarðaskrá Landnáms ríkisins.

Ég efast ekki um, að þetta er rétt, og þá er einnig rangt það, sem hv. þm. fullyrti hér áðan með fækkun bændanna, og sem betur fer á einhverjum misskilningi byggt, en ekki á ásetningi, og það er vitanlega reginmunur, sem ég legg mikið upp úr, því að slíkan misskilning er vitanlega alltaf hægt að leiðrétta.

Hv. þm. var að tala hér um laun bóndans, að þau væru ekki í samræmi við laun vinnandi stétta, verkamanna, iðnaðarmanna, sjómanna, eins og vera ber. En það er þá vegna þess að grundvöllurinn er rangur, og ég hef ekki verið með fullyrðingar um það, að grundvöllurinn sé rétt upp byggður, heldur lagði ég áherzlu á

það áðan, að það væru hér e. t. v. nokkrir liðir, sem þyrftu lagfæringar við. En að mati fulltrúa bænda í sex manna nefnd eru það ekki útgjaldaliðirnir, sem eru rangir, heldur tekjuliðirnir, bændunum eru reiknaðar meiri tekjur en þeir raunverulega fá. En kaup bóndans í grundvellinum er ekki 55 þús. 1960, eins og hv. þm. sagði hér áðan. (**Gripið fram í:** Var það reyndin?) Í reyndinni, — það er hér í grundvellinum, eins og það er byggt upp. Það er 69924 kr. 1959, og það er sama kaup 1960, vegna þess að grundvellinum var ekki sagt upp. Ef grundvellinum hefði verið sagt upp, hefði verið miðað við tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, sem munu hafa verið það ár 6 þús. kr. hærri. Ef hér er um sök að ræða, þá er það ekki við aðra en þá, sem sögðu ekki grundvellinum upp. En tekjur bóndans í grundvellinum 1961 eru 86142 kr., eins og verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Þetta vildi ég líka láta koma fram, vegna þess að þarna virðist einnig vera um nokkurn misskilning að ræða. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir skoðun minni á því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hafði því ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., en tel rétt að segja örfá orð út af ýmsu, sem fram hefur komið nú í umr. En af því, sem ég tók fram og gerði grein fyrir í ræðu minni um málið við 1. umr. þess, leiðir það, að ég fylgi eindregið brtt. þeim, sem hv. minni hl. fjhn. ber fram.

Með ræðu þeirri, sem hæstv. landbrh. flutti hér, sérstaklega fyrri ræðu hans, eru þessar umr. færðar út á nokkuð vítt svið, því að minnst af eða aðeins lítill hluti af ræðu hæstv. ráðh. fjallaði raunverulega um það frv., sem hér liggur fyrir, heldur miklu fremur um verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða og hag og aðstöðu bænda í þjóðfélaginu yfirleitt. Ráðh. las í þessu sambandi tölur um vissa liði úr verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða og bar saman breytingar á þessum liðum um nokkurra ára skeið. Ég vefengi ekki þessar tölur, þó að ég hafi þær ekki í höndum, en ég vil aðeins benda á, að þessar tölur um einstaka liði, teknar út úr heildinni og út úr samhengi að vissu leyti, þegar á að skoða heildarmyndina, segja mjög lítið um þetta mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fulltrúar bænda, bæði þeir, sem starfa í sex manna nefnd, og forustumenn í félagssamtökum bænda, hafa oft bent á það að undanförnu, að verðlagsgrundvöllurinn væri ekki nægilega hagstæður bændunum, framleiðendunum í landinu, og hafa leitað mjög eftir því að fá þar breytingar á bændastéttinni í hag, bæði með því að fá hækkaða kostnaðarliði og jafnvel nýjum bætt við frá því, sem verðlagsgrundvöllurinn gerir ráð fyrir, enda þarf alltaf á hverjum tíma að taka tillit til þeirrar þróunar og uppbyggingar, sem á sér stað í landbúnaðinum, stóraukinnar vélanotkunar og annars slíks, ef myndin á að verða rétt. Þegar verðlagsgrundvöllurinn var úr garði gerður á s. l. ári, voru nýlega um garð gengnar mjög miklar breytingar í þjóðfélaginu, almennar kauphækkanir og svo strax í kjölfar þeirra hin ótímabæra gengisfelling ríkisstj. Af þessum ástæðum hlaut verðlagið í landinu og kostnaður að hækka a. m. k. um 13—14%, þegar tillit er tekið til hvors um sig, hinna almennu kauphækkana og gengisfellingarinnar. En niðurstaðan varð sú, að bændum var úrskurðað 14.5%, minnir mig, í hækkun á verðlagsgrundvellinum í heild. Það þarf því enginn að furða sig á því, þó að fulltrúum bænda og bændastéttinni fyndist nokkuð hart að gengið með þessum úrskurði og bændastéttin fá ekki nærri fullnægjandi réttingu sinna mála, þar sem sú hækkun, sem henni var ákveðin með þessum úrskurði, gerði í raun og veru lítið betur en að standa straum af þeim verðhækkunum, sem fyrirsjáanlegar voru eða þegar ákveðnar, skömmu áður en frá verðlagsgrundvellinum var gengið.

Þetta verðum við að hafa í huga, þegar við ræðum þetta mál, og skoða heildarmyndina, en ekki taka úr einstaka liði, því að það skýrir málið lítið. Og ég vil nú vænta þess, að hæstv. ráðh. fallist á, að það sé heildarmyndin, sem mest gildi hafi í þessu sambandi, þegar málið er skoðað, og við verðum sammála um að ræða málið þannig, enda lá við, að hann áminnti menn hér áðan um sannsögli og að vera málefnalegir í málflutningi.

Nú er það svo, að bæði hinar almennu kauphækkanir og gengisbreytingin hin ótímabæra, sem ríkisstj. stóð fyrir s. l. sumar, hafa vitanlega nokkur áhrif á fjárhagsafkomu bænda, en gengisbreytingin þó hlutfallslega miklu meira. Það grundvallast á því, að samkv. verðlagsgrundvellinum er aðkeypt vinna bóndans ekki nema milli 12 og 13 þús. kr. á ári, þ. e. a. s. um það bil 1/7 hluti af kaupi bóndans sjálfs. Það má gera ráð fyrir, að hann fái útgjöld af kauphækkun fyrir hina aðkeyptu vinnu, sem nemur um það bil 1/7 hluta af kaupi bóndans sjálfs, en hann á að fá aftur þar á móti hækkun á sínum eigin tekjum í samræmi við hinar almennu kauphækkanir. En áhrif gengisfellingarinnar verður bóndinn vitanlega að bera með fullum þunga á öllum þeim vörum, sem verðlagsbreytingum taka vegna breyttrar skráningar krónunnar.

Þegar litið er á hag bændastéttarinnar, má minna á það enn, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., sem talaði hér áðan, að á aðalfundi Stéttarsambands bænda var sú skýrsla gefin, að skuldir bænda hin síðustu ár, er það orðað, hafi aukizt um 26.7%. Ég hef ekki aðgang að þeirri athugun, sem liggur á bak við þessa tölu, en ég geri ráð fyrir því, að hún sé áreiðanleg. En í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefur mjög verið rætt um vexti og þann vaxtafót, sem á að ákveða samkv. því á þeim lausaskuldalánum, sem bændur fá. Það vita allir, sem til landbúnaðarins þekkja, að sá atvinnuvegur er tiltölulega tryggur, þannig að hann skapar þeim, sem að honum starfa, sæmilega öruggan efnahag með hlutfallslega jafnri þróun. En í þeim atvinnuvegi eru að jafnaði ekki stórar sveiflur, og þar er ekki heldur auðið að grípa skjótfenginn gróða. Af þessu leiðir það, að landbúnaðurinn sem atvinnuveg-

ur þolir ekki háan vaxtafót á því fé, sem hann fær að láni til umráða og ávöxtunar í atvinnugreininni. Og þeir, sem veita landbúnaðinum lán, mega ganga að því sem vísu, miðað við langa reynslu í þjóðfélaginu, að á lánum landbúnaðarins verði ekki mjög mikil skakkaföll, þannig að hætta sé á bankatöpum vegna þeirra. Það er löng reynsla í þessu þjóðfélagi, sem staðfestir þetta. En með því að ákveða vaxtafótinn 8%, lætur nærri, að bóndinn, sem slíkum lánskjörum sætir, eigi að endurgreiða höfuðstólinn tvöfaldan á 12 árum, um það bil 12 árum. Það hljóta allir, sem líta á landbúnaðinn sem atvinnugrein og aðstöðu bóndans, að sjá það og viðurkenna, ef sanngirni er beitt í málflutningi, að það er ofætlun að leggja slíkar byrðar á landbúnaðinn. Þess vegna vil ég bæta því við, að það er mjög mikilsvert fyrir aðstöðu bóndans í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, að brtt. minni hl. fjhn. um lækkun vaxtanna verði samþykkt.

Það kom fram í ræðu 1. þm. Vesturl. hér í dag, að þær efnahagsráðstafanir, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hafi haft mikil og alvarleg áhrif á hag og aðstöðu íslenzkra bænda. Hæstv. landbrh. virtist ekki vilja fallast á þetta eða a. m. k. vildi gera lítið úr því. Á orðum hans mátti skilja, að í landbúnaðinum væri mikill blómi um þessar mundir og það væri eiginlega einungis hið vonda blað, Tíminn, sem sífellt væri að endurtaka fullyrðingar um samdrátt hjá landbúnaðinum. Út af þessu þykir mér hlýða, áður en ég lýk þessum orðum, að leiða hér fram nokkur ummæli til vitnisburðar í þessu máli. Og ég sæki þau ekki í heimild, sem telja má vafasama, heldur sæki ég þau í tímarit Landsbankans, Fjármálatíðindi. Við verðum að telja og munum geta verið sammála um það, að tímarit, sem gefið er út á vegum Landsbankans, sé traust heimild almennt skoðað, og margt, sem kemur fram í því, virðist mér þar að auki sízt stefna að því að halla á þá ríkisstj., sem nú situr. En í tímariti Landsbankans, 3. hefti 1961, er yfirlitsgrein um þróun atvinnulífs og fjármála, fyrirsögnin er: Framleiðsla og fjárfesting 1960. Þar er vikið að þróun landbúnaðarins á árinu 1960, og um það segir svo m. a. á bls. 184, í framhaldi af atriðum, sem er húið að ræða, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur dróst fjárfesting í landbúnaði og raforkuframkvæmdum nokkuð saman á árinu, eða um 5.4% og 4.1% hvort í sínu lagi. Hefur fjárfesting í landbúnaði farið minnkandi s. l. 3 ár. En hvað raforkuframkvæmdum viðvíkur, þá lauk framkvæmdum við virkjun Efra-Sogs snemma á árinu 1960, og stafar þessi samdráttur fyrst og fremst þar af," þ. e. a. s. Steingrímsstöðin er á þessari töflu færð á árið 1959, en ekki 1960.

Enn fremur segir á næstu blaðsíðu, 185:

„Ræktunarframkvæmdir, bygging útihúsa, innflutningur hjóladráttarvéla, véla, verkfæra og jeppabifreiða dróst nokkuð saman, en töluverð aukning varð á bústofni."

Í framhaldi af þessu segir enn fremur:

„Skurðgröftur varð töluvert minni en árið áður sem og nýræktarframkvæmdir, en þær höfðu aukizt ár frá ári síðan 1955, eins og sjá má í 21. töflu."

Enn er haldið áfram:

„Nokkur samdráttur varð í útihúsabyggingum og þá sérstaklega í byggingu þurrheyshlaðna. Byggð voru fjós yfir 2240 kýr, eða nokkru færri en árið áður."

Og um búvélar er þetta tekið fram:

„Innflutningur landbúnaðarvéla dróst allmikið saman frá því árið áður, sérstaklega minnkaði innflutningur hjóladráttarvéla mikið."

Ég ætla, að þessi vitnisburður sé þannig, að það geti ekki leikið á tveim tungum, hvernig þróunin hefur verið í landbúnaðinum í sambandi við fjárfestingu í honum og uppbyggingu atvinnuvegarins á árinu 1960. Ég hef ekki með höndum sams konar tölur fyrir árið 1961 og skal ekkert um það ræða, ég er ekki viss um, að þær liggi fyrir opinberlega enn þá. En til þess að árétta þetta, er þessu ekki aðeins brugðið upp í tölum af hagfræðideild Landsbankans, heldur í myndum. Og það eru birtar hér myndir yfir hlutfallslega skiptingu heildarfjárfestingar í þjóðarbúskapnum, og það er allt umreiknað gagnvart öllum greinum fjárfestingarinnar í verðlag ársins 1954, til þess að verðlagsbreytingarnar hafi ekki áhrif á niðurstöðuna, heldur sé myndin miðuð við hinar raunverulegu framkvæmdir án tillits til verðlags hvers árs. Og gagnvart landbúnaðinum lítur þá þessi mynd þannig út:

Árið 1955 er fjárfesting í landbúnaði 18.3% af heildarfjárfestingu þjóðarbúsins, 1956 16.6%, 1957 16.1%, 1958 15.7%, 1959 13% og 1960 10.5%. Við sjáum ekki aðeins af almennu lesmáli, ekki aðeins af tölum, heldur af myndum, hvernig þróunin er í landbúnaðinum á árinu 1960, en það er fyrsta árið, sem viðreisnin hafði áhrif í þjóðfélaginu og þ. á m. á hag landbúnaðarins.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram nú í þessum umr. vegna þeirra orða, sem hæstv. landbrh. hafði mælt hér í dag, þar sem hann leiddi þetta mál út á svo vítt svið sem hann gerði.

Það frv., sem hér liggur fyrir, leysir vitanlega ekki, þótt samþykkt verði, að fullu þann vanda, sem landbúnaðurinn á við að etja, og þá erfiðleika, sem að bændastéttinni steðja. En það er þó spor í áttina. Það er einn liður í því, sem gera þarf. Þess vegna tel ég miklu varða, að vel takist til um þessa lagasetningu, og vil því eindregið mæla með því og vona, að brtt. minni hl. fjhn. verði samþykktar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég efast ekkert um það, að hv. 5. þm. Austf. hefur lesið rétt úr tímariti Landsbankans, og öll sú skýrsla, sem þar er, hlýtur að vera byggð á staðreyndum, það ætla ég ekkert að efast um. En það er dálítið athyglisvert, sem kom fram í skýrslunni. Og það er það, að s. l. 3 ár, skýrslan er fyrir 1960, 1959 og 1958, — að s. l. 3 ár hafi fjárfesting í landbúnaði dregizt nokkuð saman. Samdrátturinn byrjaði árið 1958. Eitt þykist ég vita, að hv. 5. þm. Austf. man árið 1950, þegar

gengisbreytingin var gerð, og ef hann flettir upp í skýrslum, muni hann sjá, að einmitt það ár, sem gengisbreytingin var gerð og verðhækkun varð á landbúnaðarvélum og á byggingarefni, varð samdráttur, sem rétti sig furðufljótt við, hafði rétt sig við á fjórða ári, 1954. Og það er einmitt árið 1960, sem skráningu krónunnar var breytt. Sú skráning var ekki ótímabær, eins og hv. þm. fullyrti. Það ætla ég samt ekki að fara að rökræða hér nú. En þetta er ástæðan fyrir því, að það minnkaði nokkuð fjárfesting í landbúnaðinum 1960, alveg sú sama og var 1950.

Hitt vil ég svo leiðrétta, að raforkuframkvæmdir hafi verið minni á árinu 1960 en áður, og það sýnir sig, að þegar Steingrímsstöðin er reiknuð til ársins 1959, þetta dýra mannvirki, hvað raforkuframkvæmdir aðrar hljóta að hafa vaxið mikið, þegar rýrnunin er ekki nema 5%, það, sem varið er til rafmagnsframkvæmda 1960, er ekki nema 5% minna en var árið áður, enda þótt Steingrímsstöðinni hafi verið lokið þá. Það kemur líka í ljós, að það var leitt rafmagn á fleiri býli á árinu 1960 en á árunum 1957 og 1958. Þetta veit ég að hv. 5. þm. Austf. er fús til þess að viðurkenna og hafa það, sem réttara reynist.

Ég vil svo láta þá skoðun mína í ljós, sem ég gerði í dag, að fjárfesting í landbúnaði muni aukast aftur, um leið og verðlagið jafnar sig, jafnvægi kemst á og verðlagið samræmist, enda þótt það séu vitanlega takmörk fyrir því, sem það fólk, sem nú býr í sveitunum, getur ræktað og byggt. Það er komið að því, að það þarf að gera ráðstafanir til, að fólkinu í sveitunum geti fjölgað, og það verður gert fyrst og fremst með því að gera þeim, sem vilja stunda búskap í sveit, fært að fá lán til bústofnunar, bygginga og ræktunar í stærri stíl en verið hefur. Og það er það, sem nú er verið að leggja grundvöllinn að og ég veit að hv. 5. þm. Austf. kemur til með að verða mér sammála um, áður en lýkur.

ATKVGR.
Brtt. 415,1.a felld með 11:6 atkv.
— 415,1.b felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 415,2.a felld með 11:6 atkv.
— 415,2.b felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GGuðbj, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
3 þm. (AGl, BjörnJ, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 415,2.c felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, GGuðbj, HermJ.
nei: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.
3 þm. (AGl, BjörnJ, FRV) fjarstaddir.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 415,3 felld með 11:6 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Ég hef rætt þetta mál nokkuð við 2. umr. hér í hv. d., en vildi þó víkja að því nokkrum orðum hér nú við 3. umr. vegna upplýsinga, sem ég fékk á búnaðarþingi, eftir að málið hafði hér verið afgr. við 2. umr.

Það var rætt nokkuð um þetta á búnaðarþingi í sambandi við lánamál landbúnaðarins almennt, og þá talaði einn af stjórnarmönnum Stéttarsambands bænda, Einar Ólafsson, sem mörgum er kunnur og glöggur maður á tölur, og gat hann þess, að lausaskuldir bænda mundu hafa verið í árslok 1960, eftir því sem næst yrði komizt, um 212 millj. kr., og að umsóknir um lán í þessu skyni mundu nema á milli 30 og 40% af þeirri upphæð. Mér finnst, að þarna komi fram svo gagnmerkar upplýsingar um það, að bændur hafi ekki sótt um lán í þessu skyni eins og búast hefði mátt við, að það sé full ástæða til að taka til athugunar á ný, hvort ekki sé rétt að framlengja umsóknarfrest um lánin. Ég skal ekki segja um, hvað hefur valdið því, að þeir, sem skulda 60% af þessum skuldum eða heldur meira en það, hafa ekki sótt um lausaskuldalán til Búnaðarbankans, en það leikur sterkur grunur á því, að orsökin til þess sé einmitt sú, að bændur hafi álitið, að þeir yrðu sjálfir að selja skuldabréfin, en eftir að það viðhorf hefur breytzt, sýnist ástæða til að gefa enn kost á því, að um þetta verði sótt. Það sýnir sig, að þegar ekki er um að ræða að leysa nema kannske í hæsta lagi 40% af þeim erfiðleikum, sem í þessu efni eru eins og sakir standa, þá fullnægir það engan veginn landbúnaðinum í þessu efni. Auk þess er það óleyst að mínu viti enn þá, hvernig farið verður með leiguliðana, sem munu þó nokkrir vera í hópi þeirra, sem þegar hafa sótt um, og kannske enn fleiri í hópi þeirra, sem hafa ekki sótt um. Það kom ekki fram hér við 2. umr. málsins, hvernig væri hugsað að leysa þeirra þarfir í þessu efni. Það kom ekki fram, hvort jarðeignadeild ríkisins mundi veita veðleyfi í þessu skyni eða hvernig hægt yrði að leysa þarfir annarra leiguliða, sem eru allverulegur hluti af bændastétt landsins, og þannig kynni þá að ganga úr líka af þeim 30—40%, sem sótt hafa um lán, ef ekki væri hægt að taka tillit til þessara manna. Það virðist því liggja nokkuð ljóst fyrir, að þessi úrlausn mun ekki fullnægja nema litlum hluta — litlum hluta, segi ég — þeirra bænda, sem skulda verulegt fé í lausaskuldum. Að meðaltali eru lausaskuldirnar í árslok 1960 um 44 þús. kr. á hvern bónda í landinu, en það skiptist mjög misjafnt, þannig að sumir eru með mjög háar fjárhæðir í þessu, en aðrir ekkert, þannig að þeir bændur eru áreiðanlega verst settir til búskapar nú, sem skulda mikið fé í lausaskuldum.

Þá er það líka varðandi vaxtaatriðið. Búnaðarþing lagði áherzlu á það, að vaxtaákvæðið

yrði fært til samræmis við það, sem gildir um lausaskuldalán sjávarútvegsins, og það kom alveg sérstaklega fram í umr. á búnaðarþinginu um þetta, að bændur telja það sérstaklega óhagstætt, ef vextir af þessum skuldabréfum yrðu bundnir 8% til allt að 20 ára, og margir, sem ræddu þessi mál, lögðu á það höfuðáherzlu, að það yrði í öllu falli haft laust í skuldabréfunum, þannig að hægt yrði að lækka þessa vexti, ef aðrar vaxtabreytingar yrðu í landinu á þessu tímabili. Það hefur komið fram í umr. um efnahagsmál á undanförnum árum, að ef til þess kæmi, að hin svokallaða viðreisn, sem núv. stjórnarflokkar hafa komið á og virðast trúa á að heppnist, heppnaðist, þá væri gert ráð fyrir því, að almennir vextir kynnu að lækka, og það er því eðlilegt, að bændur geri kröfu til þess, að þessir vextir á lausaskuldalánunum lækkuðu þá í hlutfalli við aðrar vaxtabreytingar í landinu, ef svo kynni að fara, að hin svokallaða viðreisn heppnaðist og slíkar vaxtabreytingar yrðu. Þess vegna held ég, að sé ástæða til — og ég vildi beina þeim tilmælum til hv. fjhn. — að taka til athugunar enn á ný, hvort ekki væri hægt að breyta þessum tveim atriðum til hags fyrir bændastéttina, og ég vonast til þess, að hæstv. forseti gefi þann frest til afgreiðslu málsins, að n. fái tækifæri til þess að athuga það mál enn á ný.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 464).

27. Almenn hegningarlög.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, um breyt. á þeim lögum [132. mál] (stjfrv., A. 261).

Á 38. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að heimild til að fresta ákæru sé flutt frá dómsmrh. til saksóknara og eins þau atriði, sem undir dómsmrh. hafa heyrt varðandi nokkur atriði í sambandi við skilorðsbundna dóma. Það má auðvitað nokkuð um það deila, hvort eðlilegra sé, að þetta vald haldist þar, sem það hefur verið, eða sé fengið saksóknaranum, en þar sem saksóknari hvort eð er þarf að kynna sér málin og það er óhægara fyrir dómsmrn., eins og nú til háttar, eftir að málin eru komin almennt í hendur saksóknara, að láta nógu rækilega athugun fara fram, þá þykir eðlilegra, að valdið sé í þessum tilfellum fengið saksóknara ríkisins.

Enn fremur er lagt til, að 2. mgr. 61. gr. hegningarlaganna falli niður. Þetta ákvæði er nú orðið úrelt, á ekki lengur við, og er þess vegna nánast um eins konar leiðréttingu að ræða.

Í nokkrum öðrum tilfellum í hegningarlögunum er ætlazt til þess, að dómsmrh. haldi því sérstaka valdi, sem honum hefur verið fengið í sambandi við ákvæðin um málshöfðun. Þarna er um að ræða sértilvik, en eðlilegra þykir, að þetta vald verði þar, sem það hefur verið, en færist ekki til saksóknara.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 272).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Samkv. l. nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, hefur ákæruvaldið verið tekið úr höndum dómsmrh. og fengið sérstökum embættismanni, saksóknara ríkisins. Samkv. almennum hegningarlögum hefur dómsmrh. ákvörðunarvald um ákærufrestun og ýmis atriði, er snerta skilorðsdóma. Efni þessa frv. er að flytja þetta vald einnig til saksóknara ríkisins, enda talið eðlilegt, að þetta vald sé í hans höndum ásamt flestum öðrum þáttum ákæruvaldsins.

Þá er einnig í þessu frv. lagt til, að felld verði niður 2. mgr. 61. gr. hegningarlaganna, en ákvæði það, sem sú mgr. hefur að geyma, hefur ekki gildi lengur samkv. lögum frá síðasta Alþingi um réttindasviptingar í sambandi við refsidóma.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 272, leggur allshn. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 9. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed.

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 422).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Hæstv. forseti. Allshn. hefur farið yfir frv. það, sem hér er til umr., en það er frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyt. á þeim l., og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Sunnl., var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt frá n. Frv. þetta hefur áður verið afgreitt óbreytt frá Ed.

Þær breytingar, sem í frv. þessu er lagt til að gerðar verði á almennum hegningarlögum, varða aðallega skilorðsbundna frestun ákæru og atriði, sem snerta skilorðsdóma í opinberum málum, þ. e. a. s. að ákvörðunarvaldið um þessi atriði færist frá dómsmrh. til saksóknara ríkisins, en með l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, sem samþykkt voru hér á Alþingi í fyrra, var ákæruvaldið í sakamálum flutt frá dómsmrh. í hendur saksóknara ríkisins. Þær breytingar, sem í frv. þessu er lagt til að gerðar verði á almennum hegningarlögum, leiðir af þeim breytingum, sem í fyrra voru gerðar á fyrrnefndum lögum, og samræma ákvæði hegningarlaga við þær.

Eins og ég áðan gat um, leggur allshn. til einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 482).

---

28. Eftirlit með skipum.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31 júlí 1955, um eftirlit með skipum [130. mál] (stjfrv., A. 259).

Á 38. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til þess að samræma þessi lög ákvæðunum um flutning ákæruvaldsins frá dómsmrh. til saksóknara ríkisins. Það þykir eðlilegt, að saksóknaravald í þeim málum, sem hér er um að ræða, lúti hinum almennu reglum og heyri undir saksóknara. Eins er gerð eins konar leiðrétting á öðru ákvæði laganna til samræmis við hinar almennu reglur í lögunum um meðferð opinberra mála.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 270).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er til þess ætlazt, að ákvæði laga um eftirlit með skipum verði samræmd þeirri breytingu á ákæruvaldinu, sem ákveðin var með lögum á s. l. ári, og tekur þetta til höfðunar refsimála fyrir sigligadómi, þannig að saksóknari ríkisins ákveður málshöfðun í stað dómsmrh. Að öðru leyti eru ákvæði til samræmingar við lög um meðferð opinberra mála.

Allshn. hefur athugað þetta frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 270, leggur n. til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm. var fjarstaddur afgreiðslu n., það var hv. 9. þm. Reykv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem er fyrst á dagskránni, og næstu tvö frumvörp, eru öll um sama efni, þ. e. a. s. eins konar leiðréttingar í þá átt að láta saksóknara ríkisins fá vald, sem enn er í höndum dómsmrn. eða dómsmrh., en betur þykir fara á, að saksóknari, úr því að embætti hans hefur verið stofnað, fari með, en það haldist ekki hjá ráðherranum. Auk þess eru í þessu frv., sem nú er til umr., og í frv. um breytingu á hegningarlögunum sjálfsagðar leiðréttingar á öðrum atriðum laganna, en þess eðlis, að ekki er ástæða til þess að fjölyrða um þær. Þessi þrjú mál hafa öll fengið afgreiðslu hv. Ed., voru þar samþykkt í einu hljóði, og vonast ég til þess, að svo fari einnig hér. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala um hvert frv. fyrir sig, heldur læt þessa framsögu nægja með þeim öllum og leyfi mér að leggja til, að að umr. lokinni verði þeim vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 484).

Frsm (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta, sem varðar breytingu á lögum nr. 50/1955, um eftirlit með skipum, er flutt í því skyni að færa ákvæði þeirra laga til samræmis við þær breytingar, sem gerðar hafa verið nýverið á ákæruvaldinu. Samkvæmt því er saksóknara ríkisins fengið vald það, sem verið hefur og er enn í höndum dómsmrh. Auk þessa eru ákvæði í frv., sem einungis eru til samræmingar lögum um meðferð opinberra mála. Þótti allshn. rétt að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það hefur verið flutt hér á þingi af hálfu dómsmrh. Við afgreiðslu málsins í allshn. voru 2 nm. fjarstaddir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 23 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

29. Prentréttur.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 10 apríl 1956, um prentrétt [131. mál] (stjfrv., A. 260).

Á 38. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að ákæruvald í þeim málum, sem þar um ræðir, sé flutt frá dómsmrh. til saksóknara ríkisins, og er það í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á síðasta Alþingi. Er nánast um leiðréttingu að ræða.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 271).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. til laga um breyt. á l. nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt, fjallar einungis um það, að í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 26. gr. laganna komi: saksóknari ríkisins. — Upphaf 26. gr. fjallar um það, að dómsmrh. geti fengið lagt lögbann við sölu eða dreifingu hérlendis á riti, sem prentað er erlendis, ef talið er, að efni þess varði við lög. Með frv. er lagt til, að þetta vald verði lagt í hendur saksóknara ríkisins, og er það í samræmi við önnur ákvæði um ákæruvaldið, sem lögákveðin hafa verið nú undanfarið.
Allshn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en einn nm., hv. 9. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar nefndin fjallaði um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 485).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Það er líku að gegna um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hið fyrra, sem ég ræddi. Hér er einvörðungu um samræmisbreytingu að ræða, þannig að ákæruvald í þeim málum, sem getur um í lögum um prentrétt, nr. 57/1956, er fært úr hendi dómsmrh. og í hendur saksóknara ríkisins. Þykir allshn. rétt að mæla með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Við afgreiðslu voru 2 nm. fjarstaddir. Þykir mér ekki ástæða til að ræða málið frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

30. Birting laga og stjórnvaldaerinda.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda [133. mál] (stjfrv., A. 262).

Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt af hálfu dómsmrn., en samkvæmt beiðni utanrrn. Stendur svo á, að utanrrn. er að undirbúa útgáfu samninga Íslands við önnur ríki. Er ráðgert, að það safn nái fram til ársloka 1961, og þykir heppilegra, að eftir þann tíma verði slíkir millirríkjasamningar gefnir út í sérstakri deild Stjórnartíðinda, í stað þess að nú þarf að leita að þeim innan um annað efni A-deildar. Er um að ræða hreint fyrirkomulagsatriði, sem sýnist vera til hagræðis og því rétt að samþykkja frv. Leyfi ég mér að leggja til, að það verði afgreitt til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 299).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 299 ber með sér, mælir allshn. einróma með samþykkt þessa frv. Regluleg birting millirríkjasamninga í Stjórnartíðindum er óefað til mikilla bóta og mikils hagræðis fyrir alla þá, sem hafa með að gera utanríkismálefni í einni eða annarri mynd. Á hinn bóginn breyta auðvitað hinir fyrirhuguðu birtingarhættir engu um gildi millirríkjasamninga sem réttarheimildar hér á landi. Þrátt fyrir þá birtingarháttu verða millirríkjasamningar sem slíkir auðvitað ekki settir á bekk með landslögum að því er varðar skuldbindandi verkun fyrir þegnana og lægra sett stjórnarvöld, og er það einmitt undirstrikað með því, að þá á að birta í sérstakri deild Stjórnartíðinda.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta málefni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Þetta litla frv. fjallar um nokkra breytingu á útgáfu Stjórnartíðinda og er þess efnis, að hér eftir verði gefin út sérstök C-deild, þar sem birtir skulu samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Þessi till. kemur af því, að langt er komið útgáfu á gildandi samningum við önnur ríki, og ætlazt er til, að þeim verði safnað allt til síðustu áramóta, en eftir það þykir hentara, að þeirra sé hægt að leita í sérstakri deild Stjórnartíðindanna, þar sem þeim verði ekki blandað saman við annað efni. Frv. hefur þegar fengið afgreiðslu í hv. Ed. Leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. og með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 483).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um breyt. á lögum um birtingu laga og stjórnarvaldaerinda, nr. 64/1943. Samkv. þessu frv. er ætlunin, að frá árslokum 1961 verði þeir samningar, sem Ísland gerir við önnur ríki, gefnir út í sérstakri deild Stjórnartíðinda, C-deild, en fyrir eru A- og B-deildir, eins og kunnugt er. Þykir þetta geta orðið til hægri verka, þar sem áður hefur þurft að leita að slíkum samningum víðs vegar um A-deild Stjórnartíðinda. Hér er einvörðungu um að ræða framkvæmdar- eða formsatriði, sem tvímælalaust má telja að sé til bóta fyrir alla þá, sem fjalla um millirríkjasamninga og millirríkjaviðskipti Íslands við önnur ríki. Allshn. þykir rétt að mæla með samþykkt þessa frv. Við afgreiðslu voru 2 nm. fjarstaddir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

---

31. Almannatryggingar (stjfrv. um hækkun gjalda fyrir læknishjálp).

Á 48. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. l. nr. 28 30. apríl 1959, um breyt. á þeim lögum [146. mál] (stjfrv., A. 287).

Á 49. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Rétt fyrir áramótin síðustu, eða 30. des., var gert bráðabirgðasamkomulag milli læknasamtakanna í Reykjavík og Sjúkrasamlags Reykjavíkur um það, að samningar þeir, sem í gildi voru þeirra í milli, skyldu framlengdir um þriggja mánaða skeið til 1. apríl n. k. og tíminn þangað til notaður til þess að reyna að ganga frá endanlegum samningum. Þessi bráðabirgðasamningur, sem gerður var, felur ekki í sér neinar verulegar breytingar umfram það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En í því er gert ráð fyrir, að viðtalsgjöld og vitjunargjöld, sem læknar taka beint af sjúklingum, verði hækkuð, viðtalsgjaldið úr 5 kr. í 10 kr. og vitjunargjaldið úr 10 kr. í 25 kr. Þessi gjöld hafa verið óbreytt síðan 1955, að ég ætla, og eru tekin upp í almannatryggingalögin frá 1956, og þess vegna þarf að breyta þeim ákvæðum, ef þetta á að koma til framkvæmda, og það er það, sem þetta frv. fer fram á.

Ég skal geta þess, að það hefur verið flutt annað frv. af hálfu heilbrmrh. um breytingar á þessari sömu grein, sem eru miðaðar við nokkuð annað og eru þar að auki skilorðsbundnar, nokkuð tengdar við breytingar á læknaskipunarlögunum, sem einnig voru fluttar um sama leyti, og þótti þess vegna nauðsynlegt að flytja þetta frv., þó að hitt frv. væri fram komið, enda óvíst um framgang þess. Ég hafði heitið því, bæði stjórn Sjúkrasamlagsins og stjórn læknasamtakanna, að freista þess að greiða göngu málsins í gegnum þingið, ef mögulegt væri að flýta því, því að eftir því er beðið, og vildi ég því fara fram á það við hæstv. forseta, að þessu máli yrði flýtt eins og tök eru á.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 56., 57., 58., 60. og 61. fundi í Nd., 27. febr., 1., 2., 6. og 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 287, n. 317, frhn. 405).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar á þskj. 287, 146. mál, hefur verið til athugunar í heilbr.- og félmn. Frv. er einungis um hækkun á viðtals- og vitjunargjöldum lækna á stöðum, þar sem slík gjöld hafa verið greidd af sjúklingum, úr 5 kr. og 10 kr. í 10 kr. og 25 kr. fyrir hvert viðtal eða vitjun. Þann 23. febr. s. l. gaf nefndin út álit um frv. á þskj. 317 og mælti með samþykkt þess í breyttu formi, eins og þar greinir, en tveir nm., þeir Gísli Jónsson og Hannibal Valdimarsson, undirrituðu nál. með fyrirvara. Mál þetta hefur síðan verið á dagskrá hv. deildar nokkrum sinnum, en verið frestað að ósk heilbr.- og félmn. Ástæðan fyrir frestuninni er sú, að nefndin hefur jafnframt haft til athugunar tvö frumvörp önnur, sem tengd eru afgreiðslu þessa máls. Eru það frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955, 124. mál, þskj. 249, og frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 24/1956, sbr. lög nr. 28/1959, 125. mál, þskj. 250. Nú hefur meiri hl. n. ákveðið að mæla með samþykkt frv. um breytingu á læknaskipunarlögunum, og minni hl. mun að vísu ekki vera andvígur því, heldur telja, að það nái of skammt. Af þessu leiðir, að nefndin hefur öll orðið sammála um framhaldsnál. það, sem birt er á þskj. 405, og um brtt. þær við frv. á þskj. 287, sem eru í nál. Eru brtt. við það miðaðar, að tilgangi beggja frumvarpanna um breytingar á almannatryggingalögunum, á þskj. 287 og 250, verði náð, en bæði frumvörpin fjalla um breytingar á b-lið 52. gr. núgildandi laga. Nái tillögur nefndarinnar á þskj. 405 fram að ganga, hafa bæði frumvörpin þar með hlotið afgreiðslu.

Rétt er að geta þess, að fullt samráð hefur verið haft við landlækni, fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins og ráðuneytisstjóra félmrn. um tillögur nefndarinnar á þskj. 405, og að ósk Tryggingastofnunarinnar var tekin upp 2. brtt. á þskj., sem kveður á um skyldu héraðslæknis, sem situr í kauptúni eða kaupstað, til að taka að sér heimilislæknisstörf gegn föstu gjaldi, ef sjúkrasamlag krefst þess og Tryggingastofnun ríkisins samþykkir. Enn fremur er þar svo fyrir mælt, að takist samningar ekki, ákveði heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrár eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum. Lagt er til, að þetta ákvæði komi sem viðbót við 2. mgr. 54 gr. almannatryggingalaga, og er hér um að ræða eðlilegt framhald af breytingu á læknaskipunarlögunum samkv. frv. á þskj. 249, ef að lögum verður, en samkv. því frv. greiðast embættislaun héraðslækna eftirleiðis fyrir embættisstörf og gegningarskyldu, en fyrir lækningar ber að greiða þeim miðað við greiðslu til starfandi lækna, sem eru ekki sérfræðingar. Að þessu leyti verður þá einnig tillaga nr. 1 á þskj. 405 um hækkun viðtals- og vitjanagjaldanna viðtækari en tillagan í frv. á þskj. 287. Samkv. núgildandi lögum hafa þessi gjöld tíðkazt á fyrsta verðlagssvæði og í kaupstöðum og kauptúnum á öðru verðlagssvæði. Þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, getur sjúkrasamlagsstjórn ákveðið slík gjöld, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Felst í þessum ákvæðum talsverð takmörkun á útbreiðslu gjaldanna, ef svo mætti að orði kveða. Sú takmörkun er úr sögunni, ef tillaga nr. 1 á þskj. 405 nær fram að ganga.

Rétt er að geta þess, að samkv. fyrirhugaðri breytingu á b-lið 52. gr. laganna fellur niður ákvæði, sem nú stendur þar um vísitöluuppbætur á viðtals- og vitjanagjöld lækna, en þetta ákvæði var úr gildi numið með lögum um efnahagsmál frá 19. febr. 1960.

Einnig er lagt til, að lög nr. 28 frá 1959 verði felld úr gildi, það er 3. till. á þskj. 405, en þau

lög voru eingöngu um breyt. á b-lið 52. gr. almannatryggingalaganna.

Loks er lagt til, að fyrirsögn frv. breytist, sbr. till. nr. 4 á þskj. 405.

Hef ég þá gert nokkra grein fyrir samhenginu á milli frumvarpanna á þingskjölum 287, 250 og 249 og fyrir brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 405 og mun nú fara nokkrum orðum um efnisatriði frv. á þskj. 287, þ. e. a. s. um hækkun viðtals- og vitjanagjaldanna.

Tilgangur sjúkratrygginga er að sjálfsögðu sá, að enginn þjóðfélagsþegn þurfi að fara á mis við nauðsynlega læknishjálp af efnahagslegum ástæðum. Þessum tilgangi hefur verið náð hér á landi betur en víðast hvar annars staðar. Hins vegar hefur nokkuð bryddað á því hjá okkur, eins og í öðrum löndum, þar sem almannatryggingar eru fullkomnar, að ýmsir hafa tilhneigingu til að misnota þá ódýru læknisþjónustu, sem tryggingakerfið veitir, og er viðtals- og vitjanagjaldið tilkomið að ósk lækna til þess að reyna með því móti að sporna við misnotkun læknisþjónustunnar. Gjaldið var fyrst tekið upp á 1. verðlagssvæði, þegar lögum um almannatryggingar var breytt 1956, og með lögum nr. 28/1959 var það einnig látið ná til kaupstaða og kauptúna á 2. verðlagssvæði, þar sem praktiserandi læknar starfa auk héraðslækna. Þegar orðið var við óskum læknanna í þessu efni, var frá því skýrt í grg. með frv. því, er síðar varð að lögum, nr. 24/1956, um almannatryggingar, að læknar hafi talið misráðið að fella niður svonefnt fjórðungsgjald og að þeir hafi mælzt til greiðslu af hálfu sjúklinga. Segir enn fremur, að læknar í Reykjavík hafi kvartað almennt undan mikilli aðsókn, þannig að ekki gæfist nægur kostur á að sinna þeim sjúklingum, sem nauðsynlega þurfa á aðstoð lækna að halda, læknar væru oft ónáðaðir af litlu eða engu tilefni. Tilgangur gjaldsins. þótt lágt væri, væri sá að koma í veg fyrir tilefnislaus viðtöl og vitjanir og draga úr ástæðulausri aðsókn til læknanna. Talið var enn fremur, að gjaldinu væri svo í hóf stillt, að engan hindraði það í að vitja læknis, ef þörf væri til.

Þannig voru þau rök, sem leiddu til þess, að umrædd gjöld voru lögleidd, og virðist mér liggja í augum uppi, að þegar meta skuli, hvað séu nauðsynlegar vitjanabeiðnir og hverjar séu ónauðsynlegar, þá séu læknar dómbærustu aðilarnir. Við þetta má svo bæta því, að afleiðing misnotkunar á ódýrri læknisþjónustu getur auðveldlega orðið sú, að lyfjanotkun keyri úr hófi fram og komi jafnvel fátækum sjúkrasamlögum á vonarvöl fjárhagslega. Á hinn bóginn verður að hafa á því fulla gát, að gjöldin, sem sjúklingarnir greiða sjálfir, séu ekki ákveðin svo há, að almenningur dragi það við sig að vitja læknis, þegar raunveruleg veikindi eða slys ber að höndum. Með hliðsjón af þessu mun hafa verið talið réttara að hafa umrædd gjöld bundin í lögum, fremur en að láta ákveða þau í reglugerð.

Þótt viðtals- og vitjanagjöld séu til komin á þann hátt, sem ég nú hef lýst, hafa gagnaðilar læknanna í kjarasamningum samt sem áður metið þau til tekna hjá læknum og fengið þá til að gefa eftir á launakröfum að öðru leyti. Þetta kemur m. a. fram í grg. með frv. því, sem síðar varð að lögum nr. 28/1959. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar upp var tekið sérstakt gjald fyrir viðtöl og vitjanir með lögum um almannatryggingar frá 1956, var fastagjald til sjúkrasamlagslækna á 1. verðlagssvæði lækkað um 14%. Að sjálfsögðu mundu sjúkrasamlög á 2. verðlagssvæði verða aðnjótandi sams konar lækkunar á fastagjöldum, ef þau tækju upp þá greiðslutilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir."

Virðist af þessu auðsætt, að læknar hafi látið nokkuð á móti koma, þegar umrædd gjöld voru lögleidd.

Um það má deila, hvort sú hækkun gjaldanna, sem frv. gerir ráð fyrir, sé ekki óþarflega mikil. Ég hygg þó, að þegar miðað er við verðlag almennt og kaupgetu almennings, þá sé hér ekki um slíkar upphæðir að ræða, að nokkur maður þurfi þess vegna að láta undir höfuð leggjast að leita læknis, ef nauðsyn ber til. Lögbinding gjaldanna á líka að hindra það, að á þeim verði tíðar breytingar til hækkunar.

Frv. á þskj. 287 er flutt í sambandi við samninga, sem gerðir hafa verið milli ýmissa sjúkrasamlaga og læknasamtaka, eins og segir í athugasemdum. Meðan lagaheimild skortir til hækkunar viðtals- og vitjanagjaldanna, verða samlögin þess vegna að greiða hækkunina. Samkv. till. heilbr.- og félmn. á þskj. 405 er nú gert ráð fyrir, að gjöld þessi verði upp tekin um land allt, eins og ég hef áður vikið að, og þykir eðlilegt, að kjör lækna verði þannig samræmd, og jafnframt, að með þessu fyrirkomulagi á greiðslum til þeirra verði alls staðar reynt að sporna við ónauðsynlegum vitjanabeiðnum með sama hætti. Með hliðsjón af framansögðu legg ég til, að frv. á þskj. 287 verði samþ. með þeim breytingum, sem hv. þdm. hafa fyrir framan sig á þskj. 405. Þarf þá ekki að koma til frekari afgreiðslu á frv. á þskj. 250, það er 125. mál. Málinu verði vísað til 3. umr. og afgreiðslu þess hraðað úr þessu, vegna þeirra greiðslubyrði, sem annars fellur á þau sjúkrasamlög, sem samið hafa við læknana um umrædda gjaldahækkun.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Þegar nefndin hinn 23. febr. gaf út nál., ritaði ég og þáv. formaður n., hv. 1. þm. Vestf., undir það með fyrirvara, og vil ég nú með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara, því að hann er ekki afturkallaður með framhaldsnefndaráliti því, sem síðar hefur verið gefið út.

Þegar almannatryggingalögin hlutu gagngerða endurskoðun seinast, var tekið upp það nýmæli, að læknum skyldu greiddar 5 kr. fyrir viðtal og 10 kr. fyrir vitjun, og olli þessi breyting allmiklum átökum hér á Alþingi. Voru margir, sem létu það í ljós, að þeim væri næsta óljúft að taka upp sérgreiðslur í sambandi við viðtöl og vitjanir lækna, því að sá væri megingrundvöllur tryggginganna, að peningagreiðslur þyrftu ekki að koma til, þegar menn nytu fullrar tryggingar hjá almannatryggingunum. Það hafði og verið ein af röksemdum fyrir ávinningi við tryggingarnar, að hinir peningalausu, hinir fátækustu þyrftu ekki að spyrja

um það, hvort þeir hefðu aura í buddunni eða ekki. Undireins og þeir eða einhverjir af þeirra nánustu væru veikir, væri hægt að ganga til læknis og fá læknisaðstoð strax á byrjunarstigi sjúkdóms, en það hefði úrslitaþýðingu um alla heilsugæzlu, að allir gætu vitjað læknis á byrjunarstigi sjúkdóms, þyrftu ekki að draga það af efnahagsástæðum.

Með tiliti til þessara raka og annarra svipaðra voru menn andvígir því að taka upp þessar greiðslur árið 1956, þegar almannatryggingalögin voru endurskoðuð. Meðal þeirra, sem á móti þessu voru, var ég, og ég hygg, að hv. 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, hafi einnig verið alleindregið á móti þeirri breytingu. Það kom og í ljós nú, þegar við ræddum þennan samning, sem ríkisstj. hafði gert við læknana, að þetta vakti andstöðu, því að nú átti að útfæra þetta á þann veg að tvöfalda viðtalsgjaldið og í staðinn fyrir 10 kr. gjald fyrir sjúkravitjun kæmi 25 kr. gjald hverju sinni. Vorum við hv. formaður nefndarinnar andvígir þessu.

En það var upplýst, að hæstv. ríkisstj. væri búin að leysa læknadeiluna, sem hér hefur staðið lengi yfir, svo sem kunnugt er, með því að semja við þá á þennan hátt, og væri þetta þannig orðið bundið. Til Alþingis væri leitað með það fyrir augum að fá þennan samning ríkisstj. lögfestan. Nú verður því ekki á móti mælt, að slíkt er mjög óviðkunnanlegt í fyllsta máta, að Alþingi eigi að lögfesta samninga, sem ríkisstj. gerir úti í bæ, og er nokkurt óbragð að því og líka lítt boðlegt Alþingi að mínum smekk. Um það lét formaður n. einnig í ljós, að hann væri á móti slíkum vinnubrögðum, en hann situr ekki á þingi nú og getur því ekki gert grein fyrir skoðunum sínum snertandi þetta mál. En ég lét einnig í ljós þá skoðun í nefndinni, að ég hefði kunnað betur við það, að sú lausn, sem þarna varð með samningum á læknamálinu, hefði verið gerð á þann hátt, að byrðin af þeim dreifðist á þá aðila, sem bera uppi almannatryggingarnar, þ. e. a. s. hið opinbera og atvinnurekendur, sem sagt þá aðila, sem bera uppi útgjöldin af almannatryggingunum, og þessi aukagreiðsla til læknanna hefði dreifzt á þá aðila. En með þessu fyrirkomulagi kemur sá tekjuauki, sem læknunum er tryggður með samkomulaginu, eingöngu niður á þeim sjúku, og það er ekki geðfellt. Talið er, að heimili, sem t. d. þyrfti mjög á lækni að halda, — við skulum segja, að það væru börn á heimilinu, stór barnahópur, eða gamalmenni eða heilsutæpt fólk, þannig að oft þyrfti að vitja læknis, þá er ekki nokkur vafi á því, að þessi hækkun gjaldanna getur í mörgum tilfellum orðið þyngri byrði á hinum sjúku en sjúkrasamlagsgjöldin eru, og getur þannig falizt í þessu frv., að það sé verið í vissum tilfellum að tvöfalda gjöldin eða jafnvel leggja þyngri byrði á þá sjúku. En þetta er gert til þess að bæta tekjur læknanna. Og það er ekki nokkur vafi á því, að þeir virðast meta þetta sem tekjur til sín, sem allmikla úrlausn á þeirra deilumáli við tryggingarnar og ríkisvaldið, og má því reikna með að í fjölmennustu læknishéruðunum og í Reykjavík sérstaklega gefi þetta læknunum allverulegan tekjuauka, en það þýðir þá að sama skapi byrði á þá, sem læknis þurfa að vitja, sem sé hina sjúku.

Þetta var það, sem ég vildi láta í ljós með þeim fyrirvara, sem ég hafði á um fylgi mitt við þetta frv. Mér finnst ógeðfellt að staðfesta samninga á Alþingi, sem gerðir hafa verið af stjórnarvöldum, áður en Alþingi kom saman. Hefði verið eðlilegast, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið á sig ábyrgð af þeim samningum með útgáfu brbl., en óviðfelldið, að Alþingi fái slíkt valdboð um, að það skuli eiginlega staðfesta samninga, sem gerðir hafa verið. Í annan stað þetta, að með þessu formi fellur sú byrði, sem þarna er stofnað til, á hina sjúku, og hefði mér verið geðfelldara, að það hefði verið í því formi, að byrðin hefði dreifzt á þá aðila, sem bera uppi útgjöld trygginganna. Og ég vil a. m. k. áskilja mér rétt til þess, ef síðar yrði haldið áfram lengra á þeirri braut að hækka þessi gjöld, að þá hafi ég nú þegar lýst því yfir, að ég er andvígur því, að lengra sé haldið á þessari braut, og harma það, að Alþingi skuli hafa verið bundið af samningum um þessa deilu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 317 teknar aftur.

— 405 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

— 405,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

— 405,3 samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 405,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, skýrði forseti frá að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. sjálfsagt muna, voru rétt fyrir 1. okt. s. l. gefin út brbl., sem framlengdu samning milli Sjúkrasamlags Reykjavíkur og læknasamtakanna, til þess að tóm gæfist til þess að freista þess að ná samkomulagi um málið. Rétt fyrir áramótin síðustu náðist svo bráðabirgðasamkomulag, sem á að gilda til 1. apríl n. k., og gert er ráð fyrir, að tíminn þangað til verði notaður til þess að freista þess að ná endunum endanlega saman.

Einn þátturinn í þessu samkomulagi á milli læknasamtakanna og Sjúkrasamlagsins var sá,

að viðtalsgjöld og vitjanagjöld lækna hækkuðu, hin fyrri úr 5 kr. í 10 kr. og hin síðari úr 10 kr. í 25 kr., en þessi gjöld eru ákveðin í almannatryggingalögunum 5 og 10 kr. nú. Til þess að þetta samkomulag á milli læknasamtakanna og Sjúkrasamlagsins kæmist þess vegna í framkvæmd, þurfti að breyta almannatryggingalögunum á þennan hátt, að gjaldið væri hækkað úr 5 í 10 kr. og úr 10 kr. í 25 kr. Þetta frv. fer í rauninni ekki fram á annað en að þessu verði breytt. Það er að vísu í 2. gr. frv. breyt. á 54. gr. almannatryggingalaganna, sem tekur til héraðslækna, sem sitja í kauptúni eða kaupstað. Þá getur sjúkrasamlagið á staðnum með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum þar gegn föstu gjaldi. Takist samningar þar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum. Þessi breyt. er komin frá heilbrmrn., þó að það sé breyt. á sömu l. Félmrn. á aftur á móti fyrst og fremst hlut að því, að 1. gr. er borin fram.

Ég vænti, að hv. þdm. geti fallizt á að afgreiða þetta frv. eins fljótt og mögulegt er, vegna þess að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur til bráðabirgða tekið að sér þessa greiðslu, á meðan ekki er heimilt að leggja hærra gjald á almenning en lögin segja, og það er Sjúkrasamlaginu ofviða að greiða þetta gjald, þ. e. a. s. það er greitt í nokkuð öðru formi en hér er gert ráð fyrir, en á þó að jafngilda því, og þess vegna þarf, ef Sjúkrasamlagið á ekki að þurfa að hækka sín iðgjöld þess vegna og gera ráðstafanir, sem annars væri hægt að komast hjá, að reyna að flýta afgreiðslu þessa frv., sem nú hefur verið afgr. í hv. Nd., og ég vildi vona, að það tækist að koma því fram fyrir mánaðamótin, því að við það eru greiðslur Sjúkrasamlagsins miðaðar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil ekki verða á neinn hátt til þess að tefja framgang þessa máls hér í hv. d. Eins og hæstv. félmrh. tók fram, þarf að hraða afgreiðslu málsins, með því að mjög er áliðið mánaðarins. En mig langaði til, úr því að hæstv. félmrh. er nú staddur hér í d., að beina því til hans, hvort ekki kæmi til mála að hafa ákvæði í l. um þetta efni án þess að tiltaka upphæð, þannig að það yrði sett á vald ráðh. að fengnum till. tryggingaráðs t. d. Ég vil í því sambandi benda á, að eins og öllum er kunnugt, gekk illa um samninga milli Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Læknafélags Reykjavíkur um síðustu áramót. En þótt allt hefði verið í bezta lagi hjá báðum aðilum um samkomulag, hefði ekki verið hægt að semja í lok desembermánaðar, vegna þess að þessar tölur, 5 og 10 kr., voru lögbundnar. Ég vil enn fremur benda á, að nú standa fyrir dyrum tilraunir til að semja fyrir 1. apríl milli Læknafélagsins og Sjúkrasamlagsins. Við vitum ekki enn, hvernig það tekst til, og við vitum ekki, hvaða erfiðleikar eða agnúar kunna að koma þar upp, en hugsanlegur er sá agnúi, að betra væri að hafa ekki tiltekinn krónufjölda. Það er hugsanlegt, að samningar færðust þannig til, að það yrði auðveldara um samkomulag að geta hnikað hér aðeins til aftur. Ég nefni þetta, hef ekkert fyrir mér í þessu og veit ekki til, að það verði svo, en þetta er hugsanlegur möguleiki í hvert skipti sem samið er. Ég teldi mjög tryggilega og vel frá því gengið, þó að krónufjöldinn yrði ekki lögbundinn, með því að það yrði lagt á vald ráðh. og tryggingaráðs. Mig langaði aðeins til þess að orða þetta hér við þessa 1. umr. í viðurvist hæstv. félmrh., meðfram af því, að þær óskir eru meðal margra lækna, að upphæðin verði ekki lögbundin.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þessum orðum, sem hv. 9. þm. Reykv. lét hér falla, skal ég aðeins segja það, að ég vil ganga út frá því, að um þetta atriði hafi tekizt samningar á milli læknasamtakanna í Reykjavík og Sjúkrasamlagsins, því að þessar tölur voru frá þeim til ráðuneytisins komnar, svo að ég vildi vænta þess, að það mál yrði nú ekki tekið upp að nýju, þannig að það sé ástæða til að ætla, að málið strandi á því, að það sé ekki hægt að breyta þessum gjöldum fyrir viðtöl og heimsóknir.

Ég skal líka segja, að þessi hækkun á gjaldinu hefur ekki verið vel séð hjá ýmsum. Þannig varð ég var við það hjá nokkrum þm. í hv. Nd., að þeir töldu það miður, að þetta gjald, sem einstakir meðlimir sjúkrasamlaganna þyrftu sjálfir að greiða, yrði hækkað eins og þarna er gert ráð fyrir. Það væri ekki gott, að tryggingarnar væru að þessu leyti til numdar úr gildi, þannig að sjúklingarnir yrðu auk síns sjúkrasamlagsgjalds að greiða þessi viðtals- og vitjanagjöld.

Ég er þess vegna alls ekki viss um, að það mundi þykja gott að hafa þetta opið. Við höfum rætt þetta í ráðuneytinu, og það var einróma álit þeirra, sem um það fjölluðu þar, að það væri betra að hafa það eins og það er, með ákveðnum tölum, heldur en að hafa það opið og hafa það á valdi ráðuneytisins eða tryggingaráðs eða einhvers annars aðila, sem þyrfti ekki að leita löggjafans um breytingu á því.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að það fari bezt á því að halda tölunum inni í lögunum, eins og gert er ráð fyrir í frv. og eins og það hefur verið. Ef nauðsyn ber til að breyta þeim skyndilega, er það væntanlega hægt, ef samþykki Alþingis þá fæst fyrir því á sínum tíma. Ég fyrir mitt leyti tel þess vegna óheppilegt að nema þessar ákveðnu tölur í burtu og hafa gjaldið opið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 512).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Ég vil þó geta þess,

að ég tel, að ástæða væri til að athuga þá heimild, sem felst í 1. gr., til þess að sjúkrasamlag geti ákveðið að láta sjúklinga greiða læknishjálp að fullu, en endurgreiða sjúklingum síðan sinn hluta. Þetta er mjög óþægilegt í framkvæmd, bæði fyrir sjúklinga og lækna, og vil ég vænta þess, að þetta verði tekið til athugunar af þeirri nefnd, sem er að endurskoða lögin um almannatryggingar og væntanlega lýkur störfum fyrir næsta þing. Sömuleiðis vildi ég vænta þess, að 2. gr. frv. yrði athuguð af þeirri sömu nefnd. Með tilvísun til þessara orða vil ég leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 553).

---

32. Félagslegt öryggi.

Á 3. fundi Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyt. á samningi milli sömu ríkja frá 15. sept. 1955, um félagslegt öryggi [34. mál] (stjfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Árið 1955 gerðu Norðurlöndin öll, Ísland, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, með sér samning um félagslegt öryggi. Aðalatriðið í þeim samningi eða sú meginregla, sem þar var staðfest, var, að ríkisborgarar hvers samningsríkis fengju rétt til að njóta sams konar aðstöðu til almannatrygginga í dvalarlandi sínu, hvar sem það væri, eins og heimamenn þess lands. Ásamt með bótagreiðslum almannatrygginganna njóta þeir fyrirgreiðslu í sambandi við framfærslu, greiðslu meðlaga af hálfu hins opinbera og nokkur atriði önnur.

Það kom í ljós, eftir að þessi samningur hafði verið í gildi nokkurn tíma, að það gátu komið fyrir tilvik, þar sem borgarar, sem fluttust á milli landa, náðu samt sem áður ekki fyllilega þeirri sömu aðstöðu og borgarar dvalarlandsins. Það var þegar skilyrði voru um dvalartíma manna í landinu, áður en þeir ættu rétt til þessara bóta. Í þessum löndum er nefnilega þannig ákveðið, að til þess að njóta ellilífeyris þarf lífeyrisþeginn að hafa dvalizt í landinu samfleytt a. m. k. fimm síðustu árin, áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram. Þegar þess vegna maður flyzt á milli landa, sem annaðhvort er að ná þeim aldri, þegar hann á rétt til lífeyris, eða hann er búinn að ná honum í heimalandi sínu, sem hann flytur frá, þá verður að líða fimm ára tími, til þess að hann öðlist réttindin í því landi, sem hann flyzt til, og þar sem bótagreiðslur heimalandsins falla niður, um leið og hann flytur í burtu, verður þarna millibilsástand, sem hann fær engan lífeyri greiddan. Þetta mál hefur verið tekið upp af félagsmálanefnd Norðurlandaráðs og hún komið sér saman um að gera tillögur til breytinga á samningnum að því er þetta varðar.

Meginhugsunin í þessum brtt., sem hér er leitað staðfestingar á, er sú, að menn haldi áfram að njóta bótagreiðslnanna í heimalandinu, þó að þeir flytjist burt, þangað til þeir öðlast réttindin í því landi, sem þeir dveljast í, og ætti þess vegna ekki að þurfa að verða neitt tímabil, þar sem þessar greiðslur falla alveg niður frá báðum aðilum, bæði heimalandi og dvalarlandi. Um þetta hefur svo verið gerður samningur, sem við undirskrifuðum allir, félagsmálaráðherrar Norðurlanda, á fundi, sem við héldum um þetta mál og önnur í Finnlandi nú fyrir rúmum mánuði, eða 13. sept. s. l. Efni málsins er ákaflega einfalt og raunverulega ekki annað en það, sem ég hef nú skýrt frá, og tel ég mig þess vegna ekki þurfa að fara fleiri orðum um frv. Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 158).

Frsm. (Hjörtur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli sömu ríkja frá 15. sept. 1955, um félagslegt öryggi. Heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar. Á fundi voru að vísu aðeins þrír nm., þeir Guðlaugur Gíslason og Hannibal Valdimarsson voru fjarverandi, en það var sammála álit þeirra að leggja til, að þetta frv. yrði staðfest. Þetta er aðeins leiðrétting á nokkru misræmi, sem hefur verið í ákvæðum þessa samnings, og nefndin taldi þetta sanngirnis- og réttlætismál. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um nokkur undanfarin ár hefur verið í gildi milli Norðurlandanna samningur um félagslegt öryggi, sem gengur í þá átt, að íbúar Norðurlanda, hvar sem þeir eru staddir innan þessara landa, skuli hafa jafnan rétt til ýmissa félagslegra bótagreiðslna, og verður þá réttur hvers aðila jafnmikill og heimamannsins. Þó er sá hængur á þessu eða hefur verið að undanförnu, að til þess að öðlast rétt í dvalarlandinu þarf aðkomumaðurinn að hafa dvalizt vissan tíma í landinu, til þess að öðlast þessar bætur að fullu, venjulega 5 ár. En þar sem réttur mannsins til bóta í heimalandinu fellur niður, um leið og hann flyzt í burtu, verður þarna millibilsástand, sem getur orðið til þess, að maðurinn njóti engra bóta á þessu tímabili, frá því að hann flytur burt úr sínu heimalandi og þangað til hann öðlast fullan rétt í dvalarlandinu. Til þess að bæta úr þessu var í haust gerður viðbótarsamningur við þennan samning frá 1955, sem hér er lagt til að verði staðfestur. Aðalinnihald þessa viðbótarsamnings er það, að þeir, sem flytjast frá sínu heimalandi, skuli, þangað til þeir öðlist réttinn í dvalarlandinu, fá sína bótagreiðslu frá heimalandinu, þannig t. d., að ef Íslendingur flyzt til Danmerkur og öðlast ekki rétt þar fyrr en að 5 árum liðnum, þá verði honum greiddar bætur af tryggingunum hér, þangað til hann öðlast sínar bætur í dvalarlandinu. Þessi samningur var undirskrifaður í Finnlandi af öllum 5 félagsmálaráðherrum Norðurlanda nú í septembermánuði s. l., og er með þessu frv. lagt til, að hinu háa Alþingi mætti þóknast að staðfesta þennan viðbótarsamning.
Þetta frv. hefur verið samþykkt í Nd., að ég ætla ágreiningslaust, og er það komið hingað til þessarar hv. deildar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 37, n. 513).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Norðurlöndin gerðu með sér samning um félagslegt öryggi, sem gekk í gildi 1. nóv. 1956. Tilgangur samningsins var, að Norðurlandabúar nytu sín á milli sama réttar um almannatryggingar og þegnar þess ríkis, sem þeir dvöldust hjá. Samningurinn hefur gefizt mjög vel og verið til almennra þæginda fyrir þá, sem þurft hafa að dveljast annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Það hefur þó komið í ljós, að nokkrir erfiðleikar hafa verið á framkvæmd þessara mála, einkum um lífeyrisgreiðslur. Reglurnar hafa þar verið þannig, að lífeyrisþegi hefur ekki fengið lífeyrisrétt í dvalarlandinu fyrr en eftir alllangan biðtíma, en hefur misst réttinn í heimalandi sínu, um leið og hann fór af landi brott. Þetta er ósanngjarnt og kemur sér mjög illa fyrir þá, sem sízt mega við því. Til þess að bæta úr þessu hefur orðið samkomulag um þá breytingu á samningnum, sem hér er lagt til að heimila ríkisstj. að staðfesta. Nefndin mælir einróma með að heimila ríkisstj. samþykkt samningsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 568).

---

33. Húsnæðismálastofnun o. fl. (stjfrv.).

Á 52. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. [156. mál] (stjfrv., A. 315).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um hér áðan í framsöguræðu minni fyrir frv. til laga um verkamannabústaði, var sett á laggirnar fimm manna nefnd haustið 1960 til þess að athuga lögin um húsnæðismálastjórn og gera tillögur til breytinga á þeim. Hún skilaði fullbúnu nú nýlega frv. um verkamannabústaðina, sem tekið hefur verið hér til umr. í hv. deild, og tillögum um bráðabirgðabreytingu á húsnæðismálastofnunarlögunum, sem felast í þessu frv. á þskj. 315, sem hefur verið lagt hér fram. Þessar breytingar á lögunum um húsnæðismálastjórn ber á engan hátt að skoða sem endanlegar tillögur um málið, heldur einungis bráðabirgðatillögur um þau atriði, sem brýnust þörf virðist á að breyta, og verður þá væntanlega síðar hægt að taka fyrir heildartillögur um breytingar á húsnæðismálastofnunarlögunum, þegar nefndinni þykir það tímabært. Þær breytingar, sem lagt er hér til að gerðar

verði á húsnæðismálastofnunarlögunum, eru þessar helztar:

Í fyrsta lagi er lagt til, að hámark lána úr sjóðum húsnæðismálastofnunarinnar sé hækkað úr 100 þús. kr. lánum á hverja íbúð upp í 150 þús. kr., og í sambandi við það er gert ráð fyrir, að Landsbanki Íslands fái heimild til þess að hækka útgáfu vaxtabréfa sinna úr 100 millj. kr. á ári í næstu 10 ár upp í 150 millj. á ári. Þetta er nauðsynlegt vegna hinnar miklu verðhækkunar, sem orðið hefur, og þeirrar brýnu þarfar, sem lántakendur og húsbyggjendur hafa til þess að fá lánaupphæðina hækkaða. Það ber þó að taka þarna fram, að því aðeins koma þessar hækkanir að gagni, að lán fáist til þess að auka starfsemina sem svarar þessum hækkunum, og að því verður stefnt að reyna að fá aukið fjármagn til handa húsnæðismálastjórn, svo að þessi ákvæði frv. verði að gagni.

Í sambandi við þetta er svo rétt að geta þess, að framlagið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða hefur verið ákveðið á fjárlögum hverju sinni, en hér er lagt til, að lögð verði fram til útrýmingar heilsuspillandi íbúða jafnhá upphæð og sveitarsjóðirnir á hverjum tíma treysta sér til að leggja fram.

Loks er sú breyting gerð að fjölga um einn mann í húsnæðismálastjórn og kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna lengt úr þremur árum í fjögur ár, sem er talið hvort tveggja heppilegra en það fyrirkomulag, sem nú gildir um þetta efni.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Sú breyting, sem efst er á blaði í þessu frv., er að gera breytingu á stjórn húsnæðismálastofnunarinnar, fjölga þar um einn mann og breyta kjörtíma stjórnarinnar. Ég býst varla við, að þessar breytingar séu sérstaklega aðkallandi, eða mér er nú ekki kunnugt um það. Ég hefði satt að segja haldið, að í þessum málum væru aðrar ráðstafanir meir aðkallandi en þær að gera breytingar á stjórnarfyrirkomulagi húsnæðismálastofnunarinnar. Ég hefði haldið, að það væri brýnni þörf á því að gera skilvirkar ráðstafanir til þess að útvega húsnæðismálastofnuninni starfsfé og ákveða, að lána mætti út á hverja íbúð miklum mun hærri upphæð en nú er gert. Það er gleðilegt, að hæstv. ríkisstj. og þeirri nefnd, sem um þetta mál hefur fjallað, hefur verið þetta ljóst að nokkru leyti, vegna þess að í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að hámark láns á íbúð megi hækka úr 100 þús. upp í 150 þús., og enn fremur aukið nokkuð við þá heimild, sem veðdeild bankans hefur til þess að gefa út bankavaxtabréf og afla þannig lánsfjár. En þetta er að mínum dómi hvergi nærri fullnægjandi. Ég hygg, að það sé óvefengjanleg staðreynd, að á tímabilinu frá 1958 og til dagsins í dag hafi byggingarkostnaður á meðalíbúð hækkað um meira en 100 þús. kr., m. ö. o.: byggingarkostnaður á meðalíbúð hefur á þessum árum hækkað um meira en nemur allri lánsfjárhæðinni, sem lána má nú úr sjóðnum til bygginga. Þetta er sú sorglega og alvarlega staðreynd, sem blasir við, og það er sú staðreynd, sem fyrst og fremst verður auðvitað að horfast í augu við. Og af henni leiðir það, að ef lánin nú ættu að veita hliðstæða aðstoð við byggingu meðalíbúðar og var fyrir 1958, þá þyrftu lánin ekki að hækka um 50 þús., eins og hér er gert ráð fyrir sem hámarki í þessu frv., heldur þyrftu þau a. m. k. að hækka um 100 þús. og þó heldur meira en 100 þús. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að horfast í augu við þessa staðreynd.

Ráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem hún hefur kallað viðreisn, hafa víða komið við og valdið mörgum tjóni. En ég hygg, að einhver allra stærsti og alvarlegasti ágallinn á viðreisnarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sé sá, að með þeim hefur hún aukið aðstöðumun manna mjög mikið. Það má sjálfsagt segja, að ýmsar þær ráðstafanir séu bærilegar fyrir þá, sem voru búnir að koma fótum undir sig, sem voru t. d. búnir að byggja íbúðir sínar. En þær hafa bitnað alveg sérstaklega á þeim, sem voru ekki þannig búnir að koma sér fyrir, og þær hafa bitnað alveg sérstaklega á unga fólkinu. Það er áreiðanlega ekki of mikið sagt, að þær hafi lagzt eins og lamandi farg á lífsvonir margs ungs fólks, af því að þær hafa girt fyrir möguleika þess til þess að stofnsetja heimili og eignast eigin íbúð, og þær hafa girt fyrir möguleika þess til þess að setja á stofn bú í sveit. Þetta eru svo augljós sannindi og blasa hvarvetna við, að þeim verður ekki andæft með rökum. Það mætti tína fram óteljandi dæmi þessu til sönnunar. En það ætti a. m. k. að vera stefnan hér á landi, að sem flestir einstaklingar gætu eignazt sínar eigin íbúðir og búið í þeim. Og það má segja, að það hafi verið stefnan hér á landi að undanförnu og áður en þær ráðstafanir voru gerðar af hæstv. núv. ríkisstj., sem hafa torveldað ungu fólki að eignast íbúðir. Þess vegna er það líka svo, að það mun vera staðreynd, að hér á landi er meiri fjöldi einstaklinga, sem býr í eigin húsnæði, heldur en víðast hvar annars staðar.

Það hafa mörg merkileg spor verið stigin hér á landi í löggjöf til þess að létta undir með mönnum um það að eignast sínar eigin íbúðir. Ég skal ekki fara að rekja þá sögu hér, en það má þó aðeins minna á löggjöfina um verkamannabústaði, sem var einmitt rætt um hér áðan, og það má minna á hliðstæða löggjöf að sumu leyti að því er sveitirnar varðar, sem sett var upphaflega, að ég ætla, um svipað leyti, en hefur að sjálfsögðu tekið ýmsum breytingum síðan. Og það má síðast, en ekki sízt, minna á löggjöfina um húsnæðismálastjórn og byggingarsjóð ríkisins. Með þeirri löggjöf, eins og frá henni var gengið í tíð vinstri stjórnarinnar svokölluðu, var vissulega stigið merkilegt skref til þess að gera sem flestum kleift að eignast eigin íbúðir. Hins vegar hefur það farið svo, eins og ég lauslega drap á áðan, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, gengisbreytingar og þar af leiðandi stórkostlegar verðlagshækkanir, hafa valdið þeirri hækkun á byggingarkostnaði, að það má nú heita orðið lítt kleift fyrir efnalítil hjón að ráðast í það stórfyrirtæki að eignast þak yfir höfuðið, og breyt-

ingin hefur orðið svo stórkostleg, eins og ég gat um áðan, að á þessum árum, sem liðin eru frá 1958, hefur byggingarkostnaðurinn hækkað um meira en nemur allri þeirri hámarkslánsfjárupphæð, sem gert var ráð fyrir að veitt yrði út á íbúð.

Það er auðsætt, að þegar svo er komið, þá kemur sú lánsupphæð ekki að þeim notum, sem í upphafi var ætlazt til, og gerir ekki það gagn, sem hún þá gerði. Á þessu þarf að ráða bót, og ég fagna því vissulega, að þetta frv. ber þess þó vott, að þetta er aðstandendum þess ljóst. Þeir viðurkenna nauðsynina á því, að það þurfi að hækka lánin, þó að þeir vilji ekki ganga lengra í því efni en að hámarkslánin verði 150 þús. kr. á íbúð. En eftir því sem mér telst til, nægir sú hækkun ekki einu sinni til þess að vega upp á móti helmingi þess byggingarkostnaðar, sem hefur orðið í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og þeirrar, sem á undan henni fór. Hér er um stórkostlegt vandamál að ræða. Unga fólkið í þessu landi hlýtur að bera fram kröfur um það, að hér sé bót á ráðin, og ég fæ ekki skilið, að það verði hægt að daufheyrast við þeim óskum. Eða hvert stefnir það, ef ekki verður hér gripið í taumana og bót á ráðin? Ég hygg, að það verði ekki vefengt, að það séu þegar farnar að koma í ljós afleiðingarnar af þessu ástandi. Ég hygg, að þær birtist í því, að það séu nú miklum mun færri einstaklingar, sem leggja út í íbúðabyggingar, heldur en var t. d. á árunum fyrir 1958. Og hver verður afleiðingin af því, að byggingar dragast þannig stórkostlega saman, — byggingar einstaklinga? Afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að það skapast húsnæðisvandræði. Afleiðingin af þeim húsnæðisvandræðum verður sú, að húsaleiga hlýtur óhjákvæmilega að hækka, — og hvað þá? Jú, þá er komið olnbogarými fyrir athafnamennina, þá geta þeir, sem hafa ráð á fé eða betri aðgang að lánsfé almennt en allur fjöldi einstaklinga, farið að byggja íbúðir og leigja. Þá verður svo komið, að það þykir arðbært fyrirtæki að leggja í húsabyggingar til þess að leigja út íbúðir. En er þetta æskilegt frá sjónarmiði þjóðfélagsins? Ég held ekki. Ég held, að slíkt ástand væri mikil afturför frá því, sem hér hefur ríkt í þessum efnum, og þeirri stefnu, sem hér hefur lengst af verið ráðandi í þessum efnum, og ég á a. m. k. bágt með að skilja, að slíkt samrýmist stefnu Alþfl., hvað sem segja má um stefnu Sjálfstfl.

Ég held þess vegna, að það sé ekki um annað að ræða en að horfast í augu við þessar staðreyndir og hækka stórkostlega lán til einstakra íbúðareigenda eða byggjenda, ef þetta ástand, sem ég var að lýsa, á ekki hér að skapast. Það hlýtur að vera krafa unga fólksins, og ég fæ ekki betur séð en það væri að nokkru leyti í samræmi við það undanhald, sem gætt hefur hjá hæstv. ríkisstj. á öðrum sviðum, því að það hefur nú farið svo á fleiri sviðum en þessu, að viðreisnarráðstafanirnar hafa komið þannig við atvinnuvegi og almenning, að hæstv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað orðið að slá undan og setja eins konar kreppulöggjöf. Ég minni aðeins á löggjöfina um stofnlánadeild sjávarútvegsins og þau miklu lán, sem útgerðinni þurfti að veita skömmu eftir viðreisnarráðstafanirnar. Ég minni enn fremur á það mál, sem rætt verður hér næst á eftir, löggjöfina um lausaskuldir bænda. Þar reyndist líka óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að vega upp á móti viðreisnaráhrifunum að nokkru leyti. Og ég minni að lokum á það, að óleyst eru enn vandamál togaraútgerðarinnar. Ég hygg, að það muni sýna sig á næstunni, að þar verði hæstv. ríkisstj. líka að hlaupa undir bagga og verði að bera fram frv. um einhvers konar kreppuhjálp þeim til handa. Þessar ráðstafanir, sem þannig hafa verið gerðar, eru vissulega nauðsynlegar, eins og á stóð, og þyrfti sjálfsagt í ýmsum efnum jafnvel að ganga lengra en þar hefur verið gert. Ég vil nú vona, að það fari eins í þessu máli, sem hér er um að ræða, að hæstv. ríkisstj. sjái, að hún verður að viðurkenna staðreyndir í þessu máli og sjá byggingarsjóðnum fyrir lánsfé með einhverjum hætti og hækka lán til hvers einstaks íbúðarbyggjanda stórlega frá því, sem hér er gert ráð fyrir, þannig að hámarkslán á íbúð verði a. m. k. 200 þús. kr. Ég hygg, að það sé það minnsta, sem hægt er að komast af með, og sú minnsta upphæð, sem skynsamlegt er að reikna með í þessu sambandi, því að annað held ég að sé aðeins sýndarmennska.

Ég vil vona, að svo fari, að hæstv. ríkisstj. geri sér þetta ljóst, og má að vísu segja, að hæstv. ráðh. hafi látið í það skína, að von væri á frekari úrbótum í þessu efni en gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem hann sagði, að þar væri aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. En ég held, að hér dugi ekki neinar bráðabirgðaráðstafanir. Ég held, að það verði að stíga skrefið strax fullt. Og hvað sem þessum yfirlýsingum hæstv. ráðh. líður, þá er það nú svo, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafa í hv. Nd. skilað áliti um frv., sem framsóknarmenn hafa flutt þar, þar sem gert var ráð fyrir, að hámarkslán út á íbúð yrði 200 þús., og í þessu áliti hafa þeir tekið þá afstöðu að vísa þessu máli frá sér, þ. e. a. s. að vísa því til ríkisstj., ef ég man rétt. Það lofar því miður ekki góðu um frambúðarlausn þessa máls. En ég held, að allar tafir og öll bið eftir einhverri fullnaðarlausn á þessu máli sé hættuleg, vegna þess að það tekur svo langan tíma að vinna það upp, ef stöðvun verður hér veruleg í byggingarframkvæmdum, þannig að það þarf mikið átak til þess að ná aftur því, sem þannig hefur fallið niður, þegar á annað borð verður veruleg stöðvun á byggingu íbúða.

Það er áreiðanlegt, að það verður fylgzt með því af mikilli eftirtekt af mörgum mönnum og þá ekki hvað sízt unga fólkinu, hver verða örlög þessa frv. og hverja meðferð þetta frv. fær hér á Alþingi, því að það er víst, að það eru fá mál, sem eru meira brennandi og meira aðkallandi en einmitt þetta mál fyrir unga fólkið, fyrir fólkið, sem enn er ekki búið að eignast eigin íbúðir. En mér finnst, að það ættu sem flestir að geta orðið sammála um, að það sé eitt af hinum nauðsynlegustu skilyrðum fyrir farsælu lífi, að menn eigi sómasamlega eigin íbúð, — að sem flestir ættu slíkar íbúðir.

Herra forseti. Ég skal svo ekki lengja þetta

mál, en ég vildi láta þessar aths. koma fram við 1. umr. málsins, að það er að mínu viti langt frá því, að þær ráðstafanir, sem ráðgerðar eru í þessu frv., séu fullnægjandi og það er ekki hægt að una því, að þessu máli séu ekki gerð betri skil en hér hefur verið gert. Ég veit, að hér er um mikið vandamál að ræða, og það er ekki nóg að líta aðeins á þá hliðina, sem ég hef hér einkum gert að umræðuefni, heldur verður jafnframt að líta á það, hverjir möguleikar eru til að útvega aukið lánsfé.

Ég hygg, að þeir möguleikar séu fyrir hendi. Eins og kunnugt er, hefur allmikið af sparifé verið dregið inn í Seðlabankann. Það er einmitt aðalatriði þess inndráttar, að með þeim hætti hefur ráðstöfunarvald á því fé verið flutt frá hinum einstöku lánsstofnunum og í hendur Seðlabankanum og hæstv. ríkisstj., vegna þess að eftir núgildandi löggjöf er Seðlabankinn mjög háður ríkisstj. Ég hygg, að það sé alls engin goðgá að nefna það og telja það eðlilegt, eins og nú er málum komið, að nokkru af því fé, sem þannig er í raun og veru til ráðstöfunar hjá Seðlabankanum, sé varið til þess að bæta úr hinni brýnu þörf íbúðabyggjenda og bæta úr fjárþörf byggingarsjóðsins.

Ég hygg, að þær staðreyndir, sem ég hef hér bent á, um hækkun byggingarkostnaðarins, um óskir manna eftir lánum, séu réttar og þær verði ekki hraktar, og ég veit, að hér í þessari hv. d. á sæti sá maður, sem þessum málum er kannske allra kunnugastur, hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ). Ég veit að vísu og skil, að hann mun vilja bera blak af hæstv. ríkisstj. og ekki taka undir þær ádeilur, sem ég hef hér hreyft, en ég þykist sannfærður um, að hann gæti staðfest þessi atriði, sem ég hef hér sérstaklega bent á. Og ég geri ráð fyrir því, að hann mundi verða fyrstur manna til þess að taka undir þá nauðsyn, sem er á því að leysa mál þessi strax og með viðunanlegum hætti, vegna þess að hann er áreiðanlega kunnugur mörgu af því fólki, sem skórinn kreppir hér að.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði út af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég sé ástæðu til þess að minnast á og svara að einhverju leyti.

Hv. þm. lýsti eftir skoðun Alþfl. á því, hvort æskilegt væri, að það ástand skapaðist hér, að húsnæðisvandræði yrðu og olnbogarúm þá einnig fyrir athafnamenn til bygginga, sem gætu hækkað húsaleigu í gróðaskyni og þröngvað þannig kost manna, sem erfitt ættu með að byggja og útvega sér það húsnæði, sem þeir þyrftu til þess að draga fram lífið í. Ég veit, að hv. þm. spyr ekki af því, að hann viti ekki. Alþfl. mundi, eins og ég hygg allir þm. yfirleitt, vera á móti því, að slíkt ástand skapaðist.

Ég tók svo eftir, að hv. þm. hélt því fram, sem hann kallaði staðreyndir um hækkun byggingarkostnaðar, að byggingarkostnaður hefði nú á síðustu 2—3 árum hækkað um 100 þús. kr. á íbúð. Og þetta var ekki eftir hans orðum að dæma nein ágizkun eða neitt þess háttar, heldur talaði hann um þetta sem staðreynd. Hann talaði líka um það sem staðreynd, að færri einstaklingar byrjuðu nú á byggingum en nokkru sinni áður. Af þessum tveim staðreyndum dró hann svo þá ályktun, að þetta ástand væri að myndast, húsnæðisvandræðin væru að skapast og olnbogarúm þar með að myndast fyrir athafnamennina til þess að græða á því, að eftirspurn yxi eftir húsnæði. Ég held, að allt þetta sé nokkuð orðum aukið hjá hv. þm. og þessar staðreyndir, sem hann nefndi svo, séu ekki til staðar, a. m. k. ekki í þeim mæli, sem hann vildi vera láta, þannig að það sé ekki hætta á því, að þetta ástand, sem hann óttaðist svo mjög, sé að verða til.

Ég verð að játa það, að ég hef ekki tölur í höndum yfir, hvað byggingarkostnaður íbúða hefur vaxið á s. l. 2—3 árum. En ég hygg, að ef um smáar íbúðir er að ræða, eins og t. d. íbúðir í verkamannabústöðum, eða allt upp í 100 m² íbúðir, þá sé hækkunin á byggingarkostnaði ekki 100 þús. kr. á íbúð. Ég dreg það af eftirfarandi hugleiðingum bara á þessari stundu: Ég hugsa mér, að efniskostnaður við íbúðarbyggingu sé í hæsta lagi 40% af byggingarkostnaði, og það er sennilega of hátt áætlað, og ég hugsa mér, að sá kostnaður, sem á þessum efnislið hefur orðið af gengislækkun og fleira, sé í kringum 20%, og ef íbúðarverðið er 400 þús. kr., þá eru 20% af 400 þús. kr. 80 þús. kr., þannig að ég hygg, að það sé ákaflega vel í lagt að segja, að byggingarkostnaðurinn hafi hækkað um 80 þús. kr. á íbúð, að vísu ekki stóra íbúð, heldur frekar litla, en þó upp undir það af þeirri stærð, sem ég nefndi. Hins vegar skal ég viðurkenna, að þetta eru aðeins hugleiðingar mínar hér. En ég er ekki tilbúinn til að samþykkja það sem neina staðreynd, að kostnaðarhækkunin á íbúð, a. m. k. ekki af þessum stærðarflokki, sé 100 þús. kr.

En ef nú hækkunin hefur orðið í kringum 80 þús., eins og ég held að sér nær raunveruleikanum en þessi tala, sem hann nefndi, þá má geta þess, að lánsupphæðin fyrir gengislækkanirnar var að meðaltali í kringum 70 þús. kr. En þessi 70 þús. kr. lánsupphæð hefur nú þegar eftir gengislækkanirnar verið hækkuð upp í 100 þús. kr., og nú er lagt til, að hún verði hækkuð upp í 150 þús. kr. Þannig nemur þá sú raunverulega hækkun, sem verður á íbúðarláni til hverrar íbúðar, þeirri sömu upphæð eða mjög svipaðri upphæð og ég tel að byggingarkostnaðurinn hafi mest aukizt á smáum íbúðum, þ. e. a. s. lánshækkunin hefur þá í raun og veru orðið sú sama á þessum tíma og ég tel að byggingarkostnaðurinn hafi vaxið. Þannig hefur allri hækkun byggingarkostnaðarins verið mætt með hækkuðu láni sömu upphæðar. Ég skal að vísu játa, að grundvöllurinn undir þessu er ekki annar en sá, sem ég nefndi í upphafi míns máls, það sem maður getur lagt niður fyrir sér á stundinni. En ég held, að það sé ekki ofmælt að ætla, að byggingarkostnaðarhækkuninni sé að fullu mætt með þessari lánsfjárhækkun, sem gert er ráð fyrir í frv.

Hvað viðvíkur því aftur á móti, að færri einstaklingar byrji nú á byggingum en áður, þá kann það að vera að einhverju leyti rétt, en áreiðanlega ekki algild regla, því að ég hef fregnir af því, að umsóknir um lán til húsnæðis-

málastjórnar hafi á hinum síðustu tímum verið meiri en ég vil segja nokkurn tíma áður, og dæmi um það sé, að slíkur fjöldi umsókna hafi borizt um húsnæðismálastjórnarlán í janúarmánuði að hann hafi sjaldan eða aldrei meiri verið. Ég held því, að hvorugt þetta, sem hv. þm. taldi að væri grundvöllurinn undir því, að húsnæðisvandræði og húsnæðisskortur myndaðist, sé fyrir hendi.

Út af hugleiðingum hans að öðru leyti um það, að æskilegt væri að hækka lánin, þá er ég náttúrlega síður en svo andvígur því, að það yrði gert, ef möguleikar væru til þess. En ég hygg, að það megi halda vel á til þess að ná þeirri hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, þó að ekki sé gert ráð fyrir að hækka töluna upp í 200 þús. kr. á íbúð, eins og hv. þm. lagði til. Og hitt er alveg augljóst, að það er þýðingarlaust að setja inn í frv. tölu, sem styðst ekki við raunverulega möguleika. Í núgildandi lögum um húsnæðismálastjórn var gert ráð fyrir 100 þús. kr. hámarkslánveitingu, þó að í mörg ár, eftir að þau lög voru sett, væri hámarkið í raun 70 þús. kr., af því að fé var ekki til til þess að komast hærra. Nú hefur lítillega raknað úr því á undanförnu ári, og eins og ég sagði í minni frumræðu, mun ríkisstj. gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að reyna að auka þessa möguleika. En ég hygg, að það sé að fara fram úr því, sem ýtrustu vonir gætu verið um, að nefna 200 þús. kr. á íbúð, enda væri þá líka lánsupphæðin nokkurn veginn þreföldun á móts við það, sem hún var í raun fyrir gengisfellinguna, eða 70 þús. kr.

Hv. þm. fór svo út í hugleiðingar um viðreisnarráðstafanir ríkisstj., og yfirleitt virtist mér á hans ræðu allri vera nokkur pólitískur blær, þannig að hann vildi kenna núv. ríkisstj. það, sem miður hefur farið í þessum málum, en þakka Framsfl. þær góðu tillögur, sem í þessu hafa komið fram, og hef ég út af fyrir sig ekkert við því að segja. Það er ekkert óeðlilegt, að hverjum þyki sinn fugl fagur. En ég gætti þess í minni frumræðu, að ég minntist ekki á neina pólitík í þessu sambandi, og ætla mér ekki heldur að gera það. Þetta er mál, sem alla pólitíska flokka varðar og allir hafa að meira eða minna leyti staðið að lausn á, hver svo hefur gert það bezt og hver lakast, það ætla ég að alltaf geti verið matsatriði. En út af því, að viðreisnarráðstafanirnar hafi komið þannig við, að ríkisstj. hafi orðið að slá undan í ýmsum málum, þá vil ég aðeins um það segja, að dæmin, sem hann tók, eru ekki út af fyrir sig viðreisnaráformum ríkisstj. að kenna eða yfirleitt nokkurn skapaðan hlut skyld þeim, t. d. vandamál togaraútgerðarinnar. Það vita allir menn, af hverju þau stafa. Það er ekki viðreisnarráðstöfunum ríkisstj. að kenna, að togararnir standa sig ekki betur en þeir nú gera, heldur af aflatregðu þeirra, sem áreiðanlega er að mjög verulegu leyti vegna þess, að fiskimiðin hafa verið tekin af þeim, og það var búið að gera a. m. k. áður en viðreisnaráform ríkisstj. komu til. Það er náttúrlega rétt, að ef húsnæðismálin eru skoðuð út frá því sjónarmiði, að það hafi verið af völdum gengisbreytingarinnar, að byggingarkostnaðurinn hefur hækkað eins og hann hefur gert, þá er það út af fyrir sig rétt, en þar tel ég því að svara, að gengið var raunverulega fallið, áður en sú formlega gengislækkun var gerð, þannig að hækkunin gengisskráningarinnar vegna er raunverulega komin á að verulegu leyti áður.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum í bili. Ég vildi aðeins leyfa mér að vefengja þessar tvær fullyrðingar hv. þm., sem hann raunar talaði um sem staðreyndir, annars vegar að byggingarkostnaður á íbúð hefði hækkað um 100 þús. kr. og að svo miklu færri einstaklingar byrjuðu nú á byggingum, að til vandræða horfi. Hvort tveggja þetta leyfi ég mér að draga í efa.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að fara að taka til máls við þessa umr., en ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem sum þeirra að vísu snertu ekki þetta mál nema að takmörkuðu leyti, en voru þó þess eðlis, að það var sýnilega komin nokkur kosningastemmning yfir hv. þm., þannig að það leit fremur út fyrir að hann væri að tala á framboðsfundi heldur en hér í Alþingi. Ég skal hins vegar ekki fara út í að ræða ræðu hans í einstökum atriðum mikið, það yrði langt mál, — væri raunar fróðlegt að gera það, því að miðað við hófsemd þessa hv. þm. í málflutningi almennt voru fullyrðingar hans nánast óvenjulegar úr þeirri átt og það hvernig hann tengdi saman ýmis atvik og vildi leiða af því ákveðnar afleiðingar í sambandi við húsnæðismál.

Hv. framsóknarmenn eiga töluvert meira af úrræðum nú upp á síðkastið en þeir áttu í tíð vinstri stjórnarinnar, a. m. k. miðað við það, hvernig endalok hennar urðu, og þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, að ríkisstj. yrði að gefast upp við vandamálin, vegna þess að hún hefði engin sameiginleg úrræði til þess að leggja fram. Það er auðvitað ágætt, að þessir hv. framsóknarmenn séu úrræðabetri en þeir voru þá. En manni liggur við að halda, a. m. k. þegar úrræði þeirra eru skoðuð í ljósi raunveruleikans og allra aðstæðna, að úrræðin hefðu verið nokkuð á annan veg, ef þeir hefðu sjálfir átt að bera ábyrgð á því, sem verið er að gera. Þetta er kannske mannlegt og hefur vafalaust hent marga fyrr og síðar, en er þó ekki sérlega heppilegt til lausnar á vandamálum.

Það getur auðvitað ekki verið neinn ágreiningur um það, hvar sem menn eru í flokki, að það er eitt af grundvallarlífsnauðsynjum, að fólk geti átt þak yfir höfuðið, og það er eins og hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni áðan, það er ótrúlegt og raunar útilokað, að í nokkrum stjórnmálaflokki séu til menn, sem vilja ekki gjarnan leggja fram krafta sína í þá átt, að sá árangur náist. Hitt er svo aftur annað mál, hvernig það verður bezt gert og hvað langt er hægt að ganga, miðað við aðstæður og getu þjóðfélagsins hverju sinni. Það er dálítið einkennilegt að heyra það, a. m. k. af munni manna, sem telja, að allt hafi illa gengið hjá hæstv. núv. ríkisstj., þegar þeir hvað eftir annað halda því

fram nú á Alþingi, að ekki sé lengur um nein fjárhagsvandræði að ræða í landinu og það sé til í rauninni nægilegt fé til allra hluta. Ég minnist þess, að fyrir nokkru hlýddi ég á ræðu hv. núv. formanns Framsfl. í hv. Nd., þar sem hann hélt því mjög fram í sambandi við lánamál til bygginga í landbúnaði og annarra framkvæmda, að nú væri ekki einu sinni lengur nauðsynlegt að taka erlend lán, eins og hefði verið í hans stjórnartíð, heldur væru nógir peningar til að leysa vandann eftir öðrum leiðum. Og hér heyrum við í dag, að það sé ekki mikill vandi að hækka hámark húsnæðislána um helming, vegna þess að það séu nógir peningar til, það á að sækja þá niður í Seðlabanka, og þá sé hægt að leysa allan vandann, því að fyrir tilstilli ríkisstj. hafi verið sparað saman svo mikið fé, að þessi vandi sé auðleystur. Nú er málið ekki eins einfalt og þessir hv. þm. vilja vera láta. Hins vegar hljómar það nokkuð einkennilega að heyra þessu haldið fram, samtímis því, sem við heyrum, að staðhæft er, að allt hafi gengið á afturfótunum og öllu sé verið að koma í kalda kol.

Eitt atriði var það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi gera nokkuð mikið úr og taldi, að ekki hefði verið ástæða til að gera breytingar á í sambandi við þessa löggjöf, en það var um stjórn húsnæðismála eða skipan húsnæðismálastjórnar. Skipan húsnæðismálastjórnar hefur ekki verið breytt síðan 1957. En aftur á móti gerðist sá einkennilegi atburður á fyrstu dögum vinstri stjórnarinnar, að þá þótti það brýnast allra mála í sambandi við húsnæðismálin að breyta skipan húsnæðismálastjórnar. Það lá svo mikið við, að það voru gefin út brbl. af hæstv. þáv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, sem fjölluðu um það eitt að bæta við 2 mönnum í húsnæðismálastjórn. Það var ekki nokkur þörf talin á því að hækka lán til húsnæðismála eða bæta á neinn hátt hag fólksins að því leyti og látið sitja við það, sem gert hafði verið í tíð fyrrv. stjórnar og sá hæstv. ráðherra taldi að vísu ekki hafa afrekað mikið í þessum efnum. Nei, þetta var það eina, sem þá var gert, og til þess bar svo brýna nauðsyn, að það varð að setja brbl. til að koma þessari skipan á. Hér er hins vegar á allt annan veg að farið. Það er látið bíða, þar til gerðar eru veigamiklar breytingar aðrar á húsnæðismálalöggjöfinni, að breyta yfirstjórn húsnæðismálanna, sem óneitanlega er mjög fráleit samsetning á, eins og er í dag, og það er ekki nema einn þáttur í þessu máli og aðrir þættir þess að sjálfsögðu miklum mun þýðingarmeiri og skipta miklu máli fyrir þá, sem eiga að njóta þeirrar fyrirgreiðslu, sem hér er um að ræða.

Það hefur verið vikið að því einnig og var gert af þessum sama hv. ræðumanni, að það hefði dregizt óhóflega að hækka lánshámarkið og allt of skammt væri farið í því efni. Vitanlega væri æskilegt að hækka lánshámarkið meira, það getum við vafalaust öll verið sammála um. En mér skilst þó, að lánshámarkið, eins og það er ákveðið hér, sé miðað við þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarvísitölu, þannig að það sé ekki alveg út í hött. Og það má minna á, að þegar sú húsnæðismálalöggjöf var lögð fram á sínum tíma af vinstri stjórninni, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur talið harla góða, þá var ekki breytt í einu né neinu lánshámarki því, sem gilt hafði í lögunum frá 1955, heldur var það haft óbreytt. Og mér er ekki kunnugt um, eftir að bjargráðin voru lögfest á sínum tíma af vinstri stjórninni, að það hafi heldur verið gerðar neinar ráðstafanir til að hækka þetta lánshámark, enda þótt vitað væri, að af þeim orsökum hafi byggingarkostnaður mjög hækkað, þannig að við getum sleppt í sambandi við þetta mál að vera með neitt aðkast út af því, að ekki hafi verið nógu vasklega að þessum málum unnið nú og nægilega hátt farið með þetta mark, því að vissulega er það rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, að það skipti meginmáli, að markið sé ekki haft hærra en það, að raunverulega sé að verulegu leyti hægt að uppfylla það, til þess að gefa ekki fólki vonir, sem það getur ekki treyst á nema að litlu leyti. Ég held því, að hér sé mjög hyggilega að farið, að ákveða markið eins og það er hér, og ég hygg jafnframt, að það væri ekki sagt með réttu, að með þessu marki hafi ekki núv. hæstv. ríkisstj. reynt að ganga mjög verulega til móts við fólk, miðað við þær verðhækkanir, sem orðið hafa á síðustu árum, og hefur þó að sjálfsögðu orðið eigi aðeins að mæta þar hinum beinu gengislækkunum, heldur eigi síður því yfirfærslugjaldi, sem á var lagt á sínum tíma, en hv. stjórnarandstæðingar kæra sig ekki svo mjög að halda á lofti að hafi haft nokkur áhrif, sem það þó vissulega hafði mjög verulega.

Varðandi þá staðhæfingu, að nú hafi þróunin farið í þá átt, að helzt muni stefna til þess, að einstaklingar geti ekki byggt yfir sig og að einstakir athafnamenn, eins og það var orðað, muni taka þessi mál í sínar hendur og fara að leigja út húsnæði, þá hygg ég, að reynslan hafi orðið sú, eftir því sem ég bezt veit, að aldrei hafi menn síður lagt út í það en í dag að byggja stórhýsi til þess að leigja út íbúðir. Vissulega er kostnaðarsamt að byggja, mjög kostnaðarsamt, og ég vil segja: allt of kostnaðarsamt, og það er eitt af þýðingarmestu málum okkar í dag að reyna að kanna allar hugsanlegar leiðir til þess, ekki fyrst og fremst að útvega fé til að standa undir hinum háa byggingarkostnaði, heldur hvernig eigi með hagkvæmari úrræðum að reyna að lækka þennan kostnað, því að byggingarkostnaður er svo mikill í dag, að ég held, að sannast sagna sé vonlaust með öllu að byggja hús með það í huga að hafa af því stórtekjur að leigja það út. Það held ég að sé gersamlega útilokað í dag, svo að það sé síður en svo hvatning til manna um að leggja út í þær framkvæmdir.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja meira um þetta mál. Við erum áreiðanlega öll sammála um það efnislega að reyna sem bezt að greiða fyrir því, að fólk geti eignazt eigið húsnæði. En það auðveldar á engan hátt þann vanda að vera að reyna að blása upp moldviðri og tengja saman á rangan hátt ýmiss konar atvik til þess að reyna að gera tortryggilegan einn eða annan í því sambandi, heldur er spurningin sú, hvernig raunhæft verður að því marki

unnið eftir þeim tveim leiðum, sem ég hef hér nefnt, annars vegar, og vil ég nefna það fyrst, að reyna að finna úrræði til að lækka hinn háa byggingarkostnað og svo hins vegar að reyna, svo sem hér er gert, að ganga til móts við fólk með lánsfé, þó að vitanlega væri æskilegt, að það væri miklum mun meira. En það eins og annað verður að vera gert með náinni hliðsjón af þeirri getu, sem fyrir hendi er. Við getum endalaust deilt um gengisbreytingarnar og orsakir þeirra, en ég hef nú sannast sagna haldið, að það mundi a. m. k. ekki verða þessi hv. ræðumaður, sem reyndi að halda því fram, að það hafi aðeins verið að kenna skammsýni núv. hæstv. ríkisstj., að gengislækkanirnar urðu til, og þess vegna beri að færa það á hennar reikning, að byggingarkostnaður í landinu hafi hækkað. Það getur vel verið, að einhverjir angurgapar geti haldið fram svo fáránlegum málflutningi, en ég vil ekki trúa því, að þessi hv. þm. taki undir það af neinni alvöru, því að það vitum við auðvitað öll, að hér var um að ræða það eitt að horfast í augu við afleiðingar þróunar, sem var búin að vera um langan tíma, og eina vonin til að byggja upp aftur okkar efnahagskerfi var að þora að horfast í augu við þessa staðreynd og reyna að koma fjárhagsmálunum á eðlilegan grundvöll, játa þær staðreyndir, sem þegar voru orðnar, og reyna síðan að byggja upp á þeim grundvelli. Og ég vil halda því fram, að það, sem síðan hefur gerzt, og það, sem nú er verið að gera til þess að bæta á ýmsan hátt fyrir fólki, það er ekki vegna þess, að ríkisstj. sé að hverfa frá sinni stefnu, heldur er það vegna þess, að stefnan hefur náð þeim árangri, að það er hægt að gera ýmsa þá hluti, sem nú er verið að gera.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) lagði í lok ræðu sinnar sérstaka áherzlu á það, að ég léti til mín heyra varðandi þau vandamál, sem hér er um rætt, þ. e. a. s. úrlausnir til þeirra lánsumsækjenda, sem um lengri eða skemmri tíma hafa beðið eftir lánveitingu hjá húsnæðismálastjórn. Ég skal vissulega taka undir hans frómu óskir um það, að æskilegt væri, að lánsupphæðirnar væru hærri og hægt væri að veita betri úrlausn en gert hefur verið á undanförnum árum. Það er sjálfsögð ósk, sem við öll getum sameinazt um hér á hv. Alþingi. Hitt er þó miklu meira virði, hvað hægt er að standa við af slíkum óskum, þegar til alvörunnar kemur.

Ég vil aðeins á þessu stigi málsins taka fram það atriði eitt, sem ég tel að sé höfuðvandamál þessarar stofnunar og hafi verið, frá því að ég fór að hafa kynni af störfum þar fyrir um það bil 6 árum, að það sé e. t. v. ekki fyrst og fremst það, hvað lítið er lánað á hverja íbúð, heldur hitt, hvað margir þurfa að bíða til þess að fá þessa litlu upphæð. Af því leiðir svo aftur, að byggingartími verður hér óhæfilega langur, og hinn langi byggingartími er efalaust ein meginorsökin í því, að byggingarkostnaður hefur stórhækkað. Ég vil segja, að þetta fyrirbrigði er ekki að koma í dagsins ljós nú. Það á rót sína að rekja allt til setningar fyrstu laganna um stofnunina árið 1955. Þá var, því miður, vil ég segja, allt of mikið af því gumað, að það ætti að tryggja hverjum einasta húsbyggjanda 100 þús. kr. lán, og látið í það skína jafnframt, að hver sem vildi út í byggingar leggja gæti fengið 100 þús. kr. lán. Staðreyndirnar urðu allt aðrar. Það bunkuðust upp hjá stofnuninni í hundraðatali umsóknir, sem enga úrlausn fengu, þrátt fyrir það að þess fundust varla dæmi, að farið væri yfir 70 þús. kr. hámarkslán. Þetta voru efndirnar á þeim miklu fyrirheitum, sem upphaflega voru gefin um þá lagasetningu, sem upphaflega var um þessa stofnun sett. Af þessu hefur stofnunin sopið seyðið allt til þessa dags, og sífellt er á þennan snjóbolta að bætast. Ég held, að það væri langtum heiðarlegra og raunhæfari tilraun að setja lög, sem gætu á einhvern hátt staðizt, og það er heitasta ósk mín til lagasetningar nú, að það verði ekki eins að unnið og þá. Og ég vil minna hv. 3. þm. Norðurl. v. á það, að þá fór með þessi mál framsóknarmaður. Ég hygg, að þau fyrirheit, sem í upphafi lagasetningar voru gefin, hafi ýtt fjölda manna á flot til húsbygginga, sem töldu sig geta reitt sig á, að þarna væri ekki um pappírsplagg eitt að ræða, en staðreyndin varð allt önnur.

Ég undirstrika það, að meginvandamál stofnunarinnar í dag er kannske ekki fyrst og fremst það, hve lág lánin eru, heldur hitt, hve hópurinn er stór, sem þarf að bíða eftir einhverri úrlausn. Sjálfur held ég, að það hafi dregið úr íbúðarhúsabyggingum, eftir bara lauslegu yfirliti hér í nánasta nágrenni, en af umsóknum hjá húsnæðismálastjórn verður það alls ekki ráðið. Það er eins og hæstv. félmrh. sagði hér áðan, umsóknafjöldinn hefur aukizt svo nú síðustu 5—6 mánuðina og náð hámarki nú í janúar, að þess munu fá dæmi í sögu stofnunarinnar áður.

Mér skilst, að í þeim umr., sem þegar hafa farið fram um þetta frv., sé ekki deilt um þær lagagreinar, sem í frv. eru, heldur er, eins og flesta mátti e. t. v. gruna, deilt um, að of skammt sé gengið. Ég vil í því sambandi undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að það er miklu heiðarlegra að reyna að bæta fyrir fyrri yfirsjónir og blekkingar við húsbyggjendur með því að setja lög, sem menn eygja að gætu staðizt, heldur en hitt, að halda þessu blekkingamoldviðri áfram og auka á umsóknahlaðana hjá húsnæðismálastjórn. Ég vil vænta þess, að svo verði að undirstöðu þessa frv. unnið, en undirstaðan er að sjálfsögðu, að það fjármagn, sem stofnunin hefur til umráða, verði hægt að nota til þess að draga úr þessum geysilega háu bunkum umsókna og lækka þá, sem um allt of langan tíma hafa beðið, og tel ég þá, að það væri lagt inn á raunhæfustu brautina til lækkunar á byggingarkostnaði, því það er að mínu viti ein meginorsök hins langa byggingartíma, sem vart munu dæmi um annars staðar í heiminum. Hér mun það algengt, að byggingartími sé 3—5 ár, þegar annars staðar er talið hæfilegt, að hann sé 6—14 mánuðir. Þarna á að vera hægt að stinga á meinsemdinni um framkvæmd þessara mála, og ég vona, að við getum orðið sammála um að reyna að gera það. Hitt er þýðingarlítið fyrir fjárvana húsbyggjendur, sem eiga

hús sín e. t. v. undir uppboðshamrinum, að fá lagasetningu hér um 200 eða 250 þús. kr. hámarkslán, ef raunveruleikinn verður svo sá, að helmingi lægra sé lánað og enn lengist biðtíminn hjá húsnæðismálastjórn fyrir þá, sem sækja um þessi lán.

Ég vil á þessu stigi málsins ekki hafa þessi orð fleiri, það gefst sjálfsagt tækifæri til að ræða málið frekar í einstökum liðum, þegar málið hefur hlotið athugun hér í nefnd.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. 10. þm. Reykv. vil ég aðeins segja þetta: Mig undrar, að hann gagnrýnir það, að bornar skuli fram tillögur á Alþingi um 200 þús. kr. lánveitingu. Þá vil ég spyrja hann: Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. tryggt, að menn fái þessi 150 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í þessu frv.? Er það tryggt?

Hæstv. félmrh. gagnrýndi nokkur atriði í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. um þær hækkanir, sem hefðu orðið á byggingarkostnaði á undanförnum árum, og taldi, að þar hefði verið mjög ýkt, slíkar hækkanir hefðu ekki átt sér stað sem hann nefndi dæmi um. Ég bjóst við, að hæstv. félmrh. hefði svo að segja í höndunum gögn yfir þetta, mér hefði fundizt viðeigandi a. m. k., að hann hefði þau. Það eru nefnilega gefin út Hagtíðindi, og þar eru gefnar upplýsingar um hækkun á byggingarkostnaði. Þessar skýrslur koma fjórum sinnum á ári. Vísitölur byggingarkostnaðar eru þar tilkynntar fjórum sinnum á ári fyrir hið svokallaða vísitöluhús. Þetta eru opinberar skýrslur, sem liggja fyrir öllum, og kostar ekki mikið að kynna sér það, hver hækkun kostnaðarins hefur orðið samkv. þessum skýrslum. Samkv. Hagtíðindum var byggingarvísitalan í okt. 1958, gamla vísitalan, 1298, en nýja vísitalan, sem þar er líka birt, 134. En í okt. 1961 eru hliðstæðar tölur 1628 í staðinn fyrir 1298, sem var 1958, og 168 í staðinn fyrir 134 fyrir 1958. Hækkunin er eftir mínum reikningi 25.4%. Ég get ekki séð, að það þurfi að fara mikið á milli mála, ef á að byggja á þessum tölum hagstofunnar. En hagstofan birtir líka í krónutölu, hvað rúmmetrinn hefur hækkað í verði, svo að þetta liggur líka fyrir þannig. Samkv. þessum skýrslum kostaði rúmmetrinn í okt. 1958 1249.12 kr., en í október 1961 1562.33 kr. Hækkunin á þessum þremur árum er samkv. þessum skýrslum 313.21 kr. á hvern rúmmetra. Nú ætti að vera auðvelt að sjá, hvað meðalíbúð hefur hækkað í verði. Mér reiknast, að íbúð, sem er ekki nema 300 m³ — og er það alls ekki algeng stærð, heldur fyrir neðan það, — hún muni hafa hækkað í verði um tæpar 94 þús. kr. Ef íbúðin er 320 m³, hefur hún hækkað um 100227 kr. Ef hún er 340 m³, hefur hún hækkað um 106 þús. og hér um bil 500 kr. Og ef hún er 360 m³, — og það þykir ekki lúxusíbúð hér eða a. m. k. lánar húsnæðismálastjórn út á slík hús, — sú íbúð hefur hækkað um tæpar 113 þús. kr. Ég vænti, að þetta verði leiðrétt, ef þetta er rangt, en þetta er reiknað út eftir tölum hagstofunnar. Það þarf því ekki einhverjar handahófsáætlanir um, að þetta muni ekki vera nema 80 þús. kr. hækkun eða eitthvað þess háttar. Það á að vera hægt að sjá þetta nokkurn veginn glöggt.

Ég ætla mér ekki að tala frekar á þessu stigi um þetta mál, en ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram, reyndar hjá öllum hv. ræðumönnum, hversu gífurlega mikils virði það er, að bætt verði úr ástandinu í þessum málum, sérstaklega fyrir alla, sem hafa ekki fyrir nokkru komið sér upp íbúð, og hvar sem menn búa, hvort sem það er í sveit eða við sjó. Þetta er svo mikið mál fólksins og þá fyrst og fremst unga fólksins, að það skiptir ekki minna máli um þetta heldur en hvaða kaupgjald er hjá því. Það er bókstaflega óskiljanlegt, hvernig ungt fólk og efnalítið fer að ráðast út í að byggja sér hús, jafnvel þó að það eigi nokkra tugi þúsunda kr. í vasanum til að leggja í byggingu. Jafnvel þó að það eigi foreldra, sem gætu lagt fram nokkra tugi þús. kr., þá eru horfurnar svo ískyggilegar, að það er varla skiljanlegt, hvernig fólk getur farið út í þetta. Hvaðan á þetta fólk að fá peninga annars staðar en frá húsnæðismálastofnun ríkisins? Og ef menn fá bráðabirgðalán, sem allir reyna að afla sér á einhvern hátt, þá er það með þeim vöxtum, sem allir þekkja. Ef fólk er nú farið að taka 300 þús. kr. bráðabirgðalán til þess að koma sér upp íbúð og borgar af því 9½% í vexti, hvað fer mikið af árslaunum slíkra manna í þetta, aðeins í vextina? Ég ætla ekki að fara að reikna slíkt dæmi. Það er svo ískyggilegt, hvernig sem á það er litið. Ég tel það virðingarvert, svo langt sem það nær, þetta frv., og ég efast um, að nokkur andstaða komi fram gegn því. En mér finnst það ná svo stutt, að ég óttast alvarlega, að ráðagerðirnar um þessi 150 þús. kr. lán, verði bara ráðagerðir, og ef svo fer, þá horfir ískyggilega.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vestf., sem ég vil minnast á, og hafði þó vikið að því áður. Ég leyfði mér að draga í efa, að hækkunin á meðalíbúð væri 100 þús. kr., eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi vera láta, en hafði ekki tölurnar við höndina. Mér er nokkuð vel kunnugt um það, að þær eru í Hagtíðindum, þó að ég kynni þær ekki utan að. Ég hafði þau ekki við höndina og vildi þess vegna ekki nefna neinar tölur úr þeim eftir minni, sem ég þar að auki hafði ekki heldur glöggt yfirlit yfir í huganum. En þessar tölur, sem hv. 4. þm. Vestf. nefndi, eru góðar út af fyrir sig, og ég skal ekkert vefengja, að hann fari rétt með þær. En það fer bara allt eftir því, hve stóra íbúð maður tekur, hvað kostnaðaraukinn við íbúðina verður mikill. Það er enginn vandi að taka svo stóra íbúð, að þessar 100 þús. kr. fáist. En ef hann tekur t. d. 90 m² íbúð í margbýlishúsi, lofthæðin er ekki það mikil, a. m. k. í íbúðinni sjálfri, ef ekki eru tekin þá með einhver aukaherbergi, þá verða það ekki nema 270 m³, sem út úr því koma, og 270 m³, sem hækka um 313 kr. hver, gefa 84 510 kr. Ég get því alveg eins farið niður á við, eins og hann getur farið upp á við, það er enginn vandi, því að það má fá nánast sagt hvaða upphæð sem maður vill út úr þessu, eftir því,

hvort maður tekur stóra íbúð eða litla, en með venjulegri íbúðarstærð, þá hygg ég, að hækkunin nái tæplega 100 þús. kr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tók það skýrt fram í minni frumræðu, að ég ætla, að ég miðaði við meðalíbúð. Nú er það að vísu ofur lítið teygjanlegt, hvað meðalíbúð er. Ég hygg, að hún nái vel þessum tölum, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, sé heldur meira en það. Ég hygg þannig, að það sé nú örugglega sýnt fram á það með þeim tölum, sem hv. 4. þm. Vestf. rakti hér áðan, að það hafi verið algerlega rétt, sem ég hélt fram, að hækkun byggingarkostnaðar á meðalíbúð á þessu tímabili, sem ég tiltók, næmi meira en 100 þús. kr. Það hygg ég, að sé sú óvefengjanlega staðreynd í þessu máli. Og þá vildi ég líka benda á það, að hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ), sem þessum málum öllum er allra manna kunnugastur, eins og ég drap á í minni fyrri ræðu, viðurkenndi það, má ég segja, að það mundi minna vera um það nú en áður, að menn legðu í nýbyggingar. Ég hygg, að þetta sé ekki of sterkt til orða tekið hjá honum, og vil þess vegna leyfa mér að ganga út frá því, að það sé líka staðreynd í þessu máli, að það sé mun minna, sem byrjað er á íbúðum nú, heldur en áður var. Og um háskalegar afleiðingar þeirrar þróunar þarf ekki að fjölyrða, enda varð ekki annað ráðið af ræðu hæstv. ráðh. en hann væri fyllilega sammála um það efni, ef staðreyndirnar væru á annað borð þær, sem ég vildi vera láta.

Hæstv. ráðh. og 6. þm. Norðurl. e. voru hissa á því og hálfpartinn hneykslaðir, að mér fannst, að ég skyldi í sambandi við þetta mál hreyfa vissum atriðum, sem þeir töldu því óskyld og ætti að láta kyrr liggja í sambandi við þetta mál. Ég skil vel þessa afstöðu þeirra, hæstv. ráðh. og hv. þm. En ég held, að það sé alger misskilningur hjá þeim, að ég hafi blandað óskyldum atriðum inn í þetta mál. Frá mínu sjónarmiði séð er óhjákvæmilegt að drepa á það, þegar um þessi mál er fjallað og það vandræðaástand, sem fyrir hendi er í þessum málum og mun þó aukast á næstunni, ef ekkert er að gert, — að gera sér grein fyrir því, hvað veldur, og ég álít, að það verði ekki dregið í efa, að sinn ríka þátt í því ófremdarástandi, sem þar ríkir, eigi einmitt ýmsar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. Þar er ekki aðeins um að tefla gengislækkunina og þær gífurlegu verðhækkanir, sem af henni hafa stafað, heldur má líka benda á vaxtahækkunina og þá erfiðleika, sem sú hækkun hefur valdið húsbyggjendum. Og enn fremur má benda á það, að lánasamdráttur, sem að öðru leyti hefur átt sér stað, hefur mjög torveldað húsbyggjendum mörgum hverjum framkvæmdir, á meðan þeir hafa beðið eftir úrlausn húsnæðismálastjórnar, og þar hefur enn allt borið að þeim brunni, sem hv. 10. þm. Reykv. benti réttilega á að væri mikill annmarki í framkvæmd allra þessara mála, sem sé sá, að íbúðabyggingarnar dræjust úr hófi fram og yrðu af þeim sökum miklu kostnaðarsamari en ella þyrfti að vera. En ég efast ekki um, að einmitt vandræði húsbyggjenda, sem hafa risið af þeim sökum, að bankarnir hafa miklu meira en áður kippt að sér hendinni með bráðabirgðaúrlausnir, á meðan beðið er eftir lánum hjá húsnæðismálastjórn, eigi einmitt sinn gilda þátt í þeim töfum, sem hafa orðið á byggingarframkvæmdum. Ég held þess vegna, að það sé óhjákvæmilegt að benda einmitt á í sambandi við þetta mál, að það er ekki hægt og ekki réttmætt að fjalla um það einangrað, heldur verður að benda á þær orsakir, sem liggja til þess, að komið er sem komið er.

Um ýmis atriði, sem komu fram hjá hæstv. ráðh. og hv. öðrum þm., sem töluðu hér, eru að sjálfsögðu ekki skiptar skoðanir. Þannig hljóta allir að taka undir það, að það sé ákaflega æskilegt að lækka byggingarkostnað, svo sem hv. 6. þm. Norðurl. e. taldi vera eitt aðalatriðið í sambandi við þetta mál. Ég vil taka undir það. Það er mjög nauðsynlegt. Til þess eru ýmis ráð. Ég hygg, að eitt nærtækasta ráðið væri að lækka vaxtagreiðslur þær, sem menn bera í sambandi við byggingarframkvæmdir. Ég hygg, að það megi með tölum sýna fram á, að þær vaxtahækkanir, sem átt hafa sér stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj., séu hreint ekki svo óverulegur þáttur í þeim aukna byggingarkostnaði, sem um er að ræða. Um ýmis önnur atriði, sem þeir drápu á, er einnig hið sama að segja, að það er að sjálfsögðu ekki annað hægt en taka undir það. Og auðvitað tek ég algerlega undir þær óskir, sem hv. 10. þm. Reykv. gat hér um, að það sé ekki aðeins verið að setja pappírslög um þetta efni, heldur jafnframt raunverulega séð fyrir útvegun lánsfjár. Ég tek algerlega undir það, og sú ósk á alveg jafnt við, hvort sem það verður nú staðnæmzt við þessa upphæð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem er algerlega ónóg, eins og ég hef sýnt fram á, þ. e. a. s. 150 þús. kr. hámark, eða það yrði farið hærra og miðað við 200 þús. kr. hámark. Í báðum tilfellum á það alveg jafnt við, að það er nauðsynlegt að tryggja það, eftir því sem mögulegt er, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til þess að standa við þær skuldbindingar, sem þar er um að ræða. En hins vegar er það svo, eins og hv. 10. þm. Reykv. veit enn betur en ég, að þessum upphæðum er ekki snarað út í einu lagi, heldur eru þær greiddar smám saman og veittar smám saman, eftir því sem íbúðarbyggingu miðar áfram, og það er að sjálfsögðu að nokkru leyti skýringin á því, að það hefur ekki verið farið í hámark, strax og lánin voru veitt í öndverðu, heldur hefur hækkunin smám saman komið til. En því miður er það staðreynd, sem hann réttilega drap á, að þess eru víst mörg dæmi, að íbúðabyggingar hafi tekið hér 3—5 ár líklega, kannske einstöku sinnum jafnvel enn ískyggilegri tíma, þannig að það er út af fyrir sig eðlilegt, að lánveitingin dreifist þannig á nokkuð langan tíma, og þess vegna finnst mér, að ekki eigi að öllu leyti við þau orð, sem hv. þm. lét falla í garð þeirrar ríkisstj., sem beitti sér fyrir þessari löggjöf 1955.

Ég get ekki látið hjá líða að benda hæstv. ráðh. á það í sambandi við ummæli hans um togarana, þar sem hann sagði, að það kæmi þó ekki til mála og gæti engum dottið í hug að halda því fram, að vandræði togaranna ættu

rætur að rekja til ráðstafana hæstv. ríkisstj., því að það væri kunnara en frá þyrfti að segja, að þau ættu sínar orsakir í aflatregðu og svo því, að fiskimiðin hefðu verið tekin af þeim, ef ég tók rétt eftir. Ég tel, að þetta sé ekki alls kostar rétt. Ég hygg, að togaraútgerðarmenn mundu telja t. d. þær vaxtagreiðslur, sem þeir hafa orðið að standa undir, hreint ekki svo lítilvægan þátt í því, að afkoma þeirra hefur versnað á síðustu árum, og enn fremur hygg ég, að þær afborganir af erlendum lánum, sem þeir verða að standa undir og vitaskuld hafa orðið þungbærari vegna gengisfellingarinnar, hafi átt sinn þátt þar í.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, sem ég hef áður raunar sagt, að ég tel þetta frv. hvergi nærri vera fullnægjandi, hvergi nærri ganga nógu langt, en tel hins vegar virðingarverða þá viðleitni, sem í því felst, en vænti þess, að hv. þingnefnd, sem fjallar um það, reyni að færa það í það horf, að það fullnægi þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi, betur en það gerir, eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 380 og 421, 387, 423).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á lögum 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl., er samið af nefnd þeirri, sem staðið hefur undanfarið að endurskoðun laga um húsnæðismál. Nefndin var skipuð í sept. 1960. Breytingar þessar eru: 1) Að Alþingi kjósi fimm menn í stað fjögurra samkv. núgildandi lögum í stjórn sjóðsins. 2) Að kjörtímabili stjórnar er breytt úr þremur árum í fjögur. 3) Heimild Landsbanka Íslands til að gefa út bankavaxtabréf er hækkuð úr 100 í 150 millj. kr. á ári í næstu 10 ár. 4) Hámark lána verði 150 þús. kr. í stað 100 þús. kr. nú á hverja íbúð. 5) Ákvæði um, að ríkissjóður leggi fram jafna upphæð og sveitarfélög til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, en í núgildandi lögum er framlag ríkissjóðs allt að 4 millj. kr.

Nefndin ræddi frv. og sendi það til umsagnar húsnæðismálastjórnar. Meiri hl. húsnæðismálastjórnar, þ. e. þrír af fimm, mælir með samþykkt frv. eins og það er, tveir senda sérálit, sem birt er sem fskj. með nál. hv. 9. þm. Reykv. Meiri hluti heilbr.- og félmn. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) var fjarstaddur umr. um málið vegna veikinda, en hv. 9. þm. Reykv. gefur út sérstakt nál.

Það kemur í ljós, þegar maður athugar þetta sérálit, sem kemur frá minni hluta húsnæðismálastjórnar, að það virðist vera samstaða um meginatriði frv., þau atriði að hækka hámark lánanna, sömuleiðis að veita Landsbankanum heimild til að auka sölu bankavaxtabréfa og hafa þannig opna möguleika til þess að veita meira fé til húsbygginga en gert hefur verið til þessa, enda er ótrúlegt, að nokkur geti haft á móti því, að það sé gert, ef fært reynist. Mér er kunnugt um það, að ríkisstj. hefur haft í athugun að tryggja næstu eitt eða jafnvel næstu tvö ár aukið framlag í þessu skyni. Þeim athugunum er enn ekki svo langt komið, að hægt sé að skýra frá, hve mikinn árangur þær bera, en hæstv. félmrh. skýrði mér frá því, að það væru í gangi og hafnar umr., sem væntanlega leiddu til þess, að verulegt aukið framlag færi í þennan sjóð. En m. a. vegna veikinda hans er það ekki komið enn þá svo langt, að hægt sé að gefa upplýsingar um, hvað mikinn árangur það ber.

Þær till., sem koma hér fram við þetta mál frá hv. 4. þm. Vestf. og hv. 9. þm. Reykv., hafa ekki verið athugaðar í nefndinni, þær voru ekki komnar fram þá.

Það er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. segir í sínu áliti, að meiri hl. n. taldi ekki ástæðu til að kveðja formann nefndarinnar, sem samdi frv., á sinn fund. Þetta er ekki svo flókið mál, að nefndin taldi sig geta metið það eins og það lá fyrir og með þeim upplýsingum, sem komu frá húsnæðismálastjórn, en við töldum víst, að ef þm. óskaði eftir frekari upplýsingum, mundi hann geta fengið þær hjá formanni nefndarinnar, sem á sæti í þessari hv. d., hv. 10. þm. Reykv. Meira að segja bauðst form. heilbr.- og félmn. til þess að aðstoða hann við að ná tali af formanninum, ef það gengi illa með öðrum hætti.

Það er eins með þessar till. hv. 9. þm. Reykv., að nefndin hefur ekki athugað þær. Hann hreyfði þeim ekki í nefndinni, og það hefur þess vegna ekki gefizt tóm til að athuga þær. Það var að vísu rætt um vextina, sem hann kemur með till. um hér, en meiri hl. n. taldi, að það væri hentugra að hafa það eins og er í frv. heldur en ákveða þá í lögunum. Í skyldu máli, sem væntanlega kemur fyrir þessa deild á næstunni, voru vextir ákveðnir í lögum, og það getur verið mjög óþjált í framkvæmd, ef vaxtabreytingar verða, að þurfa að fá lagabreytingu frá Alþ., til þess að hægt sé að taka lán, sem kunna að vera fáanleg til þessara mála og á meira að segja að vera skynsamlegt að taka, þó að vextirnir séu aðrir en hafa verið ákveðnir á sínum tíma í lögunum.

Um það atriði, að ríkissjóður leggi fram jafnmikið og sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, virðast mér allir, sem ég veit til að þetta hafi rætt, vera sammála um, að það sé til bóta, sú breyting, sem á því er gerð, frá því, sem verið hefur. Það hefur að vísu ekki nú síðustu árin komið til, að það hafi verið veitt af sveitarfélögum hærri upphæð til þessa en veitt hefur verið á fjárlögum. En áður var það þó svo, að það kom fyrir, að framlag sveitarfélaganna var hærra en framlag ríkissjóðs, og tafði það fyrir, að heilsuspillandi íbúðum yrði útrýmt, af því að sveitarfélögin töldu sér ekki fært að leggja fram, a. m. k. ekki ár eftir ár, miklu hærri upphæð en von var á að fá frá ríkissjóði á móti.

Ég held ég sjái ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta að þessu sinni, en eins og ég sagði áðan, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Þetta frv. var tvisvar tekið fyrir í hv. heilbr.- og félmn. Það var í raun og veru ekkert rætt þar, en umsagnar var óskað frá stjórn húsnæðismálastofnunarinnar. Sú álitsgerð var lögð fram á síðari fundi nefndarinnar. Þá óskaði ég þess við hv. formann þessarar nefndar, að hann færi þess á leit við formann þeirrar nefndar, sem frv. undirbjó, að hann kæmi á fund nefndarinnar til viðræðna. Ég hafði sérstaklega í huga, að spyrja hann nokkurra spurninga, sem ég óskaði að fá svarað, áður en n. afgreiddi málið frá sér. Þá brá svo undarlega við, að hv. formaður heilbr.- og félmn. neitaði gersamlega að verða við þeirri beiðni minni hlutans. Mér skildist það helzt á hv. form., að það þyrfti að hraða málinu og þess vegna væri ekki hægt að verða við umsókn minni. Síðan er liðinn a. m. k. hálfur mánuður og málið ekki tekið á dagskrá fyrr en nú, svo að ekki getur orsökin að þessari synjan hv. form. legið í því. Ég vil hafa orð á þessu, mér finnst þetta vítavert, að neita um jafnsanngjarna ósk og þá, sem ég bar fram, og ég tel, að það hafi verið alveg ástæðulaust að synja því. Ég vil sérstaklega finna að þessu, af því að ég tel, að hér hafi minni hlutinn verið óvirtur af meiri hlutanum að gersamlega þarflausu. Eins og við vitum allir, á minni hl., hvort sem er í n. eða í þd., miklu hlutverki að gegna hér á þingi eins og alls staðar þar, sem lýðræði og þingræði ríkir, og á kröfu á því, að til hans sanngjörnu óska sé fullt tillit tekið. Ég vil hins vegar finna að þessu og víta þetta, þó að ég hins vegar sé viss um, að í þessu tilfelli hafi frekar verið um hugsunarleysi að ræða hjá hv. form. n. en eitthvað annað.

Þetta stjórnarfrv., sem hér er til umr., er ekki mikið að ummáli eða efni. Í því felast sex breytingar á lögum um húsnæðismálastofnun, og engar þessara breytinga eru stórvægilegar. Það eru allt smávægilegar breytingar, sumar af þeim að mínum dómi til bóta, aðrar máske óþarfar.

Lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. eru sennilega vel úr garði gerð upphaflega. Þau voru samþ. á Alþ. árið 1957, og ég held, að til þeirra hafi verið vandað. Þess vegna var máske ekki frá því sjónarmiði séð mikil ástæða til breytinga. Hitt er svo annað mál, að framkvæmd laganna hefur ekki orðið með þeim hætti, sem þurft hefði að vera. Það er þar, að mínu áliti, sem skórinn kreppir að. Ég vil nefna tvennt sérstaklega í því sambandi. Það er hlutverk húsnæðismálastofnunar m. a. að vinna að því með ýmsum hætti, að byggingarkostnaður í landinu lækki. Að þessu hefur ekki verið unnið nógsamlega á undanförnum árum, enda þótt lögin geri ráð fyrir þessu. Í öðru lagi hefur ekki verið lögð nógu mikil áherzla á útvegun lána í samræmi við ákvæði laganna. Ýmsar fjáröflunarleiðir, sem þar eru tilgreindar, hafa lítt eða ekki verið farnar síðustu árin, og af því hefur leitt m. a., að byggingarsjóður ríkisins hefur ekki haft nándar nærri nógu mikið fjármagn. Þess vegna finnst mér, að það hefði verið sérstök ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja fram frv. til l. um breyt. á lögum um húsnæðismálastofnun, frv., sem hefði lagt megináherzlu á þessa tvo liði: lækkun byggingarkostnaðarins í landinu og aukningu byggingarlána. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert. Í stað þess kemur hún með lítið og vesældarlegt frv. um nokkrar smábreytingar á lögunum, sem í raun og veru skipta sáralitlu máli, þegar um aðalvanda þessa máls er að ræða. Þess hefði mátt vænta af hæstv. ríkisstj., að hún hefði gert þetta því frekar sem það er hennar sök, að byggingarkostnaður hefur stórhækkað og allir aðrir örðugleikar húsbyggjenda vaxið að sama skapi síðustu tvö árin. Dýrtíð hefur aukizt mikið, vextir af lánum hafa stórhækkað og erfiðleikar á að fá lán aukizt um allan helming á þessu tímabili, einmitt fyrir tilverknað hæstv. ríkisstj.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta atriði máli mínu til sönnunar. Það vita allir, hversu erfiðleikar við íbúðabyggingar hafa stóraukizt á síðustu tveim árum. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi, sem sýnir glögglega, hverjar afleiðingar þetta hefur haft, og það er tala fullgerðra íbúða í Reykjavík á undanförnum árum. Ég ætla að taka tveggja ára tímabil til samanburðar. Árin 1957—58 voru samanlagt fullgerðar í Reykjavík 1800 íbúðir, eða m. ö. o. 900 íbúðir að meðaltali hvort árið, en það voru tvö heilu ár vinstri stjórnarinnar. Árin 1960—61 voru aðeins fullbyggðar 1183 íbúðir, eða með öðrum orðum 591 íbúð að meðaltali hvort árið. Það voru viðreisnarár. Það er sem sagt fullgert í Reykjavík 617 íbúðum færra viðreisnarárin tvö en vinstri stjórnarárin tvö. Ég nefni þessar tölur, því að þær tala skýru máli um þá óheillaþróun, sem hefur orðið í íbúðabyggingum síðustu árin í Reykjavík, en svipað mun gilda um íbúðabyggingar um allt land.

Við fáum dálitla hugmynd um, hvernig þróunin verður áfram með sama hætti næstu ár, ef við lítum á tölu þeirra íbúða, sem byrjað er á á tilteknum árum. Það eru tölurnar frá 1960, en þá var aðeins byrjað á 342 íbúðum í Reykjavík, en árleg þörf mun vera 600—800 íbúðir á ári. Þetta sýnir, hver þróunin er, og lýsir að mínum dómi glögglega þörfinni fyrir að staðnæmast við þetta atriði málsins, afturför í byggingaiðnaðinum.

Ég hef ekki mikið að athuga við þær breytingar, sem felast í frv. hæstv. ríkisstj. Það á að fjölga stjórnendum í húsnæðismálastofnuninni um einn. Um það atriði skal ég ekki hafa mörg orð, en ég hefði talið á ýmsu öðru meiri þörf en að fara að fjölga í húsnæðismálastjórn. Það á að lengja kjörtímabil þessarar stjórnar um eitt ár. Það getur verið, að það sé gott og blessað. En það er harla lítilvægt, þegar um er að ræða þau raunverulegu vandamál þessarar stofnunar og hennar skjólstæðinga. Aðrar till., sem í frv. felast, tel ég vera til bóta meira og minna. Ég skal viðurkenna, að hækkun á hámarki lána til íbúðabyggjenda úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. er ekki mikils virði, á meðan algerlega ónógt fé er fyrir hendi til úthlutunar þessara lána. Ég skal líka viðurkenna, að það er ekki mikilsvert að heimila Landsbankanum að auka útgáfu vaxtabréfa, á meðan sami banki hefur til þessa engan veginn fullnýtt sína

heimild. Aðrar till. eru til bóta, eins og ég hef tekið fram, og skal ég ekki fara um þær frekari orðum.

Það er tvennt, sem hæstv. ríkisstj. hefði borið að leggja megináherzlu á, þegar hún lagði fram þetta frv.: Annars vegar að sjá til þess, að byggingarkostnaður lækkaði, og í öðru lagi að afla aukins fjár til útlána. Hvorugt hefur hún gert. Ég hef borið fram nokkrar brtt. við frv. og einmitt í þeim reynt að leggja megináherzlu á þessi tvö atriði: að byggingarkostnaðurinn verði lækkaður eitthvað og að möguleikar til útlána mættu aukast. Ég skal með nokkrum orðum gera grein fyrir þessum brtt. mínum, en þær eru á þskj. 387.

Í 1. brtt. legg ég til, að ársvextir af A-lánum byggingarsjóðsins lækki úr 8%, eins og þeir eru nú, niður í 4%. Þetta er gert að sjálfsögðu í því skyni, að það gæti orðið til þess að létta þær þungu fjárhagsbyrðar, sem nú hvíla á öllum íbúðabyggjendum.

Í 2. brtt. minni legg ég til, að lán ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis sé bundið því skilyrði m. a., að húsnæðismálastjórn hafi borizt fullgerðar teikningar og sundurliðuð kostnaðaráætlun, áður en framkvæmdir hefjast. Þetta er ekki í lögunum, eins og þau nú eru, og ekki heldur í stjórnarfrv. En það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið hafi einhverja tryggingu fyrir því, að því fé, sem það veitir sem lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sé vel varið, og það lágmark, sem ríkið hlýtur að krefjast, er, að áður en ríkissjóður greiði eða láti af hendi lánið, liggi fyrri fullgerðar teikningar og kostnaðaráætlun sundurliðuð, þannig að húsnæðismálastofnunin eða ríkissjóður geti gert sér grein fyrir því fyrir fram, til hvers verja eigi fénu.

Aðaltill. mínar fjalla um aukna fjárveitingu til þessara þarfa. Ég legg til, að Seðlabankinn veiti byggingarsjóði ríkisins 50 millj. kr. sem lán með 5½% ársvöxtum til íbúðabygginga á hverju ári í næstu fimm ár og sé þá reiknað með árinu 1962 sem fyrsta ári. Húsnæðismálastjórn skal ráðstafa þessum lánum í samræmi við sínar úthlutunarreglur. Þá legg ég til, að ríkissjóður greiði byggingarsjóði ríkisins 20 millj. kr. sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í samtals fimm ár. Ef þetta er samþ., fást með þessu móti næstu árin 70 millj. kr. sem viðbót til útlána. Það tel ég eftir atvikum ekki óverulega upphæð. Ef við það er bætt því fjármagni, sem byggingarsjóður ríkisins nú hefur til umráða, sem mun vera um 30 millj. kr. árlega, þá eru hér komnar 100 millj. kr., og þá væri innan handar að veita A-lánin með 4% ársvöxtum, en B-lánin með óbreyttum ársvöxtum, 5½%. Ef þetta yrði samþ., mundi mjög greiðast úr þeim erfiðleikum, sem nú steðja mest að, lánsfjárskortinum til íbúðabygginga.

Þá legg ég til, að heimild ríkisstj. til þess að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna sé felld niður. Ég tel eðlilegast og tryggast þessum sjóðum, að það sé ákveðið með lögum, hver vaxtakjörin séu. Það hefur verið svo lengst af, og ég veit ekki til, að það hafi gefizt illa. En aðalatriðið með þessari till. er auðvitað það, að vaxtakjörin verði ákveðin svo lág sem mögulegt er og þau þurfi engan veginn að vera háð vaxtakjörum annars staðar á lánamarkaðinum.

Ég legg til, eins og ég tók fram áðan, að vextir af A-lánum verði lækkaðir úr 8% niður í 4%. Þetta er gert í því skyni að lækka byggingarkostnaðinn. Ég flyt aðra till., sem hnígur að efni til í sömu átt. Hún er á þá leið, að íbúðarbyggjandi skuli eiga rétt á að fá endurgreidd úr ríkissjóði aðflutningsgjöld og söluskatta af byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft, enda sé íbúðin að hagkvæmni og stærð í samræmi við reglur húsnæðismálastofnunarinnar. Ef þessi till. yrði samþykkt, mundi það lækka byggingarkostnað stórkostlega mikið, því þótt ótrúlegt sé, hefur ríkið á undanförnum árum gert í því að auka byggingarkostnaðinn með óhóflegum sköttum á þessari starfsemi. Aðflutningsgjald á byggingarefni er mjög hátt og söluskattar sömuleiðis. Víða annars staðar en hér á landi mun ríkið ýmist sleppa þessum sköttum á byggingarefni til íbúða eða stilla þeim mjög í hóf. Hér er hvorugt gert, heldur hið gagnstæða. Það er níðzt á byggingarstarfseminni að þessu leyti. Ég held, að ég fari nærri réttu máli, þótt ég fullyrði, að fjögurra herbergja íbúð af ódýrustu gerð, en þó varanleg, muni lækka í verði um hvorki meira né minna en 80—90 þús. kr., ef horfið yrði að þessu ráði, að afnema eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatta af byggingarefni. Hér er því um mjög stóran lið að ræða, mjög mikilsvert atriði í þeirri viðleitni að reyna að lækka byggingarkostnaðinn hvað íbúðir snertir.

Ég hef nú lýst afstöðu minni til þessa frv. svo og þeim ágöllum, sem mér finnst sérstaklega á því vera, en það er vöntun á till. til lausnar meginvandanum við húsnæðisbyggingar í landinu. Ég hef einnig gert grein fyrir, hvernig ég hugsa mér, að hægt væri að bæta úr þessari vanrækslusynd hæstv. ríkisstj., og ég treysti því, að hæstv. þd. íhugi þessar brtt. og afgr. ekki málið frá sér í því ófullkomna formi, sem það er lagt fyrir hana.

Ég vil sérstaklega mælast til þess við hv. form. heilbr.- og félmn., að hann gefi nefndinni tækifæri til að athuga þetta mál betur og þær till., sem fyrir liggja, áður en þær hljóta hér ásamt málinu fullnaðarafgreiðslu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 9. þm. Reykv., kvartaði sáran undan því, að meiri hl. heilbr.- og félmn. og að því er mér skildist sérstaklega form. nefndarinnar hefði sýnt honum sem minni hl. í nefndinni sérstaka óvirðingu með því að fá ekki að ræða við formann undirbúningsnefndar þessa frv. við þær umr., sem fram fóru í nefndinni. Til að ganga nokkuð til móts við þessar óskir hans ætla ég mér hér á eftir að segja nokkuð almennt frá störfum húsnæðismálastofnunarinnar. En áður en ég vík að því í einstökum atriðum, vildi ég leyfa mér að svara nokkru af þeim fullyrðingum, er hann viðhafði í þessari sinni síðustu ræðu.

Það hefur glögglega komið fram og kom

mjög ljóslega fram við 1. umr. málsins, að þær tilvitnanir, sem hann vitnaði til um tölu fullgerðra íbúða á árunum 1957—58 og svo aftur á tveggja ára tímabilinu 1960—61, eru vægast sagt mjög villandi. Vegna lánsfjárskorts, ekki bara síðustu tveggja ára, heldur allt frá því að húsnæðismálastofnunin tók til starfa, hefur verið eitt af höfuðvandamálum þessarar stofnunar að útvega nægilegt lánsfé. Af þeim sökum, ásamt ýmsum blekkingum, sem viðhafðar hafa verið einmitt í kringum lagasetningar hér á Alþingi, hefur byggingartími íbúða orðið hér óhæfilega langur, eða allt að 3—4 ár að meðaltali. Þegar talað er um tölu fullgerðra íbúða á árunum 1957 og 1958, má því ætla, að það séu ekki íbúðirnar, sem byrjað var á á þessum árum, heldur á næstu 2—3 árum þar á undan. Mætti því langtum frekar ætla, að síðari talan, á árunum 1960—61, væri arfur hinnar svonefndu vinstri stjórnar og það væri sú tala, sem sú ríkisstj. gæti eignað sér í þessum málum, þegar höfð er hliðsjón af því, hve byggingartími er hér óhæfilega langur.

Áður hefur einnig verið minnzt á það hér í þessum umr., að á tveggja ára tímabilinu, þ. e. a. s. árunum 1957 og 1958, hækkar byggingarkostnaður um 21 stig, en á þremur árum næstu, þ. e. a. s. 1959, 1960 og 1961, hækkar hann um 32 stig samanlagt. Árleg hækkun er því meiri á byggingarkostnaði á þessum tveimur árum, sem ég fyrr nefndi, heldur en hinum síðari. Þetta er samkv. opinberum skýrslum.

Varðandi þær ádeilur hv. ræðumanns á húsnæðismálastofnunina, að ekki hafi verið nægilega unnið að framkvæmd þeirra lagaákvæða um stofnunina að lækka byggingarkostnað, vil ég, vegna þess að framkvæmdastjóri stofnunarinnar á hér ekki sæti og hefur ekki aðstöðu til þess að verja sitt mál, aðeins taka það fram, að tillögur frá honum sem forstöðumanni sér í lagi þessarar deildar stofnunarinnar hafa engar verið felldar, heldur langtum fremur allar samþykktar til þessa tíma, sem ég mun nánar víkja að hér á eftir. Það er þess vegna rangt, að ekki hafi verið að þessum málum unnið. Hins vegar hefur þessi s. l. tvö ár, sem frsm. minni hl. lagði sérstaka áherzlu á að útlista, verið við sömu erfiðleika að etja og öll ár stofnunarinnar, að ekki hefur verið hægt að fullnægja allri lánaeftirspurninni, svo sem nánar mun greint frá síðar í þessum orðum.

Ég hygg, að með þessu sé svarað því, sem svara er vert úr ræðu hans, og mun ég nú víkja að öðru því, sem ég vildi sagt hafa.

Við 1. umr. þessa máls vék ég örfáum orðum að lagasetningu um húsnæðismál almennt og því, hvað ég teldi, að áfátt hefði verið í þeim efnum. Til viðbótar þeim orðum mínum ásamt einstökum atriðum öðrum vildi ég nú segja nokkru frekar um þessi mál, auk þess sem ég tel það einnig sérstaka skyldu mína við þetta tækifæri að segja hv. þdm. frá störfum húsnæðismálastofnunarinnar, því þó að sú stofnun hafi með vissu millibili verið til umr. í blöðum og á málfundum, helzt fyrir kosningar, þá verður það að segjast eins og er, að þær umr. hafa reynzt húsbyggjendum heldur haldlitlar. Þegar frá eru dregnar aðfinnslur og dylgjur í garð stofnunarinnar sjálfrar og þeirra, er þar vinna hverju sinni, hafa þessar umræður fyrst og fremst mótazt af óskhyggju og beinum áróðri og blekkingum, sem eins og fyrr segir hefur lítt dugað húsbyggjendum í þeirra erfiðleikum. Hér á enginn einn sök á þessum óheillavænlegu blekkingum. Þar hafa allt of margir staðið að og eiga of margir sök á. Almenningur hefur litla aðstöðu til að vita í raun og sannleika um, hvaða störf eru unnin hjá stofnuninni né heldur hvaða tekjur stofnunin hefur til umráða. Þrátt fyrir, að liðin eru nálega 7 ár frá setningu laga um hið almenna veðlánakerfi og húsnæðismálastjórn, mun félmrn. ekki hafa verið gefnar sérstakar ársskýrslur fyrr en um s. l. áramót um störf stofnunarinnar. Að beiðni félmrh. hefur hins vegar verið unnið að skýrslum um einstök atriði á ýmsum tímum, þegar eftir því hefur verið óskað. Fundargerðabækur húsnæðismálastjórnar verða því að vera skýrslur fyrri ára um annað starf en sjálfar lánveitingarnar, en þær liggja fyrir í reikningum veðdeildar Landsbanka Íslands, sem hefur séð um afgreiðslu þessara lána. Í því ágripi, sem ég mun reyna að gera hér um störf stofnunarinnar, mun því fyrst og fremst stuðzt við ársskýrslur s. l. árs auk annarra heimilda, sem fyrr er frá greint.

Í 2. gr. gildandi laga er gefin mjög víðtæk heimild til hvers konar tæknistarfa í húsnæðismálunum, til hvers konar nýjunga, sem telja mætti til lækkunar byggingarkostnaðar. Samkv. heimildum þessum var samþ. á s. l. ári fjárhagsleg aðstoð við byggingu 5 íbúðarhúsa í tilraunaskyni. Er nú ýmist verið að undirbúa byggingu þeirra eða unnið að byggingunni, eitt er þegar orðið fokhelt. Þá var og samþykkt aðstoð við framleiðslustandarð eldhúsinnréttinga og ákveðin fjárupphæð til styrktar byggingu efnarannsóknardeildar atvinnudeildar háskólans. Framangreindar ákvarðanir tók húsnæðismálastjórn að fengnu áliti tækninefndar stofnunarinnar, en þá nefnd skipa auk framkvæmdastjóra hennar Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins, Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri ríkisins, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins, Skúli H. Norðdahl arkitekt og Ingibjartur Arnórsson húsameistari.

Í upphafi olli það miklum erfiðleikum í öllu lánveitingastarfi, hve víða bárust að lélegar og ófullkomnar teikningar með lánsumsóknum, sérstaklega þó utan af landi. Þetta var ein af höfuðástæðunum til þess, að ákveðið var að setja á stofn teiknistofu til þess að gefa væntanlegum húsbyggjendum kost á viðunanlegum teikningum með hóflegu verði. Stórfelld breyting hefur á orðið í þessum efnum, svo að það telst nú til undantekninga, ef léleg teikning berst. Frá því að teiknistofa stofnunarinnar tók til starfa, hefur hún selt teikningar af 520 íbúðum, þar af 117 íbúðum ásamt sérteikningum á s. l. ári, sem nær eingöngu hafa verið notaðar utan Reykjavíkur. Teikning ásamt öllum sérteikningum kostar nú 2 þús. kr., sem telja verður mjög vægt gjald, en höfðu til skamms tíma kostað aðeins 1500 kr. Það sem af er þessu ári og s. l. haust er sýnileg stóraukin eftirspurn

eftir hvers konar fyrirgreiðslu teiknistofunnar.

Á árinu 1958 ákvað húsnæðismálastjórn að stofna til eftirlits- og leiðbeiningastarfs, sérstaklega fyrir hina afskekktari staði. Á s. l. ári skoðaði eftirlitsmaður 117 íbúðir og skráði skýrslur um ástand þessara íbúða, sem velflestar voru byggðar samkv. teikningum frá teiknistofunni. Það er von húsnæðismálastjórnar, að starf þetta megi teljast til góðrar þjónustu, sér í lagi fyrir þá húsbyggjendur, sem erfiðasta aðstöðu eiga vegna fjarlægðar.

Þá hefur húsnæðismálastjórn talið sér skylt að vera í sem nánustu samstarfi við sams konar stofnanir á Norðurlöndum, bæði bréflega og með beinni þátttöku í norrænum ráðstefnum um byggingarmál, ásamt því að fá hingað sérfræðinga í þessum málum. Hingað til lands hafa einnig komið fyrir milligöngu Sameinuðu þjóðanna ýmsir sérfræðingar um byggingarmál og kynnt sér allar aðstæður okkar og síðan gert ýmsar tillögur þar að lútandi. Þess má geta, að á komandi sumri er væntanlegur hingað til lands bankastjóri norska Húsbankans til þess að lokinni veru sinni hér að gera tillögur um bætta skipan þessara mála hjá okkur, en hjá Norðmönnum eru þessi mál talin til sérstakrar fyrirmyndar. Á þessu umræddа ári, 1961, voru haldnir 98 bókaðir húsnæðismálastjórnarfundir, sem stóðu frá 1—7 klst. hver. Viðtalsdagar við umsækjendur voru 121. Lánveitingar námu á árinu 62 millj. 329 þús. kr., og afgreidd og fyrir tekin dagskrármál önnur voru 223. Frá veðdeild Landsbankans voru hins vegar afgreidd lán frá stofnuninni á þessu ári fyrir 78 millj. 233 þús. kr. Mismunur þessara niðurstöðutalna liggur í því, að síðasta lánveiting ársins 1960 fór fram á síðustu dögum þess árs, þannig að afgreiðsla meiri hluta þeirra lánveitinga fór fram á fyrstu vikum ársins 1961.

Nú kynni hv. þdm. að leika nokkur forvitni á að vita, hvernig þessara tekna var aflað. Skal nú skýrt frá því, en fram skal þó tekið, að hér er einungis um að ræða hin svonefndu A- og B-lán, sem veitt eru einstaklingum, en ekki þau lán, sem stofnunin veitti bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, en heildarupphæð þeirra hefur verið ákveðin í fjárlögum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því í frv. þessu að leggja á móti bæjar- og sveitarfélögunum ótiltekna upphæð, þ. e. a. s. að mæta sveitarfélögunum í þessum efnum án þess að vera bundinn af fjárupphæðinni í fjárlögum. Fram til þessa hefur sjóður þessi ávallt fullnægt fjárbeiðni bæjar- og sveitarfélaga, og inn á það skal frekar komið síðar.

Tekna ársins 1961 var aflað á eftirfarandi hátt: Með sérstökum samningi við Seðlabankann og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs fengust 25 millj. kr. Bréfakaup Landsbanka Íslands voru um 4 millj. kr. Tryggingastofnun ríkisins 1.5 millj. kr., Sjóvátryggingafélag Íslands 177 þús., Tryggingafélagið Andvaka 130 þús. og Almennar tryggingar 50 þús. Eigið fé byggingarsjóðs ríkisins var 30 millj. 20 þús. kr. Samtals 60 millj. 877 þús. Tilraun var gerð af hálfu ráðherra með samningaumleitanir við ýmsar fleiri fjármálastofnanir, t. d. banka og sparisjóði, án þess að árangur yrði af á því ári.

Afgreidd lán til umsækjenda frá veðdeild Landsbankans hafa á starfsárum stofnunarinnar annars verið svo sem hér skal nú greint:

Fyrsta afgreiðsla lánveitinga hófst 2. nóv. 1955, en fram til áramóta þess árs voru afgreiddar 27 millj. 434 þús. kr., árið 1956 63 millj. 655 þús., 1957 45 millj. 670 þús., 1958 48 millj. 769 þús., 1959 34 millj. 490 þús., 1960 52 millj. 171 þús. og árið 1961, eins og áður segir, 78 millj. 23 þús. kr. Samtals höfðu því verið veittar 350 millj. 212 þús. kr. frá upphafi veðlánakerfisins til síðustu áramóta.

Þann 15. ágúst 1961 fór fram athugun á því, hve margar íbúðir höfðu þá notið þessara lána, og reyndust það vera 4739 íbúðir, en þá var lánsupphæðin samtals orðin 324 millj. 693 þús. Varlegt virðist því að áætla, að nú í dag hafi yfir 5000 íbúðir fengið lán hjá stofnuninni.

Síðast þegar talning fyrirliggjandi lánsumsókna fór fram hjá stofnuninni, þ. e. a. s. 1. jan. s. l., reyndust þær vera 1579, en skiptust þannig: Þær, sem enga fyrirgreiðslu hafa hlotið, 722. Þær, sem einhverja úrlausn höfðu hlotið, 857. Umsóknir þessar hljóðuðu upp á rúmar 98 millj. kr. Í sambandi við umsóknafjölda þennan er rétt að taka það fram, að nokkur hluti þessa fjölda mun nú vera orðinn óraunverulegur, þar sem umsóknirnar hafa ekki verið endurnýjaðar síðan árið 1957, og mun því hluti elztu umsókna ekki lengur teljast meðal raunhæfra umsókna. Þar á móti kemur aftur óvenjulegur fjöldi lánsumsókna, sem borizt hefur það sem af er þessu ári, og stangast það nokkuð á við þær fullyrðingar, sem fram komu við 1. umr. málsins, að íbúðabyggingar í landinu væru að leggjast niður.

Ég hef hér reynt að draga upp nokkra svipmynd úr störfum húsnæðismálastofnunarinnar og ástandi í lánamálum. Þótt ég hafi ekki sérstaklega tekið fyrir s. l. ár, má vel af því ráða, hvernig þessi mál raunverulega standa, því að hinar óreglulegu athuganir, sem á undanförnum árum hafa farið fram, sýna, að á hinum ýmsu tímum hefur ekki verið svo ýkja mikill munur t. d. á fjölda fyrirliggjandi umsókna og þar af leiðandi á lánsfjárþörfinni sjálfri, eða frá 95 millj. til 130 millj. Að sjálfsögðu breytast þessar tölur nú, ef hækkun sú á hámarkslánum, er frv. gerir ráð fyrir, verður samþykkt. Ég hef reynt í þessari frásögn minni að halda mig einungis við staðreyndir í trausti þess, að þær mættu verða til nokkurra upplýsinga við umr. málsins.

Því hefur verið yfirlýst, að frv. þetta væri hugsað sem bráðabirgðabreyting á lögunum um stofnunina og þess vegna aðeins um að ræða breytingu á takmörkuðum hluta laganna. Af þeim umr., sem þegar hafa farið fram, verður ekki heldur ráðið, að sérstök andstaða sé við breytingar þær, er frv. gerir ráð fyrir, heldur virðist mér, að það sé helzt að fundið, eins og hjá hv. síðasta ræðumanni, að frv. skuli ekki vera víðtækara en það í rauninni er. Eftir jafnmargra ára starf hjá slíkri stofnun sem húsnæðismálastofnunin er eru þeir áreiðanlega fáir, sem efast um réttmæti þess, að staldrað sé

við og lögin um stofnunina endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu. Þess vegna var til þessarar endurskoðunar stofnað af hæstv. núv. ríkisstj., og stendur hún nú yfir. Sá hluti þeirrar endurskoðunar, sem birtist í þessu frv., er nánast leiðréttingar.

Varðandi þá breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á stjórn stofnunarinnar, er það að segja, að það verður að teljast rangt, að styrkleikahlutfalla stjórnmálaflokkanna allra á Alþingi gæti ekki í þessari stjórn eins og nánast öllum öðrum stjórnum, sem hv. Alþingi kýs. Persónulega legg ég slík rangindi að líku við þá upphaflegu stjórn, sem á þessum málum var, þegar aðeins tveir fulltrúar þáverandi stjórnarflokka fóru t. d. með allar lánveitingar. Síðan gerði vinstri stjórnin þá yfirsjón um sinn að útiloka þáverandi stjórnarandstöðu frá áhrifum á þessi mál, sem að vísu síðar var leiðrétt. Allar þessar miður góðu tilfærslur og sífelldu breytingar á yfirstjórn jafnviðkvæmra mála og hér um ræðir hafa stórlega torveldað þá festu og tiltrú, sem nauðsynleg er í jafnábyrgðarmiklu og viðkvæmu starfi og hér um ræðir, ekki hvað síst þegar við höfum verið jafnlangt frá því marki og raun ber vitni um að fullnægja eftirspurn allt frá byrjun þessa starfs til dagsins í dag. Meðan það er skoðun meiri hluta, já, jafnvel einróma skoðun Alþingis, að húsnæðismálastjórn skuli kosin af Alþingi, þá er það eins rétt, að styrkleikahlutföllin þar á hverjum tíma fái notið sín. Það ætti að fyrirbyggja tortryggni og sífelldar breytingar á yfirstjórn þessara mála.

Um 2. og 3. gr. frv. er áreiðanlega ekki ágreiningur, ef marka má tillögur og ræður hv. stjórnarandstæðinga, sem að venju finna það eitt að, að ekki sé nógu hátt farið. Brtt. hv. stjórnarandstæðinga, sem þegar liggja fyrir, bera þess glögglega vitni.

4. gr. frv. er nánast staðfesting á þeirri reglu, sem húsnæðismálastjórn hefur unnið eftir nokkur undanfarin ár. Hefur þetta verið gert til aðstoðar sveitarfélögum og þeim til léttis í lausn þess brýna vandamáls að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þá er, eins og fyrr er frá greint, ekki gert ráð fyrir bundinni upphæð í þessu skyni nú, heldur skal skylt að leggja jafnmikið fram og bæjar- og sveitarfélög kunna sjálf að leggja fram, og er því einnig hér um verulega bót að ræða.

Þessi umbót verður enn þá ljósari, þegar þess er gætt, að á yfirstandandi ári hefðu hinar fjárlagabundnu 4 millj. kr. ekki dugað Reykjavíkurbæ einum til þessara mála, og má þó fyllilega gera ráð fyrir, að önnur bæjarfélög hyggi á framkvæmdir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Eins og öllum hv. alþm. er sjálfsagt ljóst nú, er samkvæmt núgildandi lögum starf húsnæðismálastofnunarinnar tvíþætt. Annars vegar eru hin svonefndu tæknistörf, teiknistofa, útreikningar og áætlun byggingarkostnaðar og framkvæmd þeirra víðtæku heimilda, er 2. gr. laganna gerir ráð fyrir í nýjungum tæknimála. Hins vegar er svo sjálft lánveitingastarfið. Þó að verulega hafi markað í rétta átt í hinu almenna tæknistarfi stofnunarinnar, þá skal það þó fúslega viðurkennt, að mikið er enn óunnið og betur hefði mátt gera. Vonandi tekst að vinna enn betur að þeim hlutum í næstu framtíð, því að ekki er einhlítt að útvega aukið fjármagn, ef ekki tekst á sama tíma að þrýsta niður hinum gífurlega byggingarkostnaði, þ. e. að gera húsnæðiskostnaðinn lægri, en það er áreiðanlega ein raunhæfasta kjarabót, sem hægt væri við að koma almenningi til handa í dag. Til lausnar þeim vanda dugir lítið óskhyggja eða hvers konar tillöguflutningur byggður á henni, fluttur hér á hv. Alþingi, í bæjarstjórnum eða blaðaskrif, byggð á þeim sama sandi. Þar verður til að koma þrotlaust starf okkar færustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta og þá ekki hvað síst byggingarmannanna sjálfra, sem gerst vita, hvar skórinn kreppir að í þessum málum. Lóðaúthlutanir bæjar- og sveitarfélaga geta hér einnig lagt mikla hönd að. Er t. d. ekki athugandi að úthluta samtökum mynduðum af fyrrgreindum aðilum heilum landssvæðum til byggingar íbúðarhúsa í stað þess að úthluta einni lóðinni þar og annarri hér? Slík samtök ættu að hafa aðstöðu til þess að byggja fjölda íbúða samkvæmt fyrirframgerðu skipulagi og áætlun, sem á að geta staðizt, og þannig lækkað sjálfan byggingarkostnaðinn. Út á slíkar framkvæmdir ættu þessir aðilar að geta notið fjárhagslegrar aðstoðar húsnæðismálastjórnar skv. gildandi lögum. Lítill vafi er á því, að það háir stórlega möguleikum til lækkunar byggingarkostnaðar, hvað framkvæmdaaðilar hér eru margir í byggingariðnaði, og ná mætti meiri árangri til lækkunar með færri en stærri og betur skipulögðum aðilum, sem þá gætu orðið fjárhagslegrar aðstoðar aðnjótandi í verðlaun fyrir góðan árangur. Út á þessa braut hafa nágrannaþjóðir okkar farið með mjög góðum árangri. Þannig mætti minna á mörg atriði fleiri, sem úrlausnar bíða, en gætu orðið mikilvæg í lausn þess vanda að lækka stærsta útgjaldalið almennings, húsnæðiskostnaðinn. Til þessa skortir ekki lagaheimild, hún er til í núgildandi lögum.

Varðandi hinn aðalþáttinn í starfi stofnunarinnar, fjáröflun og lánveitingar, þá hef ég þegar gert nokkra grein fyrir ástandi þeirra mála frá upphafi til þessa dags. Þrátt fyrir verulega aukið fjármagn til ráðstöfunar s. l. ár má öllum vera ljóst, að allmikið vantar á, að þörfinni sé fullnægt. Fastar tekjur stofnunarinnar hafa reynzt að vera frá 29 til 34 millj. kr., og hefur þó úr þeim dregið vegna minnkandi tekna af skyldusparnaði, sem virðist munu ganga í sjálfan sig sem tekjulind á næstu 2—3 árum vegna stóraukinna endurgreiðslna. Frjálsi sparnaðurinn, sem gildandi lög gera ráð fyrir, hefur enginn orðið, enda lítt girnilegur, þar sem fríðindi með innlögum þar eru lítil. Við framhaldsendurskoðun laganna finnst mér persónulega vel koma til álita einhvers konar skattfríðindi fyrir innlög samkvæmt þeirri grein laganna, en það munu t. d. Vestur-Þjóðverjar hafa gert á undanförnum árum með mjög góðum árangri. Slíkar aðgerðir þurfa þó verulegrar aðgæzlu við, þar sem þær eru nátengdar annarri fjáröflun ríkisins. Langstærsti tekjuliðurinn hefur þó verið umsamin framlög ýmissa fjármálastofn-

ana, eins og áður er frá greint um tekjur s. l. árs. Margir þessara aðila viku sér á s. l. ári undan framlagi til þessara hluta með ýmsum mótbárum, sem ekki er þörf á að rekja hér. Persónulega hef ég verið þeirrar skoðunar, að ná mætti þessum framlögum með samningum við hlutaðeigandi aðila. Sýni það sig hins vegar nú, að samningaleiðir í þessum efnum sé ekki fær eða árangur fáist ekki, þrátt fyrir að sömu aðilar fáist ekki heldur til að lána í byggingar íbúðarhúsa og vísi í þeim efnum til húsnæðismálastjórnar, þá er ekki nema um tvær leiðir að ræða: í fyrsta lagi að lögbjóða ákveðin skylduframlög eða í öðru lagi að leggja lánveitingastarf stofnunarinnar niður og fela það öðrum starfandi lánastofnunum, því að óþarft ætti þá að vera að halda uppi sérstakri starfsemi um útdeilingu þessara fastatekna, sem nú eru möguiegar. Þessar stofnanir yrðu þá að taka upp hjá sér sérstök veðdeildarlán, þ. e. a. s. hliðstæða starfsemi og Landsbankinn annaðist á árunum fyrir styrjaldarárin, og sjá um fjárhagslegar þarfir almennings í þessum efnum, þar sem á vantar, hver að sínum hluta. Sjálfur trúi ég því, að samningaumleitanir þær, sem nú standa yfir, beri árangur, og held, að þessum málum sé bezt komið á einum stað, bæði vegna þeirra, er leggja fram fé, og hinna, er lánin eiga að fá. Með sérstöku tilliti til þeirrar hámarkshækkunar lána, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt að hækka fastar tekjur stofnunarinnar, og mun endurskoðunarnefndin væntanlega taka þetta atriði til meðferðar og gera sínar till. þar um umfram það, sem gert kann að vera áður með samningum í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, sem ég drap á í upphafi þessara orða minna og reynd ar við fyrri umr. málsins einnig, að hv. alþm. láti umr. um þessi mál byggjast á rökum, en ekki óskhyggju, eins og svo oft hefur áður borið á, þegar þessi mál hafa verið til umr., og of marga hefur blekkt út í fyrir fram vonlaust skuldafen, sem orðið hefur viðkomandi að ævilöngu böli.

Okkur er hollt að minnast þess, að allir núv. þingflokkar hafa átt aðild að ríkisstj. á þeim árum, sem húsnæðismálastofnunin hefur starfað. Öllum þessum stjórnmálaflokkum hefur því gefizt tækifæri til þess að láta ljós sitt skína í þessum málum. Það virðist t. d. vera afar einföld lausn þessa vanda að leggja til, að erlent lán yrði tekið til þess að ná endum saman. Engin ríkisstj. hefur þó lagt þetta til, og gegn slíkum till. hefur ávallt verið beitt sömu rökum: Erlent lán má ekki taka nema til framleiðsluatvinnuveganna eða í þágu þeirra. Lán til fjárfestingar í öðrum greinum verða að vera mynduð af innlendum stofnum, en með þessum rökum hafa erlendar lántökur verið hindraðar af fjórum ríkisstjórnum með sömu rökum. Enn fremur getum við með aukinni sparifjármyndun vænzt þess, að nýir möguleikar opnist í þessum efnum, þó að óneitanlega virðist nú margir telja sig eiga rétt í þann sjóð. Ég leyfi mér hins vegar að efast stórlega um, að allir þeir mörgu aðilar, sem telja sig eiga tilkall í þetta fé, geti byggt kröfur sínar á jafnfrumstæðum réttindum og þeim að geta búið fjölskyldu sinni mannsæmandi húsaskjól.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki ræða sérstaklega þá löngu ræðu, sem hv. 10. þm. Reykv. var að enda hér við. Mér virðist, að svona 90% af ræðunni eigi ekki beint við þetta frv., en þann hlutann, sem beint kom inn á frv., vil ég þó aðeins drepa á hvað snertir tvö eða þrjú atriði. Ég held, að það hafi verið eitt af því síðasta, sem hann nefndi, að aðilar hafi dregið við sig að leggja fram lánsfé til bygginga, sem vænzt var að gerðu það á s. l. ári, komið sér undan því, eins og hann nefndi, og sagði hann, að gegn slíku væri varla um annað að ræða en að lögbjóða slík framlög. Mér sýnist, að þessar upplýsingar spái ekki góðu um það, að allir fái 150 þús. kr. lán, sem gefið er í skyn með stjórnarfrv., fyrst svona er. Og hvað kemur til, að ekki eru gerðar einhverjar ráðstafanir til þess með þessu frv. að tryggja betur fé til lánanna?

Annað atriði, sem hv. þm. drap á, var það, að hann skýrði frá, hve mikið lægi fyrir af umsóknum um lán og væri það sízt meira hlutfallslega en áður, heldur minna, og tók hann þetta sem mælikvarða á lánsfjárþörfina. M. ö. o.: ef ég sé fram á það, að ég hef engin efni á að byggja, og sæki þess vegna ekki um neitt lán, þá hef ég enga þörf fyrir að byggja. Þetta held ég að sé hæpinn mælikvarði, að umsóknirnar sanni nokkuð um þörfina. Þörfin getur verið gífurleg, en ef fólkið hefur ekki efni á að byggja, þá sækir það ekki um lán.

Eitt atriði skal ég að lokum drepa á, sem hann nefndi. Það var það, að hækkanir á byggingarkostnaði hefðu orðið meiri í tíð vinstri stjórnarinnar en núv. hæstv. ríkisstj. Hann nefndi tölur, en ég náði þeim ekki niður á pappír, hann væri vís til að láta mig fá þær seinna. En eitthvað var hann að vitna í vísitölu. Nú hafa þessar vísitölur byggingarkostnaðar verið birtar í Hagtíðindum um nokkurra ára skeið, og ætti þetta atriði ekki að þurfa að fara milli mála. Vísitala byggingarkostnaðar í febrúar 1957 var 113, í febrúar 1959 133, hún hafði hækkað um 20 stig. Vísitala byggingarkostnaðar í febrúar 1960, þegar viðreisnin var að byrja, var 132, vísitalan í febrúar núna er 173, hún hefur hækkað um 41 stig. En ef hv. þm. vill heldur fá þetta í krónum, og það er eiginlega betra, þá eru þær tölur til líka. Rúmmetrinn í íbúð kostar samkv. skýrslum hagstofunnar í febrúar 1957 1054.70 kr., í febr. 1959 1233.10 kr. Rúmmetrinn hafði þá hækkað um 178.70 kr. á þeim árum. Rúmmetrinn í febr. 1960 kostaði 1231.01 kr. En hvað kostar hann núna í febrúar? Það er búið að reikna þetta út, hann kostar 1607.61 kr. Hækkunin á þessum tveimur árum er 376.60 kr. á hvern rúmmetra í íbúð. (**EggÞ:** Vill þm. endurtaka þetta.) Hv. þm. skal fá þetta allt á blaði á eftir. Hv. frsm. félmn. gat þess, að þessar brtt. tvær, sem nú liggja fyrir við þetta frv., hafi komið, eftir að nefndin afgreiddi málið frá sér. Það er rétt. Fulltrúi Framsfl. í heilbr.- og félmn. var fjarverandi vegna veikinda um nokkurt skeið, og ég ætla, að það hafi verið daginn eftir að hann

veiktist, að málið var afgreitt frá nefndinni, og enginn fulltrúi frá þeim flokki tók þess vegna þátt í störfum hennar. Mér var ætlað að taka sæti sem fulltrúi Framsfl. í n., en þegar ég ræddi um það við formann nefndarinnar, var búið að afgreiða málið. Ég hef af þessu tilefni flutt brtt. á þskj. 423 við frv. Nú hef ég rætt um þetta við formann og hv. frsm. n., hvort hv. nefnd vilji ekki athuga brtt. mína milli umr. Ég hef fengið góðar undirtektir, og skal ég taka það fram, að ef hv. nefnd fellst á að athuga þá brtt. á milli umr., mun ég taka hana aftur við þessa umr. En till. er þess efnis, að lánveitingar til íbúða hækki úr 150 þús. kr., eins og lagt er til í frv., í 200 þús. kr. á íbúð. Ég hef reyndar strax drepið á ástæðuna fyrir því, að farið er fram á að hækka þetta mark. Það er vegna hinnar miklu hækkunar á byggingarkostnaði, sem orðið hefur, síðan þessi lög voru sett 1957. Skv. lögunum má hámark lána ekki fara yfir 100 þús. kr., en samkv. þessu frv. má það ekki fara yfir 150 þús. kr. Við framsögu þessa máls ræddi hæstv. ráðh. um það, að í raun og veru hefðu lánin aldrei verið 100 þús. kr., heldur aðeins 70 þús. kr. í framkvæmd. Þetta mun vera rétt, að almennt voru ekki veitt 100 þús. kr. lán lengi vel, en nú ætla ég, að það megi heita regla, að menn fái 100 þús. kr. lán samkv. gildandi lögum, en hér er aðeins um 50 þús. kr. hækkun að ræða. Hitt sjáum við svo líka, að það er ekki meiri trygging fyrir því nú, að lánin geti orðið 150 þús., heldur en var 1957, að þau gætu orðið 100 þús., og síður en svo, að það sé meiri trygging eftir orðum hv. 10. þm. Reykv. að dæma hér áðan.

Til þess að gera sér grein fyrir efnahagslegum möguleikum manna til bygginga nú og fyrir fimm árum, þegar lögin voru sett, þarf að kynna sér, hvað byggingarkostnaðurinn hefur hækkað og hversu mikið það er, sem menn verða að leggja af mörkum sjálfir eða útvega með öðrum hætti til þess að geta komið upp íbúðum sínum. Það má að sjálfsögðu deila um það, hvað eru meðalíbúðir að stærð. Nú hefur húsnæðismálastjórnin sínar reglur um þetta, hvað hún lánar til stórra íbúða. Og hámark þeirra íbúða, sem stjórn byggingarsjóðs lánar til, er 360 m³. Það fer því ekki á milli mála, að það eru engar óhófsíbúðir. Það er engin óhófsíbúð, þó að hún sé 360 m³. Varla hefur stjórn byggingarsjóðs farið að lána fé af svo skornum skammti sem hún hefur haft það til óhófsíbúða. Nú ætla ég ekki að telja 360 m³ íbúð meðalíbúð, en ég fullyrði, að 320 m³ íbúð er ekki ofan við meðalíbúð. Hvað kostaði þá 320 m³ íbúð fyrir 5 árum, þegar lögin voru sett? Hún kostaði samkv. skýrslum hagstofunnar eða samkv. vísitölu byggingarkostnaðar, sem hagstofan hefur í skýrslum sínum, um 337 þús. kr. eða rúmmetrinn 1054.70 kr. Af þessari upphæð var möguleiki til að fá 100 þús. kr. lán, sem varð þó ekki 100 þús. kr. nema kannske einstaka sinnum, en er þó orðin regla að heita má nú. Þessi maður þurfti því að leggja fram eða afla sér fjár á annan hátt, sem nam 237 þús. kr. Sams konar íbúð kostar nú ekki 337 þús. kr., heldur 514 þús. kr. samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Íbúðin hefur hækkað um 177 þús. kr. á þessum fimm árum. Og þótt svo vel tækist til, að byggjandinn fengi 150 þús. kr. lán, sem engin trygging er þó fyrir, þá þyrfti hann samt að leggja fram eða afla sér fjár á annan hátt, sem nemur 364 þús. kr., eða um 127 þús. kr. meira en hinn þurfti 1957. Svona er útlitið fyrir þá, sem þurfa að byggja sér íbúðarhús nú. Á þessum rökum er það, sem ég byggi það að flytja þá till., sem ég flyt, að hámark lánanna megi vera 200 þús. kr. Og þótt sú till. yrði samþ., nemur þessi hækkun frá því, sem er í stjórnarfrv., ekki helmingnum af hækkun byggingarkostnaðarins, sem orðið hefur á tveimur árum, því að tvö s. l. ár eða frá febr. 1960 til febr. 1962 hefur 320 m³ íbúð hækkað um 120 þús. kr. Fyrir skömmu var afgreitt frá þessari hv. deild frv. um lánveitingar úr fiskimálasjóði. Sjútvn. var sammála um að hækka hámark lána úr 150 þús. í 400 þús. og byggði það á því m. a., að jafnvel þótt sjóðurinn hefði ekki efni á því, eins og sakir stæðu, að lána svo mikið, þá væri þetta ekki nema heimild, og ef fjárhagur sjóðsins gerði betur, þá væri þó heimildin til. Ég lít nákvæmlega eins á þetta mál. Það skaðar ekki neitt, þó að tekin sé upp í lögin heimild til að lána allt að 200 þús. kr. Sjóðurinn kann að hafa efni á því. Ég vænti þess, að hv. heilbr.- og félmn. vilji því athuga þessar tillögur á milli umræðna.

Annað atriði í þessu máli er ákaflega mikilsvert fyrir þá, sem byggja, en það eru vextirnir af lánunum. Ég hef ekki flutt brtt. um það, en það er vegna þess, að framsóknarmenn í hv. Nd. hafa flutt slíka till. fyrir löngu um almenna lækkun vaxta. Yrði sú till. samþ., næði hún auðvitað til vaxta á þessum lánum eins og öðrum, og er því ekki aðkallandi að flytja hliðstæða till. hér í þessari hv. d. um þetta eina mál. En það er ekkert hégómamál að fá vextina lækkaða, því þótt gott sé að koma sér upp íbúð, þá er hitt ekki minna um vert að geta átt hana og búið í henni, eftir að hún er komin upp.

Ég skal ljúka máli mínu með því að endurtaka þá ósk mína, að hv. nefnd vilji athuga þessa brtt. mína á milli umr., og ef hún getur fallizt á það, þá mun ég taka hana aftur við þessa umræðu.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Út af þeim ásökunarorðum, sem hv. 9. þm. Reykv. bar hér fram í minn garð sem formanns heilbr.- og félmn. þessarar deildar, vildi ég leyfa mér að segja nokkur orð. Ásökun hans var þess efnis, að ég hefði neitað sér um það að kveðja á fund nefndarinnar formann þeirrar n., sem frv. þetta samdi. Ef um einhverja sök hefði verið að ræða, þá er að vísu ekki við mig einan að sakast. Hann bar fram þessa ósk sína á nefndarfundi, og meiri hluti n. var sömu skoðunar og taldi þetta alveg óþarft, eins og bókað er í fundargerðabók nefndarinnar. Og ástæðurnar til þess, að meiri hl. n. taldi þetta óþarft, voru tvenns konar. Það var, að þetta frv. væri ekki það margþætt, í því fælust svo litlar breytingar, eins og hann reyndar viðurkenndi sjálfur í sinni ræðu, að það væri ekki sérstök þörf á því að kveðja formann nefndarinnar, sem frv. samdi, til um-

ræðna um málið, þó að það geti að vísu ávallt verið álitamál nokkurt, hvað nefndir eigi að ganga langt í því að kalla fyrir sig menn, sem geta gefið skýringar og upplýsingar, og að afla gagna. Hin ástæðan, sem var þó, að ég tel, enn þá veigameiri af hálfu nefndarinnar, var sú, að formaður þeirrar nefndar, sem frv. samdi, á sæti í þessari hv. deild, eins og öllum er kunnugt, en það er hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ). Meiri hluti nefndarinnar áleit því, að hv. 9. þm. Reykv. væri það mjög í lófa lagið að hafa samband við þennan mann og fá hjá honum hverjar þær upplýsingar, sem hann óskaði, þar sem hann hittir hann hér daglega í deildinni. Auk þess gæti hann fengið þessar upplýsingar líka beinlínis við umr. um málið hér í d., enda hefur nú formaður n., sem frv. samdi, haldið hér skilmerkilega ræðu um þetta. Það var því af fyllilega eðlilegum ástæðum, að það var talið algerlega óþarft að kveðja formann n., sem frv. samdi, á fund heilbr.- og félmn. En hins vegar var það tekið fram, að ég skyldi sjá til þess, að hann fengi að ræða við hann, að hv. 9. þm. Reykv. gæti fengið viðræðufund við formann frumvarpsnefndarinnar, ef hann óskaði þess, en hann kom aldrei til mín til þess að æskja þess, að ég kæmi þessum viðræðufundum á, enda, eins og ég hef margtekið fram, var það í sjálfu sér alveg óþarft, þar sem hann gat haft mjög greiðan aðgang að þessum manni án minnar milligöngu.

Þá er það líka rétt, sem kom hér fram, að þetta frv. var í n. afgr. að fulltrúa Framsfl. fjarstöddum. Hann var veikur og hafði verið það um nokkurt skeið. Það var þess vegna ekki talið hægt að bíða. Þar sem nú gengur inflúenzufaraldur í bænum, var alltaf hægt að búast við því, að einn og einn nefndarmaður væri veikur, og ógerlegt að fresta fundum nefndarinnar eftir því. Strax og ég vissi það, að hv. fulltrúi Framsfl. í nefndinni væri veikur, kom ég hér að máli við tvo hv. flokksbræður hans, sem sæti eiga í þessari deild, og spurði þá, hvort einhver maður úr þingflokknum hefði verið valinn til þess að mæta í hans stað, og þeir sögðust ekki vita til þess og höfðu lítil svör um það. Það var svo ekki fyrr en nokkrum dögum seinna, þegar búið var að halda fundinn, að hv. 4. þm. Vestf., sem hér talaði áðan, gaf sig fram og sagðist eiga að mæta í nefndinni, og ég tel, að ég eigi þar enga sök á.

Út af tilmælum þeirra hv. þm., sem hér hafa flutt brtt. við frv., tel ég eðlilegt, að nefndin taki þessar tillögur til athugunar, áður en 3. umr. málsins fer fram, ef þeir draga tillögur sínar til baka til 3. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég fer nú að skilja betur afstöðu hv. 9. landsk. sem formanns heilbr.- og félmn., eftir að þessar ræður hafa verið haldnar hér af fulltrúum stjórnarandstöðunnar, sem þegar hafa til sín látið heyra. Annar þeirra, sem mættur var á fundinum, kvartaði yfir því að fá ekki upplýsingar frá undirbúningsnefndinni og þá sér í lagi viðræður við mig um þessi mál. Þegar þessar upplýsingar eru svo látnar í té og allt er tínt til, sem máli skiptir, varðandi stofnunina og framkvæmd þessara laga, þá rís hinn stjórnarandstæðingurinn upp og segir, að 90% af þeirri ræðu, sem þar var haldin, hafi verið óþarft. Ég fer að skilja, að það er dálítið erfitt að fullnægja óskum stjórnarandstöðunnar, ef þær eru ekki í meira samræmi hver við aðra heldur en raun ber vitni um í þessu máli.

Ég vildi gjarnan, að hv. 4. þm. Vestf. hefði fundið orðum sínum meiri stað en þessa einu fullyrðingu og sagt þá, hvað úr ræðu minni hafi ekki skipt máli í sambandi við hugleiðingar um húsnæðismál, sem óneitanlega koma upp í sambandi við umr. um þetta frv. Ég hygg, að við nánari athugun verði að líta svo á, að þetta sé meira fullyrðing heldur en hitt, að ekki hafi allt verið málinu viðkomandi, sem þar var sagt. Mætti það kannske helzt að finna, að þar væri ekki nógu ýtarlega frá einstökum hlutum sagt, en um það verður ekki deilt, að það var þörf á því, að þessar upplýsingar væru gefnar.

Þá lagði ræðumaður á það sérstaka áherzlu, að ég hefði ekki fundið aðra leið til tekjuöflunar fyrir byggingarsjóðinn en að lögbjóða skylduframlög lánastofnana, en lagði svo áfram út frá þessum punkti sínum með því að segja, að það væru þá ekki miklar líkur til þess, að sú lánahækkun, sem frv. gerði ráð fyrir, fengi staðizt í raunveruleikanum. Þetta er náttúrlega að halla réttu máli, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið. Ég held sannarlega, að ég hafi alla tíð verið þeirrar skoðunar, að tekjum til stofnunarinnar ætti að ná með samningum. Hins vegar hafði það sýnt sig á s. l. ári, að ýmsir aðilar höfðu hliðrað sér hjá að láta fé í þessu skyni, og ef það sýndi sig æ ofan í æ, að samningaleiðin væri ekki fær, þá yrði að grípa til tveggja annarra leiða, er ég gat um, og önnur þeirra var lögboð. Að ég hafi ekki fundið aðra leið í þessu skyni, er því alrangt, eins og ég vona að ræða mín beri með sér, þegar hún kemur af segulbandinu. Og svo kom þessi geysilega sterka niðurstaða, í ræðu hans: Ef fólkið hefur ekki efni á því að byggja, þá sækir það ekki um lán. Af hverju er lánsfjárþörf yfirleitt mörkuð hjá lánastofnunum? Er það ekki sá eini mælikvarði, sem hægt er að hafa í þeim efnum, umsóknafjöldinn, sem fyrir liggur. Það er svo annað mál, hvað sérfræðingar í þessum efnum telja. Þeir telja, að íbúðaþörfin í landinu ætti að vera áætluð með hliðsjón af tilflutningi fólks, endurnýjun gamalla húsa og fólksfjölgun. En lánsfjárþörf einnar stofnunar verður að miðast við þær umsóknir, sem fyrir liggja á hverjum tíma, því að það eru, sem betur fer, fleiri aðilar í landinu, sem lána til þessara mála, heldur en einungis byggingarsjóður ríkisins, þó að hann sé þar allra stærstur, t. d. lífeyrissjóðir, veðdeild Búnaðarbankans, svo að nokkuð sé nefnt, og ýmsir sparisjóðir á landinu, sem hafa aðstoðað mjög drengilega í þessu efni.

Mikla áherzlu lagði hv. þm. á að koma því fram, að það hefði verið rangt í minni ræðu, að byggingarkostnaður hefði á tveim árum vinstri stjórnarinnar, 1957 og 1958, hækkað minna en á næstu árum á eftir, og bendir þar á tölur í Hagtíðindum, sem hann sagði vera og

ég efast ekki um að hann lesi rétt. Ég hef hér hins vegar Fjármálatíðindi, þar sem að sagt er, að í febrúar 1957 er byggingarvísitalan 113 stig, en í október 1958 er hún 134 stig, þ. e. a. s. hún hefur hækkað um 10.5 stig hvort árið um sig að meðaltali. Á árunum 1959, 1960 og 1961 hækkar byggingarvísitalan úr 133 stigum í 168, það er að segja um 10.3 stig á ári til jafnaðar. Nú vill þm. sjálfsagt minna á það, að á árinu 1959 hækkar vísitalan ekki. Margoft hafa þessir sömu aðilar þó sagt og vilja bókstaflega leggja á það megináherzlu, að það hafi ávallt verið sama ríkisstj. hér allan þennan tíma, þeir, sem vægara hafa þó farið í, hafa sagt, að hún hafi verið studd af sömu stjórnmálaflokkum. Ef við föllumst á það, þá er það staðreynd, að á þessum þrem árum hefur byggingarvísitalan ekki hækkað nema um 10.3 stig, en um 10.5 á tveim árum vinstri stjórnarinnar. Þetta er töluleg staðreynd í þessu tímariti.

Og slaufan á öllum rökum hv. þm. var svo sú, að fiskimálasjóður og hækkun lána hjá honum væri alveg sambærileg við byggingarsjóð ríkisins. Nú gegna þeir svipuðu hlutverki sinn á hvorum stað. Hann hefur lýst því yfir, sem ég hygg að sé ekkert leyndarmál, við umr. um hækkun heimildar til að lána úr fiskimálasjóði, að sjóðurinn hafi á s. l. tveimur árum fullnægt öllum beiðnum að hámarki samkvæmt sínum lögum. (Gripið fram í.) Er nú hægt að jafna því saman, ef samkvæmt þeim tölum, sem ég lýsti í minni fyrri ræðu, að vantaði og hefði vantað frá 95 upp í 130 millj. hvert einasta ár, sem byggingarsjóðurinn hefur starfað, og svo því, að fiskimálasjóður fullnægir á s. l. tveimur árum a. m. k. sínum lánbeiðnum? Ég hygg, að það séu ekki sömu forsendur, sem geti legið til heimildahækkunar, enda er heimildahækkun, eins og ég vildi leggja áherzlu á í minni ræðu áðan, engin hagsbót fyrir húsbyggjendur. Heimildin var gefin 1955, þegar lögin voru þá út gefin, upp í 100 þús. kr. Allt fram til ársins 1958 er þó aldrei farið yfir 70 þús. kr. lán. Til hvers var heimildin upp í 70 þús. kr.? Að hvaða gagni kom hún nokkrum húsbyggjanda? Höfuðatriðið er að sjálfsögðu, og það vona ég, að hv. 4. þm. Vestf. eins og aðrir hv. þdm. geti verið mér sammála um, að hægt sé að standa við það hámark, sem lögin ákveða, en ekki, hvað þau heimila langt fyrir ofan allan raunveruleika.

Að þessum orðum mínum sögðum vona ég, að því sé svarað, sem máli skiptir, úr því, sem fram hefur komið um þessi mál.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Sú athugasemd er í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um vinnubrögð í heilbr.- og félmn. Í þeim umr. hefur komið fram viðhorf og skoðun af hálfu hv. formanns þeirrar n. svo og frsm. meiri hl., sem ég sem minnihlutamaður hér vil ekki láta ómótmælt og vil láta þau mótmæli mín koma fram í þingtíðindum, því að ég álít, að ef sú skoðun og það viðhorf, sem þar er haldið fram, ætti að skapa fordæmi fyrir vinnubrögðum hér á hv. Alþ., þá væri það mjög hættulegt og varhugavert. En meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur, eftir því sem upplýst er, skorazt undan því að kalla á fund n. formann þeirrar n., sem samdi þetta frv. Nú er það út af fyrir sig svo, að það hlýtur að vera undir mati meiri hl. hverju sinni komið, hvort hann verður við slíkum tilmælum eða ekki, hvort hann telur þörf á því eða ekki, þó að ég hyggi, að það sé venja yfirleitt að verða við slíkum tilmælum. En sú ástæða, sem borin var fram fyrir því, að það hefði ekki verið gert, er að mínu viti ekki eðlileg og í alla staði óþingleg, þar sem því var haldið fram, að það hefði ekki verið ástæða til að kalla formanninn fyrir nefndina í heild, en hins vegar hefði einum einstökum nefndarmanni verið í lófa lagið að hafa samband við þennan formann þeirrar n., sem samdi frv., af því að hann ætti sæti hér á þingi og í þessari hv. deild, og jafnframt boðizt til þess af hálfu formanns nefndarinnar að koma á sambandi á milli þeirra, þess, sem óskaði eftir upplýsingum frá formanni undirbúningsnefndarinnar, og formannsins. Í fyrsta lagi álít ég, að það séu ekki rétt né þingleg vinnubrögð að vísa mönnum á það, að þeir geti haft bara óformlegt samband við hvern af sínum þingdeildarbræðrum á þennan hátt, ef fjallað er um mál í nefnd. Í annan stað hlýtur það að vera svo, að þegar einhver þingnefndarmaður óskar eftir upplýsingum, þá óskar hann eftir því, að þær upplýsingar komi fram á fundi þingnefndarinnar, vegna þess að eftir þeim hlýtur oftast nær að vera óskað í þeirri meiningu, að þær hafi áhrif á gerðir þingnefndarinnar, og því höfuðnauðsyn, að þingnefndin öll sé þar viðstödd og hlýði á þær, en ekki aðeins sá eini maður, sem óskar eftir upplýsingunum. Það er auðsætt, að upplýsingar, sem þannig eru gefnar, eru ekki til þess fallnar að hafa áhrif á þá afstöðu, sem nefndin tekur í máli. Og það er einmitt af þessari ástæðu, sem ég álít alveg sérstaklega nauðsynlegt að mótmæla því, að slík vinnubrögð séu viðhöfð, að meiri hlutinn skorist undan því að afla upplýsinga fyrir þingnefndir á þann hátt að kalla fyrir þær þá, sem talið er að upplýsingar geti gefið, en vísa í þess stað minni hlutanum á það, að hann geti við þessa menn talað og fengið þær upplýsingar.

Og svo er enn eitt, að sá misskilningur kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., sem er formaður þessarar undirbúningsnefndar, að það mætti nánast einu gilda, þó að hann hefði ekki mætt á fundi þingnefndarinnar og gefið þær tvímælalaust miklu og gagnlegu upplýsingar, sem hann getur gefið í þessu máli, af því að hann hefði komið hér í ræðustólinn áðan og haldið um þetta skilmerkilega ræðu. En það gefur auga leið og vita það allir þdm., að það er nokkuð annað að fá slíkar skilmerkilegar upplýsingar á þingnefndarfundi, þar sem spyrja má í tilefni af þeim, eða að hlýða á slíka ræðu, jafnvel þó að hún sé skilmerkilega flutt. Það er ekki hægt að átta sig alltaf á tölum og öðru, sem þar er fram flutt, með sama hætti og hægt er á þingnefndarfundi, auk þess sem málið er þá komið lengra og þess vegna ekki hægt að notfæra sér þær upplýsingar, sem þar koma fram, með sama hætti og hægt hefði verið, ef þær hefðu komið fram á þingnefndarfundi.

Það kann að vera, að sumir hv. þm. líti á þetta

sem eitthvert hégómamál, en ég álít það alls ekki. Ég álít það mjög hættulegt, ef slík vinnubrögð eru innleidd hér. Það er ekki aðeins hættulegt fyrir okkur, sem erum í minni hl. nú, því að það veltur á ýmsu, hverjir eru í minni hluta og meiri hl. hér á hv. Alþingi. Það eru slík vinnubrögð, sem varast ber, og ég vildi, eins og ég sagði áðan, einmitt láta koma fram athugasemd í tilefni af þeim skilningi, sem fram kom hjá hv. formanni n. og að nokkru leyti hjá hv. frsm. hennar og virtist vera mjög varhugaverður skilningur.

Ég skal svo ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram um málið sjálft. Ég lýsti viðhorfi mínu nokkuð til þessa máls við 1. umr. þess. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á það, að ég get ekki séð annað en sú röksemd, sem hér hefur verið sett fram af sumum hv. ræðumönnum, þess efnis, að umsóknafjöldi, sem nú liggur fyrir og að undanförnu hefur verið, sýni, að það sé ekki um neinn samdrátt í íbúðabyggingum að ræða. Ég lít svo á, að umsækjendafjöldinn á hverjum tíma gefi bendingu um það, hve þörfin er mikil fyrir lánsfé og byggingar. Hins vegar segir hann náttúrlega ekkert um það, hve mikið er byggt á hverjum tíma, og segir heldur ekkert til um það, við hve mörgum af þessum umsóknum er hægt að verða á hverjum tíma. Það er þess vegna alveg út í bláinn að beita þessari röksemd, að umsóknafjöldinn sé sífellt hinn sami eða jafnvel vaxandi, og telja, að af því megi leiða þá ályktun, að íbúðabyggingar hafi ekki dregizt saman nú á þessu og síðasta ári.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. formaður heilbr.- og félmn. hefur tekið því vel og heitið því að athuga þá brtt. á milli umr., sem ég flyt, og mun ég því taka hana aftur hér með við þessa umr.

Hv. 10. þm. Reykv. gerði hér nokkrar athugasemdir við það, sem ég sagði áðan. Meðal annars reyndi hann að halda enn fram fyrri fullyrðingum um það, að byggingarkostnaður hefði ekki aukizt meira nú síðustu árin en á tímum vinstri stjórnarinnar. Hann hafði ósköp handhæga aðferð til þess að komast hjá því að bera saman annars vegar vinstristjórnartímabilið og hins vegar viðreisnarstjórnartímabilið. Það þurfti ekkert annað en að taka með árið 1959, þegar viðreisnin var ekki byrjuð, og deila svo með 3. Þá er hægt að fá út lægri tölu. En viðreisnin byrjaði ekki 1959, heldur 1960, og það er það, sem verið er að bera saman, og þá standast þær tölur, sem ég nefndi. Það er alveg rétt, byggingarkostnaður mun ekki hafa hækkað á árinu 1959, m. a. af því, að þá var við völd stjórn, sem lækkaði allt kaupgjald í landinu með lögum, og ég gæti trúað því, að hæstv. ríkisstj. gæti lækkað byggingarkostnaðinn núna með því að taka enn upp þá stefnu og lækka enn kaupgjald allt í landinu með lögum. Þá fengi hún þessa vísitölu niður. Það er því staðreynd, sem ég nefndi og hann reyndar vefengdi ekki: Byggingarkostnaðurinn hefur aukizt á tveimur árum, þannig að vísitalan hefur hækkað um 41 stig og 320 m^3 íbúð hefur hækkað um 120 þús. kr. á tveimur árum. Hv. þm. sleppti líka að nefna vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er núna í febrúar, en því er ég ekki að finna að, því að það kann að vera, að hann hafi ekki vitað um hana, þar sem hún er ekki komin á prent, þó að búið sé að reikna hana út.

Þá nefndi hann fiskimálasjóð og taldi, að ég hefði borið saman byggingarsjóð og fiskimálasjóð og talið hliðstæður. Ekki gerði ég það. En ég nefndi sem dæmi, að í sjútvn. urðum við sammála um það — og harðastur fylgismaður þess var hv. 10. þm. Reykv. — að hækka hámarkslán úr fiskimálasjóði úr 150 þús. kr. í 400 þús. kr., þó að vitað sé, að sjóðurinn geti ekki lánað svo mikið almennt, af því hann hefur ekki peninga til þess, eins og sakir standa. En það skaðar engan, því að ef sjóðurinn fær möguleika til að gera það, þá kemur það að fullu gagni. Hvern skaðar það þá, þó að heimild sé til að lána 200 þús. kr. úr byggingarsjóði? Nei, það skaðar engan. Hv. þm. sagði: Það eru engar hagsbætur fyrir byggjendur, þó að hámarkið sé hækkað, ef þeir fá ekki peningana. Til hvers var þá 100 þús. kr. heimildin í lögunum, þó að menn fengju ekki nema 70 þús.? Hefur hún ekki komið nú að gagni? Nú eru menn farnir að fá 100 þús. kr. lán, án þess að búið sé að breyta lögunum enn. Þetta hefur því komið að gagni og getur komið að gagni, hvenær sem lánsstofnunin hefur fjárhagslega möguleika til þess að ná hámarkinu. Þess vegna sé ég engin rök gegn því, að hámarkið megi vera 200 þús. kr., eins og ég legg til, jafnvel þótt sjóðurinn hafi ekki eins og sakir standa peninga til að fullnægja öllum umsóknum.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi gera hér stutta athugasemd út af þeim orðum, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) lét hér falla um óþingleg vinnubrögð í heilbr.- og félmn. þessarar d. Ég hygg, að þessi orð hans hafi stafað af því, að þessum hv. þm., sem á ekki sæti í nefndinni, hafi ekki verið nægilega vel kunnugt um meðferð nefndarinnar á þessu máli.

Þegar þetta mál var fyrst tekið til meðferðar í n., var að sjálfsögðu, eins og venja er, rætt um það, hvaða upplýsinga eigi að leita og til hverra aðila eigi að senda frv. til umsagnar. Um það varð samkomulag í nefndinni. Ef hv. 9. þm. Reykv. (AGl) vildi endilega fá formann frumvarpsnefndarinnar á fund nefndarinnar til þess að spyrja hann, þá var það auðvitað rétti tíminn að setja þá ósk fram, þegar þetta mál fyrst var fyrir tekið. Næst er málið tekið fyrir og afgreitt. Þegar umsagnir þeirra aðila, sem það hafði verið sent til, hafa borizt, kemur þessi hv. þm. fyrst með óskir um það, að form. frumvarpsnefndarinnar verði kvaddur til og hann spurður. Þá álít ég í raun og veru, að þetta hafi verið of seint fram komið. En ég vil líka vekja athygli á því, að formenn þingnefnda hafa fleiri skyldur að rækja en eingöngu þær að vinna að því, að nefndarmenn og nefndin í heild fái upplýsingar og annað, sem þeir óska eftir til þess að geta tekið afstöðu til mála. Þeir verða líka að sjá til þess, að mál séu afgreidd með eðlilegum hraða. Og þegar meiri hl.

einhverrar nefndar telur sig ekki þurfa frekari upplýsinga við til að taka afstöðu til málsins, þá er eðlilegt, að málið sé afgreitt. Auk þess má geta þess, að formenn þingnefnda eiga hér oft í erfiðleikum með að fá nefndarmenn til þess að mæta á fundum. Það er, eins og kunnugt er, því miður svo, að ýmsir hér í þessari hv. d. geta helzt ekki sótt nefndarfundi á vissum tímum dagsins, og þá er alls ekki grundvöllur fyrir því að halda nefndarfundi. Nú var það þannig, að þessi hv. þm., 9. þm. Reykv., hafði á stuttum tíma þarna á undan skrópað á tveim fundum nefndarinnar, og það hafði tafið fyrir, að málið yrði afgreitt. Svo kemur hann loksins á fund, og þá er það þessi ósk, sem hann hefur fram að bera.

Ég get ekki heldur fallizt á það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að það skipti engu máli, þó að maður sá, sem þarf að tala við, eigi sæti í þessari hv. d. Ég get víst ekki gert nokkurn sérstakan greinarmun á því, hvort sá þm. mætir á fundi n. og gefur þar sín svör og skýringar eða tekur hér þátt í umræðum málsins og gefur þær þar. Ég vildi telja, að það væru enn þá fullkomnari svör, sem hann gefur í heyranda hljóði allrar deildarinnar, heldur en aðeins á nefndarfundi.

Þá vil ég líka taka fram, að hv. 9. þm. Reykv., sem setti fram þessa ósk í nefndinni, kom ekki fram á nefndarfundi, svo að ég muni, með ósk um að fá neinar tilteknar, ákveðnar upplýsingar, heldur kom hann fram með ósk um það að fá formann frumvarpsnefndarinnar almennt til umræðu um málið.

Ég verð að segja það líka, að í þeim nefndum, sem ég hef starfað í hér í þessari hv. d., eru það mjög algeng vinnubrögð, að formenn nefndarinnar aðstoði einn og einn nefndarmann við það að fá tilteknar upplýsingar, sem sá einstaki nefndarmaður telur sig sérstaklega þurfa. Og það hefur hvað eftir annað tíðkazt. Auðvitað ber nm. líka skylda til þess að afla sér gagna utan nefndarfundanna um þau málefni, sem þeir telja að miklu varði, til þess að þeir geti sjálfir mótað sína afstöðu.

Ég vil svo aðeins að lokum benda á, að ég varð ekki var við það, þegar hv. 9. þm. Reykv. talaði hér í málinu, að hann beindi þá neinum sérstökum fyrirspurnum eða óskum um upplýsingar til hv. formanns frumvarpsnefndarinnar, sem sæti á hér í deildinni, þannig að áhuginn hjá þessum hv. þm. virðist eitthvað hafa dofnað fyrir því að fá að ræða viðhorf frumvarpsnefndarinnar eða fá þessar upplýsingar, sem ég vissi aldrei hverjar áttu að vera.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs í því skyni að ræða þetta mál almennt eða fara um það mörgum orðum, heldur einungis til þess að gera athugasemdir við eitt atriði, sem fram hefur komið og allmikið verið rætt nú við þessa umr. Mér skilst það vera samkomulag um það milli þeirra þm., sem flytja brtt. við frv., og hv. formanns nefndarinnar, að þær brtt. verði teknar til athugunar af n. hálfu milli 2. og 3. umr. Þetta styður vitanlega það, að eðlilegt er, að þetta mál fái nú afgreiðslu við 2. umr. og verði þá athugað nánar á milli umr. En mér þykir furðu gegna, hvernig lesið er úr og lagt út af tölum í þessum umr., sem hver einasti þm. hefur í höndum. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að þm. og flokka greini á um leiðir við úrlausn mála. En hitt eiga allir að geta verið sammála um, að hagfræðilegar tölur, opinberar, sem eru í hvers manns höndum, hafi eitt og sama gildi, hver svo sem les þær. Og mér finnst það vera naumast hægt að láta þessari umr. lokið án þess, að á þetta sé bent.

Það hafa allir hv. þm. í höndum bæði Hagtíðindi og Fjármálatíðindi, þar sem vísitölur byggingarkostnaðar eru skrásettar. Og það getur ekki farið neitt á milli mála, hverjar þær tölur eru. En niðurstaðan, sem hv. ræðumenn hér í dag virðast hafa komizt að út frá þeim tölum, er næsta ólík. Mér skilst, að sumir ræðumanna leggi mikla áherzlu á að sýna fram á það, að byggingarkostnaður hafi hækkað meira í tíð vinstri stjórnarinnar en í tíð núv. stjórnar. Mér hefur satt að segja verið það hulið fram að þessu, hvernig hægt væri að fá slíka niðurstöðu. Og slík niðurstaða getur auðvitað ekki verið í samræmi við heilbrigða skynsemi án athugunar á tölum, því að þótt verðlag í landinu hækkaði töluvert í tíð vinstri stjórnarinnar, hefur það aldrei tekið þvílíkum risaskrefum til hækkunar eins og nú á s. l. 2 árum. Þetta sjá menn bara við að beita heilbrigðri skynsemi. En svo þegar litið er á tölurnar, þá vitanlega staðfesta þær þetta. Ég vil nú segja, að út af fyrir sig er það ekkert aðalatriði og leysir ekki þann vanda, sem nú er við að fást í þessum málum, þótt eitthvað hafi farið aflaga í tíð vinstri stjórnarinnar, svo að mér þykir það nú eiginlega furðu gegna, hve mikil áherzla er lögð á það, einkum þegar þess er nú gætt, að Alþfl., sem beitir sér fyrir þessu máli, átti aðild að vinstri stjórninni. Það getur því varla hjá því farið, að ef blettir falla á þá stjórn, þá lendi eitthvað af þeim blettum á Alþfl. sjálfum. En nú hefur komið fram sú skýring í þessum umr. á þessari niðurstöðu í ræðu hv. 10. þm. Reykv., að með því að taka árið 1959 inn í þennan reikning, þá sé hægt að finna út meðaltal, sem sé ofur lítið lægra, um hækkun byggingarkostnaðar frá ársbyrjun 1959 til við skulum segja ársloka 1961, heldur en meðaltalið á stjórnartíma vinstri stjórnarinnar.

Nú er það rétt, sem við framsóknarmenn bendum oft á, að núv. stjórnarflokkar tóku völdin í sínar hendur í árslok 1958. En það var ekki sama stjórnin, sem sat þá, og setið hefur síðan seint á árinu 1959 og situr enn. Og það, sem úrslitum ræður í þessu efni og gerir meginmuninn, er það, að á árinu 1959 var fylgt gerólíkri stefnu í efnahagsmálum við það, sem fylgt hefur verið nú s. l. 2 ár. Þetta er meginatriði og ræður úrslitum í þessu sambandi, þegar skoðuð eru áhrif efnahagsstefnunnar á byggingarkostnaðinn í landinu. Og það var á árinu 1959, að hv. 10. þm. Reykv. lét birta af sér fallega mynd á forsíðu Alþýðublaðsins og ýmsir forustumenn Alþfl. aðrir fóru að hans dæmi. Þessum myndum fylgdu feitletraðar klausur, feitletraðar greinar um það, að Alþfl. berðist fyrir stöðvunarstefnunni og frá stöðvunar-

stefnunni yrði ekki hvikað, ef hann fengi vald til þess að eiga aðild að stjórn landsins framvegis. Þetta er öllum mönnum í fersku minni. En það er fróðlegt, þegar litið er á þessar tölur, vísitölur byggingarkostnaðarins, að gera sér grein fyrir því, hvað á bak við þær liggur og af hvaða rótum er runnin sú hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar, sem orðið hefur s. l. 2 ár. Þetta er mjög auðvelt, því að þetta liggur fyrir í Hagtíðindunum. Vísitala byggingarkostnaðarins í heild hefur hækkað úr 134 stigum í 168, frá því að vinstri stjórnin lét af völdum, samkvæmt þeim tölum, sem liggja fyrir á prenti, en í 173 samkv. því, sem hv. 4. þm. Vestf. hefur tekið fram að vísitalan sé nú í febr. 1962. Og allar þessar tölur, allar þessar vísitölur eru miðaðar við einn og sama grunninn, þ. e. 100 1955, þannig að í þessu efni getur ekkert farið milli mála.

Nú er það svo, að hagstofan birtir við og við sundurliðaða útreikninga á þessari vísitölu, þar sem hún gerir sérstaka vísitölu fyrir hvern kostnaðarlið, og sú vísitala, sem síðan er birt og lögð til grundvallar, er meðaltal af vísitölum hvers kostnaðarliðar um sig. Hagstofan skiptir kostnaðarliðum við íbúðarhúsabyggingar í 3 flokka: Það eru hreinir vinnuliðir, hreinir efnisliðir og í þriðja flokknum aðrir liðir, sem eru blandaðir.

Nú skal ég í þessum orðum, sem ég segi hér, láta 3. flokkinn, þ. e. a. s. þá liði, sem taldir eru blandaðir, alveg liggja á milli hluta, vegna þess að það er vitanlega nokkur vandi að greina, hvað liggur til grundvallar hverjum lið fyrir sig. En ég vil leyfa mér, af því að ég hef í höndum þessar tölur, að bera saman þessa sundurliðuðu vísitölu annars vegar frá 1958 og hins vegar 1961, til þess að þær tölur komist þá inn í Alþingistíðindin í þessum umr. í viðbót við annað, sem tekið hefur verið fram.

Þetta lítur þannig út samkv. Hagtíðindum, ef ég tek fyrst hreina efnisliði: Það er mótauppsláttur og trésmíði utanhúss og við þak, vísitalan í okt. 1958 132 og í okt. 1961 132. Þá kemur trésmíði innanhúss o. fl., okt. 1958 132, okt. 1961 133. Múrvinna: okt. 1958 133, okt. 1961 131. Verkamannavinna: okt. 1958 138, okt. 1961 134. Ég skal skjóta því inn í, að ég geri mér þá grein fyrir þessu, án þess að ég hafi leitað staðfestingar á því hjá hagstofunni, að hér komi til áhrif laganna um niðurfærslu verðlags og launa, sem sett voru 1959 og höfðu áhrif í þá átt að draga úr vinnukostnaði. Þá kem ég að öðrum liðum, sem eru hreinir efnisliðir. Það er timbur alls konar: Vísitalan í okt. 1958 143, en í okt. 1961 249. Hurðir og gluggar: í okt. 1958 141, í okt. 1961 228. Sement, steypuefni, einangrunarefni, grunnrör o. fl.: okt. 1958 116 og í okt. 1961 177. Þakjárn, steypustyrktarjárn, vír, hurða- og gluggajárn o. fl.: okt. 1958 140, í okt. 1961 237. Saumur, gler, pappi o. fl.: í okt. 1958 149, en í okt. 1961 221.

Sú byggingarvísitala, sem hér hefur verið rætt um, er meðaltal af þessum liðum. Og ég ætla, að það leiki ekki á tveim tungum, þegar á þetta er litið, hvert er að rekja ræturnar að þeirri gífurlegu hækkun byggingarkostnaðar, sem átt hefur sér stað tvö s. l. ár. Ræturnar liggja í þeim efnahagsaðgerðum, sem núv. stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir, gengisfellingum, sölusköttum o. fl. af slíku tagi. Og hækkunin kemur fram á efnisliðum byggingarkostnaðarins, en mjög lítið á vinnuliðum hans.

Ég taldi rétt að láta þessar tölur koma inn í Alþingistíðindin, eins og ég sagði áðan, í sambandi við þessa umr., og ég endurtek það, að mér finnst það furðu gegna, að þm. leyfa sér að draga ólíkar ályktanir af tölulegum staðreyndum, sem hver einasti maður hefur í höndum og ekki eiga að geta farið milli mála.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 9. landsk. þm. (JÞ), sem hann lét falla hér áðan, en þar reyndi hann að færa fram nokkur atriði til styrktar sínum málstað og til varnar þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru í málinu. Það voru ný atriði, sem hann hafði ekki bent á í sinni frumræðu. Það er út af fyrir sig ánægjulegt, því að þau rök, sem hann bar fram í sinni frumræðu, voru ekki frambærileg. Það er rétt, að ég get ekki sagt til um vinnubrögð hv. heilbr.- og félmn. í þessu máli í einstökum atriðum, enda beindist gagnrýni mín ekki að þeim út af fyrir sig, heldur að þeim skilningi á vinnubrögðum þingnefndar, sem fram komu hjá 9. landsk. þm., þ. e. a. s. þeim skilningi, að það mætti í rauninni einu gilda, hvort frumvarpshöfundur eða frumvarpshöfundar væru kvaddir á fund þingnefndar í heild til þess að gefa upplýsingar eða formaður þingnefndar hlutaðist til um það að koma á sambandi á milli einstaks eða einstakra þingnefndarmanna og frumvarpshöfunda. Það er þessi skilningur, sem ég mótmælti og taldi varhugaverðan. Og ég held, að það sé fjarri öllu lagi, sem reyndar kom nú enn fram hjá hv. 9. landsk. í ræðu hans hér áðan, þeirri síðari, að það væri nokkuð sama, hvort þm., ef um þingmann væri að tefla, mætti á nefndarfundi og gæfi þar upplýsingar eða hann gæfi þær upplýsingar í heyranda hljóði hér á þingdeildarfundi. (**EggÞ:** Þetta er ekki rétt eftir haft.) Ég hygg nú, að þetta sé rétt haft eftir hv. 9. landsk. (Gripið fram í.) Það var hann, sem ég var að sítera. Ég held, að þetta sé byggt á miklum misskilningi, og ég held, að þetta sé byggt á miklu vanmati á nefndarstörfum hér á hv. Alþingi, sem allir alþm. þó vita að eru ákaflega mikils virði fyrir störf þingsins, þegar þau eru réttilega rækt.

Hitt er svo annað mál, að auðvitað hlýtur meiri hl. n. jafnan að meta það og gera það upp, hvort meiri upplýsinga sé þörf í máli heldur en fyrir liggja, og hlýtur að afgreiða mál, þegar hann telur það vera fyllilega upplýst. Ég gerði enga athugasemd við það. En þá á meiri hl. að byggja sína afgreiðslu á því, að málið sé nægilega upplýst, en ekki vera á eftir að koma fram með tilboð um það að koma einstökum nefndarmönnum í samband við frumvarpshöfunda og vísa þeim á upplýsingar, sem annars staðar sé hægt að fá. Slík upplýsingaöflun fullnægir ekki þeirri kröfu, sem gera verður til gagnaöflunar hér á hv. Alþingi og fyrir þingnefndum, þar sem gagnaöflunin fer fram, til þess að ekki aðeins einn einstakur nefndar-

maður, sá sem upplýsinganna óskar, geti haft gagn af þeim og stuðzt í sínum ályktunum við þær, heldur þingnefndin öll.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 423 tekin aftur til 3. umr.
— 387 tekin aftur til 3. umr.
3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315, 387, 423).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haldið fund, frá því að 2. umr. lauk, og rætt till. þær, sem teknar voru aftur til 3. umr., þ. e. till. á þskj. 423 og 387. Meiri hl. n. telur ekki rétt að samþ. till. og mælir á móti þeim. Hv. 1. þm. Norðurl. e. mælir með till. á þskj. 423 og mun fylgja sumum till. á þskj. 387. Hv. 9. þm. Reykv. mælir með öllum till.

Við, sem meiri hlutann skipum, teljum það að svo stöddu ekki hafa hagnýta þýðingu að víkka lánsrammann, eins og lagt er til í till. á þskj. 423. Það er því miður fyrst nú nýlega, sem tekizt hefur að fylla upp í þann lánsramma, sem verið hefur undanfarið, og má kallast gott, ef hægt verður nú þegar að fylla upp í þennan víkkaða ramma, sem lagt er til í till. n., sem samdi þetta frv., og við teljum því að svo stöddu ekki ástæðu til að hækka eða víkka rammann.

Um till. á þskj. 387, þá leggjum við líka á móti, að þær séu samþ. Ég get aðeins hlaupið lauslega yfir þær.

Það er fyrst till. um að lækka vextina í 4%. Við teljum ekki, að það mundi vera vænlegt til þess að greiða fyrir því, að nægileg lán fáist, en það teljum við mikilvægast, að þessu ákvæði yrði breytt nú fyrst um sinn.

2. till. á þessu þskj. er um það, að lánveiting skuli bundin því skilyrði, að húsnæðismálastjórn hafi borizt teikningar og sundurliðuð kostnaðaráætlun, áður en framkvæmdir hefjast, ef sveitarfélag leggur fram fé til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og húsnæðismálastjórn skuli ráðstafa lánum ríkissjóðs í þessu skyni og hafa eftirlit með, að réttum skilyrðum sé fullnægt. Við teljum, að þetta sé ástæðulaust. Það hafa ekki komið fram neinar kvartanir út af framkvæmd málsins, eins og það hefur verið hér undanfarið, og við teljum ekki ástæðu til að breyta till. um framkvæmd þessa máls umfram það, sem lagt er til í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Þá er það 3. till. þarna, — það eru í raun inni nokkrar till., sem þar koma fram.

Í fyrsta lagi leggur hv. flm. til, að felld sé niður heimild ríkisstj. til þess að ákveða vexti hjá byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna. Við erum á móti því að fella þá heimild niður. Við teljum, að það sé líklegra í framkvæmd, ef svo vel skyldi æxlast, að breytingar yrðu hér almennt og hægt yrði þess vegna að breyta þarna vöxtum til lækkunar, eins og menn vona, þá teljum við fljótlegra að koma því í framkvæmd með því, að ríkisstj. hafi heimildina.

Þá kemur hér mjög merkileg till. frá flm. um það, að íbúðareigandi skuli eiga rétt á að fá endurgreiðslu úr ríkissjóði á aðflutningsgjöldum og söluskatti af byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft. Það liggur þó ekki fyrir nein áætlun, og ég tók ekki eftir því í þeirri ræðu, sem hv. flm. flutti hér við 2. umr., að hann gæti neitt um það, hvað þetta mundi kosta ríkissjóð, og þaðan af síður gat hann náttúrlega um það, hvernig ríkissjóður ætti að bæta sér það fé, sem hann þyrfti að greiða í þessu skyni. Án þess að slíkt liggi fyrir, teljum við fjarstætt að samþ. þessa till.

Þá er hér c-liðurinn í till. hv. flm. um það, að Seðlabankinn skuli veita byggingarsjóði ríkisins 50 millj. kr. lán með 5½% ársvöxtum árlega næstu 5 ár og húsnæðismálastjórn ráðstafa þeim lánum í samræmi við útlánareglur sínar. Við teljum þetta ekki heldur skynsamlegt og viljum freista þess, hvort ekki er hægt að fullnægja lánaþörf húsnæðismálastofnunarinnar með frjálsum samningum, eins og gert hefur verið til þessa, stundum með allgóðum árangri. Stundum hefur árangurinn ekki verið eins góður að vísu, en við viljum freista þess enn um sinn að ná nægilegu fé til útlána með frjálsum samningum.

Þá kemur rúsínan í pylsuendanum, að ríkissjóður greiði í byggingarsjóð 20 millj. kr. sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í fjögur ár. Við viljum ekki heldur ákveða með þessum lögum þá fjárhæð, sem ríkissjóður skal leggja fram árlega í þessu skyni. Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að í sambandi við útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis hefur verið lögð nokkur kvöð á ríkissjóð, sem ekki er vitað, hver verður, og við teljum ekki rétt að svo stöddu að fara lengra í þá átt.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég harma það, að hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur ekki séð sér fært að mæla með þeim brtt., sem fram hafa komið. Þær till., sem ég flyt á þskj. 387, miða allar að lausn mikilsverðra vandamála í sambandi við íbúðabyggingar í landinu. Sumpart miða þær að því að lækka byggingarkostnað hjá einstaklingunum og sumpart miða þær að því að afla meira fjár til byggingarsjóðs ríkisins. Það eru sérstaklega tvær síðustu till., sem ég flyt á þskj. 387, sem miða að því að auka fjárráð byggingarsjóðsins, og ég tel þær í raun og veru mikilsverðastar, eins og sakir standa. Ef þær yrðu samþ., mundu um leið opnast miklir möguleikar fyrir fátæka menn að byggja sér íbúðarhús, en á því virðist nú vera mikil þörf að örva byggingarstarfsemina í landinu.

Ég gat þess í ræðu við 2. umr., hvernig dregið hefði úr byggingu íbúðarhúsnæðis á síðustu árum, og nefndi þar tölur. Ég benti á, að í Reykjavík einni hefði íbúðabyggingum stórhrakað á síðustu tveim árum, þannig að um 600 íbúðum hefði verið byggt þar minna en á tveim árum vinstri stjórnarinnar, 1957 og 1958. Hv. 10.

þm. Reykv. vefengdi ekki þessar tölur, sem ég nefndi, en vildi hins vegar gera lítið úr gildi þeirra og jafnvel telja þessa minnkun byggingarstarfseminnar síðustu árin allt eins geta verið að kenna illum áhrifum frá tíð vinstri stjórnarinnar. Ég vil því bæta aðeins við nú við þessa umr. öðrum tölum, sem hníga í sömu átt og sýna kannske enn ljósara, hvert stefnir í byggingarmálum þjóðarinnar. Árið 1957 og 1958, á tveimur heilum árum vinstri stjórnarinnar, var byrjað á byggingu samtals 1408 íbúða í Reykjavík. En á viðreisnarárunum tveimur, 1960—61, var byrjað á byggingu samtals 888 íbúða í Reykjavík. Mismunurinn er 520 íbúðir. Þessar tölur tala sínu máli. Á stjórnarárum vinstri stjórnarinnar er hafin bygging 520 fleiri íbúða í Reykjavík en á árum viðreisnarstjórnarinnar. Ég veit ekki, hvort hv. 10. þm. Reykv. vill vefengja þessar tölur eða reyna að skýra þær sem ill áhrif frá tíð vinstri stjórnarinnar, en ég er hræddur um, að það reynist honum erfitt til lengdar að stangast við staðreyndirnar, þótt bölvaðar séu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. félmn. hefur hreyft því, að meiri hl. hafi ekki getað fallizt á þá brtt., sem ég flyt við frv. á þskj. 423, en hún er um það, að hámark lána úr byggingarsjóði verði 200 þús. kr. í stað 150 þús. kr., sem er í frv. Meiri hl. n. rökstyður þetta með því, að þetta hafi ekki hagnýta þýðingu, af því að það muni ekki verða fé til að lána nema 150 þús. Nú getur hv. meiri hl. n. ekkert sagt um það, hvað verður hægt að lána á komandi árum úr þessum sjóði. Það fer eftir því fjármagni, sem tekst að afla sjóðnum, svo að það er ekki mögulegt fyrir meiri hl. að fullyrða neitt um það, hvað hefur hagnýta þýðingu og hvað ekki að standi í lögunum hvað þetta snertir. Hins vegar skil ég þennan rökstuðning þeirra á þá leið, að núverandi stjórnarflokkar ætli sér ekki að beita sér fyrir meiri fjáröflun en það, að það verði hægt að ná þessu 150 þús. kr. marki. Þetta er að mínum dómi hrein stefnuyfirlýsing um það. Þetta er hámark, hvað stjórnarflokkarnir telja alveg nóg að ná, og þess vegna ekki ástæða til að vera að setja inn í lögin hærra mark en þetta. Þrátt fyrir það er sú 50 þús. kr. hækkun á lánunum, sem fyrirhuguð er í frv., ekki nægjanleg fyrir helmingi þeirrar hækkunar á byggingarkostnaði íbúðar, sem orðið hefur á tveimur árum, síðan viðreisnarstefnan hófst. Ég hef ekkert fleira út af fyrir sig að segja um þessa stefnu. Hún er svona. Þetta er sjálf viðreisnarstefnan. Ég er náttúrlega andvígur henni, en þessir flokkar fylgja henni, og þá verður það að gilda, fyrst þeir hafa völdin.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta, sem ég hef þegar sagt í þessu máli, og tvær síðustu ræður gefa ekki tilefni til stórra umræðna þar til viðbótar.

Ég varð þess mjög áskynja síðast við þessar umr. í gær, að í deilum okkar, mín og hv. framsóknarmanna, þá var þeim það sérstakur þyrnir í augum að nefna árið 1959. Það virtist m. ö. o. ekki vera til í almanaki framsóknarmanna, það ár, og af þeim ástæðum mátti helzt aldrei nefna það, því að þá var ekki sá vöxtur í byggingarkostnaði, sem var talinn hentugur til áróðurs í þessu máli. (Gripið fram í.) Það sýndi sig á þessu kauplækkunarári, sem hv. 4. þm. Vestf. kallar svo, að þá hefur þó verið meiri vorhugur hjá mönnum til nýbyggingar heldur en var á fjörbrotaári vinstri stjórnarinnar. Eftir síðustu upplýsingum hv. 9. þm. Reykv., sem ég skal engan veginn rengja og hef enga ástæðu til að ætla, að þær tölur, er hann nefndi, séu ekki réttar, þá sýnir það sig, að 510 manns hafa lagt út í nýbyggingar á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, 1958, en á þessu ári, sem helzt má ekki nefna, 1959, leggja 642 út í nýbyggingar. Þarna virðist mér falla allverulegur hluti þeirra raka, sem hér hafa verið uppi höfð um, að frá og með valdaafsali vinstri stjórnarinnar hafi fokið í öll skjól varðandi það, að menn legðu í nýbyggingar. Það er hins vegar alveg rétt, eins og ég viðurkenndi í minni ræðu hér í gær, að manni virðist svo hér í Reykjavík og næsta nágrenni, að til færri íbúðarbygginga sé lagt, enda var ekkert farið dult með það í sambandi við þær viðreisnarráðstafanir og þau lög, sem sett hafa verið í sambandi við hina svonefndu viðreisn, að það var talið eitt höfuðatriðið að draga úr fjárfestingu. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt, þó að tölur síðustu tveggja ára sýni það, að færri hafi lagt til þessara hluta, og gegn því hef ég aldrei mælt. Hitt sagði ég í gær, að það stangaðist töluvert á fullyrðingar manna um það, að menn væru gersamlega hættir að hugsa til íbúðabygginga, sú staðreynd, að t. d. hafa aldrei flykkzt að önnur eins ósköp af íbúðarlánaumsóknum til húsnæðismálastjórnar á skömmum tíma og á s. l. þremur mánuðum.

Ég hjó eftir því í lok ræðu hv. 4. þm. Vestf., að hann sagði, að það sýndi sig í afstöðu stjórnarliða hér til brtt. hans og hv. 9. þm. Reykv., að það væri alls ekki hugmyndin að standa við þá hækkun, sem boðuð er í frv. á hámarkslánum. Vilja þessir menn þó bæta 50 þús. kr. við það hámark, sem í frv. er, svo að það virðist nú vera lítið samræmi í því að ætla að fela þessum voðalegu mönnum, sem hafa jafnillt í huga og hér er tæpt á, að ætla sér ekki að standa við 150 þús. kr. lán, — að ætla þeim þá að standa við 200 þús. kr. lán. Mér virðast þessi rök haldlítil, og enn þá haldminni eru þau fyrir það fólk, sem því miður er allt of margt og hefur verið allt of margt á undanförnum árum, sem hefur ekki verið hægt að fullnægja sökum fjárskorts í þessum efnum.

Ég læt nægja að vísa til framsöguræðu meiri hl. heilbr.- og félmn. varðandi þær brtt., sem fyrir liggja. Flest af þeim er í öfgaátt, áróðurstill. eða eitthvað hliðstætt, sem hvergi fá staðizt og til þess eins að bæta ofan á þann blekkingabunka, sem hrúgað hefur verið yfir fátæka húsbyggjendur á undanförnum árum. Það er meginatriði þessa máls, að það sé ekki farið lengra en svo, að menn eigi a. m. k. líkur fyrir því, að það verði staðið við ákvæði frv., en ekki hitt, að hrúgað sé upp heimildum, sem seint eða aldrei yrðu notaðar.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. viðurkennir berlega, að það hafi verið meining hæstv. ríkisstj. að draga úr íbúðabyggingum í landinu, þeirri fjárfestingu. Það er einmitt þetta, sem er sannleikur. Hæstv. ríkisstj. hefur af ráðnum hug ráðizt á þessa starfsemi með margvíslegu móti og torveldað fólki að framkvæma þá lífsnauðsyn að byggja þak yfir höfuðið á sér. Þetta er eitt af mörgum ávirðingum hæstv. ríkisstj. En mig undrar, að þessi hv. þm. skuli vilja verja þessar aðgerðir ríkisstj., því að þær eru raunverulega fyrir neðan allar hellur. Hv. þm. upplýsti það einnig nú og í gær, að umsóknir um lán til húsnæðismálastjórnar hefðu aldrei verið jafnmargar og nú. Hvað sýnir þetta? Ég efast ekki um, að það sé rétt, en það sýnir, að skorturinn á þessu sviði sverfur harðar og harðar að fólki með hverju ári, sem líður. Og það sýnir einnig, að þörf manna verður með ári hverju almennari fyrir lán. Hvort tveggja er sök hæstv. ríkisstj., hennar stefnu í þessum málum.

Ég tók það fram í gær í minni ræðu, að ég held, að mér þætti kostuleg sú kenning stjórnarflokkanna, að íbúðabyggingar séu einhvers konar munaður, sem nauðsyn sé á að takmarka, en þannig virðast leiðtogar þessara stjórnarflokka líta á þetta mál, það sé nauðsyn að draga úr íbúðabyggingum og torvelda mönnum að byggja þak yfir höfuðið á sér. Afleiðingin verður þessi, að á tímabili, þegar sæmilegt stjórnarfar er í landinu, eins og var t. d. 1956—58, þá var mikið byggt, enda þörfin þá orðin mjög brýn eftir undanfarandi stjórnarskeið. Nú kemur aftur afturkippur í þessi mál, það dregur úr byggingum, og nú er knúið fast á dyr. Hvers vegna? Vegna þess, að hér er um lífsnauðsynjar fólksins að ræða. Og það hefur komið mjög greinilega fram, og þar fer ekki hnífurinn á milli Sjálfstfl. og Alþfl., að hér er barizt af kappi enn í dag gegn því, að fólk geti byggt sér þak yfir höfuðið. Það er barizt gegn því, að nokkur ráðstöfun sé gerð til þess að draga úr hinum óhæfilega byggingarkostnaði. Og það er barizt af jafnmikilli ákefð gegn því af þessum fulltrúum stjórnarflokkanna að auðvelda mönnum leið til lána. Sérhver tillaga í þá átt skal felld. Þetta finnst mér ákaflega skammsýn og heimskuleg afstaða til þessa mikilsverða máls. Þetta hefnir sín, að hefta þannig þessa lífsnauðsynlegu starfsemi, byggingu íbúðarhúsa í landinu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði mjög fjálglega um það, að núv. ríkisstj. torveldaði fólki á allan hátt að koma yfir sig húsnæði. Eitt aðalátrúnaðargoð þessa hv. þm. fór með þessi húsnæðismál á árunum 1957 og 1958. Þá átti ég sæti í þessari hv. d. ásamt honum. Þá var ekki yfir því kvartað, að það dygði ekki húsnæðismálastjórn að hafa fyrra árið 45 millj. kr. til ráðstöfunar og síðara árið, 1958, 48 millj. Þá sat þessi hv. þm. hér og lét ekki á sér kræla, þó að vitað væri þá, að þá var lánaþörfin samkvæmt umsóknum, svo að höfð sé sama viðmiðun og ég hafði hér í ræðu minni í gær, milli 120 og 130 millj. kr. Síðast þegar talning fór fram á þessu, um s. l. áramót, var þörfin, eins og ég skýrði frá hér í gær, um 98 millj. kr. Á síðasta ári, þ. e. a. s. á ári þessarar voðalegu ríkisstj., eru hins vegar afgreiddar til lánaumsækjenda rúml. 78 millj.

Ég ætla, að af þessum fáu orðum sé ljóst, hver heilindin eru í viðkvæmnishjali þm. um, að torveldaðar séu íbúðarhúsabyggingar almennings, þegar borin er saman afstaða hans til þessara mála á fyrrnefndum valdaaðstöðuárum hans sjálfs og hans átrúnaðargoðs og svo staðreyndirnar um það, hvað húsbyggjendur hafa fengið af fé í hendurnar á s. l. árum.

ATKVGR.

Brtt. 423 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, AGl, GGuðbj, BjörnJ, HermJ, KK.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, ÓB, SÓÓ.

2 þm. (FRV, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 387,1 felld með 10:8 atkv.
— 387,2 felld með 10:6 atkv.
— 387,3.a felld með 10:8 atkv.
— 387,3.b felld með 10:2 atkv.
— 387,3.c felld með 10:3 atkv.
— 387,3.d felld með 10:5 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Haustið 1960 var skipuð n. til að athuga lögin um húsnæðismálastofnun og byggingarsjóð ríkisins o. fl. Hún skilaði áliti nú í haust, ýtarlegu, um verkamannabústaði, sem liggur fyrir hv. Ed., og hún hefur skilað bráðabirgðatillögum um breytingu þá á húsnæðismálalögunum, sem hér liggur fyrir.

Þessi breyting á lögunum um húsnæðismálastofnun ríkisins felur í sér eiginlega tvær aðalbreytingar. Í fyrsta lagi þá, að heimilað er í frv. að hækka lán til íbúðarhúsabygginga úr 100 þús. kr., eins og nú er í lögum, í 150 þús. kr. Í öðru lagi er heimilað í þessu frv., að Landsbanki Íslands megi gefa út bankavaxtabréf fyrir 150 millj. kr. í stað 100 millj., sem er í núgildandi lögum. Þetta má segja að séu aðalbreytingar laganna og svo raunar hitt líka, að lagt er til, að framlag ríkissjóðs til endurbygginga heilsuspillandi íbúða verði nú ekki ákveðið í fjárlögum, heldur skuli framlag ríkisins vera jafnhátt framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Auk þessa eru svo ákvæði um breytingu á samsetningu húsnæðismálastjórnar, þannig að í henni verði framvegis fimm menn í stað fjögurra, sem kosnir verði hlutfallskosningu á Alþ., og að kjörtímabil húsnæðismálastjórnarinnar verði fjögur ár í staðinn fyrir þrjú.

Þetta eru þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum nú. Hækkunin á lánveitingunum og á útgáfu vaxtabréfanna og

breytingin á framlagi ríkisins í sambandi við heilsuspillandi íbúðir eru fram komnar vegna þess, að gildandi ákvæði um þetta eru talin ónóg og með vaxandi byggingarkostnaði nauðsynlegt að hækka lánin. Þá hefur um leið verið breytt til um skipun nefndarinnar í samræmi við þann hátt, sem nú hefur yfirleitt verið tekinn upp, að fimm manna nefnd, kosin hlutfallskosningu á Alþ., sjái um stjórn þessara mála.

Ég held, að málið sé ekki flóknara en svo, að ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð, en ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 521).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. um breyt. á l. um húsnæðismálastjórn o. fl., sem hér liggur fyrir á þskj. 315. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, sbr. nál. á þskj. 521, en nm. Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason skila sérálitum um málið.

Hæstv. félmrh. gat þess við 1. umr., að frv. væri samið af nefnd, sem enn þá vinnur að endurskoðun laga um húsnæðismál, og að um bráðabirgðabreytingar væri að ræða á lögunum, heildarendurskoðun þeirra mundi verða hraðað eftir föngum.

1. gr. frv. kveður á um breytingu á stjórn húsnæðismálastofnunarinnar. Skal hún nú skipuð fimm mönnum, kjörnum af Alþingi, í stað fjögurra áður. Enn fremur á sæti í stjórninni einn maður frá Landsbanka Íslands, skipaður af ráðh., en hann hefur ekki atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn eru jafnmargir og valdir á sama hátt. Félmrh. skipar stjórnarformann. Kjörtímabil stjórnarinnar er lengt úr þrem árum í fjögur. Breytingin frá gildandi og eldri lagaákvæðum um stjórn húsnæðismálastofnunarinnar miðar að því að styrkja aðstöðu stjórnarinnar frá því, sem verið hefur, og er fylgt þeirri reglu, sem allir þingflokkarnir eru nú orðnir ásáttir um, um skipun slíkra stjórna og nefnda, að láta styrkleikahlutföllin á milli flokkanna á Alþingi ráða. Liggur það í augum uppi, að í þýðingarmikilli stofnun hefur það mikið að segja, að stjórnin sé þess umkomin að eiga gott samstarf við ráðandi ríkisstj. og þingmeirihluta á hverjum tíma.

2. gr. frv. veitir Landsbankanum heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf, er nemi allt að 150 millj. kr. á ári í næstu 10 ár, en í gildandi lögum er heimildin bundin við 100 millj. kr. á ári. Þessi hækkun er nauðsynleg vegna hækkunar á hámarkslánum, sem kveðið er á um í 3. gr. frv. Er lagt til, að í stað 100 þús. kr. komi 150 þús. kr.

Þá er loks í 4. gr. lagt til, að framlag ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis verði framvegis með þeim hætti, að leggi sveitarfélag fram fé í þessu skyni, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, þá skuli ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Verður þá framlag eða lán ríkisins ekki bundið við ákveðna upphæð, eins og verið hefur. Á fjárlögum þessa árs eru 4 millj. kr. í þessu skyni. Einnig er það nýmæli í 4. gr., að heimilt skal að greiða sveitarfélagi helming lánsfjárhæðar, þegar nýbygging er orðin fokheld.

Meiri hl. heilbr.- og félmn. telur þær breytingar, sem í frv. felast, allar vera til mikilla bóta og mælir með því óbreyttu. Með samþykkt þess er að því stefnt að bæta úr mjög brýnni þörf fyrir aukna fyrirgreiðslu við húsbyggjendur. Þess er þó ekki að vænta, að þeirri þörf verði fullnægt nema meira verði að gert, og á því hafa stuðningsflokkar stjórnarinnar fullan hug. En enginn húsbyggjandi er neinu bættari, þó að honum séu gefnar einhverjar gyllivonir, sem ekki er hægt að gera að raunveruleika, og þess vegna þýðir t. d. ekki að hækka lánin út á hverja íbúð meira en svo, að unnt verði að útvega nægilegt fjármagn til þess að standa við hækkunina. Hina brýnu þörf húsbyggjenda þekkja allir, og hv. stjórnarandstæðingar hafa bæði í sambandi við afgreiðslu þessa máls í Ed. og margsinnis áður á s. l. tveim árum flutt ýmsar yfirborðstillögur í húsnæðismálum. Það er grár leikur að slá á slíka strengi, þótt í stjórnmálabaráttu sé, — eða hverjar mundu efndirnar verða hjá hv. framsóknarmönnum og kommúnistum, ef svo ólíklega færi, að þeir kæmust í þá aðstöðu að þurfa að standa við öll þau loforð, sem þeir eru sífellt að gefa húsbyggjendum með tillöguflutningi sínum í sölum Alþingis? Það er hætt við, að þeir mundu reynast harla úrræðalitlir. Mörg undanfarin ár hefur fjöldi íbúða verið allt of lengi í smíðum vegna fjárskorts, og mun það ótalið, hvað það ástand hefur leitt af sér mikla beina hækkun á byggingarkostnaði auk annars kostnaðar, sem lendir á húsbyggjendum, þegar svo stendur á. Þetta er í mörgum tilfellum afleiðing gyllivona, sem hv. stjórnarandstöðuflokkar vilja enn halda áfram að hampa í sambandi við þetta mál. En blákaldur veruleikinn segir til um það, hversu mikla fyrirgreiðslu húsnæðismálastofnunin getur veitt. Þar veltur á öllu, hversu mikið fjármagn er hægt að útvega. Stofnunin hefur haft í fastar tekjur frá 29 millj. kr. til 34 millj. kr. á ári, og nú er svo komið, að skyldusparnaðurinn fer stöðugt minnkandi vegna stóraukinna endurgreiðslna. Mun þessi tekjustofn að sögn kunnugra ganga í sjálfan sig á næstu 2—3 árum. Auk föstu teknanna hefur húsnæðismálastofnunin haft til umráða umsamin fjárframlög ýmissa annarra lánastofnana og sjóða, og s. l. ár hafði hún til ráðstöfunar um 60 millj. 877 þús. kr. Miðað við gildandi reglur um lánveitingar var fjárþörf allt að 1579 umsækjenda talin um 100 millj. kr. í byrjun þessa árs og hækkar að sjálfsögðu, þegar þetta frv. hefur náð fram að ganga. Mælir meiri hl. heilbr.- og félmn. með frv. í trausti þess, að sú fjáröflun, sem jafnframt er unnið að í þessu skyni, megi takast svo vel, að lagabreytingin geti komið húsbyggjendum að fullum notum.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 315, n. 521 og 587, 552).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til húsbygginga o. fl., hefur ekki inni að halda mörg ákvæði til breytinga á þeirri löggjöf. Helztu efnisbreytingarnar, sem frv. hefur inni að halda, eru fjórar og eru þessar: Í fyrsta lagi, að fjölga á húsnæðismálastjórnarmönnum úr 4 í 5. Í öðru lagi á að lengja kjörtímabil þeirra úr 3 árum í 4 ár. Í þriðja lagi er heimild í frv. til þess að hækka hámarkslán hjá húsnæðismálastofnuninni úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr., og jafnframt er heimild til Landsbanka Íslands um útgáfu bankavaxtabréfa hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. kr. Fjórða og síðasta efnisbreytingin er sú, að ríkissjóður skuldbindur sig til þess að leggja fram jafnháa fjárhæð árlega og sveitarfélögin ákveða að leggja fram til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

Það, sem ég tel höfuðgalla þessa frv., er, að í því er ekki að finna nein ákvæði, er tryggi, að hækkun lánanna geti orðið raunhæf, því að með frv. eru byggingarsjóðnum ekki lagðar neinar nýjar tekjur umfram það, sem hann hefur samkv. löggjöfinni frá 1957. Þetta tel ég höfuðágalla frv. Mín skoðun er sú, að þessum málum verði aldrei komið í viðunandi horf, nema efnt sé til sjóðsmyndunar á vegum byggingarsjóðs ríkisins og honum fengnir tekjustofnar umfram það, sem hann nú hefur.

Með löggjöfinni frá 1957 var í fyrsta skipti reynt að byggja upp veðlánasjóð til húsbygginga, sem í framtíðinni gæti orðið svo öflugur, að hann gæti sinnt því verkefni, sem honum er ætlað að annast, á sæmilegan hátt. En tekjustofnar þeir sem byggingarsjóðnum voru ákveðnir með þeirri löggjöf, hafa verið að ganga æ saman allt til þessa dags, og nú er svo komið, að tekjur byggingarsjóðsins af þessum tekjustofnum eru ekki nema rúmur helmingur þess, sem áætlað var að þeir mundu gefa árlega, þegar löggjöfin frá 1957 var sett.

Vegna undirtekta, sem frv., er ég flutti hér í upphafi þessa þings, hlaut í umr. hér af hálfu stjórnarliða, en frv. þetta gerði ráð fyrir því, að lán úr byggingarsjóði ríkisins hækkuðu í 200 þús. kr., — þá gagnrýndu þeir stjórnarliðar, sem þátt tóku í þeirri umr., það mjög, að ekki væri gert ráð fyrir neinni tekjuöflun til byggingarsjóðsins í því, — skyldi maður ætla, að þegar hæstv. ríkisstj. leggur sjálf fram frv. í þessa stefnu, þar sem gert er ráð fyrir hækkun útlána byggingarsjóðsins, væri í frv. að finna ákvæði, er tryggðu tekjuauka fyrir hann, en þau ákvæði er ekki að finna í því. Ég held, að það sé nauðsynlegt að koma starfsemi húsnæðismálastofnunarinnar á tryggari grundvöll en hann er nú. Mér finnst það neyðarúrræði, að afla þurfi tekna til sjóðsins með samningum ríkisvaldsins við bankastofnanir í landinu frá ári til árs. Það vantar meiri festu í starfsemina en slíkt fyrirkomulag getur veitt.

Á þskj. 552 hef ég leyft mér að flytja tvær brtt. við þetta frv. Sú fyrri hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi nýr stafliður svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiði byggingarsjóði ríkisins 4% árlega frá og með árinu 1963 af innheimtum söluskatti af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskatti af innflutningi (8%), þó ekki af hluta sveitarfélaganna.“

Af fjárlögum fyrir árið 1962 má sjá, að tekjuauki þessi mundi það árið hafa gefið í byggingarsjóðinn um 17 millj. kr., hefði hann þá verið í gildi. Ég tel ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður afsali sér þessum tekjum sínum til þess að standa undir lánum til húsbygginga, því að auknar tekjur ríkissjóðs af söluskatti eru ekki að svo litlu leyti fengnar með skattaálagningu á innflutt byggingarefni, og teldi ég ekki nema sanngjarnt, að nokkru af þeim hluta yrði skilað aftur í lánasjóð til húsabygginga.

Við 3. gr. frv. flyt ég brtt. um það, að í stað orðanna „150 þús. kr.“ komi: 200 þús. kr. Það hefur verið sýnt fram á það í þeim umr., sem hér hafa orðið um húsnæðismálin, að byggingarkostnaður á meðalíbúð hafi á s. l. 2 árum hækkað um og yfir 100 þús. kr., þannig að hækkun hámarksláns byggingarsjóðs ríkisins í 200 þús. kr. mundi ekki gera betur en vega á móti þeim hækkunum, sem hafa orðið á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj.

Ég er mótfallinn ákvæðum í 1. gr. frv. um fjölgun manna í húsnæðismálastjórn og lengingu kjörtímabils þeirra. Eins og komið hefur fram í grg. frá minni hl. húsnæðismálastjórnar, hefur það á engan hátt staðið þeirri stofnun fyrir þrifum, þó að stjórnarmenn væru þar aðeins 4, en ekki 5, eins og frv. gerir ráð fyrir að verði, eftir að það hefur verið samþykkt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv. nánar. Þessi mál hafa verið mikið rædd hér á undanförnum mánuðum, og hafa flestallir þm. haft aðstöðu til þess að láta sín sjónarmið koma þá fram.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur klofnað um afstöðuna til frv. til l. um breyt. á lögum um húsnæðismálastofnun ríkisins o. fl. Hv. meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en ég tel, að það sé fánýtt úrræði að samþykkja þetta frv., nema á því fáist gerðar verulegar breytingar.

Þó að leitað sé gegnum allt frv., sem á að heita endurskoðun á lögunum um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til húsabygginga o. fl., með logandi ljósi, þá finnast ekki aðrar breytingar í þessu frv. frá gildandi lögum en ein fimm atriði. Og fyrsta breytingin, sem í frv. felst, er sú, að húsnæðismálastjórnarmönnum sé fjölgað um einn mann. Eftir því sem ég veit bezt, mun Sjálfstfl. hafa ákveðinn mann í huga, sem endilega þurfi að komast í húsnæðismálastjórnina. Ég held nú, að þetta sé ákaflega þýðingarlítið atriði til þess að hjálpa húsbyggjendum. Þeir menn, sem fyrir eru í húsnæðismálastjórn, eru sjálfsagt allir af vilja gerðir til þess að hagnýta sem

bezt það litla fjármagn, sem byggingarsjóður ríkisins hefur yfir að ráða, og það eykst ekki vitund, þó að einum manni frá hv. Sjálfstfl. sé bætt við í húsnæðismálastjórnina til þess að útdeila fénu. Það er áreiðanlega ekki það, sem húsnæðismálastjórnina hefur vantað, að nm. væru fleiri til þess að annast úthlutun húsnæðislána. Nei, nei, það, sem húsnæðismálastjórnina hefur vantað, er auðvitað fjármagn. En í frv. er alls engin viðleitni sýnd í þá átt að auka fjármagn byggingarsjóðs ríkisins, þannig að húsnæðismálastofnunin geti aukið starfsemi sína og svarað betur þeim óskum og þörfum, sem henni berast í húsnæðismálunum. Þessi brtt. er næsta hláleg: fyrsta till. er sú að fjölga um einn mann í húsnæðismálastjórn. Og þess er varla að vænta, að þær tillögur, sem á eftir koma, eftir þessa fyrstu aðaltillögu, séu þá mikils virði, enda er ekki svo.

Önnur till. er um það, að Alþingi skuli kjósa húsnæðismálastjórn fjórða hvert ár, en ekki þriðja hvert ár, eins og nú er, þ. e. a. s. það er næstmesta nauðsynin til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum í landinu að lengja kjörtímabil húsnæðismálastjórnarinnar. Enn ber að sama brunni. Ekki er þetta á nokkurn hátt úrræði til þess að bæta hag þeirra, sem berjast við að byggja yfir sig og sína. Það skiptir engu máli, hvort húsnæðismálastjórn er kosin þriðja hvert ár eða fjórða hvert ár.

Og þá kemur að þriðju brtt., sem ástæða þótti til að gera og bera fram stjórnarfrv. um. Og það var viðvíkjandi heimild Landsbankans, sem nú er í lögum um það, að Landsbankanum sé heimilt að gefa út árlega bankavaxtabréf að upphæð 100 millj. kr. Nú er lagt til, að þessi heimild Landsbankans sé rýmkuð þannig, að honum sé nú heimilað að gefa út bankavaxtabréf á ári hverju að upphæð allt að 150 millj. kr. Ef það hefði nú verið svo, að Landsbankinn hefði nokkur undanfarin ár notað sína heimild til fulls og gefið út bankavaxtabréf fyrir 100 millj. kr. og þarna hefði því gætt skókreppu hjá Landsbankanum um þessa heimild, hún hefði ekki nægt honum, að hann hefði getað og viljað gefa út bankavaxtabréf fyrir hærri upphæð, þá skyldi ég hafa orðið fyrstur manna til að játa, að það hefði verið umbót að því að rýmka þessa heimild úr 100 millj. í 150 millj., eins og hér er gert. En þegar Landsbankinn hefur á undanförnum árum lítt eða ekki notað sína heimild til að gefa út bankavaxtabréf allt upp að 100 millj. kr., þá kemur fyrir lítið að rýmka heimildina upp í 150 millj. Þess vegna er það augljóst öllum mönnum, að þessi breyting á tölum kemur húsbyggjendum að engu gagni. Í frv. eru engin ákvæði um það, að skyldur séu lagðar á Landsbankann um að nota hina nýju heimild. Ef það hefði verið, þá hefði þessi breyting verið nokkurs virði. En það eru engu meiri líkur til þess en áður, að Landsbankinn noti heimildina, og hann hefur ekkert verið í námunda við það að fullnota þá heimild, sem í lögunum er. Þessi breyting er því ekki virði þeirrar prentsvertu og þess pappírs, sem þurfti til þess að koma henni hér á framfæri á Alþingi. Húsbyggjendur verða nákvæmlega jafnilla settir eftir sem áður þrátt fyrir það, þó að þessi heimild Landsbankans sé rýmkuð úr 100 millj. í 150 millj. á pappírnum.

Þá er fjórða breytingin, og hún ber nú svipmót af því að kunna að vera til einhverra hagsbóta fyrir húsbyggjendur, því að hún er um það, að hámark lánsupphæðar á íbúð skuli breytast úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Það mun hafa verið svo að undanförnu, að yfirleitt hefur þeim, sem byggðu sér nýja íbúð af þeirri stærð, sem húsnæðismálastjórnin samþykkir, verið ætluð, að vísu í mörgum smápörtum og á löngum tíma, allt að 100 þús. kr. lánsupphæð. En þó hefur það alls ekki verið í öllum tilfellum. Og því verður ekki heldur neitað, að þörfin fyrir, að hámark lánsupphæðar verði 150 þús., en ekki 100 þús., er mikil. En það vantar það, sem við á að éta. Það vantar aukið fjármagn, og fyrir því er ekki séð í frv. Engin brtt. er um það að sjá húsnæðismálastofnuninni fyrir auknu fé. Og hvað þýðir það þá, ef hver lánveiting verður 150 þús. í staðinn fyrir 100 þús.? Það þýðir, að þeim lánum, sem hægt er að veita, hlýtur að fækka um þriðjung, og að því er lítil bót, þegar jafnmargir sækja um aðstoð stofnunarinnar og raun ber vitni. En það dylst engum manni, að þegar stofnunin hefur úr sama fjármagni að spila og lánsupphæðin í hverju tilfelli á að hækka um þriðjung, en upphæðin er óbreytt, þá hlýtur það eitt af þessu að leiða, að möguleikar stofnunarinnar hljóta að rýrna um þriðjung að því er snertir tölu lánveitinga. Og ég sé ekki, hverju menn eru bættari. Það geta kannske einhverjir aðrir séð, þeir í stjórnarliðinu, sem hafa baukað við það nokkrar vikur eða mánuði á kaupi að endurskoða frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins og koma þessum hégómatillögum sínum á framfæri. En hvernig þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að að þessu væri bót, það fæ ég ekki séð.

Þá kemur að fimmtu till. Hún víkur að því, að nokkuð mörg undanfarin ár hefur verið ákvæði í lögum um, að ríkissjóður skuli leggja fram 4 millj. kr. árlega til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis gegn sama framlagi frá sveitarfélögunum. Þessi upphæð hefur verið tekin á fjárlög og því aðeins notuð, að sveitarfélögin legðu fé á móti til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Nú hefur vafalaust verið þörf fyrir að útrýma heilsuspillandi húsnæði bæði hér í Reykjavík og í bæjum og kauptúnum úti um land. En einhvern veginn hefur það verið svo, að sveitarfélögin hafa ekki talið sig hafa fjármagn til þess að notfæra sér það mótframlag, sem stóð til boða á fjárlögum, og athafnir sveitarfélaganna þess vegna svo litlar á þessu sviði, að fjárlagaupphæðin, 4 millj., hefur ekki fullnotazt. Mér þætti nú fróðlegt að fá að vita, hvað mikið fé liggur ónotað samkv. þessari fjárveitingu til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, en nokkur upphæð mun það vera. Og sé það rétt hjá mér, að sveitarfélögin hafi ekki séð sér fært að nota þessa upphæð, hvað þýðir þá þessi breyting á lögunum að taka í burtu ákveðna upphæð? Hún þýðir það, miðað við reynsluna, miðað við óbreyttar athafnir sveitarfélaganna í þessu efni, að upphæð ríkissjóðsframlags til þessara hluta er sennilega lægri, heimilt að hafa hana lægri, einmitt við

að nema ákvæðið um upphæðina burt. Og það er ekki einskis verð breyting á lögunum að létta skyldum af ríkissjóði um það að leggja fram 4 millj. á ári til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Það væri því aðeins um aukin útgjöld að ræða eða meiri framlög að ræða af hendi ríkissjóðs til þessa verkefnis, að sú breyting gerðist nú, að sveitarfélögin, t. d. vegna þess að bæjarstjórnarkosningar eru fram undan, ykju allt í einu athafnir sínar við útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og legðu fram í þessu skyni miklu hærri upphæð en þau hafa gert á undanförnum árum, að það gæti komið fyrir, að af þessari breytingu leiddi aukin fjárframlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og finnst mér það í raun og veru næsta ólíklegt, miðað við reynslu undanfarinna ára. Ég held því, að það hefði verið öllu öruggara, að ákvæðið um 4 millj. kr. framlag hefði staðið í lögunum áfram. Mér er kunnugt um, að húsnæðismálastjórnin hefur stundum gripið til þess að fá lán af þessu afgangsfé til þess að lána húsbyggjendum almennt, en samt sem áður á þetta fé að vera tiltækt til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Önnur breyting, sú seinasta í frv., er ósköp smávægileg eins og hinar og dálítið vafasamt, hvort hún er til bóta. Hún er um það, að nú megi ríkissjóður greiða út því sveitarfélagi, sem er að byggja til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, helminginn af upphæðinni, sem sveitarfélagið á að fá, þegar nýja húsnæðið er orðið fokhelt. Nú er ekki til þess ætlazt, að ríkið greiði út fé, fyrr en sveitarfélagið, sem er að útrýma heilsuspillandi húsnæði, er búið að gera hið nýja húsnæði íbúðarfært og leggur fram vottorð um, að gamla, óhæfa húsnæðið hafi verið rifið eða a. m. k. samkv. vottorði viðkomandi embættismanns verið rýmt þannig, að það sé ekki haft til íbúðar lengur. Lögin eru eingöngu til þess, að ríkið leggi fram fé, þegar er verið að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Það á ekki að vera nokkur möguleiki til þess, að þessi ríkisframlög séu látin af hendi, nema því aðeins að hið heilsuspillandi húsnæði sé rifið eða tekið úr notkun örugglega, svo að það sé ekki nýtt fólk, sem fer inn í heilsuspillandi húsnæði, að því er engin bót. En full hætta er á því, að það sé erfitt að hafa eftirlit með þessu, ef fé er látið af hendi, meðan fólkið hírist enn þá í hinu óhæfa húsnæði, því að það gerir það, meðan nýja húsnæðið er ekki orðið nema fokhelt, hálfbyggt. Ég er því dálítið í vafa um, að bót sé að þessari brtt. þeirra vísu manna, sem voru á launum hjá hæstv. ríkisstj. við að endurskoða lögin um húsnæðismálastofnun. Ég mun því aðeins geta aðhyllzt hana, að það sé skýrt tekið fram, að tryggt sé í framkvæmdinni, að hið óhæfa húsnæði verði rýmt og ekki notað til íbúðar, eftir að hið nýja húsnæði er orðið nothæft.

Ég hef nú sýnt fram á, hversu nauða-ómerkilegar þessar brtt. við l. um húsnæðismálastofnunina og byggingarsjóð ríkisins eru, sumar fráleitar, eins og till. um fjölgun í húsnæðismálastjórn og lenging á kjörtímabili stjórnarinnar, og aðrar algerlega gagnslausar húsbyggjendum, bæði till. um að hækka hámark lánsupphæða á íbúð úr 100 þús. í 150 þús. kr., úr því að ekki er aukið fjármagn stofnunarinnar, og eins rýmkunin á heimild Landsbankans til þess að gefa út bankavaxtabréf, þegar engar líkur benda til þess, að Landsbankinn noti þá heimild, sem nú er í lögum, og hefur aldrei notað, hvað þá heldur að hann hækki þá heimild í framkvæmd um þriðjung. Og um þessar tvær tillögur síðustu hef ég nú rætt einnig og sýnt, að á þeim eru þau vandkvæði, að mjög er vafasamt, að þær séu til bóta. Það, sem nýtt stjórnarfrv. um húsnæðismálastofnun ríkisins hefði þurft að fjalla um, það hefði verið tekjuöflun, fjármagnsöflun fyrir húsnæðismálastofnunina og byggingarsjóð ríkisins. En um það er ekki stafkrókur, orð eða setning í þessu frv. Það er sem sé algerlega gengið fram hjá því atriðinu, sem frv. þurfti að fjalla um, ef á annað borð var farið að breyta lögunum um húsnæðismálastofnun ríkisins. Frv., eins og það liggur fyrir, er því hið mesta sýndarplagg og ekki virði þess pappírs, sem það er prentað á.

Ég hef leyft mér á þskj. 587, sem jafnframt er nál. frá mér sem 2. minni hl. heilbr.- og félmn., að leggja til, að frv. verði breytt í verulegum atriðum og þ. á m. alveg sérstaklega, að lagt sé fram stóraukið fjármagn til húsnæðismálanna. Ég legg í fyrsta lagi til, að lán til einstakrar íbúðar sé hækkað ekki aðeins um 50 þús. kr., heldur um 100 þús. kr., tvöfaldað, að þar komi 200 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. Þetta geri ég einungis vegna þess, að ég legg jafnframt til, að nýtt fjármagn komi til, því að öðrum kosti er till. til hækkunar lánsupphæðar einskis virði, leiðir aðeins til þess, að lánin verða færri. Það hefur verið sýnt fram á það, að hækkun meðalíbúðar í verði, síðan húsnæðismálalögin voru sett, nemur um 100 þús. kr., svo að 200 þús. kr. lánsupphæð nú á íbúð er engu meira verðmæti en 100 þús. kr. upphæðin áður. Það er því í raun og veru aðeins breyting til þess, að lánsupphæðin sé nokkurn veginn jafnmikils virði og upphaflega var ákveðið, og er það þó algert lágmark, því að vitanlega hafa lánsupphæðirnar alltaf verið of lágar.

Þá legg ég til í annan stað, að í staðinn fyrir 7% ársvexti komi 4% ársvextir, að vaxtabyrðin sé létt á húsbyggjendum.

Tillögu ber ég hér fram um það, að fyrri mgr. 16. gr. l. skuli orðast svo:

„Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að húsnæðismálastjórn hafi borizt fullgerðar teikningar og sundurliðuð kostnaðaráætlun, áður en framkvæmdir hefjast, og hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni og hefur eftirlit með, að réttum skilyrðum sé fullnægt.“

Meðan ég var í félmrn., varð ég þess var, að það var á því hin mesta óreiða, að það væri

tryggt, að braggarnir, sem látið var í veðri vaka að verið væri að útrýma, væru rifnir, þegar nýja húsnæðið, sem hafði fengið ríkisstyrk, var tekið í notkun og maður brenndi sig því á því, að það væri jafnvel verið að veita styrk hvað eftir annað til útrýmingar sömu braggahreysunum, og það vildi ganga undarlega seint að fækka þeim þrátt fyrir ríkisframlög til *nýrra bygginga í þeirra stað*. Þess vegna held ég, að ekkert megi slaka til á því í lögunum, að vel sé tryggt, að það íbúðarhúsnæði, sem haft er á orði að sé verið að útrýma, sé rifið eða tekið örugglega úr notkun fyrir aðra íbúa, þegar hið nýja húsnæði með ríkisstyrk hefur verið tekið í notkun.

Þá legg ég í þriðja lagi til, að á eftir 4. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Á eftir 23. gr., en í upphafi VI. kafla laganna, Ýmis ákvæði, komi *fjórar nýjar gr.*, svo hljóðandi:

a. (24. gr.) Heimild ríkisstj., sbr. 32. gr. l. nr. 4/1960, til að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði verkamanna fellur niður.

b. (25. gr.) Íbúðareigandi skal eiga rétt á að fá endurgreidd úr ríkissjóði aðflutningsgjöld og söluskatta af byggingarefni, sem til íbúðarinnar hefur þurft, enda sé íbúðin að hagkvæmni og stærð í samræmi við reglur húsnæðismálastofnunar."

Þessi till. er um það að draga úr byggingarkostnaði með því að fella niður söluskatta og aðflutningsgjöld af því byggingarefni, sem talið er að fari í vísitöluhúsið, og létta þannig byrðar húsbyggjenda með því að draga úr byggingarkostnaðinum. Það er upplýst mál, að þær upphæðir, sem ríkið tekur til sín í söluskatta og tolla og innflutningsgjöld af efni á *meðalíbúð, nema nokkuð mörgum þús.* kr., og þegar ríkið er að aðstoða fólk við að byggja yfir sig og sína, þá er ekkert eðlilegra en ríkið gefi eftir innheimtu á þessum gjöldum og auðveldi þannig fólki að byggja yfir sig. Ég hef því lagt hér til, að fólkinu, sem er að byggja, sé hjálpað með lækkun vaxta, með lækkun lánsupphæðar og með því að draga úr byggingarkostnaðinum á þennan hátt, að innheimta ekki söluskatta og aðflutningsgjöld af byggingarefni til íbúðarhúsnæðis. Ég legg til, að endurgreiðslan á þessum gjöldum skuli miðuð við það efni, sem þarf til þess að byggja vísitöluhúsið í okt. 1960, þegar gengislækkunin fór fram, og skal þessi endurgreiðsla innt af hendi í einu lagi, strax eftir að íbúðin hefur verið metin til fasteignamats. Ég legg til enn fremur, að endurgreiðslu samkv. þessari grein eigi að fá eigendur íbúða, sem hafa lokið við byggingu íbúða eftir gildistöku þessara laga, þannig að það verki ekki aftur fyrir sig.

Þá kemur að aðaltill. minni, sem er um fjárútvegunina og er hér í tveimur töluliðum.

Ég legg í fyrsta lagi til, að Seðlabankinn skuli veita byggingarsjóði ríkisins 50 millj. kr. lán með 5½% ársvöxtum til íbúðabygginga á hverju ári næstu 5 ár, frá og með árinu 1962 að telja. Þessum lánum á húsnæðismálastjórnin að ráðstafa í samræmi við sínar útlánareglur. Það hefur verið mikið af því gumað, að Seðlabankinn liggi nú með mikið fryst fé, sem hefur verið dregið saman hingað og þangað utan af landsbyggðinni, jafnvel frá smáinnlánsdeildum kaupfélaganna í hinum fámennustu byggðum, og svo hvarvetna að á landinu, og einkanlega hefur Seðlabankanum áskotnazt fé með því að leggja okurvexti á allar framkvæmdir, þannig að úr þeim hefur dregið, dregið úr húsbyggingum, dregið úr skipakaupum, dregið úr hvers konar mannvirkjagerð og framförum í landinu, og þannig hefur auðvitað safnazt fé. Ég tel, að þessu fé sé ekki betur varið á annan hátt en með því, að Seðlabankinn taki nú að veita lán, t. d. til þess að leysa einhver hin brýnustu verkefni, sem að þjóðinni kalla, t. d. eins og í húsnæðismálunum, því að það er skuld við framtíðina, ef byggt er ár eftir ár minna en sem svarar byggingarþörf þjóðarinnar. En nú liggja fyrir skýrslur um það, að á árinu 1961, hvað þá 1962, eru nýbyggingar íbúðarhúsnæðis komnar langt niður úr því, sem þörf er fyrir, ef á að miða við vöxt þjóðarinnar og eðlilega endurnýjun íbúða, sem fyrir eru.

Að lokum legg ég svo til, að ríkissjóður skuli greiða byggingarsjóði ríkisins *20 millj.* kr. sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan 20 millj. kr. á ári næstu 4 ár. Það er það einasta, sem ætlazt er til að lagt sé á ríkissjóð, að leggja fram 20 millj. kr. á ári í 4 ár. Það væru ekki nema eins konar skaðabætur til byggingarsjóðs ríkisins fyrir að hafa svipt hann tekjunum af stóreignaskattinum, sem var búið að lögfesta sem tekjur til handa byggingarsjóði og þannig ætlaður því fólki, sem réðist í að byggja íbúðarhúsnæði á næstu árum. En nú hefur hjartagæzka hv. stjórnarflokka til stórgróðamannanna í landinu, sem áttu að bera stóreignaskattinn, sagt til sín og þessi skattur verið niður felldur, og það eykur auðvitað vandkvæði húsnæðismálastofnunarinnar og byggingarsjóðs ríkisins, og tekjuleysið blasir þar við í staðinn. Þess vegna er það hófsamleg tillaga, að ríkissjóður leggi á sig 20 millj. kr. byrði, leggi það á alla þjóðina í staðinn, og leggi þetta fram sem óafturkræft framlag til byggingarsjóðs ríkisins. Þessi tekjuöflun, lán að upphæð 50 millj. kr. frá Seðlabankanum og 20 millj. kr. framlag frá ríkinu, þetta hvort tveggja mundi gera það að raunhæfri breytingu á húsnæðismálastjórnarlögunum að hækka hámark lánsupphæðar á íbúð hverja úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. og þó gera mögulegt að fjölga afgreiðslu lána einnig. En frv., eins og það er, mundi aðeins fækka möguleikum til lánveitinga að því skapi, sem lánsupphæð á íbúð *hverja væri hækkuð*, og að því er engin bót. Ég get því aðeins fallizt á, að þetta sýndarfrv. sé samþykkt, að því verði gefið innihald með því, að brtt. mínar verði samþykktar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 552,1 felld með 19:18 atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 587,1 felld með 18:14 atkv.

— 552,2 þar með fallin.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 587,2 felld með 18:11 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 587,3 felld með 19:11 atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315, 598).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til húsbygginga o. fl., hefur nú talsvert verið rætt hér á hv. Alþ., enda er hér um að ræða slíkt stórmál, að það er ofur eðlilegt, að talsverðar umr. verði um málið.

Það fer ekkert á milli mála, að það er brýn þörf á því að gera aðstöðu húsbyggjenda eða þeirra, sem eru að byggja sér íbúðarhús, betri en aðstaðan hefur verið nú um nokkurn tíma. Mér sýnist, að litlu fáist áorkað í þeim efnum samkv. þessu frv. Það vita allir, að það, sem sérstaklega stendur á í þeim efnum að gera aðstöðu manna til byggingar íbúðarhúsa sæmilega, er fé til útlánastarfsemi á vegum hins almenna íbúðalánakerfis ríkisins. Þar hefur um langan tíma skort stórkostlega mikið fé, og því hefur ekki verið hægt að sinna nema litlum hluta af þeim umsóknum, sem borizt hafa, og nauðsynlegt hefur reynzt að kurla lánin svo smátt, að í mjög mörgum tilfellum hafa þessi lán orðið að sáralitlum notum fyrri húsbyggjendur. Ég held því, að það sé ekki hægt fyrir hv. Alþ. að afgreiða þetta frv. um breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni svo, að það séu ekki gerðar einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja byggingarsjóði ríkisins meira fé til útlána en hann hefur nú yfir að ráða.

Það er auðvitað engin bót í þessum efnum, þó að ákveðið sé að fjölga stjórnarmönnum húsnæðismálastjórnar úr 4 í 5. Ég vil fyrir mitt leyti út af fyrir sig ekkert mótmæla því, að í slíkri n. sem þessari séu 5 menn starfandi, — ég tel það á margan hátt eðlilegt, að Alþ. kjósi 5 menn í slíkar stjórnir sem þessa. En auðvitað er það ekki það, sem hefur háð byggingarstarfsemi í landinu að undanförnu, að það hafa setið 4 menn í þessari stjórn í staðinn fyrir 5. Það er vitanlega allt annað, sem hefur verið vandamál í þessum efnum. Því finnst mér, að þessi breyting á húsnæðismálastjórn, sem mér virðist vera aðalefni þessa frv., hefði kannske mátt fljóta með öðrum gagnlegum ráðstöfunum. En að samþ. breytingar á þessari löggjöf, þar sem slík breyting er aðalbreytingin, eins og málin standa nú, það tel ég með öllu ósæmilegt.

Það er rétt, að það má benda á, að tvö önnur atriði er að finna í þessu frv. heldur en um breytinguna á stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn. Það er gert ráð fyrir því bæði í 2. og 3. gr., að tilteknar hámarksfjárhæðir, sem eru nefndar í lögunum, megi hækka nokkuð. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að hækka hámark, sem verið hefur nú um skeið varðandi útlán á vegum húsnæðismálastjórnar, úr 100 þús. kr. á hverju einstöku láni upp í 150 þús. kr. Þetta er auðvitað sáralítils virði, ef ekkert annað fylgir með til breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, því að það er staðreynd, að langflestir þeir, sem sótt hafa um lán til húsnæðismálastjórnar, hafa ekki hingað til fengið þetta hámark. Þeir eru aðeins fáir, sem hafa fengið lánað úr þessu kerfi 100 þús. kr. eða það sem hámarkið ákveður. Að hækka þetta hámark úr 100 þús. kr. upp í 150 þús. kr. er því sáralítils virði, ef ekki eru gerðar einhverjar ráðstafanir til þess að auka við það fé húsnæðismálastjórnar, sem til lánveitinganna fer. Það er auðvitað mergurinn málsins í þessum efnum, hvernig á að útvega meira fé í byggingakerfið.

Sama er að segja um hina heimildina, sem þetta frv. fjallar um, en það er að hækka þá heimild, sem í lögum er nú um sölu á skuldabréfum, úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. Þetta er ekkert aðkallandi málefni, á meðan a. m. k. engin vissa er fyrir því, að það megi takast að fá þessi lán. Hitt hefði vitanlega verið miklum mun álitlegra, ef hæstv. ríkisstj. hefði treyst sér til þess að setja í löggjöfina ákveðna skyldu t. d. á Seðlabankann til þess að lána til húsbyggingastarfseminnar ákveðna fjárhæð eða ákveðið hlutfall af sparifjáraukningunni í landinu á hverju ári.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er sanngjarnt að ætlast til þess, að ákveðinn hluti af sparifjármynduninni í landinu á hverjum tíma gangi til íbúðabygginga, og það hefur oft verið bent á, að það þurfi einmitt að verða aukinn sparnaður hjá landsmönnum til þess að tryggja aukin íbúðalán. Nú liggur það fyrir óumdeilanlega, að sparifjármyndun hefur orðið allmikil og að sá háttur hefur verið hafður á, að Seðlabanki landsins hefur tryggt sér verulegan hluta af þessari sparifjáraukningu til umráða og bundið hann samkv. tilteknum reglum hjá sér. Ég hygg, að binding sparifjár samkv. þessum reglum á s. l. ári hafi numið 253.2 millj. kr. samkv. skýrslum Seðlabankans. Það er alveg augljóst, að það væri auðvelt fyrir ríkisstj. í samningum við Seðlabankann að tryggja íbúðalánakerfinu álitlegan hluta af þessu sparifé til útlána einmitt til íbúðabyggjenda. Það eru ákvæði um þetta efni, sem vantar í frv. Það vantar einmitt að ákveða það í frv., að byggingarsjóður ríkisins fái t. d. hluta af sparifénu til sinnar starfsemi eða þá einhverja aðra beina tekjustofna, sem mættu verða til þess, að sjóðurinn gæti raunverulega innt af höndum það verkefni, sem honum er ætlað.

Að samþ. frv. í því formi, sem það er, tel ég alveg fráleitt. Við 2. umr. málsins hér í d. komu fram allmargar brtt., sem einmitt stefndu í þessa átt, sem ég hef hér bent á, sem miðuðu að því að reyna að tryggja byggingarsjóði ríkisins auknar tekjur, svo að hægt væri að lána út meira fé til íbúðabygginga en verið hefur. Þessar till. voru felldar hér allar við 2. umr. málsins, en svo hafa engar nýjar till. komið fram við 3. umr. Það er auðvitað mál út af fyrir sig, þó að stjórnarflokkarnir geti ekki

fallizt á þá tekjuöflun, sem fram kom í brtt., sem voru fram lagðar við 2. umr. málsins, því að sitt sýnist hverjum, hvernig teknanna skuli aflað. En ég trúi því ekki, að fulltrúar stjórnarflokkanna viðurkenni ekki eins og aðrir þörfina á því að tryggja byggingarsjóði auknar tekjur, aukið fjármagn til sinnar starfsemi. Ef þeir viðurkenna það, en geta hins vegar ekki fallizt á þær till., sem fluttar hafa verið hér frá stjórnarandstöðunni í þessum efnum, þá vitanlega hljóta stuðningsmenn ríkisstj. að koma með sínar till. um það, hvernig á að sjá byggingarsjóði ríkisins fyrir eðlilegu fjármagni.

Að undanförnu hefur það verið svo, að það fé, sem byggingarsjóður ríkisins hefur haft yfir að ráða til sinnar starfsemi, hefur einkum komið frá tveimur aðilum. Í fyrsta lagi eru það fastar tekjur byggingarsjóðs ríkisins samkv. lögunum frá 1957, en þá var fyrst horfið að því ráði að reyna að tryggja byggingarsjóði ríkisins nokkrar fastar árlegar tekjur. Þessar tekjur sjóðsins munu nú vera, að mér skilst, hartnær 30 millj. kr. á ári. En auðvitað eru þessar tekjur allt of litlar fyrir byggingarsjóðinn til þeirrar miklu starfsemi, sem hann á að sinna. Í öðru lagi hefur sjóðurinn fengið með sérstakri milligöngu eða fyrirgreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs um 25 millj. kr. flest árin að undanförnu. Og þetta hefur verið meginfjármagnið, sem sjóðurinn hefur haft yfir að ráða til útlána, annað hefur verið tiltölulega lítið. Samkv. lögunum frá 1957 um byggingarsjóð ríkisins var gert ráð fyrir því, að sjóðurinn ætti að fá miklum mun meiri tekjur en hann hefur nú fengið, því að þá var gert ráð fyrir því, að verulegur hluti af stóreignaskattinum rynni til byggingarsjóðsins. En framkvæmdin á þeirri ákvörðun hefur verið sú, að núv. stjórnarflokkar hafa beinlínis gert ráðstafanir, sem leitt hafa til þess, að byggingarsjóður ríkisins hefur misst þennan tekjustofn, svo að enn þá fremur hvílir sú skylda á núv. stjórnarflokkum að ætla þessum sjóði einhverjar nýjar tekjur, ef ekki er meiningin að gera starfsemi sjóðsins gersamlega gagnslausa eða að engu.

Mér sýnist, að nærtækasta leiðin til þess að tryggja byggingarsjóði ríkisins fjármagn til útlánastarfseminnar sé einmitt að taka tiltekinn hluta af sparifjármynduninni og tryggja það til íbúðalána. Auðvitað þyrfti að gera miklu meira í þessum málum en að tryggja byggingarsjóðnum aukið fjármagn, því þó að gott sé fyrir þá, sem standa í húsbyggingum, að geta fengið nokkur lán til byggingarframkvæmdanna, þurfa þó kjörin á þessum lánum að vera þannig, að unnt sé að rísa undir þeim fyrir meðalfjölskyldu. En það vita allir, að kjör þau, sem nú eru í gildi á lánum byggingarsjóðs ríkisins, eru þannig, að það er engin von til þess, að fjölskylda með meðaltekjur geti risið undir slíkum lánum. Vextirnir eru þar allt of háir, og lánin eru einnig til of stutts tíma. Það er því auðvitað mikil nauðsyn á því, þegar þessi lög eru tekin til meðferðar og fyrirhugað að gera á þeim breytingar hér í þinginu, að ákveða að lækka vaxtakjörin á lánum byggingarsjóðsins og að lengja lánstímann til að bæta kjör þeirra, sem í byggingarframkvæmdum standa. Það er rétt, að það verður auðvitað erfitt að lækka vextina á þessum lánum til verulegra muna, nema ríkisstj. fallist á að lækka vextina almennt í landinu, og þá með því að útvega þessum sjóði nokkuð myndarlegan árlegan tekjustofn, svo að hann væri sjálfur fær um að greiða nokkurn vaxtamismun. En það er þetta tvennt, sem ég álít að þurfi að vera í þessu frv.: það er ákveðin fjáröflun fyrir byggingarsjóð ríkisins eða lánsútvegun, sem eitthvað dregur, og um leið ákvörðun um að lækka vextina á byggingarlánum og lengja lánstímann og bæta þannig lánskjörin. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að gert sé, þegar þessi lög eru hér til endurskoðunar í þinginu.

Þá verð ég einnig að segja það, að ég tel, að ákvæði 4. gr. frv. séu sízt til bóta, eins og þau eru í þessu frv. Það er kunnugt, að það hefur verið bundin, fastákveðin fjárhæð, sem varið hefur verið af hálfu ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. En með þeirri breytingu, sem gerð er á þessum ákvæðum í 4. gr. frv., sýnist mér, að allar líkur séu til, að framlög ríkisins í þessum efnum í krónum talið muni lækka nokkuð frá því, sem verið hefur. Ég hef að vísu ekki flutt hér brtt. við 3. umr. þessa máls. En ég átti fyllilega von á því, að þeir aðilar hér á þingi, sem stóðu fyrir því að fella þær till., sem mér sýndust vera sjálfsagðar og nauðsynlegar og hér voru fluttar við 2. umr. málsins, hlytu nú fyrir 3. umr. að leggja fram sínar brtt. í þessum efnum, því að það er auðvitað hvorki boðlegt fyrir þá né aðra að afgreiða þetta frv. í þeirri mynd, sem það er hér nú.

Ég skal svo ekki ræða frekar um málið að sinni, en vænti þess, að það eigi eftir að koma fram brtt. við málið í þá átt, sem ég hef lýst.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Eins fram hefur komið í þeim umr., sem hafa orðið um þetta mál hér á Alþingi, er það skemmst að segja um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það sé bæði of seint fram komið og feli of lítið í sér af þeim endurbótum, sem þarf að gera á þessum málum. Því miður hefur samt farið svo, að ekki hafa fengizt neinar leiðréttingar á því til endurbóta í meðferð þess hér á hv. Alþingi. Það hefur verið reynt að fá tryggt aukið fjármagn til byggingarsjóðs, svo að hann geti veitt meiri lán, en allar tillögur, sem hafa gengið í þá átt, hafa verið felldar. Það hefur einnig verið reynt að fá hækkuð þau lán, sem byggingarsjóðurinn veitir, og bent á, að það sé ærin nauðsyn sökum hins stóraukna byggingarkostnaðar, sem orðið hefur á undanförnum missirum. En þetta hefur ekki heldur fengizt fram. Það hefur einnig verið reynt að tryggja lægri vexti en nú eru á lánum sjóðsins, en það hefur ekki heldur fengizt fram. Og nú, þegar málið er sennilega til seinustu umr. hér á hv. Alþingi, hef ég ásamt nokkrum þm. öðrum viljað gera úrslitatilraun til þess að fá þó inn í frv. ákvæði um sérstakan stuðning til handa þeim, sem nú eru lakast settir í þessum efnum, en þar á ég við þá, sem hafa ráðizt í íbúðabyggingar á undanförnum árum af litlum efnum, en fengið á sig stórkostlegar hækkanir á bygg-

ingarkostnaði og eru þess vegna komnir í slík fjárhagsleg vandræði, að ekki er annað sjáanlegt en þeir muni missa íbúðir sínar, ef þeim er ekki veitt sérstök aðstoð til þess að halda þeim.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur Alþingi tvívegis orðið að grípa í taumana, síðan viðreisnarlögin voru sett í febr. 1960, til hjálpar þeim, sem viðreisnarráðstafanirnar hafa leikið sérstaklega grálega. Á seinasta þingi voru sett sérstök lög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka. Og það er meginefni þessara laga að heimila stofnlánadeildinni að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í. Hér var sem sagt viðurkennd þörf sjávarútvegsins og þeirra, sem starfa að fiskvinnslu, til þess að fá sérstök föst lán til að komast úr þeim lausaskuldum, sem þessir aðilar höfðu stofnað til vegna sérstakra framkvæmda, sem höfðu orðið miklu dýrari en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir vegna þess aukna kostnaðar, sem viðreisnarráðstafanirnar höfðu haft í för með sér. Á þessu þingi hefur svo verið samþykkt annað frv., sem gengur í svipaða átt, en þar á ég við frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, sem nýlega er orðið að lögum. Samkv. þessum nýju lögum er veðdeild Búnaðarbanka Íslands heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, og skulu þessi bréf eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægilegt lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—60, að báðum árunum meðtöldum. Það er enn fremur svo ákveðið í þessum lögum, að lán samkv. þeim skuli veitt gegn veði í fasteignum, lánstíminn skuli vera allt að 20 árum og lánin að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skuli ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

Ég þarf ekki að lýsa því, að allir hv. þm. hafa verið sammála um að gera þessar sérstöku ráðstafanir til að tryggja sjávarútveginn og landbúnaðinn vegna þeirra stórfelldu byrða, sem viðreisnin svokallaða hefur lagt á þessar atvinnugreinar. En það eru vissulega fleiri en þessir aðilar, sem hafa þörf fyrir slíka aðstoð. Og þá koma þeir menn ekki sízt til greina, eins og ég rakti áðan, sem hafa ráðizt í það á undanförnum árum af litlum efnum að reyna að eignast sína eigin íbúð og hafa orðið að búa við þá aðstöðu, að allur byggingarkostnaður hefur farið síhækkandi, síðan þeir réðust í þessar framkvæmdir, með þeim afleiðingum að sjálfsögðu, að það fé, sem þeir hafa getað útvegað sér, hefur hvergi nærri hrokkið til þess að mæta þeim aukna kostnaði, sem hér hefur orðið, enda er nú svo komið hjá mjög mörgum þeirra og þeim fer stöðugt fjölgandi, sem sjá ekki fram á annað en þeir verði að missa þessar eignir sínar, ef þeir fá ekki sérstaka aðstoð. Þeir, sem hafa lesið Lögbirtingablaðið að undanförnu, sjá þar greinileg merki þess, að þar fjölgar stöðugt auglýsingum um nauðungaruppboð á íbúðum. Mér er líka tjáð af þeim, sem sjá um innheimtu fyrir samvinnubyggingarfélög, að hún gangi stöðugt verr, það séu alltaf fleiri og fleiri, sem geta ekki staðið í skilum, og geti svo farið, að þurfi að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess eða ganga að þeim. Og þó eru það e. t. v. ekki þessir menn, sem eru lakast settir, því að þeir hafa þó náð í eitthvað af föstum lánum, heldur þeir, sem hafa sama og engin föst lán fengið og standa undir meira og minna óbærilegum lausaskuldum. Margir hafa líka orðið að fara inn á þá braut, sem hafa fengið ríkistryggð bréf, að þeir hafa orðið að selja þau með stórfelldum afföllum, sem að sjálfsögðu verða til þess að auka byggingarkostnaðinn sem því svarar og þær skuldir, sem þeir þurfa að standa undir í framtíðinni.

Það er í samræmi við það, sem ég hef nú rakið, að ég hef flutt ásamt tveimur hv. þm. öðrum brtt. við þetta frv. þess efnis, að aftan við bráðabirgðaákvæði þess komi ákvæði um það, að veðdeild Landsbankans sé heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum þeirra, sem hafa ekki fengið nægilegt lán til hæfilegs tíma til byggingar eigin íbúðar, sem þeir hafa ráðizt í á árunum 1956—61, að báðum árunum meðtöldum. Lán þessi verði veitt gegn veði í íbúðum þeirra, sem lánin fá, og mega þau að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins. Lánstíminn skal vera 20 ár og vextir hinir sömu og af lánum byggingarsjóðs ríkisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar í reglugerð nánari ákvæði um þessi lán og sé m. a. tryggt með þeim, að lánin verði aðeins veitt til greiðslu lausaskulda, sem hafa sannanlega orðið til vegna íbúðabygginga. Loks er þar svo lagt til, að Seðlabanka Íslands skuli skylt að tryggja sölu þeirra bankavaxtabréfa, sem eru gefin út samkv. framansögðu.

Hér er í meginatriðum fylgt sömu reglum og felast í þeim lögum, sem sett voru á Alþingi í fyrra um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka, og felast í þeim lögum, sem nýlega voru samþ. hér á Alþingi um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Og þó að bæði útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslufyrirtækja og bændur hafi haft mikla þörf fyrir þá aðstoð, sem þeim var veitt í áðurnefndum lögum, þá er það alveg víst, að þeir íbúðabyggjendur, sem hér ræðir um, hafa ekki minni þörf fyrir svipaða aðstoð. En það er að sjálfsögðu ekki nægilegt, að þeir fái slík bréf í hendur, heldur þarf að tryggja sölu slíkra bréfa, og þess vegna er það ákvæði sett í brtt., sem við fjórir þm. flytjum, að Seðlabanka Íslands skuli skylt að tryggja sölu þeirra bankavaxtabréfa, sem gefin eru út samkv. þessum ákvæðum.

Nú vita það allir, að hjá Seðlabanka Íslands hefur á undanförnum missirum safnazt fyrir geysilega mikið sparifé, sem er ekki neitt notað, a. m. k. eins og sakir standa, og það verður ekki séð, að því fé verði öllu betur varið en til

þess að tryggja sölu slíkra bréfa og þeirra, sem hér um ræðir, og af þeim ástæðum verður því ekki heldur borið við, að ekki sé fjármagn fyrir hendi hjá Seðlabankanum til þess að tryggja sölu þessara bréfa.

Að sjálfsögðu hefur ekki unnizt tími til þess að gera neitt yfirlit yfir það, hve há heildarupphæðin yrði í sambandi við þá bankavaxtabréfaútgáfu, sem hér er rætt um, en vafalaust yrði sú upphæð nokkur, en þó áreiðanlega hvergi nærri eins mikil og t. d. sú, sem hlauzt af því, að ráðizt var í að opna nýja lánaflokka hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins á s. l. ári. Og áreiðanlega er sú upphæð miklu lægri en það fjármagn, sem Seðlabankinn hefur nú laust til umráða, og þar af leiðandi á ekki að vera neinn vandi á höndum í sambandi við að leysa þetta mál. Þar að auki má benda á það, að ríkisstj. fékk í sambandi við viðreisnarlöggjöfina sérstakt gjafafé frá Bandaríkjunum, sem hún hefur ekki ráðstafað nema að takmörkuðu leyti enn sem komið er, og því væri að sjálfsögðu ekki betur varið en að fara að einhverju leyti til að tryggja kaup á bréfum eins og þessum, svo að ég held, að það verði ekki hægt að bera því við með réttum rökum, að sú tillaga, sem hér er flutt, sé ekki vel framkvæmanleg, ef vilji er fyrir hendi. Og ég vænti þess, að áður en hv. stjórnarflokkar og hæstv. ríkisstj. snýst gegn þessari vel framkvæmanlegu tillögu, geri hún sér fulla grein fyrir því, hvernig ástatt er nú hjá fjölda íbúðabyggjenda í bæjunum, sem sjá áreiðanlega ekki fram á annað en þeir missi íbúðir sínar, ef þeim berst ekki sérstök aðstoð. Og það er skylda ríkisins sérstaklega að koma þessum aðilum til hjálpar, vegna þess að það hefur átt sinn þátt í því með sínum efnahagsaðgerðum á undanförnum árum að gera framkvæmdir þessara aðila miklu dýrari eða allt að helmingi dýrari en ætla mátti að þær mundu verða, þegar í þær var ráðizt upphaflega. Hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum er líka áreiðanlega um það kunnugt, að það er fjöldi íbúðaeigenda, sem verður nú að sæta hreinum neyðarkostum í sambandi við sölu á t. d. verðbréfum, lenda í klóm alls konar okrara, og önnur tiltækari leið til að bjarga þeim úr þessum klóm er ekki til heldur en sú, sem hér er einmitt bent á. Ég vil þess vegna vænta þess, að þótt hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafi ekki fengizt til þess að fallast á þær brtt. til leiðréttingar á þessu frv., sem áður hafa verið fluttar hér í sambandi við meðferð þessa máls á þinginu, þá snúist þessir aðilar ekki á móti þessari brtt., vegna þess að hún er fyrst og fremst bundin við að aðstoða þá, sem nú eiga í mestum erfiðleikum vegna íbúðamálanna, mestum fjárhagslegum erfiðleikum. Og mér finnst, að það ætti að vera aukin ástæða til þess hjá hv. stjórnarflokkum að styðja þessa tillögu, vegna þess að það er yfirlýst stefna þeirra, a. m. k. annars þeirra, Sjálfstfl., að vinna að því, sem hann hefur að kjörorði: eign handa öllum, og það er að sjálfsögðu engin eign nauðsynlegri fyrir fjölskyldur heldur en geta átt sína eigin íbúð. Hér er verið að stuðla að því, að hundruð eða jafnvel þúsundir manna, heimilisfeðra og fjölskyldna, missi ekki þær íbúðir, sem þeir hafa nú undir höndum eða eiga nú, og það ætti því að vera alveg sérstök hvatning þeirra, sem vilja fylgja þessu kjörorði, eign handa öllum, að stuðla að því, að tillaga eins og þessi verði samþykkt.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en vil vænta þess, að þessi tillaga fái góðar undirtektir hjá hv. deild.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja mjög umr. um þetta mál, þó að vissulega gefi það tilefni til allmikilla umr. í sjálfu sér, en það má segja um þetta frv., að megineinkenni þess er, hve skammt það nær. Það hefur verið sagt hér í umr., ég held af hæstv. ráðh., að þetta séu bráðabirgðaúrræði, sem hér er bent á, og hann hefur einnig nefnt, að nefnd starfi að því að finna lausn á þeim vanda, sem veðlánastarfsemin hefur við að glíma og snertir að sjálfsögðu fyrst og fremst húsbyggjendur í landinu. Þessi nefnd hefur nú verið að starfi, skilst mér, um tveggja ára skeið, og ég hygg, að það megi segja, að árangur af starfi hennar sé enn sáralítill, svo að ekki sé meira sagt. Og það væri mjög æskilegt, ef hæstv. félmrh. gæti gefið nánari upplýsingar um starf þessarar nefndar og verksvið hennar, enda man ég ekki til þess, að hann hafi á það minnzt eða farið mjög náið út í það áður við þessar umr. En eftirtekjan af tveggja ára starfi þessarar nefndar er svo lítil, að furðu gegnir að mínum dómi. Í þessu frv. er engin tilraun gerð til þess að bæta úr því, sem er brýnast í starfsemi veðlánakerfisins, sem sé að tryggja fjármagn til starfseminnar. Og þær brtt., sem fram hafa komið við þetta frv., hafa allar verið felldar við 2. umr. Ég sé ekki, að í þessu frv., eins og það liggur nú hér fyrir við 3. umr., felist neitt slíkt ákvæði, að það tryggi það fjármagn, sem til þess þarf, að hægt sé að reka veðlánakerfið. Og eins og frv. er nú úr garði gert, er það aðeins fallið til þess að vekja falskar vonir hjá húsbyggjendum, sem bíða hundruðum saman eftir því að fá úrlausn sinna mála. Ég vil því skora á hæstv. ríkisstj. að hraða þeirri lausn, sem til þess þarf, að svo megi verða, og ef það er þessarar nefndar, sem um hefur verið rætt, að gera tillögur um það efni, þá verði henni gefin fyrirmæli um að hraða störfum sínum og leggja fram álit sitt sem allra fyrst.

Í þessu sambandi, vil ég einnig leyfa mér að gera fsp. til hæstv. ráðh., sem er líka mikilsvert atriði í þessu sambandi, hvenær megi vænta þess, að næst verði úthlutað lánum af hálfu húsnæðismálastjórnarinnar. Ég hygg, að flestir hafi búizt við því, að lánsúthlutunin færi fram í febr. s. l., en nú er komið fram í apríl, og það bólar ekkert á því, að úthlutun fari fram. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, að það er ekki spurt hér að tilefnislausu, og ég álít, að lánsumsækjendur eigi kröfu til þess, að þessum spurningum verði svarað.

Ég vil undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að mikilvægustu atriði þessa frv. ná allt of skammt eða þau atriði, sem ættu að vera mikilvægust, ef settur væri botn í þær tillögur, sem felast m. a. í 2. og 3. gr. En þar sem það er ekki tryggt, að veðlánakerfið fái það fjármagn,

sem til þess þarf, þá sýnist mér, að frv. sé með öllu tilgangslaust og til einskis að samþykkja það.

En ég vil að lokum bera enn fram aðra fsp., sem ég tel að sé mikilvæg fyrir þetta mál og hefur ekki enn þá komið fram. Sú fsp. er um það, hvort þeir lántakendur, sem þegar hafa fengið hámarkslán, 100 þús. kr., eins og er nú samkv. núgildandi lögum, geti vænzt þess, þegar búið er að hækka þetta lánahámark upp í 150 þús., að fá lán af þeirri upphæð. Ég mundi óska þess, að hæstv. ráðh. vildi svara þessu, því að ég hygg, að það hafi gildi fyrir lögin, þegar á að fara að framkvæma þau.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Mér hefði þótt vænna um, ef svör hæstv. ráðh. við þeim spurningum, sem nú voru bornar fram til hans, hefðu legið fyrir, áður en ég talaði, því að það er rétt, sem fyrirspyrjandinn sagði, að vissulega mundi það nokkru máli skipta, að menn hefðu vitneskju um það, hvernig ætti að framkvæma þau atriði, sem um var spurt. En væntanlega koma upplýsingar hæstv. ráðh. síðar við þessa umr., því að það er ekki spurt að tilefnislausu.

Það hefur farið öllum ræðumönnum, sem um þetta mál hafa rætt, eins og mér í gær, að ég sé ekki, að neitt felist í þessu frv. annað en að fjölga í húsnæðismálastjórn um einn mann og lengja kjörtímabil húsnæðismálastjórnarmanna úr 3 árum í 4, og svo breyta á tveim stöðum í frv. tölunni 100 í 150, án þess að það hafi nokkra minnstu þýðingu fyrir starfsmöguleika sjóðsins, af því að honum er ekki séð fyrir neinu auknu fjármagni. Og ef hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, fer rétt með, að þetta sé ávöxtur af starfi nefndar, sem hafi unnið sleitulaust í 2 ár, þá er ávöxturinn harla lítill, það verð ég að segja. Þeir hafa illa gert í blóðið sitt, þeir nm., sem njóta nú þeirrar náðar að vera á öðru þingfararkaupi en stjórnarandstöðuþm. fyrir að vinna að svona lagasmíði eins og þessari, eða blóðið í þeim er þá harla lítið. En svona er nú með margar þessar nefndir, sem stjórnarliðinu er skipt niður í, og þeir sitja flestir í svona tveimur, þremur nefndum. Þeim er sett það fyrir að taka að sér endurskoðun allstórra lagabálka, og þeir sitja yfir þessu mánuð eftir mánuð og fá sitt kaup og koma svo með einhverjar hégómlegar kákbreytingar, og þar með er hægt að borga þeim út kaupið, og tilgangurinn virðist ekki vera annar en sá. Ef það er fyrirheit hæstv. ríkisstj., að það skuli koma gagngerðari endurskoðun á þessum lögum síðar, þá held ég, að það hefði verið öllu smekklegra, að fjölgunin í húsnæðismálastjórn hefði beðið eftir þessum nánari og ýtarlegri og stærri breytingum og lenging kjörtímabilsins í húsnæðismálastjórn líka, en að þau atriði væru ekki tekin með þessum auvirðilegu bráðabirgðabreytingum, sem hér hafa verið dubbaðar upp í frv. Ég sé ekki, að það beri nokkra nauðsyn til að fjölga í húsnæðismálastjórn, þegar sjóðurinn er félaus og lítt starfhæfur. Mér finnst það nánast hálfgert hneyksli. Það er naumast, að það liggur á að koma einum hv. sjálfstæðismanni í húsnæðismálastjórnina í viðbót við þá, sem fyrir eru, og það vita allir, hver maðurinn er. Það er ekki hægt að sjá annað en þetta sé eiginlega eini tilgangurinn með flutningi þessa frv. Það er rétt eins og þegar það varð að stórmáli nú á s. l. sumri, að það þurfti að gefa út brbl. til að breyta lögum um sildarútvegsnefnd, af viðkomandi ráðh. til að koma bróður hans með brbl. inn í nefndina. Það er annað hneykslið frá. Og svo vannst ekki tími til þess að staðfesta brbl. fyrir áramót, svo að bróðirinn varð að vera ólöglegur vikum og mánuðum saman í nefndinni eftir allt saman, svo að þetta gerðist allt með hálfgerðum harmkvælum, eins og til var stofnað.

Það var ljúflega og hófsamlega að orði komizt hjá þeim hv. þm., sem talaði hér á undan mér, þegar hann sagði, að megineinkenni þessa frv. væri það, hve skammt það næði. Það er ekki hægt að segja þetta elskulegar og láta meininguna þó skiljast. Megineinkenni þessa frv. er það, hve skammt það nær. Það nær nefnilega ekki nokkurn skapaðan hlut, það nær ekki neitt. Það er nálega eins og okkur var kennt í stærðfræðinni, að það væri óendanlega lítil stærð.

Við 2. umr. þessa máls fór það þannig, að alveg var sama, í hvaða átt brtt. við frv. fóru, allar voru þær strádrepnar, enda eru það orðin dagleg vinnubrögð hér á Alþingi, ef stjórnarandstæðingur vill leiðrétta prentvillu í frv., þá er það líka drepið. Það má ekkert komast í gegn, sem stjórnarandstaðan ber fram. Það er alveg víst, að henni mundi ekki takast að fá leiðrétta prentvillu, þótt hún bæri fram till. um það. Þannig er framkvæmdin á þingræðinu á Íslandi í dag og er stjórnarvöldum til lítils sóma. **(Gripið fram í:** Meiri hlutinn á að ráða.) Já, hann gefur heldur ekkert eftir af þeim rétti sínum að ráða, og hann fylgir því vel eftir að gefa minni hlutanum engan rétt, en það hefur hingað til verið talinn aðall þingræðisins, að minni hl. í þingræðisríkjum ætti einnig að hafa nokkurn rétt. **(Gripið fram í:** Hann á að hlýða.) E. t. v. meira en það, hann á sjálfsagt líka að þegja og hlýða.

Þær till., sem felast í því að breyta tölunni 100 í 150 á tveim stöðum í frv., eru vissulega til þess fallnar að vekja falskar vonir, því að til lítils kemur það, að hámark láns út á eina íbúð megi verða 150 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. kr., þegar fjármagn sjóðsins er ekki aukið um einn eyri. Þessi þriðjungshækkun á hverju einstöku láni getur auðvitað ekki leitt til annars en að lánin verði þriðjungi færri, og við erum engu bættari við það. Og að því er snertir útgáfu bankavaxtabréfa Landsbankans, sem aldrei á undanförnum árum hefur náð 100 millj., eins og nú er heimilað í lögum, þá er ákaflega lítil huggun í því að gefa Landsbankanum enn þá rýmri heimild, færa hana upp í 150 millj., þegar 100 millj. kr. heimildin, sem er í lögum, hefur aldrei verið notuð.

Það, sem máli skiptir og ber að þrautreyna, er, hvort hv. þingmeirihluti á Alþingi situr enn fastur við sinn keip um það að vilja með engu móti fallast á, að sjóðnum sé tryggt aukið fjármagn. Ég flutti í gær tvær till. um þetta efni á þskj. 587, aðra till. þess efnis, að Seðlabankanum væri skylt að veita byggingarsjóði ríkisins 50

millj. kr. lán með 5½% ársvöxtum til íbúðabygginga á hverju ári í næstu fimm ár, frá og með árinu 1962 að telja, og að húsnæðismálastjórnin skyldi ráðstafa þessum lánum í samræmi við útlánareglur sínar. Þessi till. var drepin, eins og kunnugt er, eins og allar aðrar. Ég vil nú freista þess að bera fram eins konar varatillögu við þessa till., því að mér finnst ekkert eðlilegra en að Seðlabankinn, sem nú er gumað mikið af að hafi safnað til sín miklu sparifé, sem hann lumar á, verji einhverjum brothluta af því, fimmta eða sjötta parti, til þess að gera byggingarsjóð ríkisins starfhæfan með nokkru framlagi. Ég hef því leyft mér að bera nú fram aftur brtt. um það, að slík kvöð sé lögð á Seðlabankann, en að upphæðin, sem var í till. í gær, 50 millj. kr., verði nú ákveðin 40 millj. kr. Ætti hún þá að vera komin niður í það, að það væri aðgengilegra fyrir hv. meiri hl. að samþ. till.

Í annan stað taldi ég rétt, að ríkissjóður greiddi byggingarsjóðnum 20 millj. kr. sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og næstu fjögur ár. Þetta væru nánast skaðabætur til sjóðsins fyrir það, að ríkisvaldið hefur svipt hann þeim tekjum, sem honum voru ætlaðar með hátekjuskattinum eða stóreignaskattinum, sem nú hefur verið, eins og áðan var sagt, lagður niður eða hætt við að innheimta hann að mestu eða öllu leyti. Ég vil nú bera fram eins konar varatillögu við þessa till. og sætta mig við, að upphæðin yrði eigi hærri en 15 millj. kr. Ef þessar till. yrðu samþ., væri það búið að fá eitthvert innihald, að lánahámarkið væri 150 þús. á einstaka íbúð í staðinn fyrir 100 þús., en er ekkert nema dauður bókstafur, ef engar ráðstafanir eru gerðar til þess að afla sjóðnum tekna. Þá leiðir það eingöngu til þess, að verði lánsupphæðin hækkuð, þá fækkar lánunum að sama skapi.

Þær till., sem ég því leyfi mér að flytja nú skriflega, eru tvær, og hljóða þær þannig, með leyfi forseta:

„Á eftir 4. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

Seðlabankinn skal veita byggingarsjóði ríkisins 40 millj. kr. lán með 4% ársvöxtum til íbúðabygginga ár hvert næstu 6 ár frá og með árinu 1962 að telja. Lánstíminn sé 40 ár. Lánum þessum skal húsnæðismálastjórn ráðstafa í samræmi við útlánareglur sínar."

Þetta er fyrri till. Síðari till. er svo hljóðandi:

„Ríkissjóður greiðir byggingarsjóði ríkisins 15 millj. kr. sem óafturkræft framlag á árinu 1963 og síðan jafnháa upphæð árlega í næstu fjögur ár."

Tölurnar eru sem sé lægri en í till. í gær, og má því líta á þessar till. sem varatillögur. Tillögurnar eru of seint fram komnar og skriflegar, og vil ég því biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Eins og ég vakti hér máls á við upphaf þessarar umr., taldi ég, að ekki væri viðunandi fyrir Alþingi að láta þetta frv. frá sér fara í þeim búningi, sem það er nú eftir 2. umr., þar sem engar þær breyt. eru gerðar á lögunum um byggingarsjóð ríkisins, sem leysa á neinn hátt þann vanda, sem þar er við að glíma. Þar er auðvitað fyrst og fremst um tvennt að ræða, eins og ég benti á, þ. e. fjárþörf byggingarlánakerfisins og að gera byggingarsjóði ríkisins kleift að veita lán til íbúðabyggjenda með hagstæðari kjörum en verið hefur. Nú hafa komið hér fram, síðan ég flutti mitt mál, nokkrar till. til breyt. á frv., ein till. a. m. k. frá hv. 8. þm. Reykv. og ein eða tvær frá hv. 4. landsk. þm. Ég hafði hugsað mér að flytja hér tvær brtt., en þær verða að vera skriflegar. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég gera grein fyrir þessum brtt. mínum.

Fyrri till. er við 3. gr. og er svo hljóðandi:

„Við greinina bætist: Í stað „með 7% ársvöxtum" í E-lið sömu greinar komi: með 5% ársvöxtum."

Í þessari till. felst það, að útlánavextir af lánum byggingarsjóðs lækki úr 7% niður í 5%. Við 2. umr. málsins var flutt till. af hv. 4. landsk. þm. um það, að vaxtakjörin yrðu lækkuð úr 7% niður í 4%. Sú till. fann ekki náð hér fyrir meiri hl. hv. þdm., en nú vil ég freista þess að fá úr því skorið, hvort menn geta ekki sætzt á það, að vextirnir verði lækkaðir úr 7% niður í 5%. Ég tók svo eftir, að einn af hæstv. ráðh. hefði sagt hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum, að í ráði væri hjá hæstv. ríkisstj. að lækka vextina, hina almennu útlánsvexti, niður í það, sem þeir voru fyrir vaxtahækkunina, og sýnist mér þá ekki til mikils mælzt að fara fram á, að nú verði ákveðið við afgreiðslu þessa máls að lækka vexti á íbúðalánum úr 7% niður í 5%. Það er mín skoðun að vísu, að það þyrfti að lækka þessa vexti miklum mun meir, en lítið er betra en ekkert í þessum efnum, og því flyt ég þessa brtt.

Önnur brtt. mín er þannig:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 23. gr. laganna, en í upphafi VI. kafla, komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður skal greiða byggingarsjóði ríkisins árlega fjárhæð, sem nemur 1% af heildartekjum ríkisins."

Eins og ég minntist hér á í minni fyrri ræðu, tel ég mjög aðkallandi að útvega byggingarsjóði ríkisins einhvern nýjan tekjustofn, til þess að sjóðurinn verði fær um að taka á sig nokkurn vaxtamismun, þegar hann þarf að taka fé að láni með tiltölulega háum vöxtum, vegna þess að það er óhjákvæmilegt að skapa honum aðstöðu til þess að veita íbúðalánin með tiltölulega lágum vöxtum. Ef þessi till. yrði samþ., væri þar með ákveðið, að ríkissjóður legði byggingarsjóði ríkisins 17—18 millj. kr. á ári hverju, eða nánar tiltekið 1% af heildartekjum ríkisins. Ég tel, að þessi fjárveiting megi ekki vera lægri en þetta og að það geti ekki valdið neinum úrslitum í sambandi við afgreiðslu fjárl., þó að ákveðið sé að verja í þessu skyni sem nemur 1% af heildartekjum ríkissjóðs. Hér væri um fastan tekjustofn að ræða til frambúðar fyrir byggingarsjóð ríkisins, ekki aðeins ákveðinn til eins árs, heldur ákveðið í lögum, að þetta skyldi sjóðurinn hafa frá ríkinu árlega. Á því er auðvitað enginn vafi, að það er nauðsyn, sem er ekki hægt að víkja sér undan til lengdar, að útvega byggingarsjóði ríkisins fasta

tekjustofna til þess að byggja upp sjóðinn þannig, að hann verði í framtíðinni fær um að standa undir þörfum varðandi húsbyggingalán.

Þessar till. mínar eru auðvitað of seint fram komnar og skriflegar, og þarf að leita afbrigða fyrir þeim eins og þeim öðrum till., sem hér hafa komið fram í málinu. Ég vil hins vegar vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er óviðkunnanlegt, að ekki sé meira sagt, að halda hér áfram umr. um mál, sem er ekki hægt að fá afbrigði fyrir fram komnum till. út af. Í rauninni hygg ég, að það stríði á móti þingsköpum að gera slíkt, því að venja er sú að leita afbrigða fyrir fram komnum till. og ræða þær fyrst, þegar það hefur tekizt. Það er líka augljóst mál, að það er ekki hægt að ljúka þessari umr., fyrr en atkvæði hafa gengið hér um afbrigði fyrir þeim till., sem fram eru komnar. Ég sé því ekki, að neitt sé unnið með því að halda þessum umr. áfram, á meðan svo fáskipað er hér á Alþingi, að ekki er hægt að koma fram nauðsynlegustu afgreiðslum hér eins og afbrigðum fyrir till.

Ég skal svo ekki lengja þetta frekar, en vænti þess, að leitað verði afbrigða fyrir þessum till., svo að þær geti komið til atkvgr. hér við 3. umr. málsins.

Forseti (BGr): Út af síðustu ummælum hv. ræðumanns vil ég benda honum á, að fyrir skammri stundu var leitað afbrigða og þau voru veitt. Þá voru mættir nægilega margir þm. til þess að veita afbrigði. Í þeirri von, að svo sé enn, verður leitað afbrigða fyrir þessum till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 598, sem var of seint útbýtt, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 606 og 607) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 607,1 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EOl, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, IG, JSk, KGuðj, LJós.

nei: MÁM, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, RH.

3 þm. (ÓTh, EðS, GeirG) fjarstaddir.

Brtt. 607,2 felld með 21:14 atkv.
— 606,1 felld með 21:11 atkv.
— 606,2 felld með 21:17 atkv.
— 598 felld með 21:17 atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 608).

34. Kirkjubyggingasjóður.

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 14. apríl 1954, um kirkjubyggingasjóð [128. mál] (stjfrv., A. 257).

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum kirkjuþings og að beiðni biskups. Aðalefni þess er að hækka hið árlega gjald til kirkjubyggingasjóðs upp í 1 millj. kr. Þessi hækkun er nú þegar tekin á gildandi fjárlög og er þess vegna ekki meiri en samsvarar þeirri fjárhæð, sem Alþingi hefur ætlað, a. m. k. á þessu ári, í þessu skyni. Enn fremur er ætlað, samkv. 2. gr., að veita megi hærri lánsfjárhæðir til kirkjubygginga, í samræmi við hækkaðan byggingarkostnað, en hingað til hefur verið.

Ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 257, n. 360).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 360, hefur hv. menntmn. klofnað um þetta frv. Fjórir nm. mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm., hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, er frv. andvígur. Legg ég því til, að frv. verði samþ. til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Ég gat ekki verið sammála hv. samnefndarmönnum mínum í hv. menntmn. um afgreiðslu á þessu máli. Ég held satt að segja, að það væri rétt að athuga þetta betur, því að mér sýnist ekki, að neitt liggi á að afgreiða þetta. Á fjárlögunum fyrir þetta ár er veitt til kirkjubyggingasjóðs 1 millj. kr., þannig að það er ekki neinum vandkvæðum bundið um framlögin á yfirstandandi ári. Ég held, að það mætti þess vegna alveg bíða til næsta þings að athuga, hvað gert skuli í þessum málum.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því, að 2. gr. þessa máls hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að hækka lánsupphæðir þær, sem um ræðir í 1. mgr., til samræmis við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað hverju sinni frá vísitölutímabilinu 1. okt. 1953 til 30. sept. 1954."

M. ö. o.: það á að lögskipa lánveitingar samkvæmt vísitölu úr ákveðnum sjóði, sem ríkið hefur með að gera. Þetta getur máske verið ágætis fyrirmynd, og ég vildi spyrja, hvort þetta væri sérstaklega sett þarna inn með þetta fyrir augum, að það ætti að taka upp þann hátt, að héðan í frá skyldi það lögskipað, að í öllum þeim sjóðum, sem ríkið kemur nærri, skuli gilda sú regla, að það skuli lána út samkv. vísitölu, eftir því, hvernig hækkað hefur frá 1953, þannig að almenningur, sem nú þjáist mjög undir dýrtíð í sambandi við íbúðarhúsabyggingar, megi eiga von á því nú þegar á þessu þingi, að svo verði mælt fyrir í lögum, að öll lán skuli hækka, úr sjóðum eins

og byggingarsjóði ríkisins og öðrum slíkum, sem ríkið hefur eitthvað með að gera. Ég vil enn fremur spyrja að því, hvort það sé meiningin í sambandi við t. d. byggingarsjóð landbúnaðarins og annað slíkt, að það eigi að fyrirskipa, að það skuli samkv. vísitölu hækka öll lán úr öllum þeim sjóðum, sem ríkið hefur með að gera, í samræmi við hækkun vísitölu frá 1953 til 1954. Og þá býst ég við náttúrlega, ef bæði íbúðarhúsabyggingar og landbúnaðurinn eigi að njóta slíks, að þá muni vafalaust fleiri fara þar á eftir.

Ég held, að það hljóti að vera meiningin, að eitt gangi nokkurn veginn yfir alla í þessum efnum, hvað snertir lánasjóði ríkisins, og ekki fæ ég séð, að t. d. kirkjubyggingar eigi að hafa þar nein forréttindi fram yfir byggingar fyrir fólk, lifandi fólk, og þess vegna vildi ég gjarnan fá, áður en þetta mál héldi áfram, upplýsingar um það, fyrst þetta er stjórnarfrv., hvort þetta er prinsip-ákvæði hjá hæstv. ríkisstj. og hvort það megi búast við, að sami háttur verði hafður á um útlán úr öllum öðrum sjóðum. Ef svo skyldi fara, að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, að þetta væri meiningin og yrði nú þegar gert á þessu þingi, þá mundi ég út af fyrir sig kannske geta fellt mig við þetta, af því að það gæti þó orðið til einhvers góðs. En meðan það kemur ekki, álít ég, að það sé ekki þörf á að afgreiða þetta frv. á þessu þingi og það mætti þá bíða.

Það er vitanlegt, að hvergi kreppir eins að almenningi nú og einmitt í sambandi við byggingar, og fyrir þessu þingi liggja allmörg frv., sem hafa ekki fengið afgreiðslu enn þá, einmitt um að reyna að laga dálítið til í þeim málum, og þess vegna væri gott að heyra um leið, hver er ætlun hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi afgreiðslu á slíkum málum, sem eru orðin mjög erfið fyrir almenning. Hins vegar verð ég að segja það, að ef ríkið hefur efni á því, — en stundum er nú verið að kvarta yfir, að það séu ekki allt of miklir peningar til, og maður fær stundum að heyra, að það séu ekki allt of miklir peningar til, — ef ríkið hefur efni á því að ákveða, að á hverju einasta ári skuli verja 1 millj. til kirkjubygginga, þá held ég, að það væri rétt að athuga, hvort það eru ekki ýmsar aðrar byggingar, sem væru máske álíka nauðsynlegar.

Ég verð að segja, að ég held t. d., eins og nú er komið ástandinu í okkar þjóðfélagi, þar sem vitað er, að ef fjölskylda á að draga fram lífið og ekki sízt ef ung hjón eiga að geta byggt yfir sig, þá verða venjulega bæði konan og maðurinn að vinna úti, þá væri ekki síður og jafnvel frekar þörf á því að skapa sérstakan barnaheimilissjóð, sem veitt væri í 1 millj. á ári til þess að byggja fyrir barnaheimili, sem gætu tekið að sér að taka á móti þeim börnum, sem foreldrarnir þurfa að koma frá sér, til þess að þau geti unnið fyrir heimilinu. Það er vitanlegt, að það er á fáum sviðum orðin önnur eins þörf á nýjum byggingum og nýrri starfrækslu og einmitt hvað barnaheimili snertir, og ég held, þegar við erum að ræða um, hvernig eigi að verja fé, þá sé það a. m. k. mjög athugandi, ef við höfum að áliti okkar fjármálamanna efni á því að setja 1 millj. í sérstakan byggingarsjóð, hvort það væri ekki nær af okkur að verja því í sérstakan barnaheimilissjóð, sem hjálpaði til þess að koma upp barnaheimilum, bæði hér í höfuðstaðnum og annars staðar. Það er, eins og allir vita, svo yfirfullt um aðsókn að barnaheimilum, að það er ekki hægt að koma að — ja, ég veit ekki, hvað ég á að segja — tíunda eða fimmta partinum af þeim börnum, sem sótt er um að koma þar að á hverju ári. Og þó að kirkjurnar séu kannske vel sóttar á stórhátíðum, þá held ég, að það sé ekki slík þröng í þeim á venjulegum sunnudögum.

Ég held þess vegna, að það væri rétt af hv. deild, af því að ekki kemur til með að væsa um kirkjubyggingar í ár, að láta þetta mál bíða, eins og nú standa sakir, og athuga, hvort þessu fé yrði ekki betur varið öðruvísi, ef menn vilja hækka þetta upp í 1 millj., og athuga um leið það, sem ég gat um í upphafi míns máls, hvernig eigi að verða með vísitölulán úr sjóðum ríkisins. Það er máske líka rétt að spyrja að því um leið, ef á að fara inn á þessar vísitölugreiðslur eða vísitöluhækkanir viðvíkjandi lánum, hvort það eigi kannske að koma svo á eftir, að það verði farið að afnema þau lög, sem sett voru hér um árið og breyttu öllum þeim samningum, sem þá voru fyrir, að það væri bannað að borga samkvæmt vísitölu, þegar atvinnurekendur hefðu samið við verkamenn um það. En það virðist sem sé eiga að gilda eitthvað annað, þegar það eru lán úr sjóðum, raunverulega sjóðum ríkisins, eða sjóðum, sem ríkið styrkir og heldur uppi til ákveðinna framkvæmda.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Ég vil fyrst gera þá athugasemd, að hvað sem menn telja um kirkjubyggingar almennt, þá eru þær ætlaðar fyrir menn ekki síður en ýmsar aðrar þarfar byggingar, en það var auðheyrt á orðum hv. síðasta ræðumanns, að hann gerði mun á kirkjubyggingum og byggingum fyrir menn.

Um þetta frv. er það að segja, að það er flutt að beiðni biskups og eftir samþykkt, sem gerð var á síðasta kirkjuþingi, fyrir hér um bil 1½ ári. Þær reglur, sem hér eru ráðgerðar, eru því eftir tillögu þessara aðila og lýsa ekki almennt afstöðu til allt annarra og ólíkra mála.

Meginbreytingin er sú, sem segir í 1. gr., að ráðgert er, að framlag í kirkjubyggingasjóð hækki úr 500 þús. kr. á ári næstu 20 ár í 1 millj. kr. Með ákvæðum fjárlaga var búið að hækka þetta framlag upp í 800 þús. Í gildandi fjárlögum var þetta hins vegar hækkað upp í 1 millj. kr., þá fjárhæð, sem nú er ráðgert að lögfesta til frambúðar. Frá því, sem fé er nú þegar veitt, er þess vegna ekki um neina aukna fjárveitingu úr ríkissjóði að ræða.

Varðandi aftur á móti þær reglur, sem gilda um lánsupphæðir, þá er þar einungis um heimildarákvæði að ræða. Og ég vil minna á, að einmitt nú fyrir þessu þingi liggja frumvörp bæði um fjárhæðir, sem lána má til ýmiss konar landbúnaðarframkvæmda og einnig til venjulegra húsbyggingarframkvæmda, þannig

að það er hægt samtímis fyrir þingið og með hliðsjón af þeim reglum, sem settar eru í hverju frv. um sig, að koma fullu samræmi á í þessum efnum. En þá skiptir auðvitað ekki mestu, hver heimild lánsupphæðar skuli vera, heldur að raunverulega sé fé fyrir hendi í því skyni, að hægt sé að verja sem mestu til þeirrar heimildar, sem fyrir hendi er. Og það er ekki óeðlilegt, úr því að nú er gerð breyting á lögum um kirkjubyggingasjóð, sem sett voru 1954 og var þá takmörkuð heimild lánsupphæðar, að þá sé sú heimild gerð þeim mun ríflegri sem byggingarkostnaður hefur hækkað á þessu tímabili. Hvort þar er hins vegar fyrst og fremst um pappírsgagn að ræða eða ákvæði, sem koma að raunverulegu gagni, kemur undir því, hversu miklu fé sjálfur sjóðurinn hefur yfir að ráða. Mér skilst samkv. því, sem hér kemur fram, að talið sé, að töluvert meira fé hefði þurft á að halda en hér er heimilað, til þess að þetta ákvæði kæmi að fullu gagni. Þó er ljóst, að hækkun upp í 1 millj. kr. á ári sem framlag ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs verður til þess, að nokkuð verulega er hægt að hækka einstakar lánsupphæðir frá því, sem verið hefur, og þó fer það auðvitað mjög eftir því, hversu mikil eftirsókn er frá einstökum söfnuðum í landinu, til þess að koma upp kirkjubyggingum hver fyrir sig.

Ég legg áherzlu á það, að samkv. þessu frv. á ekki að verja árlega meira fé í þessu skyni en Alþingi nú þegar er búið að benda til að það sé ásátt um að í þessu skyni sé varið með setningu núgildandi fjárlaga, og að samkv. reglunum um lánsfjárupphæðina er ekki verið að taka á sig skyldu til þess að verja ákveðnum fjárhæðum, heldur einungis rýmkuð heimildin, ef fé er fyrir hendi.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Mér skildist á hæstv. dómsmrh., að þetta, sem um ræðir í 2. gr., sé komið frá kirkjuþingi og að það sé síður en svo, að þar sé raunverulega um nokkra stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. að ræða. Það sé sem sé vart við því að búast, að sem rökrétt afleiðing af samþykkt þessarar 2. gr. mundi það hljótast á næstunni, að heimiluð yrðu lán úr sjóðum ríkisins og opinberum sjóðum samkv. svipaðri vísitölu og þar á að heimila lán eftir.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur athugað þessa 2. gr. fullkomlega, áður en hún setti málið inn í þingið. Það væri ekkert ólíklegt, að ýmsir aðrir borgarar þjóðfélagsins en þeir, sem á kirkjuþingi sitja, t. d. þeir, sem á búnaðarþingi sitja, og ýmsir fleiri, mundu fara að heimta svipuð réttindi og þarna eru veitt. Ég hafði hálfgerða grunsemd um, að eiginlega hefði nú kirkjuþingið snúið á það veraldlega vald, þegar það laumaði þessu frv. svona í gegn. Hæstv. ríkisstj. hefði gengið út frá því, að það væri allt svo saklaust og gott, sem kæmi frá kirkjuþinginu, að það væri óhætt að taka við þessu eins og hverri annarri guðsblessun og láta þetta fara alveg óathugað í deildina. En mér sýnist, að þetta hljóti að draga nokkurn dilk á eftir sér. Mér skilst, að ef stjórn þessa sjóðs er heimilað að hækka lánsupphæðir samkvæmt vísitölu, verði ekki komizt hjá því að leyfa stjórnum annarra sjóða að hækka lánsupphæðir samkv. vísitölu, og ef einhverjir sjóðir skyldu þá ganga fullsnemma til þurrðar, þá er ég hræddur um, að það yrði þá kvakað því meir á hæstv. ríkisstj., þegar þeir sjóðir væru þornaðir. Mér sýnist sem sé kirkjuþing hafa þá mjög klóklegu aðferð að reyna að pota þessu dálítið áfram og orðið nokkuð ágengt og smeygt svo þarna inn þessu vísitöluákvæði sínu, án þess að ríkisstj. hafi kannske tekið sérstaklega vel eftir því. Ég held þess vegna, af því að kirkjubyggingarnar halda jafnt áfram í ár, að það væri enginn skaði skeður, þó að þetta væri nú ofur lítið betur athugað.

Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að þetta er aðeins heimild. En hvað segði hæstv. ríkisstj. um að gefa atvinnurekendum það sem heimild að greiða vísitölu á kaup? Því ekki að gefa þeim slíka heimild? Ef stjórn kirkjubyggingasjóðs getur farið svona vel með sína peninga og færi ekki að verða áleitin við ríkissjóð á eftir, því skyldi þá ekki heimilt atvinnurekendum líka að semja um slíkt? Ekki eru það síður menn, sem ættu að kunna fótum sínum forráð hvað fjármuni snertir, þeir duglegu og framtakssömu atvinnurekendur Íslands, vanir að fást við fjármál, heldur en þessir blessaðir kirkjunnar þjónar, sem oft og tíðum eru kannske ekki mjög saklausir í öllum slíkum fjármálum og þyrfti kannske miklu frekar að passa upp á. Ég held þess vegna, að það mætti þá alveg eins fara að innleiða það að gefa atvinnurekendum heimild til að greiða verkamönnum kaup samkv. vísitölu, — ég tala nú ekki um, ef það væri miðað við, hvernig vísitala t. d. framfærslukostnaðar hefur hækkað frá því 1953. Mig minnir, að nýlega hafi verið sagt frá því, að bara síðan núv. hæstv. stjórnarsamsteypa tók við völdum, hafi kostnaðurinn við eina sæmilega íbúð hækkað um — ég man ekki, hvort það voru 130 þús., en mig minnir a. m. k., að það hafi verið nokkuð yfir 100 þús. kr., og það þó ekki nema síðan 1958 til 1962, — svo að ef það væri nú heimilað að fara að lána eftir vísitölu byggingarkostnaðar úr hinum og þessum sjóðum, þá er ég hræddur um, að það yrði anzi drjúgt.

Það er rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að vissulega eru á mörgum stöðum kirkjur byggðar yfir menn. En mér sýnist hugsunarhátturinn sums staðar við kirkjubyggingarnar, sérstaklega hér í Reykjavík, vera kannske frekar sá, að það sé verið að byggja þær guði til dýrðar, heldur en að það sé beinlínis verið að hugsa um mennina í því sambandi. Held ég þó, að honum væri betur við, að byggð væru fyrr barnaheimili eða eitthvað annað slíkt, ef hann mætti tala við sína erindreka hér á jörðu.

Ég held þess vegna, að það væri að öllu leyti langheppilegast, að þessu máli væri frestað að sinni. Það mundi ekki hljótast neitt illt af því. Eins og hæstv. dómsmrh. upplýsti, er þegar búið að ákveða 1 millj. á fjárlögum yfirstandandi árs, og við höfum svo tækifæri til undir næsta þing að athuga það að láta þá fleiri verða samferða, ef á að taka vísitöluútlán upp sem reglu á ný í lög, og e. t. v. að athuga,

hvort því fé, sem við vildum verja í þessu sambandi, yrði máske betur varið öðruvísi en í þetta í svipinn.

Ég vil vekja athygli á því, að vissulega er komin inn á fjárlög nú þegar 1 millj. kr. til kirkjubyggingasjóðs á næsta ári, en þar með er ekki alveg gefið, að öll næstu 20 ár sé þetta það brýnasta, sem við þyrftum að verja 1 millj. til, þannig að ég sé enga ástæðu til þess, að við séum að binda það í lögum fyrir næstu 20 ár að verja til kirkjubyggingasjóðs 1 millj. á ári. Það er nægur tími að ákveða það jafnóðum. Og ef menn vildu fara að binda einhverja 1 millj. þannig, sem menn hefðu afgangs á þessum miklu sparsemdartímum, þá held ég að væri t. d. nær, eins og ég gat um áðan, að verja því í sérstakan barnaheimilasjóð.

Ég held þess vegna, að það væri heppilegast, að afgreiðslu þessa frv. væri frestað nú og atriðin í því betur athuguð.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa vakið athygli þingheims á því, hversu varhugavert er að gera nokkuð, sem geti vakið upp vísitöludrauginn á ný og þær hættulegu víxlhækkanir, sem honum eru samferða. Þó að lagaákvæðið, sem nú er til umr., sé ekki um ýkja þýðingarmikið atriði, þá er þó rétt, að þarna er um stórhættulega braut að ræða, sem enginn þekkir betur en þessi hv. þm., hún hefur orðið mönnum til lítilla happa hér á landi, og það er gott, að hv. þm. skuli nú brýna fyrir þm., að þessa braut eigi umfram allt að varast. Ég vil þess vegna lofa því að eiga hlut að því að athuga það, áður en málið fer út úr deildinni, hvort rétt sé að taka þetta vísitöluákvæði burt og setja annað öruggara ákvæði í þess stað, fasta takmarkaða heimild á lánsfjárhæðum, svo að hv. þm. þurfi ekki að sofa órólega fyrir því, að þarna sé brotið skarð í varnarvegginn gegn vísitöluófagnaðinum, sem hann óttast svo mjög.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir að hafa beitt sér fyrir því, að þetta frv. var flutt hér í þinginu, og sömuleiðis þakka ég hv. meiri hl. menntmn. fyrir afgreiðslu málsins. Ég læt hv. 3. þm. Reykv. alveg um það, hvað hann álítur um það fólk, sem sækir kirkju, hvort það er lifandi eða dautt, en ég held nú satt að segja, að þessi orð hans séu ámóta gaspur og oft heyrist frá þessum hv. þm. hér í þinginu. Hv. þm. vill, að þessu fé, sem varið er til kirkjubygginga, sé fremur varið til byggingar barnaheimila og annarra slíkra stofnana í landinu. Ég er honum mjög sammála um það, að til slíkra verkefna væri nauðsyn að veita mikið fé. En ég vil aðeins benda á það, og það er tilgangur minn með því að standa hér upp, að yfirleitt mun reynslan og sagan hafa sýnt það, að kirkjubyggingar og efling kirkjulegs starfs hefur aldrei staðið í vegi fyrir líknarstarfsemi meðal kristinna þjóða, heldur hefur það verið undirstaðan undir líknarstarfseminni, að kirkjur væru byggðar og kirkjulegt starf eflt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann virðist nú gerast nokkru opnari en áður fyrir því, sem ríkisstj. er bent á góðfúslega í sambandi við meðferð mála hér á þingi. Því miður höfum við þm. lítið átt því að venjast, að ráðleggingar eða ábendingar til ríkisstj. frá okkur, sem erum í hennar andstöðuflokkum, væru teknar til athugunar, og þess vegna finnst mér sérstök ástæða til þess að þakka dómsmrh. það loforð hans, að hann skuli í sambandi við þetta mál taka til athugunar atriði, sem honum hefur verið bent á, sem sagt í þessu tilfelli það, að sú stjórn, sem hefur beitt sér fyrir löggjöf um að banna vísitölugreiðslur, í hvaða mynd sem er, og lögfest þetta bann sitt með sínum þingstyrk, hún hefur hér kastað inn í þingið frv., þar sem henni hefur yfirsézt að gæta að því, að þessari reglu væri fylgt, og við því er ekkert að segja. Öllum getur yfirsézt, og er góðra gjalda vert að taka það til athugunar aftur.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki bannsyngja vísitölufyrirkomulag á sama hátt og hæstv. dómsmrh. hafði sjáanlega tilhneigingu til. En ég er honum sammála um það, að ef vísitalan á að vera í banni, þá er ekki hægt að sleppa henni lausri sums staðar, þar sem ríkisstj. er það þóknanlegt, en ætla eftir sem áður að halda banninu á þeim stöðum, þar sem ríkisstj. er hið gagnstæða þóknanlegt.

En ég vil halda áfram að benda hæstv. ríkisstj. á fleira, sem þetta frv. hlýtur að vekja menn til nokkurrar umhugsunar um. Í þessu frv. er ráðgert að lögleiða það að hækka framlag ríkissjóðs samkv. lögum til ákveðins þáttar í byggingastarfsemi landsins, þ. e. a. s. til kirkjubygginga, upp í 1 millj. kr. Á fjárlögum í ár er þessi upphæð komin inn, en hefur verið lægri, 800 þús. kr., á fjárlögum t. d. ársins, sem var að líða, ársins 1961. Hér er sem sagt farið út á þá braut, sem ríkisstj. hefur einnig boðað sem stefnu sína, að halda í um byggingarframkvæmdir, og stingur þetta frv. ríkisstj. mjög í stúf við aðra framkomu hennar í byggingarmálum. Það er ekki ýkjamikið af almennum byggingarkostnaði í landinu, sem ríkissjóður tekur á sig samkv. fjárlögum. Þó er þar inni einn liður í 17. gr. fjárlaga, sem er framlag ríkissjóðs til húsnæðismála, en það er m. a. kostnaður við húsnæðismálastjórn og viss framlög til húsnæðisbygginga í landinu. Þessi liður hefur þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og ört fallandi gengi peninga líka í krónutali farið niður á við hin síðustu ár. T. d. var þessi liður í fjárlögunum 1960 10 145 923 kr. Næsta ár þar á eftir, 1961, var hann kominn niður í 9 millj. 120 þús. Og í fjárlögum yfirstandandi árs er hann kominn niður í 9 millj. 60 þús. og þróast niður á við þrátt fyrir vaxandi dýrtíð. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að hér er gerður skilsmunur á íbúðarhúsabyggingum fyrir fólk og þeim byggingum, sem um ræðir í þessu frv., sem eru ekki íbúðarhúsnæði fyrir fólk óumdeilanlega, hvað sem segja má um það að öðru leyti.

Það er einnig skilsmunur á því, að því er

varðar byggingarnar í landinu, þessa tvo flokka bygginga, annars vegar þær byggingar, sem ríkissjóður hefur á sinni könnu samkvæmt sérstökum lið í 17. gr. fjárlaga, og kirkjubyggingar í landinu. Kirkjubyggingarnar eru eftir eðli málsins byggðar þannig, að þær eru ekki ætlaðar mönnum til nota nema fáar stundir í viku hverri, sums staðar reyndar er ekki hægt að telja það í vikum, sem notkun þeirra fer fram, heldur frekar í mánuðum eða missirum. En íbúðarhúsnæðið er athvarf manna allar stundir, alla daga. Það er líka sá skilsmunur á þarna, sem virðist hafa mætt harla litlum skilningi hjá ríkisstj., að það er verulegur skortur á íbúðarhúsnæði í landinu enn þá, og reyndar er nú svo komið, að hann fer vaxandi. Það tekst með þeim hraða, sem nú er á byggingum, alls ekki að anna því að gera húsnæði fyrir eðlilega aukningu þjóðarinnar, hvað þá meira. En í kirkjubyggingum er húsnæðisleysi ekki tilfinnanlegt, vil ég fullyrða, og leyfi mér að nefna það dæmi, sem a. m. k. flestum hér í höfuðborg landsins ætti að vera hvað kunnugast, að fyrir — ég held ég megi segja áratugum, þá tók sig til einn söfnuður í höfuðborginni og það stór söfnuður og byrjaði á byggingu á stórri kirkjuhöll og byrjaði með þeim hætti, að byggður var kjallari undir kórinn. Við það stendur enn, og þessi kjallari reynist vera nokkurn veginn hæfileg kirkja fyrir söfnuðinn, og mér er ekki kunnugt um, að húsnæðisskortur standi safnaðarlífinu þar neitt fyrir þrifum. Þetta segir auðvitað þá sögu, að til fjárfestingar í kirkjubyggingum hefur verið efnt af fullkomnu óhófi og langt umfram efni þjóðarinnar að undanförnu.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. gat hér um það áðan, að undirstaða undir almennri líknarstarfsemi væri starfsemi kirkjunnar. Það má vel vera, að svo sé, ég skal ekki fara hér út í þau mál. En jafnvel þótt svo væri, gerir það ekki að engu það lögmál, að sérhver þjóð hefur til fjárfestingar og til framkvæmda í landi sínu aðeins takmörkuð fjárráð, og eftir því sem meira af þeim fjárráðum, sem hún kann að hafa til þess að byggja fyrir, er notað í óhófsskyni, hvort heldur er í kirkjubyggingar eða annað, eftir því verður minna eftir til eðlilegra og hinna brýnustu þarfa.

Ég vil sem sagt leyfa mér, fyrst hæstv. ríkisstj. er nú, góðu heilli, tekin upp á því að hugleiða þær leiðbeiningar, sem fram koma hér frá stjórnarandstöðunni, að vekja athygli hennar á þessu: Í fyrsta lagi því, að sú þróun að hækka með lögum framlagið til kirkjubyggingasjóðs er í algeru ósamræmi við fjárframlög ríkissjóðs til annarra byggingarframkvæmda og þar með, skilst mér, í rauninni frávik frá þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur markað sér í fjárfestingarmálum og byggingarmálum alveg sérstaklega eða a. m. k. að því er tekur til húsnæðismálanna, og sömuleiðis, að þörfin er þó miklu brýnni á því, ef frávik eru gerð frá stefnu ríkisstj. og rýmkað um í byggingarmálum, að gera það frekar að því er varðar íbúðabyggingar heldur en þær byggingar, sem um ræðir í þessu frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. eða blanda mér hér inn í deilur. Ég vil aðeins lýsa fylgi mínu við þetta frv.

Á undanförnum þingum höfum við fulltrúar Framsfl. í fjvn. ýmist flutt þar brtt. eða staðið með brtt. um að hækka framlagið til kirkjubyggingasjóðsins, og þegar Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., var fjmrh., var framlag ríkissjóðs á árinu 1958 800 þús. þrátt fyrir lagabókstafinn. Þessi breyting er því ekki nema eðlileg afleiðing af því, sem gert hefur verið af fjárveitingavaldinu á undanförnum árum, og er hún sízt of mikil. Hins vegar er það mikils virði fyrir kirkjubyggingasjóðinn að fá þetta lögfest. Ég lít svo á, að framlag ríkisvaldsins til kirkjubygginga í landinu hafi verið til þessa og sé þrátt fyrir þessa breytingu of lítið. Þess vegna fylgi ég því eftir, að þetta frv. verði samþykkt, en tel það engan lokaþátt í fjárveitingu til kirkjubygginga í landinu, því að þær þurfa að aukast frá því sem er, og hafa margir söfnuðir leyst þar af hendi mikið grettistak, og er eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið komi þar til móts við þá.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þessar umr. eru með nokkuð sérstökum hætti, og eitthvað stendur annað beinlínis á bak við þær heldur en menn vilja láta koma hér fram allir saman, sem talað hafa. En mér finnst, að það sé nauðsynlegt að leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið hér hjá hv. þm., að þó að framlagið, sem ríkið leggur til, sé hækkað til kirkjubyggingasjóðs, eins og það er á fjárlögum, um 25%, þá sé það í einhverju ósamræmi við annað, sem ríkisstj. hefur á þrjónunum í sambandi við lán til íbúðabygginga í landinu.

Í frv., sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um verkamannabústaði, er beinlínis stefnt að því og ákveðin fyrirmæli um að afla sjóðnum meiri tekna og ráðagerðir um að geta stóraukið lánin. Þau hafa verið út á hverja íbúð hæst um 160 þús. kr., en mér er kunnugt um, að innan ríkisstj. og þeirrar nefndar, sem starfaði að undirbúningi málsins fyrir hönd ríkisstj., hefur verið gert ráð fyrir því, bæði með því að leggja meira álag á ríkissjóðinn og sveitarfélögin og að afla meira lánsfjár til þessara sjóða, að geta hækkað þau og þá helzt upp í 300 þús. kr., eða um nærri 100%.

Í öðru frv., um húsnæðismálastofnunina, er á sama hátt gert ráð fyrir því að hækka heimildina til lánveitinga úr 100 þús. í 150 þús. Og það má segja, að það skipti auðvitað öllu máli, að hægt sé að framfylgja þessu. Þó verður að gera að óreyndu ráð fyrir því, að bak við þetta sé tiltekin meining um það, að þessar lánveitingar geti hækkað um allt að 50%, miðað við það, sem þær hafa verið áður, og kannske meira, því að hér var hámarkið áður 100 þús., en hefur lítið verið veitt og líklega ekki nema bara í seinni tíð að því hámarki, en áður 70 þús. og þaðan af minna. Landsbankanum er í samræmi við þetta veitt aukin heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf, frá 100 millj. kr. heimild árlega næstu 10 ár upp í 150 millj. kr.

Loks vil ég vekja athygli á því, að ákvæði núgildandi laga um framlag ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða hefur verið ákveðið með tilteknu hámarki í lögum fram að þessu, 4 millj. kr. Hér er þessu hámarki sleppt og tekin upp sú meginregla, sem í upphafi var við setningu húsnæðismálalöggjafarinnar 1955, að ríkið skuli leggja fé til jafns við sveitarfélögin í þessu sambandi. Ef þau telja þörf á því að byggja fyrir og leggja fram fé, sem meira nemur en þessum 4 millj. kr., þá skuldbindur ríkisstj. sig eftir þessu frv., ef að lögum verður, til þess að leggja til jafns við sveitarfélögin.

Og mér finnst ekki stórmerkilegar upplýsingar um það, að á 17. gr. fjárlaga hafi lækkað framlög til húsnæðismálastofnunar ríkisins, laun framkvæmdastjóra og húsnæðismálastjórnarinnar hafi lækkað eitthvað. Ég held, að það sé enginn skaði skeður með því. Og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis er ákveðið núna 3 millj. 800 þús. kr. Það er bara til samræmis við það, að það var meira en nægjanlegt eftir þeirri eftirspurn, sem var eftir þessu fé frá sveitarfélögunum á undanförnum árum. Þessi liður um yfirstjórn þessara mála, sem er þannig til kominn, verður að sjálfsögðu ekki neitt til þess, að það sé þarna verið að draga úr framlögum til íbúðabygginga. Þau hafa heldur aldrei meiri verið en á s. l. ári. Það er hins vegar rétt, að byggingarkostnaður hefur aukizt og þetta kemur að því leyti ekki að jafnmiklum notum. En hvernig sem þetta er borið saman við þessa 200 þús. kr. hækkun til kirkjubyggingasjóðsins, þá verður það þó í öllum tilfellum meira, sem ætlazt er til að framlögin hækki til hinna almennu húsbygginga, bæði verkamannabústaða og lána frá húsnæðismálastofnun ríkisins, heldur en hér er gert ráð fyrir.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. kom fram nokkur misskilningur, sem ég vildi leiðrétta, til viðbótar því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Í 17. gr. fjárl. er sérstakur kafli um húsnæðismál, og hann var í fjárlögum fyrir 1960 röskar 10 millj., en er í fjárlögum fyrir gildandi ár röskar 9 millj. Af þessu vill hv. þm. draga þá ályktun, að stuðningur ríkisins, eða a. m. k. að því er fjárlög snertir, hafi minnkað sem þessu svarar til húsbygginga, en undir þessum lið eru bæði framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og framlög til verkamannabústaða. Þetta er á algerum misskilningi byggt hjá hv. þm., vegna þess að framlögin, bæði til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, eru þau sömu bæði í fjárlögum fyrir 1960 og 1962, eða 3.8 millj. til hvors um sig. Það, sem lækkar undir þessum lið, er tilkostnaðurinn við skyldusparnaðinn. Kostnaður við skyldusparnað er talinn undir þessum lið, og vegna breyttra starfsaðferða við framkvæmd skyldusparnaðar hefur kostnaður lækkað verulega, og í stað þess að sá kostnaður var áætlaður í fjárlögum fyrir 1960 rúmar 2 millj., er hann áætlaður nú 1 millj. Það er þessi liður, sem hefur lækkað sem því svarar, sem heildarupphæðin er lægri, en ekki stuðningurinn við byggingu húsnæðis. Til viðbótar því má svo benda á það, sem síðasti hv. ræðumaður tók skýrt fram, að fyrir þinginu liggur einmitt frv. frá ríkisstj. um að auka verulega framlög hins opinbera til þessara mála.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (SÓÓ): Þetta frv. er komið frá Nd. og var samþ. þar ágreiningslaust. Hæstv. dómsmrh., sem hefði mælt fyrir þessu frv., ef hann hefði verið við, en hann er nú erlendis, hefur óskað eftir því, að málið gengi fram og yrði vísað til nefndar. Það var menntmn. Nd., sem hafði frv. til meðferðar, og ég geri það að tillögu minni, að því verði hér vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 559).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur rætt það frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á lögum um kirkjubyggingasjóð. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem um ræðir í nál. á þskj. 559 og er um það, að 2. gr. frv. orðist svo sem þar segir. Sú breyting, sem þarna er lögð til, er nánast eingöngu um upphæðir í krónutölu. Eins og lögin nú eru, þá er heimilt að veita allt að 200 kr. á hvern teningsmetra, þó aldrei yfir 1000 kr. á hvern fermetra gólfflatar, en hér er lagt til, að þessar upphæðir hækki upp í 400 kr. á teningsmetra að hámarki og 2000 kr. á hvern fermetra gólfflatar. Eins og fram kemur í aths. við lagafrv., svara 1000 kr. í byggingarkostnaði 1954 til liðlega 2000 kr. samkv. núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar, og er þessi tvöföldun á upphæðum lána í samræmi við þá hækkun, sem um ræðir í 1. gr. frv., þar sem er lagt til, að ríkissjóður greiði í kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en 1 millj. kr. á ári næstu 20 ár, en er í lögum 500 þús. Hins vegar er þessi upphæð, sem hér er lögð til, 1 millj. kr., komin inn á fjárlög yfirstandandi árs. — Nefndin leggur sem sé ein-

róma til, að frv. verði samþykkt með þessari breytingu, en svo sem fram kemur í nál., var einn nm. fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 559 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 585).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 626).

---

35. Aðstoð við fatlaða.

Á 54. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð við fatlaða [157. mál] (stjfrv., A. 316).

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 27. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir um aðstoð við fatlaða, er svo einfalt, að um það þarf ég ekki að hafa mjög mörg orð. Efni frv. er það, að heimilað verði að leggja 3 kr. gjald á sælgætisframleiðslu í landinu í næstu 10 ár og verði þetta gjald notað til þess að efla styrktarsjóð fatlaðra, sem notaður verði til þess að greiða fyrir stofnun vinnuheimila þeirra, sem komið verði upp á næstunni.

Árið 1959 var á Alþingi kosin fimm manna nefnd til þess að gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu. Í þessa nefnd voru kosnir Oddur Ólafsson, Reykjalundi, Svavar Pálsson endurskoðandi í Reykjavík, Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðh., Pétur Pétursson forstjóri og Sigursveinn Kristinsson í Reykjavík. Þessi nefnd vann svo að þessu verkefni sínu og hefur skilað um það allýtarlegu nál., þar sem gerðar eru tillögur um ýmis atriði til þess að mæta þörfum þessa fólks. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn þátturinn í þeim tillögum. Það er flutt að heita má óbreytt frá því, sem nefndin lagði til. Þó er gerð ein breyting á tillögum nefndarinnar í þessu frv., og hún er sú, að þetta gjald skuli renna í sérstakan styrktarsjóð, sem stofnaður verði og sé í vörzlu félmrn., en í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir, að þetta gjald rynni beint til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Það þykir eðlilegra að hafa þennan hátt á, að félmrn. fylgist með notkun fjárins, en að það renni ekki eftirlitslaust til þessara félagssamtaka. Þetta er og sami háttur og hafður er á um styrktargjaldið til vangefinna, sem líka fer þessa boðleið til þeirra, sem eiga að njóta þess.

Fatlaðir menn og öryrkjar í landinu voru, þegar þessi mál voru athuguð, þ. e. a. s. á árinu 1959, 2433, að því er talið var, sem taldir voru 75—100% öryrkjar á skrám Tryggingastofnunarinnar. Þar við bættust svo nokkrir, sem voru, að því er talið var, öryrkjar að 50—75%, eða nokkuð á fimmta hundrað. Þetta er mikill mannfjöldi, og margir þeirra hafa verulega starfsorku, ef þeir fá skilyrði til þess að njóta sín. Meiningin er og hefur þegar verið unnið verulega að því að koma upp vinnuhælum, þar sem þessu fólki sé gert kleift að nota þá starfsorku, sem það ræður yfir, bæði sjálfum sér til gagns og uppbyggingar og sömuleiðis þjóðfélaginu í heild, þar sem á annan hátt yrði ekki hægt að nota starfsorku þessa fólks. Ég tel, að það sé stefnt í mjög rétta átt með þessum aðgerðum, og veit, að allir hv. þdm. munu vera mér sammála um það. Hitt getur svo orkað nokkurs tvímælis, hvernig fjár skuli aflað til starfseminnar, og það hefur verið nokkurt hik á ríkisstj. að fara þessa leið, sem hér hefur þó verið lagt til að lokum að farin yrði, vegna þess að þetta smáskattakerfi er, að mér sýnist, að nokkru leyti að komast út í öfgar, og liggja fyrir enn margar umsóknir um, að líkir eða svipaðir smáskattar verði teknir upp á öðrum sviðum og til annarra þarfa, sem að vísu allir eru nauðsynlegir og gagnlegir, en þó að mínu viti og ríkisstj. ekki sérstaklega heppileg form til tekjuöflunar. Þar við bætist svo, og ég tel sjálfsagt, að það komi fram við umr., að iðnrekendur, sem framleiða þessa vöru, eru þessari skattlagningu algerlega mótfallnir.

Mér hefur borizt frá Félagi ísl. iðnrekenda bréf, dags. nú 19. febr., þar sem þessari skattheimtu er andmælt, og skýrt frá því, að á undanförnum árum hafi þessi framleiðsla, bæði vegna skattheimtu ríkissjóðs af þessum vörum, sem rennur í ríkissjóðinn sjálfan, og vegna þess aukaskatts, sem á þessa framleiðslu hefur verið lagður, dregizt verulega saman á 5 s. l. árum. Menn skyldu þó ekki ætla, að þetta út af fyrir sig yrði til þess að draga úr kaupum á þessum vörutegundum, sem í flestum tilfellum má flokka undir sælgæti, heldur væri þá hugsanlegt, að þar kæmu líka einhverjar aðrar ástæður til, sem hafa gert það að verkum, að salan hafi farið minnkandi. Um þetta skal ég ekkert fullyrða. Ég vil aðeins láta hv. alþm.

vita, að þessu hefur verið andmælt af iðnrekendum, og sjálfsagt verður að skoða það mál niður í kjölinn, áður en endanlega verður frá þessu gengið, og vænti ég, að hv. nefnd, sem málið fær til meðferðar, taki þetta atriði líka til athugunar.

En sem sagt, ríkisstj. hefur orðið sammála um að leggja til, að þessi skattheimtuaðferð, þótt leiðinleg sé, verði höfð á tveim sviðum, bæði með því frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. um gjald af gosdrykkjum og ölföngum, og sömuleiðis, að nú verði tekið upp til viðbótar þetta gjald, sem er nýtt, til þess að hjálpa þessum tveim aðþrengdu hópum í þjóðfélaginu, sem vissulega þurfa aðstoðar við, og að þessi háttur verði hafður á, meðan aðrar og heppilegri tekjuöflunarleiðir eru ekki fundnar eða framkvæmdar.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 316, n. 348).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ef frv. það, sem hér er til umr., verður að lögum, þá kveður það svo á, að leggja skuli 3 kr. aukagjald á hvert kg. af sælgæti, sem framleitt er í landinu, og renni gjald þetta í styrktarsjóð fatlaðra, en sjóðurinn skal vera samkv. ákvæðum frv. í vörzlu félmrn. Ætlazt er til þess, að þetta ákvæði gildi í næstu 10 ár. Fé þessu skal síðan varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk. Um stjórn sjóðsins skal sett reglugerð. Framleiðendur skulu greiða gjaldið og innheimta það með öðrum tekjum til ríkissjóðs, en heimilt er framleiðanda að leggja gjaldið á vöruna. Gjaldið er því raunverulega greitt af neytendum á sama hátt og hinn almenni söluskattur er nú. Ætlazt er til, að þessi ákvæði taki nú þegar gildi og standi, eins og ég gat um áðan, í 10 ár.

Það er síður en svo æskilegt, að farið sé lengra inn á þá braut að lögfesta ákveðna tekjustofna til að standa undir ákveðnum framkvæmdum í landinu á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv. Enn sem komið er þykir þetta eina leiðin til þess að koma í framkvæmd ýmsum aðkallandi verkefnum, sem vitað er að mikið tjón er að fyrir þjóðina að sé frestað. En þar til mál þessi öll eru tekin til heildarendurskoðunar, verður tæplega stætt á því að neita um þá aðstoð, sem frv. það, sem hér um ræðir, ákveður, þegar haft er jafnframt í huga það verkefni, sem fé skal inna af hendi.

Eins og fram er tekið í aths. við frv., var skipuð mþn. um atvinnu- og félagsmál öryrkja 1959, og segir þar m. a. í grg.: „Mþn. um atvinnu- og félagsmál öryrkja, sem skipuð var á vorþingi 1959, hefur kynnt sér það, sem unnið hefur verið að málefnum öryrkja til þessa, og er það skoðun n., að stórfelldur árangur hafi orðið af því starfi.“

Fyrst beitti sér fyrir þessum umbótum, eins og kunnugt er, S. Í. B. S. með því að reisa þær miklu byggingar, sem reistar hafa verið á Reykjalundi, og koma þar upp raunverulegu öryrkjahæli, þar sem sjúklingarnir gátu unnið undir eftirliti læknis. Er þjóðinni kunnugt um, hve mikið gagn hefur verið af þeim störfum, þar hefur verið haldið til haga tugþúsundum vinnustunda, sem annars hefðu farið forgörðum. Þeir sjúklingar voru engan veginn hæfir til þess að taka upp baráttu á hinum almenna vinnumarkaði, og höfðu því orðið algerlega útundan eða svo að segja algerlega um störf í þjóðfélaginu, þar til þessi stefna var tekin upp að láta þá vinna eftir getu og undir læknisfræðilegu eftirliti og skapa þeim skilyrði til þess að geta unnið við sérstakar aðstæður. Þessi reynsla hefur sýnt, að það er hægt að fara lengra en í raðir berklasjúklinga. Það er hægt að útfæra þetta til ýmissa annarra þegna í þjóðfélaginu, sem ganga ekki heilir til skógar, og þess vegna hafa þeir aðilar, sem vinna að þessum störfum, sérstaklega óskað eftir því, að þeim væri gefið tækifæri til þess að geta búið svo í haginn, að einnig aðrir aðilar í landinu, sem ekki hafa fulla heilsu, geti haft aðstöðu til þess að vinna eftir því, sem kraftar þeirra leyfa.

Félmn. hafði tekið þetta mál til meðferðar og var einróma sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En eftir að nefndin hafði gengið þannig frá málunum, barst henni erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda, sem mælir eindregið gegn því, að frv. verði samþ. Erindið hefur ekki verið birt sem fskj. með nál., enda hafði nál. verið gefið út, áður en n. barst erindið. Mér þótti hins vegar sjálfsagt, að fresta því, að málið kæmi fyrir hér til 2. umr., þar til nefndin hefði haft tækifæri til þess að athuga hið langa og ýtarlega erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda um málið. Nefndin hefur því haldið fund um það á ný og orðið einnig sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, þrátt fyrir þau mótmæli, sem hér koma fram. Mér þykir þó rétt hér að geta nokkurra þeirra meginatriða, sem koma fram í þessu erindi, en það er fyrst og fremst, að grunngjald af innlendri tollvöruframleiðslu, sem var ákveðið með lögum nr. 60 1939, hafi verið margsinnis hækkað og nemur nú heildarálagið á grunngjaldið frá því ári 1880% eða úr kr. 2.10 á kg upp í kr. 41.58 fyrir kg. Hér er sundurliðað, hvernig þetta hefur þróazt, en ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. með því að taka það sérstaklega upp. Þá er einnig sýnt fram á, að afleiðingin af þessu hafi orðið sú, að framleiðslan hafi stórkostlega minnkað á þessu tímabili og hún hafi minnkað í öllum liðum framleiðslunnar nema lakkrísframleiðslu, á suðusúkkulaði hafi hún minnkað um 5.4%, átsúkkulaði um 25.9%, brjóstsykri 30.3%, konfekti 11.6%, karamellum 38.6%, en lakkrís hafi hins vegar aukizt um 15.9%.

Það kemur skýrt fram í erindi Félags ísl. iðnrekenda, að þeir telja aðalástæðuna eða

jafnvel einu ástæðuna fyrir þeirri lækkun, sem hér hefur verið lesin upp, vera tollinn, sem lagður hafði verið á, svo sem ég hef áður greint frá. Nefndin leggur engan dóm um það atriði á þessu stigi málsins út af fyrir sig. En það hefur ekki breytt afstöðu hennar til málsins, þótt þessi skýrsla lægi fyrir. Það kemur og fram í erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda, að eftirspurn eftir sælgæti hafi einnig beinzt inn á aðrar brautir, þ. e. að aðrar vörur keppi um það fé, sem almenningur ráðstafar í slíku skyni, og nefnir þar mjólkurís. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að nefndin sá ekki ástæðu til þess að gera neinar ráðstafanir, sem kæmu í veg fyrir það, að fólk keypti heldur mjólkurís, sem er að allmiklu leyti innlend framleiðsla frá landbúnaðarafurðum. Einnig er nefnt súkkulaðikex og alveg sérstaklega nýir ávextir. Við töldum þessar upplýsingar tákn þess, að þjóðin væri að vitkast, ef hún eyddi fé sínu frekar í að kaupa nýja ávexti heldur en kaupa sælgæti. Þá er einnig bent á, að framleiðsla á sælgætisvörum hafi minnkað um nær 20% s. l. 5 ár þrátt fyrir nokkra söluaukningu, sem hefði átt sér stað á hverju ári vegna aukins fólksfjölda. Þá bendir einnig Félag ísl. iðnrekenda á það, að með þessari sífelldu lækkun gæti svo farið, að ríkissjóður raunverulega tapaði meira í tollum af framleiðslunni, sem fari sífellt minnkandi, eins og ég hef tekið fram, en nema mundi því, sem styrktarsjóðurinn fengi í tekjur af því gjaldi, sem hér hefur verið lagt á. Ég skal á þessu stigi ekkert dæma um það atriði. Reynslan verður að sýna, hvort það verður, og er þá sjálfsagt hægt að taka málið til athugunar á ný. En eins og ég tók fram áðan, er ekkert af þessum liðum, sem settir eru hér fram, sem orsakar það, að neinn nm. hafi viljað láta athuga málið nánar eða fresta afgreiðslu þess eða leggja til, að frumvarpið yrði ekki samþykkt.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að þetta muni gefa um 1250 þús. kr. í styrktarsjóðinn á ári. En ef marka má sölu á sælgæti á s. l. ári, sýnist nefndinni, að þetta mundi geta gefið að þeirri framleiðslu óbreyttri allt að 1½ millj. kr.

Ég vil að síðustu leyfa mér að benda á, að hvaða leið sem yrði farin til þess að efla tekjur sjóðsins, þá má ekki undir neinum kringumstæðum fara þá leið, sem gæfi minni tekjur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þörfin á að koma þessum stofnunum upp er svo aðkallandi, að þjóðin verður að leggja á sig töluverðar byrðar til þess að koma þeim verkum í framkvæmd. Þar er ekki einasta um að ræða, eins og ég tók fram áðan, að tryggja tugþúsundir dagsverka, sem annars færu forgörðum og ríkissjóður hefur að sjálfsögðu töluverðar tekjur af, heldur er hér um að ræða að skapa þessu fólki, sem gengur ekki heilt til skógar, sæmileg lífskjör og einkum og sér í lagi trú á sjálft lífið, skapa því möguleika til að taka þátt í þeirri uppbyggingu, sem jafnan fer fram í þjóðfélaginu, og það er e. t. v. miklu meira virði en nokkuð annað í sambandi við þetta mál. Þó að nefndin því sjái ýmsa annmarka á því, eins og ég hef tekið fram, að þessi leið sé farin, metur hún hitt atriðið miklu meira og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 63. og 65. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ. samhljóða. Það er ósköp einfalt og óbrotið. Það er gert ráð fyrir því, að gjald verði tekið af innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru upp í lögum þar að lútandi, og ákveðið, að það skuli vera í næstu tíu ár sem svarar 3 kr. af hverju kg, og skal það gjald renna í styrktarsjóð fatlaðra, sem skal vera í vörzlu félmrn. Það er enn fremur sagt, að sælgætisframleiðendur skuli mega leggja þetta gjald á vöruna, en telst ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

Þetta er raunverulega efni frv. Það, sem á bak við er, er þetta: Það var sett hér n. fyrir tveim árum til þess að rannsaka öryrkjamálin í landinu. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að þar hefði verið unnið af ýmsum aðilum mjög mikið og gott verk til þess að leggja þessu fatlaða fólki lið og reyna að koma því á réttan kjöl í lífinu. Það hefur verið stofnað til vinnuheimila, þar sem öryrkjarnir hafa getað fengið vinnu við sitt hæfi, og þar við hefur unnizt tvennt í senn. Þeir hafa getað aflað sér nokkurra tekna til lífsframfæris og öðlazt allt aðra og ég vil segja bjartari lífsskoðun en þeir höfðu áður, er þeir voru dæmdir til að sitja úti í horni og hafast ekki að.

Það, sem þess vegna liggur mjög mikið á að gera, er að auka fjárráð þeirra stofnana, sem hafa þessa starfsemi með höndum, og það er það, sem meiningin er með þessu frv.

Þetta frv. er að heita má alveg nákvæmlega tekið upp eftir tillögum mþn. í örorkumálum. Þó skal ég leyfa mér að taka fram, að þar var gert ráð fyrir, að gjaldið rynni til landssambands fatlaðra, Sjálfsbjargar, en hér er gert ráð fyrir, að gjaldið renni í sérstakan sjóð, sem sé í vörzlu félmrn., og að veitt verði úr honum til vinnuheimilabyggingar o. fl.

Það er gert ráð fyrir því, að þetta gjald, sem hér er lagt til að tekið verði, muni nema nokkuð á aðra milljón króna á ári, og raunverulega er það gjald, sem leggst á almenning í landinu, sem ég veit að muni ekki telja eftir sér að greiða það.

Ég skal líka taka fram, að iðnrekenndur hafa mótmælt þessu frv. og lagt til, að það verði fellt, ekki vegna þess, að það leggist á þá beinn kostnaður út af þessu gjaldi, heldur vegna hins, að þeir telja, að e. t. v. muni salan eitthvað minnka við það, að þetta verði tekið upp. Ég er ekki á þeirri skoðun, að svo verði, og hefur þess vegna ráðuneytið ákveðið að taka a. m. k. að svo stöddu máli ekki tillit til þessara mótmæla iðnrekenda.

Þetta er mjög líkt fyrirkomulag og haft var um aðstoð við vangefna, sem líka hafa verið studdir með fjárframlögum hér á hv. Alþingi á þessu þingi, þar sem gjaldið af öli og gosdrykkjum var þrefaldað vegna þarfa þeirra, og þetta frv. miðar í sömu átt. Hv. Nd. hefur verið einhuga um afgreiðslu málsins, og hv. Ed. var, að ég ætla, líka einhuga um gjaldið til vangefinna nú fyrir skömmu. Vildi ég því mega vona, að hv. deild gæti einnig orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 569).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og samþ. að mæla einróma með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu eða viðbót, sem fram kemur í nál. á þskj. 569. En í þeirri brtt. felst það að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, sem verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu. Það, sem í þessari grein felst, er að hækka það gjald, sem styrktarsjóði lamaðra og fatlaðra hefur verið leyft að fá af eldspýtustokkum, sem seldir hafa verið með merki þeirra, úr 10 aurum, sem verið hefur undanfarið, og í 20 aura, en þetta er talið að sé nauðsynlegt til að gera félaginu kleift að sinna því starfi, sem það hefur sinnt undanfarið, endurþjálfun lamaðra og fatlaðra í lækningastöð sinni. Þessi till. og raunar líka sjálft frv. eru samkv. till. mþn., sem kosin var 1959 og skilaði áliti um öryrkjamál, hvað heppilegast og nauðsynlegast væri að gera öryrkjum til styrktar, og taldi n., að það væri heppilegast að gera það með þeim hætti að efla þau samtök, sem öryrkjarnir og styrktarfélög þeirra hafa þegar gengizt fyrir og hafið fjársafnanir til styrktar þeirra málum. Það var talið nauðsynlegt, að styrkur ríkissjóðs eða hins opinbera kæmi á þennan hátt. Það er að vísu mikið álitamál, hvort heppilegt er að leyfa einstökum félögum eða samtökum sérsköttun eða leyfi til skattlagningar. En á meðan ríkið sér ekki fyrir þeim þörfum, sem svona brýnar eru, á annan hátt, verður ekki hjá því komizt. Ég tel raunar, að það sé orðið tímabært að endurskoða þessa löggjöf, bæði um skattlagningu, sem einstök félög eða félagasamtök hafa fengið, og sömuleiðis óbeina skattlagningu, sem slík samtök hafa fengið t. d. með happdrættisleyfum eða á annan svipaðan hátt. Þetta er að verða svo útbreitt, og það er svo mikil ásókn á nýja skattstofna fyrir einstök félög og félagasamtök, að það er sjálfsagt orðið tímabært að taka það til heildarathugunar. En þar til það verður, er óhjákvæmilegt að sjá þessum nauðsynjafyrirtækjum fyrir tekjum, og n. leggur til, að þessar till. verði báðar samþ., bæði frv. og þessi viðbót, sem n. leggur til á þskj. 569.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 569 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 584).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 627).

---

36. Seðlabanki Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 10. og 11. fundi í Nd., 31. okt. og 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 1. ágúst s. l., og eru þau prentuð sem fylgiskjal með þessu frv. Með brbl. var 1. mgr. 18. gr. l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, breytt á þá lund, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstj. stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Jafnframt var svo kveðið á, að kaup- og sölugengi megi ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skuli Seðlabankinn skrá daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf sé á vegna almennra viðskipta. Jafnframt var svo kveðið á, að ákvæði þágildandi laga um gengi íslenzkrar krónu skuli falla úr gildi, þegar nýtt gengi hafi verið ákveðið samkv. brbl., en áður voru ákvæði um gengi krónunnar í 1. gr. l. nr. 4 1960, um efnahagsmál.

Meginástæðan fyrir útgáfu þessara brbl. var sú, að ríkisstj. taldi brýna nauðsyn bera til þess, að gengisskráning íslenzkrar krónu væri endurskoðuð vegna þeirra atburða, sem gerzt höfðu undanfarið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég skal nú gera grein fyrir því, hvers vegna ríkisstj. fyrir sitt leyti taldi nauðsynlegt, að skráð yrði nýtt gengi íslenzkrar krónu. Síðar mun ég gera grein fyrir því, hvers vegna ríkisstj. taldi eðlilegt, að Seðlabankinn annaðist gengisskráninguna að fengnu samþykki ríkisstj.

Þegar ríkisstj. undirbjó hina nýju stefnu í efnahagsmálum í ársbyrjun 1960 og tók þá ákvörðun að afnema bótakerfið, sem verið hafði rekstrargrundvöllur útflutningsframleiðslunnar í stað réttrar gengisskráningar, og taka upp frjáls utanríkisviðskipti í meginatriðum, þá var það að sjálfsögðu eitt meginverkefni hennar í þessu sambandi að gera sér grein fyrir, hvernig skrá ætti gengi íslenzkrar krónu með hliðsjón af því verðlagi, sem þá var erlendis á útflutningsvörum þjóðarinnar, og því kaupgjaldi, sem þá var ríkjandi í landinu. Ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu, að miðað við þessar aðstæður væri gengi erlends gjaldeyris hæfilega ákveðið þannig, að 38 kr. skyldu vera í hverjum dollar og gengi annars erlends gjaldeyris í samræmi við það. Ég vil vekja sérstaka athygli á því nú, að ákvörðun gengisins sjálfs sætti þá ekki sérstakri gagnrýni. Menn greindi að sjálfsögðu mjög á um það, hvort fara ætti í heild þær leiðir, sem ríkisstj. kaus. En miðað við það, að uppbótakerfið væri afnumið og skapa ætti skilyrði til frjálsræðis í utanríkisviðskiptum á grundvelli jafnvægis inn á við og út á við, minnist ég þess ekki að hafa heyrt rökstudda eða alvarlega gagnrýni á því, að gengið var ákveðið 38 kr. í dollar, en ekki eitthvað annað. Hér á Alþingi komu engar tillögur fram um það að hafa gengið annaðhvort hærra eða lægra. **(Gripið fram í:** Jú.) Þetta hlýtur að benda til þess, að miðað við það, að gengið skyldi vera eitt og hið sama gagnvart öllum greinum útflutningsatvinnuveganna og þeir ekki hafa lakari aðstöðu en þeir höfðu búið við, meðan uppbótakerfið hélzt, og miðað við það, að hægt ætti að vera að auka frjálsræði í innflutningsverzluninni, hafi gengið 38 kr. fyrir dollar verið hæfilegt. Ég hef ekki séð því haldið fram, að þetta gengi hafi svipt útflutningsatvinnuvegina í heild tekjum, sem þeir höfðu á grundvelli uppbótakerfisins. Þær raddir heyrðust ekki heldur eða voru a. m. k. ekki háværar, að sjávarútveginum væru búin of góð kjör með hinni nýju gengisskráningu. Ég hef ekki heldur heyrt því haldið fram, að gengið hafi verið svo lágt, að hætta hafi verið á halla á greiðslujöfnuðinum fyrir þá sök, — eða að það hafi verið svo hátt, að verðhækkanirnar væru af þeim sökum óeðlilega miklar. Menn virðast því yfirleitt hafa verið þeirrar skoðunar, að ef á annað borð ætti að vera um jafnvægisgengi að ræða og ef þetta gengi hafi átt að búa útflutningsatvinnuvegunum sem líkust skilyrði því, sem þeir bjuggu við, áður en hin nýja stefna í efnahagsmálum var tekin upp, þá hafi gengið 38 kr. fyrir dollar verið nærri lagi. Það er þetta, sem meginmáli skiptir í því sambandi, sem hér er um að ræða. En hafi gengið 38 kr. á dollar verið hæfilegt eða rétt, miðað við það verðlag, sem þá var á útflutningsafurðum landsmanna, og það kaupgjald, sem ríkjandi var í ársbyrjun 1960, þá er augljóst, að verulegar breytingar á annaðhvort útflutningsverðlaginu eða kaupgjaldinu hlutu að kalla á breytingar á genginu, ef jafnvægið og samræmið í þjóðarbúskapnum átti ekki að raskast með alvarlegum afleiðingum fyrir aukningu þjóðarframleiðslunnar og viðskiptin út á við.

Nú skulum við athuga í stórum dráttum, hvað gerðist í þessum efnum, eftir að gengið 38 kr. á dollar var ákveðið og þangað til brbl. voru gefin út.

Á árinu 1960 féll verð á mjöli um 45% og á lýsi um 25%. Verð annarra útflutningsafurða hélzt að mestu óbreytt, en áhrif verðlækkunarinnar á mjöli og lýsi voru þó svo mikil, að meðallækkun allra þorsk- og karfaafurða nam 6.7% og síldarafurða 16%. Ef verðlækkun mjölsins og lýsisins er jafnað á allar sjávarafurðir, nemur meðallækkun þeirra á árinu 1960 8.9%. Svarar þetta til 210 millj. kr. lækkunar á verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar á árinu 1960. Framleiðslumagn sjávarútvegsins var einnig minna á árinu 1960 en það hafði verið árið 1959. Á árinu 1959 nam framleiðsluverðmæti sjávarafurða 2511 millj. kr. Miðað við sama verðlag nam framleiðsluverðmætið á árinu 1960 2326 millj. kr. Framleiðslumagnið var því á árinu 1960 7.4% lægra en það hafði verið á árinu 1959. Minnkun framleiðslumagnsins svarar til þess, að framleiðsluverðmætið hafi verið 185 millj. kr. minna 1960 en það hafði verið 1959. Verðfallið og aflabresturinn olli þess vegna því, að framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins á árinu 1960 var um það bil 400 millj. kr. minna en það hafði verið árið 1959.

Þetta hafði að sjálfsögðu í för með sér, að afkoma sjávarútvegsins var ekki eins góð á árinu 1960 og gert hafði verið ráð fyrir, þegar

gengið 38 kr. á dollar hafði verið ákveðið í febrúar 1960. Þar sem ríkisstj. hins vegar taldi, að verðlag mundi fara hækkandi aftur og afli vonandi aukast á ný, áleit hún ekki ástæðu til þess að endurskoða gengisskráninguna. Hins vegar var augljóst, að samtímis því, sem aðalatvinnuvegur landsmanna, sjávarútvegurinn, skilaði 400 millj. kr. minna til þjóðarbúsins en hann hafði gert árið áður, gat ekki verið um að ræða grundvöll fyrir almennri hækkun á kaupgjaldi. Ríkisstj. hafði gert ráð fyrir því og sagt það skýrum stöfum, að á árinu 1960 yrði þjóðin að gera ráð fyrir nokkurri rýrnun lífskjara eða sem svaraði 3—4%. Í árslok 1960 nam vísitala framfærslukostnaðar 104 stigum. Hún hafði þannig hækkað um 4% síðan í febrúar 1960. Engin breyting hafði hins vegar orðið á grunnkaupi, svo að kaupmáttur tímakaupsins hafði rýrnað um 4%. Þegar hagstofan rannsakaði hins vegar skattaframtöl verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna fyrir árið 1960 í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða, kom í ljós, að tekjur þessara stétta höfðu að meðaltali hækkað um 6% á árinu 1960, miðað við árið 1959. Mun þetta fyrst og fremst hafa stafað af því, að starfsmenn hafi flutzt úr lægri launaflokkum í hærri launaflokka, samtímis því sem taxtar héldust óbreyttir, og af aukinni eftirvinnu á fyrri hluta ársins 1960. Það er því augljóst mál, að þessar stéttir höfðu ekki úr minna að spila á árinu 1960 en á árinu 1959, þegar litið er á árið sem heild.

Þrátt fyrir verðfallið og minnkun útflutningsframleiðslunnar batnaði greiðslujöfnuðurinn verulega í samanburði við næstu ár á undan, og komið var upp nokkrum stofni af gjaldeyrisvarasjóði. Á árunum 1956—1959 nam halli á greiðslujöfnuðinum að meðaltali 345 millj. kr. á ári, miðað við 38 kr. gengi á dollar. Ef ekki er tekið tillit til innflutnings skipa og flugvéla, hvarf þessi greiðsluhalli á árinu 1960. Þessi mikli bati á greiðslujöfnuðinum á árinu 1960 varð þess valdandi, að gjaldeyrisstaðan batnaði verulega. En í árslok 1959 var gjaldeyrisforðinn þorrinn með öllu og bankarnir teknir að safna lausaskuldum erlendis. Á árinu 1960 batnaði gjaldeyrisstaðan um 239½ millj. kr., og í árslok 1960 höfðu bankarnir eignazt gjaldeyrisvarasjóð að upphæð 112 millj. kr. Að vísu ber þess að geta, að hin batnandi gjaldeyrisstaða átti ekki eingöngu rót sína að rekja til bætts greiðslujafnaðar, heldur einnig til aukinnar notkunar greiðslufrests af hálfu innflytjenda og til hins, að óvenjumiklar birgðir af útflutningsvörum voru til í landinu í ársbyrjun 1960.

Nú á þessu ári hefur hins vegar orðið breyting til batnaðar, bæði að því er snertir verðlag sjávarafurða og aflamagn. Nokkur verðhækkun hefur orðið á freðfiski, saltfiski og skreið. Enn fremur hefur verð hækkað að nýju á fiskmjöli, þótt mikið vanti enn á, að verð þess sé orðið það, sem það var áður en verðhrunið í fyrra hófst. Lýsi hefur hins vegar haldið áfram að falla í verði. Ef gerður er samanburður á verðlaginu á sjávarafurðum, eins og það var í ágústmánuði s. l. og það hafði verið í ársbyrjun 1960 eða þegar gengið 38 kr. á dollar var ákveðið, kemur í ljós, að meðalverð þorsk- og karfaafurða var 1.8% lægra í ágúst 1961 en það hafði verið í ársbyrjun 1960 og meðalverð síldarafurða var 10.9% lægra í ágúst 1961, þegar þessi brbl. voru gefin út, en það hafði verið í ársbyrjun 1960. Ef tekið er vegið meðaltal af verðlagi þorsk-, karfa- og síldarafurða, kemur í ljós, að það var í ágúst 1961 3.8% lægra en það hafði verið í ársbyrjun 1960. Verðhækkanirnar á freðfiski, skreið og saltfiski hafa m. ö. o. ekki vegið upp á móti verðfallinu, sem hefur orðið á mjöli og lýsi. Þessi verðlækkun svarar til þess, að ársframleiðsla sjávarútvegsins á árinu 1961 sé um 90 millj. kr. minni en framleiðslan var á árinu 1959.

Þegar litið er á aflamagnið á þessu ári og byggt á áætlun Fiskifélags Íslands um það, hvert það muni verða á þeim mánuðum, sem eftir eru af árinu, kemur í ljós, að gera má ráð fyrir, að framleiðsluverðmæti sjávarafurðanna nú á þessu ári verði 2431 millj. kr., ef miðað er við sama verðlag og á árinu 1959. Það svarar til rúmlega 100 millj. kr. framleiðsluaukningar, miðað við árið í fyrra, en samt verður framleiðslumagn ársins 1961, ársins í ár, um 80 millj. kr. minna en það hafði verið 1959 eða árið áður en gengið 38 kr. á dollar var ákveðið. Framleiðslumagnið í ár verður því væntanlega rúmlega 2% minna en árið 1959.

Áhrif þess, að verðlagið í ár er lægra en það var 1959 og aflinn minni, svara til þess, að ársframleiðsla sjávarafurða verði í ár að verðmæti til um 170 millj. kr. minni en hún var árið 1959.

Hér verður þó í raun og veru að taka tillit til enn fleiri atriða en þeirra, sem ég hef nú nefnt. Báta- og togaraflotinn í ár er mun stærri en hann var á árinu 1959. Rekstrarkostnaður þessa flota er meiri en þeirra skipa, sem notuð voru 1959, og það verður að greiða afborganir og vexti af þeim erlendum lánum, sem tekin hafa verið vegna stækkunar flotans. Sú stækkun var að sjálfsögðu framkvæmd í þeirri von, að hún mundi færa þjóðarbúinu aukið framleiðsluverðmæti. Nú hefur framleiðsluverðmætið hins vegar minnkað í stað þess að vaxa. Bátaflotinn er nú um 70 bátum stærri en hann var 1959. Um það bil 50 af þessum bátum mega teljast hrein aukning við bátaflotann. Áætla má aukinn rekstrarkostnað bátaflotans um 100 millj. kr. á þessu ári. Við togaraflotann hafa bætzt 6 skip. Gera má ráð fyrir, að aukinn rekstrarkostnaður togaraflotans sé um 50 millj. kr. Rekstrarútgjöld sjávarútvegsins hafa því aukizt um um það bil 150 millj. kr., samtímis því sem framleiðsluverðmætið hefur minnkað um 170 millj. kr. Skerfur sjávarútvegsins til þjóðarbúsins er því um 320 millj. kr. minni á þessu ári en hann var á árinu 1959. Þetta svarar til 13% af framleiðsluverðmæti sjávarafurðanna og 4—5% af þjóðarframleiðslunni.

Þrátt fyrir þessa örðugleika útflutningsframleiðslunnar hefur gjaldeyrisstaðan haldið áfram að batna á árinu 1961, enda þótt enn vanti mikið á, að sá gjaldeyrisvarasjóður hafi myndazt, sem nauðsynlegur er. Skýringin á því, að gjaldeyrisstaðan skuli hafa batnað jafnt og þétt, frá

því að hin nýja stefna í efnahagsmálum var tekin upp, þrátt fyrir minnkaðan skerf sjávarútvegsins til þjóðarbúsins, er fólgin í því, að jafnvægi var í peningakerfinu innanlands. Útlán bankanna jukust ekki umfram sparifjármyndun og ríkisbúskapurinn var hallalaus. Vaxtahækkunin, sem framkvæmd var, um leið og hin nýja stefna var ákveðin í febrúar 1960, á miklu meiri þátt í því, að það tókst að halda jafnvægi í peningamálum innanlands, en menn almennt hafa gert sér grein fyrir. En jafnvægið í peningamálunum var hins vegar alger forsenda þess, að það tækist að bæta gjaldeyrisstöðuna svo sem raun hefur orðið á. Allir hafa að sjálfsögðu fagnað hinni bættu gjaldeyrisstöðu, en samtímis hafa menn kvartað undan vaxtahækkuninni og fordæmt hana. Í þessu tvennu er þó algert ósamræmi, því að sá bati á gjaldeyrisstöðunni, sem náðst hefur, hefði ekki náðst, ef vextirnir hefðu ekki verið hækkaðir umfram það, sem þeir voru, áður en hin nýja efnahagsmálastefna var tekin upp. Vaxtahækkunin á og án efa sinn mikla þátt í þeirri aukningu, sem hefur orðið á sparifé, en á tímabilinu apríl 1960 til júní 1961 varð mánaðarleg aukning spariinnlána 67% meiri en hún hafði verið á árinu 1959.

Ég sagði áðan, að á árinu 1960 hefði ekki orðið um að ræða þá kjaraskerðingu, sem ríkisstj. hafði sagt, þegar hún tók við völdum, að óhjákvæmileg væri, til þess að unnt væri að rétta við hag landsins út á við, hætta þeirri söfnun erlendra lausaskulda, sem átt hafði sér stað, og koma í staðinn upp gjaldeyrisvarasjóði. Verðfallið og aflabresturinn á árinu 1960 hefði getað orðið þess valdandi, að kjararýrnunin hefði orðið meiri en ríkisstj. hafði gert ráð fyrir, en þetta varð ekki. Það, sem fyrst og fremst gerðist á árinu 1960, var það, að afkoma útflutningsatvinnuveganna varð mun rýrari en gert hafði verið ráð fyrir, og því miður mun rýrari en eðlilegt og nauðsynlegt hefði verið, miðað við heilbrigðan rekstur og nauðsynleg skilyrði til endurnýjunar. Á síðustu mánuðum ársins 1960 og fyrri hluta ársins 1961 má hins vegar gera ráð fyrir, að nokkur kjaraskerðing hafi orðið, fyrst og fremst vegna þess, að þá hafi dregið úr yfirvinnu og þar með úr tekjum, samanborið við það, sem átti sér stað að meðaltali á árinu 1960. Hér hefur þó áreiðanlega ekki verið um meiri tekjulækkun að ræða en svo, að það hafi svarað til þess, sem tekjur launastétta yfirleitt jukust á árinu 1960, miðað við árið 1959. Á fyrri hluta þessa árs, 1961, hefur raunveruleg kjaraskerðing því ekki getað orðið meiri en boðað hafði verið í febr. 1960 að óhjákvæmilegt væri, ef þjóðinni ætti að takast að losna við erlendu lausaskuldirnar og eignast nauðsynlegan gjaldeyrisvarasjóð, eða m. ö. o. að verða efnalega sjálfstæð gagnvart öðrum þjóðum. Hin mikla skerðing á framleiðsluverðmæti þjóðarbúsins vegna verðlækkunarinnar á sjávarafurðum erlendis og aflabrestsins hafði m. ö. o. ekki lent á herðum launastéttanna, heldur orðið þess valdandi, að hagur útflutningsatvinnuveganna var og er rýrari en gert hafði verið ráð fyrir, þegar hin nýja stefna í efnahagsmálum var mótuð, og skilyrði þeirra til endurnýjunar og framleiðsluaukningar því minni en eðlilegt og æskilegt væri.

Þegar þetta er haft í huga, mátti teljast augljóst, að á miðju þessu ári væru ekki skilyrði til almennra kauphækkana hér á landi. Hins vegar mátti gera ráð fyrir, að þegar áhrifa hinnar nýju stefnu í efnahagsmálum færi að gæta meira, hagkvæmni í framleiðslu að aukast og fjárfesting að beinast inn á hagkvæmari brautir en áður, gætu atvinnuvegirnir staðið undir nokkurri kauphækkun. Enda þótt þessara áhrifa væri ekki enn farið að gæta nógu mikið og gjaldeyrisvarasjóðurinn væri enn ekki orðinn nógu öflugur, vildi ríkisstj. þó stuðla að 3% kauphækkun þegar í stað og 3% á ári á næstu árum, ef þetta gæti orðið til þess að tryggja vinnufrið í landinu. Þetta var fulltrúum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda tjáð á s. l. vetri, löngu áður en til verkfallanna kom. Í sáttatillögu sinni síðar meir gekk sáttasemjari enn lengra, sem kunnugt er. Ef sú tillaga hefði verið samþ., hefði ríkisstj. gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að tryggja, að sú kauphækkun, sem í henni fólst, raskaði ekki jafnvægi þjóðarbúskaparins og yrði raunverueleg kjarabót, þótt ríkisstj. gerði sér þess fulla grein, að slík launahækkun væri því aðeins möguleg, að ytri aðstæður yrðu mjög hagstæðar, þ. e. a. s. verðlag á útflutningsvörum landsmanna færi verulega hækkandi og aflabrögð bötnuðu mjög mikið. Tillögu sáttasemjara var hins vegar, því miður, hafnað og samið um kauphækkanir, sem juku útgjöld atvinnurekenda um 13—19%. Í kjölfar þessara nýju kaupgjaldssamninga fylgdi svo hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða og enn fremur hækkun á launum opinberra starfsmanna. Bætur almannatrygginga verða og væntanlega hækkaðar tilsvarandi. Áætlað hefur verið, að 1% launahækkun, sem greiðist til því sem næst allrar þjóðarinnar, svo sem kauphækkanirnar í sumar hafa gert, svari til 30—40 millj. kr. hækkunar á heildartekjum í þjóðfélaginu á einu ári. Þær launahækkanir, sem samið var um í sumar, hlutu því að leiða til 500—600 millj. kr. aukningar tekna í landinu á einu ári. Vegna fjölgunar vinnandi fólks og flutnings manna úr verr launuðum störfum í betur launuð störf má gera ráð fyrir, að tekjur aukist frá ári til árs um u. þ. b. 300 millj. kr. Á næstu tólf mánuðum, eftir að áhrif kauphækkananna voru komin að fullu fram, mátti því gera ráð fyrir, að heildartekjur þjóðarinnar í krónum yrðu u. þ. b. 800—900 millj. kr. hærri en þær höfðu verið á síðustu 12 mánuðum, áður en kauphækkunin kom til framkvæmda. En þetta svarar til um það bil 11—12% hækkunar á peningatekjum þjóðarinnar.

Það hlýtur að vera algerlega óumdeilanlegt, að ekkert gat bent til þess, að þjóðarframleiðslan gæti orðið 11—12% meiri á fyrstu 12 mánuðum, eftir að kauphækkanirnar væru að fullu komnar til framkvæmda, en hún hafði verið á næstu 12 mánuðunum á undan. Það mátti því teljast alveg augljóst, hvað hlyti að gerast, ef ekkert væri að gert. Tekjur þjóðarinnar

í peningum hefðu verið orðnar 11—12% meiri en þær voru, samtímis því sem sjálf þjóðarframleiðslan hefði ekki aukizt nema um 3—4%. Peningaseðlunum hefði fjölgað meir en vörunum, sem hægt væri að kaupa fyrir þá. Verðlag innanlands hefði því hlotið að hækka og gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem þjóðin hafði eignazt, hefði horfið og bankarnir tekið að safna lausaskuldum á ný. Verðbólgan hefði aftur verið leidd inn í herbúðirnar og aftur orðið hallarekstur gagnvart útlöndum.

Ríkisstj. gat ekki horft aðgerðalaus á, að þetta gerðist. Hún hefði brugðizt skyldu sinni, hefði hún gert það. Hún hefði brugðizt þeirri stefnu, sem hún markaði, er hún tók við völdum, hún hefði brugðizt launþegunum í landinu, ef hún hefði horft á það aðgerðalaus, að ný verðbólgualda skylli yfir. Hún hefði brugðizt framleiðendum í landinu, ef hún hefði horft á það aðgerðalaus, að grundvellinum væri kippt undan heilbrigðum atvinnurekstri, og látið það viðgangast, að hallarekstur yrði á útflutningsframleiðslunni. Hún hefði brugðizt vinnandi fólki í landinu, ef hún hefði skellt skollaeyrum við hættunni á því, að útflutningsatvinnuvegirnir stöðvuðust og atvinnuleysi skylli á. Hún hefði brugðizt brýnum hagsmunum þjóðarheildarinnar, ef hún hefði látið það viðgangast, að gjaldeyrisstaðan tæki aftur að versna og þjóðin á ný að safna lausaskuldum erlendis.

Af þessum sökum taldi ríkisstj., að brýna nauðsyn bæri til þess að endurskoða gengisskráninguna. Að vissu leyti mátti segja, að forsendurnar fyrir skráningu gengisins, 38 kr. á dollar, hefðu þegar breytzt á árinu 1960 vegna hins gífurlega verðfalls á útflutningsafurðunum og vegna aflabrestsins. Með hliðsjón af því, hvílík nauðsyn er á því að breyta ekki gengi nema í ýtrustu nauðsyn, taldi ríkisstj. þó ekki rétt að breyta genginu af þessum sökum, en með því að auka framleiðslukostnað um 13—19% nú á þessu ári var grundvellinum undir gengisskráningunni 38 kr. á dollar gersamlega raskað. Það var útilokað að halda verðlaginu innanlands stöðugu, samtímis því sem peningatekjur ykjust um 800—900 millj. kr. eða um 11—12%. Það var gersamlega útilokað að halda jafnvægi í viðskiptum við útlönd á grundvelli óbreytts gengis, miðað við þessar kringumstæður. Fyrst kauphækkunin var orðin staðreynd, var ekki um annað að gera en gera þær breytingar á gengisskráningunni, sem svöruðu til hinna breyttu aðstæðna, eða m. ö. o. að skrá gengið þannig, að jafnvægi gæti haldizt í viðskiptum við útlönd og að verðhækkunin innanlands yrði sú, sem svaraði til hinna auknu peningatekna, með hliðsjón þó af þeirri framleiðsluaukningu, sem búast mátti við að yrði á næstunni. Af þessum sökum taldi ríkisstj. brýna nauðsyn bera til þess að breyta gengisskráningunni, en það var höfuðtilgangur brbl., að genginu yrði breytt, út frá þeim sjónarmiðum, sem ég hef nú lýst.

Þá er komið að því atriði, hvers vegna ríkisstj. tók ekki sjálf ákvörðun um það, hver gengisbreytingin skyldi vera, og breytti í framhaldi af því 1. gr. gildandi laga um efnahagsmál. Síðan þau lög höfðu verið sett, hafði Alþingi samþ. lög um stofnun Seðlabanka Íslands. Með þeim lögum var í fyrsta skipti komið á fót sjálfstæðum seðlabanka á Íslandi. Ef sjálfstæður seðlabanki hefði verið til, þegar gengisbreytingin í febrúar 1960 var ákveðin, hefði ríkisstj. talið eðlilegt, að sá banki fjallaði um þá breyt. og hefði tekið ákvörðun um hið nýja gengi, að fengnu samþykki ríkisstj. Í langflestum nágrannalandanna eru það seðlabankarnir, sem eru ríkisbankar, er taka ákvörðun um gengi gjaldeyrisins, að höfðu samráði við eða að fengnu samþykki ríkisstjórnanna.

Ákvörðun gengis er tæknilega séð mjög vandasamt verk. Athuga þarf mörg og flókin atriði og hafa hliðsjón af margvíslegum staðreyndum. Hér er í mörgum atriðum um svo sérfræðilegt verk að ræða, að eðlilegt er, að það sé unnið af stofnun, sem einmitt hefur það sérstaka verkefni í þjóðfélaginu að vera sérfróður aðili um peninga-, gjaldeyris- og gengismál. Hitt er svo annað mál, að ákvörðun gengis hefur svo mikla hagsmunaþýðingu og er svo mikilvæg frá stjórnmálasjónarmiði, að ekki er hægt að fela embættismönnum fullnaðarákvörðun um gengisskráninguna, þótt þeir hafi hina fullkomnustu sérfræðiþekkingu. Hin endanlega ábyrgð á gengisskráningunni hlýtur að vera hjá hinu stjórnmálalega ríkisvaldi, þ. e. a. s. ríkisstj. og þar með þeim meiri hl. Alþingis, sem hún styðst við. Vegna þess að sú breyting var á orðin, frá því er gengi var ákveðið í febrúar 1960 og þangað til ríkisstj. taldi þörf á nýrri gengisskráningu 1. ágúst 1961, að sjálfstæður seðlabanki var kominn til skjalanna, sem Alþingi hafði einmitt falið það hlutverk sérstaklega að fjalla um peninga-, gjaldeyris- og gengismál, taldi ríkisstj. eðlilegast að fela hinum nýja seðlabanka sem sérfróðum aðila að ákveða gengið, að fengnu samþykki ríkisstj. Eftir setningu brbl. tilkynnti stjórn seðlabankans, að miðað við hinar breyttu aðstæður teldi hún gengi dollars eiga að vera 43 kr. og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það, og féllst ríkisstj. á þær tillögur.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Þegar kjaramálin leystust á s. l. sumri, stóð hæstv. ríkisstj. frammi fyrir því að ákveða, hvað gera skyldi vegna þeirra breyt., sem orðið höfðu á kaupgjaldinu. Þá var um ýmsar leiðir að ræða, — þá leið að leggja sig fram um að gera ráðstafanir, sem tryggt gætu, að kauphækkanirnar, sem höfðu orðið, yrðu að raunverulegum kjarabótum, og ráðstafanir, sem gætu komið í veg fyrir það um leið, að jafnvægið raskaðist í þjóðarbúskapnum. Ég skal koma að því síðar, að þetta tel ég að hefði verið hægt. En hæstv. ríkisstj. fór ekki inn á þessa braut, eins og hæstv. ráðh., sem nú talaði, gerði grein fyrir, heldur greip ríkisstj. þess í stað til að gefa út brbl. um gengislækkun, þá aðra í röðinni á 16 mánuðum.

Slík ráðstöfun til viðbótar því, sem áður

hafði gerzt, er svo stórfelld örþrifaráðstöfun, að það er með öllu óverjandi af hæstv. ríkisstj. að hafa tekið slíka ákvörðun án þess að kalla þingið saman og láta það fjalla á þinglegan hátt um það ástand, sem orðið var eftir kauphækkanirnar. Ef hæstv. ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu, að hún gæti ekki ráðið við málin án þess að stofna til nýrrar gengislækkunar, bar henni auk þess að segja af sér þá samstundis í sumar, kalla saman þingið og láta það verða upphaf að þingrofi, svo að fram gætu farið almennar alþingiskosningar um, hvað gera skyldi, hvort leggja ætti út í nýja gengislækkun eða gera öflugar ráðstafanir til að tryggja jafnvægið í þjóðarbúskapnum og koma í veg fyrir það dýrtíðarflóð, sem yfir þjóðina hlýtur að fossa nú eftir þessa síðari gengislækkun ofan á hina.

Þetta var hæstv. ríkisstj. skylt að gera, því að þarna voru þáttaskil. Hæstv. ríkisstj. sá nú fram á, að viðreisnarráðstafanir hennar frá því 1960 náðu ekki tilgangi sínum, þær voru alveg farnar út um þúfur. Þær ráðstafanir voru byggðar á því, eins og allir vita, að lækka gengið mjög mikið og gera aðrar ráðstafanir um leið til að draga stórkostlega úr peningaumferðinni og kaupmætti almennings í landinu með aukinni dýrtíð og einnig til að draga úr framkvæmdum með aukinni dýrtíð. En kaupgjald og afurðaverð til bænda skyldi standa í stað.

Hæstv. ríkisstj. var bent á það strax, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, að þetta gæti með engu móti staðizt, hér væri reitt svo hátt til höggs, að þjóðarbúskapurinn mundi ekki þola höggið. Það hlyti því að fara svo, að þessar ráðstafanir leiddu ekki til jafnvægis og stöðugs verðlags, heldur mundu þær því miður verða eins og fyrsta velta á dýtíðarhjólinu í nýrri umferð. Þetta lægi í því, að þessu mundi fylgja svo stórfelld kjaraskerðing og samdráttur í framleiðslunni, að fólk fengi ekki þolað slíkar búsifjar, og því væri tómt mál að tala um í því sambandi óbreytt kaupgjald og óbreytt afurðaverð.

Á þetta var bent, og reynslan sýndi, að þeir, sem vöruðu við, höfðu alveg rétt fyrir sér. Verðhækkunaráhrifin af því, sem gert var í fyrra, gátu aldrei orðið undir 1 milljarð og 100—200 millj. kr., miðað við þjóðarbúskapinn eins og hann var þá. Fram á þetta var sýnt með útreikningum, sem voru ekki vefengdir og ekki er heldur hægt að vefengja. Þegar svo tillit var tekið til þess, að allar þjóðartekjurnar voru þá metnar á 5½—6 milljarða, gaf auga leið, að af þessu varð svo stórfelld röskun, að þetta gat aldrei blessazt. Þetta var því dauðadæmt frá upphafi og hlaut að mistakast.

Þetta kom svo greinilega fram, bæði í fyrravetur varðandi áhrifin á framleiðsluna og síðan á lífskjörin og endaði svo með því, að fullkomið hernaðarástand var orðið í kjaramálum s. l. sumar. Þetta hefði alls ekki átt að koma hæstv. ríkisstj. á óvart, og hún hafði engan rétt til þess, þegar að þessu kom, að grípa til brbl. eða nokkurra ráðstafana án samráðs við Alþingi. Henni bar að kalla Alþingi saman, gefa Alþingi tóm til þess að skoða þessi mál. En ef hæstv. ríkisstj. hafði komizt að þeirri niðurstöðu, um það leyti sem Alþingi þá kom saman, að hún gæti ekki við þetta ráðið og teldi, að ný gengislækkun, slíkt örþrifaráð, kæmi til greina, þá bar ríkisstj. vitanlega, um leið og þingið kom saman, að segja af sér og efna síðan til þingrofs, til þess að þjóðin gæti tekið ákvörðun um það, hvort þessum leik, sem hafinn var með viðreisninni, skyldi haldið áfram eða gerðar aðrar ráðstafanir, sem ég kem að síðar.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða, hvaða ástæður geta legið til þess, að svona ráðstafanir skuli vera gerðar með brbl., en það er fullkomin ástæða til að finna að því, að það skuli vera gert, eins og ég hef nú þegar bent á. Mér kemur í hug, að ein ástæðan til þess, að gripið er þarna til brbl.-útgáfu, kunni að vera sú, að hæstv. ríkisstj. hafi örvænt um það, að hún mundi geta fengið alla sína fylgismenn á þinginu til þess að samþykkja gengislækkun í sumar, eins og landið lá. Ég hef grun um, að þetta kunni að vera ein ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. gengur fram hjá Alþingi í þessu og gerir þetta með brbl., því að sú ástæða ríkisstj., sem færð er fram, að það hafi legið svo mikið á, að það hafi ekki þess vegna verið hægt að leggja málið fyrir þingið, er hrein tylliástæða. Vitanlega skiptir það engu máli, þó að þetta mál hefði fengið nokkurra vikna meðferð í þinginu, og þetta er því hrein tylliástæða.

Ég get alveg búizt við því, að hæstv. ríkisstj. hafi óttazt að koma málinu ekki fram á þingi í sumar og er því útgáfa brbl. enn ámælisverðari einmitt fyrir það, því að með því að gera slíkar ráðstafanir, sem hljóta að valda ágreiningi einnig í stjórnarflokkunum, — með því að gera slíkar ráðstafanir með brbl., án þess að til komi sú athugun á málinu, sem á að fara fram á Alþ., og án þess að við verði komið þeim áhrifum á afgreiðslu svona stórmáls, sem þingmenn eiga rétt á að koma við, þá er ríkisstj. að brjóta venjulegar og réttar þingræðisreglur.

Það getur verið freistandi fyrir ríkisstj., sem vill koma fram óvinsælu máli, sem hún er í vafa um, að hún hafi þingmeirihluta fyrir, og hún óttast, að hún verði jafnvel að hætta við, ef hún fjallar um á þingræðislegan hátt, — það getur verið freistandi fyrir ríkisstj. að ganga fram hjá Alþingi með slíkt mál og gefa út um það brbl., ef þannig stendur á, að hægt er að koma því við. En fyrir slíkri freistingu mega hæstv. ráðherrar alls ekki falla, því að ef þeir falla fyrir þeirri freistingu, munu þeir nota þessa aðferð í vaxandi mæli við hin óvinsælustu mál, og með því komast málin á það stig, að þeir rýra stórkostlega vald þingsins. Og áður en þeir vita af, eru þeir farnir að stjórna með tilskipunum og bráðabirgðalögum án þess að virða réttar þingræðislegar reglur. Þetta er sú stórkostlega hætta, sem ævinlega er til staðar.

Það er freistandi fyrir ráðh. að spara sér þá miklu baráttu, sem í því getur legið að koma ágreiningsmáli gegnum þingið. Það getur verið freistandi fyrir þá að spara sér þá miklu

vinnu og baráttu, sem því fylgir. En þeir mega ekki falla fyrir þeirri freistingu, þeir verða að halda þingræðið í heiðri og taka það á sig að berjast fyrir málunum á þinginu sjálfu, en ekki ganga inn á þá braut í vaxandi mæli að sniðganga þingið og vera kannske, áður en þeir vita sjálfir af, búnir að grafa undan áhrifum Alþingis.

Ég vil því leyfa mér að finna mjög að því, að hæstv. ríkisstj. skyldi fara á bak við Alþingi með þetta mál. Það er ekki hægt að bera það fyrir sig til afsökunar, að þingmenn stjórnarflokkanna kunni að hafa komið á nokkurra klukkustunda fund til þess að hlusta á boðskap ríkisstj. um þessi mál. Það er engin afsökun í slíku. Slíkt er ekki þingleg meðferð á stórmáli eins og þessu, og það er óhugsandi, að þjóðin og þingmennirnir geti komið við áhrifum sínum í sambandi við afgreiðslu máls, sem þannig er á haldið, — innan luktra dyra á nokkrum klukkustundum, undir þeirri pressu, sem þar er lögð á menn við slík tækifæri, þegar kappsfullum forustumönnum kann að þykja mikið við liggja og hafa tekið eitthvað í sig. Það er ekki æskilegt, að hin stærstu mál hljóti slíka meðferð, og hættulegt að venja sig á slík vinnubrögð, enda ættu menn að forðast þau og standa heldur með karlmennsku að því að kalla saman þingið og láta málin fá þar eðlilega meðferð, þó að það sé fyrirhafnarsamara. Með því einu móti er hægt að halda þingræðið fullkomlega í heiðri.

Ég skal ekki fara hér út í að rekja söguna í þessum efnum. Það má vel vera, að það hafi einhvern tíma áður verið farið á tæpasta vað í þessu tilliti og við einhver önnur tækifæri gengið helzt til langt í því að gefa út brbl. En þótt svo hafi verið, er það engin afsökun fyrir því að halda á þessu máli eins og nú hefur verið gert. Við ættum að sameinast um að láta slíkt alls ekki verða að reglu. Það er áreiðanlega ekki hollt fyrir nokkurn okkar, að slíkt verði að venju.

Það er annar þáttur í sambandi við meðferð málsins, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á. Í stjórnarskránni stendur, að brbl. skuli því aðeins setja, að brýna nauðsyn beri til. Nú geri ég ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. líti þannig á, eins og hæstv. ráðh., sem talaði fyrir málinu, kom inn á, að það hafi borið brýna nauðsyn til að breyta genginu einmitt í sumar í skyndi, þó að ég og fjöldamargir fleiri lítum allt öðruvísi á. En það er eitt atriði í þessu máli, sem er mjög þýðingarmikið, og það er, að brbl. eru ekki aðeins um að breyta skráðu gengi íslenzku krónunnar. Það gat verið skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. teldi brýna nauðsyn bera til þess frá sínu sjónarmiði að breyta með brbl. skráðu gengi íslenzku krónunnar, þó að ég teldi, að það hafi verið í þessu falli gersamlega óforsvaranlegt að gera það með brbl. En það er óhugsandi, að hæstv. ríkisstj. geti fundið nokkur rök fyrir því, að það hafi borið brýna nauðsyn til að taka með brbl. gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis og flytja það yfir í Seðlabankann. Það er óhugsandi, að það sé hægt að finna nokkur rök fyrir því, að brýna nauðsyn hafi borið til að gera þetta, einmitt þetta, með brbl. í ágústmánuði. Ef hæstv. ríkisstj. vildi halda stjórnarskrána í heiðri og ákvæði hennar um þetta efni, hefði hún vitaskuld aðeins átt og alls ekki undir neinum kringumstæðum að ganga lengra en að breyta sjálfri gengisskráningunni með brbl., en ekki láta sér detta í hug að gefa út brbl. um að taka vald í jafnþýðingarmiklu máli og hér er um að ræða með brbl. úr höndum Alþingis, færa það yfir í aðra stofnun án þess að kveðja Alþingi saman.

Ég vil taka undir þær raddir, sem þegar hafa komið fram á Alþingi um, að þetta sé brot á stjórnarskrárákvæðinu. Hæstv. ráðherrar munu kannske segja, að hér sé ekki mikið tjón orðið, því að ef það sé ekki þingvilji fyrir þessu, meirihlutavilji fyrir þessu, þá sé hægurinn hjá að taka þetta ákvæði út úr frv. nú, og þá hafi ekki stórfelldur skaði skeð, þó að þetta hafi staðið í lögum um nokkra mánuði.

En hæstv. ráðh. verða að gera sér grein fyrir því, að þessi rök eru alls ekki fullnægjandi, vegna þess að þegar kappsfull ríkisstj. er búin að setja ákvæði eins og þetta inn í brbl. og fá sína menn á lokuðum fundum, í fljótræði máske marga, til þess að fallast á þetta, án þess að málið sé nokkuð rætt, þá verður málið úr því alls ekki nálgazt með frjálsu móti af þeim þingmönnum og þeim þingmeirihluta, sem hér á hlut að máli. Þá mun niðurstaðan verða sú, að hvað sem tautar mun mönnum verða haldið að því að standa við það, sem þeir hafi samþykkt og ákveðið á hinum lokuðu fundum, án þess að málið hafi fengið nokkra þingræðislega meðferð. Og ef einhver hefði tilhneigingu til þess að íhuga þau rök, sem kynnu að koma fram í gagnstæða átt, eða við nánari íhugun áliti, að hér væri ekki skynsamlega ráðið að breyta slíku fyrirkomulagi til frambúðar, þá er það allra líklegast, að við þann mann verði sagt: Þú getur þó ekki verið þekktur fyrir að fara að breyta því, sem þú ert sjálfur búinn að ákveða áður og andstæðingarnir eru búnir að deila á og ríkisstj. hefur lagt sitt nafn við.

Og þá höfum við aðferðina, sem notuð er, og þetta er náttúrlega mjög glöggt dæmi um, hvernig alls ekki má notfæra sér ákvæði stjórnarskrárinnar um útgáfu brbl.

Það allra lengsta, sem hæstv. ríkisstj. gat gengið án þess að óvirða þingið og traðka í raun réttri á þess rétti, var að ákveða með brbl., þótt slæmt væri, hvernig skrá skyldi gengið, og leggja það svo fyrir Alþingi. Ef svo hæstv. ríkisstj. áleit að það væri heppilegra að flytja gengisskráningarvaldið alveg yfir til Seðlabankans, þá var hægurinn hjá fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja fram frv. um það eða bæta því inn í frv., þegar Alþingi kom saman, og láta það mál fá venjulega meðferð í þinginu.

Þetta vænti ég, að hæstv. ráðh. sjái fullkomlega, að þarna hefur orðið á stórfelld skyssa, og þetta verði framvegis notað til varnaðar. Það er meira að segja í þessu sérstaka dæmi nokkur reynsla hér á hv. Alþingi. Einu sinni var ríkisstj., sem stakk upp á því í stjfrv. að færa gengisskráningarvaldið yfir til Seðlabankans. Þetta

var lagt fram hér í frv., eins og margir hv. þm. kannast við, því að það hefur verið rifjað upp dálítið í sambandi við þetta mál. En við nánari athugun og þegar skoðuð voru þau rök, sem fram komu um þetta mál á þingi, féllust menn á að hætta við þessa fyrirætlun og töldu ekki hyggilegt að haga þessu þannig.

Ég efast alveg um, þegar haldið er á málinu á þann hátt, sem nú er gert, að menn telji sig frjálsa að því að taka til greina þau rök, sem kunna að koma fram í málinu við meðferð þess hér á Alþingi. Ég er raunar öllu heldur alveg viss um, að með þessu hefur málið verið sett í mjög óheppilegar skorður og hv. þm. reynast þvingaðir í þessu máli, vegna þess að það hefur verið hrapað að því að setja þetta ákvæði einmitt á þennan hátt með brbl.

Ég veit, að hv. þm. sjá stórfelld missmíði á því, að ríkisstj. skuli án þess að kalla Alþingi saman taka með brbl. valdið af Alþingi á þennan hátt og flytja það yfir til Seðlabankans. En það verður vafalaust reynt að þvinga þetta hér í gegn, jafnvel þótt einhver í stjórnarliðinu vildi breyta því, og þá á þeim grundvelli, að það væri álitshnekkir að því fyrir hæstv. ríkisstj., ef þetta yrði ekki einmitt sett í lög nákvæmlega eins og hún gekk frá því. Það er auðvitað allt annað að vinna að máli og íhuga mál, eftir að það er komið þannig, eða við hinar kringumstæðurnar, sem eru þær eðlilegu, að uppástunga um þetta kæmi fram í stjórnarfrv. og bæri að með því móti á eðlilegan hátt.

Ég skal þá víkja nokkuð að öðrum atriðum í sambandi við gengisfellinguna og efnahagsmálin yfirleitt.

Ég er búinn að minnast á, hvað raunverulega fólst í viðreisninni, sem samþykkt var í fyrra, og er búinn að minnast örfáum orðum á, í hvern hnút öll þessi mál voru komin s. l. sumar, þegar vinnudeilurnar urðu. En ég vil aðeins fara ofur lítið nánar út í þetta.

Ég býst við því, að margir hafi talið líklegt, að það yrðu vinnudeilur eða kjaradeilur miklu fyrr en þær raunverulega urðu. Ég held, að það leiki ekkert á tveimur tungum, að almenningur í landinu sýndi ríkisstj. mikla biðlund og sýndi mikla þolinmæði, jafnstórkostlega og dýrtíðarflóðið hækkaði á mönnum frá því, að viðreisnin var gerð, jafnt og þétt. Flóðið náði í hné og það náði í mitti, og menn sýndu alveg ótrúlega staðfestu í því að standa þetta af sér, og sannast að segja var það ekki fyrr en menn flutu hreinlega upp og óstætt var orðið með öllu, að nokkur aðhafðist nokkurn skapaðan hlut til þess að bjarga sér. Það var ekki fyrr en menn vissu ekki sitt rjúkandi ráð margir, hvernig þeir ættu að sjá sér og heimilum sínum farborða, að nokkuð var gert til þess að reyna að knýja fram endurbætur á ástandinu. Það er talið, að kaupmáttur launanna hafi verið orðinn um 15—20% minni s. l. vor en hann var í október 1958, og gaf það þó ekki fulla hugmynd um þá erfiðleika, sem yfir höfðu dunið, því að þar kemur svo margt fleira til. T. d. hafði þá breytzt svo stórkostlega kostnaður við að koma sér þaki yfir höfuðið og gera aðrar ráðstafanir varðandi framtíðina fyrir heimilin, að mikið var byrjað að draga úr byggingarframkvæmdum, ekki sízt byggingu íbúðarhúsnæðis. Og með hinum háu vöxtum og styttum lánstíma á fasteignalánum hafði bygging íbúðarhúsnæðis verið gerð enn erfiðari en sjálft verðlagið sagði til um. Þannig var þessum málum komið.

Samtök launamanna í landinu tóku þessi mál upp við ríkisstj. s. l. vetur og greindu frá þeim stórkostlegu vandkvæðum, sem orðin voru í þessu efni. Ég held, að enginn maður hafi treyst sér þá til þess að halda því fram, að hægt væri lengur að lifa mannsæmandi lífi með fjölskyldu af lægsta verkamannakaupi, sem var þá um 4000 kr. á mánuði fyrir fulla 8 stunda vinnu hvern einasta virkan dag ársins, eða um það bil 48 þús. kr. á ári. Ég held, að enginn hafi viljað bera sér í munn, að hægt hafi verið að lifa af þessu kaupi. Hér voru því góð ráð dýr. Verkalýðsfélögin sneru sér til ríkisstj. og báðu um, að þetta mál yrði athugað og ríkisstj. gerði einhverjar ráðstafanir til þess að lækka kostnaðinn við að lifa, sem gætu þá orðið til þess, að kauphækkanir þyrftu ekki að eiga sér stað. Allan veturinn stóðu yfir umr. um þessi mál, en hæstv. ríkisstj. sagði alltaf, að hún gæti ekkert aðhafzt í þessa átt, hún sæi engan möguleika á því að koma til móts við almenning á nokkurn hátt í þessu. Það yrði við þetta að standa.

Nú aftur á móti, þegar verið er að ræða um þessi mál á eftir, tók ég eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði í útvarpsumr. hér á dögunum, að ef ekki hefðu orðið kauphækkanir í sumar, þá hefði verið hægt að lækka tollana. Þetta stendur í þingtíðindunum eftir hæstv. ráðh., sagt nú fyrir nokkrum dögum. Þetta sagði hæstv. ráðh. til að sýna, hversu mikils menn hefðu farið á mis með því að hækka nokkuð kaupið. Nú væri mikil dýrtíð, sagði ráðh., sem stafaði af því, að kaupið hefði verið hækkað og menn hefðu ekki stillt sig um það. En ef kaupið hefði ekki verið hækkað, sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið hægt að lækka tollana. Nú spyr ég þennan hæstv. ráðh.: Hvernig stóð á því, að hann sagði ekki forustumönnum launasamtakanna í fyrravetur frá því, að það væri hægt að lækka tollana, ef kaupið stæði óbreytt? Hvers vegna bauð þessi hæstv. ráðh. ekki fram tollalækkun þá til þess að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr kauphækkuninni? Hvers vegna gerði hann það ekki? Ég spyr, og það væri æskilegt að fá útskýringar hæstv. ráðh. á þessu, og ég býst við, að mörgum mundi þykja forvitnilegt að heyra svör hans við því, hvernig á þessu stóð, fyrst hann lýsir því nú yfir, að það hefði verið hægt að lækka tollana, — hvernig á því stóð, að ríkisstj. bauð ekki fram í fyrravetur tollalækkun til þess að koma til móts við eðlilegar og sjálfsagðar kröfur hinna lægst launuðu um kjarabætur frá því, sem þá var orðið. Eða er þetta bara eins og hver önnur blekking, sem hæstv. ráðh. kastar nú fram vegna þess, hversu vandasamt er fyrir hann og aðra að verja síðari gengislækkunina? En ef svo er, þá er slíkt með öllu óverjandi. Það er með öllu óverjandi af þessum hæstv. ráðh. að kasta nú fram svona fullyrðingum út í bláinn, fullyrðing-

um eins og þeim, að ef ekki hefði verið hækkað kaupið í sumar, þá hefði verið hægt að lækka tollana. Það er með öllu óverjandi að kasta slíku fram í blekkingaskyni, þegar verið er að ræða um það, sem gert hefur verið nú, annars vegar og hins vegar um það, hvað hefði átt að gera. Ég spyr því enn: Hvers vegna bauð hæstv. ráðh. ekki fram tollalækkun í fyrravetur, fyrst hann lýsir því nú yfir, að það hefði verið hægt?

Þegar verkföllin skullu á, breyttist afstaða ríkisstj. nokkuð. Hún fór að halda því fram, að það gæti einhver kauphækkun komið til greina, eins og raunar hæstv. viðskmrh. greindi hér áðan. Áður hafði því verið haldið fram allan veturinn, að engin kauphækkun gæti komið til greina, þjóðarbúskapurinn þyldi alls ekki meira en þessar 4000 kr. á mánuði til verkamanna fyrir 8 stunda vinnu hvern einasta virkan dag á ári. Það væri það, sem þjóðarbúskapurinn þyldi, það yrðu menn að skilja. En þegar verkföllin voru skollin á, fór hæstv. ríkisstj. að láta halda því fram, að það væri eftir allt saman hægt að hækka kaupið eitthvað, 3% t. d. strax og 3% eftir ár. Og þegar verkföllin hörðnuðu, vinnudeilurnar hörðnuðu og sáttasemjarar fóru á stúfana með tillögu um 6% kauphækkun, breyttist afstaða ríkisstj. enn og hún sagði eða lét sín málgögn segja, að kerfið mundi þola þessa 6% kauphækkun, sem sáttasemjarar lögðu til.

Á þessu öllu saman varð almenningi ljóst, að það var því miður ekkert að marka það, sem hæstv. ríkisstj. sagði um þessi mál. Hún var orðin þrísaga á örfáum mánuðum. Þetta jók tortryggnina í þessum efnum um allan helming og gerði sættir ólíklegri, enda var sáttasemjaratillagan felld við almenna atkvgr., eins og kunnugt er, og verkfallsátökin hörðnuðu um allan helming. En hæstv. ríkisstj. gerði ekkert til þess að leysa verkföllin. Það eina, sem hún lagði til, var að verða þrísaga á örfáum mánuðum.

Nú veit enginn, hvað hæstv. ríkisstj. ætlaðist í raun og veru fyrir um þessi verkfallsmál. Má vera, að hún hafi ætlað að leggja til orrustu við verkalýðsfélögin og setja löggjöf um kaupgjaldið, og einn af leiðtogum Alþfl. hér á hv. Alþingi hefur legið stjórninni stórkostlega á hálsi í útvarpsumr. fyrir það, að hún skuli ekki hafa haft manndóm í sér til þess að lögfesta kaupgjaldið. Strax eftir að þessi 6% tillaga var felld, hefði ríkisstj. átt að hafa manndóm í sér, sagði þessi leiðtogi Alþfl., til þess að lögfesta kaupgjaldið. Má vera, að ríkisstj. hafi haft það í hyggju og ætlað að láta þannig sverfa til stáls við verkalýðinn og verkalýðshreyfinguna. Hún hefur í því sambandi verið að reyna að láta skína í, að þessi verkföll hafi verið að einhverju leyti pólitísks eðlis, sem er auðvitað fullkomin fjarstæða, þegar þess er gætt, að það var fullkomnari eining um kjaramálin innan verkalýðshreyfingarinnar og með launastéttunum en nokkru sinni áður. Mér skilst, að það hafi varla fundizt nokkur verkamaður, í hvaða flokki sem var, sem taldi annað geta komið til greina en fá einhverja réttingu málanna frá því, sem þau voru þá orðin. Allt tal hæstv. ríkisstj. um, að hér hafi verið á ferðinni einhverjar pólitískar ráðstafanir til þess að gera henni óþægilegra fyrir, eru gersamlega úr lausu lofti gripnar, og það vita allir landsmenn.

Má vera, að ríkisstj. hafi ekki ætlað sér að fara löggjafarleiðina, heldur hafi hún ætlað að beygja verkalýðsfélögin með því að hafa nógu langt verkfall og fórna síldarvertíðinni í því sambandi. A. m. k. getur það bent til þess, að hæstv. ríkisstj. virtist vera hvetjandi í því, að atvinnurekendafélagið héldi uppi nokkurra vikna verkfalli til þess að reyna að þvælast fyrir því, að verkalýðsfélögin fengju 1% af kaupgjaldi í sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna. Það virtist falla í góðan jarðveg hjá hæstv. ríkisstj., að þannig væri á málum haldið, og þá virtist þjóðarbúið hafa fullkomlega ráð á því, að framleiðslan félli niður. Má því vera, að hæstv. ríkisstj. hafi ætlað sér að hafa verkfallið geysilega langt og fórna því sem þyrfti, jafnvel síldarúthaldinu, stofna til algers hruns í þágu þeirrar hugsjónar að beygja verkalýðssamtökin. Um þetta verður aldrei vitað til fulls, vegna þess að verkföllin leystust þrátt fyrir allt á þann hátt, sem nú skal fljótt koma að. En hitt vita menn, að stjórnin reiddist heiftarlega, þegar verkföllin voru leyst, og taldi það til skemmdarverka af hendi samvinnufélaganna t. d., að þau áttu hlut í því að semja, fyrst á Húsavík, síðan á Akureyri og loks við Dagsbrún í Reykjavík. En þegar þessir samningar voru gerðir, t. d. á Akureyri, var þannig ástatt, að þar mátti heita allsherjarverkfall, og þeir, sem stóðu fyrir málum verkamanna, voru reiðubúnir til þess að sættast á 10% kauphækkun almennt og 1% í sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna og svo nokkra hækkun á eftirvinnu.

Hæstv. ríkisstj. segir, að það hafi verið skemmdarverk að afstýra áframhaldandi allsherjarverkfalli annars staðar á landinu í byrjun síldarvertíðarinnar með því að fallast á að semja við verkamenn um 10% hækkun á almennu kaupi, 1% í sjúkrasjóð og nokkra hækkun á eftirvinnunni. Þetta kallar hæstv. ríkisstj. pólitískt skemmdarverk. En það er svo fjarri því, að þetta sé í nokkru samræmi við almenningsálitið í landinu, að það er alveg sama, hvern maður hittir utan nánasta kunningjaliðs hæstv. ráðh., alls staðar er sama viðhorfið. Menn telja þessa samninga, sem gerðir voru til að leysa verkfallið, alveg sérstaklega hóflega og hafði yfirleitt ekki dottið í hug, að það væri hægt að leysa verkfallið með minni kauphækkun, eins og á stóð, fyrir þá lægst launuðu en 10%. Almennt hefur þessum samningum verið alveg sérstaklega fagnað og það algerlega án tillits til þess, í hvaða flokki menn standa. Þetta eru áreiðanlega ekki neinar fullyrðingar út í bláinn.

Það kom líka meira að segja fram sums staðar úr sjálfum stjórnarherbúðunum fyrst einmitt fögnuður og viðurkenning í þessa átt, m. a. í blaði Alþfl. á Akureyri, — áður en hæstv. ráðh. og þeirra nánasta lið var búið að sækja í sig veðrið og finna út, að það væri pólitískt skemmdarverk að leysa nær því allsherjarverkfall í byrjun síldarvertíðar með því að fallast á

að hækka kaup verkamanna upp í 4400 kr. á mánuði fyrir 8 stunda vinnu hvern einasta virkan dag. Þetta væri pólitískt skemmdarverk. Og mismunurinn á þeirri lausn, sem hæstv. ráðh. og þeir, sem að þessu standa, sögðu að væri tiltækileg, þ. e. a. s. 6% hækkun á kaupi verkamanna, — mismunurinn á því og þeirri lausn, sem ofan á varð, er, eins og menn mega sjá, um 160 kr. á mánuði, — mismunurinn á þeirri úrlausn, sem þeir töldu tiltæka, og hinni úrlausninni, sem var sögð skemmdarverk. Út af þessum mismun þurfi að lækka gengi íslenzku krónunnar um 13%. Þetta er hugsanagangurinn og röksemdafærslan, sem mönnum er boðið upp á. 10% kauphækkun fyrir verkamanninn er sem sagt um 400 kr. á mánuði, en 6% hækkunin var um 240 kr. á mánuði, og mismunurinn á úrlausnunum er 160 kr. á mánuði.

Svo koma hæstv. ráðh. hér og halda langa, langa fyrirlestra með ótal tölum til að sýna hv. alþm. fram á, að það hefði verið viðlit fyrir ríkisstj., hefði verið viðlit og hún hefði hugsað sér, — ég bið ykkur að taka eftir orðalaginu, — hún hefði ætlað sér og hún hefði lagt sig fram til þess að 6% kjarabót kæmi að fullum notum sem kjarabót. Hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að ríkisstj. hefði lagt sig fram um þetta, ef það hefði orðið 6% kauphækkun, m. ö. o.: ef kaup verkamanna hefði hækkað um 240 kr. á mánuði. En af því að kaup verkamanna hækkaði um 400 kr. í staðinn fyrir 240 kr. á mánuði, eða 160 kr. meira, þá hefur ríkisstj. ekki lagt sig fram um, að úr því gætu orðið varanlegar kjarabætur, heldur snúið algerlega við blaðinu og kallað yfir þjóðina þá óðaverðbólgu, sem hlýtur að fylgja 13% gengislækkun ofan á allt, sem fyrir var.

Ég bið menn að taka eftir þessum málflutningi og þessum hugsunarhætti. Þetta er mönnum svo ætlað að taka sem góða og gilda vöru og stimpla samtök eins og samvinnuhreyfinguna, þar sem eiga hlut að máli 30 þús. manns í landinu, sem eins konar bófasamtök eða samtök skemmdarverkafólks, sem hafi í þessu tilliti framið afbrot, þjóðfélagslegt afbrot, eyðilagt viðreisnarráðstafanir ríkisstj. með því að leysa með þessu móti allsherjarvinnustöðvun á Akureyri og eiga síðan nokkurn þátt í því sama í Reykjavík með því að semja við Dagsbrún. Það er hvorki meira né minna, sem hér er lagt við.

Það bætist svo ofan á þetta, að áður en þessir samningar höfðu verið gerðir, hafði verið samið um kaupgjald verkamanna í Vestmannaeyjum og það hafði verið hækkað meira, um 14.7% án þess að nokkur aðfinnslurödd heyrðist úr stjórnarherbúðunum, og fiskimenn höfðu líka fengið samninga um talsverðar kjarabætur, sem þeim veitti sízt af, líka án þess að að því væri fundið eða það væri talið til skemmdarverka. En það var kannske dálítið annað, vegna þess að þar komu samvinnufélögin ekkert nærri. En þar var þó verið að gefa fordæmi og leggja línu í þessu máli. Og ekki nóg með það. Eftir að samvinnufélögin höfðu gert þennan samning við verkalýðsfélögin, um þessar hóflegu úrbætur, og leyst þannig ekki bara sinn vanda, sem var stórkostlegur, því að öll þeirra framleiðsla lá niðri, heldur líka vanda þjóðarinnar, því að það mátti ekki tæpara standa, að síldarvertíðin yrði eyðilögð, — eftir að samvinnufélögin höfðu gert þetta, var haldið áfram að semja, og þá voru það aðrir, sem sömdu, og einmitt þeir, sem leyfa sér að kalla samninga samvinnufélaganna skemmdarverk. En þeir sömdu um meiri kauphækkanir í öllum áttum, um meiri kauphækkanir en hinir lægst launuðu höfðu fengið í samningunum, sem samvinnufélögin höfðu fallizt á, og þeir hældu sér af þessu. Þeir hældu sér af því, að þeir sömdu um meira. T. d. var sagt í dagblaðinu Vísi í Reykjavík 17. júní, með leyfi hæstv. forseta:

„Það liggur í augum uppi, að samkvæmt tilboði Vinnuveitendasambandsins fá verkamenn hærra kaup í umslag sitt en samkvæmt þeim kjörum, sem SÍS samdi við Dagsbrún um.“

Þeir hæla sér af því, nokkrum dögum eftir að þessi samningur er gerður, sem þeir nú kalla skemmdarverk, að það sé gengið lengra á þeirra vegum til móts við óskir verkafólks heldur en samvinnufélögin hafi gert. Þetta getur maður nú kallað heilindi.

Ég drap á hér áðan, að það hefði stappað nærri allsherjarverkfalli, þegar þessi úrlausn fékkst. M. a. var síldarvertíðin í raun réttri hafin, undirbúningur var í fullum gangi og undirbúningur síldarvertíðarinnar truflaðist mjög verulega af þessum verkfallsátökum, jafnvel þó að þau leystust eins og varð, hvað þá ef haldið hefði verið á þessum málum eins og hæstv. ríkisstj. virtist helzt vilja: Að láta verkfallið standa áfram vikum og mánuðum saman óleyst til þess að koma í veg fyrir, að því er mér skilst, að annað eins kæmi fyrir og það, að verkamenn fengju 400 kr. kauphækkun í staðinn fyrir 240 kr. kauphækkun á mánuði. Í þágu þeirrar „hugsjónar“ sýnist hafa verið meiningin að fórna síldarvertíðinni eða þá að leggja til höfuðorrustu við verkalýðsfélögin eftir löggjafarleiðinni í þágu þeirrar sömu „hugsjónar“.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. sé ekkert öfundsverð af þessu sjónarmiði, og ég held sannast að segja, að hún hafi almenningsálitið í landinu algerlega á móti sér í þessu tilliti og henni sé legið mjög á hálsi fyrir þær ráðstafanir, sem svo komu í framhaldi af þessum vinnubrögðum. Ég held, að það sé alls ekki skoðun almennings í landinu, að hér hafi verið um pólitísk skemmdarverk að ræða. Ég held, að það sé þvert á móti álit langflestra, að þessi samningur, sem gerður var, hafi verið mjög hóflegur og miklu bjargað og að fjöldinn allur af stuðningsmönnum ríkisstj., sem hafa verið a. m. k., hefði fremur viljað kjósa stjórninni það hlutskipti að gangast fyrir álíka lausn eins og þeirri, sem varð, heldur en það, sem hún valdi sér með afstöðu sinni í þessum átökum, og ég tala nú ekki um með gengislækkuninni, sem á eftir kom.

Í sambandi við þessa samninga, sem gerðir voru, kom margt athyglisvert í ljós, t. d. það, að samvinnufélögin lögðu sig fram um að reyna

að hafa samninginn þannig úr garði gerðan, að halda mætti vinnufriði til frambúðar. Í því sambandi lögðu samvinnufélögin geysilega mikla áherzlu á að fá inn í samninginn ákvæði þess efnis, að kaupgjald skyldi standa óbreytt eitt ár, nema því aðeins að gengislækkun yrði eða framfærslukostnaður hækkaði um meira en 5 stig eða sem næst 5%, en 5 stig í vísitölunni núna jafngilda 10 stigum í gömlu vísitölunni. Og á þetta féllust verkalýðsfélögin til samkomulags og sýndu með því að mínu viti mjög mikla tillitssemi gagnvart sjónarmiði vinnuveitenda í þessum málum. Forustumenn verkalýðsfélaganna féllust á, að kaupið skyldi hreyfast samkvæmt vísitölu og samningurinn skyldi *standa, nema því aðeins* að gengislækkun yrði eða framfærslukostnaðurinn hækkaði um 5%, — takið eftir því. Móti þessu skyldi svo koma, að kaupið hækkaði um 4% eftir eitt ár, ef báðir aðilar gætu samþykkt, að samningurinn stæði þá áfram.

Ég fullyrði, að með þessu ákvæði, með þessum samningi hafi ríkisstj. *fengið ákjósanlegan* grundvöll til þess að stöðva verðbólguþróunina í landinu. Og ég fullyrði, að með réttum og skynsamlegum ráðstöfunum hefði stjórninni verið í lófa lagið að halda dýrtíðarvextinum innan þeirra marka, sem sett voru með þessum samningi, og skapa þannig möguleika fyrir áframhaldandi vinnufriði. Ég álít, að með þessu hafi samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin fært ríkisstj. „á diski" hinn ákjósanlegasta grundvöll til þess að tryggja stöðugt verðlag og ná því jafnvægi, sem hæstv. ríkisstj. telur sig vera að keppa eftir. Ég skal koma nokkru nánar inn á þetta. Þetta tækifæri vildi ríkisstj. ekki notfæra sér. Hún vildi þess í stað halda samdráttarstefnunni áfram og segja verkalýðshreyfingunni stríð á hendur, að því er manni skilst, í leiðinni með *gengislækkunarlögunum*, og í raun og veru samvinnuhreyfingunni líka með öllum þeim þungu ásökunum, sem hæstv. ríkisstj. og hennar lið hefur látið frá sér fara í garð hennar út af þessum hóflegu og eðlilegu samningum.

Þá kemur spurningin: Hvernig gat ríkisstj. komið málum þannig fyrir, að ekki leiddi af þessu stórfelld vandkvæði fyrir hana? Ég skal koma örlítið inn á þetta, eins og raunar áður hefur verið nokkuð gert af hálfu framsóknarmanna. Í fyrsta lagi vissum við það, sem erum kunnugir hjá samvinnuhreyfingunni, að samvinnuhreyfingin þurfti ekki að fara fram á neinar hækkanir á iðnaðarvarningi sínum, þó að kaupið yrði hækkað eins og samningurinn gerði ráð fyrir. Nú er einnig komið í ljós, og það taldi a. m. k. *ég mjög líklegt fyrir fram*, — nú er komið í ljós, að nær allur iðnaðurinn í landinu gat tekið á sig þessa kauphækkun. Sú verðhækkun, sem hefur verið leyfð á iðnaðarvarningi við endurskoðun þá á verðlaginu, sem orðið hefur í framhaldi af gengislækkuninni, er vegna gengislækkunarinnar, en nær undantekningarlaust hefur *fyrirtækjunum* verið neitað um verðhækkanir vegna kauphækkunarinnar. Það hefur komið í ljós, að fyrirtækin gátu nær undantekningarlaust tekið kauphækkunina á sig, og sú verðhækkun, sem nú verður á iðnaðarvarningi, er nær eingöngu vegna gengislækkunarinnar, en ekki vegna kauphækkunarinnar. Um þetta leyfi ég mér hér með m. a. að vísa í greinargerðir um þessi mál, sem hafa komið í *stjórnarblöðunum og ég gæti ímyndað* mér að ættu rót sína að rekja til iðnrekenda.

Þá vil ég benda á, að þrátt fyrir kauphækkunina gat verð á saltsíld og verð á síld í bræðslu hækkað talsvert verulega frá því, sem það var árið áður.

Enn fremur vil ég benda á, að við athugun, sem fram hefur farið á sjávarútveginum að öðru leyti og rekstri hraðfrystihúsanna, kemur í ljós, að sá mismunur í vinnulaunakostnaði fyrir hraðfrystihúsin, sem kemur fram vegna þess, að samið var um 10% kauphækkun og nokkuð aukna eftirvinnu í stað þess að semja um 6% kauphækkun, eins og sáttasemjarar lögðu til, — að þessi útgjaldamismunur getur aldrei numið meira en sem svarar 1—2% af útflutningsverði afurðanna.

Þetta eru staðreyndir, sem óhugsandi er að komast fram hjá. Hráefnisverð, verð á fiskinum inn í hraðfrystihúsin, liggur einhvers staðar nærri 50% eða helmingi af útgjöldum húsanna. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna telur kaupgjaldið yfirleitt undir 20% í þeim verðreikningum, sem hún hefur gert. En til þess að vera gætnir í þessu skulum við segja 20% af kostnaðinum vinnulaun. Þessar tölur sýna, að þessi kaupgjaldsmismunur, sem varð vegna þess, að gengið er að nokkru meiri kauphækkun, getur ekki haft neina úrslitaþýðingu fyrir fiskiðnaðinn. Það mundi engum manni detta í hug, að það ætti að lækka gengi íslenzkrar krónu t. d., þó að það yrði 1—2% verðfall á afurðum frá frystihúsunum. Kauphækkun sú, sem fiskimenn höfðu fengið, var komin fyrr *um veturinn*, áður en gengið var frá því verði, sem frystihúsin greiddu fyrir fiskinn, og kom því ekki inn í þessa mynd.

Ef hæstv. ríkisstj. hefði svo viljað mæta þessari kauphækkun með því að lina á samdráttarráðstöfunum sínum, sem þá hefði orðið til þess að bæta rekstrarfjáraðstöðu atvinnurekstrarins, bæði iðnaðarins, sjávarútvegsins og annarra greina, og hefði viljað fallast á að lækka vextina ofan í það, sem þeir voru, áður en viðreisnin kom til, hefði verið hægt að bæta fiskiðnaðinum upp með því miklu meira en svaraði mismuninum á þeim vinnusamningum, sem gerðir voru, og hinum, sem hæstv. ríkisstj. taldi vel við unandi eða sæmilega við unandi. Það er alveg ljóst.

Ég hef í höndum verðreikninga frá Sölumiðstöð *hraðfrystihúsanna*, sem sýna, að það er þeirra skoðun, að vaxtakostnaður hjá frystihúsunum leiki einhvers staðar á milli 40 og 45% af kaupgjaldinu, stofnvextir og rekstrarvextir. Á þessu sjáum við því, að ef vextirnir hefðu verið lækkaðir um ¼ hluta eða svo, þá hefði það gert mun meira en að vega upp þennan *mismun og raunar hrokkið* langleiðina til þess að bæta fiskiðnaðinum upp alla þá kauphækkun, sem varð.

Þegar svo við þetta bætist, að vöruumsetn-

ing í landinu hefði vaxið talsvert við kauphækkunina og við slíkar ráðstafanir til þess að bæta hag fyrirtækjanna, þá hefðu tekjur ríkissjóðs vaxið gífurlega, sennilega um mörg hundruð milljónir, vegna þess að búið er að hauga svo tollum á nauðsynjavörur og þann varning, sem menn yfirleitt kaupa til heimilanna, að aukin kaupgeta hefði að mjög miklu leyti lent beint hjá ríkissjóði. Og síðustu upplýsingar hæstv. fjmrh. um horfurnar í ríkisbúskapnum benda alveg eindregið í þá átt, að ef þessi leið hefði verið farin, sem ég nú er að lýsa, hefði ríkissjóður haft mjög mikil fjárráð síðari hluta þessa árs, og þá hefði verið hægt að nota eitthvað af því fjármagni til þess að greiða fyrir sjávarútveginum, þar sem skórinn kreppti mest að honum, og til þess að hjálpa til að halda vísitölunni, dýrtíðaraukningunni, innan við þessi 5%, sem hún mátti vera mest, til þess að vinnusamningar gætu staðið áfram.

Ég er alveg sannfærður um, að ef það hefði verið haldið á málum á þessa lund, hefði verið hægt að tryggja, að það hefði orðið talsvert veruleg kjarabót að þessari kauphækkun í sumar. Ég er ekki þar með að segja, að hún hefði orðið sem svaraði sjálfri kauphækkuninni brúttó. Þessi kjarasamningur hefði getað orðið grundvöllur að því að stöðva sig á verðhækkunarbrautinni, í stað þess að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gripið til, eru fullkomið óyndisúrræði, sem því miður verður til þess að gera þessi mál verri viðureignar en nokkru sinni fyrr. Og það er sárgrætilegt til að hugsa, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki bera gæfu til að notfæra sér einmitt þessa kjarasamninga á þennan hátt. Með því að skoða málið frá þessari hlið, hygg ég, að flestum hljóti að vera ljóst, að það er algert frumhlaup og að ófyrirsynju að lækka gengið á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Hæstv. viðskmrh. ræddi hér nokkuð mikið áðan í sinni ræðu um, að það hefðu orðið óhagstæðar breytingar nokkrar á aflamagni og verðlagi sjávarafurða á undanförnum árum, tók til í því sambandi árin 1959, 1960 og 1961. En ég vil spyrja hæstv. ráðh. af þessu tilefni: Álítur hæstv. ráðh., að það eigi að hringla til með gengið á íslenzku krónunni sí og æ og látlaust fram og aftur, jafnvel eftir hinum minnstu sveiflum á aflamagni og verðlagi afurðanna? Sýnist ekki hæstv. ráðh., að það ætti að komast hjá því að hringla með gengi krónunnar sí og æ eftir öllum sveiflum, sem verða á verðlagi sjávarafurða og aflamagni? Hæstv. ráðh. hlýtur líka, jafnglöggur maður og hann er á marga lund, að gera sér grein fyrir því, að það er margt fleira, sem kemur til íhugunar í þessu sambandi, en aðeins aflamagnið þá og þá vertíðina og verðlag sjávarafurða það og það tímabil. T. d. kemur hér inn í framleiðsla iðnaðarins í landinu og afkoma hans og margir fleiri þættir. Ég mótmæli þeirri skoðun, að það eigi að hringla sífellt með gengisskráninguna fram og aftur eftir aflamagni þessa eða hina vertíðina eða verðlagi á sjávarafurðum, sem e. t. v. breytist frá mánuði til mánaðar, ýmist upp eða niður. Eða mundi hæstv. ráðh. vilja halda þessum hugsanagangi áfram og slá því föstu og lýsa yfir því skýrt og skorinort, að hann mundi beita sér fyrir því að hækka gengi íslenzku krónunnar að óbreyttum öðrum ástæðum, ef verð á sjávarafurðum eða afli færi vaxandi í eitthvað svipuðum mæli og hann telur, að hvort tveggja hafi farið rýrnandi það tímabil, sem hann ræddi um? Það, sem hæstv. ráðh. rakti í þessu efni, sýnast mér ekki nein rök fyrir því, að gengislækkun eins og þessi hefði átt að geta komið til mála. Að mínu viti átti að nálgast málið frá allt öðru sjónarmiði, — frá því sjónarmiði, sem ég nú hef rakið, þ. e. út frá afkomu atvinnuveganna.

Hæstv. ráðh. nálgaðist líka málið frá annarri hlið. Hann sagði, að kauphækkun eins og þeirri, sem varð, fylgdi geysilega mikil peningavelta innanlands, og reiknaði út talsvert í því sambandi, kom með tölur, sem mér fundust að verulegu leyti út í bláinn. Hann sagði, að 1% launahækkun hefði í för með sér 30—40 millj. kr. hækkun á tekjum og þá hefði þessi kauphækkun, sem varð, væntanlega haft í för með sér 500—600 millj. kr. hækkun á tekjum Kauphækkunin var alls ekki slík, að það geti verið nokkur grundvöllur að því að nefna slíka tekjuhækkun í því sambandi. En auk þess vil ég fyrir mitt leyti taka það fram, að þessar tölur segja í raun og veru hreint ekki neitt. Hæstv. ráðh. veit mjög vel, að það var von á stórauknum gjaldeyristekjum vegna óvenjulega góðrar síldarvertíðar. Hæstv. ráðh. hefur engin tök á því að reikna út, hversu mikið af því fé, sem farið hefði í umferð vegna kauphækkunarinnar, hefði komið fram sem eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Hann hefur engin skilyrði til þess að reikna slíkt út. Það er algerlega ágizkun út í bláinn, að þessi kauphækkun hefði skapað of mikla eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Þess ber að gæta, að framleiðsla sjávarútvegsins fór vaxandi vegna betri og meiri síldveiða, og þess er líka að gæta, að framleiðsla iðnaðarins í landinu fer sívaxandi ár frá ári. Það er mjög athyglisvert, að þegar hæstv. ráðh. var að halda því fram, að íslenzkur þjóðarbúskapur gæti ekki með nokkru móti staðið undir 4400 kr. kaupi á mánuði fyrir verkamann, þá hélt hann sig sífellt við, að það hefði orðið aflabrestur einstakar vertíðir, og nokkrar breytingar, sem hann nefndi, á verði sjávarafurða, en hann forðaðist eins og heitan eldinn að ræða um, að ef eðlilega er á málum haldið varðandi framleiðsluna, á hún að fara vaxandi ár frá ári, m. a. iðnaðarframleiðslan. Sú framleiðsla getur engu síður staðið undir kauphækkunum og lífskjarabótum en önnur framleiðsla í landinu. En fram hjá þessu gekk hæstv. ráðh. algerlega. Hann vildi líka láta líta svo út sem öll sú aukning á tekjum, sem hefði orðið vegna kauphækkunar í þjóðarbúinu, hefði hlotið að koma fram sem eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og setja fjárhag landsins út á við gersamlega úr skorðum. Þetta er alveg úr lausu lofti gripið og ekki hægt að ræða mál á þennan hátt.

Það er miklu eðlilegri leið að reyna að átta sig á því, hvað atvinnureksturinn raunverulega getur borið, eins og ég gerði tilraun til áðan

með minni röksemdafærslu, þar sem ég taldi mig sýna fram á, að gengislækkunin hafi frá því sjónarmiði verið hið versta óhapp.

Út yfir tekur alveg, þegar hæstv. ráðh., eins og gert var í löngu greininni, sem kom frá hæstv. ríkisstj. í sumar, tekur sig til og bætir ofan á kauphækkunina, sem hann reiknaði 500—600 millj., því, sem hann telur þurfa að greiða í kaup því unga fólki, sem bætist árlega við í hóp hinna vinnandi karla og kvenna, segir, að það séu 300 millj. Þessu verði að bæta við kauphækkunina til að sjá þann háska, sem fram undan er, og hina gífurlegu hættu fyrir gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar út á við. Þetta þýðir sama og að fullyrða, að það unga fólk, sem bætist í hóp þeirra, sem taka kaup, vinni ekki fyrir sér, það leggi ekki í þjóðarbúið sem svarar því kaupi, sem það fær, — það bætist við eins og baggi á hina, sem fyrir eru, — það þurfi að jafna, — hugsið ykkur annan eins hugsunarhátt og röksemdafærslu eins og þessa, — að það þurfi í raun og veru að jafna kaupi þessa fólks eins og bagga ofan á þá, sem fyrir eru, það þurfi að lækka lífskjör þeirra, sem fyrir eru, sem svarar kaupi þeirra, sem bætast við í hóp hinna vinnandi á hverju ári. — Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. sér að nær engri átt. En þetta sýnir bara, út í hvaða ógöngur og ófærur jafnvel hinir gleggstu menn geta lent, þegar verið er að reyna að skjóta tyllirökum undir jafnfráleita ráðstöfun og þessi gengislækkun er.

Auðvitað er óhætt að gera ráð fyrir því, að það verði framleiðsluaukning árlega í þjóðarbúinu, fullkomlega á móti því kaupi, sem unga fólkið fær, sem bætist í hóp hinna vinnandi. Það er fjarstæða, að það þurfi að gera ráð fyrir því, að það verði að herða ólina að hinum til þess að standa undir þessu kaupgjaldi og blanda því inn í umr. um nauðsyn á gengislækkun, að það hafi þurft að lækka gengi krónunnar til þess að þrengja að öðrum sem þessu svaraði, kaupgjaldinu til unga fólksins. Ég verð að segja, að hæstv. ráðh. virðist ekki hafa mikla trú á því búskaparlagi, sem haldið er uppi í landinu, ef þetta ber að skoða sem mat hans á þeim möguleikum, sem það gefur.

Rökstuðningurinn fyrir gengislækkuninni fær ekki staðizt, og afleiðingin verður svo stórkostleg ný dýrtíðaralda, sem enginn veit enn, hversu hátt kann að rísa.

Það er svo mál út af fyrir sig, að þegar hæstv. ráðh. var að gera grein fyrir þjóðarbúskapnum og niðurstöðunum af honum, var það eiginlega þetta, að þjóðarframleiðslan hefði minnkað undanfarið að magni og verðmæti, afstaðan út á við hefði samt batnað, vegna þess að það hefði verið framkvæmdur svo mikill samdráttur í peningakerfinu hér innanlands. En samdráttur í peningakerfinu þýðir, að kaupgetan hafi verið minnkuð mikið, — kaupgetan bæði til neyzlu og framkvæmda. En þrátt fyrir þetta sagði svo hæstv. ráðh., að kjaraskerðingin hefði eiginlega engin orðið. Þetta rekur sig vitanlega allt saman hvert á annars horn, og er óhugsandi, að þetta geti staðizt. Ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. heldur fram, að samdrátturinn í peningakerfinu hafi skert kaupmáttinn innanlands svo mikið, að afkoman út á við hafi orðið betri en áður þrátt fyrir mikið minnkaða framleiðslu, þá hlýtur auðvitað að hafa orðið alveg gífurleg kjararýrnun í landinu, því að ekki hefur þetta allt saman komið niður á fjárfestingunni, það vitum við upp á hár. Þetta fær ekki með nokkru móti staðizt, og þó að hæstv. ráðh. hefði þarna einn fyrirvara, og hann var sá, að sjávarútveginum hefði vegnað verr en áður, og ég skal ekki draga úr því, að það sé rétt, þá er það vitanlega alls ekki nægileg skýring eða fullnægjandi. Hitt er staðreyndin, að þessar ráðstafanir höfðu í heild sinni þau áhrif, að það minnkaði stórkostlega kaupmáttur tekna og launa yfirleitt og varð úr stórfelld kjararýrnun. Á hinn bóginn batnaði afkoman út á við ekki 1960, þó að ráðh. vildi láta líta svo út, vegna þess að þó að gjaldeyrisstaða bankanna lagaðist nokkuð, rýrnuðu birgðir og söfnuðust lausaskuldir miklu meira en á móti því. Hitt er svo annað mál, að ég og fleiri, við höldum því fram, að ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki lagt út í svona stórfelldar samdráttarráðstafanir í fyrra, þá hefði framleiðslan orðið mun meiri en hún hefur orðið. Skal ég ekki fara út í núna að endurtaka rök okkar fyrir því. Þessar miklu ráðstafanir til samdráttar og til þess að skerða rekstrarfé fyrirtækjanna hafa orðið til þess að minnka þjóðarframleiðsluna og þjóðartekjurnar.

Höfuðniðurstaðan af því, sem ég vildi sagt hafa, verður þess vegna sú, að það hefði verið hægt, ekki aðeins að komast hjá gengislækkuninni núna, heldur hefði, ef unnið hefði verið að þessum málum með stillingu og viðsýni í stað þess að láta reiðina ráða fyrir sér, verið hægt að notfæra sér þessa kjarasamninga í sumar til að komast inn á heppilegri brautir en gengið hefur verið á nú um sinn.

Þessi gengislækkun verður því miður bara byrjun á nýrri veltu, dýrtíðarveltu, og leysir engan vanda.

Ég vil svo að lokum aðeins víkja að atriði, sem snertir þessi mál, og ég vona, að hæstv. forseti finni ekki að því, þó að það snerti að vísu alveg eins mikið eða jafnvel meira frv., sem er hér á dagskrá næst á eftir. En þær ráðstafanir eru þó í beinu framhaldi af og í sambandi við gengislækkunina. Ég vildi minnast á þetta núna.

Mig langar að biðja hæstv. ráðh. viðskiptamála að athuga, hvort hann geti ekki við framsögu þess máls, þegar þar að kemur, eða umr. þess gefið vissar upplýsingar. Þar er gert ráð fyrir, að talsvert af þeirri hækkun á útflutningsvörum, sem verður vegna gengislækkunarinnar, verði tekið í sjóði nokkra, sem eiga að ganga til ýmissa ráðstafana fyrir sjávarútveginn. Nú langar mig til, af því að það er engin greinargerð fyrir því máli, að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa: Í fyrsta lagi, hvað hann gerir ráð fyrir að þetta útflutningsgjald nýja af sjávarafurðum, sem getið er um í 1. mgr. 7. gr. þess frv., verði há fjárhæð, — hvað hann áætlar, að það verði há fjárhæð á þessu ári. Ég misskil það held ég ekki, að það er 4½% hækkun frá

því, sem nú er, en bið hann þá að upplýsa, ef það er misskilningur. Enn fremur, hvað hann mundi áætla, að þetta yrði á næsta ári. Ef hæstv. ráðh. vildi gera slíka áætlun, sem mér finnst sjálfsagt að komi fram í málinu strax við 1. umr. þess, gætum við áttað okkur á því, hvað er að gerast. Loks langar mig til að biðja hæstv. ráðh. að láta gera sams konar áætlun um það, hversu mikið fjármagn muni koma inn á þessu ári og þá næsta ári samkv. 8. gr. þess frv.

Ég tók eftir því við útvarpsumr., sem voru nú ekki fyrir löngu, að þá sagði einn af hæstv. ráðh. eitthvað í þá átt, að með þessu frv. hefði verið komið í veg fyrir stöðvun framleiðslunnar þegar á þessu hausti. Kauphækkanirnar hefðu verið svo stórfelldar, að sjávarútvegurinn hefði getað stöðvazt á þessu hausti, ef ekkert hefði verið gert. Þetta er eins og hver önnur brosleg fjarstæða. En þetta minnir mig á, að það hefði verið mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað láta koma fram í sambandi við þetta mál grg. um áhrif þessarar síðustu gengislækkunar á sjávarútveginn. En þessi gengislækkun er gerð með þeim sérstaka hætti, að það er hækkað verð á erlendum gjaldeyri um 13%, og þar með hækkar verð á skipum og bátum og öllu því, sem þarf að nota til útgerðarinnar, en aftur á móti kemur ekki nema nokkur hluti af verðhækkununum á afurðunum sjávarútveginum til góða. Það er lagt í ýmsa sjóði, sem að vísu eiga að styðja hann með ýmsu móti, beint og óbeint. Það hefði verið mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað láta gera áætlanir um það, hvaða áhrif þessi nýja gengislækkun hefði á afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna nú alveg á næstunni.

Ég mun svo láta þetta nægja að sinni.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Háttv. forseti. Frv. það, sem hér er nú til umr., er um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands. Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu einni að færa valdið yfir gengisskráningunni frá Alþingi og í hendur stjórnenda Seðlabankans, sem að vísu er gert ráð fyrir að hafi samráð við hæstv. ríkisstj. um skráningu gengisins á hverjum tíma. Frv. er, eins og fram er tekið, lagt hér fram til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 1. ágúst s. l.

Þegar hæstv. viðskmrh. gerði hér grein fyrir þessu frv., seinast þegar þetta mál var hér á dagskrá, flutti hann hér að vísu alllanga ræðu, sem fjallaði fyrst og fremst um þá nauðsyn, sem hann taldi að hefði verið orðin á því á s. l. sumri að breyta gengi íslenzkrar krónu. Hins vegar vék hann að því aðeins með örfáum orðum, hvaða ástæður hefðu í rauninni legið til þess, að ríkisstj. taldi nauðsynlegt að setja brbl. um það efni, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. um það að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis til Seðlabanka Íslands. Einu rökin, sem ég gat fundið í ræðu hæstv. viðskmrh. fyrir þessu meginefni frv., voru þau, að þar sem nú væri búið að stofna sjálfstæðan seðlabanka í landinu, væri ekki óeðlilegt að fela honum það vald, sem gert er með þessum brbl. yfir gengisskráningunni. Nú er, eins og öllum er kunnugt, ekki langt síðan gengið var síðast skráð hér á Alþingi næst á undan því, sem gert var 4. ágúst s. l., og þá þótti ekki ástæða til að setja slík ákvæði í lög, að Seðlabankinn skyldi hafa þetta vald í stað Alþingis. En það er rétt, þann 29. marz 1961 var lögunum um Seðlabanka Íslands breytt og verksvið bankans afmarkað nokkru skýrar en áður var, og það má því segja, að þar hafi orðið nokkur breyting á. Þó er ekki hægt að segja, að með breytingunum á lögunum um Seðlabankann 29. marz 1961 hafi orðið nein grundvallarbreyting á aðstöðu bankans í sambandi við stjórn peningamála. En þegar lögin voru sett um Seðlabankann 29. marz 1961, þótti Alþ. ekki ástæða vera til að ákveða, að Seðlabankinn skyldi hafa valdið yfir gengisskráningunni. Einmitt þessi nýja breyting á lögunum um Seðlabankann, þar sem Alþingi var að ákveða verksvið bankans, — einmitt sú breyting sýndi, að það var ekki þá sá skilningur hér á Alþ. eða sá vilji hér á Alþ., að það væri rétt að binda það í lögum að fela Seðlabankanum valdið yfir gengisskráningunni. Það geta því ekki orðið nein rök fyrir því að setja brbl. um að færa þetta vald frá Alþingi nokkrum mánuðum síðar, eftir að Alþingi hafði greinilega einmitt markað verksvið Seðlabankans, heldur einmitt alveg þvert á móti. Hefði lögunum um Seðlabankann ekki verið raskað neitt um lengri tíma, mátti kannske finna því rök, að rétt væri, úr því sem nú væri komið, að fela honum þetta nýja verkefni. En Alþingi hafði alveg nýlega fjallað um lögin um Seðlabankann og ákveðið nákvæmlega það verksvið, sem átti að vera verksvið bankans, og var hreint ekki á því að fela honum þetta vald.

Eftir stendur því sú spurning í rauninni ósvarað, sem er meginspurningin í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir: Hvaða ástæður lágu til þess, að ríkisstj. taldi sig knúða til þess að setja brbl. um að flytja þetta vald úr höndum Alþingis og til Seðlabankans? Hún gat vissulega sett brbl. um skráningu gengisins, það gat ríkisstj. gert, og fyrir því flutti hæstv. viðskmrh. alllangt mál, til þess að rökstyðja það, að það hafi verið orðin þörf á því að breyta skráningu íslenzku krónunnar. En þetta frv. fjallar ekki í sjálfu sér um skráningu íslenzku krónunnar eða hve hátt hún skuli skráð gagnvart öðrum gjaldeyri, heldur er þetta frv. um það að taka tiltekið vald af Alþingi og færa það í hendur annarrar stofnunar, og á því gat ekki legið á nokkurn hátt, þannig að það væri réttlætanlegt að setja brbl. um það. Það er því enginn vafi á því, að hæstv. ríkisstj. hefur brotið ákvæði stjórnarskrárinnar í þessum efnum, þegar hún notfærir sér þau ákvæði stjórnarskrárinnar að setja brbl. í þessum efnum. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað komið fram með nokkur haldbær rök fyrir því, að það hafi verið brýn nauðsyn á því að setja brbl. um að taka þetta vald af Alþingi og flytja það yfir til Seðlabankans. Ég vil

minna hæstv. ráðh., sem tala hér fyrir þessu máli, á það, að enn hvílir á þeim sú skylda að gefa á þessu skýringu, þegar þetta mál liggur hér fyrir til afgreiðslu.

Það er vitanlega ekki hægt að verjast þeim tilgátum, sem upp hafa komið um það, hvaða ástæða hafi í rauninni legið til þess, að ríkisstj. fór þessa óvenjulegu leið, að hún hafi í rauninni viljað komast undan því að láta hv. alþm. alla greiða hér beinlínis atkvæði um hina nýju gengisskráningu. En það hefðu þeir þurft að gera, ef brbl. hefðu verið beinlínis um skráningu gengisins. En vissulega hefði það verið hið eðlilega í málinu, að hér hefði einmitt það legið fyrir til atkvgr. meðal þingmanna, hvort þeir væru út af fyrir sig samþykkir þessari nýju gengislækkun, sem ákveðin var 4. ágúst í sumar.

Ég skal svo víkja hér nokkuð að þeim röksemdum, sem komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh. fyrir því, að það hafi verið þörf á þeirri gengislækkun, sem ákveðin var í ágúst í sumar. Í rökum hæstv. viðskmrh. fyrir því, að það hafi verið orðið óhjákvæmilegt að fella gengi íslenzkrar krónu í sumar, var aðallega að finna þá skýringu, að á árinu 1960 hafi orðið mikið aflaleysi í landinu og mikið verðfall á útfluttum sjávarafurðum og að þetta tvennt hafi raunverulega á árinu 1960 kostað þjóðarbúið um 400 millj. kr. Hæstv. ráðh. flutti hér mikla útreikninga til að reyna að sanna mál sitt. Ég verð að segja, að oft hefur mér fundizt hann og kollegar hans, hagfræðingarnir í landinu, reikna nokkuð vafasamt, en aldrei þó eins og hæstv. ráðh. gerði hér, þegar hann reyndi að rökstyðja þessa síðustu gengislækkun með ræðu sinni fyrir þessu frv. Þar þóttu mér öll met slegin í ófyrirleitni við meðferð talna. Við skulum nú koma að nokkrum atriðum í þessu.

Það er þá fyrst rétt að líta á meginröksemdina, að gífurlegt aflaleysi hafi steðjað hér að árið 1960. Hvað segja nú opinberar skýrslur um aflamagnið á árinu 1960? Jú, ég hef hér fyrir framan mig skýrslur um þennan afla, gefnar út af Fiskifélagi Íslands. Heildarafli ársins 1960 er þar skráður 513 700 tonn. Árið 1959 var heildaraflinn skráður 564 400 tonn, það er rétt, nokkru hærri. En árið 1958 var hann hins vegar skráður 505 þús. tonn, eða nokkru lægri en hann var 1960. En 1958 var þó hæsta aflamagn, sem hér hafði verið skráð þá. Árið 1957 var aflinn miklu minni og sömuleiðis 1956. M. ö. o.: aflinn 1960, heildaraflinn, var einn sá mesti, sem við höfum haft um margra ára skeið, þegar heildaraflinn er tekinn. Það er aðeins árið 1959, sem er nokkru hærra, og einvörðungu vegna þess, að síldveiðarnar sumarið 1959 voru óvenjugóðar eða þær beztu, sem við höfðum þá haft um 17 ára tímabil. En ef þessi afli er skoðaður enn nánar til að gæta verulega að því, hvernig rétt er að tala um aflabrögðin á þessu ári, kemur þetta út: Þorskafli bátaflotans eða sá afli, sem talinn er undir þorskafla á árinu 1960, varð 261200 tonn, en árið 1959 var þessi afli bátaflotans ekki 261 þús. tonn, heldur 225 þús. tonn, og árið 1958, hið mikla aflaár, var afli bátaflotans 200 þús. tonn. Bátaflotinn aflaði sem sagt nærri 20% meira árið 1960 en 1959 og um 25% meira en á hinu mikla aflaári 1958. En það er rétt, síldin brást 1960, veit ég, að hæstv. ráðh. segir. Hann hefur nefnilega sagt það áður. En það er alrangt. Það er að vísu rétt, að síldveiðiaflinn 1960 var minni en 1959, sem þá var hæsta aflaárið um 17 ára tímabil. En árið 1960 var næsthæsta aflaárið, sem verið hafði, næst á eftir 1959, um 17 ára tímabil. Það var næstmesta aflaár á síldveiðum. Síldveiðiaflinn 1960 var 136 þús. tonn, en árið 1959 var síldveiðiaflinn 182 þús. tonn, en bara 107 þús. tonn eða nærri 30% minni árið 1958 heldur en hann var 1960. Getur því nokkur lifandi maður haldið því fram, að það hafi verið aflaleysi hjá bátaflotanum árið 1960, þegar hann aflaði miklu meira en nokkurn tíma áður, bæði á þorskveiðum og á síldveiðum? Aðeins árið 1959 var betra síldveiðiár.

Það er rétt, að ein grein sjávarútvegsins var verulega lakari á árinu 1960 en hún hafði verið um nokkurt skeið. Það var togaraútgerðin. Aflinn þar var minni. En þó er það vitanlega alger blekking að bera saman aflatölur togaranna 1960 og 1958 og 1959 á þann hátt, sem menn gera. Slíkt geta vitanlega engir þeir gert, sem eitthvað þekkja til um rekstur togaraflotans. Hins vegar veit ég, að menn, sem þekkja þar ekkert til, en hlaupa með tölur, sem þeir sjá í skýrslum, án þess að athuga þær nokkuð nánar, geta vitanlega oltið um koll á þeim, eins og hæstv. viðskmrh. gerði.

Það er rétt, heildarafli togaranna árið 1960 varð 113 þús. tonn, en árið 1959 var hann 156 þús. tonn, og árið 1958 var hann 199 þús. tonn. Hann var þannig áberandi minni árið 1960 en árið 1958 og þó nokkru minni en hann var 1959. En togarafloti landsmanna var gerður út á allt annan hátt árið 1960 en árin á undan. Togarafloti landsmanna var látinn veiða fyrir erlendan markað og fór á annað hundrað túra á erlenda markaði með afla sinn á því ári, en aðeins brot af því á árinu 1959 og enn þá minna brot á árinu 1958, þegar hann lagði afla sinn upp hér innanlands, og af því vitanlega hlaut að koma meiri afli á land, þegar skipin voru rekin á þann hátt, jafnvel þótt ekki hefði verið um neina aflabreytingu að ræða á veiðunum sem slíkum. En auðvitað fengu skipin líka miklu meira fyrir hvert kg af aflanum 1960 heldur en 1959 og heldur en 1958. En þeir, sem fara óvandlega með tölur, geta borið saman svona tölur, sem vitanlega eru grundvallaðar á allt öðrum kringumstæðum í öðru tilfellinu en hinu, og reiknað út, að hér sé um gífurlegt aflaleysi að ræða annað árið, þegar þeir bera tölurnar saman við hitt.

Nei, hið sanna í þessu máli er, að það er réttmætt og sjálfsagt að taka útgerð togaranna fullkomlega út úr þessu dæmi. Menn vita það, að togararnir hafa á þessu ári, 1960, og aftur nú í ár, 1961, verið reknir með stórfelldu tapi. Og tap þeirra liggur að langmestu leyti enn óbætt. Hvorki sú gengisskráning, sem er í dag, né sú gengisskráning, sem var þar áður, breytir neinu um það, að togararnir væru nú með hallarekstur. Það var því ekki verið að breyta skrán-

ingu íslenzkrar krónu til þess að rétta við togaraútgerðina út af fyrir sig. Nei, breytingin á verðlagi íslenzkrar krónu hlaut að eiga að byggjast á því, að hinar aðrar greinar sjávarútvegsins, sem höfðu ekki orðið fyrir neinu verulegu tjóni á neinn hátt, þ. e. a. s. bátaflotinn, jafnt á þorskveiðum sem síldveiðum, að hann gæti borið sig. enda var það alveg skýrt tekið fram, þegar gengi íslenzkrar krónu var ákveðið í febrúarmánuði 1960, af núv. hæstv. ríkisstj., að það gengi krónunnar væri miðað við það, að bátafloti landsmanna gæti verið rekinn hallalaust.

Það er því alveg augljóst mál, að það var ekki aflaleysi á árinu 1960, sem varð þess á neinn hátt valdandi, að það þurfti að grípa til breytinga á skráningu íslenzkrar krónu, eins og hæstv. ríkisstj. gerði. Það var ekki ástæðan, heldur var það eitthvað annað, sem þar lá til grundvallar.

Við skulum þá athuga hinn skýringaþáttinn hjá hæstv. ráðh., en það er verðfallið á afurðunum 1960. En þá átti að hafa orðið slíkt verðfall á ýmsum útflutningsafurðum, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum.

En þetta verðfall, sem hæstv. ráðh. vildi hér nota sem skýringu á því, hvað gerðist á árinu 1960, varð ekki á árinu 1960, heldur er það margsannað mál og liggur fyrir í opinberum skýrslum, að verðlækkunin á síldarmjöli, fiskimjöli og lýsi, þetta verðfall varð á miðju árinu 1959. Og verðið varð lægst á þessum vörum einmitt á haustmánuðunum 1959. Þetta lá því allt saman fyrir hæstv. ríkisstj. og hagfræðingum hennar, þegar ríkisstj. ákvað gengislækkunina í febrúarmánuði 1960, enda er það alveg ljóst af þeirri grg., sem fylgdi gengislækkunarfrv. þá, því að það kemur greinilega fram í grg. þess frv., að verðlækkunin var orðin, áður en skráningin var ákveðin á krónunni þá, hún var orðin á þessum vörum. Þetta lá fyrir, og það var tekið tillit til þess við skráninguna á krónunni í febrúarmánuði 1960.

Ég skal tilfæra hér tvær tilvitnanir í grg. gengislækkunarfrv. frá 1960, sem sanna þetta. Báðar eru þessar tilvitnanir á bls. 18 í því frv., sem var lagt fyrir Alþingi. Sú fyrri er á þessa leið, — en þá er búið að gera grein fyrir því, vegna hvers það er ákveðið að skrá gengi íslenzkrar krónu þannig, að 38 kr. skuli vera móti Bandaríkjadollar, — og þar segir:

„Þegar tekið er tillit til þessa og enn fremur gert ráð fyrir, að bátaútveginum verði bætt það verðfall, sem orðið hefur á síðasta ári á fiskimjöli, verður niðurstaðan sú, að hið nýja gengi þurfi að vera kr. 38.00 á Bandaríkjadollar," — þegar búið er að taka tillit til verðfallsins á fiskimjöli.

Og síðar í grg. fyrir þessu frv. segir, þar sem rætt er sérstaklega um síldarafurðirnar:

„Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959, og lýsisverð er einnig lágt. Vegur þetta á móti þeim áhrifum, sem breyting gengisskráningarinnar annars mundi hafa haft á afkomu þessarar framleiðslu."

Það var vegna þess, að hin nýja gengisskráning þýddi raunverulega meiri hækkun fyrir síldarafurðirnar en fyrir aðrar afurðir sjávarútvegsins, vegna þess að síldarafurðirnar höfðu eftir gamla uppbótakerfinu ekki fengið fullar uppbætur. En um leið og hin nýja gengisskráning kom, áttu síldarafurðirnar að falla í sömu verðskráningu og aðrar afurðir sjávarútvegsins, og hér er gefin sú skýring á, að vegna þess að mikið verðfall var orðið á afurðum síldarframleiðslunnar, jafnar það sig, segja þeir, með nýju gengisskráningunni. Það er því ekkert um það að villast, að verðlækkunin, sem alltaf er verið að tala um sem skýringu á því, að viðreisnin fór út um þúfur, sú verðlækkun var komin inn í ákvörðunina um gengisskráninguna í febrúarmánuði 1960. Á því leikur enginn vafi.

En það var helzt að skilja á ræðu hæstv. viðskmrh., að yfirleitt hefði verið um verðlækkun að ræða á árinu 1960 á útfluttum afurðum. A. m. k. tók hann ekki tillit til þess, að neinar aðrar verðbreytingar hefðu orðið á því ári heldur en verðlækkunin á mjöli og lýsi, sem hafði þó verið á árinu 1959, en ekki 1960, hélt að vísu áfram fram á árið 1960. En það voru ýmsar aðrar verðbreytingar á útfluttum sjávarafurðum á árinu 1960 og yfirleitt allar til verðhækkunar. En hæstv. ráðh. sá ekki neitt af þeim verðbreytingum og þurfti ekki að reikna með þeim. Hann var nefnilega að reikna út einhvers konar talnalega sönnun fyrir því, að viðreisnin hans hefði farið út um þúfur, og þá þurfti hann vitanlega að taka allt á aðra hliðina.

Ég hef hér fyrir mér skýrslur frá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, sem flytur út svo að segja allan saltfisk landsmanna. Í skýrslunni fyrir árið 1960 og um framleiðslu ársins 1960 segir í þessari skýrslu m. a. þetta orðrétt um verðlag á útfluttum saltfiski á árinu 1960: „Hækkun sú, er náðist á söluverði saltfisksins, nam um 4% á hinum erlendu mörkuðum." Það er gefið upp af þeim, sem hafa yfirstjórn saltfiskssölunnar með höndum, að það hafi orðið á árinu 1960 4% verðhækkun á útfluttum saltfiski á því ári. Á árinu 1960 varð einnig um verulega hækkun að ræða á útflutningsverði á hraðfrystum fiski, og á ísvörðum fiski varð þó verðhækkunin langmest, því að ein ástæðan til þess, að togararnir tóku upp á því að sigla miklu meira með afla sinn óunninn eða ísvarinn á erlendan markað á því ári, var einmitt sú, að þar varð um mjög mikla verðhækkun að ræða frá því, sem áður hafði verið. En hæstv. viðskmrh. þarf auðvitað ekki að taka það inn í sitt dæmi, að það hafi orðið 4% verðhækkun á öllum útfluttum saltfiski landsmanna á árinu 1960, heldur ekki það, að það hafi orðið mjög veruleg verðhækkun á útflutningsverði á ísvörðum fiski, heldur ekki það, að á árinu 1960 varð mjög veruleg hækkun á flestum mörkuðum á útfluttum frosnum fiski, og hið sama átti sér stað seinni hluta ársins 1960 á útflutningsverði á skreið.

Nei, það fer alveg fjarri því, að hægt sé að afsaka strand viðreisnarinnar með aflaleysi á árinu 1960 eða verðfalli á útflutningsafurðum.

Það er rétt, að það varð verðfall á árinu 1959 á útflutningsverði á mjöli og lýsi, og þetta verðfall hélt áfram fram eftir árinu 1960. En árið 1960 út af fyrir sig kom ekki verr út í þessum efnum en svo, að vegna þess að síldarafurðirnar höfðu lækkað svona í verði árið 1959, voru þær yfirleitt ekki fluttar út seinni hluta ársins 1959, heldur komu þær fram í óvenjumiklum birgðum í árslok 1959 og þær voru síðan fluttar út á árinu 1960 og komu sem algert viðbótarfé í gjaldeyriskassann á árinu 1960, og það var ein ástæðan til þess, að á árinu 1960 fluttum við út meiri afurðir en við öfluðum á því ári.

En hæstv. viðskmrh. dugði ekki að hafa reiknað viðreisnina algerlega í strand af öllum þessum miklu ytri óhöppum, þ. e. aflaleysi og verðfalli árið 1960. Hann hélt áfram að reikna þessi undur yfir okkur einnig fram eftir árinu 1961, fram í ágústmánuð 1961, og hann kom hér með tölur, sem áttu að sanna mönnum það, að enn væri meðaltalsverðlag á útfluttum þorsk- og karfaafurðum, sem hann nefndi sérstaklega, 1.8% lægra á árinu 1961 en verðið hafði verið á þessum afurðum í árslok 1959. Þetta lætur heldur einkennilega í eyrum þeirra, sem hafa haft með það að gera að selja þessar afurðir eða standa í samningum um að selja þær. Það liggur nú fyrir, að í árslok 1960 var útflutningsverðið á skreið, lágmarksverðið, sem er skráð, og ekki er leyfilegt að selja undir því verði, það var hækkað um 9% frá því, sem það hafði verið áður. Saltfiskssölurnar, sem áttu sér stað nú á fyrri hluta ársins 1961, hafa verið þannig, að minnsta hækkun frá árinu á undan er 6%, en allt upp í 17% hækkun á söluverðinu á saltfisknum. Og meðaltalshækkunin, sem almennt er talið að hafi orðið á útfluttum frosnum fiski, er um 10%. Það er gaman að minnast á það í þessum efnum, að það fóru fram samningatilraunir og samningar við einn okkar stærsta kaupanda á sjávarafurðum einmitt vorið 1961, það var við fulltrúa frá Sovétríkjunum. Þá settu íslenzkir framleiðendur upp þá kröfu, að útflutningsverð á karfaflökum þyrfti að hækka úr 128 sterlingspundum á tonnið, sem það hafði verið um alllangan tíma, upp í 172 sterlingspund tonn, til þess að þetta samsvaraði því verðlagi, sem nú væri orðið á öðrum mörkuðum. Svo kemur hæstv. viðskmrh. og segir, að það hafi orðið fremur verðfall á þessum vörum frá því, sem áður var. Opinberlega var það svo tilkynnt, að samningar tókust um það, að verðið á þeim fiski, sem seldur var til Sovétríkjanna, hækkaði úr 128 pundum á tonn upp í 140 pund á tonn, bæði á þorski og karfa, eða rétt um 10%. Verðið á fiski, sem seldur hefur verið bæði til Tékkóslóvakíu, Austur-Þýzkalands og fleiri landa, en þar höfum við haft hæst verð áður, hækkaði líka úr 148 pundum upp í 156 pund. Og það hefur verið gefið upp af þeim aðilum, sem hafa haft með söluna á frosnum fiski að gera til Bandaríkjanna, að þar hafi orðið mjög veruleg hækkun á verðinu seinni hluta ársins 1960 og á árinu 1961, enda skal því ekki neitað, að þessir aðilar hafa vissulega hækkað verðið til frystihúsanna í landinu vegna þessarar erlendu verðhækkunar.

En hvernig stendur þá á því, að hæstv. viðskmrh. kemur hér með þessa útreikninga, sem á engan hátt geta staðizt? Hann heldur sér auðvitað við það í sínum útreikningum, að verðfall hafi orðið á síldar- og fiskimjöli um 45%, eins og hann sagði í sinni ræðu, og á lýsi um 25%. Auðvitað er þetta fjarri öllu lagi, því að á árinu 1961 var verð á síldarmjöli og fiskimjöli komið langt upp yfir það, sem reiknað var með, þegar gengisskráningin var ákveðin í febrúarmánuði 1960. Það er rétt, að verðið á þessum afurðum var ekki komið upp í það hæsta, sem verðið hafði farið í á tímabili á árinu 1959, en meðaltalsverð ársins 1959 og meðaltalsverð áranna þar á undan var hvergi nærri því að ná þeim hæsta toppi.

Það er sem sagt allt hér á eina bókina lært hjá hæstv. ráðh. í þessum efnum. Hér er aðeins reiknað með þeim verðlækkunum, sem áttu sér stað frá allra hæsta verði og til allra lægsta verðs á tímabili, en aðrar verðhækkanir aftur, sem höfðu átt sér stað á sama tímabili, þær eru ekki teknar með inn í dæmið. Fram hjá þeim er litið.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að búast mætti við því, að framleiðslumagnið á sjávarafurðum yrði árið 1961 um 3% minna en það var árið 1959 og að af þeim ástæðum og einnig vegna verðlækkunar frá árinu 1959 mætti búast við því, að heildarframleiðsluverðið á framleiðslu ársins 1961 yrði um 170 millj. kr. minna en aflaverðmæti var árið 1959. Við það bætti svo hæstv. ráðherra enn því, að svo mætti bæta við þetta, að nú á árinu 1961 yrði rekstrarkostnaður fiskveiðiflotans allmiklu meiri en hann hefði verið árið 1959, vegna þess að nú væri um að ræða rekstur á fleiri bátum og fleiri togurum, og honum reiknaðist til, að aukin rekstrarútgjöld flotans mundu vera um 150 millj. kr., og sagði svo, að þar sem bæði minnkað aflamagn og verðlækkun árið 1961 mundi nema um 170 millj. og aukin útgjöld 150 millj., þá raunverulega kæmi frá sjávarútveginum um 320 millj. kr. minna í þjóðarbúið á árinu 1961 heldur en 1959.

Eins og ég hef vikið hér að, fá þessar tölur um minni verðmæti á árinu 1961 ekki staðizt, miðað við verðlagseiningu, en hins vegar er rétt, að aflamagnið á árinu 1961 verður minna en það var bæði árið 1960 og 1959. En hvernig stendur á því, að aflamagnið verður minna? Það er auðvitað alveg augljós skýring á því, ástæðan er einfaldlega sú, að efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. leiddu til þess, að bátaflotinn lá óstarfræktur í nærri tvo mánuði framan af síðustu vetrarvertíð og í stærstu verstöð landsins í fullkomna tvo mánuði. Það var þá, sem aflamagnið féll niður í janúar- og febrúarmánuði, en hina mánuðina hefur aflinn haldizt uppi eða þann tíma, sem flotinn hefur verið starfræktur, fullkomlega til jafns við það, sem áður hefur verið.

Árið 1961 er ekki viðurkennt að hafi orðið aflaleysisár, nema síður sé. Árið 1961 var auðvitað bezta síldveiðiár, sem við höfum nú haft um 19 ára tímabil, langsamlega bezta. Aflinn á árinu 1961 er nærri helmingi meiri en hann

var 1959 og þrisvar sinnum meiri en hann var 1958, og síldarafurðirnar hafa líka, eins og saltsíld, hækkað í útsöluverði frá því, sem áður var. Nei, ástæðan til þess, að sjávarútvegurinn mun gefa minna í ríkisbúið á þessu ári, 1961, heldur en hann gerði 1959, er einfaldlega sú, að það eru efnahagsráðstafanir ríkisstj., sem hafa leitt til framleiðslustöðvana í landinu, flotinn hefur ekki verið notaður, hann hefur legið.

Og þá kemur önnur skekkjan í útreikningum hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann færir upp í beinum hlutfallareikningi aukin rekstrarútgjöld flotans. Það voru að vísu fleiri bátar, sem voru reknir, en þeir voru ekki reknir í jafnmarga mánuði, og rekstrarkostnaðurinn fellur auðvitað við það, þegar flotinn er ekki hreyfður. Til þess tók auðvitað hæstv. viðskmrh. ekki á nokkurn hátt tillit í sínum útreikningum, og útgjöld togaraflotans eru vitanlega ekki jafnmikil heldur, hvort sem flotinn liggur í höfn eða er starfræktur. Á yfirstandandi ári hefur um fjórði partur og upp í þriðji partur alls togaraflotans legið óstarfræktur í höfn. Það er auðvitað engin von til þess, að slíkir togarar fiski. Það er auðvitað engin von til þess, að slíkir togarar leggi mikið í þjóðarbúið. Og ástæðan er auðvitað sú, að þar er um að ræða, einnig frá hálfu hæstv. ríkisstj., alveg óafsakanlegt afskiptaleysi af því, að þýðingarmikill þáttur framleiðslulífsins er látinn eftir í sínum erfiðleikum.

Þá vék hæstv. viðskmrh. að því í sinni ræðu, þegar hann hafði farið allmörgum orðum um það, að ástæðan til þess, að viðreisnin hefði ekki staðizt lengur og það hefði þurft að skrá nýtt gengi, væri sú, að það hefði verið svo mikið aflaleysi á árunum 1960 og 1961 og mikið verðfall á afurðum, — þá vék hann að því, að þrátt fyrir allt þetta hafi gjaldeyrisstaða bankanna batnað verulega á árinu 1960 og svo hafi verið komið, að í árslokin 1960 hafi bankarnir verið búnir að eignast um 112 millj. kr. gjaldeyrissjóð. Að vísu sagði hæstv. ráðh., að það bæri að líta á þennan gjaldeyrissjóð bankanna með þeim fyrirvara, að hann hefði að sumu leyti myndazt vegna þess, að inn hefðu verið fluttar vörur á árinu, án þess að þær væru greiddar, þar hefði verið stofnað til gjaldeyrisskulda, og einnig vegna þess, að gengið hefði verið allverulega á útflutningsvörubirgðir í landinu, við höfum sem sagt flutt út vörur frá fyrra tímabili. En hæstv. ráðh. minntist ekki á það, sem væri þó verulega fróðlegt að fá hann til að ræða um, hversu ábyggileg tala þetta er, þessi gjaldeyrissjóðseign bankanna í árslokin 1960, 112 millj. kr. Ég veit, að hæstv. ráðh. veit mætavel, að bankarnir áttu engan gjaldeyrissjóð upp á 112 millj. kr. í árslokin 1960. Hið rétta er, að gjaldeyriseign þeirra þá var um 70 millj. kr. minni en þessi tala segir. Í sundurliðaðri skýrslu, sem ég hef séð frá Seðlabankanum um gjaldeyrisstöðu bankanna í árslok 1960, eru taldar með í gjaldeyriseign bankanna þá um áramótin u. þ. b. 70 millj. kr., sem bankarnir áttu þá hjá innlendum olíufélögum, en þau olíufélög skulduðu erlendum aðilum. Menn taki eftir því, að í gjaldeyriseign bankanna, 112 millj. kr. í árslok 1960, er talin með sem gjaldeyriseign bankanna krafa þeirra á innlend olíufélög. Þessi gjaldeyristala er því fölsk. Og ég vil alveg sérstaklega fara fram á það við hæstv. viðskmrh. í þessum umr., að hann komi hér og sundurliði fyrir hv. þm., hvernig þessi gjaldeyriseign bankanna skiptist á milli gjaldeyrissvæða í árslokin 1960, svo að það fái að koma skýrt fram, að þessi tala er röng. En ég skal hins vegar gefa skýringu á þessu hér frá minni hálfu nú strax. Ástæðan fyrir þessu var sú, að gjaldeyrisstaða bankanna var auðvitað talin í októberlok og í nóvemberlok miklu betri en hún raunverulega var, vegna þess að þá var alltaf verið að flytja inn olíu til landsins og skulda olíufélögin hér fyrir þessari olíu, en olían var ekki greidd, skv. sérstökum samningi við Sovétríkin, en samningur var í gildi um það, að um áramótin átti að borga upp alla yfirdráttarskuldina, átti að borga upp alla olíuna, sem búið var að flytja til landsins og nota. Þetta var gert. Seðlabankinn borgaði alla skuldina. En þá auðvitað kom mikill kippur í gjaldeyriseignina, þá datt hún niður. Þetta mátti ekki koma fram á reikningum Seðlabankans, og af því brugðu menn sér bara í það að segja, að til viðbótar við 50 millj. kr., sem bankarnir áttu raunverulega í gjaldeyri, teldist til gjaldeyriseigna líka krafa bankans á innlendu olíufélögin, og ég vil alveg sérstaklega óska eftir því við hæstv. viðskmrh., að hann víki sér ekki undan því að gera hér grein fyrir þessari gjaldeyriseign bankanna í árslokin 1960, fyrst hann fór hér að nefna þessa tölu sérstaklega.

Nei, sannleikur málsins var auðvitað sá, að gjaldeyrisstaðan hafði ekki batnað á árinu 1960, gjaldeyrisstaða þjóðarinnar hafði farið verulega versnandi. Að vísu batnaði staða bankanna nokkuð á þann hátt, að þeir hættu að greiða talsverðan hluta af innfluttum vörum, sem voru fluttar inn í landið og notaðar í landinu, en áður höfðu alltaf verið greiddar jafnóðum, — bankarnir hættu að greiða þá, og það var stofnað til erlendra skulda fyrir þennan vöruinnflutning. En þegar það er tekið með í reikninginn og gjaldeyrisstaða þjóðarinnar sem heild er gerð upp, þá kemur í ljós, að gjaldeyrisstaðan hafði ekki batnað.

Ég get svo fyrir mitt leyti aðeins gefið hæstv. viðskmrh. rétt í einu efni í sambandi við hans miklu útreikninga hér. Hann fékk auðvitað út úr sínu dæmi, að gengisskráningin, sem ákveðin var með viðreisnarlöggjöfinni, væri orðin úr lagi á s. l. sumri og hafi þurft að athugast upp á nýtt. Það, sem hann fékk því raunverulega út, var það, að viðreisnin hafði verið komin í strand. Hann gaf þá skýringu á því, að viðreisnin væri komin í strand, að það hafi verið aflaleysi og verðfall á útflutningsafurðum, sem olli. Það fær hins vegar ekki staðizt, en hitt stendur rétt úr hans dæmi, það sem hann vissi fyrir, að viðreisnin var komin á höfuðið. Það er það eina, sem er rétt í dæminu. Og ástæðan m. a. til þess, að viðreisnin var þarna komin á höfuðið, er sú og var sú, að hún hafði þjarmað þannig að framleiðsluatvinnuvegum lands-

manna, að þeir höfðu ekki getað gengið með fullum afköstum vegna þess, hvernig að þeim var búið. Hér höfðu orðið framleiðslustöðvanir, aflinn varð minni af þeim ástæðum, en framleiðslustöðvanirnar áttu hins vegar rót sína að rekja til efnahagsráðstafana ríkisstj.

En niðurstaðan varð þessi, sem allir menn vita, að hæstv. ríkisstj. brá sér í það í ágústmánuði á s. l. sumri, að hún ákvað enn nýja gengislækkun, sem þýddi það, að erlendur gjaldeyrir hækkaði um 13.1% í hlutfalli við íslenzkan gjaldeyri. Nú er það auðvitað mikil spurning, sem enn hefur ekki verið svarað, hvernig stóð á því, að út úr þessu reikningsdæmi hæstv. ríkisstj. kom nákvæmlega þessi tala, 13.1%. Hvernig stóð á því, að það þurfti að hækka erlendan gjaldeyri nákvæmlega um 13.1%, en ekki eitthvað annað? Nú liggur það þó alveg ljóst fyrir, að þessi gengislækkun, sem var ákveðin í ágústmánuði, er ekki gerð fyrir sjávarútveginn, fyrir útflutninginn, nema að litlu leyti. Miklu meira kemur hér inn í. Þegar ákvæði gengislækkunarreglugerðarinnar eru athuguð, kemur strax í ljós, að ríkissjóður slær strax eignarrétti sínum á talsverðan hluta af þeim mismun, sem fram kemur við gengisbreytinguna. Gengislækkun er gerð að yfirvarpi, þannig að þetta sé fyrir útflutningsframleiðsluna, en í leiðinni er ákveðið, að ríkissjóður ætlar að taka nokkra tugi milljóna til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóði höfðu verið ætlaðar ákveðnar tekjur til þess að standa á móti, en það eru sem sagt afborganir og vextir af ríkisábyrgðarlánum. Hluti af gengishagnaðinum er þannig strax tekinn beint í ríkissjóð. Enn fremur er það, að þannig er á málum haldið, að það eru lagðir á ýmsir aðrir alveg nýir skattar, útflutningsskattar, í sambandi við þessa nýju gengislækkun. Útflutningsgjöld á sjávarafurðum eru skyndilega hækkuð úr 2.25% upp í 7.4%, eða rétt um 5.2%. Hafa menn veitt því athygli, að þetta er á sama tíma og sagt er við útflutningsframleiðsluna: Þið verðið að borga allar rekstrarþarfir ykkar, sem koma erlendis frá, með hækkuðu verði upp á 13.1%, en þið fáið hins vegar ekki í ykkar framleiðslukassa alla þessa hækkun á útflutningsverðinu, 13.1%, frá því skal fyrst draga 5.2% í hækkuðum útflutningsgjöldum. Það kemur sem sagt í ljós, þegar þetta dæmi er gert upp, að útflutningsframleiðslan stendur engu betur, eftir að þessi gengislækkun er gerð, heldur en hún stóð áður. Og í sambandi við þessa ákvörðun er í rauninni stjórnarskrá landsins brotin í annað sinn í sambandi við þessi brbl. Með brbl. þessum eru lagðir á nýir skattar, sem er bannað í stjórnarskránni að leggja á með brbl. Alveg nýir skattar eru lagðir á með þessum brbl. Það er ákveðið, að sérstakur sjóður, stofnlánasjóður sjávarútvegsins, sem hefur reyndar verið lokuð deild um langan tíma með eigin útlán, — það er ákveðið, að þessi sjóður skuli fá nærri 2%, eða 1.9%, af nýju útflutningsgjaldi, og það er enn fremur ákveðið að leggja hér á nýtt gjald í sambandi við nýtt vátryggingakerfi, sem ætlað er að koma upp. Og þar að auki er með þessum lögum verið að ákveða nýtt útflutningsgjald á útfluttar afurðir bátaflotans til þess að standa undir halla í sambandi við rekstur togaraflotans. Hér er alveg tvímælalaust um það að ræða, að hér eru lagðir á nýir útflutningsskattar, sem er ekki heimilt að leggja á með brbl. Þessir skattar eins og menn sjá, þar sem þeir nema samtals í kringum 5.2%, eru upp á mjög háar fjárhæðir. Miðað við árlegan útflutning er hér um nýja skatta að ræða, sem nema á milli 150 og 180 millj. kr. á ári. Það er því alveg augljóst mál, að þessi gengislækkun hefur ekki verið gerð, eins og að henni var staðið, fyrir útflutningsatvinnuvegi landsins, en hún er greinilega gerð fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður kastar strax eignarrétti sínum á nokkurn hluta af þeim gengishagnaði, sem fram kemur, og ríkissjóður fær auðvitað tekjur sínar frá því í byrjuðum ágústmánuði og til ársloka reiknaðar eftir nýju gengi og hækkar því tekjur sínar á árinu 1961, á sama tíma sem útgjöld ríkissjóðs voru að mestu leyti bundin með lögum. Og svo er þessi gengislækkun gerð til þess að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem ríkisstj. var komin í vandræði með, eins og m. a. að sinna togaraflota landsmanna, sem auðvitað var alveg sérstakt mál.

Þetta kemur líka alveg ljóslega fram, þegar fulltrúar sjávarútvegsins eru spurðir um þessi mál. Eins og við vitum, var hin nýja gengislækkun ákveðin 4. ágúst í sumar. Hvað gerðist þá í sambandi við verð á sjávarútvegsvörum hér innanlands? Síldarverðið stóð óbreytt út allt árið, þorskverð var óbreytt, það hækkaði ekki um einn einasta eyri. Bátaflotinn og fiskiflotinn fékk ekki að njóta þess arna, en hann fékk hins vegar í höfuðið stórhækkuð útgjöld á rekstrarvörum sínum. Olían hækkaði, veiðarfærin hækkuðu, tryggingarnar hækkuðu, en tekjurnar hækkuðu ekki um einn einasta eyri. Og þegar fulltrúar bátaflotans og togaranna hafa nú snúið sér til frystihúsaeigenda í landinu og þeirra annarra, sem kaupa fisk og verka hann til útflutnings, og þeir hafa nú beðið um að fá hækkað verð vegna þessarar gengislækkunar frá næstu áramótum að telja að minnsta kosti, hverju hafa þá fulltrúar frystihúsanna og fulltrúar saltfiskskaupenda og skreiðarkaupenda svarað? Þeir hafa allir svarað alveg skýrt og skilmerkilega, gefið frá sér skrifleg svör. Þeir eru ekki færir um að hækka fiskverðið um einn einasta eyri til fiskiflotans í landinu, — ekki um einn einasta eyri. Það kemur því alveg hreint í ljós, að þessi gengislækkun hefur ekki verið gerð á þann hátt, að það kæmi útflutningsframleiðslunni sérstaklega til góða, en ýmsir aðrir virðast hirða sinn hluta af henni.

Það þarf svo auðvitað ekki langt að fara til þess að sjá, eins og útgjöldum sjávarútvegsins er háttað, að þegar rekstrarkostnaðurinn yfirleitt hækkar um 13.1%, en tekjurnar geta ekki hækkað nema um 6%, vegna þess að svo mikill hluti af gengislækkuninni er tekinn í annað, þá muni sjávarútvegurinn aldrei geta haft hagnað af þessari nýju gengisskráningu.

En víkjum þá dálítið aftur að kauphækkununum, sem urðu á s. l. sumri og ríkisstj. segir

að hafi orðið önnur aðalástæðan, ásamt verðfalli og aflaleysi, til þess, að hún hafi orðið að grípa til þessarar gengislækkunar.

Við vitum, að það var almennt samið um 10—12% kauphækkun á s. l. sumri. Og við vitum líka, að hæstv. ríkisstj. stóð raunverulega að tillögum, sem gerðu ráð fyrir 6% kauphækkun nú þegar. Það þýðir auðvitað ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að hlaupa frá því, að hún hafi staðið að þessum till. Málgögn stjórnarinnar sanna þetta bezt, sem skoruðu á verkalýðssamtökin í landinu að samþykkja þessa till. um 6% kauphækkunina, því að þá væri tryggt, að þetta yrði varanleg kauphækkun, sem menn fengju að njóta. Málgögn ríkisstj. hafa ekki skrifað um þetta á þá lund, sem þau gerðu, nema af því að ríkisstj. stóð á bak við þessa till. Það getur því ekki verið um nema þennan mismun að ræða á milli 6% og þess, sem um var samið, 10—12%, þ. e. a. s. mismun upp á 4—5% kauphækkun, sem um er raunverulega deilt. Og það er öllum ljóst, að það hefði verið létt verk að bæta útflutningsframleiðslunni upp þessa 4—5% kauphækkun, sem þarna var um að ræða fram yfir það, sem hæstv. ríkisstj. hafði raunverulega staðið að því að bjóða sjálf. Það var auðvelt að aðstoða útflutningsatvinnuvegina sem þessu nam. Það þurfti aðeins að slaka örlítið til á hinum gífurlega háu vöxtum til þess að vega á móti þessari kauphækkun. Og það var afar auðvelt fyrir ríkisstj. að gera það, eins og ástatt var fyrir þeim stofnunum í landinu, sem fyrst og fremst hagnast á þessum gífurlega háu vöxtum, sem sjávarútvegurinn er látinn greiða.

Kaup það, sem samið var um á s. l. sumri, var auðvitað í mesta máta mjög sanngjarnt frá hálfu verkalýðssamtakanna í landinu. Það var sannanlegt, að verðlag á vörum og þjónustu hafði hækkað í tíð núv. stjórnar um 18—19%, og það lá líka fyrir, að áður höfðu þeir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., lækkað umsamið kaup með lögum, að því er þeir sjálfir viðurkenndu, um 6%. Það var því varla hægt að deila um það, að kjörin höfðu versnað um 22—24% a. m. k. hjá þeim, sem nutu ekki hækkunarinnar á framfærslubótum. Það er rétt, að þar var vitanlega um nokkra mótgreiðslu að ræða hjá ýmsum, en margir fengu vitanlega sáralítið af þeirri greiðslu til þess að standa á móti hækkuðum útgjöldum hjá sér. Kauphækkunin, sem um var samið, 10—12%, var því mjög hófleg, þegar þess er líka gætt, að allstórir þættir í atvinnurekstri landsmanna gátu að eigin sögn staðið undir allri þessari kauphækkun. Því hefur ekki verið mótmælt, að iðnaðurinn í landinu hafi getað staðið undir þessari kauphækkun. Hér í þessum umr. sagði m. a. einn ræðumaður, sem er í stjórn eins stærsta iðnfyrirtækis landsins, þess fyrirtækis, sem hefur með að gera mestan iðnrekstur í landinu, hann sagði hér úr þessum ræðustól, að þeim hefði verið það mætavel kunnugt, sem litu yfir þann rekstur, að þeir hafa ekki þurft á neinni sérstakri hjálp að halda til þess að standa undir allri þessari kauphækkun, 10—12%. Og það vissu auðvitað allir, að eins og staðið var að gengislækkuninni í febrúarmánuði 1960, hlaut svo að fara, að innlendur iðnaður hlaut að græða á þeirri ráðstöfun. Verndartollar iðnaðarins voru stórkostlega hækkaðir. Með því að hækka söluskattinn í tolli um 8.8% var verið að auka stórkostlega vernd íslenzks iðnaðar gagnvart innfluttum vörum, og iðnaðurinn hagnaðist á gengisbreytingunni í febrúar 1960. Það þurfti því ekki að aðstoða þá grein atvinnulífsins til þess að standa undir þessari kauphækkun. Það þurfti ekki heldur að aðstoða þá grein atvinnulífsins, sem tengd var við flutningaskipaflota landsmanna. Hann hafði sýnt það, flutningaskipaflotinn, að hann stórgræddi árið 1960 á gengislækkunarráðstöfununum í febrúar 1960. Tryggingafélögin sýndu það líka, að þau höfðu stórgrætt á þessum ráðstöfunum.

Það var rétt, að það var ein greinin, sem hafði farið halloka í öllum þessum leik, og það voru yfirleitt flestar greinar sjávarútvegsins, því að skiptin hjá sjávarútveginum frá gamla uppbótakerfinu og yfir á hið nýja gengi voru sjávarútveginum yfirleitt óhagstæð. Og sérstaklega keyrði þó þetta alveg um þvert bak, þegar vaxtahækkunin skall á, svo að afkoma mikils hluta sjávarútvegsins var slök. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. er vön að segja, þegar á þetta er bent: Já, en þið, sem haldið því fram, að afkoma sjávarútvegsins hafi verið slök, hvernig dettur ykkur í hug að ætla svo sjávarútveginum að standa undir hækkuðu kaupi? En vegna hvers var afkoma sjávarútvegsins slök? Hún var það ekki vegna aflaleysis. Hún var það ekki vegna þess, að verðlagið hefði verið óhagstætt. Verðlagið fór hækkandi. Hún var það vegna þess, að ríkisstj. lagði á sjávarútveginn í landinu sérstaka skatta, sérstakar byrðar. Ef ríkisstj. hefði viljað taka aftur, þótt ekki væri nema hluta af vaxtabyrðinni og öðru því, sem hún lagði þannig beint á sjávarútveginn, þá var auðvelt fyrir íslenzkan sjávarútveg að standa undir þessari kauphækkun, sem hér var um að ræða. Málið liggur því alveg skýrt þannig fyrir, að ríkisstjórnarinnar var sökin, að það var gengislækkuninni að kenna, hvernig komið var hjá þeim atvinnugreinum, sem stóðu eitthvað höllum fæti, en það var ekki öðrum aðilum þar um að kenna.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskmrh. sagði hér í sinni ræðu, að 1% kauphækkun, sem gengi almennt út í hagkerfið og gengi yfir allar atvinnustéttir í landinu, leiddi til þess, að peningatekjur í hagkerfinu ykjust í krónutali um 30—40 millj. kr., og vegna þess mætti reikna með því, að 10—12% kauphækkun, sem gengi almennt í gegn, yki krónufjöldann í umferð um ca. 300—400 millj. kr. Í þessum efnum dettur mér aðeins í hug að minnast á það atriði eitt, að síldveiðarnar á s. l. sumri, sem voru svona óvenjugóðar, færðu í þjóðarbúið verðmæti, sem nemur rúmlega 350 millj. kr. fram yfir það, sem var meðaltal um margra ára skeið. Bara hin óvenjugóða síldveiði færði í þjóðarbúið rúmlega 350 millj. meira en áður hafði verið, svo að þjóðarbúið hafði auðvitað orðið fyrir sérstöku happi, og það happ lá á borðinu hjá ríkisstj., þegar hún ákvað þessa

nýju gengislækkun. Ef eitthvað væri að marka útreikninga hæstv. viðskmrh. og sérfræðinga ríkisstj. í þessum efnum, hvað hefði þá gengislækkun átt að vera mikil, ef við hefðum búið við venjulegt árferði á síldveiðum? Þá hefði væntanlega þurft að grípa til miklu meiri gengislækkunar en gripið var nú til.

Nei, þessir útreikningar eru í sjálfu sér alveg óþarfir. Nýja gengislækkunin, sem nemur 13.1% hækkun á erlendum gjaldeyri, var ekki ákveðin vegna kauphækkana á s. l. sumri, ekki vegna þess, að þær kauphækkanir raunverulega þyrftu að leiða þetta af sér, heldur vegna þess, að ríkisstj. hafði séð það, eins og hæstv. viðskmrh. var að reikna hér út með öllu sínu talnaflóði, að viðreisnin var komin á höfuðið. Ríkisstj. réð ekki orðið við neitt, og ríkissjóður sjálfur var að komast í algert öngþveiti með sín fjármál. Vegna ríkissjóðs þurfti m. a. að grípa til þessara ráða. Það er sannleikur málsins. Það var engin tilviljun, að ríkissjóður var kominn í meiri skuld við Seðlabankann, rétt áður en verkföllin skullu á eða um það leyti, heldur en hann hafði komizt nokkurn tíma áður. En ég veit, að hæstv. fjmrh. segir nú: Afkoma ríkissjóðs verður væntanlega allgóð á þessu ári, og af því er alveg óþarft að tala um það, hvernig hagur ríkissjóðs hafi verið á s. l. sumri, þegar hann skuldaði Seðlabankanum mikið. En hvernig stendur á því, að hagur ríkissjóðs kann að verða sæmilegur núna í árslokin? Ástæðan er sú, eins og ég hef hér nokkuð drepið á, að ríkissjóði tekst með þessari gengislækkun að innheimta tekjur sínar frá 4. ágúst í sumar til ársloka á þann hátt, að hann fær um 13.1% hækkun á meginhlutann af þessum tekjum. En mikill hluti af útgjöldum ríkissjóðs var hins vegar bundinn í fjárlögum og hreyfðist ekki. Það er aðeins óverulegur hluti af útgjöldunum, sem hreyfist á þessu ári. Og svo er hitt, að miklar tekjur, stórauknar tekjur, sem fylgdu í kjölfar góðrar síldveiði í sumar, urðu til þess, að kaupmáttur jókst á ný í landinu og menn fóru nú að kaupa ýmis þau tæki, sem þeir höfðu neitað sér um að kaupa, á meðan þungi viðreisnarinnar hvíldi á þeim að fullu og samdráttarstefnan hvíldi á þeim að fullu. Stóraukinn kaupmáttur vegna góðrar síldveiði varð til þess að hleypa nýju fjöri í viðskiptin og þar með í tekjur ríkissjóðs. Það var því alveg sýnilegt, að seinni hluti ársins yrði ríkissjóði hagstæður. En það er hins vegar rétt, þá má búast við nýjum ráðstöfunum, gagnráðstöfunum launastéttanna í landinu sem afleiðingu af gengislækkuninni, og þá getur aftur snúizt við um hag ríkissjóðs, enda kom það greinilega fram í sambandi við það fjárlfrv., sem hér hefur verið lagt fram nú fyrir árið 1962, þar sýnist hæstv. fjmrh., að málin standi svo knappt fyrir ríkissjóð, að hann treysti sér ekki að taka inn á fjárlfrv. ýmsar þær útgjaldagreiðslur, sem honum ber þó að taka inn á frv. lögum samkvæmt. Hann sleppir þeim útgjöldum með öllu, eins og t. d. skyldunni að greiða til atvinnuleysistryggingasjóðs 28.5 millj. kr. Það er ekki reiknað með því að standa undir slíkum útgjöldum. Það er reiknað með því, að ríkissjóður taki slíka upphæð að láni og borgi árleg útgjöld þar með láni. Og þannig er ástatt með fleiri útgjaldaliði hjá ríkissjóði, því að á árinu 1962 snýst þetta aftur við.

Ég hafði vikið hér nokkrum orðum að því, hvernig fyrirhugað er samkvæmt ráðstöfunum þeim, sem ákveðnar hafa verið í sambandi við gengislækkunina nú s. l. sumar, hvernig ráðgert er að breyta útflutningssköttum á útfluttum sjávarafurðum. Ég minntist á það, að samkvæmt þessum reglum væri nú gert ráð fyrir því að leggja á nýjan útflutningsskatt á sjávarafurðir, sem nemur um 1.9%, til þess að standa undir nýju tryggingakerfi vegna fiskiskipaflotans. Ég hygg, að þessi nýi skattur muni nema í kringum 55—60 millj. kr. á ári. Það er fyrst um þetta atriði að segja, að ég tel, að það sé ákaflega óheppilegt, að þetta skuli koma fram á þann hátt, sem er í þeirri reglugerð, sem fylgdi með gengislækkuninni. Með þessu er gert ráð fyrir að færa tryggingagjöld skipaflotans, jafnt togara sem báta, yfir á óskiptan aflahlut skipverja á fiskiskipaflotanum. Hingað til hefur það verið svo, að útgerðin hefur ein borgað tryggingaiðgjöld, bæði af bátum og togurum, sjómennirnir hafa ekki verið þátttakendur í því að eiga að borga tryggingaiðgjöld fiskiskipaflotans. Þeirra aflahlutur hefur verið miðaður við það að vera hrein hundraðstala af brúttóverðmæti aflans. En hér er útgjaldaliður, sem hingað til hefur tilheyrt útgerðinni einni, settur inn á brúttó-aflaverðmætið, og þannig er verið að velta yfir á sjómenn bátaflotans og sjómenn á togaraflotanum verulegum hluta af greiðslu á vátryggingagjöldum skipanna. Nú er það vitað, að útgerðarmenn hafa æðioft fitjað upp á þessu, en vitanlega hafa sjómenn alltaf staðið hér á móti. En nú bregður hæstv. ríkisstj. sér í það að setja brbl. um þetta deiluefni og ætlar að skipa þessu fyrir á þennan hátt. Hún ruglar þar með þeim grundvelli, sem útgerðarmenn og sjómenn lögðu um hlutaskiptakjörin nú fyrir tæpu ári, og þar með stofnar hæstv. ríkisstj. til deilna, sem auðvitað hefði átt að reyna að forðast. Ég er að vísu ekki í neinum vafa um, að það er mikil þörf á því að taka tryggingakerfi fiskiskipaflotans til sérstakrar endurskoðunar, og það hefur verið unnið allmikið að því, að mér skilst, en að ætla að leysa fjárhagshlið þess máls á þennan hátt, það tel ég vægast sagt mjög óheppilegt. Og mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki mikið hugleitt það, til hvers svona ráðstöfun getur leitt.

Þá er einnig í sambandi við ráðstöfun á þessum nýja útflutningsskatti gert ráð fyrir því, að um 1.8% útflutningsgjald, alveg nýtt útflutningsgjald, verði lagt á vegna stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Nú er það svo, að stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur raunverulega verið lokuð stofnun um langan tíma, og þau ákvæði eru þar gildandi í lögum enn, að jafnóðum og fé þessarar deildar kemur inn frá eldri lánum, skuli það renna beint til Seðlabankans aftur, og raunverulega þannig gert ráð fyrir því, að deildin smátt og smátt leysist upp. Að vísu hefur þessari deild verið falið eitt nýtt verkefni nú nýlega, sem er að

standa fyrir sérstökum lánabreytingum innan bankakerfisins, þ. e. a. s. að veita að forminu til ný lán, sem viðskiptabankarnir raunverulega standa þó að því að veita. En nú er hér ákveðið, að þessi stofnlánasjóður, þessi gamli stofnlánasjóður sjávarútvegsins skuli fá nýjan tekjustofn upp á væntanlega í kringum 50 millj. kr. á ári.

Nú vildi ég spyrja um það, þegar þetta er ákveðið: Er ætlazt til þess, að reglum stofnlánadeildarinnar verði nú breytt í sambandi við útlán, þannig að hún fari nú að veita raunverulega af sínu fé ný stofnlán til sjávarútvegsins? Eða er hér kannske eingöngu um það að ræða, að stofnlánadeild sjávarútvegsins eigi að fá þetta fé sem áhættufé á móti hinum svonefndu lengingarlánum, sem hún hefur staðið fyrir að veita á þessu ári? En ef það er ætlunin, að stofnlánadeild sjávarútvegsins fari nú að starfa á ný að því að veita ný stofnlán, þá verð ég að segja það, að það er vægast sagt óviðkunnanleg aðferð að gera það á þennan hátt með brbl. og setja þannig upp nú, úr því sem komið er, tvo stofnlánasjóði, sem veita eiga fyrsta veðréttar lán út á fiskiskip og önnur sjávarútvegstæki, en hitt er vitað, að Fiskveiðasjóður Íslands hefur sínar sérstöku tekjur og er aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins. Ég vildi því spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvað er fyrirhugað í sambandi við þennan nýja útflutningsskatt, sem þarna er ákveðinn.

Þá er með þessu nýja útflutningsgjaldi á sjávarafurðum ákveðið að hækka mjög verulega, óhætt að segja um helming, útflutningsgjaldið á öllum sjávarafurðum til hlutatryggingasjóðs. Þannig á t. d. að greiða af venjulegum afla bátanna nú 1¼% útflutningsgjald, en hefur verið bara ½%, og til síldveiðideildarinnar á líka að greiða 1¼%, en hefur verið ¾%. Hér er greinilega um talsverða hækkun að ræða á tekjum hlutatryggingasjóðs. Ég gæti trúað því, að miðað við útfluttar sjávarafurðir væri hér um að ræða 15—20 millj. kr. hækkun á tekjum sjóðsins á hverju ári. Og þegar þetta nýja útflutningsgjald er nú ákveðið með brbl., er jafnframt ákveðið að breyta grundvelli hlutatryggingasjóðs þannig, að togararnir eiga að koma inn undir ákvæði sjóðsins, og heimilt er að færa þar fé á milli deilda sjóðsins, þ. e. a. s.: raunverulega er verið að lögleiða, að það megi skattleggja bátaflota landsmanna til þess að standa undir hallarekstri hjá togaraflota landsmanna. En fram til þessa hafa þær reglur gilt um hlutatryggingasjóð, að þar hefur hinum einstöku deildum sjóðsins verið haldið alveg greinilega aðskildum. Það hefur ekki einu sinni mátt færa á milli fé úr síldveiðideild hlutatryggingasjóðs til þorskveiðideildarinnar, þó að tekjurnar til þessara deilda hafi þó verið að langmestu leyti teknar af sömu aðilum. Þessu hefur öllu verið haldið stranglega aðgreindu, en nú á að slengja þessu þannig saman, að það á beinlínis að vera hægt að skattleggja einn þátt útgerðarrekstrarins í þágu annars. Hér er vitanlega um grundvallarbreytingu að ræða á verkefni hlutatryggingasjóðs. Og þetta er líka ákveðið með brbl.

Ég held, að slíkar ráðstafanir sem þessar bæði fái ekki staðizt samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, að það sé í rauninni ekki heimilt að leggja á með brbl. slíka nýja skatta eins og þetta, og ég held líka, að það sé alveg fráleitt að ákveða starfsbreytingar þessara sjóða á þennan hátt, sem hér er gert, án þess að um það hafi verið fjallað sérstaklega hér á Alþingi.

Það er svo auðvitað umhugsunarefni út af fyrir sig, að svo er komið hjá okkur samkvæmt þessum ákvæðum, sem nú eru hér í lögum, samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum, að við erum komnir með útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem nemur 7.4%. Þær þjóðir, sem við eigum hins vegar að keppa við með útflutning á sjávarafurðum, hafa flestar hverjar engin útflutningsgjöld til á útfluttum sjávarafurðum. En þannig lítur sem sagt dæmið út hér, að það er alveg augljóst mál, að um fjórði partur af útflutningsverðinu á sjávarafurðum er svo að segja tekinn af framleiðendunum hér og lagður í ýmsa sjóði eða það skattlagt til bankakerfisins eða gengur til milliliða, sem hafa með söluna að gera. 7.4% ganga þannig beint í útflutningsskatta. Óhætt er að segja, að um það bil 10% ganga til vaxtagreiðslu af útflutningsverðmætinu og um 6% eru tekin í sölulaun af þeim stofnunum, sem hafa með söluna að gera, 2% til innlendra aðila og 4% til erlendra aðila, eða 6%. Slíkan bagga ber enginn útflutningsatvinnuvegur, þar sem ég þekki til, nema sjávarútvegurinn á Íslandi. Hér er honum ætlað að standa undir því, að af honum er rifið á beinan eða óbeinan hátt í skattlagningu raunverulega fjórða hver króna af útflutningsverðmætinu, á sama tíma sem aðrir þurfa ekki að borga þarna nema sáralítið.

Ég hef í þessum umr. að vísu rætt nokkuð saman frv. það, sem hér er raunverulega á dagskrá nú, um að flytja gengisskráningarvaldið yfir til Seðlabankans frá Alþingi, og einnig það frv., sem er á dagskránni í dag líka næst á eftir, en fjallar um sama málið, gengisskráninguna og ráðstafanir í því sambandi. Ég hef rætt þetta hér hvort tveggja saman, vegna þess að hæstv. viðskmrh., sem talaði hér fyrir frv. af hálfu ríkisstj., gaf beint tilefni til þess með því að ræða hér um gengislækkunina almennt og þau rök, sem lægju til þess, að ráðizt var í gengislækkunina. Þessi mál eru líka þannig, að þau raunverulega fara hér algerlega saman. Það frv., sem hér er á dagskránni, er í rauninni aðeins hið ytra form fyrir því, sem annars var raunverulega verið að gera.

En ég vil svo vekja alveg sérstaka athygli á því, að hæstv. ríkisstj. á eftir að svara því hér við afgreiðslu þessa máls, hvaða nauður hafi raunverulega rekið til þess að setja brbl. um að taka valdið af Alþingi til þess að ákveða gengi íslenzkrar krónu og flytja það yfir til Seðlabankans. Þeirri spurningu á hæstv. ríkisstj. eftir að svara. Og ég vil einnig vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj., sem nú gerir hér grein fyrir því, vegna hvers hún telur, að hafi þurft að breyta gengi íslenzkrar krónu eins og gert var, hún á eftir að svara þeirri spurningu, hvaða heimild hún hafi haft raunverulega til þess að fara hér út í allviðamikla skattlagn-

ingu með brbl., um leið og gengi krónunnar var breytt. Hvaða ástæður voru til þess, að þetta var gert á þennan veg? Hvað var það, sem rak hæstv. ríkisstj. til þess að gera þetta allt með brbl.? Af hverju mátti ekki vinna að því á eðlilegan hátt, að lög yrðu sett hér á Alþingi um þessa þætti sjávarútvegsmálanna, sem ríkisstj. hefur hér raunverulega verið að glíma við? Það finnst mér að hæstv. ríkisstj. verði að svara fyrir í þessum umr.

Auk þess vænti ég svo, að hæstv. ríkisstj. vilji svara því, hvort hún hafi gert einhverjar ráðstafanir eða hugsi sér að gera einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja, að útflutningsframleiðsla landsmanna fái notið í hækkandi verði þeirrar gengislækkunar, sem ákveðin var 4. ágúst í sumar. Eða er það kannske ætlun ríkisstj. að horfa á það alveg þegjandi, að útflutningsatvinnuvegirnir fái bara á sig útgjaldahliðina, aukin útgjöld vegna gengislækkunarinnar, en þeir fái hins vegar ekki notið á neinn hátt hækkandi útflutningsverðs í krónum talið? Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. hafi veitt því athygli, að fiskverðið hefur ekki hækkað, heldur í sumum tilfellum hefur það verið lækkað. Það hefur t. d. lækkað á nýrri síld til frystingar hér við Faxaflóa frá því, sem það var í fyrra. Nú bjóða frystihúsin kr. 1.30 á kg, en á uppbótatímanum 1958 og 1959 var síldin keypt hér á kr. 1.60 kg.

Það þarf vitanlega að gæta að því, um leið og gengi íslenzkrar krónu er fellt og það er rökstutt með því, að það sé gert fyrir útflutningsatvinnuvegina, að þeir fái þá notið þessarar gengislækkunar í hækkandi verði. Annars er verið að vinna þetta verk fyrir allt aðra.

Nú líta þessi mál þannig út, sem hæstv. ríkisstj. er vel kunnugt um, að sjómannasamtökin í landinu hafa sagt upp sínum kjarasamningum við útgerðarmenn. Þeir renna út um næstu áramót. Veruleg hætta er þá á því, að hér hefjist á nýjan leik stöðvun fiskiskipaflotans, ef ekki er unnið að því í tíma að koma í veg fyrir slíkt. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að til stöðvunarinnar kemur, ef ríkisstj. ætlar að leggjast á þá sveif að gera hag sjómannanna í landinu raunverulega verri en þeirra samningar stóðu til, m. a. með því að taka fyrst af útflutningsverðinu á fiski tiltekið gjald, sem á þann hátt er ætlað að velta yfir á þá sjómenn, sem taka kaup sitt með hlutdeild í afla. Á þennan hátt er ríkisstj. vitanlega beinlínis að stofna til þess, að hér geti komið til stöðvunar eða átaka, og ríkisstj. hefur auðvitað orðið vör við það líka, að útgerðarmenn hafa ekki fengið neina verðhækkun á sínum afla. Ég vænti því þess, að hæstv. ríkisstj. svari því hér, hvort hún hugsar sér að gera einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja það, að sjómenn fái hækkað fiskverð á móti auknum útgjöldum og að útgerðarmenn fái hækkað fiskverð líka á móti auknum rekstrarútgjöldum.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál lengur að sinni, en vænti, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara m. a. þessum spurningum, sem hér hafa komið fram hjá mér og varða þetta mál.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þeir hv. þm. Austf., sem hér hafa talað, hv. 1. þm. Austf. og hv. 4. þm. Austf., hafa báðir haldið því fram, að það frv., sem hér er til umr., væri stjórnarskrárbrot, það hefði verið óheimilt samkv. stjórnarskrá lýðveldisins að gefa brbl. út með því efni, sem í þeim er, og hv. 4. þm. Austf. bætti því við, að annað frv., sem þessu er nátengt, en að vísu er hér ekki til umr., væri einnig stjórnarskrárbrot. Ég vildi fara um þessar fullyrðingar nokkrum orðum.

Mér skilst, að fullyrðingarnar um, að þetta frv. sé stjórnarskrárbrot, byggist á ummælum, sem viðhöfð voru í sameinuðu þingi af hálfu hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) nú fyrir nokkru. Að því er skilið varð, var hugsunargangur hans sá, að jafnvel þótt segja mætti, sem hann vildi út af fyrir sig vefengja, að brýn nauðsyn hefði verið til þess að gefa út brbl. um nýja gengisskráningu, þá gæti það ekki með neinu móti talizt brýn nauðsyn né fengi staðizt, að ríkisstj. með útgáfu brbl. tæki af Alþingi það vald, sem það hefði haft til gengisskráningarinnar.

Hér er undarlega málum blandað, vegna þess að ríkisstj. sviptir Alþingi ekki neinu valdi með þessu, heldur er það efni frv., að ríkisstj. felur öðrum aðila en sjálfum sér það vald, sem hún hefur. Það er óumdeilt, að ríkisstj. hefur með atbeina forseta heimild til þess að gefa út brbl. á milli þinga, og þar á meðal, ef hún sjálf metur, að brýn nauðsyn sé fyrir hendi, til þess að kveða á um nýja gengisskráningu. Þetta vald hefur því jafnvel frá sjónarmiði þeirra manna, sem þessum athugasemdum hreyfa, ríkisstj. ótvírætt. Það, sem hún gerði með brbl., var því að láta Seðlabankann fá það vald, sem hún ein hafði ella, eins og á stóð. Og Alþingi hefur vitanlega í hendi sér að fella þetta frv. eða breyta því, jafnskjótt og það kemur til, ef það er þessari skipan andvígt, alveg á sama hátt og Alþingi hefur vald til þess, hvenær sem er, að kveða sjálft á um nýja gengisskráningu eða annað fyrirkomulag hennar en ákveðið er með brbl. Þessu valdi Alþingis hefur ekki á nokkurn hátt verið haggað eða breytt með útgáfu þeirra brbl., sem hér er um að ræða.

Það fær heldur engan veginn staðizt, að ekki megi með brbl. gera aðra skipan um ákvörðun einhvers atriðis heldur en Alþingi hefur kveðið á með sérstökum lögum. Jafnvel þó að Alþingi hafi áskilið sér að hafa úrslitavald í þeim efnum, ef það er gert með einföldum lögum, settum á Alþingi, þá fær breyting á þeirri ákvörðun með brbl. fyllilega staðizt. Það er einungis, ef stjórnarskráin sjálf felur Alþingi eitthvert vald, sem ekki má taka það vald af Alþingi með setningu brbl. Að öðru leyti er bráðabirgðalöggjafinn í þessu algerlega óbundinn.

Sú hugsun, sem kom fram hjá hinum hv. 3. þm. Norðurl. v., hvílir því á mjög einkennilegum misskilningi á því, sem hér er um að ræða, og er mjög furðulegt, að svo stjórnvanir menn sem þessir tveir hv. þm. Austf. skyldu taka þann misskilning upp og ekki átta sig á, að fullyrðing hv. 3. þm. Norðurl. v. fékk ekki staðizt.

Það er svo annað mál, sem ég mun víkja að á eftir, hvort það eftir atvikum hafi verið skynsamleg og eðlileg ráðstöfun af ríkisstj. að fela Seðlabankanum þetta vald sitt, eins og á stóð. Það er allt annað mál. En það er ljóst, að með brbl. er ekki nein valdskerðing gagnvart Alþingi framin.

Þá hélt hv. 4. þm. Austf. því fram, að hin brbl., sem eru ekki hér til umr., en blönduðust mjög inn í hans mál og raunar hjá þingbróður hans, hv. 1. þm. Austf., einnig, — hv. 4. þm. Austf. hélt því fram, að þau brbl. væru stjórnarskrárbrot. Hann færði að vísu engin rök fyrir þeirri fullyrðingu. Ég get ekki skilið, að hún geti í hans huga stuðzt við annað en ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Mér skilst, — hv. þm. leiðréttir mig, ef ég misskil, — að hann byggi á þessu ákvæði, að ekki megi með brbl. leggja á skatt, breyta honum né taka af. Þessi hugsun fær ekki með neinu móti staðizt. Hér er ekki verið að takmarka vald bráðabirgðalöggjafans, sem í þessu fer að öllu með sams konar vald og hinn almenni löggjafi, heldur er þessari 40. gr. beinlínis beint gegn ákvæðum settum í fjárlögum, sem sett eru á annan veg heldur en með venjulegum lögum, og efni þessa ákvæðis er, að ekki megi breyta skattalöggjöfinni með einföldu fjárlagaákvæði. Nú er það að vísu annað mál, að öll atriðin í 40. gr. hafa ekki verið virt af Alþingi sem handhafa fjárlagavaldsins. Þannig vitum við, að heimildir til lántökuábyrgða og ráðstafana á einstökum eignum ríkisins hafa stundum verið veittar í fjárlögum. Þetta hefur ætíð verið talið varhugavert og stangast á við 40. gr. stjórnarskrárinnar nú og tilsvarandi ákvæði hennar áður, en hefur verið tíðkað um marga áratugi, og má nú segja, að það sé að því leyti orðið venju helgað. En það atriði skiptir ekki máli í þessu sambandi. Ætlunin var aldrei með 40. gr. að takmarka vald bráðabirgðalöggjafans í þessu. Og það er ekki nein ný fullyrðing mín, að sú hafi ekki verið ætlunin, heldur stendur þannig á, að einmitt, að því er ég hygg, síðustu brbl., sem flokkur þessa hv. þm. stóð að og undirrituð voru af hæstv. þáv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, brbl. nr. 68 1957, fjalla um breytingu á lögum um útsvör og veita heimild til annarrar aðferðar við útsvarsálagningu, sem ýmist gat leitt til hækkunar eða lækkunar frá því, sem verið hafði, og voru því, ef skilningur hv. 4. þm. Austf. væri réttur, fullkomlega sams konar stjórnarskrárbrot og hann nú telur þau brbl., er hann fullyrti um skýringarlaust í sinni löngu ræðu í gær að ekki fengju staðizt samkvæmt stjórnarskránni. Og enginn skyldi halda, jafnvel þó að hæstv. fyrrv. félmrh. hafi gefið þessi brbl. út, að það hafi verið gert af fljótræði, því að einmitt í næstu brbl. á undan, brbl. nr. 67 1957, um útflutningssjóð, sem öll þáv. hæstv. ríkisstj. stóð að, eins og raunar hinum einnig, en brbl. nr. 67 eru undirrituð af sjálfum hæstv. forsrh. í umboði allrar ríkisstj., þar er einnig breytt ákvæðunum um gjöld til útflutningssjóðs, tekin af sum gjöld, er áður höfðu verið, og hefði því sú lagasetning verið ótvírætt stjórnarskrárbrot, ef þessi skilningur, sem hæstv. þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, nú heldur fram, fengi staðizt.

Það er því alveg ótvírætt, að meðan þessi hv. þingmaður hafði aðstöðu til þess að hafa meiri áhrif á gang mála og ákvarðanir ríkisstj. en hann gerir nú, þá fylgdi hann í þessum efnum þveröfugum skilningi við þann, sem hann prédikar þessa dagana, og er hann raunar ekki einn um það, því að hans kæri þingbróðir, hv. 1. þm. Austf., hefur alveg sömu aðferð í sínum málflutningi. Hann talaði um það með mikilli vandlætingu, að menn yrðu að fara varlega í útgáfu brbl. og ekki beita þeim, nema mjög brýna nauðsyn bæri til. Útgáfa þeirra ætti nánast að vera algert undantekningarfyrirbæri, er sem allra sjaldnast ætti að grípa til. Þegar litið er á þróun útgáfu brbl. hér á landi, kemur hins vegar í ljós, að engin stjórn hefur verið ákafari í útgáfu brbl. og ekki beita þeim, nema mjög brýna nauðsyn bæri til. Útgáfa þeirra ætti nánast að vera algert undantekningarfyrirbæri, er sem allra sjaldnast ætti að grípa til. Þegar litið er á þróun útgáfu brbl. hér á landi, kemur hins vegar í ljós, að engin stjórn hefur verið ákafari í útgáfu brbl. en einmitt sú stjórn, sem hv. 1. þm. Austf. fyrst átti sæti í og sat hér frá miðju ári 1934 og næstu ár á eftir. Á fyrstu tveimur mánuðunum, sem sú stjórn sat, gaf hún út hvorki fleiri né færri en 8 brbl. — á fyrstu tveim mánuðunum. Og 1936, þegar hv. þm. enn var í stjórn ásamt hv. 2. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni, þá gaf sú stjórn út 13 brbl. á einu ári, og hygg ég, að engin stjórn, hvorki fyrr né síðar, hafi komizt hærra í útgáfu brbl., hvorki á einu ári en þessi stjórn 1936 né á skemmri tíma um meiri afköst í útgáfu brbl. en þessir herrar hina tvo fyrstu mánuði síns valdatímabils. Og því fer fjarri, að hægt sé að líta sem nokkur bernskubrek hjá þeim tveim hv. þingmönnum á dugnað þeirra við bráðabirgðalöggjöfina 1934 og 1936, vegna þess að þeir hafa á sínum valdatíma síðan ætíð verið óhræddir og ófeimnir að grípa til útgáfu brbl., hvenær sem þeim leizt, alveg án tillits til þess, með hverjum þeir hafa verið í stjórn í það og það skiptið.

Í þessu sambandi er eftirtektarverðast, vegna þess að nú koma athugasemdirnar fram af hálfu þessara tveggja hv. þingmanna og frá hv. 4. þm. Austf., að þegar þeir voru allir saman nýkomnir í vinstri stjórnina 1956, voru meðal fyrstu brbl. — ekki þau fyrstu — brbl. um lögfestingu kaupgjalds í landinu. Venjulega er svo að heyra, þegar sumir þessara manna tala, og ekki síst þegar hv. 4. þm. Austf. talar og hans félagsbræður, sem það sé fáheyrt og ósæmilegt, að við kaupgjaldi sé yfirleitt haggað með löggjöf, jafnvel þó að hún fari fram með fyllilega formlegum og rækilegum hætti á Alþingi. En við fyrsta tækifæri, sem þeir sjálfir voru í stjórn, gripu þeir til brbl. til festingar á kaupgjaldi í landinu í félagsskap við hv. 1. þm. Austf. og hans flokksbræður.

Þegar á þetta er litið, er ljóst, að það kemur óneitanlega einkennilega fyrir eyru manna að heyra varúðarorð og aðvaranir þessara hv. þm. til annarra, sem miklu skemmra hafa gengið í útgáfu brbl., þótt þeir hafi þar einnig verið óhræddir, þegar til þurfti að taka. Það er einkennilegt að heyra þessa menn með hinar miklu aðvaranir, einmitt þá, sem ófeimnastir og hvat-

vísastir hafa verið í beitingu slíkrar löggjafar, þegar þeir töldu brýna þörf til.

Það er svo enn annað mál, að fyrr og síðar hefur það tíðkazt á Íslandi og aldrei sætt neinni alvarlegri gagnrýni, að úr hinum vandasömustu málum hefur verið leyst með útgáfu brbl. Það er eins og vant er, að stjórnarandstæðingar hafa sett út á þetta, stjórnin og hennar fylgismenn varið, en venjan hefur ætíð verið hin sama nú um mannsaldurs skeið.

Ég skal aðeins rifja upp nokkur helztu deilumál, sem voru ekki síður orsök mikils ágreinings á sínum tíma heldur en gengisskráningin nú, sem ráðið hefur verið fram úr með útgáfu brbl.

1915 og 1916 voru gefin út brbl. um aukningu seðlaútgáfu Íslandsbanka, sem þá var eitt heitasta deilumál á Alþingi og í stjórnmálum þjóðarinnar í heild.

1931 voru gefin út brbl. um skiptameðferð á búi síldareinkasölu Íslands. Mætti a. m. k. hv. 3. þm. Reykv. muna eftir því.

1934 komu brbl. um meðferð og sölu mjólkur, og þá lá svo mikið á að gefa brbl. út, en sá, sem undirritaði þau, var hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, að þó að meginefni laganna ætti ekki að koma í gildi fyrr en löngu eftir að Alþingi var saman komið, voru engu að síður gefin út brbl.

1936 voru gefin út brbl. um stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem var mikið deilumál, 1939 um breytingar á verkamannabústaðalögunum, 1941 um breyt. á hegningalögum til verndar gegn háttsemi skaðlegri íslenzkum hagsmunum í sambandi við hernámið og ýmis atvik, sem þá komu fyrir, sem ástæðulaust er að rifja frekar upp nú, 1942 um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, eitt allra mesta deilumál, sem upp hefur komið á okkar dögum á Íslandi, sem varð meira að segja til þess, að þáverandi ríkisstj. klofnaði, 1945 um verðlagningu landbúnaðarafurða, búnaðarráð, sama ár um togarakaup ríkisins, hina svokölluðu nýsköpunartogara, 1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, 1956 um festingu kaupgjalds.

Menn þurfa ekki annað en að heyra þessa titla nefnda, þeir sem eru kunnugir stjórnmálasögu Íslands, til að gera sér grein fyrir, að allt hafa þetta á sínum tíma verið hin mestu og hörðustu deilumál. Og það er þess vegna algerlega út í hött, þegar er verið að tala um það nú sem einhverja varhugaverða nýjung, þótt brugðizt sé við raunverulegum og alvarlegum vanda í þjóðfélaginu, eins og blasti við í sumar, og gefin út brbl. til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu og fjárhagsþröng í landinu.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að einmitt ákvæðið um það, að veita skyldi Seðlabankanum rétt til að skrá gengi gjaldeyrisins, minnti menn á, að svipað ákvæði hefði á sínum tíma verið í frv., sem Framsfl. og Sjálfstfl. stóðu að, en þeir hefðu fallið frá við frekari athugun málsins á þingi, og sýndi það vel, hverja þýðingu það gæti haft, að mál væru borin upp á þingi, en ekki afgreidd með brbl. Auðvitað hefur það sína þýðingu, að mál séu rædd á þingi. En þm. eru, — og það vitum við allir, sem á þingi höfum verið, — þeir eru ekki síður bundnir við tillögur ríkisstj., hvað þá samninga milli tveggja stjórnarflokka, um ákveðna lausn mála heldur en við brbl., sem eru ekkert annað samkvæmt þeirri venju, sem hér hefur komizt á, heldur en samningur milli þeirra flokka, sem hverju sinni standa að ríkisstj. og ríkisstj. eru búnar að tryggja sér þinglegan meiri hluta fyrir, áður en brbl. eru sett, alveg eins og ríkisstj. 1950, ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar, hafði þá tryggt sér þinglegan meiri hluta fyrir því ákvæði, að gengisskráningin skyldi fengin Landsbankanum og ríkisstjórninni, og meira að segja þar sem það var ákveðið, að í hvert skipti, sem almenn kauphækkun yrði í landinu, skyldi Landsbankinn taka málið upp til nýrrar athugunar og senda ríkisstj. greinargerð sína og tillögur um málið, og það var einmitt þetta atriði, sem sérstaklega þótti varhugavert við meðferð málsins, að það var lögð skylda á bankann og þar með ríkisstj. að taka gengisskráninguna upp til nýrrar athugunar hverju sinni, eftir að almenn kaupgjaldsbreyting hefði átt sér stað í landinu. Það var bent á það, vissulega með réttu, að það væru ýmis fleiri atriði, sem kæmu til athugunar og hefðu áhrif á gengisskráningu, heldur en kaupgjaldið eitt. Og að því leyti verða allir að viðurkenna, að ákvæðið frá 1950 var ekki eins fullkomið og skyldi. Einmitt þetta atriði varð til þess, að þrátt fyrir þinglegan meiri hl. var ákvæðið fellt niður, og leyfi ég mér til staðfestingar á því og til skýringar á því, sem þá gerðist, að lesa upp, með samþykki hæstv. forseta, ummæli þáv. hæstv. forsrh., Steingríms Steinþórssonar, sem hann viðhafði hinn 18. marz 1950 í Ed. Alþingis. Þá segir hann:

„Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur rætt þetta mál við ríkisstj. undanfarna þrjá daga í fullri vinsemd, þó að andstæðar skoðanir hafi komið fram og báðir aðilar hafi haldið á sínu máli af fullri festu. Það var tekið fram, þegar ríkisstj. tók við völdum, að hún vildi hafa sem bezt samkomulag við verkalýðssamtökin í landinu, og hefur ríkisstj. nú rætt þetta mál allýtarlega við Alþýðusambandið til að kynna sér kröfur verkalýðsins í þessum efnum. En niðurstaðan varð sú, að ríkisstj. sá sér ekki fært að ganga til móts við kröfur ASÍ, sem bar fram kröfur, sem höfðu verið samþykktar á nýafstöðnum fundi þess, nema að nokkru leyti. En með 1. og 2. brtt. á þskj. 461 telur ríkisstj. sig ganga nokkuð til móts við þann vilja, sem kom fram hjá Alþýðusambandinu. Það kom í ljós, að það var allmikill þyrnir í augum verkamanna, ef 2. gr. frv. stæði svo áfram. Mörgum innan ríkisstj. var óljúft að breyta því ákvæði, sem í henni felst, svo sem nú er gert, en þó var það gert til samkomulags, en svo virtist sem ASÍ teldi, að í henni fælist kaupbinding."

Það var þetta ákvæði um það, að Landsbankinn skyldi með samþykki ríkisstj. ákveða gengið og taka það upp til athugunar hverju sinni að nýju, eftir að almenn kaupbreyting hefði átt sér stað. Síðan segir hæstv. þáv. forsrh.:

„Ég skal taka það fram, að ríkisstj. hefur gert þessar breytingar á frv., sem hér um ræðir, í því trausti, að þá verði sýnd meiri viðleitni af verkalýðnum til að gera ekki róttækar ráð-

stafanir, fyrr en séð er, hvernig þessar ráðstafanir, sem hér eru gerðar, gefast."

Þarna er beinlínis lýst yfir, að það sé í trausti þess, að ASÍ vinni af hollustu og drengskap að kaupgjaldsmálunum í landinu með ríkisstj., sem breytingarnar eru gerðar. Ef sú forsenda er úr sögunni, er um leið úr sögunni sú ákvörðun þingmeirihlutans að falla frá því samkomulagi, sem gert hafði verið um að lögfesta þessa nýju skipan.

Nú er það alveg eins og hv. 1. þm. Austf. hélt fram í ræðu, er hann hélt í okt. 1955. Þá tókst allt sæmilega í þessum málum, á meðan lýðræðissinnar voru við völd í verkalýðshreyfingunni. Það var ekki fyrr en 1954, að kommúnistar náðu þar völdum, sem út af brá, því að þá, eins og hv. 1. þm. Austf. hélt fram 1955, var hætt að vinna að þessum málum með kaupgjaldsmálin sjálf og hvað verkalýðnum væri fyrir beztu í þeim efnum efst í huga, heldur var tekið að beita verkalýðshreyfingunni og Alþýðusambandinu sem tæki í hinni pólitísku baráttu á móti þáverandi ríkisstj. Hv. 1. þm. Austf. fannst það vera mjög fordæmanlegt, sem rétt var. En þá var hann líka sjálfur í ríkisstj. og skildi betur en hann virðist nú gera, hversu þjóðhættuleg slík misbeiting verkalýðsfélaganna er.

Það, sem átti sér stað í sumar og hv. þm. staðfesti mjög í sinni löngu ræðu og hann var að reyna að afsaka sig umfram allt með öllum sínum ásökunum á aðra, það var, að nú var það ekki einungis, að verkalýðshreyfingunni væri misbeitt af kommúnistum til þess að reyna að torvelda eðlilegt stjórnarfar í landinu, heldur hafði hún nú fengið nýjan bandamann í skemmdarverkunum, sjálfan hv. 1. þm. Austf., og það var þetta lítt heilaga samband, sem réð þeim aðgerðum, sem í sumar urðu bein orsök til þess, að ef efnahagur þjóðarinnar átti ekki að nýju að komast í kaldakol, varð að gera breytingar á gengisskráningunni. Það er því alveg ljóst, að þær forsendur, sem voru fyrir því, að Alþingi 1950 féll frá sinni fyrirætlan um að færa gengisskráningarvaldið frá Alþingi til annarra aðila, voru nú brostnar, og einn af höfuðsökudólgunum í því var hv. 1. þm. Austf. og hans ráð, sem miklu réðu.

Það var einnig mjög athyglisvert, að svo snjall maður í rökfærslu sem hann annars er skyldi verða svo gersamlega tvísaga í öllum sínum málflutningi sem hann varð, ekki einungis að hann neitaði sinni fortíð jafnrækilega og ég hef nú sýnt með þeim tilvitnunum í brbl., sem ég hef gert að umræðuefni, en við erum ekki svo óvanir á seinni tíð að heyra hinn endurfædda 1. þm. Austf. tala töluvert öðru vísi en hann áður gerði, en jafnvel í sömu ræðunni gat ekki þessi tviklofningur persónunnar látið vera að láta í sér heyra. Hv. þm. hélt því fram snemma í ræðu sinni, að kaupgjaldshækkanirnar og áhrif þeirra hefðu skapað svo alvarlegt ástand í landinu, að ríkisstj. hefði í raun og veru ekki átt um neitt annað að velja en að segja af sér. Henni hefði borið að segja af sér og láta rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Ástandið í þjóðfélaginu hefði verið orðið svo alvarlegt. En þegar hann var búinn að tala í eitthvað einn og hálfan klukkutíma, var komið töluvert annað hljóð í strokkinn, því að þá sagði hann, að hann og aðrir ráðamenn í samvinnuhreyfingunni, — mér skildist hann ekki ráða þar miklu, af því að þar væru um 30 þús. manns, — að þetta fólk hefði með skynsamlegum ákvörðunum lagt grundvöllinn til þess, að ríkisstj. hefði áhyggjulaust getað stjórnað hér áfram í friði og velgengni með vinnufrið tryggðan í tvö, ef ekki þrjú ár, ef hún hefði ekki gripið til sinna hefndarráðstafana. Þá áttum við að skilja það, að þessir prýðismenn hefðu af einskærum velvilja til ríkisstj. lagað svo erfiðar kringumstæður, að ríkisstj. hefði áhyggjulaust getað tekið við því, sem hv. 1. þm. Austf. og hans félagsbræður lögðu upp í hennar hendur. En hvernig kemur þetta heim við það, sem hann var búinn að segja nokkrum kortérum áður, að ástandið hefði verið svo alvarlegt, að við hefðum átt að segja af okkur eftir alla þessa okkur auðsýndu velgerninga?

Hv. þm. hefur bæði í þessari ræðu og áður fyrr farið mörgum orðum um, að það hefði verið algerlega ástæðulaust að fella gengið eða gera ráðstafanir til gengisfellingar þrátt fyrir kauphækkanirnar. Hann hefur lýst því nánast sem hefndarráðstöfunum, sem ótrúlegu gerræði og öðru fleira.

En hvað segja nú hlutlaus vitni í þessum efnum? Hvað segja þeir, sem bezt mega vita og með sannindum hafa sagt frá því, hvað gerðist í herbúðum hv. 1. þm. Austf., áður en ákvarðanirnar um samstarf samvinnufélaganna við kommúnista var tekið upp? Þar höfum við umsögn sjálfs formanns Sambands ísl. samvinnufélaga, æðsta manns samvinnuhreyfingarinnar á landinu og mesta valdamannsins á Akureyri, þar sem voru gerðir þeir kaupsamningar, sem úrslitum réðu í þessu efni. Skömmu áður en þeir samningar voru gerðir, lýsti Jakob Frímannsson yfir, að af almennum kauphækkunum mundi leiða gengislækkun, þetta tvennt mundi fara saman. (**EystJ:** Hvar kom þessi yfirlýsing fram?) Hún kom fram í fréttabréfi, sem gefið var út. Hv. þm. hefur kannske verið veikur, svo að honum er vorkunn, þó að hann hafi ekki lesið það, en þetta hefur oft verið endurprentað og því yfir lýst. (**EystJ:** Hvaða fréttabréfi?) Ég kann nú ekki nöfn á öllum þeim áróðurspésum, sem SÍS gefur út fyrir peninga alþjóðar, og tel víst, að hv. þm. hafi betri aðgang að þeim en ég, og ég skyldi ekki verða hissa á því, þótt þessi pési fyndist í einhverri skjóðunni hjá hv. þm. Og vel veit ég, að hann heldur upp á þau plögg, sem hann telur hafa þýðingu. En það er a. m. k. gott að heyra nú, að hann vill ekki kannast við, að þessi yfirlýsing hafi verið gefin. Það sýnir, hversu drepandi yfirlýsingin er fyrir allan málflutning hv. þm., hversu öruggt sönnunargagn hún er fyrir því, að þessir menn fóru með opnum augum að því, sem þeir gerðu, og vissu, hver afleiðingin mundi verða. Jakob Frímannsson er enginn skynskiptingur. Hann vissi ósköp vel, hver afleiðing mikillar kauphækkunar mundi verða. Hann sá rétt fyrir.

En hann vissi líka af reynslunni, af viðbrögð-

um hv. 1. þm. Austf. 1956, að ámóta mikil kauphækkun og um var samið í sumar var til þess löguð að valda algerum þáttaskilum í íslenzkum stjórnmálum. Hv. 1. þm. Austf. sagði þá í ræðu, sem ég vitnaði áðan til, að kauphækkunin, sem gerð var 1955, hefði brotið blað í íslenzkum efnahagsmálum. Og hann fylgdi því eftir, vegna þess að hún varð til þess, að hann á árinu 1956 ákvað, að hætta skyldi samvinnu við sjálfstæðismenn og tekin upp samvinna við það, sem hann kallaði þá verkalýðsflokk, það var í því tilfelli Alþýðuflokkurinn, einfaldlega af þeim sökum, að Sjálfstæðisfl. og Framsfl. réðu ekki saman við verðbólguþróunina, þess vegna yrði að leita annarra afla í þjóðfélaginu til þess að reyna að leysa þennan vanda. Þetta gat út af fyrir sig verið pólitísk hugsun, og eftir á má segja, að þjóðin hafi af fáu haft betra en þeirri reynslu, sem hún fékk 1956 og á næstu árum á eftir. En hv. þm. tjáir ekki að halda því nú fram, að kauphækkunin 1961 hafi verið svo lítil, að hún hefði eiginlega ekki átt að hafa nein áhrif, þegar hann sjálfur er staðinn að hvað hörðustum ummælum um tilsvarandi kauphækkun 1955 og meiri kúvendingu í íslenzkum stjórnmálum en nokkur annar maður hefur gert um áratugi einmitt af þeim sökum, hversu hann taldi afleiðingarnar af kauphækkuninni 1955 vera alvarlegar.

Hv. þm. segir: Það var svo komið, að allir sáu, að það var ómögulegt að lifa á kaupi hinna lægst launuðu. — Þess vegna varð að eiga sér stað kauphækkun, a. m. k. hjá hinum lægst launuðu, og þá talar hann um þá lægst launuðu í landinu eins og þeir hafi haft 4000 kr. tekjur á mánuði. Nú spyr ég þennan töluglögga og stjórnreynda mann: Hvað voru margir menn á landinu, sem áttu að lifa af 4000 kr. á mánuði, og hvernig var afkoma almennings í raun og veru? Samkv. þeim skýrslum, sem óvefengdar eru, var almennt kaupgjald verkamanna á árinu 1960 hér í Reykjavík eitthvað nærri 75 þús. kr., þó að ekki séu taldar með fjölskyldubætur. Það má segja, að þetta sýni, að þeir hafi þurft að vinna mikið. Það er vafalaust rétt. En það sýnir þá einnig, að sú fullyrðing, sem hv. þm. hefur hvað mest þrástagazt á, að hér hafi átt sér stað mikill samdráttur í landinu, er gersamlega út í bláinn. Hvernig hefði verið hægt að fá slíkar meðaltekjur hér í Reykjavík, ef atvinnuleysi hefði átt sér stað, ef ekki hefði verið mjög mikil eftirspurn eftir vinnuafli?

Það má einnig segja: Mönnum veitir ekki af 75 þús. kr. kaupi. — Það er út af fyrir sig alveg rétt. En hvað segir hv. þm. sjálfur um afkomu fólksins, þegar hann gætir ekki að sér. Hinn 12. júlí í sumar birtist viðtal við hv. þm. í Tímanum, eftir að hann var nýkominn af yfirreið um Austfirðingafjórðung. Nú munum við öll, sem hér erum inni, og raunar landslýður allur eftir þeim ósköpum, sem hv. þm. hafði spáð, sérstaklega fyrir Austfirðingafjórðungi, eftir kjördæmabreytinguna og að hin nýja stefna væri til komin í framhaldi hennar. Á mörgum átti samdráttarstefnan að bitna hart, en á engum eins og vesalings Austfirðingunum í kjördæmi hv. þm. En hinn 12. júlí segir hv. þm.: Afkoma er góð. Hún hefur verið góð í vor. — (**EystJ:** Ríkisstj. réð ekki við síldina.) Síldin var ekki komin, þegar hv. þm. var fyrir austan, og þó að ég efist ekki um, að hann hefði verið góður í beitu fyrir hákarl, efast ég um, að síldin hefði mjög sótt eftir honum. En við vitum öll, að síldin var ekki komin 12. júlí. Þá voru hins vegar komin fram hin eyðileggjandi áhrif landhelgissamningsins! Þá var hann búinn að vera í gildi fyrir Austfjörðum um nokkurra mánaða bil, með þeim árangri, að hv. þm. sagði: Aflinn hefur verið góður. Afkoman er góð. — En hv. þm. bætir því svo við síðar: En nú stefnir til samdráttar. — Hann var oft búinn að segja samdráttinn fyrir, en nú þóttist hv. þm. vita, að eitthvað færi að gerast, sem mundi horfa til samdráttar, yrði raunverulega til samdráttar. Jú, þá hafði það gerzt, sem átti að duga til samdráttar. Það var búið fyrir forgöngu þessa hv. þm. að hækka kaupið, og nú fór hann að vonast eftir því, að áhrifanna færi að gæta. Það var ómögulegt að skilja þessa yfirlýsingu hv. þm. um, að nú ætti að fara að breyta til, á annan veg en þann, að eitthvað nýtt hafi komið til sögunnar, sem eigi að stefna til gerbreytingar.

Og þá komum við að því, sem er eftirtektarverðast í þessu öllu, að það var ekki efnt til kauphækkananna í sumar, verkfallanna, vegna þess, að viðreisnin hefði mistekizt, heldur vegna þess, að hún hafði tekizt miklu betur en vonir stóðu til. Allir þm. og raunar miklu fleiri vita það, að hv. stjórnarandstæðingar voru innilega sannfærðir um það, strax þegar viðreisnarlöggjöfin var sett snemma árs 1960, að hún fengi með engu móti staðizt. Þeir töldu, að í henni fælust svo magnaðar og harðúðugar samdráttarráðstafanir, að það hlyti að koma upp mjög alvarlegt atvinnuleysi í landinu og að öðru leyti mundu atvinnurekendur einnig rísa upp og mótmæla þessum aðgerðum, þannig að viðreisnin hlyti að stöðvast af sjálfu sér, að óhugsandi væri, að ríkisstj. gæti staðizt fram yfir áramótin 1960—61. Henni yrði ókleift að koma flotanum úr höfn snemma árs 1961, svo að þá væru síðustu forvöð fyrir því, að ríkisstj. hlyti að gefast upp.

Það er alvitað, að innan Alþb. var mikill ágreiningur um það, hvort ætti strax á árinu 1960 að grípa til hinna pólitísku verkfalla eða láta þau bíða. Það er kunnugt, að hv. 4. þm. Austf. var mjög andvígur því, að til verkfalla væri gripið á árinu 1960. Hann fullyrti þá við sína félagsbræður, eins og hv. 1. þm. Austf., að ríkisstj. hlyti að steypast af sjálfu sér og þess vegna þyrfti ekkert annað að gera en að bíða. Þeir sögðu þá í sinn hóp, að það væri ljóst, að almenningur mundi, áður en yfir lyki, kenna þeim um öngþveitið, sem stofnaði til þess með nýjum verkföllum, og þess vegna hlyti það að bitna á Alþb. og eftir atvikum Framsókn, ef til verkfalla væri lagt, fyrr en sýnt væri, að viðreisnin væri komin algerlega út um þúfur.

Það var í þessari öruggu trú, sem hv. 4. þm. Austf. beitti sér fyrir því á landssambandsfundi útgerðarmanna fyrir hér um bil ári að hvetja þá til sem allra mestrar kröfugerðar. Hann fordæmdi þá, eins og hann vitanlega

hafði rétt til, allar aðgerðir ríkisstj. og taldi hag bátaútgerðarinnar svo bágan, að óhugsandi væri, að hún gæti haldið áfram nema með stórkostlegum styrkjum úr ríkissjóði. Það var hins vegar trú hans, að ef útgerðarmenn almennt fengjust til þess að leggja slíkt róðrabann á ríkisstj. eins og hann vann að og raunar átti hlut að því að komst á á einum stað, eins og hann hældist um hér í gær, þá mundi ríkisstj. ekki fá staðizt, heldur verða að segja af sér.

Öll þessi ráðagerð fór út um þúfur, nema hvað hv. þm. tókst að valda Vestmannaeyingum og raunar þjóðarbúinu öllu ómældu tjóni með þeirri róðrastöðvun, sem að hans undirlagi var þar efnt til. Vertíðin gekk hins vegar mun betur en þessir herrar höfðu álitið, og þegar þeir sáu í sumar, að það væri komið fast að því að ná því jafnvægi, sem að var stefnt, var gripið til hinna pólitísku verkfalla. Þá var gripið til þess vopns, sem þeir frá fyrstu tíð töldu sig hafa í bakhöndinni og þeir yrðu að grípa til, ef önnur úrræðu dygðu ekki.

Við sjáum það svo, okkur til frekari fróðleiks, að austur í Moskvu heldur Krúsjeff nákvæma dagbók um öll verkföll í heiminum og greinir þar nákvæmlega á milli, hvers eðlis þau séu, hvort þau séu af kaupgjaldsástæðum eða af pólitískum ástæðum, og fullyrðir, að 73% verkfalla á árinu 1960 hafi verið af pólitískum ástæðum. Hann fer ekki dult með, að honum líkar sú tegund verkfalla mun betur en hin, svo að við vitum, að það er mjög í anda hinna ókistulögðu valdhafa í Moskvu, sem þessir herrar hegða sér, þegar þeir nú og fyrr hafa reynt að efna til pólitískra verkfalla á Íslandi. Hitt kemur okkur undarlegar fyrir sjónir, að hv. 1. þm. Austf. skuli ganga í þennan félagsskap, svo sem hann hefur gert, enda var auðheyrt á ræðu hans nú á dögunum og ekki síður af ræðu hans við 1. umr. fjárlaga, að hann talaði meir í afsökunartón og ergelsis en nokkru sinni áður, og sannaði það franska máltækið, að sá, sem afsakar sjálfan sig, ásakar sig. Hann veit ósköp vel, í hvaða skyni þessi leikur var gerður, en honum er engin vorkunn, vegna þess að hann veit þetta og hann er óbundinn. Hann hefur frjálsan vilja, sem ekki allir hafa, því miður. (**EystJ**: Er það þá ekki bara enn ámælisverðara fyrir það?)

Þá kemur að úrræðinu, sem hv. 1. þm. Austf. sagðist hafa lagt upp í hendurnar á stjórninni með því að greiða fyrir þessum hagkvæmu kaupgjaldssamningum, og það var, að vandinn hefði ekki verið annar en að auka útlán og lækka vexti. Hvað eru nú margir þm., sem hafa gleymt öllum prédikunum hv. 1. þm. Austf. um, að það verði að verjast verðbólgu með varfærni í útlánum? Ef margir þm. hafa gleymt því, þá eru þeir ólíkir almennum kjósendum, vegna þess að hvar sem maður kemur og ekki eingöngu í framsóknarmanna hóp, af því að sumir fleiri en framsóknarmenn muna, hvað hv. þm. hefur sagt, þá hafa menn orð á því, að hv. 1. þm. Austf. tali hin síðari missiri allt öðruvísi en hann gerði áður, þegar hann ár eftir ár brýndi fyrir mönnum, að það yrði að halda verðbólgunni í skefjum með varfærni í bankaútlánum. Og hv. þm. veit auðvitað öllum öðrum betur, að ef með einhverju átti að magna hér verðbólgu og hleypa öllu í strand á sem allra skemmstum tíma, þá var það ráð helzt fyrir hendi til viðbótar aukinni peningaumferð um 500—600 millj. kr. á ári að lækka vexti og auka útlán. Þá hefði á skömmum tíma öll gjaldeyriseign þjóðarinnar horfið eins og dögg fyrir sólu, við verið komnir í óbotnandi skuldir út á við, áður en varði. Það er e. t. v. hægt að telja einstökum mönnum, sem hafa hagsmuni af því að hafa lága vexti, eins og margir hafa, trú um, að það sé óþarft böl að hafa háa vexti. En það er alveg fullvíst, að það þarf ekki að prédika mikið um þetta fyrir hv. 1. þm. Austf., vegna þess að hann man enn svo mikið af því, sem hann áður hélt fram, að hann veit, að ef þessi aðferð hefði verið höfð, þá var það sama og hella olíu á eld. Það var beint tilræði við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Hér kemur aftur að því, að þó að hv. þm. léti svo í seinni hluta ræðu sinnar sem hann og hans félagsbræður hefðu verið að reyna að greiða götu stjórnarinnar og gera henni auðveldara að stjórna með kaupgjaldssamningunum, er þeir beittu sér fyrir í sumar, þá sagði hann réttara, þegar hann hélt því fram í upphafi ræðu sinnar, — þá sagði hann réttara um sinn eigin hug, er hann taldi, að eftir kaupgjaldshækkanirnar hefði slíkur vandi verið skapaður, að stjórnin mundi nú loksins neyðast til að fara frá og gefast upp. Hann treysti því, að það væri búið að tefla málum þjóðarinnar í slíkan vanda, að við mundum viðhafa sömu aðferðina og þeir félagar, hann og hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, þegar þeir, eins og alræmt er orðið, gáfust upp, hlupust burt frá vandanum hinn 4. des. 1958, enda er nánast skoplegt að heyra suma ræðumenn framsóknarmanna hér, bæði í útvarpsumr. og almennum umr. á Alþ., þegar þeir öðru hvoru spyrja af hjartans einfeldni: Af hverju gefizt þið ekki upp? Af hverju farið þið ekki að eins og Hermann okkar? — Það er von, að þá langi ekki til þess að vera einir um að eiga Hermann. Hann er ekki svo girnilegur að þessu leyti, þó að hann sé góður að öðru. En það verður áreiðanlega bið á því, að aðra stjórnmálaflokka fýsi að eiga slíkan viðskilnað við vandamál þjóðarinnar eins og Framsfl. átti 4. des. 1958.

Um ræðu hv. 4. þm. Austf. get ég verið stuttorður. Ég sýndi fram á nokkur dæmi um það, hversu málflutningur hans væri haldlaus varðandi það, er hann sagði um brbl. og það er í raun og veru dæmi um hans málflutning í heild. Hann lagði á það mjög ríka áherzlu, að það hefði verið tekið tillit til verðlækkunar á fiskimjöli í viðreisnarlöggjöfinni 1960, og vitnaði þar í ummæli um það, að reiknað væri með lægra verði á þessari vörutegund en áður hafði verið. Það er alveg rétt. En hv. þm. gleymir því, að verðlag á fiskimjöli tók að lækka síðari hluta árs 1959, en sú breyting var hægfara. Í janúar 1960, þegar útreikningar varðandi gengislækkunina voru gerðir, töldu menn ekki sjást nein merki þess, að stórkostlegt verðhrun væri fram undan, sem bezt má sjá á því, að sá aðilinn, sem átti að fylgjast með útflutningsverðinu, útflutningsnefnd sjávarafurða, sem ég hygg að hv. þm.

hafi átt einhvern fulltrúa í, hafi þá ekki viljað samþykkja nema smávægilega lækkun frá því, sem verðið hafði verið hæst á miðju ári 1959. Og þegar útreikningarnir voru gerðir, var því ekki unnt að miða við annað verðlag en það, sem útflutningsyfirvöldin höfðu ákveðið sem lágmarksverð fyrir fyrirframsölur vertíðarinnar 1960. Það kom hins vegar í ljós, áður en langt um leið, að verðhrunið skall yfir miklu stórkostlegra en nokkurn gat órað fyrir. Lækkunin, þegar kom fram á árið, var yfir 40% frá því, sem áætlað hafði verið í janúar 1960, byggt á lágmarksútflutningsverði nefndarinnar. Lækkunin frá hæsta verði 1959 nam um 47%. Síðan í fyrra hefur verðið hækkað aftur, en er samt yfir 18% lægra en í janúar 1960 og nær 25% lægra en árið 1959, þegar það var hæst. Þetta sýnir, hvernig tilvitnanir og rökfærslur hv. 4. þm. Austf. eru gersamlega á stráum byggðar. Hann vitnar í einstök ummæli í greinargerðum og ummælum, en gáir ekki að því, hvað á bak við þau stendur, segir ekki nema minnstan hluta sögunnar, og hálfur sannleikur er oft, eins og í þessu tilfelli, verri en hrein ósannindi, vegna þess að ósannindin liggja augljósar fyrir. En hv. þm. reynir með því að skjóta inn einstaka sannleikskorni öðru hvoru að gera sína villandi frásögn ögn trúlegri en hún ella mundi vera.

Annars er fróðlegt að heyra þennan hv. þm. lýsa því sældarástandi, sem hér hafi í raun og veru verið á s. l. vori og allt í himnalagi, atvinnuvegir staðið með miklum blóma. En hvernig stenzt þetta við fullyrðingar hv. þm., sem hann viðhafði fyrir áramótin í fyrra, þegar hann fullyrti, að sjávarútvegurinn væri svo illa staddur, að hann yrði að fá stórkostlega styrki úr ríkissjóði? Hann veit og að bátaútvegsmenn fengu síðan verulega kauphækkun, eins og hann gat um. Engu að síður ætlast hann til þess, að þeir hefðu getað tekið á sig, án þess að að væri gert, þá miklu kauphækkun, sem varð í sumar. En það er ekki nóg, að ærin mótsetning felist í þessu, heldur lýsir hann því í öðru orðinu, að atvinnuvegirnir hafi staðið með fullkomnum blóma og mikilli velgengni, en hins vegar hafi viðreisnin verið komin í strand. Það er að vísu rétt, að 1958 fór svo, að efnahagskerfið var komið að hruni þrátt fyrir hið mesta afla- og velgengnisár, sem nokkurn tíma hafði gengið yfir íslenzku þjóðina. En það var vegna þess, að þá var brugðizt rangt jafnvel við velgengninni, þannig að stjórnendurnir gáfust upp, þó að í lófa hefði átt að vera lagið, ekki sízt með þeirra valdi yfir verkalýðshreyfingunni, að leysa allan vanda. En þeir kunnu engin ráð. Þeir gáfust upp. Þeir hlupu með af skútunni undir forustu hv. 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar. Þeim tókst að breyta góðæri í ráðleysi, vegna þess að þeir kunnu engin ráð til þess að fara með málefni þjóðarinnar.

Það er sams konar ástand, sem hv. þm. er að reyna að gefa í skyn að ríkt hafi á þessu ári, að það hafi í raun og veru verið hin mesta velgengni, en þó hafi allt verið komið í strand fyrir stjórninni. Um þennan hv. þm. gildir það sama, sem ég sagði áður um hann og hv. 1. þm. Austf., að þeir beittu sér fyrir kauphækkunum í sumar vegna þess, að þeir sáu, að annars mundi viðreisninni vegna of vel, annars mundi það jafnvægi nást fyrr og betur, er menn kepptu eftir, heldur en nokkur hafði vonað. Það var til þess að hindra, að þetta gæti komið fyrir, að kauphækkanirnar voru gerðar. Hv. þm. var fyrir fram kvíðandi um, að illa mundi fara fyrir þeim, sem ábyrgð bæru á þessu. Það mun og sannast, að sú verður raunin, að almenningur mun, áður en yfir lýkur, sannfærast um, hver veldur þeirri truflun á efnahagslífinu, sem leiddi af kauphækkununum í sumar. Það voru þeir, sem bera ábyrgð á þeim pólitísku verkföllum, sem efnt var til og ekki höfðu stoð í efnahagslífinu.

Nú talar hv. þm. um, að það sé stefnt til einnar veltu til, og hv. 1. þm. Austf. hefur einnig gefið slíkt í skyn. Vel má vera, að þessir hv. þm. hafi það í huga. Það er eftir að sjá, hvort þeim tekst að fá fólk með sér í slíka hryggðargöngu. Um það er bezt, að hvorugur okkar spái neinu fyrir fram né neinu um þau viðbrögð, sem gegn slíkum tiltektum ber að gera. En ég segi, að miklu nær væri hv. þm. og hans félagsbræðrum, sem sannarlega hafa nú rækilegra tilefni en nokkru sinni fyrr til þess að skoða sinn huga og athuga, hversu illilega þeir hafa verið blekktir og ginntir á undanförnum árum, — þeim væri nær að nota það tilefni til þess að íhuga ekki einungis stöðu sína gegn hinum útlendu valdhöfum, heldur einnig afstöðu sína til hinna íslenzku mála og endurskoða þann trúnað, sem þeim ber að sýna því fólki, er þeim hefur veitt traust innan verkalýðshreyfingarinnar.

Hv. þm. talaði um, að ósamið væri um fiskverð og ágreiningur mundi koma upp um það á milli bátasjómanna, útvegsmanna og fiskkaupenda. Hér er vissulega um vandamál að ræða, sem er til íhugunar, hvernig leysa megi, og hv. þm. sýndi raunar á síðasta þingi, hvernig hann telur að leysa beri, með því frv., sem hann flutti þá. Æskilegast er, að aðilar geti komið sér saman um hagkvæma lausn þvingunarlaust, og verður áreiðanlega að því unnið af hálfu ríkisstj. af fullu kappi, alveg eins og ríkisstj. er fús til samvinnu við hvern sem er, sem vill raunverulega vinna að því að bæta kjör allra vinnandi manna í landinu og það má segja, að sé meginþorri þjóðarinnar. Það er hægt að finna ýmis ráð til þess með betri skipan á vinnu, með ákvæðissamningum og fleiri þvílíkum úrræðum, ef vilji beggja aðila er fyrir hendi. Það er vissulega þess vert og verður að treysta því í lengstu lög, að menn reyni nú slík úrræði til hlítar, áður en í nýtt pólitísk ævintýri verður lagt, svipuð og í sumar átti sér stað með kauphækkunarherferð kommúnista og framsóknarmanna þá. Þjóðin hefur með réttu og mun með réttu fordæma þær aðgerðir, en hún mun fagna öllu því, sem í raun og veru horfir til þess, að öllum almenningi í þessu landi geti liðið betur en áður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú mjög liðið á fundartímann, svo að mér gefst ekki tækifæri til að ræða um ýmis þau atriði, sem ég hefði viljað ræða um og einkum voru í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Austf., er hann hélt hér s. l. föstudag. En það eru þó nokkur atriði,

sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á, með því að ég tel, að þau megi ekki standa í þingtíðindum, án þess að þeim sé mótmælt og þau raunverulega vítt. Skal ég reyna að stytta mál mitt, eftir því sem unnt er.

Þegar reynt er að draga saman í stuttar niðurstöður þau atriði, sem hv. þm. kom inn á í sinni löngu ræðu, má segja, að niðurstaðan hafi verið sem hér segir:

1) Stjórn og stjórnmálaflokkar verða umfram allt að halda þingræðinu í heiðri og mega ekkert aðhafast, sem rýrt geti álit þingsins hjá þjóðinni.

2) Þess vegna má stjórn aldrei gefa út brbl., nema það sé óhjákvæmilegt og vitað, að fyrir þeim sé meirihlutafylgi á Alþingi, án þess að flokksforustan þvingi til þess þm. að fylgja máli gegn vilja sínum.

3) Í þessu máli hafi ríkisstj. ekki getað fengið stuðningsmenn sína til að fallast á gengislækkunina og því hafi hún orðið að þvinga þá á flokksfundum, án þess að þing væri kallað saman, til þess að lofa þar að fylgja málinu á Alþ. Það sé rangt að afgreiða mál þannig í þingflokkunum undir pressu frá foringjum flokkanna.

Út af þessu vil ég leyfa mér að mótmæla þeim ásökunum, sem hv. 1. þm. Austf. beinir hér gegn okkur þm., sem styðjum ríkisstj. Ég tel, að manni, sem setið hefur svo lengi á þingi sem hann hefur gert, sem er formaður þingflokks, hefur setið í fjöldamörg ár sem ráðherra, sé mikill vansi að láta slík ummæli frá sér fara hér á Alþingi, að bera jafnþungar sakir á meiri hl. hv. alþm., að þeir hafi verið þvingaðir til þess að fylgja málum gegn vilja sínum og það máli, sem svo alvarlegt er, eins og hér er til umr.

Út af þessu vildi ég leyfa mér að skýra frá hér, hvernig þetta mál var undirbúið af hæstv. ríkisstj. Þegar henni var ljóst, að kaupgjald hafði hækkað um allt land, samningar hefðu verið gerðir um allt að 15% kauphækkun, kallaði hún suður til Reykjavíkur á sinn fund alla þá þingmenn, sem hana styðja, og lagði fyrir þá þennan vanda, sem við það hafði skapazt í efnahagsmálum þjóðarinnar, að kaupgjald allt hafði hækkað, svo sem ég hef þegar minnzt á. Það var engu leynt fyrir hv. þm., þótt það væri ekki í þingsölunum, heldur á flokksfundum, eins og getið er um. Þar ríkti fullt málfrelsi og fullt atkvæðafrelsi og engin tilraun gerð til þess að hafa áhrif á afstöðu þm., en þeir hins vegar beðnir um að gera sínar aths. við þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. var að gera, og tjá það alveg þvingunarlaust, hvort þeir væru samþykkir slíkum ráðstöfunum eða andvígir þeim. Að mjög athuguðu máli var það samróma samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. án nokkurrar þvingunar frá ríkisstj. að fylgja málinu eins og það var lagt fyrir og hefur verið lagt fyrir Alþ. á þskj. 15, sem nú er hér til umr.

Ég skal ekkert segja um, hvaða aðferðir hafðar eru í Framsfl. um slík mál. Ég ætla ekki að hafa um það neinar getgátur. En ég á ákaflega bágt með að trúa því, að slík ummæli, eins og hv. 1. þm. Austf. hafði hér um meðferð þessa máls, stafi af öðru en því, að þetta sé orðin rótgróinn vani í hans eigin flokki. En slíkt þarf hann ekki að bera á aðra flokka, þó að það sé þannig ástand í hans eigin þingflokki.

Um sjálfa gengisfellinguna vildi ég leyfa mér að segja þetta: Það var ekki til umr. að taka afstöðu til þess, hvort ætti að fella gengið eða ekki, þegar brbl. voru gefin út. Gengið var fallið. Það var fallið með þeim samningum, sem höfðu verið gerðir og hv. 1. þm. Austf. átti mjög sterkan þátt í. Það er því ekki hæstv. ríkisstj., sem ber ábyrgð á því, að gengið hafi fallið í landinu á þessu ári, heldur einmitt allur Framsfl. og allur kommúnistaflokkurinn, þ. e. a. s. öll stjórnarandstaðan. Þar höfðu þeir fulla samvinnu. Þeir einir bera ábyrgð á þeim gerðum í efnahagsmálunum. Hitt, að skrá gengið opinberlega, hið raunverulega gengi, eins og það hafði verið fellt af þessum mönnum, sem ég er að lýsa, það var það, sem var til umr., og það var það, sem menn áttu að gera út um við sig, hvort það væri æskilegt að skrá hið rétta gengi, eftir að það hafði fallið við aðgerðir þessara manna, skrá það þegar eða bíða seinni tíma. Um það var enginn ágreiningur í Sjálfstfl., og ekki heldur, að ég hygg, þótt ég hafi ekki verið þar á fundum, í Alþfl., að það væri ekki einungis rétt, heldur alveg óhjákvæmilegt til þess að forðast frekari vanda að gera þjóðinni ljóst, hvaða áhrif kauphækkunin hefði haft á efnahagsmálin, og skrá hið rétta gengi eins og það væri reiknað út af Seðlabankanum. Það var því ekki um neina þvingun að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. á okkur þingmenn, sem stóðum að þessu máli.

Um hin atriðin, að halda uppi heiðri þingsins, það verður aldrei of mjög brýnt fyrir hv. þingmönnum og það verður aldrei heldur of vel brýnt fyrir Framsfl. og sízt af öllu of vel brýnt fyrir formanni þingflokks Framsfl. Mér gefst ekki tími til þess nú að rekja ýmislegt af því, sem hefur skeð í þingsögunni þau árin, sem ég hef setið á þingi eða síðan ég kom fyrst á þing 1942, en það þarf ekki að fletta mörgum blöðum þingsögunnar til þess að sjá þar, að það hefur enginn flokkur og enginn maður gengið lengra í því að minnka heiður þingsins heldur en hv. 1. þm. Austf. í samfélagi við hv. 2. þm. Vestf. Gefst mér e. t. v. einhvern tíma tækifæri til þess að færa óhrekjandi rök fyrir þessum ummælum. Ég vil þó þegar benda á, að 30. marz 1949 var hér einhver alvarlegasta stund í Alþingi, þegar mjög alvarlegu máli var ráðið til lykta og úti fyrir stóð hópur manna til þess að kasta grjóti á hæstv. forseta og skít og eggjum í þinghúsið og hafði nokkru áður sent inn á borð til alþm. umslag með íleppi í, sem átti að vera tákn þess, að þeir væru leppar Bandaríkjanna í sambandi við afgreiðslu þess máls, og átti að hafa mjög áhrifarík áhrif á afstöðu þeirra í atkvgr., og öll þessi herferð var undirbúin af kommúnistaflokknum og var reyndar á ábyrgð formanns þess flokks, hv. 3. þm. Reykv., og hv. 4. þm. Austf., þótt þeir sjálfir hefðu ekki tekið þátt í því skítkasti. En svo liðu nokkrar stundir, — og hverjir voru það svo, sem færðu þessa sömu menn inn í ráðherrastóla á Íslandi og sjálfan formann kommúnistaflokksins, hv. 3. þm. Reykv., beint upp í for-

setastól neðri deildar Alþingis? Var það ekki Framsfl.? Var hægt að sýna Alþingi Íslendinga meiri lítilsvirðingu en var gert með þessum ákvörðunum?

Ég sé, að fundartíminn er liðinn, hæstv. forseti. Ég mun láta þessi orð nægja í þetta skipti, en fæ e. t. v. tækifæri síðar til þess að taka fram ýmis önnur dæmi, þar sem Framsfl. hefur slegið flest met í að minnka virðingu Alþingis.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ingi R. Helgason: Hæstv. forseti. Hv. þingdeildarmenn. Ég vil nú helzt ekki þurfa að una öllu lengur meydómi mínum í þessari virðulegu stofnun. Ég sit hér um stundarsakir, kannske 14 daga eða svo, í forföllum hv. 4. landsk., Hannibals Valdimarssonar, og ég vænti þess, að þessi stutta ræða mín verði ekki virt mér til óþarfa framhleypni, þótt ég hafi ekki setið hér nema 4 daga.

Hinn 1. ágúst s. l. gaf forseti lýðveldisins út brbl. samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Að formi til eru brbl. þessi gild, enda hefur hæstv. viðskmrh. undirritað þau með forseta samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar og ber þannig þinglega ábyrgð á þeim. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt brbl. þessi fyrir Alþingi, svo sem lögskylt er, og hæstv. viðskmrh. fylgdi þeim úr hlaði með langri ræðu. Síðan hafa talað formenn þingflokkanna, og engum dylst, að hér er um mikið deilumál að ræða.

Fyrir mér er þetta ekki fyrst og fremst flokkspólitískt deilumál, heldur mál, er varðar sóma, vald og virðuleik Alþingis. Að efni til eru brbl. þessi valdníðsla gagnvart Alþingi og eiga sér ekki stoð í stjórnarskrá lýðveldisins. Upphaf 28. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga.“ Í þessu ákvæði stjórnarskrárinnar á bráðabirgðalöggjafinn rætur sínar. Alþingi, sem er höfuðaðili hins almenna löggjafarvalds, situr ekki að störfum nema nokkurn hluta hvers árs, og vel má vera, að meðan hann er fjarri, beri að höndum einhver þau atvik, sem geri löggjöf óumflýjanlega, geri það nauðsynlegt, að eldri lögum sé breytt eða jafnvel ný lög sett. Forseta lýðveldisins er veittur þessi réttur, en brbl. verða ekki gild fremur en önnur löggjafarmál, nema ráðherra meðundirriti þau samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar, og það er því ríkisstj., sem ræður því, hvernig og hvenær bráðabirgðalöggjafanum er beitt. Óumdeilanlegt er þó, að forsetinn hefur formlegan rétt til að neita að verða við tillögu ráðherra um útgáfu brbl., og vissulega ber forseta skylda til að standa á verði um réttindi Alþingis gagnvart þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, sjá um, að ekki sé gengið á rétt hins almenna löggjafa með misbeitingu af hálfu bráðabirgðalöggjafans. Slíkt mundi stefna að upplausn þingræðisins. Þeim mun meiri hætta er á þessu sem handhafar framkvæmdavaldsins eru óskammfeilnari og einræðissinnaðri. Nægir að benda á klassískt og þó nokkuð nærtækt dæmi, þegar Estrup, danski forsætisráðherrann, var kominn í minni hluta í danska þinginu laust fyrir aldamótin. Þá stjórnaði hann landinu með bráðabirgðalögum og gaf jafnvel út bráðabirgðafjárlög.

Stjórnarskráin setur tvö skilyrði fyrir útgáfu brbl. Annað er það, að þau má ekki gefa út, meðan Alþingi situr. Því skilyrði er fullnægt, hvað þessi brbl. áhrærir. Hitt skilyrðið er, að brbl. má því aðeins gefa út, að brýna nauðsyn beri til. Þessu skilyrði er á engan hátt fullnægt í útgáfu þeirra brbl., sem hér eru til umr.

Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, hefur við þessa umr. tekið að sér að verja útgáfu brbl., og hlýddi ég á ræðu hans með athygli. Óþarft er að vísu að ræða þá fullyrðingu hans, að ekki hafi neinu valdi verið rænt frá Alþingi, þar sem Alþingi geti nú einfaldlega fellt þessi brbl., og kátbrosleg var upptalning hans á hæpnum brbl. liðinna ára, sem hann þuldi upp ríkisstjórn sinni til afsökunar, svo að jafnvel franski málshátturinn, sem hann raunar viðhafði um hv. formann þingflokks Framsfl., snerist upp á ríkisstj. sjálfa: Sá, sem afsakar sig, ásakar sjálfan sig.

Ég hlýddi á mál hæstv. forsrh. í hálfan annan klukkutíma og beið þess, að hann mundi gefa hv. þd. skýringu á því, hvaða nauðsyn hefði verið á útgáfu brbl. Efni þessara brbl. er mjög einfalt og skýrt: ákvörðunarvaldið um gengisskráningu íslenzku krónunnar var með brbl. til frambúðar flutt úr höndum Alþingis yfir í hendur Seðlabankans. En ég beið árangurslaust. Engin skýring kom frá hæstv. forsrh. um hina brýnu nauðsyn þess að gera þessa skipulagsbreytingu, áður en Alþingi kæmi saman. Og með þeirri þögn játaði hæstv. forsrh., að öðru skilyrði stjórnarskrárinnar um útgáfu brbl. hafi raunar ekki verið fullnægt. Hins vegar eyddi hæstv. ráðh. miklum tíma í að útskýra hina brýnu nauðsyn þess að lækka gengi íslenzkrar krónu um 13.1% í ágústmánuði, en um það efni fjölluðu brbl. ekki. Á einum stað í ræðu sinni tæpti hæstv. forsrh. á því, að það væri eðlileg skipan mála, að Seðlabanki Íslands hefði ákvörðunarvald um gengisskráninguna, en ekki Alþingi. Þetta var raunar eina skýringin og eini rökstuðningur hæstv. forsrh. fyrir útgáfu brbl. Og þetta orðalag hans kom heim og saman við orðalag hæstv. viðskmrh. í forsendum sjálfra brbl., en í þeim forsendum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti Íslands gerir kunnugt.

Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanförnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða

gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf, og þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, sem komið hafi verið á fót á þessu ári, skrái gengi íslenzkrar krónu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið" o. s. frv.

Í þessum forsendum brbl. sjálfra er fyllilega rökstutt, að vísu á sinn hátt, að brýna nauðsyn hafi borið til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf. En því er hins vegar alls ekki haldið fram í þessum forsendum, að brýna nauðsyn beri til, að Seðlabankinn skrái gengið, heldur er það aðeins talið eðlilegast, af því að sú skipan sé algengust í nálægum löndum.

Þessi eru því raunveruleg rök beggja hæstv. ráðherra, sem sagt, að skipan sú, sem fólgin er í brbl. um gengisskráningarvaldið, sé gerð af því, að hún þyki eðlilegust og er algengust í útlöndum. Og nú er mér spurn: Uppfylla þessi rök skilyrði stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga? Og ég svara og hlýt að segja nei. Máli mínu til stuðnings vil ég leyfa mér að leiða hér einn fræðimann sem vitni. Vitni mitt er fyrrv. prófessor í lögum við Háskóla Íslands, prófessor í stjórnlagafræði, Bjarni Benediktsson. Þessi lagaprófessor skrifaði kennslubækur í sinni fræðigrein og heitir ein þeirra „Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði" og er gefin út síðast sem handrit 1948. Á bls. 58 segir þessi lagaprófessor, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er það annað höfuðskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga, að brýna nauðsyn beri til hennar. Það er því ekki nóg, þótt löggjöf kynni að vera æskileg eða skynsamleg eða þótt nauðsyn sé til löggjafar, ef hún er ekki brýnni en svo, að vel má bíða reglulegs Alþingis."

Sem sagt, fyrrv. lagaprófessor Bjarni Benediktsson segir, að það sé ekki nóg samkv. stjórnarskránni, að löggjöf sé æskileg, skynsamleg eða eðlileg, til þess að brbl. séu sett, heldur þurfi brýna nauðsyn. En núv. hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, lætur nú sem hin brýna nauðsyn skipti ekki máli, heldur sé hitt höfuðatriðið, að löggjöfin sé eðlileg. Því miður er hæstv. forsrh. ekki viðlátinn til að skýra þessar mótsagnir, en augljóst er, að fræðimaðurinn Bjarni Benediktsson er öruggari heimild um þetta atriði en stjórnmálamaðurinn með sama nafni.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni og raunar sigri hrósandi, að bráðabirgðalöggjafinn væri óbundinn. Með þessu orðalagi á ráðh. við, að bráðabirgðalöggjafinn sjálfur, þ. e. ráðherrarnir, praktískt talað, er einn bær um að úrskurða, hvort brýn nauðsyn er fyrir hendi eða ekki. Hinir almennu dómstólar eru ekki bærir að meta það, og verður vafamál í þessum efnum því ekki borið undir þá. En um þetta segir fræðimaðurinn Bjarni Benediktsson í kennslubók sinni á bls. 59, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef ráðherrum missýnist í þessu, mundi slíkt vitanlega verða talið til misbeitingar á embættisvaldi þeirra og þeir bera ábyrgð á því með venjulegum hætti, eftir atvikum fyrir landsdómi, samkvæmt ákæru Alþingis."

Í þessu tilfelli, sem hér liggur fyrir, er raunar ekki svo vel, að ráðherrunum hafi missýnzt, heldur gefa þeir brbl. út vitandi vits um, að engin nauðsyn var á þessari skipulagsbreytingu, hún gat hæglega beðið reglulegs Alþingis, og raunar viðurkenna það. Þeim mun augljósari er misbeitingin á embættisvaldi þeirra. Hæstv. forsrh. veit, að ákvæðin um landsdóm eru fyrir notkunarleysi orðin dauður bókstafur, svo að þessu máli verður ekki skotið þangað, og í því hróksvaldi skákar hæstv. ríkisstj. Alþingi í þessu efni.

Lítum á aðra hlið þessa máls. Er það virkilega eðlileg skipan mála, að Seðlabankinn hafi gengisskráningarvaldið, en Alþingi ekki? Um þetta eru skiptar skoðanir. En mín skoðun er sú, að þetta sé ekki aðeins óeðlilegt, heldur háskalegt. Alþingi sjálft hefur einnig verið þeirrar skoðunar, að það ætti að ákveða gengi íslenzkrar krónu, og hefur aldrei viljað afsala því af augljósum ástæðum. Gengisbreytingar geta gert efnahagsráðstafanir Alþingis að engu og raskað mjög verulega tekjuskiptingu þjóðarinnar, sem Alþingi ákveður með löggjöf sinni. Alþingi verður að hafa gengisskráningarvaldið, svo að allir þræðir efnahagslífsins séu í hendi þess. Með þeirri skipan mála, sem brbl. gera ráð fyrir, geta efnahagsráðstafanir Alþingis orðið að káki einu, ef Seðlabankinn getur breytt þeim með einfaldri gengislækkun. Síðast var sótzt eftir þessu valdi úr höndum Alþingis 1950 af ríkisstj. Ólafs Thors í sambandi við gengislækkun hennar í marz það ár. Þá greiddu atkv. á Alþingi gegn því og felldu með sósíalistum Alþfl.-mennirnir Gylfi Þ. Gíslason, núv. hæstv. viðskmrh., og Ásgeir Ásgeirsson, núv. forseti lýðveldisins. Það er talandi tímanna tákn um niðurlægingu Alþfl., að það skuli nú einmitt verða hlutskipti þessara tveggja manna að gefa út og undirrita brbl. 1. ágúst s. l. um að svipta Alþingi þessu valdi.

Árið 1957 voru gerðar breytingar á Seðlabankanum og aftur árið 1961. Í hvorugt skiptið léði Alþingi máls á því að afhenda Seðlabankanum gengisskráningarvaldið. Með tilliti til þessa eru brbl. alveg óverjandi. Aðalvitni mitt, fræðimaðurinn Bjarni Benediktsson, segir um þetta í kennslubók sinni á bls. 58, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýnu varhugaverðara en ella er þó að gefa út bráðabirgðalög um efni, sem Alþingi hefur nýlega tekið afstöðu til, einkum ef ljóst er, að Alþingi hefur eigi viljað fallast á þá lausn, sem bráðabirgðalögin velja."

Hér ber allt að sama brunni. Fræðimaðurinn Bjarni Benediktsson fordæmir á allan hátt útgáfu brbl. 1. ágúst s. l.

Ég hef í þessari stuttu ræðu minni sýnt fram á, að brbl. frá 1. ágúst 1961, sem hér eru til umr., fullnægja ekki ákvæðum og skilyrðum stjórnarskrárinnar. Formlega eru þau þó í fullu gildi, þar til þau yrðu felld af Alþingi. Forseti lýðveldisins hefur ekki staðið vörð um réttindi Alþingis í þessu máli, og hæstv. ríkisstj. hefur misbeitt valdi sínu. Hvort tveggja er þetta mjög ámælisvert og sýnir, hvaða hættur

eru uppi, ef Alþingi sjálft slakar á. Líklegasta ástæðan fyrir þessari valdníðslu er sú, að vegna andstöðu hv. þingmanna gegn afsali Alþingis á gengisskráningarvaldinu hafi ríkisstj. þótt vænlegra að gera skipulagsbreytinguna með brbl. og stilla þannig þingliði sínu frammi fyrir gerðum hlut. Slíkar aðfarir samrýmast ekki þingræðishugmyndum Íslendinga og eru raunar hrein óvirðing við Alþingi. Ég vil því í jómfrúræðu minni skora á hv. þdm. að slá skjaldborg um þessi réttindi Alþingis, vernda Alþingi gegn misbeitingu bráðabirgðalöggjafans, setja stöðvunarmerki á óheillabraut hæpinna og gerræðisfullra brbl. og fella það frv., sem hér liggur fyrir.

Þegar hæstv. viðskmrh. fylgdi frv. þessu úr hlaði, talaði hann langt mál um þá ákvörðun Seðlabankans að lækka gengi íslenzkrar krónu um rúmlega 13%, rökstuddi hana og réttlætti á allan hátt. Sú ákvörðun er í raun réttri ekki hér á dagskrá, og mun ég því ekki ræða hana, nema frekara tilefni gefist. Það er opinbert mál, hver afstaða mín var til þessarar gengislækkunar í bankaráði Seðlabankans. En af þessu tilefni vil ég nota tækifærið og leggja eina spurningu fyrir hæstv. viðskmrh. Þegar till. um gengislækkunina upp á 13,15% hafði verið lögð fram í bankaráði Seðlabankans, óskaði ég eftir sundurliðuðum útreikningi, sem sýndi, að einmitt þessi gengislækkun, 13.15%, væri hin eina rétta og sjálfsagða, en ekki t. d. 20% eða 30%. Á þeim vettvangi var mér neitað um þann útreikning. Með vísan til þess, að samráð var haft við hæstv. ríkisstj. um þessa gengislækkun, vil ég nú spyrja hæstv. viðskmrh.: Vill hann skýra fyrir hv. þd. þá útreikninga, sem liggja að baki niðurstöðunni um nákvæmlega 13.15% gengislækkun?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Þegar umr. hófust hér í þessari hv. d. um frv. það, sem nú er á dagskrá, og stjórnarandstæðingar hver af öðrum héldu því fram, með mismunandi rökstuðningi að vísu, að það hefði verið stjórnarskrárbrot að gefa út brbl. á s. l. sumri um gengisskráninguna, þá datt mér ekki í hug, það hvarflaði ekki að mér, að þeim væri nokkur alvara neinum þeirra í þessu tali. Það var að vísu búið að sęgja það í blöðum stjórnarandstöðunnar, þegar brbl. voru gefin út: Þetta er stjórnarskrárbrot o. s. frv. Og í raun og veru leit maður á það sem eðlilegt framhald af því, að viðkomandi aðilar kæmu nú og býsnuðust yfir því, að hér væri verið að draga eitthvert vald úr höndum Alþingis, valdníðsla gagnvart Alþingi, stjórnarskrárbrot o. s. frv. En þetta tal hefur haldið áfram, og þó dettur mér ekki í hug enn að álíta, að nokkur þeirra hafi mælt af alvöru í þessu sambandi.

Mér finnst ósköp eðlilegt að hafa visst umburðarlyndi gagnvart jómfrúræðum, sem hér eru fluttar á Alþingi, og vil gera það nú í sambandi við þessa ræðu, sem hér var síðast flutt af hv. 4. landsk. (IRH). En ég get þó ekki orða bundizt um það, að mér finnst, að allar, hver einasta tilvitnun, sem hv. þm. las hér upp úr stjórnlagafræði forsrh. og fyrrv. lagaprófessors í stjórnlagafræði í háskólanum, að hver einasta tilvitnun hafi einmitt verið í fullu samræmi við þá túlkun á lögmæti þessara brbl., sem forsrh. sjálfur flutti á síðasta fundi um þetta mál í þessari deild.

Hv. þm. vitnaði í ágrip af stjórnlagafræði, sem forsrh. hefur skrifað á sínum tíma, og það er alveg *nákvæmlega samhljóða* því, sem fram kemur hjá öðrum prófessor í háskólanum, Ólafi Jóhannessyni prófessor, í hans nýju fræðibók um stjórnskipun Íslands, þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Eftir orðanna hljóðan er ekki nægilegt, að löggjöf sé æskileg, skynsamleg eða jafnvel nauðsynleg, heldur er það skilyrði, að þörfin á löggjöf sé svo brýn, að ekki megi bíða næsta þings.“ Það er enginn ágreiningur um þetta á milli fræðimanna, hvorki fyrr né síðar. En það var einmitt í þetta, sem forsrh. vitnaði og rökstuddi í ræðu sinni á síðasta fundi þessarar hv. d., að útgáfa brbl. á s. l. sumri samrýmdist fullkomlega þessum skilningi á stjórnarskránni, og hans rök hnigu að því, að útgáfa brbl. hefði einmitt verið svo brýn, að það hefði getað skaðað og stórskaðað efnahag landsmanna að láta hana bíða til næsta þings. Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem hann flutti hér í þessu sambandi, en þó minna á nokkur atriði í því sambandi.

Prófessor Ólafur Jóhannesson segir einnig í sinni fræðibók um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Einhverjir verulegir hagsmunir verða að vera í húfi.“ Dettur nú nokkrum hv. þm. í hug að halda því fram, að ekki neinir verulegir hagsmunir hafi verið í húfi á s. l. sumri í sambandi við útgáfu brbl.? Prófessorinn heldur áfram og segir: „Sé hægt að ráða fram úr aðsteðjandi vanda án löggjafar, t. d. með stjórnarathöfnum eða almennum fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, ber vitaskuld að velja þann kost í stað þess að grípa til brbl.“ Ríkisstj. átti ekki þessara kosta völ. Það var með engu móti hægt að ráða fram úr þessu mikla vandamáli, sem hér var uppi, með stjórnarathöfnum eða almennum fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa. Og þá er spurningin, og það er kannske það, sem við erum að deila um: Var nægjanlega brýn nauðsyn til þess að réttlæta útgáfu brbl.? Prófessor Ólafur Jóhannesson segir um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Annars er skilyrði þetta,“ — þ. e. skilyrðið um brýnu nauðsynina, — „óneitanlega matskennt og teygjanlegt.“ Og ég held, að við verðum að viðurkenna það allir, að það er auðvitað matskennt og teygjanlegt. En hitt er staðreynd, að það hafa í fjölmörgum tilfellum öðrum verið gefin út brbl. af miklu minna tilefni, minna brýnni nauðsyn en hér var um að ræða. Og þegar á það er litið, hver eigi að meta hina brýnu nauðsyn, þá er það einnig skoðun fræðimanna, að hér hafi a. m. k. almennt verið litið svo á, að þetta yrði bráðabirgðalöggjafinn sjálfur að gera. Bráðabirgðalöggjafinn sjálfur verður að skera úr um þetta, og meginrök ræðu þeirrar, sem forsrh. flutti hér um þetta mál, hnigu einmitt að því að styðja það, að nauðsynin hefði verið svo brýn, að það samrýmdist fullkomlega stjórnarskránni og réttlætti útgáfu brbl.

Nú vil ég vekja athygli í þessu sambandi á einu atriði, sem óefað hefur verið mjög mikill

galli á okkar löggjöf í sambandi við gengisskráninguna, því ákvæði okkar löggjafar, að Alþingi skyldi ákveða gengisskráninguna. Ég ætla ekki hér að fara út í deilur um, hvort það sé út af fyrir sig rétt, að Alþingi ákveði gengisskráninguna, Seðlabankinn eða einhver annar aðili. En við höfum þó hins vegar búið fram til þessa við það fyrirkomulag, að Alþingi ákveði gengisskráninguna. Við vitum, að þetta hefur hvað eftir annað orsakað ákaflega mikla örðugleika. Hér hafa verið til meðferðar í þinginu, — ég held mér sé óhætt að segja í margar vikur, áreiðanlega þrjár vikur um gengisskráninguna 1950, — frumvörp um gengisbreytingu, en áður en frv. kom inn í þingið þá og enda oft áður, hefur það verið í almæli kannske vikum og jafnvel mánuðum saman, að gengisbreyting væri í uppsiglingu. Og það var vitað 1950, að minnihlutastjórn Sjálfstfl., sem þá fór með völd, hafði samið frv. um gengisbreytingu á árinu 1949 eða um áramótin þá, og hún hafði a. m. k. afhent tveimur þingflokkunum drög að þessu frv., áður en það var lagt fram, og þeir haft það langan tíma til meðferðar, til þess að átta sig á því, og það var almæli, að það væri í uppsiglingu gengisbreyting. Eins var þetta mjög augljóst 1960, eftir að ríkisstj. er mynduð í nóvembermánuði 1959. Það er í margar vikur og í þessu tilfelli mánuði búizt við gengisbreytingu. Það getur enginn neitað því, að þetta fyrirkomulag á gengisskráningu er ákaflega bagalegt og hefur mjög margvísleg og truflandi áhrif á efnahagslífið í landinu, og það er sennilega ekki sízt af þessum sökum, sem gengisbreyting víðast hvar annars staðar í hinum vestræna heimi er ákvörðuð á annan hátt, af seðlabönkunum eða þjóðbönkunum, og kemur mönnum á óvart og er ákveðin í skyndingu, án þess að menn fyrir fram geti með svo og svo miklum líkum reiknað með henni og sumir hagað sinni fjármálastarfsemi í efnahagslífinu í samræmi við það og efnahagsstarfsemin í heild beðið mikið tjón og vandkvæði hlotizt af. Og það eru óteljandi þau vandkvæði, sem gjaldeyrisbankarnir eiga við að stríða undir slíkum kringumstæðum, þegar lengi hefur verið yfirvofandi gengisbreyting og einnig tekur nokkuð langan tíma að afgreiða hana á Alþingi. Af þessum sökum einum er það auðvitað æskilegra, að gengisskráningarvaldið sé í höndum Seðlabankans. En þó skal ég ekki á þessu stigi málsins fara að rökræða það frekar, og menn geta haft mikið til síns máls, þeir sem segja, að það sé réttara, að Alþingi fari með gengisskráninguna. En það er þó a. m. k. þessi mjög verulegi annmarki á því, að Alþingi sjálft ákveði gengisskráninguna.

Ef Alþingi hefði verið kvatt saman í sumar, mátti það vera öllum ljóst, hvað til stóð. Það tekur nokkurn tíma að kalla Alþingi saman. Meðferð málsins á þinginu hefði líka tekið nokkurn tíma. Og eins og kringumstæður voru hér í okkar efnahagsmálum, gat að dómi ríkisstj., sem átti að meta hina brýnu nauðsyn, valdið verulegum truflunum og kannske stórskaða í okkar efnahagslífi sá tími, sem farið hefði í að viðhafa þessa meðferð málsins.

Mér datt í hug áðan, þegar ég sagði, að a. m. k. hefðu oft verið sett brbl. af miklu minna tilefni og hin brýna nauðsyn verið minni en nú, að ég man ekki betur en sá hv. þm., sem hv. 4. landsk. þm. nú situr á þingi fyrir, páv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, hafi í tíð vinstri stjórnarinnar gefið út brbl., eftir að stjórnin var mynduð í júlímánuði eða um það bil gefið út brbl., líklega í ágústmánuði — og Alþingi átti að koma saman fyrst í október — um breyt. á húsnæðismálalöggjöfinni, og það var til þess að fjölga mönnum í húsnæðismálastjórninni. Og hin brýna ástæða var þá færð fyrir því, — ég held, að þar hafi ekki verið nema tveir eða þrír, en það þurfti endilega að fjölga þessum mönnum upp í fjóra, og það mátti ekki bíða mánaðartíma eða þangað til þing kæmi saman að leggja það fyrir Alþingi.

En þetta er nú ekkert einsdæmi. Ef út í það væri farið, — ég hef ekki haft aðstöðu til þess, — eru áreiðanlega fjölmörg dæmi þess, að hin brýna nauðsyn getur verið nokkuð hæpin, og alveg eins og prófessor Ólafur Jóhannesson segir, að það sé óneitanlega matskennt og teygjanlegt, hver hin brýna nauðsyn kunni að vera. Ég viðurkenni, að það á auðvitað að gera meiri kröfur til þessa í mikilvægum málum, en einmitt mikilvægi málanna leiðir líka oftast til þess, að hin brýna nauðsyn sé tvímælalausari en ella mundi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En mig furðar á því, að hér skuli haldið uppi umr. um það, hvort þessi brbl. hafi farið í bága við stjórnarskrána eða ekki, því að það verður víst áreiðanlega tvímælalaust, og það mætti segja mér, að fræðimenn í háskólanum síðar meir kenndu nemendum sínum þá, að auðvitað hefðu þessi brbl. ekki farið í bága við stjórnarskrána. Kannske þessi hv. þm., ef það ætti fyrir honum að liggja að verða prófessor og fræðimaður, mundi þá hafa aðra afstöðu en hann hafði hér í sinni jómfrúræðu.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það er mjög slæmt, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur hér, af því að nokkuð er deilt á þá ræðu, sem hann hér hefur flutt, og raunar væri mjög æskilegt fyrir okkur þm. að vita, hver færi með forsrh.-embættið sem stendur. Ég vona, að sá hæstv. ráðh., sem talar næst, upplýsi okkur um það, hver það sé, þannig að við gætum þá a. m. k. beint okkar máli nokkuð til þess manns, sem í augnablikinu færi með það embætti, meðan sjálfur forsrh. hæstv. er fjarverandi.

Hæstv. dómsmrh. hefur nú minnzt nokkuð á þessi mál og gert ofur litla tilraun til þess að verja það, sem hæstv. forsrh. hafði haldið fram, og tókst honum nú ekki vel. Hann er lögfræðingur líka og ætti að kunna að gera greinarmun á því, þegar hann er að tala um útgáfu brbl., að það var tvenns konar efnislegt, sem í því fólst. Fyrra atriðið var það, og það er höfuðatriði þess frv., sem við erum að ræða nú í dag, að taka valdið úr höndum Alþingis til að skrá gengið. Hitt atriðið er aftur á móti það að ákveða gengið, og það var annarri stofnun, starfsmönnum ríkisstj., bankastjórn Seðlabankans, falið að gera. Allar þær röksemdir, sem

hér hafa verið fluttar, líka af hæstv. dómsmrh. nú síðast í ræðu hans, hníga að því, að það hafi verið nauðsynlegt að breyta genginu og að ríkisstj. hafi álitið, að það hafi verið brýn nauðsyn að breyta genginu og það mætti ekki bíða. Þetta getur frá sjónarmiði ríkisstj. og frá sjónarmiði forseta lýðveldisins verið þeirra skoðun, og þá geta þeir framkvæmt þá skoðun með því að gefa út brbl. um að breyta genginu, ef þeir álíta brýna nauðsyn bera til þess. Það er það eina, sem hæstv. ráðh. hafa sannað í sínum ræðum, að út frá þeirra sjónarmiði væri brýn nauðsyn til að breyta genginu. Það gátu þeir gert með brbl. og þar með afstýrt þeirri yfirvofandi þjóðarhættu, sem þeir álitu vera, en ég álít rangt hjá þeim. En hvaðan kom þeirra skoðun um, að það væri brýn nauðsyn að taka valdið af Alþingi? Það hefur enginn þeirra sýnt fram á það enn þá. Þeir gátu fullnægt öllum þeim rökum, sem þeir hafa haldið fram um, að það ætti að breyta genginu, með því að breyta genginu með brbl., og það var það eina, sem var í samræmi við það, sem Alþingi hafði áður ákveðið. En það, sem þeir gera, er bara allt annað. Þeir fela nokkrum embættismönnum sínum í þjóðfélaginu að ákveða gengið, taka valdið af Alþingi. Og ég vil biðja hæstv. ráðh., sem koma til með að ræða þetta mál hér, um að gera svo vel að halda sér við það og sanna, að þeir hafi haft einhvern rétt samkvæmt stjórnarskránni og samkvæmt lögum til þess að gera slíkt. Þetta er meginatriðið í því, sem við erum að ræða, og við skulum ekki vera að reyna að draga neina dul á þetta með löngum ræðum, eins og hæstv. viðskmrh. var að gera, um efnahagsástandið í landinu og annað slíkt, þótt maður sé reiðubúinn til að ræða það líka.

Hér er, eins og einmitt hv. 4. landsk. (IRH) lýsti áðan í sinni ræðu, um ákaflega þýðingarmikið stjórnarskrárlegt atriði og stjórnarfarslegt atriði að ræða, þar sem Alþingi þarf sannarlega að standa vörð um sinn rétt og um stjórnarskrá og lögin í landinu.

Hæstv. dómsmrh. færði fram þau rök hér áðan sem ein rök fyrir því, að það hefði nú verið gott að taka valdið af Alþingi og fela Seðlabankanum og ríkisstj. að skrá gengið, að þetta hefði verið ósköp óþægilegt á undanförnum árum og óskynsamlegt, að Alþingi hefði stundum kannske verið þrjár vikur að fjalla um eitt gengislækkunarfrumvarp. Þetta eru út af fyrir sig mjög skynsamleg rök frá hálfu hæstv. dómsmrh. Það voru bara ekki nein rök fyrir því, að það ætti að taka valdið af Alþingi nú í sumar, vegna þess að þeirri brýnu nauðsyn, sem ríkisstj. áleit að væri á að skrá nýtt gengi, var hægt að fullnægja með útgáfu brbl. um annað gengi, og kom ekkert því máli við, hvort það átti að taka það vald af Alþingi. Og ég vil, fyrst hæstv. dómsmrh. minntist á þetta og færði fram þau rök, að það væri óskynsamlegt og óeðlilegt, að Alþingi væri að fjalla kannske þrjár vikur um að breyta genginu í landinu, vegna þeirra áhrifa, sem það hefði á almenning, og gæfi braski undir fótinn og annað slíkt, — ég vil benda hæstv. dómsmrh. á, hvernig fór í sumar, þegar þetta vald var tekið af Alþingi og þegar ríkisstj. tók þetta vald í sínar hendur? Hvað gerðist þá? Var þá þagað? Kom þá ekkert fram um, að það ætti að lækka gengið? Þössuðu allir upp á að þegja þá, þeir sem eitthvað áttu að vita um þetta? Nei, það var síður en svo. Hver var það, sem slúðraði? Hver var það, sem hélt opinbera ræðu? Kannske það hafi verið einhver af ráðherrunum? Fór ekki sjálfur fjmrh. að þvaðra um, að það væri nauðsyn að lækka gengið? Hvað hefði verið gert við fjmrh. í Bretlandi, ef hann hefði talað þannig? Hann hefði sagt af sér undireins, tafarlaust, og verið álitinn óhæfur til þess starfs. En þegar fjmrh. hér á Íslandi fer að tala um, að það verði bara að lækka gengið, löngu áður en það er gert, þá er það víst álitin stjórnspeki. Mikið má vera, ef hann hefur ekki hækkað í tign á eftir. Ég held, að hann hafi jafnvel orðið varaformaður Sjálfstfl. Ég held, að það sé sannarlega þörf á því, þegar svona er farið að og einmitt þegar hæstv. dómsmrh. er búinn að gefa áminningu út af því, hve nauðsynlegt það sé, ef gengislækkun eigi að verða, þá fari hún fram skyndilega, án þess að nokkur maður tali um slíkt áður, að gefa hæstv. fjmrh. ærlega áminningu um að passa á sér munninn.

Ég held þess vegna, að það komi úr hörðustu átt, þegar hæstv. ríkisstj., — ég tala nú ekki um, ef það hefði verið sjálfur fjmrh., sem var að gefa okkur þessa áminningu, — fer að tala um, að það sé hættulegt að láta Alþingi fjalla um gengisskráningarvaldið og það sé svo óskaplega öruggt, ef þetta sé í höndum fjmrh. og ríkisstj., þá verði þagað svo vel.

Við skulum hins vegar ræða þetta mál, einmitt þetta sjálft stjórnarfarslega mál, sem hér er um að ræða, og það ýtarlega. Ég álít, að það verði ekki of ýtarlega rætt, vegna þess að hér séu á ferðinni mjög hættulegar tilhneigingar til þess að stjórna landinu meir og meir með einræði, stjórna landinu með brbl. og gera þingið meir og meir að aðila, sem eigi að samþykkja það, sem ein ríkisstj. hefur ákveðið, kannske með því að kalla hennar þm. saman á fund og kannske ekki.

Fyrsta atriðið, sem ég vil gera að umtalsefni í þessu sambandi, er sjálft löggjafarvaldið. Ég vil undirstrika það, að ríkisstj. sem slík hefur ekkert löggjafarvald, og nú vil ég biðja þá löglærðu menn, svo að ég taki mér í munn orð hæstv. landbrh., sem honum þykir svo vænt um að nota hér, að hafa í huga þá breytingu, sem varð á okkar stjórnarháttum við það, að lýðveldi var stofnað á Íslandi, því að mér virðist stundum á þeim umr., sem fram fara, að jafnvel sumir þm. og jafnvel sumir ráðh. geri sér þetta ekki fyllilega ljóst.

Með löggjafarvaldið á Íslandi fara skv. stjórnarskrá, 2. gr., Alþingi og forseti Íslands. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið, og það er eingöngu þessara tveggja aðila að gefa út lög á Íslandi, og það er eingöngu og fyrst og fremst á ábyrgð þessara tveggja aðila að samþykkja lög og gefa út lög. Þó skal það fram tekið, eins og fram gengur náttúrlega af stjórnarskránni, að brbl. getur forseti ekki gefið út, nema einhver ráðh. undirskrifi. En það er vald forsetans að gefa út brbl. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi hæstv.

forseta: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út brbl. milli þinga.“

Þetta vald til brbl. er annars vegar vald Alþingis og hins vegar vald forseta. Ég vil taka það fram sem minn skilning, og þætti mér vænt um, að mér löglærðari menn segðu líka sitt álit í sambandi við þetta mál: Ég álít, að forseti geti neitað að skrifa undir brbl., sem ríkisstj. leggur fyrir hann, — það sé alveg ótvírætt. Ríkisstj. hefur ekki kröfu á því, að forseti undirskrifi brbl. Það er ekki vald, sem ríkisstj. getur framkvæmt sem slík. Forseti er skv. stjórnarskránni ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. En það að gefa út brbl. er ekki stjórnarathöfn, það er löggjafarstarf, þannig að þegar forseti undirskrifar brbl., tekur hann þar með á sig ábyrgð, ríkisstj. auðvitað líka, og hún ber þá hreinu stjórnmálalegu ábyrgð frammi fyrir Alþingi, en forsetinn tekur líka á sig ábyrgð. Það, að ég vil undirstrika þetta, stafar af því, að í stjórnarskrá lýðveldisins er forsetanum gefið það vald að geta neitað að staðfesta lög frá Alþingi og þar með skotið þeim lögum undir þjóðardóm og þjóðin þannig verið æðsti dómstóllinn um, hvort lögin skuli öðlast gildi áfram eða ekki, þótt þau hafi gildi þann tíma, sem líður, frá því að Alþingi hefur samþykkt þau og þangað til dómur þjóðarinnar fellur. Þetta vald var gefið forseta Íslands með sérstöku tilliti til þess, að það var ákveðið, að hann skyldi kosinn af þjóðinni, en ekki af Alþingi, þannig að hann átti að vera vörður þjóðarheildarinnar gagnvart Alþingi og gagnvart því, að Alþingi og þeir flokkar, sem þar kynnu að vera í meiri hluta, misnotuðu sitt vald á móti meiri hluta þjóðarinnar. Þetta var tilgangurinn með því, hvernig þeir, sem sömdu lýðveldisstjórnarskrána, orðuðu þessi mál og gengu frá þessu. Vald forseta er þess vegna mjög mikið á Íslandi, og vald hans til þess að neita að undirskrifa brbl. er að mínu áliti ótvírætt, enda væri óeðlilegt, ef hann gæti ekki neitað að undirskrifa brbl., þegar hann getur meira að segja skírskotað lögum, sem samþ. eru á Alþingi, til þjóðardóms.

Hins vegar var það svo, meðan við vorum konungsríki, að þá var ekki hugsanlegt, að konungur gæti neitað að undirskrifa brbl., vegna þess að konungsvaldið var aðeins formlegt vald, og það hefði brotið í bága við þingræðið, ef konungur Íslands hefði ætlað þá að nota sína aðstöðu til þess að neita að undirskrifa brbl. Ríkisstj. hafði þá þann raunverulega rétt til þess að gefa út brbl.

Á þetta vil ég leggja áherzlu, og ég vil gjarnan vita, hvort við erum ekki sammála um þennan skilning á stjórnarskránni og þessu valdi og þessari skiptingu valdsins, hvort sem það er í sambandi við þetta mál eða önnur mál, sem síðar kunna að koma, til þess að það sé ekki neinn efi um, hvernig valdskiptingin er, sem er grundvöllur fyrir okkar þjóðskipulagi.

Hér hefur verið talað um, að bráðabirgðalöggjafinn sé óbundinn. Hver er þá bráðabirgðalöggjafinn? Það er forsetinn, sem þó getur ekki notað valdið í þessu tilfelli, hvað brbl. snertir, nema einn ráðh. undirskrifi. Ég vil, að þetta komi greinilega fram, til þess að það sé augljóst, að ábyrgðin er þarna sameiginleg hjá forseta lýðveldisins og hjá ríkisstj., þegar brbl. eru gefin út. Þetta er ákaflega þýðingarmikið mál, af því að það varðar grundvöll að öllu okkar stjórnskipulagi.

Nú skulum við því næst athuga þá möguleika, sem opnast fyrir okkur í sambandi við umr. um þessi lög og beitingu þessa valds til að gefa út brbl. Það má að vísu allmikið deila um þetta vald, og það hefur aðallega verið af hálfu þeirra, sem reyna að verja þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir, verið skírskotað til þess, að það hafi oft verið gefin út brbl. á Íslandi, sem hafi verið hæpin. Það getur verið rétt. Það afsakar í raun og veru ekki neitt, nema það minnir okkur hér á Alþingi á það, að við verðum þá að standa þarna betur á verði og við verðum að reyna að innleiða betri hætti í þessum efnum, svo framarlega sem okkur finnst of mikið að því gert að beita þessu valdi. Og nú vil ég taka það fram, að stjórnarskráin sem slík er að vísu ekki mjög nákvæm í þessum efnum. Það eru þessi orð, „brýn nauðsyn“, sem þarna eru, og þið hafið heyrt áðan þær túlkanir, sem hv. 4. landsk. las hér upp, einmitt eftir fyrrv. prófessor við lagadeild háskólans, sem nú skipar embætti forsrh., þannig að a. m. k. þeir, sem lögin hafa kennt í háskólanum, hafa viljað vera gætnir um þetta efni. Hins vegar sagði hæstv. forsrh. nú, að bráðabirgðalöggjafinn væri að öðru leyti algerlega óbundinn. Þetta er dálítið hættuleg yfirlýsing. Þetta er raunverulega yfirlýsing um það, að forseti og ríkisstjórn, ef þeir eru sammála, þá geti þessir aðilar gengið mjög langt í því að beita þessu valdi. „Brýn nauðsyn“ er náttúrlega út af fyrir sig mjög teygjanlegt hugtak.

Og þá vil ég aftur vekja athygli á því, að það er hægt, ef svona álit er haft á hlutunum, eins og hæstv. forsrh. kom hér með, að framkvæma meira og meira einræði innan ramma stjórnarskrárinnar, ef hún er svona skoðuð, og gera þingræðið hreinan skrípaleik. Við skulum bara segja, að hæstv. ráðherrar væru eitthvað óánægðir, t. d. með þá skipan mála, að þeim fyndist ganga hægt að koma á einkaauðvaldi í landinu, einkaframtaki og öðru slíku, sem ýmsir menn hafa haft áhuga á, og að alls konar ríkisrekstur og þjóðnýting væru allt of lengi að þvælast fyrir. Við skulum segja það, að ríkisstjórn og forseti kæmu sér saman um það einn góðan veðurdag, að Landsbanka Íslands skyldi breytt í hlutafélag með brbl., hlutafélag með skulum við segja 10 millj. kr. hlutafé og þessi hlutabréf yrðu boðin út þá þegar og t. d. öllum dugandi kaupsýslumönnum í landinu gefinn kostur á að kaupa þau á nafnverði, hvað þeir mundu auðvitað fljótt gera, því að þeir eru góðir „business“-menn í slíkum efnum. Og væri t. d. Alþingi lokið í marz og brbl. gefin út í apríl og í maí væri búið að gera Landsbankann að hlutafélagi og þetta 10 millj. kr. hlutafélag, sem góðir kaupsýslumenn hefðu eftir ágætri fyrirmynd, að dómi hæstv. landbrh. (IngJ), keypt hlutina í, væri búið að yfirtaka þessar 400 millj., sem Landsbanki Íslands á í skuldlausum eignum, og þeir væru farnir að stjórna því og stjórnuðu því fyrirtæki áfram. Svo kæmi

Alþ. saman 10. okt., og í millibilinu væru kannske allir þingmenn stjórnarflokkanna orðnir góðir hlutafélagar í Landsbanka Íslands h. f. Hvernig stæði Alþ. að vígi að eiga að breyta þessu á eftir? Er eitthvað í stjórnarskránni, sem mundi hindra þetta, ef forseti og ríkisstj. væru sammála um það og álitu þetta brýna nauðsyn? Við skulum bara segja, að það hafi eitthvað verið að gerast í þjóðfélaginu, jafnvel kannske verið verkfall, og atvinnurekendur hafi kannske haft tilhneigingu til þess að semja við verkamenn og það hafi verið nauðsynlegt að kaupa atvinnurekendur frá því að semja við verkamenn og gefa þeim fríðindi og þeim hafi verið boðið upp á þetta, ef þeir vildu standa fast á móti. Það hefur vissulega komið fyrir hér, að ríkisstjórnir hafa viljað örva atvinnurekendur upp í að standa fast á móti því að semja við verkamenn. Ég man eftir t. d., að Framsfl. skoraði á atvinnurekendur í sept. 1944 mjög harðvítuglega að láta nú ekki undan verkamönnum. Það var um leið og hann hætti þátttökunni í fjögurra flokka samningunum, sem þá fóru fram um nýsköpunarstjórnina. M. ö. o.: Það geta komið fyrir mál, þar sem þjóðin og Alþ. á það einvörðungu undir heiðarleika forseta lýðveldisins og ríkisstjórnarinnar, hvað gert er í svona efnum.

Stjórnarskráin gerir satt að segja ráð fyrir tiltölulega miklum heiðarleika af hálfu stjórnarvalda. Og ef það fer að fara lítið fyrir þeim heiðarleika, þá er allt okkar þjóðskipulag í hættu. Ef farið er að misnota það vald, sem þessum mönnum sem fulltrúum þjóðfélagsins í heild hefur verið fengið í hendur, forsetanum og ríkisstjórninni, þá er allt þjóðskipulag okkar í hættu. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir, að menn misnoti valdið, sem þeim er gefið. Hún kveður að vísu á um landsdóm, en við vitum allir, að Alþ. hefur allan þann tíma, sem hann hefur átt að starfa, aldrei séð um að koma landsdómi í það form, að hann gæti í raun og veru starfað. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á það, um leið og menn eru að ræða hér, hvað séu stjórnarskrárbrot og hvað stjórnarskrárbrot ekki, þá er annað atriði, sem þarna kemur inn í, og það er: Er hér um að ræða misnotkun valds af hálfu þeirra, er beita því, eða ekki? Og það er ekki síður stórt atriði í þessu heldur en hitt, sem við máske getum deilt heilmikið um, hvenær er stjórnarskrárbrot og hvenær ekki. En ótvírætt eftir þeim skýringum, sem núv. hæstv. forsrh. gaf sem lagaprófessor og voru lesnar upp áðan af hv. 4. landsk. þm., þá er útgáfa þessara bráðabirgðalaga stjórnarskrárbrot.

Þetta stjórnarskrárbrot er því verra, sem þetta stjórnarskrárbrot beinist beinlínis gegn Alþingi. Ég þykist vita, að það hefði verið rætt hér mjög harðvítuglega um af hálfu ýmissa flokka, ef það hefði verið um að ræða t. d. eignarnám á eigu einhvers stórfyrirtækis hér í landinu eða eitthvað annað slíkt, og það hefði verið rifizt mikið um, að þetta bryti í bága við eignarnámsparagrafinn í stjórnarskránni, eða ýmislegt annað þess háttar. En þegar um er að ræða að skerða vald sjálfs Alþingis, þá er hættulegt atriði á ferðinni, þar sem Alþ. verður vissulega að vera á verði. Það voru færð fram þau rök fyrir því af einum þeirra hæstv. ráðh., sem hér töluðu, að þm. stjórnarflokkanna hefðu komið saman, — ég veit ekki, hvort þetta er rétt eða ekki. Hafi svo verið, að þingmenn stjórnarflokkanna hafi komið saman og þeir verið spurðir að þessu og þeir samþykkt þetta, kannske einmitt samþykkt, að valdið væri tekið af Alþ., vegna þess að þeir hafi ekki viljað fá á sína ábyrgð að skrá gengið, þá liggur mér við að spyrja: Er ekki hér verið að gera samsæri gegn Alþ.? Og hvað er það, sem stjórnarskráin uppáleggur þingmönnum í þessu sambandi? Stjórnarskráin, í 48. gr., uppáleggur þingmönnum, að þeir séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Stjórnarskráin uppáleggur þingmönnum að ráða málum til lykta eftir að hafa hlustað á mál manna og myndað sér skoðanir á málunum. Hvað er það, sem gerist, þegar ein ríkisstjórn kallar sína stjórnarflokka saman á milli þinga til að leggja fyrir þá einhver mál, sem hún ætli sér að gefa út? Það þýðir, að stjórnarþingmennirnir fá ekki að heyra málið nema frá einni hlið, venjulega kannske á einum einasta fundi, og standa undir meira eða minna áhrifavaldi frá hálfu sinna forustumanna til þess að beygja þá undir að samþykkja slíkt, alveg þveröfugt við það, sem mundi vera, svo framarlega sem þeir fengju tækifæri til að ræða þessi mál á Alþ. Ég álít, að slíkt sé aldrei nein afsökun, enda dæmi um það, að þeir menn, sem á slíkum skyndifundum hafa fallizt á viss bráðabirgðalög og bráðabirgðaráðstafanir, hafa horfið frá þeim málum á eftir, þegar þeir athuguðu málið.

Ég vil nú leyfa mér að staðhæfa það, að þessi brbl. séu svo fjarri því að vera í samræmi við stjskr. og í samræmi við það, að stjórnin hafi treyst sér til að hafa meiri hluta á Alþingi fyrir þessum verknaði, ef hann væri framkvæmdur, eftir að Alþ. kæmi saman, að ég held einmitt, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið út þessi brbl. vegna þess, að hún treysti sér ekki til þess að koma þeim gegnum þingið, þegar þing væri kallað saman og málið lagt fyrir það. Ég leyfi mér að staðhæfa það. Ég held, að hér sé þess vegna ákaflega mikil hætta á ferðinni. Allt stjórnarfar viðreisnarinnar er að komast í þá aðstöðu á Íslandi, að það þolir ekki lengur þingræðisleg vinnubrögð. Það grípur meir og meir til einræðisaðgerða í þessum málum. Það er hins vegar engum vafa bundið, að slíkar einræðistilhneigingar, svo lengi sem forseti og ríkisstjórn eru sammála, þá er hægt að reyna að rýma þær innan stjórnarskrárinnar. Ég nefndi sem dæmi hér áðan, ef Landsbankanum væri breytt svona með brbl. Ég býst við, að flestum mundi finnast það í dag vera fjarstæða að láta sér detta slíkt í hug, og það væri gífurleg valdskerðing gagnvart Alþ. og gagnvart þjóðfélaginu í heild, ef slíkt væri gert. En það mætti alveg jafnt verja það gagnvart stjórnarskránni eins og þessi lög, sem voru gefin út 1. ágúst í sumar.

Hæstv. forsrh. ræddi það síðan nokkuð, að þótt Alþ. hefði neitað lagagreininni, 2. gr., sem var í gengisskráningarlögunum 1950, þar sem Landsbankanum var uppálagt að skrá gengið

þegar kaupgjald breyttist, þá þýddi það ekki, að Alþ. mundi neita þessum lögum eða það væri í ósamræmi við vilja Alþingis að hafa gefið út þessi brbl. í sumar, vegna þess að þetta ákvæði stæði ekki þar í. Þetta er nú anzi mikil hártogun. Sannleikurinn er, að þessi brbl. voru auðsjáanlega gefin út í sumar og valdið afhent Seðlabankanum til þess að framkvæma það, sem fyrirhugað var í 2. greininni um gengisskráningarfrv. 1950, að breyta genginu, þegar kaupinu væri breytt, enda er það aðalforsendan hjá hæstv. viðskmrh. í hans skilgreiningu til forseta lýðveldisins, að kauphækkanir hafi farið fram og þess vegna þurfi að breyta, þess vegna þurfi að taka valdið af Alþ. og skrá nýtt gengi. Það er því hálffurðulegt af hæstv. forsrh. að koma með slíkt.

Nú skulum við víkja að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um þetta mál. Hann viðhafði þessa sömu sófistísku röksemd og hæstv. forsrh., að alþýðusamtökunum hafi verið illa við gengisskráningarákvæði í gengisskráningarlögunum, 2. greinina 1950, vegna þess, að þar hafi verið uppálagt Landsbankanum að skrá gengið að nýju, svo framarlega sem kaupgjald breyttist, og þess vegna hafi þessu verið breytt þá. En hvað gerir hann einmitt sjálfur núna? Hann fer sjálfur fram á það, að vegna þess að kaupið hafi hækkað, þá sé valdið tekið af Alþ. um að skrá gengið og fengið í hendur Seðlabankanum, og ríkisstjórnin, sem hefur valdið yfir bankastjórum Seðlabankans og á líka eftir þessum brbl. að hafa hönd í bagga með gengisskráningunni, skráir síðan gengið þannig, að fyrir útlendan atvinnurekanda er hækkunin á þeim útlenda gjaldeyri nákvæmlega jafnmikil og afturhaldsblöðin hér héldu fram að kaupið hefði hækkað, þannig að það er einmitt verið að framkvæma það, sem alþýðusamtökin mótmæltu 1950, með þessum gengisskráningarlögum.

Hvað sagði hæstv. viðskmrh. sjálfur um þessi lög, þegar þau voru til umræðu í marz 1950? Hann sagði eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta, — það var 15. marz 1950, þá var Gylfi Þ. Gíslason aðeins þingmaður, en ekki viðskmrh.:

„Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Alþ. afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924 til að ráða gengi krónunnar, og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til mála, að Alþ. afsali sér þessum rétti.“

Þetta segir hann almennt, að það komi ekki til mála, að Alþ. afsali sér þessum rétti. Svo bætir hann við:

„Sérstök ástæða er og til að gagnrýna, hvernig komizt er að orði í niðurlagi þessarar greinar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í lögum þessum.“

Og síðan heldur núv. hæstv. viðskmrh. áfram:

„Nú er hagfræðingum þeim, sem undirbjuggu þetta frv., auðvitað ljóst, að kaupgjald getur haft áhrif á gengið. En þeim hlýtur líka að vera ljóst, að þar er aðeins um að ræða einn þátt af mörgum, sem áhrif hafa á gengið, og alls ekki hinn mikilvægasta, heldur eru það markaðsskilyrði og framleiðslugeta þjóðarinnar í heild. En hvað á það þá að þýða að nefna kaupgjaldið eitt? Með þessu er verið að hóta launþegasamtökunum í landinu. Það er ekki verið að tala um að breyta genginu, ef verðlag breytist erlendis, en því er hótað, að gengisbreyting skuli verða framkvæmd, ef kaupgjald hækkar. Það hafa engin samráð verið höfð við launþegasamtökin í sambandi við þetta frv., og er það illt. Hitt er þó verra, að í því skuli felast slíkar hótanir í garð launþegasamtakanna. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að bera fram á þskj. 429 brtt. um, að þessi grein skuli felld niður.“

Þetta var afstaða hæstv. viðskmrh. 1950. Í fyrsta lagi var hann á móti því að taka úr höndum Alþ. það vald til að skrá gengið, sem það hafði haft frá 1924. Í öðru lagi var hann sérstaklega á móti því, að það væri gefið í skyn eða mælt svo fyrir, að endurskoða skyldi gengisskráningu, svo framarlega sem kaup hefði hækkað. En hvað er það, sem hann gerir nú sem viðskmrh.? Hann leggur til við forseta Íslands, að einmitt ráðstafanir skuli gerðar til að breyta genginu, vegna þess að miklar kauphækkanir hafi orðið. Það, sem hann var að berjast á móti sem hótunum í garð launþegasamtakanna 1950, það framkvæmir hann sem hefndaraðgerðir gegn launþegasamtökunum 1961. Það er ekki gott að sitja lengi í ráðherrastól, ef menn þróast á þennan veg.

Hins vegar var hann ekki einn um það, þó að hann væri með róttækustu mönnum Alþfl. 1950, að hafa þessa skoðun. Það voru menn, þegar hæstv. viðskmrh. var vinstra megin í Alþfl., það voru menn, sem voru hægra megin í honum og höfðu samt mjög svipaðar skoðanir. Ég skal t. d. minna á það, sem fyrrv. hæstv. forsrh. landsins, Stefán Jóh. Stefánsson, form. Alþfl. þá og alllengi, sagði í sinni ræðu um þetta mál, 1950, 27. febr., með leyfi hæstv. forseta:

„Því er haldið fram af hæstv. fjmrh. og í grg., að þetta vald sé víða,“ — hann er að tala um valdið til að skrá gengið eða færa það yfir til Landsbankans, — „að þetta vald sé víða í höndum ríkisstjórna og þjóðbankans, og vefengi ég það ekki. En það er nokkuð annað, þegar valdið hefur um tugi ára verið hjá Alþ. Þá er það mikil og alvarleg breyting að fá það í hendur ríkisstj. á hverjum tíma, og ekki sízt af því, að stjórnmálabaráttan hér er harðari, óvægari og miskunnarlausari en víðast hvar annars staðar, og ríkisstjórn gæti dottið í hug að nota þetta vald, þótt hún vissi sig með því ganga á móti meiri hluta fólksins í landinu.“ — Ég vil vekja athygli á því, að það eru orð Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem ég er að lesa. — „Þar sem stjórnmálahættir eru þroskaðir og þar sem ríkisstjórnir gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni og þar sem enn fremur stjórnarandstaðan gerir sér ekki síður grein fyrir sinni ábyrgð, þar er síður hætta á, að þetta vald verði misnotað. Ég óttast meira, að það verði misnotað hér í hinni óvægu flokkabaráttu, og í huga verkalýðsins og launastéttanna mundi það vekja ugg um það, að hverri þeirra tilraun

til betri kjara yrði svarað með gengislækkun þegjandi og hljóðalaust, en slíkt gæti leitt til baráttu, er orðið gæti afdrifarík og hættuleg íslenzku þjóðlífi. Ég vil því mjög gagnrýna ákvæði 2. gr. og tel ákvæði hennar óskynsamleg hér á landi og ólíkleg til þess að leggja varanlegan grundvöll að viturlegum ráðstöfunum til úrlausnar á verðbólgu og dýrtíðarmálum þjóðarinnar."

Þetta voru orð fyrrv. forsrh. landsins, Stefáns Jóh. Stefánssonar, 27. febr. 1950. — Hæstv. viðskmrh. má fara að athuga sinn gang, þegar hann er kominn svona langt hægra megin við Stefán Jóh. Stefánsson, sem hann einu sinni í æsku sinn var svo stoltur af að vera alllangt vinstra megin við, og raunar flæmdi þann mann út úr Alþfl. og forustustöðu þar sökum þess, hve langt Stefán Jóh. Stefánsson væri orðinn til hægri í þeim flokki. En svona gengur nú lífið, að nú er hæstv. viðskmrh. kominn það langt til hægri í því nýja samfélagi, sem hann hefur öðlazt sess í, að hann er nú farinn að gera ekki aðeins það, sem hann sjálfur áleit ófært, heldur líka það, sem þessi kunni hægri forustumaður Alþfl. áleit ófært og varaði við fyrir ellefu árum.

Ég get haldið áfram þessum tilvitnunum. Haraldur Guðmundsson talaði á sama veg. Og í þeirri atkvgr., sem fram fór hér í Nd. þá, fyrir ellefu árum, stóð allur Alþfl. með þeirri tillögu, sem við þá fluttum, sósialistar og Alþfl.-menn, Ásgeir Ásgeirsson, núv. forseti lýðveldisins, líka. Eins og menn muna, urðu stjórnarskipti, á meðan á þessu stóð, og það var síðan í efri deild, að það tókst að fá það fram, að Framsfl. gekk inn á að breyta þessum ákvæðum.

Það er þess vegna alveg greinilegt, að þeir menn, sem á undanförnum áratugum hafa hugsað af fullri alvöru um þessi mál og viljað standa þarna á verði um rétt Alþ., hafa varað við því að taka þetta vald úr höndum Alþ. Og alveg fráleitt mundi öllum slíkum mönnum hafa fundizt að gera slíkt þar að auki með brbl., enda er það yfirleitt sá verknaður, sem hörmulegast er að hæstv. ríkisstj. skuli hafa farið inn á, því að með því móti er hún að taka upp þær aðferðir, sem áður voru mest kenndar við Hitler, að stilla þingmönnum og Alþ. frammi fyrir gerðum staðreyndum og beygja síðan sína þingmenn með alls konar aðferðum til þess að samþykkja það, sem þeir ella hefðu ekki samþykkt.

Þá kemur að þeim þætti í þessu máli, sem snertir sérstaklega ábyrgð hæstv. viðskmrh. Hann átti að sanna hæstv. forseta landsins, að það væri brýn nauðsyn á að gefa þessi brbl. út. Hann kemur með þrjár röksemdir, þegar hann er að lýsa þessu, og ábyrgð ráðh. er vissulega mjög mikil í þessum efnum, vegna þess að hann er sá aðili þingkjörinn, sem þarf að undirskrifa með forseta, til þess að forseti geti beitt þessu valdi. Hæstv. viðskmrh. segir í rökstuðningnum til forsetans, með leyfi hæstv. forseta, að áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið. Og síðan segir hann fleira þarna, sem ég skal fara nokkuð út í. Ég vil taka það mjög greinilega fram, að ég er ekki að firra hæstv. ráðh. og ríkisstj. neinni ábyrgð, þó að ég álíti, að forseti landsins beri ábyrgð með þeim á þessu. Það er gefið, að ef ríkisstj. hefði sagt forsetanum satt, þá hafði hann ekki ástæðu til að gefa út þessi lög á þennan veg, sem hann gerði. Og það, sem ég álasa þessari hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. viðskmrh. fyrir, það er, að hann hafi sagt ósatt, það hafi verið möguleiki til þess að ráða við þá hluti, sem hann nú færir fram sem rök. Það gildir enn þá, þó að við höfum forseta, að það er slæmt, ef „Herlegdáð" lýgur að kónginum. Það er vert að hæstvirtir ráðh. geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir í þessu efni.

Í fyrsta lagi segir hæstv. viðskmrh.: „Áhrif kauphækkananna munu á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar." Er þetta rétt? Hvað var það, sem hafði gerzt, þegar samið var um kaupgjaldið?

Það, sem hafði gerzt, var það, að t. d. Dagsbrún hafði samið um hækkun, sem samsvaraði á ári, ef ég man rétt, eitthvað 5000 kr. fyrir 8 tíma vinnudag. Ef maður reiknar með 3000 Dagsbrúnarmönnum, er það 15 millj. kr. breyting. Og ef maður reiknar með samsvarandi hækkun hjá öllum öðrum, sem stóðu í verkfallinu, gæti þetta kannske verið breyting upp á 30—40 millj. Þetta er það, sem hafði gerzt. Og þetta var það, sem lá fyrir. Hæstv. viðskmrh. segir, að þessi áhrif muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið. Hver segir það? Hver segir, að það breiðist um allt hagkerfið? Það eina, sem liggur fyrir, er, að tilfærsla um 30 millj. kr. fer þarna fram. Jú, ef hæstv. viðskmrh. álítur, að ýmis félög, sem ekki fóru í verkföll, við skulum segja t. d. Iðja hér í Reykjavík, hafi ætlað að fara í verkfall, þá þurfti hún sinn frest um það allt saman, og við gátum þá séð það og látið hana fara í verkfall. Eða hins vegar ef iðnrekendur vildu án verkfalls verða við því að hækka kaup, þá þeir um það. Hvað snertir hin atriðin, hvort ætti t. d. að hækka við starfsmenn ríkisins, það var atriði, sem gat verið mjög sanngjarnt og er það að mínu áliti. En það lá ekki fyrir sem alveg óhjákvæmilegt strax á því augnabliki, að það yrði að gerast t. d. undireins í júlí, og því síður, að það þyrfti að verða við því að hækka almennt álagningu eða eitthvað annað slíkt. M. ö. o.: þetta voru staðlausir stafir, sem þarna var verið að segja. Það eina raunverulega, sem fyrir lá á þessu augnabliki, var, að teknatilfærsla upp á 30 millj. kr. eða svo mundi fara fram. Það setti sannarlega ekki þjóðfélag, sem hefur 7000 millj. veltu á ári, á höfuðið, þannig að þetta var ekki satt, sem þarna var verið að segja.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að þetta mundi hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna. Hver segir, að þetta þurfi að hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna? Það lá fyrir margsannað á þessum sama tíma, að bara með nokkurri vaxtalækkun væri hægt algerlega að vega upp á móti þeirri kauphækkun, sem fram hefði farið, þannig að hagur útflutningsatvinnuveganna væri jafngóður eftir sem áður. Þarna er verið

að segja forsetanum ósatt í rökstuðningi brbl.

Og svo er því bætt við, að það þurfi að koma í veg fyrir atvinnuleysi og gjaldeyrisskort og þess vegna þurfi að gefa út þessi brbl. Hver sannaði það, að atvinnuleysi og gjaldeyrisskort mundi leiða af þessu? Hæstv. ríkisstj. hefur stært sig mjög af því, að það hafi ekkert atvinnuleysi verið á hennar tíma, og við höfum til allrar hamingju á þessum síðustu 20 árum, t. d. hér syðra, haft lítið af atvinnuleysi að segja venjulega nema tvö ár, sem álíka stjórn sat að völdum og sú, sem nú er. Og það lá ekkert fyrir, að það væri að brjótast út atvinnuleysi þess vegna. Hvað snertir gjaldeyrisskort, hver segir, að hafi þurft að breyta genginu til þess að koma í veg fyrir gjaldeyrisskort? Það hafa í 30 ár verið notaðar aðrar aðferðir til þess á Íslandi, að hafa eftirlit með innflutningi.

M. ö. o.: ekkert af þessu, sem hæstv. viðskmrh. heldur þarna fram, voru nein rök gagnvart forseta Íslands um að gefa út brbl. í þessu efni.

Hvað var það, sem átti að gera, svo framarlega sem ríkisstj. áleit, að hér væri hætta á ferðum? Ef ríkisstj. áleit, að það væri sú hætta á ferðum, að það yrði atvinnuleysi, að það yrði gjaldeyrisskortur, að það mundu breiðast út um allt þjóðfélagskerfið alls konar vandræði, sem mundu leiða af sér hrun, miklar kauphækkanir og almenn hækkun á framleiðslukostnaði og allt mögulegt annað slíkt, hvað var það, sem hæstv. ríkisstj. þá átti að gera? Það, sem hæstv. ríkisstj. átti að gera, var að kalla saman Alþingi. Ég beindi því til ríkisstj. sem formaður þingflokks Alþb. þá í samráði við minn þingflokk, að þetta yrði gert. Ég gekk á fund hæstv. forsrh. 26. júlí og flutti honum þessi tilmæli, þessa kröfu og staðfesti það með bréfi daginn eftir. Ég vil leyfa mér að lesa upp þetta bréf, til þess að það komi hér í þingtíðindin. Ég veit að vísu ekki, hvað vel ríkisstj. hefur rætt það, en ég vil þó vekja athygli hennar á, að svo fremi sem hún hefði farið að þeim ráðum, sem henni voru þá gefin, þá hefði hún losnað við mest af því, sem við nú stöndum frammi fyrir, og við þá leiðu framkvæmd, sem hún hefur orðið sek um, að gefa út þau einræðissinnuðu lög, sem við hér erum að ræða. Bréf þingflokks Alþb. 27. júlí til hæstv. ríkisstj. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með leyfi ég mér, herra forsætisráðherra, að staðfesta með þessu bréfi samtal okkar klukkan 11.15 í gær, 26. júlí, þar sem ég bar fram þá kröfu fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalagsins, að Alþingi væri kvatt saman til aukafundar hið bráðasta, og vil ég um leið ítreka rökstuðning vorn fyrir þeirri kröfu.

Af hálfu stuðningsblaða ríkisstj. og málsmetandi manna úr hópi stuðningsmanna hennar hafa verið bornar fram kröfur um, að allt verðlag í landinu sé hækkað verulega, og því jafnvel verið lýst yfir af sjálfum fjmrh., að ný gengislækkun sé óhjákvæmileg. Ríkisstj. hafði áður lýst yfir því sem stefnu sinni að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana og ítrekað þá stefnu sína, að atvinnurekendur og verkamenn verði að semja um kaupgjald, án þess að kauphækkunum sé hleypt út í verðlagið, atvinnurekendur yrðu að standa á eigin fótum og bera sjálfir þær kauphækkanir, er þeir samþykkja. Og sýnist nú hætta á, að horfið verði frá þessari stefnu, sem verkalýðssamtökin hafa treyst á að fylgt yrði, eftir að búið var að afnema með lögum kaupbætur samkvæmt vísitölu. Álítum vér óhjákvæmilegt, að Alþingi verði til kvatt, áður en nokkur slík stefnubreyting yrði ákveðin.

Jafnframt viljum vér leiða athygli hæstv. ríkisstj. að eftirfarandi staðreynd í sambandi við kaupgjaldsmálin, eins og þau standa nú: Tímakaup Dagsbrúnarmanna er nú 22.74 kr. samkvæmt nýgerðum kaupsamningum, en var í desember 1958 og janúar 1959 23.86 kr. Kaupgjaldið þyrfti því enn að hækka um 5% til þess að ná því kaupgjaldi í krónutölu, sem var fyrir 2½ ári. En frá því í marz 1959 þar til í júlí þessa árs hefur verðlag á vörum og þjónustu hækkað um 19% án nokkurrar verðlagsuppbótar. Þessar tölur sýna, hve fráleitt það væri og ranglátt að ætla nú að beita ríkisvaldinu til þess að rýra kjör almennings frá því, sem nú hefur verið um samið í frjálsum samningum, enda augljóst, að slíkar ráðstafanir hlytu að kalla á nýjar gagnráðstafanir verkalýðssamtakanna. Jafnframt er rétt að minna á vegna fyrri yfirlýsingar ríkisstj., að kaupgjald íslenzkra verkamanna er eftir nýafstaðnar kauphækkanir lægra en stéttarbræðra þeirra á Norðurlöndum, að sérstakt góðæri er nú um síldarafla, meira en verið hefur um tvo áratugi, og að verðlag á útflutningsvörum fer hækkandi, aðalútflutningsvörurnar hafa hækkað um 10—30%. Öll rök hníga þess vegna að því, að áður en tekið væri að beita ríkisvaldinu til þjóðhættulegra verðhækkana, beri að kveðja Alþingi saman til þess að gefa því kost á að taka ákvarðanir í þessum stórmálum og marka stefnuna.

Þá viljum vér leggja áherzlu á það, að vér ætlum, að ástand ríkissjóðs, ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar og ástandið í sölumálum útflutningsins, ekki sízt hvað síldina snertir, geri það og mjög brýnt, að Alþingi fjalli um þau mál öll nú þegar.

Síðast, en ekki sízt, viljum vér ítreka þær kröfur, sem fram hafa verið bornar af hálfu fulltrúa þingflokksins í utanrmn. um, að Alþingi verði kallað saman nú þegar vegna þeirra samninga um landhelgina, sem gerðir hafa verið, eftir að Alþingi lauk.

Virðingarfyllst,"

Undirskrifað af 7 þm. Alþýðubandalagsins.

M. ö. o.: áður en ríkisstj. þann 1. ágúst gaf út brbl., var búið að flytja henni þau tilmæli frá þingflokki Alþb., að Alþingi yrði kallað saman, einmitt vegna þess, að yfirlýsingar höfðu verið gefnar út, m. a. af hæstv. fjmrh., um, að gengislækkun væri óhjákvæmileg. Ríkisstj. hafði aðstöðu til þess og henni hafði verið bent á þá leið, sem var sú eina rétta stjórnarfarslega leið, þegar ríkisstj. allt í einu tók upp á því að gerbreyta um alla stefnu, hverfa frá öllum sínum stefnuyfirlýsingum, að kalla saman Alþingi og leggja það undir þess dóm. Þetta var farið fram á við ríkisstj. Þetta gerði hún ekki.

Hvernig stóð á því, að hæstv. ríkisstj. vildi

ekki fallast á þetta? Ríkisstj. hafði lýst því yfir, — og þá komum við að því pólitíska atriði í sambandi við þessi mál, — ríkisstj. hafði lýst því yfir, þegar hún tók við völdum, og marglýst því yfir á sínum stjórnarferli fram að ágúst í sumar, að kaupgjaldssamningar væru atriði, sem verkamenn og atvinnurekendur yrðu einir að eigast við um. Atvinnurekendur yrðu sjálfir að bera ábyrgð á sínum gerðum. Ríkisstj. ætlaði ekki að láta kauphækkanir, sem þeir kynnu að samþykkja, fara út í verðlagið. Og þeir ætluðu ekki, hvorki með uppbótum né gengislækkunum, að bæta sjávarútveginum það upp, ef hann semdi um það, sem að sumra dómi kynnu að vera óskynsamlegir samningar í slíkum efnum. M. ö. o.: það átti að kalla íslenzka atvinnurekendastétt til ábyrgðar. Ríkisstj. ætlaði að sýna henni það, að hún yrði að standa á eigin fótum. Þetta var stefna ríkisstj. Og þetta var, eins og ég hef stundum í öðru sambandi komizt hér að orði, — þetta var e. t. v. þó það skásta í hennar stefnu, að láta atvinnurekendur bera ábyrgð á sínum gerðum og láta þá án þess að fá einhverjar verðlagsuppbætur eða verðhækkanir verða að laga sinn atvinnurekstur að því, með því að skapa slíkar framfarir í atvinnurekstrinum, að þeir stæðu undir kauphækkununum, sem þeir semdu um.

Hvað veldur því þá, að ríkisstj. allt í einu breytir þarna um stefnu, gerbreytir um stefnu? Hafði ríkisstj. máske frá upphafi skoðað sig sem fulltrúa atvinnurekenda einna saman og litið svo á, að atvinnurekendastéttin í landinu mundi vera nægilega sterk til þess að geta brotið verkalýðssamtökin á bak aftur í átökum? Hafði hún litið þannig á, að atvinnurekendastéttin ætti í fullu tré við verkalýðssamtökin og þess vegna væri óhætt að láta þessar tvær stéttir eigast við á þó þessum erfiða vettvangi, sem það er fyrir verkalýðssamtökin að þurfa að standa í löngum verkföllum, því að ekki hefur það spurzt, að atvinnurekendur hafi soltið, þegar verkföll hafa verið, en sorfið hefur að mörgum verkamannafjölskyldunum, þegar þær hafa verið að berjast fyrir sínum rétti? Hafði ríkisstj. treyst á, að atvinnurekendurnir gætu sigrað verkamenn í átökunum? Hafði hún haft bak við tjöldin samráð um þá harðvítugu, óskynsamlegu pólitík, sem Vinnuveitendasamband Íslands framfylgdi í þessum vinnudeilum í sumar, og ætlazt til þess, að atvinnurekendastéttin gæti sigrað, gæti brotið verkalýðinn á bak aftur? Og hafði ríkisstj. þess vegna m. a. beitt valdi sínu í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins til þess að reyna að hindra það, að síldarvertíðin kæmist í gang á Norðurlandi? Ef svo hefur verið, að ríkisstj. hafi gengið út frá því, að í þessum frjálsu átökum, þessum frjálsu samningum mundu atvinnurekendur sigra, þá er afstaða hennar skiljanleg, þá sem sé hugsar hún sem svo: Ég treysti á, að atvinnurekendur sigri verkamenn, og þess vegna lýsti ég því yfir, að ég mun láta alla þeirra samninga afskiptalausa. — Svo kemur það á daginn, að verkamenn sigra að þeirra áliti og atvinnurekendur verða í frjálsum samningum að fallast á kauphækkun, sem allur þorri atvinnurekenda lýsti yfir að hann gæti staðið við án nokkurrar verðhækkunar, en sumir vildarvinir ríkisstj. e. t. v., sem allan tímann heimtuðu meiri gengislækkun, hafa sagt: Nú skulum við nota tækifærið og lækka gengið. — Sem sé, kastaði ríkisstj. þá allt í einu grímunni, þegar hún sá, að atvinnurekendur að hennar áliti biðu ósigur, og sagði: Fyrst þið biðið ósigur á sviði hinnar faglegu baráttu, skulum við grípa til okkar pólitíska valds og skakka leikinn? — Ef svona hefur verið, var þetta skiljanlegt út frá því sjónarmiði, að ríkisstj. hafi skoðað sig frá upphafi sem verkfæri harðsvíruðustu atvinnurekendanna í landinu, treyst á, að þeir gætu brotið verkalýðssamtökin á bak aftur, ákveðið þess vegna að beita svo ríkisvaldinu, þegar hún sá, að þeir gætu ekki gert það. Þá hafa sem sé allar yfirlýsingar ríkisstj. í tvö ár verið ósannindi, verið hræsni og yfirvarp. Þá hefur allan tímann ekkert annað búið þarna á bak við en það, að ríkisstj. ætlaði sér að láta vald atvinnurekendanna í landinu verða sterkara en vald verkalýðsins, en treysti á, að það vald yrði sterkara í þeim faglegu átökum, og þegar sú von hennar brást, ætlaði hún að sýna, að hennar ríkisvald væri þó nógu sterkt til þess að geta skakkað þarna leikinn.

Ef þetta er meining ríkisstj. og svona á að halda áfram, þá vil ég segja það við hæstv. ráðh., að þá stefna þeir beint til einræðis og harðstjórnar á Íslandi. Ef ríkisstj. ætlar að taka sér dómsvaldið um það, hvað atvinnurekendastétt landsins þoli, og segja í hvert skipti, sem að hennar áliti er gengið inn á meira kaupgjald en hún álítur að atvinnurekendastéttin eða einhver hluti hennar þoli, þá ætli hún að beita ríkisvaldinu á móti, þá er verið að gera það að þrælkunarvaldi gagnvart verkalýðnum. Hæstv. ríkisstj. veit, að það voru með stærstu atvinnurekendum í landinu, sem lýstu yfir í sumar, að þeir þyrftu enga verðlagsbreytingu út á þá kauphækkun, sem þeir höfðu samið um. Samband ísl. samvinnufélaga hafði lýst yfir, að það þyrfti enga kauphækkun út á það, sem það hafði samið um viðvíkjandi iðnaðinum. Hvað þýddi þess vegna það, sem ríkisstj. var að gera? Var það það, að hún sæi fram á, að ef frjáls samkeppni fengi að halda áfram, þá mundu samvinnusamtökin leggja undir sig atvinnurekstrinn í landinu? Og ég vil þá spyrja: Máttu þau þá ekki gera það, ef þau voru færari um að reka atvinnureksturinn í landinu heldur en einkareksturinn? Átti þetta að verða ráðstöfun til þess að skakka leikinn og tryggja það, að einkareksturinn, sem þyldi ekki að borga sama kaup og samvinnusamtökin, gæti fengið þarna sérstakar uppbætur á kostnað allrar þjóðarinnar? Það er bezt, að hæstv. ríkisstj. skýri, hvað það er, sem hún meinti með þessu, sú ríkisstj., sem margsinnis hafði lýst því yfir, að hún mundi láta þessi mál afskiptalaus. Ríkisstj. hafði lýst því yfir, að hún ætlaði sér að skapa trú á gildi íslenzku krónunnar, hún ætlaði að skapa trú hjá almenningi í landinu, að hann ætti að leggja sitt sparifé inn í bankana og treysta á að fá ekki miklu verri krónur til baka. Hún rauf öll þessi heit sín. Hún brást öllum þeim sparifjáreigendum í landinu, sem hún hafði verið að reyna að skapa trú á gildi krón-

unnar hjá. M. ö. o.: ríkisstj. braut alveg við blað, hvað hennar yfirlýsingar snertir, fór þarna inn á harðstjórn, sem hlýtur auðvitað ekki aðeins að kalla á pólitíska mótspyrnu á Alþingi og kalla á það, að allir þeir, sem vilja vernda lýðræði og þingræði, sameinist á móti svona aðferðum, heldur hlýtur líka óhjákvæmilega að kalla á nýjar aðgerðir af hálfu verkalýðssamtakanna, eins og nú þegar liggur fyrir og eins og nú þegar er samstaða um hjá verkalýðssamtökunum — og ekki aðeins þeim, heldur hjá flestum starfsmannasamtökunum í landinu. Ég býst við, að það sé að verða tímaspursmál bráðum, hvenær meira að segja þau samtök í landinu, sem hafa ekki verkfallsrétt, fara að neyðast til þess að beita verkfallsrétti, ef eins heldur áfram og nú er.

Hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hafa reynt að sýna fram á það í alllöngum umræðum, sem raunar heyra undir næsta mál á eftir á dagskránni, að atvinnurekendur hefðu ekki getað staðið undir þessu. Það er hrein vitleysa, og það var sannarlega tími til kominn, að það yrði skapað eitthvert aðhald að atvinnurekendunum í landinu um að standa undir því kaupgjaldi, sem þeir semja um. Einmitt því aðhaldi er ríkisstj. að sleppa með þessum ráðstöfunum. Ríkisstj. hafði talað um það mörgum fögrum orðum, að nú yrðu atvinnurekendur að standa á eigin fótum, þetta marghataða og margrætna uppbótakerfi yrði nú loksins að hverfa, atvinnurekendur yrðu að standa á eigin fótum. Það var talað um það eins og væri verið að básúna út einhvern fagnaðarboðskap, að nú yrðu atvinnurekendur endilega að fá að fara á hausinn. Því var jafnvel lýst, ég held af hæstv. viðskmrh., að það hefði verið slíkt ófremdarástand í landinu, að það hefðu mjög fáir atvinnurekendur farið á hausinn s. l. 20 ár. Nú áttu þeir svei mér að fá að fara á hausinn. Og ég efast ekki um, að þeir hafi gengið á hausnum sumir atvinnurekendur, a. m. k. hérna í deildinni hjá okkur, gengið á hausnum og bankaskuldunum og það í allmörg ár. En þeir eru ekki settir á hausinn enn þá af hæstv. ríkisstj. Þvert á móti, það hafa verið gefin út alls konar skuldaskilalög til þess að bjarga þeim. M. ö. o.: atvinnurekendur hafa alls ekki átt að standa á eigin fótum, og þegar kom að því, að verkalýðssamtökin stilltu þeim frammi fyrir því, að þeir yrðu að sýna það, að þeir yrðu að standa á eigin fótum, og þeir sömdu við verkalýðssamtökin um kauphækkanir, þá var þó sannarlega tími til kominn, að þessir atvinnurekendur, sem voru svona óþægir við ríkisstj. að vera að hækka kaupið, sem hún auðsjáanlega vildi ekki, fengju þá að taka afleiðingum gerða sinna. Nei, ríkisstj. hljóp undir bagga, hækkaði gengi erlendrar myntar og reyndi þannig að ræna af verkalýðnum öllu því, sem hann hafði samið um með frjálsum samningum við atvinnurekendur. Þetta framferði er fyrir neðan allar hellur.

Nú hafa, held ég, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. í umr. um þetta mál komið nokkuð inn á, að þegar kauphækkanir hafi verið framkvæmdar, þá hafi verið hlaupizt frá — af hálfu t. d. vinstri ríkisstj. — þeim kauphækkunum, sem þá hafi verið gerðar. En hins vegar vildi hæstv. viðskmrh., held ég, halda því fram, að núv. stjórn hefði brugðizt ákaflega drengilega við og ekki hlaupizt frá vandanum, heldur staðið fast á sinni stefnu. Við skulum athuga ofur lítið, hvernig aðstæðurnar þarna eru og hvort það er verið að sýna ábyrgð eða ábyrgðarleysi.

Það voru framkvæmdar kauphækkanir 1958, um haustið, eins og hæstv. viðskmrh. man. Og nú vil ég taka það fram, að í hvert skipti, sem kauphækkanir eru framkvæmdar, kemur upp sú spurning í þjóðfélaginu, hvort atvinnurekendurnir og þjóðfélagið eigi að láta þessar kauphækkanir verða raunverulegar með því að gera vissar breytingar á þjóðfélaginu og atvinnurekstrinum eða hvort eigi að reyna að hlaupast frá ábyrgðinni með því að hleypa þessu öllu út í verðlagið. Verkalýðssamtökin stóðu að kauphækkuninni haustið 1958, og þar voru að verki bæði menn, sem fylgja Alþb., Alþfl. og ég gæti jafnvel trúað Sjálfstfl. Og ég ætla ekki þeim mönnum úr Sjálfstfl., sem fylgdu þeim kauphækkkunum þá, þá dul, að þeir hafi gert það í neinu ábyrgðarleysi, og ég mundi sérstaklega, ef það væri einhver ráðh. Sjálfstfl. hér inni núna, beina þeirri spurningu til hans, hvort Sjálfstfl., að svo miklu leyti sem menn úr honum tóku þátt í þeim kauphækkunum 1958, um haustið, — hvort þeir hafi gert það í einhverju ábyrgðarleysi og hvort þeir hafi ekki álitið, að þær kauphækkanir, sem þá voru framkvæmdar, væru fyllilega þannig, að atvinnurekstrinn gæti borið þær. Vinstri stjórnin, þ. e. a. s. forusta Framsfl., hæstv. forsrh., sem þá var, Hermann Jónasson, gafst upp í desemberbyrjun við að leysa þau vandamál, sem honum fannst hafa skapazt af þessum eðlilegu kauphækkunum. Hann gafst upp við þau. Það var fyrirsjáanlegt, að þjóðfélagið gat vel leyst þau vandamál. Það eina, sem þurfti til þess, var að gera nokkrar róttækar ráðstafanir viðvíkjandi atvinnurekstrinum og viðvíkjandi þjóðfélagsrekstrinum, sem sé ráðstafanir, sem allar kauphækkanir alltaf heimta. Og nú skulum við athuga, hvernig kaupmáttur tímakaupsins er þá, þegar þetta vandamál er lagt fyrir vinstri stjórnina, í þessu tilfelli fyrir forustu Framsfl. Hver er kaupmáttur tímakaupsins í desember 1958? Kaupmáttur tímakaupsins er 104 í des. 1958. Kaupmáttur tímakaupsins var allt árið 1947 tæplega 103. M. ö. o.: það, sem verkalýðurinn fór fram á með kauphækkununum haustið 1958 og kom fram með vísitölunni, eins og hún var 1. des., það var, að kaupmáttur tímakaupsins væri 104, m. ö. o., að á árinu 1958 eða öllu heldur kannske árinu 1959 yrði kaupmáttur tímakaupsins sá hinn sami og hann var 12 árum áður, þ. e. árið 1947. Og þessi krafa var þá borin fram af þeim, sem stóðu að þeim samningum, sem þá voru gerðir, Alþýðuflokksmönnum, Alþýðubandalagsmönnum og mörgum verkalýðssinnum úr Sjálfstfl., og ekki er talað um ábyrgðarleysi af hálfu Morgunblaðsins í einum einasta leiðara þá. M. ö. o.: vandamálið, sem þá bar að leysa og ég áleit að hefði verið auðvelt að leysa af vinstri stjórninni og áleit alltaf að hefði verið mikið glapræði af báv. for-

srh. ríkisstj. að hlaupast frá þessu, það var að tryggja kaupmátt tímakaupsins nokkurn veginn hinn sama og hann var allt árið 1947, fyrir 12 árum, og það var sannarlega ekki til mikils mælzt, enda þurfti til þess að gera ýmsar róttækar ráðstafanir, bæði viðvíkjandi atvinnurekstri og viðvíkjandi þjóðfélagsrekstrinum. Og það var á því, sem það strandaði. Framsfl. vildi þá ekki horfast í augu við að grípa til slíkra róttækra ráðstafana og hafði allan tímann í vinstri stjórninni staðið á móti því að koma heildarstjórn á þjóðarbúskapinn eða öðru slíku.

Ég vil minna á, að það félag, sem stundum hefur verið ásakað fyrir að vera harðvítugast í sóknum til kauphækkana, Dagsbrún, það félag reyndi eins lengi og hægt var að ná samkomulagi við ríkisstj. um þessi mál, og í Alþýðublaðinu, sem þá var líka stjórnarmálgagn, birtist sumarið og haustið 1958 hver greinin á fætur annarri til þess að skora á Dagsbrún að fara nú að fara af stað með verkföll, knýja fram kauphækkanir. Það er vert, að hæstv. Alþýðuflokksráðherrar í ríkisstj. muni eftir, að þegar kaupgeta tímakaupsins var 95 og 96, þá var það Alþýðublaðið, sem ögraði Dagsbrún til að fara af stað, eftir að fagmennirnir í Reykjavík voru búnir að fá kauphækkanir. Og þær kauphækkanir, sem síðan fengust með samningum án verkfalls hjá Dagsbrún og öðrum, voru ekki meiri en svo, að kaupgeta tímakaupsins eftir hækkun á landbúnaðarvörunum og allt annað slíkt er 104 í desember, og það er allur vandinn, sem ríkisstj. stóð frammi fyrir. Forusta Framsfl. gafst upp við að leysa þann vanda, hvernig ætti að halda kaupgetu upp á 104 stig þá, — kaupgetu, sem menn úr Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu álitið sjálfsagt og ábyrgðarfullt að vinna að því að skapa.

Hvernig stöndum við svo í dag? Framsfl. sundraði vinstri stjórninni og gafst upp við að gera þjóðfélagslegar ráðstafanir til að halda kaupgetu, sem var 104. Hvernig stöndum við svo í dag? Kaupgetan var komin niður í 84 stig, miðað við 100 1945, 1. maí, þegar verkalýðsfélögin fóru af stað. Hver var kaupgeta tímakaupsins, þegar verkalýðsfélögin höfðu staðið heilan mánuð með miklu meira í verkfalli og knúið fram samninga, sem verkalýðsfélögin að vísu sættu sig við, þó að þeir samningar væru ekki um gífurlegar hækkanir, síður en svo, — hver var kaupgeta tímakaupsins, þegar þessum verkföllum var lokið og þessir samningar komnir í framkvæmd 1. júlí 1961? Kaupgeta tímakaupsins var 91,2. M. ö. o.: vandamálið, sem lá fyrir núv. hæstv. ríkisstj., var að láta atvinnurekendur gera slíka hagræðingu á sínum atvinnurekstri eða gera þær breytingar á þjóðfélagsskipuninni, að það stæði undir kaupgetu tímakaupsins, sem var 91.2 eða 13 stigum lægri en það, sem var í des. 1958. Ég vil segja við þá menn eins og hæstv. viðskmrh., sem talaði hér mörg orð til Framsfl. og var að ávíta hann fyrir að hafa hlaupizt frá því að leysa þau vandamál að tryggja kaupgetu tímakaups upp á 104 stig, — ég vil segja við þann hæstv. viðskmrh., að honum ferst ekki að ásaka Framsfl. fyrir þá vitleysu, sem ég álít að Framsfl. hafi gert, þegar hann hljóp frá því að tryggja þá kaupgetu, þegar núv. hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þremur árum seinna að tryggja kaupgetu, sem er 91 stig eða 13 stigum lægri. Þar ferst öðrum að ásaka Framsfl. fyrir að hlaupast frá því heldur en hæstv. viðskmrh. Ég álít, að það hafi ekki verið nokkur vandi, ekki nokkur minnsti vandi að tryggja þá kaupgetu, sem sköpuð var með verkföllunum í sumar, kaupgetu upp á 91 stig. Það hefði verið lafhægt, enda liggja hér fyrir yfirlýsingar frá sterkustu og að mörgu leyti bezt reknu atvinnufyrirtækjum í landinu, að þau gátu þetta hæglega.

Sannleikurinn er, að ríkisstj. væri enn þá aumari en jafnvel við andstæðingar hennar höfum nú viljað gera hana, ef hún treystir sér ekki til þess að varðveita kaupgetu upp á 91 stig. Það eru ekki nema þrjú ár á Íslandi, sem kaupgeta hefur verið lægri en það á síðustu 20 árum. Hvers konar hallærisríkisstj. er það þá, sem situr hér við völd, sem treystir sér ekki til að varðveita slíka kaupgetu? Það er sú aumasta ríkisstj., sem nokkurn tíma hefur setið að völdum hér, síðan lýðveldið var stofnað. Ég vil þess vegna segja: Hæstv. viðskmrh. ferst ekki að ásaka vinstri stjórnina, þó að hún sundraðist á því spursmáli að færa kaupgetu upp á 104 stig. Það var að mínu áliti mjög vel hægt, og hefði Framsfl. ekki hlýtt þá fyrst og fremst fyrirmælum efnahagsráðunautar núv. ríkisstj., Jónasar Haralz, og þeim illu ráðleggingum, sem berast yfirleitt frá þeim, sem bezt samböndin hafa fyrir þá vestur um hafið, eins og Vilhjálmi Þór eða Jónasi Haralz, — ef þeir hefðu farið eftir öðrum ráðum, þá hefði vinstri stjórnin getað haldið áfram og hæglega getað tryggt þá kaupgetu, sem var sköpuð með samningunum haustið 1958. En sú ríkisstj., sem var búin að koma kaupgetunni í 84 og eftir verkföllin sá þessa kaupgetu vera komna í 91, hvað gerir sú ríkisstj.? Sú ríkisstj. grípur til harðstjórnar, til níðingsverks, til þjófnaðar, því að annað er ekki það verk, sem framið var með gengislækkuninni í sumar. Það var verið að stela af verkamönnum því, sem þeir höfðu samið um, það var verið að stela af sparifjáreigendunum því sparfé, sem þeir höfðu trúað þessari ríkisstj. og hennar bönkum fyrir, og það var gagnvart þjóðfélaginu öllu verið að vinna hið versta verk. Þjóðfélagið hafði treyst á, að það mætti trúa yfirlýsingu þessarar ríkisstj. um, að hún ætlaði ekki að hleypa út í verðlagið kauphækkunum, en hún ætlaði að skapa festu í þjóðfélaginu, hún ætlaði að skapa traust gengi peninganna, og ríkisstj. gerir allar þessar yfirlýsingar sínar, tveggja ára yfirlýsingar, í sífellu endurteknar, gerir þær allar saman að lygi. Og þegar menn standa þannig frammi fyrir því að gera allt ósatt, sem þeir hafa hátíðlega lýst yfir, þá hafa menn venjulega ekki nema eitt ráð, og það er að grípa til harðstjórnar, það er að grípa til einræðislaga, eins og gengislækkunarlögin voru í sumar. Það er misnotað það vald, sem forseti og ríkisstj. hafa, brotið í bága við allt það, sem þeir hafa áður lýst yfir, og allt, sem þeir áður hafa barizt fyrir og barizt á móti, m. ö. o. ætlað að skapa hér í skjóli stjórnarskrárbrota kúgunarvald, sem

haldi verkalýðnum niðri á því lægsta stigi, sem hann hefur komizt hvað kaupgetu snertir, að þrem árum undanteknum á síðustu 20 árum. Þetta framferði er slíkt, að það er alveg óþarfi af hæstv. ríkisstj. að vera að vitna í fyrri ríkisstj. hér á Íslandi í þessu efni. Það hefur engin ríkisstj. hagað sér svona eins og þessi hefur gert — ekki nokkur. Það hefur engin ríkisstj. gripið til harðstjórnar og einræðislaga til þess að leysa svona lítinn vanda.

Það er hægt að reyna að tala um það og jafnvel af miklum þjósti, að aðrar ríkisstj. hafi gefizt upp á efnahagsvandamálunum, en það voru þá bara vandamál, sem voru miklu, miklu stærri, — gefizt upp við að tryggja kaupgetu, sem var 13% hærri en sú, sem nú var um að ræða. Ég vil undirstrika þetta sérstaklega vegna þess, að þegar menn einu sinni byrja að beita ríkisvaldinu sem kúgunarvaldi í staðinn fyrir að láta það vera hlutlaust, eins og ríkisstj. hafði lýst yfir, þá er ekki gott að sjá fyrir endann á því, hvert slík valdbeiting fer, og þá getur það kostað slík átök í okkar þjóðfélagi, að enginn okkar, jafnvel ekki hæstv. ríkisstj., hefði kosið þær afleiðingar átakanna, sem yrðu, þegar út í þau væri komið.

Ég hef nú fyrst og fremst gert hér að umtalsefni sjálf lögin, rökin, sem fyrir þeim voru færð fram, þær almennu stjórnarfarslegu og þær almennu pólitísku afleiðingar af setningu þessara bráðabirgðalaga. Ég mun ekki fara hér út í að ræða sérstaklega þann hluta úr ræðu hæstv. viðskmrh., sem sneri að aflanum, framleiðslunni og öðru slíku. Því hafa verið gerð svo rækileg skil af hv. 4 þm. Austf., formanni okkar þingflokks, þannig að þar þarf engu við að bæta. En eitt vildi ég segja hæstv. viðskmrh., svo að segja frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna í þessum efnum. Hæstv. viðskmrh. getur ekki gengið út frá því, að verkalýðurinn í landinu eða launþegarnir í landinu taki í sífellu tillit til þess, ef atvinnurekendur landsins stjórna sínum atvinnurekstri illa. Það er ekki verkalýðurinn, sem á að blæða fyrir það. Ef atvinnurekendur í landinu eru óforsjálir, ef þeir eru skeytingarlausir um rekstur síns atvinnuvegar, eða þeir sóa og eyða miklu í sambandi við sinn atvinnurekstur eða í sambandi við sinn eigin búrekstur, ef þeir láta ganga á sig af hálfu annarra aðila, hvort heldur þeir aðilar eru heildsalar, bankar eða aðrir slíkir, eða láta reyta af sér af atvinnurekstrinum svo og svo mikið til annarra aðila þannig, þá er ekki við því að búast, að verkalýðurinn uni við slíka óstjórn atvinnurekstrarins í landinu. Hvort atvinnurekendunum finnst atvinnureksturinn bera sig eða ekki, — og atvinnurekendurnir halda því fram, að hann beri sig ekki, — þá eru það engin rök gegn því, að það eigi að hækka kaup verkalýðsins. Það eru aðeins rök fyrir því, að atvinnureksturinn í landinu verður að vera betri. Ef kaupið er hækkað og verkalýðurinn knýr það fram, að einn atvinnurekandi verður að hækka kaup, þá þýðir það, að sá atvinnurekandi fer að berjast fyrir því, ef hann er síldarsaltandi, að hann fái bryggjurnar ódýrari, ef hann er atvinnurekandi hér í Reykjavík með stórlán hjá bönkunum, að hann fái vextina lægri, ef hann þarf að sækja mikið undir ýmsa heildsala með að kaupa sín hráefni og annað slíkt, að hann fái niður verðið á hráefninu, m. ö. o. að hann reyni að gera atvinnureksturinn praktískari á öllum sviðum.

Hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. eru að losa atvinnurekendurna við það að hugsa um að reka sinn atvinnurekstur vel og skynsamlega með því í sífellu að gefa þeim aðstöðu til þess að hækka bara verðlagið, þegar kaupgjaldið er hækkað, eins og ég hef áður sagt hér í sambandi við annað mál og skal ekki endurtaka. Kauphækkanirnar knýja fram framfarirnar í þjóðfélaginu, og með því að láta atvinnurekendunum haldast uppi að hækka verðlagið alltaf að sama skapi sem kaupið er hækkað hjá þeim er framförunum í þjóðfélaginu meira eða minna sleppt.

Hæstv. viðskmrh. kom inn á, að það hefði verið nauðsynlegt vegna greiðsluhallans á þjóðarbúskapnum að gera þessar ráðstafanir viðvíkjandi genginu. Það má bæta greiðsluhalla á einum þjóðarbúskap með tvennum aðferðum: Annars vegar með því að skera niður lífskjörin, með því að auka fátækt almennings, til þess að almenningur geri minni kröfur til þess að kaupa þær vörur, sem þarfnast gjaldeyris, til þess að fá þær inn í landið. Og það má líka bæta greiðsluhallann með aukinni framleiðslu og aukinni úrvinnslu á vörunum, og það þýðir framför í þjóðfélaginu, það þýðir að gera þjóðina sem heild ríkari og þjóðfélagið fært um að standa undir kauphækkunum verkalýðsins. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið hinn fyrri kostinn um að bæta úr greiðsluhalla, kost fátæktarinnar hjá almenningi, þann kost að draga úr eftirspurninni eftir gjaldeyri, og það er ein af forsendunum fyrir þessum brbl., að það þurfi að draga úr eftirspurninni eftir gjaldeyri, til þess sé nauðsynlegt að skera niður lífskjörin hjá almenningi. Þetta er ekki aðeins óviturlega gert, þetta er og ranglátt. Hin eðlilega aðferð var að skapa miklu meiri úrvinnslu úr okkar hráefnum. Eitt fullunnasta hráefni, sem við höfum flutt út í stórum stíl, hefur verið freðfiskurinn. Framleiðslan á honum hefur í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. verið minnkuð og minnkuð mikið. Eitt af þeim hráefnum, sem við getum fengið einna mest fé fyrir, ef við fullvinnum það, er síldin. Við munum hafa flutt út síld í sumar fyrir um það bil 600 millj. kr. Af því munu upp undir 330—340 þús. tunnur hafa verið saltsíld. Ef við aðeins tækjum 100 þús. tunnur af þessari saltsíld, legðum hana niður í dósir sem gaffalbita og annað, mundi verðmæti þeirra 100 þús. tunna vera 500 millj. kr. Þetta er möguleiki, sem lengi hefur staðið Íslendingum opinn. Þar þarf ekkert sérstaklega mikið fé til, en hver stórhuga ríkisstj., sem væri að hugsa um að bæta þjóðarhaginn, auka þjóðarverðmætin, sem framleidd eru, mundi gera það. En það er síður en svo.

M. ö. o.: til þess að bæta úr greiðsluhalla var ekki nauðsynlegt með brbl. að fyrirskipa fátækt hjá almenningi, að ræna almenning þeirri litlu kauphækkun, sem hann hafði fengið. Það var hægt að bæta úr greiðsluhallanum líka með því að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar.

Hæstv. viðskmrh., held ég, orðaði það svo í ræðu einu sinni, þegar hann var að sýna fram á, hve fráleitar einhverjar kauphækkanir hefðu verið, — ég man nú ekki nákvæmlega, hvort það var í sambandi við aðgerðirnar 1958 eða hvort það var núna, enda gildir það einu máli, — þá setti hann það fram sem einhverja fjarstæðu. Hann sagði, held ég, orðrétt: Gat þjóðarframleiðslan orðið 11—12% meiri næsta ár? Og mér skildist, að svarið lægi í spurningunni hjá hæstv. viðskmrh., að það var fráleitt að hugsa sér annað eins og að þjóðarframleiðslan gæti orðið 11—12% meiri næsta ár. Ég vil segja hæstv. viðskmrh., að það er ekkert auðveldara en tryggja það á Íslandi, að þjóðarframleiðslan geti orðið 11—12% meiri næsta ár, ef ráð er tekið í tíma með að gera þær ráðstafanir. Hann segir: Þjóðarframleiðslan hjá okkur eykst bara um 3—4%. — Jú, vissulega. Það er nú einmitt meinið, vitleysan í okkar þjóðarbúskap, að við höfum yfirleitt á undanförnum áratugum ekki aukið þjóðarframleiðsluna að meðaltali nema kannske um 3—4% á ári, sem er allt of lítið. Við höfum verið þar í flokki með löndum eins og Bretlandi og öðrum slíkum, sem hafa verið einhver þau lægstu í Vestur-Evrópu í þessum efnum. Hæstv. viðskmrh. veit, að í þeim kapítalistíska heimi er á síðasta áratug aukning þjóðarframleiðslunnar frá 3 upp í 9½% að hámarki. Þar stendur eitt sér Vestur-Þýzkaland, sem að vísu tók við sínu landi í mjög slæmu ástandi 1950 og voru þess vegna hlutfallslega meiri framfarir en í flestum öðrum löndum kapítalismans. Hins vegar veit hæstv. viðskmrh. líka, að í þeim sósíalistísku löndum hefur á þessum sama tíma þjóðarframleiðsluaukningin ár frá ári orðið í flestum 11—15%, t. d. Sovétríkjunum, held ég, 13 eða 14% og hjá þeim, sem komast þar hæstir, eins og Kína, upp í 28%. Það er engum efa bundið, að með heildarstjórn á okkar þjóðarbúskap er fyllilega hægt að tryggja aukningu á þjóðarframleiðslu ár frá ári, sem sé að meðaltali — við skulum segja 10—11—12%. Að vísu hefur, eins og eðlilegt er, meðan við erum fyrst og fremst eins mikil fiskveiðiþjóð og við erum og því miður allt of lítil fiskiðnaðarþjóð, nokkuð mikið gildi í þessu efni, hvernig aflinn er. Þó er það svo, að úrvinnsla aflans, þegar hún væri komin í fullan gang hjá okkur, þá mundi hún nokkurn veginn jafna upp þær sveiflur, sem annars hafa verið á aflamagninu hjá okkur. Þær eru ekki svo gífurlegar, þó að þær séu allmiklar vissulega. Þess vegna er það, að verkalýðurinn á Íslandi, þegar hann gerir kröfu til sómasamlegra lífskjara, þá getur hann ekki tekið tillit til þess, ef landinu er stjórnað verr en nokkru öðru nágrannalandi okkar. Hann getur ekki tekið tillit til þess. Hann hlýtur að gera þær kröfur til valdhafanna, að launabætur ár frá ári séu ekki minni en t. d. 6—8% og síðan verði valdhafarnir að gera svo vel að sjá um, að þjóðarframleiðslan sé það vel skipulögð, úrvinnsla m. a. á okkar fiski og sá iðnaður, sem við komum upp við okkar fossa og annað slíkt, sé það mikil, að það standi undir slíkri eðlilegri aukningu. Þetta er það, sem hefur vantað hjá okkur í þau 20 ár, sem við höfum verið að tala um. Þetta er það, sem hefur vantað, þessi heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Atvinnurekendastéttin og margar ríkisstjórnir hér hafa legið á því laginu að bæta bara atvinnurekendum upp með verðbólgu og með gengislækkunum kauphækkanirnar hjá verkalýðnum og fría þannig atvinnureksturinn frá því og atvinnurekendurna að þurfa að skapa stórfelldar framfarir í atvinnulífinu. Svo hefur verkalýðnum orðið að blæða fyrir þetta með því að þræla lengur en nokkur verkalýður gerir í nokkru okkar nágrannalandi til þess að hafa sómasamlega í sig og á og til þess að geta byggt upp landið. Þess vegna vil ég svara þeirri spurningu hæstv. viðskmrh.: Gat þjóðarframleiðslan verið orðin 11—12% meiri næsta ár? — Hún gat orðið það, ef viturlega var stjórnað, ef komin var heildarstjórn á okkar þjóðarbúskap og allir möguleikar hagnýttir í því efni. Það er sjálf óstjórnin á okkar þjóðfélagi, sem er orsökin að því, að þjóðarframleiðsluaukningin er svona lítil ár frá ári, bara 3—4% og stundum ekki einu sinni það, í staðinn fyrir 10, sem hún gat orðið. Þó vil ég taka það fram, að það eru ekki einu möguleikarnir á hækkun og endurbót á lífskjörum verkalýðsins, að þjóðarframleiðslan vaxi. Það er líka hægt, eins og ég hef tekið fram áður, að skipuleggja atvinnureksturinn betur og skynsamlegar og jafnvel að draga úr gróða atvinnurekenda á vissum sviðum, m. a. úr gróða t. d. bankanna, til þess að tryggja þannig betri afkomu hjá verkalýðnum.

Hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að það hafi verið þessi 10%, sem samið var um sem grunnkaupshækkun, sem hafi látið allt fara út um þúfur. Hæstv. ríkisstj. sjálf hafði mælt með 6% og hafði látið í það skína, að ef sáttatillagan væri samþykkt, mundi þetta verða raunveruleg kauphækkun. Hæstv. ríkisstj. hafði sömuleiðis mælt með því, að næsta ár yrði 4% hækkun í viðbót. M. ö. o.: ef maður má taka ríkisstj. alvarlega, hafði hún mælt með því, að hækka mátti um 6%, án þess að nokkur gengislækkun eða uppbætur eða annað þyrfti að koma til, 1. júlí 1961 og 4% í viðbót 1. júlí næsta ár. Sem sé, allt vandamálið, sem að áliti ríkisstj. var fyrir hendi, var, hvernig þjóðfélagið ætti að standa undir 4% kauphækkun í eitt ár. Þetta var þá allur vandinn, sem sé nokkrir tugir milljóna króna, sem ríkisstj. annars leikur sér með. Það munaði því, að það var ómögulegt annað en fara út í gengislækkunina, og þá um 13%, þ. e. hækka dollarann um 13%.

Það blandast engum hugur um, að það var allt annað þarna að verki en þetta. Það var í fyrsta lagi valdapólitík af hálfu ríkisstj. Hún skoðaði sig sem fulltrúa atvinnurekendanna, og fyrst hennar atvinnurekendur gátu ekki sigrað verkalýðinn í frjálsum átökum, átti ríkisvaldið að gerast kúgunarvald til þess að sýna, að það væri þó einn sterkari aðili, sem gæti hjálpað, þegar Vinnuveitendasamband Íslands brotnaði. Það átti m. ö. o. að sýna valdið. Í öðru lagi átti að bjarga fjárhag ríkissjóðs, af því að það var fyrirsjáanlegur 150 millj. kr. halli á ríkissjóðnum, og þess vegna var það, að hæstv. fjmrh. var sá, sem hljóp fram fyrir skjöldu til þess að lýsa því yfir, að það væri

gengislækkun, sem væri alveg óhjákvæmileg. Og svo bættist þarna við, að maður hefur svo sem ósköp vel vitað allan tímann að það dundu í sífellu þær kröfur á hæstv. ríkisstj. frá hálfu skuldakónganna, m. a. hér í hv. Nd., skuldakónganna í Sjálfstfl., að gengislækkunin hefði verið allt of lítil seinast, skuldirnar væru allt of þungbærar og þess vegna væri alveg nauðsynlegt að nota nú tækifærið til þess að lækka gengið meira. Það hafði víst verið deilt um það í ríkisstj. á sínum tíma, hvort ætti að setja dollarann 38 eða hvort ætti að setja hann 41. Og mér skilst, að hæstv. ríkisstj. hafi nú notað tækifærið og hugsað sem svo: Ég fór ekki nógu langt niður 1960, það er bezt að bæta úr því núna, nota kaupdeilurnar sem yfirvarp og komast niður í 43.

Röksemdafærsla hæstv. ráðh. í þessu efni, hvort sem maður tekur það stjórnarfarslega, pólitískt eða efnahagslega, er alls staðar jafnbágborin. Málstaðurinn er svo slæmur, að þær raunverulegu hvatir í þessu mega ekki koma fram. Og hver er svo afleiðingin, eftir að búið er að skella þessari gengislækkun á? Hver er svo afleiðingin núna, þegar verið er að skella verðhækkununum á? Hvernig er hlutfallið þar, segjum t. d., þegar Eimskip fær 10% hækkun á álagningu? Hlutfallið er það, að aðeins þriðjungurinn af þessari verðhækkun er rakinn til kaupgjaldsins, ⅔ eru raktir til gengislækkunarinnar.

M. ö. o.: sú dýrtíð, sem nú er leidd yfir almenning í landinu, sá skaði, sem hæstv. ráðh. valda þjóðinni með þessu, hann er fyrst og fremst af þeirra eigin gengislækkun, það er hrein verðbólguráðstöfun, sem þarna er gerð. Kauphækkunin, þó að henni sé þarna þvert á móti yfirlýsingu ríkisstj. allri velt yfir á almenning, þá er hún ekki nema örlítill partur, eins og meira að segja sjálfur hæstv. viðskmrh. hefur orðið að gefa yfirlýsingar um hér á Alþ. Þess vegna er það greinilegt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft nein haldbær rök fyrir því að gefa út þessi brbl. Þau eru í senn hefndarráðstöfun gagnvart verkalýðnum, hefndarráðstöfun gagnvart þjóðfélaginu, óviturleg efnahagsleg ráðstöfun og ráðstöfun til þess að reyna að bjarga fjárhag ríkissjóðs. En með því að framkvæma þessa ráðstöfun er stigið það tæpt, að það er farið inn á einræðisleið, farið inn á misnotkun valds. Það er bókstaflega brotinn ekki aðeins andi, heldur líka bókstafur stjórnarskrárinnar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að þetta mál verði rætt allýtarlega hér á Alþingi. Það hefur ekki verið svona hættulegt mál þingræðinu í landinu og lífskjörum almennings á ferðinni um áratugi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mætti ég biðja yður að athuga, hvort hv. 4. þm. Austf. (LJós) er í húsinu. Ég vil helzt, að hann geti heyrt mál mitt, því að ég þarf að svara rækilega ræðu hans. **(Forseti:** Það er verið að gæta að, hvort hv. 4. þm. Austf. er í húsinu, og verður gert örstutt hlé á meðan. — Hv. 4. þm. Austf. mun vera í húsinu og ráðstafanir hafa verið gerðar til að fá hann til að mæta hér í hv. þd.)

Ég ætla að gera að umtalsefni þær ræður, sem fluttar hafa verið af hv. stjórnarandstöðu við þessar umræður. Ég mun fara út í einstök atriði í nokkrum þeirra ræðna, sem fram hafa komið, en þó vil ég segja í upphafi, að þær hafa í raun og veru allar haft tvennt samnefnt: Í þeim öllum hafa verið tvenn stef, svo að segja alveg samhljóða. Í fyrsta lagi hafa allir ræðumenn hv. stjórnarandstöðu sagt og lagt á það mikla áherzlu, að á miðju þessu ári hafi hin nýja efnahagsstefna núv. ríkisstj. í raun og veru verið búin að sliga atvinnuvegina, viðreisnin hafi verið búin að koma atvinnuvegunum á kaldan klaka á miðju þessu ári. Hitt stefið hefur hins vegar hljómað þannig, að frá miðju þessu ári hafi atvinnuvegirnir mjög hæglega getað tekið á sig 13—19% kostnaðarauka vegna kauphækkunar. M. ö. o.: afkoma atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegsins, hafi á miðju þessu ári verið svo góð, að ekkert hefði verið auðveldara en að hann greiddi 13—19% hærra kaup en hann gerði á s. l. ári.

Ég þarf ekki að eyða miklum tíma í að undirstrika, hversu harkalega þessar tvær staðhæfingar stangast hvor við aðra. Ef það væri rétt, ef einhver snefill væri af sannleika í því, að hin nýja stefna ríkisstj. hafi á miðju þessu ári verið búin að koma útflutningsatvinnuvegunum á kaldan klaka, hvernig í ósköpunum ættu þessir sömu atvinnuvegir þá á sama tíma að vera færir um það að taka á sig bótalaust 13—19% kauphækkun? Og ef þeir gátu nú á þessu ári tekið á sig mjög verulega kauphækkun, hvernig gat þá hitt verið rétt, að stefna ríkisstj. væri búin að leika þá svo hart, að þeir væru að þrotum komnir? Nei, það er augljóst mál, að hin tvö aðalatriði í ræðum allra hv. stjórnarandstæðinga stangast svo gersamlega hvort við annað, að það má heita furðulegt, að jafnþingvanir menn og hér er um að ræða skuli ekki a. m. k. gera hvort atriðið um sig að uppistöðu sitt í hvorri ræðunni. En að gera hvort tveggja í sömu ræðunni, það undirstrikar ósamræmið allt of greinilega. Og þegar tvö jafnólík stef eru í einni og sömu ræðu, þá er ekki að undra, þó að hljómurinn af heildinni verði harla kynlegur.

Annars skal ég snúa mér beint að því að ræða þá löngu ræðu, sem hv. 4. þm. Austf. flutti hér fyrir nokkrum dögum. Sannleikurinn er sá, að þær rangfærslur, þær beinu rangfærslur, sem hann viðhafði í ræðu sinni, voru svo óheyrilegar, að þó að maður eigi ýmsu að venjast af hálfu forsvarsmanna hans flokks, þá var hér í raun og veru um alveg óvenjulega óskammfeilnar blekkingar að ræða. Ég geri mér ljóst, að þetta eru stór orð, óvenjulega stór orð úr mínum munni hér í þessum ræðustól, en ég skal færa þeim fullan stað og vil leyfa mér að eyða tíma hv. deildar nokkru meir en ég er vanur að gera til þess að færa á það fullar sönnur með því að vitna til nákvæmra talna, með hversu rangt mál hv. þm. leyfði sér að fara í þessari löngu ræðu sinni. Ég ætla að leyfa mér að eyða í þetta nokkru lengri tíma en ég annars geri við slíkar umræður, vegna þess að ég lít svo á, að einmitt til hv. þm. sem fyrrv. sjútvmrh. og viðskmrh. og sem nýkjörins

formanns í flokki sínum hafi maður leyfi til að gera háar kröfur um vandaða meðferð á staðreyndum og vandaða meðferð á tölum. Ég geri þetta með sérstakri hliðsjón af því, að hann hafði í upphafi ræðu sinnar sagt, að ýmsu væri hann vanur af stéttarbræðrum mínum, hagfræðingum, í meðferð talna, en þó hafi hann aldrei heyrt annað eins og þá meðferð talna, sem ég hafi leyft mér að viðhafa í minni framsöguræðu.

Þær tölur, sem ég fór með, voru allar saman unnar af embættismönnum íslenzka ríkisins, hverjum á sínu sviði, mönnum, sem starfað hafa í þágu hv. 4. þm. Austf., meðan hann sat í ráðherrastóli og aldrei bar á öðru en hann bæri þá fullt traust til. Þess vegna finnst mér, að það eigi ekki að líðast, án þess að því sé rækilega andmælt, þegar af hálfu fyrrv. ráðh. og formanns þingflokks koma fram ásakanir um, að tölur, sem ráðh. fer með í ræðustól á Alþ. og hafðar eru eftir hæstsettu embættismönnum þjóðarinnar, hverjum á sínu sviði, eru vefengdar með þeim hætti, að þær eru kallaðar ósvífnar blekkingar. Allra síst á maður að líða slíkt, þegar sannleikurinn er eins og hann er og ég mun nú víkja að á eftir og gera nákvæma grein fyrir.

Ég ætla fyrst að rifja upp í örfáum orðum það, sem ég hafði sagt, kjarna málsins í framsöguræðu minni. Ég hafði sagt, að gengið 38 kr., sem ákveðið var í febr. 1960, hafi verið miðað við verðlag og kaupgjald um áramótin 1959—1960 og tilgangurinn með gengisskráningunni og hinni nýju stefnu yfirleitt hafi verið sá að búa sjávarútveginum sömu kjör og hann bjó við á árinu 1959. Síðan hafði ég sagt, að á árinu 1960 hafi verðlag lækkað mjög verulega á útflutningsafurðum miðað við árið 1959, en einkum þó og sérstaklega á mjöli og lýsi. Ég hafði sagt, að afli hafi verið minni á árinu 1960, miðað við árið 1959, en kaupgjald hafi hins vegar haldizt óbreytt. Ég hafði lagt áherzlu á, að þótt verðlag hafi lækkað og afli minnkað nokkuð, þá hafi ríkisstj. ekki talið, að ástæða væri vegna þess að breyta gengisskráningunni aftur þegar á árinu 1960. Hins vegar sagði ég og sagði það svo skýrt, að það var alveg óþarfi að láta sér heyrast yfir það, að á þessu ári, árinu 1961, hafi verðlag farið hækkandi á útflutningsvörum þjóðarinnar og afli aukizt aftur, en samt hafi verðhækkunin á þessu ári ekki orðið nægileg til að vega upp verðlækkunina, sem varð á árinu 1960, og þá minnkun, sem þá varð á aflanum, miðað við árið 1959. Og auk þess hafði ég undirstrikað það, að sá skipafloti, bæði af vélbátum og togurum, sem við veiðar hefði verið á þessu ári og 1960, hafi verið mun stærri en sá, sem var við veiðar 1959. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með því að endurtaka þær tölur, sem ég nefndi um þetta, en kjarni máls míns var þessi. Um það ber ræðan, sem flutt var af handriti, alveg skýran vott, þannig að um það verður ekki deilt.

Um þessar meginstaðreyndir, sem ég hef dregið saman í fáeinar setningar, leyfði hv. 4. þm. Austf. sér að segja, að þær væru alrangar í öllum aðalatriðum. Hann sagði það rangt, sem ég hafði sagt um aflamagnið 1960, og hann sagði það enn rangara, sem ég hafði sagt um verðbreytingarnar á árinu 1960. Að vísu var það þannig, að þegar hann var að andmæla staðhæfingum mínum, þá sagði hann alltaf: Það er rangt, að um aflaleysi hafi verið að ræða. — Það hafi verið rangt hjá ráðh., að það hafi verið aflaleysi á árinu 1960. Ég vil vekja athygli á því strax, áður en ég held lengra, að ég sagði aldrei eitt orð í minni ræðu um aflaleysi, að það hafi verið aflaleysi á árinu 1960. Hana má lesa hundrað sinnum, sú setning fyrirfinnst ekki. Það, sem ég sagði og var kjarni í mínu máli, var, að afli ársins 1960 hafi verið minni en afli ársins 1959, aflinn hafi lækkað á árinu 1960, og með hliðsjón af því, að tilætlunin hafi verið sú með gengisskráningunni 38 kr. á dollar og stefnunni í efnahagsmálum yfirleitt að búa sjávarútveginum sömu kjör og hann naut 1959, þá hafi þetta að sjálfsögðu verið áfall. Þetta var það, sem ég sagði.

En nú er rétt að lofa hv. þingmönnum að heyra, hvernig hv. 4. þm. Austf. lagði út af þessum alveg skýru ummælum mínum. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkrar setningar, þar sem hann leggur út af þessum ummælum mínum, þannig að menn geti fylgzt rækilega með því, hvernig þessi hv. þm. hagar málflutningi sínum. Það er ekki alveg víst, að menn veiti því athygli, þegar menn sitja í sætum sínum og hlusta á hann, hvernig málflutningur hans er. En mönnum verður það ljósara, ef menn heyra þetta lesið hægt og skýrt aftur og ef menn hlusta á það í samhengi við það, sem ég er búinn að undirstrika, hverju hann er raunverulega að svara hjá mér.

Hann segir: „Hæstv. ráðh. flutti hér mikla útreikninga til að reyna að sanna mál sitt. Ég verð að segja, að oft hefur mér fundizt hann og kollegar hans, hagfræðingarnir í landinu, reikna nokkuð vafasamt, en aldrei þó eins og hæstv. ráðh. gerði hér, þegar hann reyndi að rökstyðja þessa síðustu gengislækkun með ræðu sinni fyrir þessu frv. Þar þóttu mér öll met slegin í ófyrirleitni við meðferð talna. Við skulum nú koma að nokkrum atriðum í þessu. Það er þá fyrst rétt að líta á meginröksemdina, að gífurlegt aflaleysi hafi steðjað hér að árið 1960.“ — Hér gefur hv. þm. sér forsendurnar, hann segir, að ég hafi sagt það, sem ég aldrei sagði, að það hafi verið gífurlegt aflaleysi á árinu 1960. Og hvernig heldur hann svo áfram? „Hvað segja nú opinberar skýrslur um aflamagnið á árinu 1960? Jú, ég hef fyrir framan mig skýrslur um þennan afla, gefnar út af Fiskifélagi Íslands. Heildarafli ársins 1960 er þar skráður 513 700 tonn. Árið 1959 var heildaraflinn skráður 564 400 tonn.“ — M. ö. o.: nokkrum setningum eftir að hann er búinn að bera mér á brýn og kollegum mínum, hagfræðingunum, stórkostlegar talnafalsanir, vegna þess að ég segi, að aflinn á árinu 1960 hafi verið minni en á árinu 1959, þá segir hann sjálfur, þá les hann sjálfur tölur með köldu blóði og án þess að roðna, — þá les hann sjálfur tölur, sem ég hafði að vísu ekki nefnt, les, að afli ársins 1960 hafi verið 513 700 tonn, en 1959 564 400 tonn, og bætir svo við, ég segi aftur án þess að roðna, og nú kemur orðrétt: „það er rétt nokkru

hærri. En árið 1958 var hann hins vegar skráður 505 þús. tonn, eða nokkru lægri en hann var 1960. En 1958 var þó hæsta aflamagn, sem hér hafði verið skráð þá. Árið 1957 var aflinn miklu minni og sömuleiðis 1956. M. ö. o.: aflinn 1960, heildaraflinn, var einn sá mesti, sem við höfum haft um margra ára skeið, þegar heildaraflinn er tekinn." M. ö. o.: rétt eftir að hann hafði viðhaft hin stærstu orð um það, sem ég sagði um aflamagnið og var það, að aflinn hafi reynzt 7.4% minni 1960 en 1959, þá les hann upp tölur, sem staðfesta það, sem ég sagði um þetta.

Svo heldur hann áfram ýmsum bollaleggingum, sem ég hirði ekki um að lesa orðrétt, það mundi taka of langan tíma. Ég þarf hvort eð er að segja svo margt við hv. þm. hér á eftir. En kjarninn í því, sem hann segir, er það, að afli bátaflotans hafi aukizt mjög mikið, sem er auðvitað alveg rétt. En þá þegir hann um þá staðreynd, að bátaflotinn sjálfur jókst mjög mikið. Um það þegir hann alveg. Hann víkur einnig að síldarvertíðinni og segir, að ég muni eflaust vitna í það, að hún hafi brugðizt, en hann gleymir alveg að geta um þann stórkostlega kostnaðarauka, sem útvegsmenn lögðu þá í, vegna nýrra tækja, sem auðvitað er ekki hægt að ganga fram hjá í þessu sambandi. En kjarninn í málflutningi hans er samt sá, og það, sem hann hefur stærstu orðin um, er, að það eigi í raun og veru að draga allan afla togaranna frá í samanburði milli áranna 1959 og 1960, vegna þess að togararnir hafi stundað aðrar veiðiaðferðir á árinu 1960 en þeir hafi gert 1959. Þess vegna sé ekkert vit í því að taka tillit til hinnar gífurlegu aflarýrnunar, sem varð hjá togurunum á árinu 1960 miðað við árið 1959. Og hann segir, að því eigi í raun og veru algerlega að sleppa. Nú er það svo, og það sýnir bezt, hversu gersamlega haldlaus þessi rök hv. þm. eru, að jafnvel þótt tekið sé fullt tillit til meginröksemda hans, að hlutfall milli siglinga og innanlandslandana hafi verið annað á árinu 1959 en það reyndist 1960, — en þetta eru höfuðrökin fyrir því, að það eigi að sleppa togurunum öllum úr samanburðinum og það megi ekki taka tillit til þeirrar gífurlegu aflarýrnunar, sem þar átti sér stað, — þá er sannleikurinn sá, samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands, að afli togaranna á úthaldsdag, þegar landað var innanlands, þ. e. a. s. þegar sleppt er siglingum, var á árinu 1960 11.8 smál., en var á árinu 1959 14,9 smál. Jafnvel þegar miðað er við þessa staðreynd, sem hann gerir að höfuðröksemd fyrir árás á þær tölur, sem ég hef flutt, kemur líka í ljós, að aflarýrnun togaranna, þegar landað er innanlands, var um 3.1 smál. á úthaldsdag, þ. e. rýrnun úr 14.9 smál. 1959 í 11.8 smál. 1960. Það er því alveg augljóst mál, að hv. þm. hefði átt að spara sér þau stóru orð, sem hann viðhafði í ræðu sinni um þetta efni um þær tölur, sem ég nefndi um breytingar á aflamagninu, vegna þess að í því, sem hann sagði um þetta efni, stendur ekki steinn yfir steini.

Á árinu 1960 telur Fiskifélagið, að heildaraflinn á öðrum veiðum en síldveiðum, þ. e. þegar síldveiðunum er sleppt, hafi reynzt 2.5% minni en 1959, þrátt fyrir það að skipastóllinn hafi aukizt um nær 17% á því ári. Og þá getur hver maður gert sér í hugarlund, hvor hefur réttara fyrir sér, hv. þm. eða ég, þegar ég annars vegar held því fram, að aflabrögðin hafi verið mjög miklu rýrari á árinu 1960 en árinu 1959, eða hann, þegar hann heldur því fram, að aflabrögðin hafi alls ekki verið rýrari 1960 en 1959. Hér er um svo augljósar staðreyndir að ræða, að ástæðulaust er að deila um þær.

Þá kem ég að hinu atriðinu, þar sem rangfærslur hv. þm. eru miklu alvarlegri en þetta, því, sem hann sagði um verðbreytingarnar á árinu 1960 og 1961. Það mundi sumum finnast, að nóg væri búið að afsanna af því, sem hv. þm. sagði, þ. e. a. s. að rangfærslur hans um aflamagnið sýnist vera alveg nógu miklar, þannig að hann gæti þó farið að einhverju leyti rétt með tölur um verðfallið. En þá fyrst keyrir um þverbak. Og nú skal ég fyrst lofa hv. þdm. að heyra, með leyfi hæstv. forseta, hvað hv. þm. sagði um þetta efni. Hv. þm. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum þá athuga hinn skýringaþáttinn hjá hæstv. ráðh., en það er verðfallið á afurðunum 1960. En þá átti að hafa orðið slíkt verðfall á ýmsum útflutningsafurðum okkar, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum." Ég vek athygli á: þá átti að hafa orðið slíkt verðfall á ýmsum útflutningsafurðum, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum. Hann heldur áfram: „En þetta verðfall, sem hæstv. ráðh. vildi hér nota sem skýringu á því, hvað gerðist á árinu 1960, varð ekki á árinu 1960, heldur er það margsannað mál og liggur fyrir í opinberum skýrslum, að verðlækkunin á síldarmjöli, fiskimjöli og lýsi, þetta verðfall varð á miðju árinu 1959. Og verðið var lægst á þessum vörum einmitt á haustmánuðunum 1959, og þetta lá því allt saman fyrir hæstv. ríkisstj. og hagfræðingum hennar, þegar ríkisstj. ákvað gengislækkunina í febrúarmánuði 1960, — ég vona, að það lái mér enginn, að ég á erfitt með að lesa svona ósannsögli, — „enda er það alveg ljóst af þeirri grg., sem fylgdi gengislækkunarfrv. þá, því að það kemur greinilega fram í grg. þess frv., að verðlækkunin var orðin, áður en skráningin var ákveðin á krónunni þá, hún var orðin á þessum vörum. Þetta lá fyrir og það var tekið tillit til þess við skráninguna á krónunni í febrúarmánuði 1960."

Hann heldur áfram nokkru síðar: „En það var helzt að skilja á ræðu hæstv. viðskmrh., að yfirleitt hefði verið um verðlækkun að ræða 1960 á útfluttum vörum. A. m. k. tók hann ekki tillit til þess, að neinar aðrar verðbreytingar hefðu orðið á því ári." Ég bið menn að taka eftir þessu, hvað hann hefur eftir mér: „A. m. k. tók hann ekki tillit til þess, að neinar aðrar verðbreytingar hefðu orðið á því ári heldur en verðlækkunin á mjöli og lýsi, sem hafði þó verið á árinu 1959, en ekki 1960, hélt að vísu áfram fram á árið 1960. En það voru ýmsar aðrar verðbreytingar á útfluttum sjávarafurðum á árinu 1960 og yfirleitt allar til verðhækkunar. En hæstv. ráðh. sá ekki neitt af þeim

verðbreytingum og þurfti ekki að reikna með þeim. Hann var nefnilega að reikna út einhvers konar talnalega sönnun fyrir því, að viðreisnin hans hafði farið út um þúfur, og þá þurfti vitanlega að taka allt á aðra hliðina.“

Og svo að ég ljúki tilvitnun í hv. þm., þá segir hann enn nokkru síðar, þar sem hann er að andmæla því, sem ég hafi sagt um verðlækkun á mjöli og lýsi á árinu 1960: „Auðvitað er þetta fjarri öllu lagi, því að á árinu 1961 var verð á síldarmjöli og fiskimjöli komið langt upp fyrir það, sem reiknað var með, þegar gengisskráningin var ákveðin í febrúarmánuði 1960.“

Það er rétt, að verðið á þessum afurðum var ekki komið upp í það hæsta, sem verðið hafði farið í á tímabilinu 1959, meðaltalsverð ársins 1959 og meðaltalsverð áranna þar á undan var hvergi nærri því að ná þeim hæsta toppi. Það er uppistaðan í gagnrýni hv. þm., í hinni stóryrtu gagnrýni hv. þm. á málflutning minn, að það hafi engin verðlækkun orðið á árinu 1960, verðlækkunin hafi verið komin á árinu 1959, og ríkisstj. hafi raunverulega reiknað með henni, a. m. k. átt að reikna með henni. Og hann segir að síðustu, „að nú sé verðið orðið hærra en það var, þegar gengislækkunin var ákveðin.“

Ég skal í tilefni af þessu lesa skýrslur frá útflutningsdeild viðskmrn., sem er framhald af þeirri útflutningsnefnd, sem hv. þm. kom sjálfur á fót, þegar hann var sjútvmrh. í ríkisstjórn Hermanns Jónassonar. En sú n., nú útflutningsdeild viðskmrn., veitir, eins og hann veit jafnvel og ég, útflutningsleyfi fyrir öllum útfluttum afurðum og hefur nákvæmt bókhald um selt magn og söluverð og söluskilmála á öllum þeim sölum, sem fram fara til útlanda. Ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, þó að það taki einhvern tíma og ekki sé gaman að vitna í allt of margar tölur, þá held ég að rétt sé í þessu tilfelli, til þess að sýna mönnum rækilega málflutning þessa hv. þm., að lesa nákvæmlega, tölu fyrir tölu, skýrslu eða yfirlit yfir verð á fiskimjöli á árinu 1959 til þessa dags, þannig að menn geti fylgzt nákvæmlega með því, hvernig verðbreytingarnar hafa orðið, frá 6/1, en það er fyrsta salan, sem ég ætla að geta um, og þangað til 2/11. En 6/1 1959 eru seld 250 tonn fyrir 20 shillinga og 6 pence, 66%. 4/2 eru seld 200 tonn á sama verði, 20 sh. og 6 d. með 66% innihaldi. 4/3 300 tonn, 20 sh., með 70% innihaldi. 8/4 200 tonn á 20 sh. og 3 d. með 67% innihaldi. 5/5 250 tonn á 20 sh. með 70% innihaldi. 9/6 200 tonn á 20 sh. og 3 d. með 66% innihaldi. Nú er komið fram yfir mitt árið. 7/7 400 tonn á 21 sh. og 3 d. með 56% innihaldi. 28/8 600 tonn á 20 sh. og 6 d. með 70% innihaldi. 6/10 300 tonn á 20 sh., 3 d. með 66% innihaldi. 11/11 200 tonn á 20 sh. og 3 d. með 66% innihaldi. 18/12 150 tonn á 20 sh. 3 d. með 65% innihaldi.

Þetta er yfirlit yfir verðþróunina á fiskimjöli á árinu 1959. Fyrsta salan á árinu er á 20 sh. og 6 d., síðasta salan á árinu, rétt fyrir jól, er á 20 sh. og 3 d. (**Gripið fram í:** Vill ekki ráðherrann lesa um síldarmjölið?) Ég kem að því hér á eftir. Það er í niðurlagi skýrslunnar.

Þetta eru tölur, sem skráðar eru í bækur, sem hv. þm. skipulagði að skyldu færðar, meðan hann var sjútvmrh., og eru færðar með alveg sama hætti og þær voru færðar þá. Þá voru þær réttar, nú eiga þær allt í einu að vera orðnar rangar.

Í þessu sambandi er þess að geta, að í sept. 1959 byrjaði verð á Perú-mjöli að falla á heimsmarkaðnum, og um áramótin 1959—60 mun verðið á Perú-mjöli, þar sem það var selt í Evrópu, hafa lækkað um 15—20%. En þessi verðlækkun á Perú-mjölinu, sem byrjaði í sept. 1959, tók ekki til íslenzks fiskimjöls og ekki heldur fiskimjöls frá Norðmönnum og Þjóðverjum, vegna þess að það fiskimjöl var talið og er í öðrum gæðaflokki og nær nokkuð öðru og hærra verði en Perú-fiskimjölið. En auðvitað var vitað, að þessi verðlækkun á fiskimjölinu mundi fyrr en varir hafa áhrif á verðlagið á fiskimjölinu líka frá Íslendingum, eins og gert var ráð fyrir að það mundi lækka fiskimjölsverðið á Evrópumarkaðnum yfir höfuð að tala. Þetta var sagt skýrt og greinilega í frv. um efnahagsmál, sem hér var rætt í febrúarmánuði 1960, og það eru setningarnar um það, sem hv. þm. var að lesa í ræðum sínum, en þetta verðfall á Perú-mjölinu var um árslokin 1959 ekki farið að verka á íslenzka fiskimjölið. Þau áhrif komu fyrst síðar, eins og kemur fram í tölunum, sem ég nú skal lesa. Og nú les ég hliðstætt yfirlit yfir árið 1960.

Sala 19/1 475 tonn, 19 sh. 9 d., af 70% mjöli. 9/2 50 tonn á 18 sh. 6 d., af 65% mjöli. 18/3 1500 tonn á 15 sh. og 3 d., 65%. 28/3 350 tonn á 15 sh. og 3 d., 65%. 6/5 300 tonn, 15 sh., á 70% mjöli. 20/7 550 tonn, 11 sh., á 65% mjöli. M. ö. o.: á miðju árinu 1960 er verðið orðið um 45% lægra en það hafði verið í ársbyrjun. 8/8 700 tonn, líka 11 sh., 65%. 7/9 600 tonn, 11 sh., 65%. 6/10 360 tonn, 11 sh., 65%. 10/11 150 tonn 11.6 sh., — byrjar að hækka aftur, — af 70% mjöli. Og 20/12 450 tonn á 12 sh. af 65% mjöli.

M. ö. o.: útflutningsverðið á mjöli, sem við fyrstu söluna, 19/1, er 19.9 sh. af 70% mjöli, það er komið ofan í 12 sh. af 65% mjöli í sölu, sem fer fram 20. des. 1960.

Á þessu ári hefur svo verð aftur farið hækkandi, eins og ég tók skýrt og greinilega fram í ræðu minni, eins og sést á þessum tölum: 13/1 150 tonn, 12 sh., af 70% mjöli. 2/2 200 tonn, 12 sh. og 6 d., af 65% mjöli. 1/3 525 tonn, 12 sh. og 3 d., 65%. 11/4 200 tonn, 14 sh., 65%. 5/5 200 tonn, 15 sh. og 3 d., 64%. 30/6 150 tonn, 16 sh. 9 d., 64%. 24/7 500 tonn á 16 sh. og 9 d., 65%. 3/8 400 tonn á 17 sh. og 3 d., 63%. 23/9 300 tonn á 18 sh., 64%. 31/10 200 tonn á 18 sh., 65%. 2/11—2. þ. m. 600 tonn á 18 sh. af 65% mjöli.

Hækkunin á þessu ári hefur því orðið mjög veruleg, en núverandi verð á fiskimjöli er samt enn 2 shillingum lægra en það var um áramótin 1959—60, þ. e. 10% lægra eftir þessum síðustu tölum en það var um áramótin 1959—60, þegar gengisbreytingin var undirbúin. Verðbreytingar á síldar- og karfamjöli hafa verið hliðstæðar, en venjulega hefur einingarverðið þar verið um 2 sh. lægra, og verð á síldarmjöli er í dag 15 sh. og 6 d., miðað við 72% próteiningar.

Þetta er þá sannleikurinn í þessu veigamikla máli, sem okkur hv. þm. greinir hér á um. Þetta

eru tölur um þá einföldu staðhæfingu mína, að verðið á fiskimjöli hafi lækkað mjög á árinu 1960, en hækkað aftur á árinu 1961, en sé þó ekki búið að ná þeirri hæð, sem verð á fiskimjölinu hafði, þegar gengislækkunin var undirbúin um áramótin 1959—60. Þessar tölur, sem sóttar eru í bækur útflutningsnefndar eða útflutningsdeildar viðskmrn., beint í bækur hennar, staðfesta í einu og öllu mál mitt um þetta efni og sanna, að það, sem hv. þm. hefur leyft sér að segja um þetta efni, er alrangt, er svo rangt, að mig satt að segja furðar á því, að maður með hans þekkingu á þessum málum og með hans ábyrgð hér á Alþingi sem formaður eins þingflokksins skuli leyfa sér að viðhafa aðrar eins tölur og þessar, önnur eins ummæli og þessi, því að það hefði átt að vera mjög auðvelt fyrir hv. þm. að afla sér réttra upplýsinga um þessi efni. Hann hefði getað fengið þær, nákvæmlega eins og ég hef getað fengið þær, með því að hringja í starfsmenn ráðuneytisins og láta þá gefa sér upp tölur úr bókum sínum um þetta efni. Hér er um ekkert leyndarmál að ræða, þessar tölur getur hver þingmaður fengið, sem þeirra óskar. En það virðist vera þannig, að hv. þm. hafi ekki áhuga á því að flytja hv. Alþingi og þjóðinni hið sanna og rétta um þetta efni — eða þá að hann treystir því, að menn nenni ekki að hafa fyrir því að afla sér sannra og réttra upplýsinga um það og skýra frá þeim. En þá fyrirhöfn tel ég ekki eftir mér, a. m. k. ekki í þetta skiptið.

Þá kemur um hitt atriðið, sem ég hafði sagt, að líka hefði orðið um verðfall á síldarlýsi að ræða á árinu 1959, það hefði að vísu hækkað aftur, verið farið að hækka mjög verulega aftur, þegar gengisbreytingin var ákveðin, en þó ekki enn náð þeirri hæð, sem það hafði, þegar gengisbreytingin var ákveðin um áramótin 1959—60. Þetta sagði hv. þm. líka að væri alrangt, og á þeirri staðhæfingu byggir hann þann sleggjudóm, sem hann leyfði sér að viðhafa um vinnubrögð hagfræðinga yfir höfuð að tala.

Ég skal nú skýra hv. þingmönnum á hlutstæðan hátt frá upplýsingum um verð á síldarlýsi á árunum 1959, 1960 og 1961, upplýsingar um raunverulegt söluverð á síldarlýsi samkvæmt bókhaldi útflutningsdeildar viðskmrn. eða útflutningsnefndar hv. þm. á sínum tíma.

Hinn 12/5 1959 voru seld 800 tonn á 70 pund cif. 25/8 900 tonn á 66 pund, þar er þegar byrjuð lækkun, sem síðan heldur áfram. 11/9 500 tonn á 63 pund. 23/12 400 tonn á 62 pund. Síldarlýsi var farið að lækka mjög verulega á árinu 1959, eins og líka var vakin athygli á og undirstrikað í grg. fyrir efnahagsmálafrv. 1960, en það var sem sagt um áramótin 1959, síðasta salan á árinu 1959 var upp á 62 pund.

Nú kemur spurningin: Er það rétt, sem hv. þm. segir, að verðlækkunin hafi öll verið komin fram í árslok 1959 og verðið farið að hækka 1960? En það sagði hv. þm. Og nú skulum við athuga staðreyndirnar um þetta algerlega undanbragðalaust. Nú skal ég nefna tölur um það, hve sannsögull hv. þm. er. 26/1 voru seld 4000 tonn á 57 pund og 5 sh. 23/2 7600 tonn á 61 pund. 16/6 700 tonn á 53 pund. 10/8 2500 tonn á 50 pund. 17/10 500 tonn á 53 pund, allt saman cif-sölur. 4/11 900 tonn á 56 pund og 15 sh. Og 22/12 3300 tonn á 55 pund og 10 sh. M. ö. o.: það er greinilegt, að um mjög verulega verðlækkun verður að ræða á síldarlýsinu á árinu 1960, þar sem síðasta salan á árinu 1959 er þó á 62 pund, en síðustu sölurnar á árinu 1960 eru 55—56 pund.

Á árinu 1961 hækkar verðið á síldarlýsinu fyrst, en er nú nýlega aftur að falla hörmulega mikið. 15/2 er sala upp á 600 tonn 59 pund, 3/3 3400 tonn á 59 pund, 21/4 2000 tonn líka á 59 pund, þ. e. hærra en það hafði verið á seinni hluta árs 1960. En svo byrjar þróunin aftur á bak aftur, því miður: 8/5 550 tonn á 57 pund og 5 sh. 10/8 750 tonn á 51 pund. 16. okt. 2250 tonn á 44 pund og 10 sh. Og 6. þ. m. eru seld 3000 tonn á 42 pund. (Gripið fram í.) Það er víst ekki sala farin fram á því enn þá, en það er alveg rétt, að verðfallið heldur áfram, — það er alveg rétt, því miður.

M. ö. o.: þessar tölur staðfesta nákvæmlega það, sem ég hélt fram, að það varð mjög alvarlegt verðfall á síldarlýsi á árinu 1960, en aftur, sem betur fer, talsverð hækkun á árinu 1961, þó að nú allra síðustu vikurnar hafi enn orðið mjög gífurleg lækkun, en það er atriði, sem við getum haldið utan við þessar umr., vegna þess að við erum að tala um, hvernig ástandið hafi verið, þegar gengisbreytingin var gerð í ágústmánuði s. l. Og á þessu geta menn svo enn greinilegar séð, hvað satt er í því, sem hv. þm. sagði síðast, í síðustu tilvitnun, sem ég las úr ræðu hans, að verðlagið nú væri orðið mun hærra en það var, þegar gengisbreytingin var undirbúin.

Ég held, að rétt sé líka, að ég skýri hv. þm. ýtarlega og nákvæmlega frá þeim verðbreytingum, sem urðu frá áramótum 1959—60, þegar gengisbreytingin var ákveðin, og þangað til í ágúst 1961, þegar hin nýja ákvörðun var tekin um seinni gengisbreytinguna, — ég skýri nákvæmlega frá þeim verðbreytingum, sem urðu á þessu tímabili, og þær meðaltalstölur um verðbreytinguna, sem ég gat um í ræðu minni, eru byggðar á. Ég tel ekki nema eðlilegt, að það komi fram í umr. nákvæmlega, hvernig þessar tölur, sem ég nefndi og eingöngu voru meðaltal, eru fundnar, þannig að um það þurfi enginn vafi að vera, hvernig hér er reiknað. Verðbreytingin frá áramótum 1959—60 og til ágúst 1961 var þessi á þorsk- og karfaafurðum: Ísfiskur hækkaði um 3.8%, freðfiskur hefur hækkað um 4%, frystur úrgangur hefur hækkað um 12.9%, skreið hefur hækkað um 4%, verkaður saltfiskur hefur hækkað um 11%, saltfiskur óverkaður hefur hækkað um 5%, fiskimjöl hefur lækkað um 25.8%, karfamjöl hefur lækkað um 23%, þorskalýsi hefur lækkað um 41.1%, karfalýsi hefur lækkað um 31.2%, fryst hrogn hafa lækkað um 2.7%, söltuð hrogn eru á sama verði, og ýmsar minni háttar afurðir hafa hækkað um 19.8%. Af þessu yfirliti má það vera ljóst, hvílík sanngirni það er eða hversu réttmætt er hjá hv. þm., sem kom fram í ræðu hans, einnig þeim ummælum, sem ég las, að ég hafi einungis vitnað til þeirra verðlækkana, sem hefðu orðið á þessu tímabili, en gengið fram hjá öllum verðhækkunum, fyrir utan það, að það kom

fram í mæltu máli í ræðu minni, að það hefði orðið hækkun á fjölmörgum vörutegundum eða flestum að tölu til, þó að það hefði ekki getað vegið upp á móti þeirri miklu verðlækkun, sem hefði orðið á mjölinu og lýsinu. En meðaltalstölurnar eru byggðar á þessum tölum, sem ég nú nefndi, og þetta gerir það að verkum, að vegið meðalverð á þorsk- og karfaafurðum var í ágúst 1961 1.8% lægra en það var um áramótin 1959—60.

Ef litið er á síldarafurðirnar, þá er sams konar yfirlit þannig: Söltuð Norðurlandssíld hefur hækkað um 5.4%, söltuð Suðurlandssíld hefur hækkað um 1.1%, síldarmjöl hefur lækkað um 18%, síldarlýsi hefur lækkað um 32.6%, og fryst síld hefur lækkað um 5.7%, þannig að á síldarafurðum hefur orðið meðalverðlækkun, sem nemur 10.9%. Og ef tekið er vegið meðaltal af þorsk-, karfa- og síldarafurðum, var verðlagið í ágúst 1961 3.8% lægra en það var um áramótin 1959—60, þegar gengisbreytingin var undirbúin.

Þessar tölur eiga að taka af öll tvímæli um það, hver sannleikurinn er varðandi verðlagið á útflutningsafurðunum, þegar hin nýja gengisbreyting var ákveðin, í samanburði við það, hvert verðlagið var, þegar fyrri gengisbreytingin var ákveðin. En það er ómótmælanlegt og alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að endurtaka það, þótt hann gerði það þúsund sinnum, að verðlagið hafi í ágúst 1961 verið hærra en það var um áramótin 1959—60. Það er einfaldlega ekki rétt.

Mér hefur þótt ástæða til að verja óvenjulega miklum tíma til þess að útskýra nákvæmlega, að orðum hv. 4. þm. Austf. er ekki treystandi, þegar hann talar jafnvel um staðreyndir, sem á að vera hægt að fá alveg óyggjandi upplýsingar um, því að hann hefur hér haldið beinlínis röngu fram um breytingar á aflamagni á árinu 1960 og hann hefur haldið beinlínis röngu fram um breytingar á verðlagi á árinu 1960 og árinu 1961.

Þá ætla ég að víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ). Munur á þeim hv. Austfjarðaþingmönnum er sá, að hv. 1. þm. Austf. umgengst sannleikann ekki með sama samblandi af léttúð og fyrirlitningu og hv. 4. þm. Austf. gerir stundum. Það er ekki hægt að segja, að hv. 1. þm. Austf. fari beinlínis rangt með ákveðnar tölur, sem hann tilgreinir í ræðum sínum. En samt sem áður furðar mig mjög á ýmsum ummælum hans, — ummælum, sem eru almennar staðhæfingar, sem hann þó reynir ekki að rökstyðja nánar með tölum, en eru almenns eðlis, þannig að erfiðara kann að reynast að festa þar hönd á. En þó sagði hann í sinni löngu ræðu atriði, þar sem svo augljóslega er málum blandað, að mig satt að segja furðar á því, að jafnþingvanur maður og reyndur maður og hann skuli láta slíkt henda sig. Ég skal nefna nokkur dæmi um það, sem ég tel að hafi verið aðalatriðin í hans málflutningi.

Hann sagði t. d., að kaupmáttur launa hafi verið orðinn 15—20% lægri en hann var við árslokin 1958, þegar kaupbindingarnar voru gerðar á miðju þessu ári. Hér hefur hv. þm. smitazt af málflutningi Þjóðviljans, sem hefur sagt þetta margoft og á þá auðvitað við það, — það liggur í augum uppi, — hann á við það, að vísitala neyzluvarnings hafi hækkað um 15—20% á miðju árinu 1961, miðað við það, sem hún var í ársbyrjun 1960. En hér er auðvitað algerlega gengið fram hjá þeirri staðreynd, að verðlag á ýmsum öðrum vörum hækkaði mun minna en þetta neyzluvöruverðlag, og enn fremur algerlega hunzuð sú staðreynd, að ríkisstj. hafði einmitt gert ráðstafanir til þess að vinna gegn þessari verðhækkun, vinna gegn áhrifum hennar á kjörin með því að auka fjölskyldubætur og lækka skatta. Þetta veit hv. þm. auðvitað vel, og þess vegna ætti hann ekki að láta henda sig annað eins og það að hafa þvílíka fjarstæðu eftir Þjóðviljanum.

Þá sagði hv. þm. líka og gerði það að nokkuð stóru atriði í sinni ræðu til þess að afsaka þær miklu kauphækkanir, sem áttu sér stað á miðju þessu ári, að ekki sé hægt að ætlast til, að nokkur maður lifi á 48 þús. kr. á ári. Og þetta segir hv. þm., þótt hann sé búinn að marglesa það bæði í blöðum og opinberum skýrslum, að á árinu 1960 voru meðaltekjur verkamanna í Reykjavík ekki 48 þús., heldur 75 þús. fyrir utan fjölskyldubætur. Samt lætur þessi hv. þm. henda sig að gera það að stóru atriði í sinni röksemdafærslu, að verkamenn hafi þurft að lifa á 48 þús. kr. á ári, samtímis því sem hann veit, að þeir höfðu 75 þús. kr. auk fjölskyldubóta til að lifa af að meðaltali.

Þá sagði hv. þm., að í þeim tölum, sem ég nefndi um rýrnandi afkomu þjóðarbúskaparins á árinu 1960, miðað við árið 1959, hafi ég, þar sem ég einkum hafi rætt um sjávarútveginn, gengið fram hjá hlut iðnaðarins og landbúnaðarins í þjóðarframleiðslunni. Það gerði ég náttúrlega ekki. Ég var að ræða um framlag sjávarútvegsins til þjóðarbúskaparins, sem var miklu lægra á árinu 1960 en það hafði verið á árinu 1959. Hliðstæðar athuganir hafa ekki farið fram á framlagi iðnaðarins og landbúnaðarins til þjóðarframleiðslunnar. Það er án efa rétt, hafi hv. þm. átt við það, að framlag iðnaðarins — sérstaklega iðnaðarins — og einnig landbúnaðarins mun hafa aukizt á árinu 1960, miðað við árið 1959. En honum hlýtur að vera það jafnljóst og mér, að minnkandi hlutdeild sjávarútvegsins á árinu 1960 var mun meiri, minnkun framlags sjávarútvegsins var mun meiri en aukning á hlutdeild iðnaðarins og landbúnaðarins.

Þá sagði hann, þótt það sé smáatriði, að þegar ég hafi áætlað peningateknaaukninguna í krónum, hljóti sú áætlun að vera mjög orðum aukin og sumpart á misskilningi byggð, því að ég hafi sagt, að í kjölfar kauphækkananna mætti reikna með 500—600 millj. peningateknaaukningu á heilu ári, á tólf mánuðum, og auk þess væri rétt að bæta við þessa tölu 300 millj. kr. tekjuaukningu á ári vegna flutnings manna úr verr launuðum stöðum í betur launaðar stöður og vegna fólksfjölgunarinnar. Þetta vill hv. þm. taka þannig, að ég bætti 300 millj. kr. við þjóðartekjurnar í peningum vegna unga fólksins í landinu, eins og hann sagði, og ætlaðist til þess, að tekjur þess yrðu bara teknar af hinum, yrðu

bara byrðar á hina. En það var auðvitað ekkert í því, sem ég sagði, sem gaf tilefni til jafnbarnalegrar og fáránlegrar ályktunar og þessarar, vegna þess að auðvitað á unga fólkið, sem hann vill nefna svo, eða aukningin, fólksfjölgunin, — auðvitað á hún sinn þátt í þjóðartekjuaukningunni, sem ég áætlaði einhvers staðar á milli 3 og 4%, eða 4% til dæmis, og á því er ekki nokkur vafi, að peningatekjuaukningin 300 millj. vegna flutnings á milli tekjuflokka og vegna fjölgunar á vinnufærum mönnum í landinu er ekki of hátt áætluð. Viðbótin á vinnufærum mönnum á sinn rétta þátt í þjóðartekjuaukningunni eins og hún jafnan verður, og það má líka gera ráð fyrir því, að einhver framleiðniaukning sigli í kjölfar þess, að menn flytjast úr verr launuðum stöðum í hærra launaðar stöður. Menn eru einmitt fluttir á milli starfa, úr verr launuðum störfum í betur launuð störf, af því að afköst vinnu þeirra eru að aukast. Það, að þessi tala, 300 millj., er áreiðanlega ekki of hátt áætluð, sést m. a. á því, sem liggur opinberlega fyrir samkvæmt rannsókn hagstofunnar á skattaframtölum, að á árinu 1960 jukust tekjur verkamanna hér í Reykjavík, launastétta hér í Reykjavík um 6%, samtímis því sem engin breyting varð á opinberum töxtum. Þegar af þessari staðreynd geta menn séð, að þessi tala er áreiðanlega ekki of hátt áætluð.

Þá kem ég að næstsíðasta atriðinu, sem ég vildi gera að umtalsefni í ræðu hv. 1. þm. Austf., en það var það, sem hann sagði um vextina. Hann sagði, — og það var furðulegasta eða næstfurðulegasta staðhæfingin, ég geymi mér það allrafurðulegasta þar til síðast, það var næstfurðulegasta staðhæfing ræðu hans, — hann sagði, að með vaxtalækkun hefði mátt bæta upp kauphækkanir að fullu og meir en það, — að með því að lækka vexti hefði átt að bæta upp kauphækkunina að fullu og meira að segja meir en það. Hvað þýðir þetta, ef þetta er tekið bókstaflega? Það þýðir, að það hefði verið hægt að velta allri kauphækkuninni í landinu yfir á herðar sparfjáreigenda. Ég bið menn um að athuga vandlega, að þessi staðhæfing getur ekki þýtt annað en þetta. Ef það er hægt að láta vaxtalækkun bæta alla kauphækkunina, er m. ö. o. hægt að láta sparifjáreigendur í landinu borga allt hið hækkaða kaupgjald.

Þarf að segja meira en þetta, til þess að það verði öllum, hverju mannsbarni, augljóst, hvílík reginfjarstæða hér er á ferðinni? Við getum gert okkur grein fyrir því í mjög stórum dráttum, hvað kauphækkunin nemur miklum auknum peningatekjum. Ég sagði áðan, að það mundi vera einhvers staðar á milli 500 og 600 millj. kr., og ég skal gjarnan skýra frá því, hvernig það er fengið. Samkvæmt áætlunum Framkvæmdabankans um þjóðartekjurnar 1960, þar sem þjóðartekjurnar voru áætlaðar 5.1 milljarður, voru tekjur launþega í þrengri skilningi taldar 2.7 milljarðar og vinnutekjur bænda 0.5 milljarðar, þannig að beinar launatekjur í þrengsta skilningi voru 3.2 milljarðar. Tekjur vinnuveitenda og forstöðumanna og fleiri slíkra aðila voru taldar 0.7 milljarðar. En eigna- og vaxtatekjur voru nettó 1.2 milljarðar. Samtals 5.1 milljarður. M. ö. o.: hreinar launatekjur í landinu eru einhvers staðar á milli 3.2 og 3.5 milljarða króna. Nú er það alveg óumdeilt, að þessar launatekjur jukust frá 13 til 19%, að meðaltali kannske 14—15%, og þá geta menn séð, að samkv. þessu er það alveg óumdeilanlegt, að aukning peningatekna í landinu í kjölfar kauphækkananna samkvæmt þessum tölum er 500—600 millj. kr. Nú leyfi ég mér að spyrja hv. þm.: Meinar hann þetta virkilega eða hefur hann talað — (Gripið fram í.) Hjá frystihúsunum, það þykir mér mjög vænt um að heyra. (Gripið fram í.) Nei, mér þykir mjög vænt um að heyra, að þetta skuli koma fram hjá hv. þm., og bið afsökunar á því, hafi ég misskilið þetta, en misskilningur minn er að því leyti afsakanlegur, að þessu hefur verið haldið fram hvað eftir annað í blaði hv. þm., Tímanum, og þess vegna hefur eyra mitt verið þunnt í þessu efni. Ég hef auðvitað haldið, að hann væri að tala eins og Tíminn skrifar annan hvern dag. (**Gripið fram í:** Ráðherrann hefur líklega misskilið það.) Þetta stendur því miður í Tímanum, að ég nú ekki tali um, hve oft það stendur í Þjóðviljanum, því að það kemur varla svo út blað af Þjóðviljanum, að eitthvað álíka þessu sé ekki sagt. Það er því alls ekki að ástæðulausu, að þetta sé rakið svolítið nánar.

Því hefur verið marghaldið fram, að það hefði enginn vandi verið að leysa þessi mál með vaxtabreytingu eða með því að afnema þá hækkun, sem gerð var á vöxtunum. Nú eru að vísu ekki til neinar öruggar skýrslur um heildarvaxtagjöldin í þjóðfélaginu, en þó segja mér þeir menn, sem þessu er kunnugastir, að heildarvaxtagjöld í þjóðfélaginu, heildargjöld, sem vextir hafa breytzt á, geti í allra hæsta lagi verið 400—500 millj. kr., og 2% lækkun á vöxtunum getur því í allra hæsta lagi numið 80—100 millj. kr. Þegar svo enn fremur er höfð hliðsjón af því, að þessi heildarvaxtagjöld í þjóðfélaginu eru auðvitað fjarri því að vera eingöngu gjöld atvinnurekstrarins, hér er um að ræða öll vaxtagjöld einstaklinga, af öllum íbúðarlánum sínum og öllum einkaskuldum sínum, er algerlega augljóst mál, að með vaxtalækkun geti ekki sparazt hjá þjóðinni nema örlítið brot af þeirri kostnaðaraukningu, sem atvinnuvegirnir í heild urðu fyrir vegna kauphækkunarinnar í sumar. Að nefna þetta tvennt í sömu andránni, kauphækkunina annars vegar og vaxtalækkun hins vegar, er því fullkomlega út í bláinn. Það er um að ræða tölur af svo gífurlega ólíkri stærð, að þar kemst enginn samjöfnuður að. Allt það, sem sagt hefur verið um þetta, er sem sagt mælt af fullkomnu athugunarleysi á því, um hvaða talnastærðir hér er raunverulega að ræða.

Varðandi hitt, sem hv. þm. hefur sagt í ræðu sinni, að hægt hefði verið að bæta frystihúsunum einum upp kauphækkunina með vaxtalækkun, þá er það í sjálfu sér einnig algerlega óleyfilegur málflutningur, vegna þess að auðvitað hefði ekki verið hægt að lækka vexti hjá frystihúsunum nema lækka vexti almennt. Ekki er hægt að ætlast til þess, að frystihúsin njóti algerlega sérstakra vaxtakjara, og það hefði í sjálfu sér heldur engin lækning verið, jafnvel

þó að það hefði verið hægt að taka eina ákveðna atvinnugrein, ákveðinn fyrirtækjahóp út úr og jafna met hans með því að lækka vexti á móti kauphækkunum. Það hefði engin lausn verið á efnahagsvanda þjóðarinnar að láta þannig auknar tekjur mæta auknum gjöldum hjá einni ákveðinni grein fyrirtækja í landinu. Það er allt of mikið að því gert að taka mjög villandi dæmi um einstök fyrirtæki og jafnvel einstakar greinar, þegar verið er að bera saman þýðingu kauphækkananna og hugsanlegrar vaxtalækkunar. Það, sem þá er gjarnan gert, er að taka mjög skuldug fyrirtæki, eins og sum frystihúsanna óneitanlega því miður eru, og þar sem þýðing vaxtanna er þess vegna miklu meiri en almennt á sér stað í sjávarútveginum, hvað þá í atvinnurekstrinum yfir höfuð að tala, eða þá tekin eru fyrirtæki, sem bera tiltölulega miklu meira af vaxtakostnaði útvegsins en af launum hans, og það á líka við um frystihúsin. Þau bera tiltölulega miklu meiri hluta af vaxtakostnaði, af heildarvaxtakostnaði útvegsins heldur en af heildarlaunum útvegsins, og þess vegna er samanburður á þessu auðvitað algerlega villandi og fullkomlega óleyfilegur.

En þá kem ég að síðustu að þeirri fullyrðingu, sem hv. 1. þm. Austf. viðhafði, að atvinnuvegirnir hefðu getað borið þá kauphækkun, sem samið var um nú í sumar, á þessu ári. Ég verð að segja, að þetta var furðulegasta fullyrðingin í hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Austf., enn furðulegri en það, sem hann hafði um vextina að segja. Og þó að hv. 4. þm. Austf. og nokkrir aðrir hafi sagt þetta sama, vil ég segja alveg eins og er: ég geri meiri kröfur til hv. 1. þm. Austf. en annarra manna hér í stjórnarandstöðunni og ætlast til þess, að hann tali öðruvísi, hann tali rökstuddar og öðruvísi en öðrum minni spámönnum kann að fyrirgefast. Þess vegna vil ég um það, sem ég hef um þetta efni að segja, svara honum, en ganga í því efni fram hjá hv. 4. þm. Austf. og öðrum minni háttar spámönnum stjórnarandstöðunnar, af því að ég segi það alveg eins og er, að mér kemur það undarlega fyrir sjónir að heyra aðra eins staðhæfingu og þessa úr munni hv. 1. þm. Austf.

Hvað þýðir það í raun og veru, ef það væri rétt, að atvinnuvegirnir hafi getað borið 13—19% kauphækkun nú á miðju þessu ári? Um það er ekki deilt, að kostnaðarauki atvinnuveganna er 13—19%, þó að menn deili um hitt og ýmsir vilji halda öðru fram um það, hver sé kauphækkun launþeganna vegna þeirra hlunninda, sem í kauphækkununum fólust. Við skulum láta skýringar og deilur um það liggja á milli hluta, því að hitt er óumdeilanlegt, að kostnaðarauki atvinnuveganna var 13—19% að meðaltali, líklega um 15%, þótt ekki þori ég að fullyrða um það með vissu. En hinar tölurnar eru ómótmælanlegar.

Það er alveg augljóst mál, að ef þetta væri rétt, hlyti að hafa verið um óhóflegan gróða að ræða í íslenzku atvinnulífi á undanförnum árum, sérstaklega á árinu 1960, því að næstum allt það ár naut atvinnulífið gengisbreytingarinnar. Það hlyti að hafa verið um óhóflegan gróða að ræða á því ári, ef það væri rétt, að atvinnuvegirnir í heild hefðu getað tekið á sig slíka kauphækkun bótalaust eins og varð nú á þessu ári. En dettur mönnum í hug, að það mundi hafa farið fram hjá hv. stjórnarandstöðu, ef það væri svo, að um slíkan ofsagróða hefði verið að ræða, t. d. í útflutningsframleiðslunni eða í innflutningsverzluninni eða í iðnaðinum? Og það má spyrja: Hvernig stendur þá stjórnarandstaðan sig á verðinum, ef hún hefði horft upp á þvílíkan ofsagróða í kjölfar gengisbreytingarinnar 1960 og fram á mitt ár 1961 án þess að vekja athygli á honum. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, í þessu er ég alveg sammála hv. þm., enda hef ég þegar vakið athygli á því sjálfur margoft, að þær atvinnugreinar, sem að sjálfsögðu högnuðust mest á gengisbreytingunni og bjuggu við langbezt kjör á árinu 1960, voru iðnaðurinn og skipafélögin, og til þessa hefur ríkisstj. líka tekið fullt tillit með því að gefa verðlagsyfirvöldunum bein fyrirmæli að leyfa ekki verðhækkun á iðnaðarvörum í kjölfar gengisbreytingarinnar, nema það sé rannsakað alveg sérstaklega og sýnt með skýrum rökum fram á þörf verðhækkunarinnar, og nákvæmlega sömu verðlagsstefnu hefur ríkisstj. fylgt að því er snertir skipafélögin, svo að til þessarar alveg réttmætu staðreyndar, sem hv. þm. bendir á, hefur verið tekið fullt tillit.

Það er nóg að benda á þessi atriði til þess að sýna fram á, hvílík reginfjarstæða það er, að íslenzkt atvinnulíf hafi verið þannig á vegi statt á miðju þessu ári, að það hafi getað tekið á sig 13—19% kostnaðarauka. En það er í raun og veru alveg óþarfi að vera að deila mikið um þetta, og ég skal hér hafa svipaða aðferð og ég hafði gagnvart hv. 4. þm. Austf., rekja ákveðið dæmi, sem hv. 1. þm. Austf. ætti einnig að vera fullkunnugt um og hann ætti að taka fullt mark á.

Samband ísl. samvinnufélaga er eitt stærsta fyrirtæki á landinu. Ef það væri rétt, að íslenzkur atvinnurekstur yfirleitt hefði búið við svo góð kjör á árunum 1959 og 1960, að hann hefði verið fær um það að taka á sig 15% kauphækkun, 15% kostnaðarauka. skulum við segja til að tala nákvæmlegar, þá hefði Sambandið væntanlega átt að sýna mjög góða afkomu á árinu 1959 og árinu 1960. Þá hefði átt að vera um þann gróða að ræða hjá Sambandinu, sem réttlætti kauphækkunina og réttlætti þátt Sambandsins í þeirri kaupbreytingu, sem varð. Nú er það þannig með Sambandið, eins og opinber fyrirtæki og lýðræðisleg fyrirtæki, að það birtir sína reikninga, þannig að afkoma Sambandsins er ekkert leyndarmál. Að því leyti er Sambandið til mikillar fyrirmyndar í samanburði við önnur fyrirtæki, þar sem menn verða að geta sér til um það, hver afkoman raunverulega er. En Sambandið gefur árlega út bók um afkomu sína, þar sem hún er nákvæmlega sundurliðuð. Það er ástæðulaust að lesa úr bókinni annað en skýra frá því, hvað opinberir reikningar Sambandsins segja um afkomu Sambandsins á undanförnum þremur árum.

Gróði Sambandsins á árinu 1960 nam 6 millj. kr. af heildarveltu að upphæð 120 millj. kr. Hann nam 6 millj. kr. af 120 millj. kr. veltu. Árið áður, 1959, nam gróði Sambandsins 5.2

millj. af 104 millj. kr. veltu. Og árið 1958 nam gróðinn 0.8 millj. kr. Ég hef því miður ekki skrifað veltutöluna hér hjá mér. M. ö. o.: 1958 nam gróðinn 0.8 millj. kr., hann vex á árinu 1959 upp í 5.2 millj., og á árinu 1960 vex hann enn upp í 6 millj. kr. Hitt er svo annað mál, hvort hér verður talið, að um mikinn gróða sé að ræða, að afkoma Sambandsins skuli vera sú, að fyrirtækið skilar 6 millj. kr. af 120 millj. kr. veltu. En hvað segja nú þessar tölur okkur um getu Sambandsins, þessa eins stærsta fyrirtækis á landinu, til þess að standa undir 15% kauphækkun? Því miður eru reikningar Sambandsins ekki svo fullkomnir, að hægt sé að sjá nákvæmlega, hverjar launagreiðslur Sambandsins séu, en þó hef ég fyrir satt, að þær muni vera einhvers staðar í kringum 50 millj. kr., hafi verið á árinu 1960 kringum 50 millj. kr. Og nú vek ég athygli ykkar, hv. þm., á því, hvað þetta þýðir. Það þýðir, að miðað við árið 1960 mundu auknar launagreiðslur Sambandsins á heilu ári vera 7.5 millj. kr. eða m. ö. o. hálfri annarri millj. kr. meiri en ágóðinn á árinu 1960.

Ég held, að hv. 1. þm. Austf. sé varaformaður Sambandsins og fyrrv. formaður þess, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að vitnað sé í þetta fyrirtæki, sem hann er svo nátengdur, þegar hann leyfir sér að halda öðru eins og því fram, að hagur atvinnuveganna hafi á miðju þessu ári verið þannig, að þeir hefðu hæglega, bókstaflega hæglega getað tekið að sér algerlega bótalaust að greiða kostnaðarauka um það bil 15%, sem siglði í kjölfar hinna nýju kaupgjaldssamninga. En sannleikurinn er þá sá um þetta hans eigið fyrirtæki, að allur ágóðinn á árinu 1960 hefði ekki dugað til að greiða upp kauphækkunina, heldur hefði kauphækkunin siglt Sambandinu út í hálfrar annarrar millj. kr. tap á hinu sama ári. (**EystJ:** Gengið hefur nú verið lækkað nokkrum sinnum fyrir því.) A. m. k. má SÍS þakka fyrir, að gengið skyldi hafa verið lækkað, því að af þessum tölum er það algerlega augljóst mál, að allt tal hv. 1. þm. Austf. og hans flokksbræðra, sem telja sig bera hag SÍS og samvinnuhreyfingarinnar alveg sérstaklega fyrir brjósti, hlýtur að vera mælt af hinum mestu óheilindum, því að þeir hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, að SÍS og samvinnuhreyfingin yfir höfuð að tala hefði með engu móti getað tekið á sig þá auknu kostnaðarbyrði, sem kauphækkunin hafði í för með sér. En SÍS og samvinnuhreyfingin yfir höfuð að tala njóta auðvitað góðs af gengisbreytingunni, eins og önnur fyrirtæki í landinu, og það má því segja um SÍS alveg eins og önnur fyrirtæki í landinu, að gengisbreytingin hafi beinlínis bjargað þeim frá stórkostlegum taprekstri, því að ekki ætla ég Sambandinu það að vera þeim mun verr rekið en önnur fyrirtæki í landinu, að ef kauphækkanirnar setja Sambandið yfir í stórkostlegan halla, þá geti önnur fyrirtæki borið þessa miklu kauphækkun og haldið samt ágóða. Ef þetta væri rétt, ef málinu er snúið svona, þá er sannleikurinn um rekstur Sambandsins allt annar en ég hef alltaf haldið að hann væri.

Ég hef haft trú á því, að Sambandið og samvinnuhreyfingin yfir höfuð að tala rækju sín fyrirtæki betur eða a. m. k. ekki verr en gerist að meðaltali um önnur fyrirtæki í landinu og þess vegna sé alveg óruggt og engan veginn ósanngjarnt að taka afkomu Sambandsins sem mælikvarða á rekstur í landinu yfirleitt. Og hér er engum blöðum um að fletta, hér er í sjálfum reikningum Sambandsins skýrt frá því, að ágóðinn 1959 hafi ekki verið meiri en svo, að hann allur hefði ekki dugað til þess að borga sjálfa kauphækkun Sambandsins, vantaði hálfa aðra milljón upp á. Með hliðsjón af þessu, verður náttúrlega allt tal Framsfl., sem þykist bera hag samvinnuhreyfingarinnar fyrir brjósti, — allt tal hans gegn gengisbreytingunni fær þar algerlega nýtt ljós yfir sig.

Ef þetta ætti við Sambandið, að það gæti greitt 7.5 millj. kr. launahækkun á ári og gengislækkunin hefði verið óþörf Sambandsins vegna, þá skyldi maður búast við því, að það væri von á því alveg á næstu grösum, að Sambandið og samvinnuhreyfingin hæfu stórkostlega verðlækkun á sínum vörum, það lækkaði verð á sínum iðnaðarvörum, það borgaði hærra verð fyrir sinn fisk og það byðist til að lækka álagningu eða stóryki endurgreiðslur á hagnaði til kaupfélaganna. Hefur nokkur orðið var við það, að formaður Sambandsins hafi boðað slíkt? Ekki hafa verðlagsyfirvöldin orðið vör við það t. d., svo að ég nefni eitthvað, sem ég þekki vel til. Ekki hafa þau orðið vör við það, að Sambandið eða kaupfélögin yfir höfuð að tala hafi boðið fram lækkun á álagningu. Þvert á móti, þau hafa staðið við hlið kaupmanna, staðið fast við hlið kaupmanna um það að óska eftir miklu meiri hækkun á álagningu en verðlagsyfirvöldin hafa tekið í mál að samþykkja, svo að hér er allt á eina bók lært. Þau fyrirtæki, sem Framsfl. standa næst, tala skýrustu máli um það, að þær staðhæfingar eru rangar, að atvinnuvegirnir hafi getað tekið á sig þá kauphækkun eða þann kostnaðarauka, sem samið var um með kaupgjaldssamningunum í sumar.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 10. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Það var til þess að gera nokkrar athugasemdir við ræður hæstvirtra ráðherra. Það er að vísu dálítið óhægara um vik varðandi hæstv. forsrh., vegna þess að hann hreytti hér nokkrum athugasemdum fram varðandi þetta mál, en fór síðan af landi brott og er sennilega ekki væntanlegur við 1. umr. þess aftur. En ég mundi ekki láta setja þetta fyrir mig, þótt það sé leiðara, þar sem ég veit, að hæstv. ráðh. á fullan aðgang að því, sem hér er sagt, og getur vikið að því síðar, ef honum sýnist.

Það var auðheyrt á hæstv. forsrh., að hann var gramur yfir því hlutskipti að þurfa að verja gengislækkunina frá í sumar. Mátti heyra það á málflutningi hans öllum. En hæstv. ráðh. getur ekki kennt öðrum um þetta og ekki sanngjarnt, að hann láti þessa óánægju sína bitna

á öðrum. Hann hefur sjálfur valið sér það hlutskipti að standa fyrir þessu, og verður því við það að sitja.

Fyrst vék hæstv. ráðherra að þeirri gagnrýni, sem höfð hefur verið í frammi vegna þess, að með brbl. er gengisskráningarvaldið fært úr höndum Alþingis og yfir til Seðlabankans. Það hafa verið færð rök að því, að með þessu hafi hæstv. ríkisstj. brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar og tekið sér vald, sem hún hefði ekki samkv. stjórnarskránni. Hefur meðal annars hv. þm. Ólafur Jóhannesson fært skýr rök fyrir þessu. Þeim rökum öllum vildi hæstv. ráðherra snúa í villu með því að segja, að ríkisstj. hefði gert það eitt með útgáfu brbl. að færa það vald, sem hún hefði haft, — ríkisstjórnin, — ég bið menn að taka eftir því: að færa það vald, sem hún hefði haft, — ríkisstj., — yfir til Seðlabankans. Ríkisstj. gæti ráðstafað því valdi, sem hún hefði, eins og henni sýndist. Þetta var röksemdafærsla núv. hæstv. forsrh., fyrrv. lagaprófessors.

En hefur ríkisstj. óskorað löggjafarvald? Ef þessi kenning hæstv. ráðherra ætti að vera annað en orðaskvaldur, þyrfti þetta að vera þannig, að ríkisstj. hefði óskorað löggjafarvald eða óskorað vald til þess að gefa út brbl., svo að það sé orðað alveg skýrt. En hefur hún það? Nei, það er einmitt mergurinn málsins, að það vald hefur ríkisstj. ekki. Vald hennar til þess að gefa út brbl. er ekki óskorað löggjafarvald, það er bundið því skilyrði, að brýna nauðsyn beri til að gefa brbl. út. Og ef hæstv. ríkisstj. verður uppvís að því að hafa gefið út brbl., sem ekki bar brýna nauðsyn til að gefa út, þá er hún um leið orðin uppvís að því að hafa brotið þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, sem hæstv. forsrh. þóknaðist að fella algerlega niður, eins og það væri ekki til, í málflutningi sínum hér um daginn. Það er náttúrlega ákaflega þægilegt að fara þannig að, að sleppa úr og taka ekkert tillit til einstakra ákvæða stjórnarskrárinnar, þegar manni sýnist og er kominn í klípu í málflutningi. En skammgóður er áreiðanlega sá vermir, sem af því má hafa, og það ekki sízt fyrir hæstv. forsrh. og fyrrv. prófessor í lögum.

Hér þarf því ekkert um þetta að deila. Bráðabirgðalöggjafarvaldið er takmarkað í höndum ríkisstj. Hún var því ekki með brbl. að færa vald yfir til Seðlabankans, sem hún hafði, heldur vald, sem Alþingi hafði og henni var óheimilt að taka af Alþingi með brbl., vegna þess að óhugsandi er, að nokkur maður, hvorki hæstv. forsrh. né nokkur annar maður, geti fært rök fyrir því, að það hafi borið brýna nauðsyn til þess í ágústmánuði að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis yfir til Seðlabankans.

Jafnvel þó að menn vildu fallast á það, sem ég vil ekki gera, að það hafi verið brýn nauðsyn að breyta gengisskráningunni, þá var engin nauðsyn að færa valdið yfir til Seðlabankans. Ríkisstj. gat breytt gengisskráningunni sjálfri með því að gefa út brbl. um það eitt. Og þá var ekki hægt að halda því fram, að hún hefði brotið stjórnarskrána, þótt það hefði eigi að síður verið gersamlega óþingræðislegt. Það var auðvitað eftir sem áður gersamlega óþingræðislegt að rjúka til þess á bak við Alþingi, eins og á stóð í sumar, að breyta sjálfri gengisskráningunni. En það var ekki hægt að segja, að það væri beint brot á stjórnarskránni, eins og útgáfa þessara brbl. varð, þegar því var við bætt að færa skráningarvaldið úr höndum Alþingis og yfir í hendur Seðlabankans.

Ekki bætti það úr í þessu efni, þegar hæstv. dómsmrh. vildi koma kollega sínum til hjálpar í þessu atriði og færa fram fyrir þessu viðbótarástæður. Þá greip hann til þess að lesa upp hér álit Ólafs Jóhannessonar prófessors um þessi efni og þá m. a., hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi, til þess að brbl. mætti gefa út. Og þá tókst þannig til, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur ekki viljað fella úr í lestrinum, og áfellist ég hann ekki fyrir það, að það kom fram sem eitt af þeim skilyrðum, sem Ólafur Jóhannesson taldi þurfa að vera fyrir hendi, að þörfin væri svo brýn, að ekki gæti beðið næsta þings. Það væri óhjákvæmilegt skilyrði, sem þyrfti að vera fyrir hendi, til þess að hægt væri að segja, að rétt væri farið með bráðabirgðalagavaldið. Síðan sló hæstv. dómsmrh. þessu yfir í allt aðra sálma og fór að bollaleggja um, hvort breytingin á sjálfri gengisskráningunni hefði mátt bíða, þangað til Alþingi kom saman á reglulegum tíma, m. ö. o. að leiða athyglina frá því atriði, sem hæstv. ríkisstj. getur ekki varið. En það er allt annað mál. Það er ekki það, sem verið er að deila um í sambandi við stjórnarskrána, heldur hitt, að með engu móti var heimilt að færa gengisskráningarvaldið yfir til Seðlabankans með brbl.

Ofan á þetta bætist, eins og raunar hefur komið hér fram hjá öðrum, að það er ákaflega hætt við því, að hæstv. ríkisstj. hafi með þessu viljað þvinga fram lagaákvæði, sem vafasamt var að hún hefði með nokkru öðru móti getað fengið í gegnum þingið, en aðeins með því að láta menn í flýti og að óathuguðu máli binda sig við málið fyrir fram. Það er mjög vafasamt, að þetta hefði með öðru móti gengið fram á Alþingi, því að nú er hætt við því, að hvaða rök sem kynnu að verða færð gegn því að færa valdið yfir til Seðlabankans, þá verði það allt haft að engu út frá þeim skilningi, að það megi ekki lækka gengi ríkisstj. með því að fella ákvæði, sem hún hafi sett með brbl., og þar með verði þetta að standa. Þá hefur ríkisstj. náð þeim tilgangi, sem hún ætlaði sér með þessu stjórnarskrárbroti, því að vitaskuld er jafnglöggur maður og hæstv. forsrh. ekki að leika sér að því að ganga eins í berhögg við stjórnarskrá landsins og gert er með þessu. Hann gerir það ekki af einhverju prili eða fikti. Það er eitthvað sérstakt, sem býr á bak við það að leggja út á svo hæpnar leiðir. Og það getur ekki verið annað en þetta, að tryggja með þessu, að menn standi frammi fyrir þessu sem gerðum hlut og það megi ekki lækka gengið á ríkisstj. með því að breyta þessu eftir á, — allra sízt þegar stjórnarandstæðingar séu búnir að finna að því, þá verði það þó fyrir alla muni að standa.

Ég held, að því fari þess vegna víðs fjarri, að hæstv. forsrh. hafi fríað stjórnina ámæli

með ummælum sínum um þetta mál, sem voru furðulega út í hött. Og mér finnst einkennilegt, að hæstv. ráðherra skyldi flytja mál sitt á þessa lund. Mér finnst það hefði verið afsakanlegra, ef einhver af okkur hinum minna lærðu í lögum hefði látizt misskilja stjórnarskrána svona hrapallega. Ég fæ alls ekki skilið þann hugsunargang, sem fram kom hjá hæstv. ráðherra í þessu sambandi, að halda því fram, að ríkisstj. hafi í sínum höndum, hvað sem ákvæðum stjórnarskrárinnar líður, óskorað löggjafarvald og óskorað vald til þess að gefa út brbl., þótt það sé greinilega takmarkað í stjórnarskránni.

Þá var hæstv. ráðherra í sambandi við þessi brbl. að tala um, að hér hefði ekkert gerzt, því að það hefðu einhvern tíma fyrir löngu verið gefin út 13 brbl. á einhverjum tíma, sem hann tiltók, og á öðru tímabili 8, og þar með átti þetta að vera í lagi. Það þurfti ekki meira að fjargviðrast út af því, þó að við og við væri bætt við einum brbl. Þetta finnst mér furðuleg röksemdafærsla. Ætli það skipti ekki aðalmáli, hvað í þessum brbl. er og við hvaða ástæður þau hafa verið gefin út? Og ef slíkt er ekki greint og borið saman, þá hefur svona málflutningur ekki nokkra minnstu þýðingu. Það mætti t. d. fara að svara svona málflutningi með því að spyrja hæstv. ráðherra að því, hvað sjálfstæðismönnum hefði á þeim tíma fundizt um sumt af þessum brbl. og að þau voru gefin út. Ég býst við því, að þeir hafi ekki talið sumt af þessu vera til fyrirmyndar, þó að það sé nú allt í einu farið að vitna í þetta svona gersamlega út í hött. Ég býst við því, að þeir hafi t. d. á sínum tíma fundið ákaflega mikið að því, sennilega með sterkustu orðum tungunnar, að það voru gefin út brbl. um afurðamálin og það gerðu þeir raunar. En þótt þeir gerðu það þá, var hæstv. forsrh. nú farinn að vitna í þetta eins og hina æskilegustu fyrirmynd, og þess vegna skyldu menn ekkert vera að fjargviðrast um þessi brbl. Nú er það um afurðasölulöggjöfina að segja, að hún átti, eins og hana bar að, ekkert skylt við þær aðfarir, sem nú hafa verið í frammi hafðar, því að afurðasölulögin voru sett með brbl., eftir að alþingiskosningar höfðu einmitt snúizt um það mál. Það var þess vegna fullkomlega lýðræðisleg og þingræðisleg ráðstöfun. En gengislækkuninni er smellt á með brbl. í sumar, án þess að nokkrir séu þar til kvaddir nema stjórnarliðsmenn innan veggja alveg í lokin. Henni er smellt á gersamlega að ástæðulausu, í stað þess að kalla saman þingið og ræða þar hið nýja viðhorf. Brbl. eru sett á bak við þingið til þess að snúast við nýju viðhorfi, en afurðasölubrbl. voru sett í framhaldi af alþingiskosningum, sem háðar voru m. a. um það mál og þar sem sá málstaður hafði sigrað, sem afurðasölulögin voru byggð á.

En hvað sem þessu líður, getum við ekki verið sammála um, að þessar sífelldu umræður um það, hvað áður hafi verið gert, séu að vísu nokkuð fróðlegar og gætu að sumu leyti verið lærdómsríkar, ef menn vönduðu sig og bæru saman það, sem sambærilegt er, en þá jafnframt, að það skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi, hvað skeð hefur áður, heldur hitt, hvort sú ráðstöfun, sem verið er að ræða þá og þá, er réttmæt eða ekki? Og það skiptir ekki heldur aðalmáli í þessu, hvort einhver kynni einhvern tíma áður að hafa stigið hæpið skref í sambandi við þetta eða hitt, heldur hitt, hvernig það skref er stigið, sem nú hefur verið stigið og verið er að ákvarða um. Þannig á auðvitað að ræða um þessa bráðabirgðalagaútgáfu. Það á að meta, hvort hún er eðlileg og hvort menn hafi haldið sér innan eðlilegra takmarka eða ekki, en ekki reyna að drepa málinu á dreif með því að fimbulfamba fram og aftur um gersamlega ósambærilega hluti, sem fyrir löngu hafa gerzt og þar á ofan margir eru þannig, að þeir, sem nú vilja nefna þá til fyrirmyndar, fordæmdu þá á sinni tíð. Ég hygg, það hafi ekki mikla þýðingu, nema þá til að draga athyglina frá því, að hér hefur verið farið rangt að. Slíkur málflutningur er ekki til fyrirmyndar og allra sízt æskilegt, að hæstv. ríkisstj. noti slíkar aðferðir.

Þá skal ég koma að því, sem hæstv. forsrh. ræddi og átti að vera um efni málsins, en var það sáralítið. Sannleikurinn er sá, að hæstv. forsrh. reyndi ekki einu sinni að færa fram ástæður fyrir því, að gengislækkunin hefði verið nauðsynleg. Hann bara fullyrti það. En hann reyndi ekki að færa fram neinar ástæður fyrir því, ekki að sýna fram á það.

En áður en ég kem að því, vil ég fyrst benda á, að hæstv. ráðherra sagði, að það væru mótsagnir í því, sem ég hefði sagt um málið, því að ég hefði haldið því fram í byrjun ræðunnar, að ástandið hefði verið orðið þannig eftir kauphækkanirnar í sumar, að það hefði verið orðið óviðráðanlegt og ekkert verið annað að gera fyrir ríkisstj. en að leggja málin frá sér og segja af sér. Ég hefði sagt, að ástandið hefði verið orðið þannig. Síðar hefði ég sagt í sömu ræðu, að ástandið hefði verið þannig, að gengislækkun hefði verið óþörf. Þetta taldi hæstv. ráðherra mjög lélega frammistöðu, að flytja mál á þessa lund, og hér hefðu orðið stórfelldar mótsagnir í mínu máli.

Sannleikurinn er bara sá, að hæstv. ráðherra snýr hér öllu við, og hann segir frá ræðunni eins og hann hefði vist viljað, að hún hefði verið, ekki eins og hún var, því að ég lagði sem sé megináherzlu á, að ef ríkisstj. hefði farið rétt að, hefði hún getað notað kjarasamningana frá í sumar til þess að lagfæra fyrir sér á þjóðarbúinu þannig, að það hefði ekki þurft að komast í strand, og getað stuðlað að varanlegu jafnvægi í efnahagsmálum landsins.

Ég lagði áherzlu einmitt á þetta, en ekki hitt, sem hæstv. ráðherra vill vera láta og bjó til. En síðan sagði ég, að fyrst hæstv. ríkisstj. var ófáanleg til þess að notfæra sér kjarasamningana á þessa lund og hugsaði sér þess í stað að vinna það skemmdarverk, sem gengislækkunin í ágúst var, þá hefði henni verið skylt að kalla Alþingi saman og síðan að rjúfa það og láta þjóðina dæma um, hvort fyrirætlanir hennar um enn nýja gengislækkun væru réttmætar eða hin stefnan, sem við höfum rökstutt og haldið fram. Það var þetta, sem hæstv. ríkisstj. bar skylda til að gera. Henni bar skylda til þess. Fyrst hún vildi ekki fara þá leið, sem

við höfðum stungið upp á, bar henni skylda til þess að láta fara fram kosningar í landinu, áður en hún hleypti nýju verðbólguflóði yfir þjóðina með gengislækkuninni í ágústmánuði og það gersamlega að ástæðulausu.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að með kjarasamningunum, sem gerðir voru í sumar á vegum SÍS og síðan annarra, hefði gersamlega verið sleginn grundvöllurinn undan atvinnurekstrinum í landinu og gert ómögulegt, að hægt væri að halda gengisskráningunni óbreyttri. En hæstv. ráðherra reyndi ekki að færa rök fyrir þessari fullyrðingu. Hann sagði í stað raka: Eða dettur nokkrum manni í hug, að samvinnusamtökin í landinu og verkalýðsfélögin hafi gert samningana eins og þau gerðu þá af einskærum velvilja til ríkisstj. og lagað þá þannig til, að ríkisstj. gæti þeirra vegna átt hægara með að sitja áfram en ella? — Þetta voru rökin: Dettur nokkrum manni í hug, að þessi samtök hefðu staðið að samningum, sem gerðu ríkisstj. hægara fyrir að sitja? Þetta voru rökin, sem hæstv. ráðh. hafði fyrir því, að það hlyti að hafa verið unnið skemmdarverk með þessum samningum, af því að samvinnusamtökin og verkalýðssamtökin hefðu staðið að þeim.

Menn taki nú eftir þessum hugsunarhætti. Þessi málflutningur er byggður á því, að stjórnarandstæðingar hverju sinni hljóti að meta það meira að vinna skemmdarverk á efnahagsmálum þjóðarinnar og atvinnumálum en gera svo sanngjarna samninga t. d. um launamál, að þeir gætu undir nokkrum kringumstæðum orðið til þæginda fyrir þá ríkisstj., sem situr. Þetta er sá hugsunarháttur, sem kemur fram hjá hæstv. forsrh., og hann kemur mér ekki svo mjög á óvart, því að þessi hæstv. forsrh. heldur, að allir hugsi á nákvæmlega sama hátt og hann hugsaði og hann starfaði, á meðan hann var í stjórnarandstöðu, því að þá var við þetta miðað. Og það er þessi hugsunarháttur, sem hæstv. forsrh. virðist skilja bezt — og ekki aðeins bezt, hann gerir ekki ráð fyrir því, að nokkur annar hugsunarháttur sé yfir höfuð til. Ef menn séu í stjórnarandstöðu, hljóti þeir yfir höfuð að miða öll sín verk, hvort það er í því að semja um laun fyrir atvinnufyrirtæki, sem þeir eru riðnir við, eða yfir höfuð allt annað, hljóti þeir að miða allt við að gera ríkisstj. bölvun, ekki miða við að reyna að ráða á sem skynsamlegastan hátt fram úr þeim málum í félagssamtökum og atvinnurekstri, sem þeim kann að verða trúað fyrir. Nei, það hljóti allt að vera miðað við hitt.

Þessi hugsunarháttur, sem kemur fram í þessum málflutningi hæstv. ráðh., er því miður byggður á reynslunni af honum. Allir vita, hvernig þessi hæstv. ráðh. og Sjálfstfl. hagaði sér að þessu leyti 1958, þegar flokkurinn hafði mestan áhuga á því að sprengja vinstra samstarfið. Þá sá flokkurinn engin ráð önnur en þau að reyna að magna upp kauphækkanir sem allra víðast í landinu og það meira að segja eftir að búið var nýlega að lögbjóða hinar ýtrustu kauphækkanir, sem talið var að atvinnureksturinn gæti borið, og það meira að segja, þó að kaup væri þá um 15—20% hærra raunverulega en það var í sumar, þegar átökin urðu. Við þessar aðstæður gerði Sjálfstfl. undir forustu núv. hæstv. forsrh. allt það, sem hann gat, til þess að sprengja kaupið sem mest upp. Ekki af því að hann héldi, að atvinnureksturinn gæti borið það eða efnahagskerfið. Nei, blátt áfram af því, að hann vonaði, að með því að hækka kaupið við þær aðstæður, sem þá voru, væri hægt að skapa slíkt vandamál við rekstur þjóðarbúsins, að stjórnarflokkarnir gætu ekki komið sér saman um viðeigandi ráðstafanir. Þetta var það sjónarmið, sem var látið ráða.

Og þegar ekki komu fram nógar kaupkröfur í verkalýðsfélögunum eða launasamtökunum við þessar kringumstæður, voru talsmenn Sjálfstfl. sendir út með skrifaðar ræður úr Sjálfstæðishúsinu til þess að hvetja sem allra víðast til nýrrar kauphækkunarbaráttu, og ef það ekki dugði, þá var atvinnurekendum Sjálfstfl., þeim sem þeir gátu ráðið við, skipað að bjóða fram kauphækkanir. M. ö. o.: núv. hæstv. forsrh. viðhafði þær aðferðir, ef hann taldi þess við þurfa, þegar hann var í stjórnarandstöðunni, að hann lét atvinnurekendur bjóða fram kauphækkanir, af því að það vantaði vinnudeilur. Þegar vantaði vinnudeilur til þess að sprengja upp kerfið, voru þær búnar til, og ef önnur ráð voru ekki til, voru atvinnurekendur gerðir út af örkinni til þess að bjóða fram kauphækkanir, sem var alveg vitað mál að þeir gátu ekki borið sjálfir og hlutu að valda dýrtíðaraukningu.

Það er ekki furða, þó að hæstv. forsrh., sem á þessa fortíð í þessum málum, eigi dálítið erfitt með að skilja, að menn, sem eru í stjórnarandstöðu, reyni að gera vinnu- og launasamninga þannig að miða þá við, hvað raunverulega er hægt að standa við og hvað raunverulega er eðlilegt og réttmætt, en ekki við hitt að gera ríkisstj. bölvun.

En það væri t. d. ekkert úr vegi fyrir hæstv. forsrh., sem virðist haldinn þessum hugsunarhætti og vill láta menn standa í þeirri meiningu, að annar hugsunarháttur geti í raun og veru ekki verið til, — það væri fróðlegt fyrir þennan hæstv. forsrh. t. d. að íhuga það, hvernig á því muni hafa staðið út frá þessu sjónarmiði, að á vegum samvinnuhreyfingarinnar var eytt mörgum sólarhringum til þess að koma því ákvæði inn í launasamningana, að kaupið skyldi standa óbreytt í heilt ár, nema því aðeins að vísitalan hækkaði um meira en 5 stig eða sem svarar 10 stigum eftir gamla laginu.

Hvers vegna skyldu samvinnufélögin hafa verið að leggja ofurkapp á að koma svona ákvæði inn í vinnusamningana, ef þau hefðu verið að reyna að færa efnahagskerfið úr skorðum og gera ríkisstj. bölvun? Ætli það hefði þá ekki verið óþarfi, að þeir, sem hér að stóðu, hefðu lagt á sig margra sólarhringa erfiði til þess að koma þessu ákvæði inn í samningana, ákvæði eins og þessu, sem er stórkostlegt nýmæli í íslenzkum kjarasamningum? Hefur aldrei nokkurt hliðstætt ákvæði fengizt inn í kjarasamninga hér, að kaupgjald skuli standa óbreytt heilt ár, jafnvel þó að vísitalan hækki um 5 stig eða framfærslukostnaður hækki um 5%. Og það var m. a. út af þessu ákvæði, sem fleiri en einn hafa sagt við mig, að þessir vinnusamningar virtust mönnum vera skynsamlegir og hóflegir,

en óneitanlega væri á þeim einn galli og hann væri sá, að ef ríkisstj. hagaði sér skynsamlega, þá gætu þessir vinnusamningar gert henni léttara að halda áfram. Það er ekki því að leyna, að ég heyrði þennan hugsunarhátt. Mönnum fannst það út af fyrir sig galli, að þessir vinnusamningar hlytu að gera ríkisstj. léttara fyrir. Ég hef sagt við þessa menn, og það skildu þeir náttúrlega undireins, að kjarasamningar geti ekki miðazt við það, hvaða ríkisstj. situr þá og þá. Það verður, þegar vinnudeilur koma upp, að reyna að finna þá skynsamlegustu lausn, sem hægt er að fá, og vinna að því að fyrirbyggja tjón, bæði fyrir þau fyrirtæki og þá, sem þar eiga hlut að máli, og þjóðarbúið í heild sinni. Og ef menn álíta það skynsamlegt, að launin hækki ekki vélrænt eftir vísitölu, ber mönnum að reyna að koma slíku ákvæði inn í launasamninga, hvort sem þeir eru með ríkisstj. eða ekki, en ekki haga sér í þessu efni eins og hæstv. forsrh. og hans menn hafa gert hér á undanförnum áratugum. Ef menn telja, að það sé heppilegt fyrir atvinnulífið í landinu, að slíkt ákvæði sé í launasamningum, þá á það ekki að velta á því, hver ríkisstj. er, hvort menn vinna að því, að það komi í samningana, ef menn hafa aðstöðu til þess. Og það er það, sem samvinnumenn hafa leyft sér að gera. Þeir hafa leyft sér að hafa sömu afstöðu í þessu, hvort sem þeir voru hlynntir ríkisstj. eða ekki. En það skilur ekki hæstv. forsrh. og ræðir það ekki. Hann segir bara: Þið getið bara ímyndað ykkur, hvort samningarnir muni ekki hafa hlotið að vera skemmdarverk, af því að þeir, sem að þeim stóðu, voru ekki hlynntir ríkisstj. — Þá þarf ekki frekar vitnanna við. Þeir hlutu að vera það. Það þurfti ekki einu sinni að rökstyðja þetta. Og þó að samningarnir væru þannig, að í þeim væri sá merkilegasti hemill gegn dýrtíðarspólunni, sem nokkru sinni hefur verið settur í launasamninga á Íslandi, þá skiptir það engu máli. Það var skemmdarverk samt, af því að það var unnið af mönnum, sem fylgdu ekki ríkisstj. að málum.

Hæstv. forsrh. minntist nokkuð á, að það hefði komið fram einhvers staðar af hendi Jakobs Frímannssonar, formanns Sambandsins, að hann óttaðist, að kauphækkanir gætu haft í för með sér gengisfall. Hæstv. forsrh. var ákaflega hreykinn af þessu. Á þessu gætu menn séð, að formanni Sambandsins hafi verið algerlega ljóst, að hér var verið að vinna skemmdarverk og gengislækkun hlaut að fara í kjölfar samninganna, sem SÍS gerði við verkalýðinn og samvinnufélögin. — Þetta er röksemdafærsla hæstv. forsrh.

En hvar skyldi Jakob Frímannsson hafa sagt, að af þeim samningum, sem gerðir voru í sumar, hlyti að leiða gengislækkun? Hvar skyldi Jakob Frímannsson hafa sagt það? Hann sagði aðeins, að það gæti farið svo um kauphækkanir. Þetta voru viðvörunarorð, sem mælt voru til þess að hvetja til að fara varlega í kauphækkunarmálum. Þessum orðum leyfir hæstv. forsrh. sér að snúa út úr og dylgja um, að með þessu hafi Jakob Frímannsson lýst því yfir, að þeir samningar, sem gerðir voru um þessi mál í sumar, hlytu að hafa í för með sér gengislækkun. Þetta er dálítið sýnishorn af málflutningi hæstv. ráðherra.

Þá kvörtuðu þeir yfir því, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., að ég hélt því fram sem rökstuðningi fyrir því, að það hefði ekki verið hægt annað en koma nokkuð til móts við launastéttirnar, að verkamannakaup hefði verið aðeins 4000 kr. á mánuði fyrir 8 stunda vinnu hvern einasta virkan dag. Ég benti á, að enginn hefði treyst sér til að halda því fram, að hægt væri fyrir fjölskyldu að lifa af þessu kaupi. Ráðherrarnir hafa ekki mælt í móti þessu. Þeir hafa ekki treyst sér til að halda því fram, að nokkur maður á Íslandi hefði getað lifað af 4000 kr. á mánuði. En þeir sögðu, að það, sem ég sagði um þetta, bæri vott um mjög ósvífinn málflutning eigi að síður, og ég vil biðja menn að taka eftir því. Þeir sögðu, að það hefði verið mjög óviðeigandi áróður af minni hendi að benda á þetta. Og það var vegna þess, að meðaltekjur vinnandi fólks hefðu verið undanfarið mun hærri en 48 þús. kr. á ári. Þess vegna væri það blekkjandi af minni hendi og óviðeigandi að minnast á það í sambandi við kjarasamningana, hversu mikið kaup verkamenn gætu fengið fyrir að vinna 8 stundir hvern einasta virkan dag.

Hafa hæstv. ráðherrar gert sér ljóst, hvað þeir eru að fara með þessum málflutningi sínum? Og nú vil ég spyrja þá: Finnst þeim það vera ósvífin krafa, að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi af því að vinna 8 stundir hvern einasta virkan dag á árinu? Finnst þeim það vera ósvífin krafa, að það sé hægt? Ég vil fá hreint svar við þessu. Þeir virðast ekki treysta sér til þess að halda því fram, að það sé hægt að lifa mannsæmandi lífi af því kaupi, sem borgað hefur verið verkamönnum fyrir að vinna 8 stundir hvern einasta virkan dag. Þeir segja, að það sé óviðeigandi málflutningur að minna á þetta. Og þeir deila stórlega á mig og aðra fyrir að leyfa okkur slíkt. En þá spyr ég: Á að skoða þennan málflutning hæstv. ráðh. þannig, að þeim finnist það vera ósvífin krafa, að verkamaður geti með meðalfjölskyldu lifað af verkamannakaupi, sem hann fær fyrir 8 stunda vinnu hvern virkan dag? Ég býst ekki við, að þeir þori að svara þessari spurningu játandi, að það sé ósvífin krafa. En þá vil ég í framhaldi af því benda á, hversu veikur sá málstaður er að kalla það skemmdarverk að færa kaup fyrir 8 stunda vinnu hvern virkan dag úr 4000 kr. og upp í 4400 kr. á mánuði, en það er það, sem gert var, og svo 1% í sjúkrasjóð.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu, að það væri síður en svo ámælisvert, þó að brbl. væru sett til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu og fjárhagsþröng. Hann orðaði það þannig: til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu og fjárhagsþröng. — Og hver var svo þessi yfirvofandi hætta og fjárhagsþröng? Hún var sú, að launasamningarnir, sem gerðir voru, gerðu ráð fyrir 400 kr. hækkun á mánuði til verkamanna í staðinn fyrir 240 kr. hækkun á mánuði, sem hæstv. ríkisstj. var búin að gefa út að kerfið mundi þola. Eða m. ö. o.: sá mismunur á kaupi, sem þarna kom til greina, var 160 kr. á mánuði fyrir hvern verkamann. Okkur er svo sagt, að þetta hafi komið efnahagsmálum þjóðarinnar í yfir-

vofandi hættu og landinu í fjárhagsþröng og út af því hafi þurft að fella gengið um 13%. Það er ekki furða, þó að hæstv. ráðh. gangi illa að færa rök fyrir öðru eins og þessu.

Það er reynt í þessu sambandi að halda því fram, að kauphækkanirnar, sem urðu, mundu hafa aukið tekjurnar með þjóðinni svo mikið, að gjaldeyrismálin hefðu gersamlega farið úr skorðum, og í því sambandi hafa verið nefndar alveg fjarstæðukenndar tölur. Ég skal ekki fara langt út í að nefna tölur í því sambandi, en hæstv. viðskmrh. segir, að hver 1% hækkun á kaupi geri tekjuaukningu upp á 30 millj. Við skulum segja, að þetta væri nærri lagi. Þá mundi eftir því hækkun frá 6% og upp í 11%, eða 5% meiri hækkun en fyrirhuguð var og efnahagskerfið átti að þola, hafa haft í för með sér 150 millj. kr. tekjuaukningu alls í öllu kerfinu, ef hún kæmi til allra launamanna í landinu. En þá er ekki um að ræða tekjuaukningu upp á 500—600 millj., eins og hæstv. viðskmrh. var að tala um, heldur hefur þá þessi mismunur í för með sér tekjuaukningu upp á 150 millj. kr.

Þegar svo þess er gætt, að aðeins brot af þessu verður eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sjáum við, hvílík fjarstæða það er, sem hæstv. ráðh. hafa haldið fram um þetta. Ef efnahagskerfið þoldi án gengislækkunar 6% kauphækkun, sem þeir hafa hvað eftir annað raunverulega gengið inn á, þá ber allt að sama brunni, það er sama, hvernig dæmið er tekið, hvort það er tekið frá sjónarhól atvinnuveganna eða þjóðarbúsins í heild, miðað við eftirspurn eftir gjaldeyri, — það er sama á hvora lundina það er tekið, það verður gersamlega ómögulegt að finna nokkur skynsamleg rök fyrir því, að gengislækkun hafi átt að geta komið til mála, ekki síst þegar þess er gætt, að gjaldeyristekjur af síldveiðum fóru stórkostlega hækkandi. Jafnvel þó að málið sé skoðað frá þeim sjónarhól, sem þeir vilja helzt, þ. e. a. s. eftir því, hvað kaupmáttaraukningin hefði orðið mikil í heild, þá ber allt að sama brunni. Það er líka af þessum ástæðum, sem hæstv. viðskmrh. grípur til jafnfurðulegrar röksemdafærslu og þeirrar, að þegar menn hafi verið að gera það upp við sig, hvort þyrfti gengislækkun eða ekki, þá hafi þurft að bæta við 330 millj., sem væri væntanleg tekjuaukning í landinu vegna þess fólks, sem bætist í hóp hins vinnandi fólks á hverju ári. En vitaskuld er það svo, að ef á að taka slíkt inn í dæmið, verður auðvitað að bæta við tekjumegin á móti þeirri verðmætisaukningu, sem myndast fyrir vinnu þessa fólks. En auðvitað er þetta ekkert annað en endaleysa — hrein endaleysa — að vera að blanda öðru eins og þessu inn í umr. um það, hvort gengislækkun hafi átt að koma til greina eða ekki, en sýnir á hinn bóginn, hversu aðþrengdir þeir eru orðnir, sem að þessu standa, þegar gripið er til annars eins og þess.

Kaupmáttaraukningin hefði orðið alveg gífurleg, 800—900 millj., segir stjórnin, og málið allt gersamlega óviðráðanlegt, og á þessu sjái allir, að gengislækkunin var lífsnauðsyn. Þetta eru rökin, sem mönnum er boðið upp á, þó að staðreyndirnar séu hinar, að hér var farið að vísu nokkrum prósentum hærra en ríkisstj. taldi kerfið þola. Og þótt afleiðingar þess séu reiknaðar upp á það harðasta í gjaldeyriseftirspurn og aukinni peningaumferð, koma þar út svo lágar fjárhæðir, að engum manni með fullri skynsemi hefði átt að geta dottið gengislækkun í hug í sumar. Enda er sannleikurinn sá, að áróður hæstv. ríkisstj. á sér engan hljómgrunn með þjóðinni. Ég ímynda mér, að 80% af þjóðinni sé í raun og veru sammála um, að hér hafi verið unnið stórkostlegt óhappaverk með þessari gengisbreytingu, sem gerð var í sumar, — heiftarverk, sem hefði verið bezt fyrir þá, sem að því stóðu, og alla, að ekki hefði komið til greina.

Þá vék hæstv. forsrh. að því, að ég hefði bent á úrræði til þess að komast hjá gengislækkuninni. Hann viðurkenndi, að ég og við framsóknarmenn hefðum bent á úrræði í því tilliti. Það viðurkenndi nú hæstv. viðskmrh. líka. En þeir fordæmdu þau úrræði og sögðu, að þau mundu gera illt verra. Maður skildi, að það var það, sem þeir meintu, þau mundu gera illt verra. Meðal úrræða, sem við bentum á, var vaxtalækkun, að lækka vextina ofan í það, sem þeir voru, áður en viðreisnin fór af stað. Hæstv. viðskmrh. ræddi í því sambandi um, að það mundi verða mikið tjón fyrir sparifjáreigendurna í landinu. Ég held því alveg hiklaust fram, að það hefði verið mikill ávinningur fyrir sparifjáreigendurna í landinu, að hæstv. ríkisstj. hefði aldrei lagt út á þá braut, sem hún hefur gengið undanfarið, að hún hefði ekki lagt út í viðreisnarævintýrið á þann hátt, sem hún gerði, og ekki hækkað vextina, vegna þess að tvennar gengislækkanir, sem gerðar hafa verið, og ekki síður þessi seinni, taka ekki aðeins allan ávinninginn, sem sparifjáreigendur áttu að hafa af þessu ævintýri, heldur miklu, miklu meira, verða miklu þyngra áfall fyrir sparifjáreigendur í landinu en hitt, að vextirnir hefðu verið látnir standa óbreyttir. Eftir sitja svo allar þær búsifjar, sem vaxtahækkunin hefur gert atvinnurekstrinum í landinu, og eru þær ekki neitt smáræði.

Hæstv. forsrh. sagði, að tillögur okkar um að draga úr lánsfjárskortinum með því að hætta ráðstöfunum til að binda sparifjárinnstæðurnar væru beint tilræði við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Og nú vil ég biðja menn að taka eftir: Hverjar eru svo þessar tillögur Framsfl., sem eru beint tilræði við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar? Tillögurnar eru þær að hætta að taka sparifé þjóðarinnar úr umferð og frysta það inni í Seðlabankanum. Við leggjum til, að þessu verði hætt, sparifé þjóðarinnar fái að vera í umferð, það verði lánað út í atvinnureksturinn og til þess að greiða fyrir hinum mörgu áhugamálum fólksins. Sparifé þjóðarinnar fái að vera í umferð. Það er ekki annað, sem við förum fram á. Það er ekki annað, sem við leggjum til. Við leggjum ekki til, að það verði farið að búa til kaupgetu, sem ekkert er á bak við, með útgáfu nýrra peningaseðla út í bláinn. Við leggjum ekki annað til en það eitt í þessu sambandi, að sparifé þjóðarinnar fái að vera í umferð, það sé ekki tekið og fryst í Seðlabankanum til þess að skapa með því lánasamdrátt og kreppu.

En þetta, að sparifé þjóðarinnar fái að vera í umferð, fái að vera í hringrás í atvinnulífi landsmanna, það kallar núv. forsrh. beint tilræði við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Svona langt er hæstv. forsrh. kominn á örstuttum tíma frá því, þegar hann í stjórnarandstöðunni 1956—58 bað menn lengst allra orða að leggja ekki, hvað sem þeir gerðu að öðru leyti, út á þá leið að reyna að lækna vandamál efnahagslífsins með því að draga óeðlilega saman lánveitingarnar, og lagði svo mikið við þessi varnaðarorð, að hann vísaði til þess, að hagfræðingar hefðu komizt að þeirri niðurstöðu, að kreppan mikla upp úr 1928 mundi að verulegu leyti hafa stafað af því, að Englandsbanki rak of þröngsýna útlánapólitík. En þessi sami ráðh., sem varaði við þessu 1956—58 og í því sambandi alveg sérstaklega við núv. efnahagsmrh. sínum og aðalráðunaut, Gylfa Þ. Gíslasyni, sem sérstaklega hættulegum manni í þessu tilliti, þessi sami maður er kominn svo langt, að hann telur það beint tilræði við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar að leyfa sparifé hennar að vera í umferð.

Látum vera, að hann hefði fundið að því, ef við hefðum viljað auka útlánin úr bankakerfinu, án þess að nokkuð væri á móti. Það var annað mál. Það er ekki það, sem við leggjum til. Við leggjum til, að það sé bætt úr rekstrarfjárskortinum, eins og hægt er að gera, með því að hætta að loka hluta af sparifénu inni.

En þessi pólitík að loka sparifé inni á þessa lund og að neita mönnum svo unnvörpum um lán, sem mörg mundu, ef veitt væru, leiða til stóraukinnar framleiðni og framleiðslu, m. a. lán til tækjakaupa í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, sem mundu kasta af sér margföldu láninu á örskömmum tíma, — þessi pólitík að loka sparifé inni og neita mönnum svo um lán til svona framkvæmda leiðir áreiðanlega ekki til þess að auka eða efla fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Það er alveg víst. Og það er alveg splunkuný kenning, sem við eigum nú við að búa í framkvæmdinni, að af öllu hættulegu sé það þó þjóðhættulegast að leyfa því fjármagni, sem menn leggja til hliðar, að koma í umferð í útlánum. Af öllu furðulegu er þetta furðulegast hjá þjóð, sem er í stórkostlegum vandræðum einmitt vegna skorts á lánsfé, þar sem verkefnin bíða alls staðar óleyst, ekki hægt að koma þeim í framkvæmd vegna skorts á lánsfé.

Við þetta bætist, að það hefur ekki aðeins verið látið við þetta sitja, að draga þannig inn í bankakerfinu sparifé, heldur hafa líka verið raunverulega stórminnkuð útlán á afurðir með því að halda útlánum á afurðir óbreyttum í krónutölu, þótt hver gengislækkunin dynji yfir af annarri. Þar að auki hefur því svo verið bætt við að draga alveg sérstaklega saman þau lán, sem lánuð hafa verið í landbúnaðinn, með því að setja til viðbótar þessari takmörkun aðra takmörkun. En hún er fólgin í því að lána ekki meira í krónutölu út á landbúnaðarafurðir í heild en áður, enda þótt landbúnaðarframleiðslan vaxi stórkostlega. Og það er gortað af því núna í síðasta pésa frá Seðlabankanum og þá auðvitað á vegum ríkisstj., að það hafi „tekizt“ að draga mjög úr útlánum til landbúnaðarins á árinu 1960. Og það er líka gortað af því og talinn alveg sérstakur vottur um batann, — takið eftir því: um batann í búskapnum, að það hafi lukkazt að loka svo og svo mikið inni í bankakerfinu af sparifé þjóðarinnar, það hafi tekizt að koma í veg fyrir, að það kæmist út aftur.

Hæstv. forsrh. var eitthvað að tala um, að ég skyldi tala varlega í þessu tilliti, því að ég hefði stundum varað við of miklum útlánum. Það er rétt. Ég hef varað við of miklum útlánum. Ég hef aldrei verið talsmaður þess að setja seðlapressuna í gang til þess að lána út fjármuni, sem ekkert var á bak við. En ég hugsa, að enginn viti það betur en hæstv. forsrh., að ég hef í hvert skipti, sem til mála hefur komið að taka upp pólitík okurvaxta eða þá pólitík að loka inni það veltufé, sem þjóðin safnar sjálf, — í hvert skipti, sem slíkt hefur komið til tals, hef ég verið eindregið á móti því og ásamt öðrum komið í veg fyrir, að slíkt hafi komið til mála, þangað til núv. stjórnarsamsteypa kom til greina og þurfti ekki lengur að taka tillit til minna ráða í þessu eða minna félaga, enda sjá menn nú afleiðingarnar af því, m. a. í þessari lána- og vaxtapólitík, sem þeir virðast vera a. m. k. annað veifið dálítið drýldnir af.

Að lokum sagði svo hæstv. forsrh., að engan mundi fýsa að eiga slíkan viðskilnað sem Framsfl. átti í des. 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá. Jæja, látum það nú vera. Í þessu sambandi er rétt að minna aðeins á, — ég skal ekki fara langt út í það, — að þegar vinstri stjórnin fór frá, var gjaldeyrisstaða landsins betri en hún er núna og hafði farið batnandi það ár. Þá var greiðsluafgangur hjá ríkissjóði verulegur. Þá var meira líf í framleiðslunni til lands og sjávar en síðar hefur komið til mála. Þá var betri afkoma framleiðenda í landinu en síðan hefur verið og afkoma almennings alveg ósambærilega betri. Þetta eru staðreyndir, sem er ekki hægt að komast fram hjá, þótt menn kynnu gjarnan að vilja það.

En ástæðan til þess, að vinstri stjórnin gat ekki haldið áfram, var sú, að það var ómögulegt að ná samstöðu við þá, sem ríkisstj. studdu, um að taka dýrtíðarspóluna, vísitöluna úr sambandi. Það var þá haldið dauðahaldi í að hafa dýrtíðarspóluna í sambandi bæði við kaupgjald og afurðaverð og fyrirsjáanlegar miklar víxlhækkanir í því efni, sem mundu hafa gert óbætanlegt tjón. Af þessu voru málin mjög illviðráðanleg, þrátt fyrir þessar góðu ástæður að öðru leyti, sem ég var að lýsa.

Framsfl. gerði þá till. um lausn á því máli, sem samstarfsflokkarnir vildu ekki líta við og þeir, ásamt þeim öflum, sem núverandi hæstv. forsrh. stýrði í Sjálfstfl. þá, sameinuðust um að fella og koma fyrir kattarnef. Tillagan var að taka vísitöluna úr sambandi við kaupgjaldið og afurðaverðið og fella niður nokkur vísitölustig. Það var þá sýnt fram á af framsóknarmönnum, að þessi till. var miðuð við að halda kaupmætti launa í landinu eins og hann var í okt. 1958 og öðrum þeim kjörum, sem þjóðin átti þá við að búa. Og það var sýnt fram á, að þetta væri hægt.

En þá voru það þessi öfl, og þar á meðal hv. 3. þm. Reykv. (EOl.), sem var að hnýta hér í Framsfl. fyrir viðskilnað vinstri stjórnarinnar m. a., sem gengu fast að því að synja algerlega fyrir þessa lausn og gera þar með vinstri stjórninni gersamlega ómögulegt að starfa áfram. En hvað fékk svo hv. 3. þm. Reykv. í staðinn og þeir, sem stóðu að þessu? Hann lýsti því sjálfur í fyrradag, hvað fékkst í staðinn.

En það er fleira athyglisvert í þessu máli. Og það er, að sá kjarasamningur, sem gerður var nú s. l. sumar og við höfum rætt hér í þessum umr., var þannig, að ef slíkur samningur hefði verið gerður haustið 1958, hefði vinstri stjórnin getað haldið áfram að starfa. Slíkur samningur hefði veitt henni æskilegan grundvöll til þess að starfa áfram. Þannig var sá samningur, sem lagður var á borð núv. ríkisstjórnar s. l. sumar og hún hefur leyft sér að kalla skemmdarverk.

En þetta þýðir líka, að ef forráðamenn verkalýðssamtakanna hefðu viljað líta við því haustið 1958 á vegum vinstri stjórnarinnar, sem þeir fögnuðu í sumar í stjórnarandstöðunni, þá hefði vinstri stjórnin getað haldið áfram og menn hefðu ekki fengið yfir sig þær stórkostlegu kjaraskerðingar, sem síðan hafa átt sér stað. Þetta segir ekki svo lítið um, hversu óheppilega hefur verið haldið á málum.

Ég kem þá að lokum að hæstv. viðskmrh., sem ræddi nokkuð mína ræðu. Hann taldi, að ég hefði hallað á stjórnina og hennar málstað í mínum málflutningi. Fyrsta dæmið, sem hann nefndi því til stuðnings, var, að ég hefði sagt, að kaupmáttur launa hefði minnkað um 15—20% síðan í okt. 1958. Ráðh. vildi ekki, að því er mér skildist, bera þetta beint til baka, en hann sagði, að ég hefði átt í þessu sambandi að minna á, að það hefði ýmislegt verið gert til þess að drýgja fyrir mönnum, sem ekki kæmi fram í þessu, og átti hann þar sjálfsagt við fjölskyldubæturnar ekki síst. Ég nefndi þær ekki, vegna þess að ég nefndi ekki margt annað, sem hefur orðið mönnum mjög til þyngsla á þessu tímabili. Ég nefndi bara kaupmátt tímakaupsins. Ég nefndi t. d. ekkert þær gífurlegu búsifjar, sem núv. stjórnarstefna hefur gert mönnum, sem þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið, í gífurlegum hækkunum á byggingarkostnaði, óskaplegum hækkunum á vöxtum og styttingu lánstíma þeirra lána, sem látin eru í té. Með öllu þessu móti hafa mönnum verið bundnir gífurlegir baggar, sem ég nefndi ekki á nafn í mínu máli. Ég taldi mig þess vegna mjög vel hafa ráð á því að nefna þessa rýrnun á kaupmætti launanna sem dæmi um, hvað hallað hefði undan fæti, án þess að fara í leiðinni að tala um fjölskyldubæturnar þar í móti, og tel mig ekki hafa blekkt neitt, þó að ég nefndi þessa rýrnun kaupmáttarins sem einkennandi dæmi um, hversu á menn hefði hallað á þessu tímabili.

Auk þess nefndi ég ekki, hversu óskaplegum erfiðleikum stjórnarstefnan hefur valdið mönnum í hækkun á verði margvíslegra tækja, sem menn þurfa að kaupa til heimilanna og til þess að byggja upp atvinnureksturinn, bæði í sveitinni og við sjávarsíðuna, sem nú eru því miður sem óðast að koma niður á þeim, sem þurfa á því að halda að byggja sér upp heimili og aðstöðu í framleiðslunni. Ekkert af þessu nefndi ég. Ég nefndi aðeins þetta eina atriði sem einkennandi fyrir breytinguna og tel, að með því hafi ég alls ekki hallað á stjórnina.

Ég er búinn að ræða um það, sem hæstv. ráðherra sagði varðandi sparifjáreigendurna og lækkun vaxta og skal ekki fara út í það.

Í sambandi við ræðu viðskmrh. og ræðu hæstv. forsrh. vil ég alveg sérstaklega benda mönnum á, að þeir hafa enga tilraun gert til þess að hnekkja því, sem ég hef fært hér fram í umr. til að sýna, að þessi gengislækkun algerlega var gerð ófyrirsynju. Skal ég nú rifja þessi atriði upp. En áður en ég geri það, vil ég benda mönnum á, hversu óvenjulega mælt er fyrir þessari gengislækkun. Þegar gengislækkanir hafa komið til greina á undanförnum árum, hafa þær verið rökstuddar með sérstakri þörf atvinnuveganna. Það hafa verið færð fram dæmi um, að þessi eða hin gengislækkunin virtist óhjákvæmilega nauðsynleg til þess að jafna metin hjá atvinnuvegunum. Nú hefur þetta alls ekki verið gert. Þetta er vegna þess, hversu torvelt er að sýna fram á nauðsyn gengislækkunarinnar með eðlilegum rökum. Þess í stað er verið að fimbulfamba um þær gífurlegu fjárhæðir, sem leystar hefðu verið úr læðingi í aukinni kaupgetu og hefðu velt gjaldeyrisstöðunni um. Þær tölur, sem í því sambandi hafa verið nefndar, hafa allar verið hraktar.

Ég ætla nú vegna þess, hve nýstárlega er mælt fyrir þessari gengislækkun, að rifja upp þau atriði, sem sýna, að gengislækkunin átti engan rétt á sér og fyrir henni voru engin efnahagsleg rök. Ég vil biðja menn að taka eftir því, að þessum rökum hefur ekki verið reynt að hnekkja. Hér koma til eftirfarandi röksemdir:

Þegar iðnreksturinn var tekinn til rannsóknar að lokinni kauphækkun, kom í ljós og því var lýst yfir í skýrslum í stjórnarblöðunum m. a., að iðnreksturinn, með aðeins örlitlum undantekningum, sem nefnd voru um tvö dæmi, gat borið kauphækkanirnar án þess að hækka verð á iðnaðarvörunum. Enn fremur, að sú hækkun á iðnaðarvörum, sem leyfð var, var hnitmiðuð í nær öllum dæmum við áhrif gengislækkunarinnar einnar á kostnað iðnfyrirtækjanna. Þessu hafa hæstv. ráðherrar ekki reynt að hnekkja, sem er ekki von, því að þetta eru staðreyndir. En þetta sýnir, að iðnreksturinn gat borið þessar tiltölulega hóflegu kauphækkanir.

Næsta atriði er svo, að verðlag á saltsíld og bræðslusíld til útgerðarinnar gat hvort tveggja hækkað, — ég sagði hækkað, — þrátt fyrir kauphækkanirnar og eftir að búið var að reikna þær inn í dæmið hjá vinnslustöðvunum. Verð á saltsíld hækkaði og verð á bræðslusíld hækkaði, — hækkaði, — en ekki lækkaði, þrátt fyrir kauphækkanirnar.

Þá kemur að athuga aðstöðuna hjá sjávarútveginum að öðru leyti. Þá er það fyrst, að kaupgjald sjómanna, hlutarmanna, hafði hækkað um veturinn áður og var komið inn í fiskverðið. Það var búið að gera nýja samninga um fiskverðið, eftir að þær kauphækkanir höfðu átt

sér stað, og það hafði lagað sig eftir hinum nýju aðstæðum. Samningarnir, sem gerðir voru í sumar, snertu því eingöngu fiskvinnslustöðvarnar í sjávarútveginum. Þá kemur spurningin: Voru þessir samningar þá ekki alveg óbærilegir fyrir vinnslustöðvarnar í sjávarútveginum? Vinnulaunakostnaðurinn í frystihúsunum er talinn vera frá 17—20% af útflutningsverðinu. Við sjáum það því, að þær kauphækkanir, sem urðu í sumar umfram það, sem stjórnin vildi, geta ekki numið meira en 1—2% af útflutningsverði. Engum manni með heilbrigða skynsemi hefði dottið í hug að breyta gengisskráningu íslenzku krónunnar, þótt verð á útflutningsafurðum frystihúsanna hefði breytzt um 1—2%, hvorki til hækkunar né til lækkunar. Þegar þess er svo gætt hér til viðbótar, að ríkisstj. var í lófa lagið að lækka vextina niður í það, sem þeir voru fyrir gengislækkunina, eða um sem næst ¼ hluta, þá blasir við, að hægt var með því einu að bæta frystihúsunum upp kauphækkkunina, sem varð s. l. sumar.

Einnig var hægt að bæta hag iðnaðarins og annars atvinnurekstrar að sama skapi. Og eftir því, sem nú er komið fram um verðlagsgrundvöll iðnaðarins, hefði verð á iðnaðarvörum getað lækkað, ef engin gengislækkun hefði getað komið til greina, en vaxtalækkun verið innleidd í hennar stað, — hefði getað lækkað í stað þess að hækka.

Til viðbótar þessu hefur svo verið bent á, að ef þessu til viðbótar hefði verið bætt nokkuð úr rekstrarfjárskorti fyrirtækja í landinu með því að lina á innilokun sparifjárins, þá hefðu viðskipti farið vaxandi, verzlanir og aðrar stofnanir átt miklu auðveldara með að komast af án nokkurrar breytingar á álagningu en ella og tekjur ríkissjóðs hefðu vaxið mjög verulega. Og eftir því sem nú horfir og raunar auðséð var vegna þess, hvað búið er að moka háum tollum á almenning, almennu neyzluvörurnar, hefði hagur ríkissjóðs orðið þannig, að hann hefði getað lagt fé af mörkum til þess að koma í veg fyrir fulla hækkun smásöluverðs landbúnaðarvara. Opnazt hefði leið til að bæta launakjör opinberra starfsmanna. Ég er alveg sannfærður um, eftir því sem ég þekki til þessara mála, að það hefði verið hægt með þessum aðferðum að halda verðlaginu innan við þau 5 stig, sem það mátti hækka, áður en kaupgjaldið færi að hækka á nýjan leik.

Þannig hefði verið hægt að nota kjarasamningana, sem gerðir voru, til þess að koma á jafnvægi og tryggja varanlegan vinnufrið og jafna þróun. Hæstv. ráðherrar hafa ekki reynt að hnekkja þessari röksemdafærslu, ekki gert tilraun til þess. Í staðinn fyrir að reyna að hnekkja þessari röksemdafærslu og sýna fram á með glöggum ástæðum, að gengislækkunarinnar hafi verið brýn þörf vegna kauphækkkananna, eins og þeir hafa fullyrt, hafa þeir endurtekið slagorð sín um þetta mál.

Aðeins ein tilraun hefur verið gerð til þess að koma út tortryggni á þessari röksemdafærslu. Það var, þegar hæstv. viðskmrh. taldi sig hafa fundið púðrið í gær. Hann hafði lesið reikninga SÍS og sagði, að reikningar SÍS sýndu það — fyrir 1959 og 1960, að þessar röksemdafærslur mínar væru algerlega á sandi byggðar. Það hefði sýnilega verið algerlega ómögulegt fyrir Sambandið að standa undir þeirri kauphækkun, sem það samdi um. Þessu til sönnunar nefndi ráðherrann, að gróði SÍS, eins og hann kallaði það, hefði verið rúmar 5 millj. 1959 og 6 millj. 1960. Síðan hefði kaupið verið hækkað um 15%, sagði ráðherrann, og launagreiðslur Sambandsins og allra fyrirtækja þess mundu aldrei vera undir 50 millj. og það gerði 7½ millj. í hækkun. Og þarna sjáið þið, segir ráðherrann, að af því leiðir, að SÍS hlyti að hafa tapað 1½ millj. á þessu ári, ef ekkert hefði verið gert til þess að hjálpa! Á þessu sjáið þið það, sagði hæstv. ráðherra, að allt þetta tal stjórnarandstæðinga um, að þessi kauphækkun hefði ekki þurft að koma af stað gengislækkun, er alveg út í bláinn.

Það er nú mál út af fyrir sig, að hæstv. ráðherra, jafnglöggur maður, skuli nú vera svo aðþrengdur að leyfa sér að gefa í skyn, að afkoma Sambandsins fyrir tveimur árum eða jafnvel í fyrra segi til um, hvernig til muni takast á árinu 1961. Þetta er auðvitað gersamlega út í bláinn, eins og sést bezt á því, að hæstv. ráðherra gat ekki stillt sig um í leiðinni að nefna, að 1958 hefði afgangur SÍS enginn verið. Hann sýnir sem sé fram á, hvílík markleysa þetta er, sem hann er að fara með, því að ef hagur SÍS hefur getað breytzt frá því að græða ekki neitt 1958 upp í það að græða 5.2 millj. 1959 og 6 millj. 1960, þá sjáum við, að það er harla lítið hægt að álykta frá ári til árs um afkomuna, enda er þetta tal hæstv. ráðherra algerlega út í bláinn og hefur ekkert gildi.

En fyrst hæstv. ráðherra óskar að blanda þessu hér inn í, get ég gert honum það til geðs að gefa honum nokkrar upplýsingar, sem kannske skýra þetta eitthvað fyrir honum eða öðrum, sem kynnu að taka það alvarlega, sem hæstv. ráðherra sagði um þetta efni.

Ég vil þá fyrst benda hæstv. ráðherra á, að 1960 var nýbúið að hækka vextina upp í fulla viðreisnarhæð, og hækkun á vaxtaútgjöldum Sambandsins það ár var hvorki meira né minna en rúmlega 8 millj. kr. Mest af þeirri fjárhæð var vegna viðreisnarhækkunarinnar. Það eru engar smáfjárhæðir, sem hér er um að ræða, þó að ráðherranum finnist alltaf vaxtaútgjöld hljóti að vera hégómi. Vextirnir voru síðar lækkaðir, ríkisstj. þorði ekki annað en lækka þá í ársbyrjun 1961, og áreiðanlega var það ekki gert fyrir SÍS, það er alveg óhætt að bóka. En hún þorði ekki annað en lækka vextina í ársbyrjun 1961. Það munar ekki svo litlu. Það þýðir nokkrar millj. í ávinning fyrir SÍS, því að enn þá hafa ekki verið fundnar leiðir til að hafa hærri vexti fyrir SÍS en aðra, þó að það mundi sjálfsagt ekki vanta viljann til þess í stjórnarherbúðunum eftir öðru. En það hefur ekki enn þá verið fundin aðferð til þess. Þetta verður því til þess, að vextir Sambandsins lækka um nokkrar millj. á árinu 1961 frá því, sem var 1960. Af þessu sér hæstv. viðskmrh., hversu hæpið er að vera með einhverjar ályktanir fram í tímann og miða við afkomuna frá einu ári til annars. Þar að auki get ég líka

huggað hæstv. ráðherra með því, þar sem hann hefur svona miklar áhyggjur vegna afkomu SÍS, að á árinu 1960 varð Sambandið fyrir gengistapi, sem kom á reksturinn, rúmar 2 millj. kr., og slíkt hefði vitanlega ekki endurtekið sig á þessu ári, ef ekki hefði verið gripið til gengislækkunarinnar. Breytingar til lækkunar á útgjöldum á þessum tveim liðum frá 1960 nema því mörgum millj., og sýnir það alveg nægilega, hvílík markleysa þessi röksemdafærsla hæstv. ráðherra er, ef á að kalla þetta tal því nafni.

Þessu til viðbótar vil ég svo upplýsa enn einu sinni, að iðnrekstur Sambandsins þurfti ekkert að hækka sínar vörur vegna kauphækkunarinnar, fremur en annar iðnrekstur í landinu yfirleitt. Loks er þess að gæta, að kauphækkunin var ekki 15% að meðaltali á vegum SÍS, og verða því útgjöld vegna hennar ekki eins mikil og ráðh. hélt. Hefðu svo vextir verið lækkaðir í það, sem þeir voru fyrir viðreisnina, eins og framsóknarmenn hafa lagt til, mundi það enn hafa lækkað vaxtaútgjöldin hjá öllum um ¼ og gert allt miklu léttara viðfangs. Slík vaxtalækkun hefði orðið stór liður í því, að fyrirtækin hefðu getað borið kauphækkunina, ekki aðeins samvinnufyrirtækin, heldur öll önnur fyrirtæki í landinu. Á þessu öllu sjáum við, hvílík fjarstæða ályktun ráðherrans er út frá rekstrarafkomu SÍS 1959 og 1960. Mér sýnist þessi málflutningur mest líkjast hálmstráinu, sem að litlu liði muni geta komið í sambandi við þessi vandamál öll.

Hitt er svo annað mál, að Sambandið verður fyrir stórtjóni vegna gengislækkunarinnar í sumar. Það er því alls fjarri, að hún komi til hagsbóta fyrir Sambandið eða geri því léttara að standa undir kauphækkunum.

Sambandið hafði eins og fjöldamargir aðrir innflytjendur í landinu aflað sér vörulána erlendis, vegna þess m. a., hversu strangar hömlur eru hér á útlánunum, rekstrarfjárútlánunum. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á, að það eru heldur þokkalegar aðfarir hjá hæstv. ríkisstj. í garð innflytjendanna í landinu. Þeir eru hvattir til að notfæra sér erlend lán til að flytja inn vörur, og sparifé landsmanna er lokað inni og fryst í bönkunum og innflytjendunum neitað um lán af því fé. En þeir eru hvattir til að útvega sér lán erlendis í staðinn til þess að flytja inn vörur. Svo þegar búið er samkvæmt áskorunum ríkisstj. að útvega aukin vörulán erlendis, skellir hæstv. ríkisstj. gengislækkun ofan á allt saman, hækkar öll þessi lán um 13%. Þetta eru þokkalegar aðfarir. Það er geðslegt viðskiptasiðferði í þessu: hvetja menn fyrst til að notfæra sér aukinn gjaldfrest erlendis, vegna þess að búið sé að koma á góðu kerfi, nú sé allt fast og öruggt, og síðan skella algerlega ófyrirsynju 13% ofan á allar þessar skuldir. Hafi þessi gengislækkun í sumar átt að vera eitthvert sérstakt vináttubragð við Sambandið og bjargráð því til handa til þess að bæta fyrir fyrri misgerðir í þess garð og ofsóknir af hendi stjórnarmeirihlutans, þá hefur sorglega mistekizt að bæta þess hag með nýju gengislækkuninni, eða gera því auðveldara að standa undir þeim kauphækkunum, sem óhjákvæmilega urðu á s. l. sumri.

Ég sé nú, að ráðherrastólarnir eru tómir, og ég veit ekki, hve lengi þeir hafa verið tómir. En vegna þess að ég ætla að spyrja stjórnina um tvö eða þrjú atriði, langar mig til að biðja hæstv. forseta að gera tilraun til, að viðskmrh. gangi í salinn. (**Forseti:** Já, það skal verða athugað, hvort ráðherrann er í húsinu. — Hæstv. viðskmrh. mun ekki vera staddur í húsinu núna.) Þá vildi ég biðja hæstv. fjmrh., — annars vil ég átelja, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera við umr., því að með vissum hætti má hann teljast nokkur oddviti fyrir þessu máli, en ég mun ekki gera það að þrætuatriði að svo vöxnu, — en bið hæstv. fjmrh. að koma á framfæri við hann því, sem ég ætla að spyrja um.

Í máli sínu gerði hæstv. viðskmrh. talsvert úr því, að í raun og veru væru tvær ástæður fyrir gengislækkuninni. Málið væri tvíþætt. Annars vegar væru kauphækkanirnar frá í sumar og hins vegar væru aðrar ástæður, sagði ráðh. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann vildi gera okkur grein fyrir því, hversu mikill hluti gengislækkunarinnar stafar að hans dómi beint af kauphækkunum og hversu mikill hluti af öðrum ástæðum.

Loks vildi ég svo biðja hæstv. fjmrh. að minna hæstv. viðskmrh. á, að ég spurði um það eða bað um, að kæmu fram upplýsingar, hversu miklu mundu nema þau nýju útflutningsgjöld, sem yrðu innheimt í framhaldi af gengislækkuninni á þessu ári og hugsanlega á næsta ári.

Að sjálfsögðu liggur beint við, að hæstv. viðskmrh. taki þau atriði fyrir, þegar það frv. verður rætt, sem næst er á dagskránni. En ég vek athygli á þessu fyrir fram, vegna þess að það er ekkert um þetta í grg. þess frv. og það er skylt þessu máli, sem nú er rætt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Þetta mun nú vera fimmti dagurinn, sem umræður hafa staðið um frv. þetta í hv. d., og hefur á þeim tíma margt borið á góma í ræðum hv. þingmanna og hæstv. ráðh. Þau tvö atriði, sem mest hafa verið rædd, eru, hvort síðasta gengisfelling hafi verið óhjákvæmileg afleiðing kauphækkana þeirra, er samið var um á s. l. sumri, og hvort með útgáfu brbl. þeirra frá 1. ágúst s. l., sem hér er verið að leita eftir staðfestingu á, hafi verið brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég mun ekki í þetta skipti ræða fyrra atriðið, en ætla að víkja örfáum orðum að því síðara.

Hæstv. forsrh. talaði hér s. l. þriðjudag og tók þá þetta atriði til athugunar alveg sérstaklega. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að brbl. þessi væru ekki brot á stjórnarskránni, eins og haldið hafði verið fram af nokkrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Röksemdir hans fyrir þessari niðurstöðu voru efnislega þessar: Ríkisstj. hefur með atbeina forseta lýðveldisins heimild til að gefa út brbl. milli þinga, þ. á m. til þess að kveða á um nýja gengisskráningu, ef hún sjálf metur, að brýna nauðsyn beri til þess. Hún, þ. e.

ríkisstj., hefði því fengið Seðlabankanum það vald, sem hún sjálf hafði, eins og á stóð. Á sama hátt hafði Alþ. vald til þess, hvenær sem er, að kveða sjálft á um nýja gengisskráningu eða annað fyrirkomulag hennar en ákveðið sé með brbl. Valdi Alþ. í þessu efni hefði því ekki verið haggað né breytt, sagði hæstv. ráðh. Þessi rökstuðningur hæstv. ráðh. er réttur, svo langt sem hann nær. En hæstv. ráðh. víkur sér bara alveg undan því að ræða það atriðið, sem hv. ræðumenn stjórnarandstöðunnar telja að ráði úrslitum um, að útgáfa þessara brbl. brjóti í bága við skýr og ótvíræð ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, skilyrðið, að brýn nauðsyn þurfi að vera fyrir hendi, til þess að handhafar brbl.-valdsins, þ. e. a. s. ráðh. og forseti lýðveldisins, megi beita því. Ekki er um það deilt hér í hv. d., að þetta sé eitt af efnisskilyrðum þeim, sem verða að vera til staðar, ef heimilt eigi að vera að gefa út brbl. Er þessu skilyrði stjórnarskrárinnar ætlað að tryggja þá þrískiptingu ríkisvaldsins, sem stjórnarskráin byggir á, og á að koma í veg fyrir, að framkvæmdavaldshafarnir gangi á gjörræðisfullan hátt inn á verksvið löggjafans, Alþ. í þessu tilfelli. Nú eiga handhafar framkvæmdavaldsins, forseti og ráðherrar, að dæma um það sjálfir, hvenær þessi brýna nauðsyn sé til staðar og hvenær ekki. Þau atvik geta hins vegar verið fyrir hendi, að enginn maður með heilbrigða dómgreind geti talið, að um brýna nauðsyn til setningar brbl. sé að ræða. Og þannig er því varið í þessu tilfelli, eins og ég skal reyna að sýna stuttlega fram á.

Í grg. með brbl.-frv. því, sem hér er til umræðu, segir berum orðum, að þær kauphækkanir, sem um samdist á s. l. sumri, geri það nauðsynlegt að endurskoða gengisskráninguna og því séu brbl. þessi sett, skv. ákvæðum 28. gr. stjskr. Lögin sjálf hafa hins vegar ekki inni að halda ákvörðun um breytta skráningu krónunnar gagnvart erlendri mynt, heldur er í þeim ákvæði að finna um, að valdið til gengisskráningarinnar skuli framvegis vera hjá Seðlabanka Íslands og ríkisstj., en ekki hjá Alþ., eins og verið hefur til þessa. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að til þessarar skipulagsbreytingar og breytingar á valdsviði Alþ. bar enga brýna nauðsyn í byrjun ágúst s. l., rúmum tveim mánuðum áður en reglulegt Alþ. átti að koma saman. Ég get fallizt á, að mörg rök mæli með því, að gengisskráningarvaldið sé hjá Seðlabankanum, eins og lögin kveða á um. En svo sterk rök eru hér ekki fyrir hendi, að jafna megi til þess skilyrðis stjskr., að um brýna nauðsyn þurfi að vera að tefla, til þess að gefa megi þessi brbl. út, enda liggur í augum uppi, að sá hefur ekki verið skilningur hæstv. ráðh. á síðasta þingi, því að þá fékk hæstv. ríkisstj. lögfest frv. um Seðlabanka Íslands, mikla og vel undirbúna löggjöf að hennar dómi, en þar er gert ráð fyrir óbreyttri skipan um gengisskráningarvaldið frá því, sem það var þá.

Hæstv. ríkisstj. taldi, að nauðsynlegt væri að fella gengi íslenzku krónunnar um 11.6% í ágúst s. l. til þess að vega upp á móti áhrifum kauphækkananna, sem urðu það sumar. Þetta gat hún framkvæmt og gert með brbl. án þess að brjóta gegn ákvæðum stjskr. Og það er alveg óútskýrt mál enn þá af hálfu hæstv. ráðherra, hvers vegna hún lét það ekki nægja, en fór í þess stað að hrófla við valdsviði Alþ., sem hana rak enginn nauður til að gera.

Hæstv. forsrh. sagði enn fremur í ræðu sinni hér í hv. d. s. l. þriðjudag, að ríkisstj. svipti Alþ. engu valdi með útgáfu þessara brbl., því að með þeim sé hún aðeins að framselja öðrum aðila það vald, sem hún hafði sjálf. Það er rétt, að hv. alþm. geta enn þá komið í veg fyrir, að Alþ. verði endanlega svipt gengisskráningarvaldinu, með því að fella frv. þetta. En það er líka eina leiðin. En þetta breytir engu um það, að hæstv. ríkisstj. hefur, með útgáfu margnefndra brbl. að nauðsynjalausu, gert sitt til þess að takmarka vald Alþ. og þar með brotið gegn fyrirmælum stjórnarskrárinnar. Hér kemur og fleira til. Ég man ekki betur en það væri kennt í lagadeild háskólans, þegar ég var þar fyrir nokkrum árum, og er vafalaust kennt þar enn þá, að framsal opinbers valds væri óheimilt og brot á grundvallarreglum laga. Hæstv. forsrh. segir, að hæstv. ríkisstj. hafi falið öðrum aðila það vald, sem hún sjálf, þ. e. ríkisstj., hafði til þess að ákvarða nýja gengisskráningu. Ef þessi ráðstöfun er ekki talin brot á grundvallarreglum laga, er þá ekki á sama hátt löglegt t. d. af forseta lýðveldisins að fela einhverjum Pétri eða Páli að fara með vald það, er honum er ákveðið í sjálfri stjskr.? Eða væri ekki á sama hátt dómendum hæstaréttar heimilt að fela einhverjum öðrum aðila að fara með það dómsvald, sem stjskr. gerir ráð fyrir að hæstaréttardómarar fari með? Ég hygg, að flestir hv. þm. geti verið mér sammála um það, að þeir teldu, að þetta væri ótækt og slík ráðstöfun væri að engu hafandi. En þá rís sú spurning, hvort hér sé ekki nákvæmlega verið að fremja sama lagabrotið og ef þetta gæti átt sér stað. Þótt talið sé heimilt að gera breytingar á valdi Alþ. með brbl., er sá háttur ákaflega óviðfelldinn og hv. alþm. ættu a. m. k. að geta verið sammála um að breyta valdi Alþ. ekki með brbl., nema mjög brýna nauðsyn bæri til. Ég tel því, að af framansögðu ættu hv. alþm., af hvaða flokki sem þeir eru, að geta verið sammála um það, að hér sé vegið að valdi og virðingu þingsins með þeim brbl., sem hér er verið að ræða, og því sé eina rétta svar þingmanna við þeim það að fella frv.

Ingi R. Helgason: Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki í löngu máli að lengja þá hina 1. umr. þessa máls, sem búin er að standa yfir í allmarga daga. Þó eru fáein atriði í ræðum þeim, sem hér hafa verið fluttar, sem ég vildi leyfa mér að staldra aðeins við og gera nokkrar athugasemdir við.

Hæstv. dómsmrh. kvaddi sér hljóðs að lokinni minni ræðu og gerði hana að nokkru að umtalsefni. Hann var ósköp hógvær, eins og hans er vandi, og sýndi mér ákveðið umburðarlyndi í þessari stofnun, sem er þakkarvert. En eitt var rangt hjá hæstv. dómsmrh., og það var sú fullyrðing hans, að tilvitnanir mínar í fyrrv.

lagaprófessor Bjarna Benediktsson, sem ég flutti í ræðu minni, styddu allar útgáfu og réttmæti þeirra brbl., sem hér eru til umr. og voru gefin út 1. ágúst s. l. Þessi fullyrðing hæstv. dómsmrh. var alröng. Höfuðtilvitnun mín í hinn virðulega fræðimann Bjarna Benediktsson um útgáfu brbl. var sú, að það væri ekki nóg, að löggjöf væri æskileg, eðlileg eða skynsamleg, til þess að bráðabirgðalöggjafinn gæti látið taka til sín, og raunar ekki nauðsynleg, heldur svo bráðnauðsynleg, að hún mætti ekki bíða næsta þings. Þetta var höfuðtilvitnun mín í hinn virðulega fræðimann. Þessi tilvitnun stendur í hinni gömlu kennslubók, sem hann gaf út hér fyrr á árum og var síðast prentuð 1948, og þessi tilvitnun stendur að mínu viti enn þá orðrétt í kennslubók Ólafs Jóhannessonar prófessors í stjórnlagafræði, þar sem ekki er hreyft neinum efnisbreytingum á þessu áliti fræðimanna um grundvöll eða forsendur útgáfu brbl. En í forsendum brbl., sem hér eru til umr., er hvergi sagt, að efni þeirra sé nauðsynlegt, hvað þá bráðnauðsynlegt, heldur aðeins tæpt á því, að sú skipan mála, sem fólgin er í brbl., sé eðlileg. Umsögn Bjarna Benediktssonar lagaprófessors fyrrv. um þessi brbl. frá 1. ágúst 1961, eins og þau liggja fyrir á þskj., er sú, að slík brbl. megi ekki gefa út. Það er sú umsögn, sem uppi stendur enn þá í þessum umr.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) ræddi hér í löngu máli í gær þetta sama atriði og var með lögfræðilegar bollaleggingar um þessi ákvæði stjórnarskrárinnar, sem hér koma til álita, — bollaleggingar, sem frá mínu sjónarmiði eru mjög athyglisverðar. Í sambandi við hans ræðu vildi ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi: Að uppfylltum efnisskilyrðum stjórnarskrárinnar, þeim, að bráðabirgðalöggjafinn geti aðeins starfað milli þinga og af brýnni nauðsyn, — að uppfylltum þeim efnisskilyrðum stjórnarskrárinnar hefur bráðabirgðalöggjafinn sama vald og hinn almenni löggjafi, með einni skerðingu eða einni takmörkun: bráðabirgðalöggjafinn má ekki gefa út fjárlög, ef hinn almenni löggjafi hefur samþykkt fjárlög fyrir yfirstandandi tímabil. Og handhafar þessa bráðabirgðalöggjafa eru að mínu viti tveir í sameiningu: forseti lýðveldisins og ráðherrar þeir, sem Alþingi hefur falið framkvæmdavald í landinu. Handhafar bráðabirgðalöggjafans eru þannig tveir. Það er augljóst mál, að ráðherrar geta ekki á eindæmi gefið út brbl., á því er enginn vafi. Um forsetann er það að segja, að um það eru ekki bein eða sérstök ákvæði í stjórnarskránni, en 19. gr. stjórnarskrárinnar má þó skýra þannig, að forsetinn geti það ekki heldur einn. En eitt er augljóst, og það er það, að frumkvæðisvaldið til útgáfu brbl. liggur hjá forseta. Og forseta er gefið það vald að neita útgáfu brbl., ef hann fellst ekki á efni þeirra eða telur efnið ekki fullnægja skilyrðum stjórnarskrárinnar. Og samkv. beinum ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar er hann trygging og á að vera trygging Alþingis fyrir því, að efnisskilyrði stjórnarskrárinnar sé fullnægt. Í þessu efni tel ég, að forseti lýðveldisins hafi brugðizt Alþingi í sambandi við útgáfu þessara brbl.

Hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason flutti hér nærri 2 klst. ræðu á þingfundi í gær, og sú ræða var merkileg fyrir marga hluti og ekki sízt af þeim ástæðum, að í hinum langa ræðutíma örlaði ekki á því, að hann minntist einu einasta orði á efni frv., sem til umr. er, þ. e. skipulagsbreytinguna á því, hver fer með gengisskráningarvaldið í landinu. Það má segja að vísu, að hann hafi verið í þessari löngu ræðu sinni að bera hönd fyrir höfuð sér, og í því ljósi má telja afsakanlegt, að sjálfur frsm. málsins skuli ekki minnast á raunverulegt efni þess í svo langri ræðu. En einmitt þetta einkenni, sem var svo bert í ræðu hæstv. viðskmrh., er einmitt höfuðeinkenni alls málflutnings hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Þeir hafa að vísu ekki talað allir, hæstv. ráðherrar, en þeir, sem hafa látið í sér heyra, hafa hlaupið í kringum efni brbl. eins og við segjum stundum að kettir geri í kringum heitan graut. Efni brbl. er skipulagsbreyting á því, hver fara skuli með gengisskráningarvald á ísl. krónu. Það kann að vera, að það hafi verið brýn nauðsyn til þess að umskrá gengi ísl. krónu á miðju þessu ári. Það kann að vera, að það hafi verið brýn nauðsyn til þess að lækka gengi ísl. krónu. Um það geta menn deilt, og eflaust er hæstv. ríkisstj. þeirrar skoðunar, að brýna nauðsyn hafi borið til þess. En það er öldungis eitthvað annað en það, að það hafi borið brýna nauðsyn til þess að búa með þessum brbl. svo um hnútana í framtíðinni í sambandi við framhaldandi gengisskráningu ísl. krónunnar, að þar mætti Alþingi ekki koma nærri, heldur væri það mál í höndum Seðlabankans í samráði við ríkisstj. Mér virðist einsýnt, og það hefur reyndar komið fram í þessum umr., að menn eru á misjöfnu máli um það, hvort brýna nauðsyn hafi borið til að fella gengið í sumar eða ekki. En ég hef engan heyrt enn þá í þessum umr. halda því fram eða færa að því rök, að það hafi borið brýna nauðsyn til þess að láta í framtíðinni ekki Alþingi lengur fjalla um gengisskráningu ísl. krónu, heldur Seðlabankann.

Til þess nú að auðvelda hæstv. ráðherrum leitina að meginefni frv., vildi ég leyfa mér að koma með eina stutta, skýra, efnislega spurningu í þessu máli. Og hún er þessi: Hver var hin brýna nauðsyn þess 1. ágúst s. l. að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis til frambúðar í hendur Seðlabankans? Ef engin svör fást við þessari spurningu, hefur ekki á Alþingi verið gerð grein fyrir því, að fullnægt hafi verið öðru aðalefnisatriði og efnisskilyrði stjórnarskrárinnar um útgáfu þessara brbl. Þetta er einföld spurning, hún er að vísu um meginefni málsins, og ég vænti þess, að hæstv. ráðherrar, helzt hæstv. viðskmrh., svari þessari spurningu. Það ætlar sér enginn þá dul og allra sízt hæstv. ráðherrar, að þær forsendur, sem voru uppi á miðju sumri, í ágústmánuði, og leiddu til þess, að útgáfa brbl. var nauðsynleg að þeirra dómi, — að þær forsendur verði ævarandi. Hér er í þessum brbl. búið um hnútana til frambúðar, en forsendurnar og aðstæðurnar og nauðsynin í sumar, þetta fyrnist allt og hættir að vera til sem þættir málsins. Nýjar að-

stæður, ný nauðsyn og nýjar forsendur fyrir endurskráningu á gengi íslenzkrar krónu, kunna að verða til á næsta ári eða þar næsta ári, og þá eru alls ekki forsendur þessara brbl. fyrir hendi, en þá er bara búið með þessum brbl. á forsendum ársins 1961 að búa þannig um hnútana, að þá verður það ekki Alþingi, sem fjallar um málið, heldur Seðlabanki Íslands. Ég vænti nú þess, að hæstv. viðskmrh. láti svo lítið að svara þessari litlu og einföldu spurningu minni.

Að vísu var það svo, að í minni jómfrúræðu hér endaði ég mál mitt á einni stuttri spurningu til hæstv. viðskmrh., en í hinni löngu ræðu sinni á eftir sá hann ekki ástæðu til þess að svara þeirri spurningu neinu. Það er kannske einhver tegund af umburðarlyndi við nýgræðing. En helzt vildi ég afþakka slíkt umburðarlyndi og vil leyfa mér að endurtaka spurningu mína, sem var sú, að hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir þeim tölulegum útreikningum, sem liggja að baki þeirrar niðurstöðu Seðlabankans og ríkisstj., að gengisskráningin skyldi vera nákvæmlega 13.15%, en ekki eitthvað annað, og því miður verð ég að segja það, að tilefni þessarar spurningar er það, að á vettvangi Seðlabankans, þ. e. a. s. í bankaráði Seðlabankans, fengust ekki þessir tölulegu útreikningar, þó að maður spyrði bankastjóra og ráðherra, sem þar áttu sæti. Þessir útreikningar hafa aldrei verið birtir, og það er þess vegna ástæða til, þar eð þessar umr. eru nú hvort sem er svo viðfeðmar um málið sem raun ber vitni, að þessari spurningu verði svarað og þessi rök eða þessir útreikningar lagðir á borðið.

Ég ætlaði mér nú ekki, eins og ég tók fram í minni jómfrúræðu, að fara hér út í mikið af þeim efnisatriðum, sem hafa komið fram í umr. um nauðsyn þess, sem ekki er í þessum brbl., að fella gengi íslenzkrar krónu á miðju sumri. En þó langar mig til að auka við þetta einu eða tveim atriðum.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. viðskmrh., að hann taldi gengislækkunina hafa verið framkvæmda til hjálpar atvinnuvegunum vegna þeirra kauphækkana, sem urðu sökum nýgerðra kjarasamninga. Gengislækkunin átti að koma atvinnuvegunum til hjálpar, það var hin brýna nauðsyn hennar. Ég sit nú í stjórn eins ríkisfyrirtækis, það er sementsverksmiðja ríkisins. Eins og aðrir atvinnurekendur samdi hún við verkafólk sitt um kauphækkun svipaða og þá, sem almennt var samið um, kannske eilítið betur, af því að þar höfðu samningar aðeins farið aftur úr því, sem verið hafði við sambærilegar stofnanir, svo sem áburðarverksmiðjuna, áður fyrr. Afleiðing þessarar kauphækkunar var sú, að verð á sementi frá verksmiðjunni var hækkað um 10%, og gaf hæstv. iðnmrh. eða ríkisstj. samþykki til þess að hækka verð á sementinu um 10%. Þessi verðhækkun á sementi var rökstudd með því, að kauphækkanirnar, sem um var samið, mundu valda svo auknum útgjöldum í rekstri fyrirtækisins, ekki sízt miðað við minnkandi sölu, að hreinn voði væri fyrir dyrum, ef verð á sementi yrði ekki hækkað. Sem sagt: í kjölfar kauphækkananna sigldi þá þessi verðhækkun strax á eftir. En þegar þessi verðhækkun var yfir dunin og gerð, þá kom gengislækkunin, þá kom hjálpræði hæstv. ríkisstj. Og í hverju var það hjálpræði fólgið? Ja, skuldir þessa ríkisfyrirtækis hækkuðu um 30 millj. kr. við þetta pennastrik, tæpar 30 millj. kr., og reksturinn varð fyrir þeim búsifjum, að hráefniskaup stórhækkuðu og margir liðir á rekstrarreikningi stórhækkuðu, þannig að nýr voði var fyrir dyrum. Þannig snerist hjálpræði gengislækkunarinnar gersamlega við gagnvart þessu ríkisfyrirtæki, og það leið ekki á löngu, áður en stjórnarliðar í hinni virðulegu stjórn sementsverksmiðjunnar komu með tillögu um það að hækka verðið aftur um 10%. Það varð afleiðing gengislækkunarinnar fyrir þetta fyrirtæki. Þá höfðum við hækkað sementsverðið í landinu um 10% — og 10% ofan á 10%. Verkamenn í sementsverksmiðjunni hafa þó ekki fengið kaup sitt bætt eða hækkað á sama tíma nema um liðlega 13%. Þannig líta þessar tölur út, og mér finnst það hljóma illa í eyrum, a. m. k. stjórnarmanns í sementsverksmiðju ríkisins, að gengislækkunin í sumar hafi verið hjálpræði handa henni, og ef hæstv. viðskmrh. vildi reyna að finna þessum orðum sínum stað, þá er eftir því óskað.

Hér er um að ræða fyrirtæki, iðnaðarfyrirtæki, sem skuldar mikið og mátti að vísu sjá fyrir, að gengislækkun mundi valda því búsifjum, svo að það væri hægt að segja, að þetta dæmi væri ekki alls kostar rétt eða almennt um hjálpræði eða skaðsemi gengislækkunarinnar fyrir efnahagslífið í landinu. En hér hefur líka verið minnzt á skipafélög, sem halda uppi farmflutningum til og frá landinu. Það eru yfirleitt fyrirtæki, sem standa sig vel og eru stórfyrirtæki, skulda að vísu misjafnlega mikið, en ekki tiltakanlega, miðað við almennan atvinnurekstur. Hæstv. ríkisstj. leyfði þessum fyrirtækjum að hækka farmgjöldin um 10%, og þegar reikningar voru skoðaðir niður í kjölinn, þá var það upplýst fyrir verðlagsyfirvöldunum og fyrir hæstv. ríkisstj., að 3.6% af þessum 10% voru vegna kauphækkananna, 6.4% voru vegna gengislækkunarinnar. Það er sem sagt verra en hjá sementsverksmiðju ríkisins. Þar verða ástæðurnar til farmgjaldahækkunar, með sínum afleiðingum almennt fyrir vöruverð í landinu, að ⅞ til vegna gengislækkunarinnar, þessa hjálpræðis ríkisstj.

Ég var ekki orðinn hlutgengur í þessari virðulegu stofnun, þegar hæstv. viðskmrh. flutti framsöguræðu sína fyrir þessu máli, en ég hef þessa dagana blaðað í þeirri framsöguræðu, eins og hún liggur hér frammi á lestrarsal, og það er eitt atriði í henni, sem mig langar að lokum að gera stuttlega að umtalsefni. Það er skollaleikurinn um gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar í árslok 1960.

Hæstv. ríkisstj. og málsvarar hennar hafa sífellt klifað á því, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað á viðreisnarárinu 1960 um 240 millj. kr., ef miðað er við áramótatölur beggja áranna, þ. e. a. s. í árslok 1959 og árslok 1960. Þegar þessi tala er fengin og hæstv. viðskmrh., sem einnig er, að ég held, bankamálaráðh., vitnar til, þessi tala, 240 millj. kr., er byggð á

því, að í árslok 1960 hafi gjaldeyrisstaða bankanna verið hagstæð um 112 millj. kr., en hún var óhagstæð um 54 millj. kr. í árslok 1959. Þessar tvær tölur eru lagðar til grundvallar: mínus 54 millj. í árslok 1959, en plús 112 millj. kr. í árslok 1960, og því slegið föstu, að gjaldeyrisstaðan hafi batnað um mismuninn eða 240 millj. kr. Þessi samanburður og þessi meðferð talna er fyrir neðan allar hellur og alröng. Eins og stjórn Seðlabankans gekk frá sinni skýrslu, er að vísu á þessa tölu minnzt og sagt, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað um 240 millj. kr. á árinu, en setningunni í skýrslunni er ekki lokið, heldur kemur svigi, sem í stendur þetta: „þó þannig, að um 70 millj. kr. eru kröfur á íslenzka aðila.“ Og þegar hæstv. ríkisstj. og málsvarar hennar eru að dásama bötnunina á gjaldeyrisstöðunni og hampa tölunni 240 millj., þá gleyma þeir alltaf þessum víxlum, sem eru upp á 70 millj. kr., vörukaupavíxlar gagnvart Sovétríkjunum í sambandi við olíu og vörukaupavíxlar gagnvart Austur-Þjóðverjum. Með einföldum frádrætti lækkar þessi tala, 240 millj. kr., niður í 140 millj., ef rétt er með tölurnar farið. Það mætti því segja, að gjaldeyrisstaðan hefði raunverulega batnað um 140 millj. kr., þ. e. a. s. gjaldeyrisstaða bankanna. En einnig við þá tölu er þörf á athugasemdum, því að rétt fyrir aftan svigann í skýrslu Seðlabankans segir: „hér eru ekki stutt vörukaupalán tekin með, en upphæð þeirra nam 214 millj. kr. í árslok 1960.“ Og ef menn vilja svo draga þessi vörukaupalán, sem voru ekki til staðar í árslok 1959, frá þeim 140 millj., sem eftir voru, samkvæmt réttri meðferð talna, þá erum við aftur komnir í mínus varðandi gjaldeyrisstöðu bankanna í árslok 1960.

Það hafa verið áður í þessum umr. viðhöfð nokkuð stór orð um þá ágætu fræðimenn, hagfræðinga, og meðferð þeirra á tölum. Ég ætla ekki að bæta neinu þar við. En ég vil leyfa mér, eins og ég hef gert gagnvart hagfræðideild Landsbankans og á vettvangi Seðlabankans, að mótmæla harðlega þessari meðferð í opinberri skýrslugerð, að gefa áróðursmönnum kost á því að hampa röngum tölum til framdráttar vafasömum málstað og telja sig svo hafa þessar tölur í samvizkusamlega útunnum skýrslum opinberra embættismanna.

Ég ætla nú ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi aðeins leyfa mér, fyrst hæstv. viðskmrh. er kominn í salinn, að ítreka og endurtaka þær tvær spurningar, sem ég hef leyft mér að bera fram til hans.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Hv. forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá, s. l. fimmtudag, flutti hæstv. viðskmrh. alllanga ræðu, þar sem hann vék að minni fyrri ræðu um þetta mál. Ræða hæstv. viðskmrh. var að ýmsu leyti mjög sérkennileg, og ég þykist þurfa að svara honum hér nokkuð í sambandi við það, sem fram kom í hans ræðu. Nú sé ég, að hæstv. viðskmrh. er hér ekki staddur, svo að ég hefði viljað mælast til þess við hv. forseta, að hann gerði tilraun til þess fyrir mig að sjá um það, að hæstv. ráðh. yrði hér staddur. (**Forseti:** Hæstv. viðskmrh. boðaði, að hann yrði fjarstaddur nú nokkra stund í upphafi fundar, en ég geri ráð fyrir, að hann komi hér innan stundar.) Hv. forseti. Þá hefði ég nú mjög gjarnan viljað fara fram á það við hv. forseta, að hann hefði viljað fresta þessu máli, þar til hæstv. ráðherra getur komið, en taka þá fyrir önnur mál á dagskránni á meðan, því að ég kann miklu betur við það að mega beina mínu máli til ráðh., þar sem ræða hans gaf mjög tilefni til þess að ég svaraði honum hér sérstaklega. (**Forseti:** Það verður orðið við því að fresta umr. um þetta mál.)

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Lúðvík Jósefsson: Hv. forseti. Mér þykir fyrir, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera hér staddur, þegar ég svara hér ræðu hans. Það vildi svo til s. l. fimmtudag, að ég var tepptur á öðrum fundi, þegar þetta mál var hér til umræðu, en þá þurfti hæstv. viðskmrh. að svara minni ræðu, sem ég hafði flutt hér í upphafi þessa máls. Hann gerði hlé á máli sínu og lét leita að mér, og ég fannst auðvitað, og ég var síðan fenginn til þess að hlýða hér á mál hans, og hann hellti svo úr skálum reiði sinnar yfir mig í langri ræðu og að ég hygg mjög fágætri. Ég get ekki neitað því, að ég muni kannske víkja nokkuð harkalega að hæstv. ráðh. í einhverjum tilfellum, — ég vil ekki sverja fyrir það, — og ég kann afar illa við það að þurfa að flytja mína ræðu út af þessari ræðu, sem hæstv. ráðherra flutti hér, að ráðherranum fjarstöddum. En hitt skal ég aftur á móti viðurkenna, að hæstv. forseti deildarinnar hefur reynt að stilla þannig til, að málið yrði ekki hraðar afgreitt í þinginu en svo, að það er full ástæða til að taka tillit til óska hv. forseta um að halda hér umr. áfram. En mjög hefði ég viljað samt óska eftir því að fá að draga mitt mál eitthvað, ef von er á hæstv. viðskmrh. En telji hv. forseti ekki tök á því, verð ég að svara ræðu hans hér, þó að hann sé ekki viðstaddur. Mér skilst, að hæstv. ráðh. sé tepptur nú í augnablikinu, en það muni væntanlega ekki taka langan tíma. Ég vildi því enn einu sinni skjóta því til hv. forseta, hvort ekki væru tök á því að bíða með umr. um málið einhvern stuttan tíma, þar til hæstv. viðskmrh kemur.

Forseti (RH): Ef hv. þm. telur, að hann geti ekki flutt eins og 10 mín. kafla af ræðu sinni að ráðh. fjarstöddum, þá mun verða orðið við þeirri ósk að taka málið aftur út af dagskránni í bili í þeirri von, að hæstv. ráðh. geti hlustað á allt mál hv. þm. án þess að fara þar nokkurs á mis.

Umr. frestað, en var fram haldið síðar á fundinum.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég skal nú ekki skorast undan því lengur að flytja ræðu mína hér, þó að hæstv. viðskmrh. sé hér ekki

viðstaddur, en til hans vildi ég sérstaklega beina orðum mínum í tilefni af þeirri ræðu, sem hann flutti hér á dögunum, s. l. fimmtudag.

Ég býst við því, að það hafi fleirum en mér, sem hlýddu á þá ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér s. l. fimmtudag, þar sem hann svaraði minni ræðu, þótt þessi ræða hæstv. ráðh. nokkuð sérkennileg. Það var greinilegt, að hæstv. ráðh. var mjög sár út í þá ræðu, sem ég hafði flutt hér, og honum var mikið niðri fyrir og hann taldi, að ég hefði farið mjög hörðum orðum um þá ræðu, sem hann flutti hér sem framsöguræðu fyrir þessu máli. Hæstv. ráðh. sagði í upphafi síns máls mörg stór orð um mína ræðu, að ég hefði flutt þar rangt mál, — og það dugði ekki að segja rangt mál, heldur alrangt mál, ég hefði verið með ósvífnar blekkingar, umgengizt sannleikann með léttúð. Þetta eru allt saman orð beint úr ræðu hæstv. ráðh. Og síðan sagði hann, að málflutningur minn hefði verið óvenjulega óskammfeilnar blekkingar. En svo sagðist hæstv. ráðh., þegar hann hafði hnýtt þessu öllu saman, vita það, að mönnum mundi finnast þetta nokkuð stór orð „úr mínum munni hér í þessum ræðustól", sagði hæstv. ráðh. Það var alveg greinilegt, að hann vildi leggja á það nokkra áherzlu, að hans munnur talaði hér heldur betur en margir aðrir í þessum efnum. En það er mikill misskilningur. Það er létt verk að finna því stað, að hæstv. ráðh. hefur haft til að vera hér nokkuð stórorður í garð annarra þm., ekki síður en aðrir, og þessi orð ætla ég að beri því líka glöggt vitni.

En hver var nú ástæðan til þess, að hæstv. viðskmrh. tók á þessu máli á þá lund, sem hann gerði? Ástæðan var sú, að það höfðu risið deilur á milli mín og hans, eiginlega fyrst og fremst um tvö meginatriði: Annars vegar það, að ráðh. hafði haldið því fram í þessum umr., eins og ég orðaði það, að mikið aflaleysi hafi verið á árinu 1960, og í öðru lagi: mikið verðfall hafi orðið á afurðum árið 1960. Ég hélt því hins vegar fram, að hér hefði ekki orðið sérstakt aflaleysi árið 1960 og að það verðfall, sem ráðh. talaði um, hafi verið orðið fyrir gengisbreytinguna í febrúarmánuði 1960. Um þetta voru deilurnar okkar á milli. Ráðh. sagði svo og lagði á það mikla áherzlu, að ég hefði sagt, að hann hefði talað um aflaleysi, en á slíkt hefði hann aldrei minnzt. Um það atriði sagði hæstv. ráðh. orðrétt á þessa leið: „Ég vil vekja athygli á því strax, áður en ég held lengra, að ég sagði aldrei eitt orð í ræðu minni um aflaleysi, að það hafi verið aflaleysi á árinu 1960. Hann má lesa hundrað sinnum, og sú setning fyrirfinnst ekki." Og svo til viðbótar öllu vandlætingartali hæstv. ráðh. sagði hann, að ég hefði á þennan hátt og í fleiri tilfellum gefið mér forsendur, sem ég hefði síðan lagt út af, en hann hins vegar hefði aldrei gefið tilefni til. Það var nú svo. En hvað var það, sem hæstv. ráðh. sagði þá í þessum efnum, sem ég kallaði, að hann hefði rætt hér um aflaleysi á árinu 1960? Ræða hæstv. ráðh. hefur birzt í aðalmálgagni flokksins, Alþýðublaðinu, og reyndar skrifuðu flestir fréttaritarar, sem hér voru staddir, nokkuð um þessa ræðu í blöðum sínum, og þeir voru því til frásagnar um þetta ekki síður en ég.

Nú skal ég taka hér upp nokkrar glefsur úr ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann einmitt var að ræða þetta mál um aflaleysið, sem ég nefndi svo. Það skal að vísu játað, að hæstv. ráðh. notaði ekki þetta orð, en hann notaði annað orð í staðinn allan tímann og það hét aflabrestur. Nokkrar tilvitnanir eru hér í ræðu hæstv. ráðh. um þetta efni. Hann segir á einum stað í ræðunni: „verðfallið og aflabresturinn á árinu 1960." Á öðrum stað: „Hin mikla skerðing á framleiðsluverðmæti þjóðarbúsins vegna verðlækkunarinnar á sjávarafurðum erlendis og aflabrestsins höfðu m. ö. o." o. s. frv. Á enn öðrum stað segir: „Að vissu leyti mátti segja, að forsendurnar fyrir skráningu gengisins 38 kr. á dollar hefðu þegar breytzt á árinu 1960 vegna hins gífurlega verðfalls á útflutningsafurðum og aflabrestsins." Þannig hélt ráðh. áfram í hverju tilfellinu af öðru að tala um gífurlegan aflabrest, sem orðið hafi á árinu 1960, og hann reiknaði það út, eins og segir í þessari prentuðu ræðu ráðh., að þetta, verðfallið og aflabresturinn, hefðu leitt til þess, að sjávarútvegurinn hefði fært í þjóðarbúið á árinu 1960 400 millj. kr. minna en annars hefði verið, hefði þessi aflabrestur og verðfallið ekki komið til. Ráðh. sagði orðrétt: „Verðfallið og aflabresturinn ollu þess vegna því, að framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins á árinu 1960 var um það bil 400 millj. kr. minna en það hafði verið 1959." En svo, eins og ég las hér upp eftir hæstv. ráðh., hnykkti hann á og sagði, að menn mættu lesa ræðu sína hundrað sinnum og þar fyndu menn aldrei, að minnzt hefði verið á aflaleysi.

Mér kemur nú til hugar í þessu sambandi: Hvað er það, sem hæstv. ráðh. á við með aflaleysi? Er einhver misskilningur okkar á milli um það, hvað aflaleysi og aflabrestur þýða? Heldur kannske hæstv. ráðh., þegar ég notaði orðið aflaleysi, að það þýddi það, að það hefði ekki verið neinn afli á því ári? Hafði hann kannske ástæðu til að líta svo á, að orðið þýddi það? Nei, ég ætla honum ekki slíka fávizku, vegna þess að hér er um mjög algenga notkun á þessu orði að ræða, þar sem rætt er um það, þegar afli bregzt verulega, að þar hafi verið um aflaleysi að ræða. Nei, hið sanna er, að yfirlestur ræðu hæstv. viðskmrh. sannar það, að meginþráðurinn í ræðu hans er um hinn gífurlega aflabrest, sem hann talar um að orðið hafi á árinu 1960, og hið gífurlega verðfall á afurðum, sem hafi orðið á því ári og leitt hafi til þess, að þjóðarbúið hafi tapað um 400 millj. kr. af tekjum sínum á því ári. Ég leyfði mér að viðhafa þau orð líka í þessu efni, að ráðh. hafi haldið því fram, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir miklum áföllum árið 1960 af þessum ástæðum, og ráðh. sagði, þegar hann kom að þessu orðalagi mínu: „Ég undirstrika þetta, ég vek athygli á þessu orðalagi," sagði ráðh. En hvað er það að tapa yfir 400 millj. af tekjum ársins? Er það ekki að verða fyrir gífurlegu áfalli? Það þýðir um það bil, að tekjur af sjávarútvegi Íslendinga hafi rýrnað um 15% á einu ári.

Nei, í þessum efnum er rétt að gera sér grein

fyrir því, að hæstv. viðskmrh. getur ekki flúið frá því, að hann hafi byggt upp ræðu sína á því að reyna að sanna það, að erfiðleikar viðreisnarstefnunnar stöfuðu af því, að það hafi verið um aflabrest að ræða á árinu 1960 og gífurlegt verðfall á útflutningsafurðum okkar á því ári.

Ég sneri mér því að því í minni ræðu að ræða um þessi tvö atriði, hvort um raunverulegan aflabrest eða aflaleysi hafi verið að ræða á árinu 1960 eða ekki, og svo aftur að hinu atriðinu: Var um gífurlega verðlækkun á útflutningsvörum okkar að ræða á árinu 1960, — og ber þar með að skýra út frá þessum tveimur atriðum þá erfiðleika, sem viðreisnarpólitíkin var komin í? Og hvað var það, sem ég gerði, þegar ég vék að þessum atriðum? Jú, ég las beinlínis upp úr opinberri skýrslu tölurnar um aflann á árinu 1960 og um aflann á árinu 1959 og aflann á árinu 1958 og vitnaði síðan til aflans á árinu þar á undan, að hann hefði verið miklu minni. Ég benti á það, að árið 1960 hefði aflinn verið skráður rúmlega 513 þús. tonn, heildaraflinn, en árið 1959 skráður 564 þús. tonn, nokkru meiri, eins og ég sagði. En árið 1958, sem viðurkennt var sem mikið aflaár, var aflinn hins vegar skráður 505 þús. tonn eða minni en árið 1960, og árið 1957 var aflinn mun minni en 1958 og einnig árið 1956. Sannleikur málsins er því sá, eins og ég sagði, að aflinn var sá næstmesti, sem við höfum haft, á árinu 1960, og þó er það eins og ég gerði grein fyrir í mínu máli, að það er í raun og veru ekki hægt að líta aðeins á þessar brúttótölur. Það gefur falska merkingu um það, hvernig aflinn hafi raunverulega verið á þessu ári. Af því gerði ég fulla grein fyrir því í sambandi við aflann, hver aflinn hafi verið á þessu ári hjá bátaflota landsmanna, hjá togurunum og á þorskveiðum og svo aftur á síldveiðum, og niðurstaðan varð sú, að aflinn á bátaflotanum var 20% meiri árið 1960 en hann hafði orðið árið 1959. Það var aðeins á síldveiðunum einum, þar sem um var að ræða hjá bátunum, að aflinn væri minni árið 1960 en á árinu 1959. En þó var það svo, að árið 1960 er næstbezta síldarár, sem við höfðum haft um 18 ára tímabil.

Hæstv. ráðh., þegar hann flutti hér sitt mál, þá var hann svo hneykslaður niður í tær, að hann taldi mér það til sérstakrar syndar, að ég skyldi hafa lesið hér upp aflatölurnar, og sagði, að ég hefði beinlínis lesið þessar tölur upp hér, eins og hann orðaði það, með köldu blóði, og svo sagði hann á eftir, að þessar tölur sönnuðu einmitt það, sem hann hefði verið að halda fram. Ja, sér er nú hvað! Þegar fram á það er sýnt, að afli bátaflotans í landinu hefur aldrei fyrr í sögunni orðið eins mikill og árið 1960, þá segir hæstv. ráðh., að það sanni hans mál um það, að það hafi verið aflabrestur, og þegar það kemur í ljós, að síldveiðin á árinu 1960 er sú næstmesta, sem verið hefur um 18 ára tímabil, þá sannar það, að það hafi verið aflabrestur. Ég segi það fyrir mitt leyti, að þetta er harla einkennilegur málflutningur. En þegar hæstv. viðskmrh. sér það samkvæmt þessum opinberu skýrslum, að málinu er svona farið eins og ég hef lýst, þá reynir hann að smjúga út úr vandanum með því að reyna að láta í það skína, að deilan á milli mín og hans í þessum efnum, varðandi aflaleysið eða aflabrestinn 1960, hafi snúizt um það, hvort aflinn hafi minnkað á árinu 1960 frá árinu 1959. Það hefur engin deila staðið um það, og það er hreinn tilbúningur hjá hæstv. ráðh., þegar hann gerir mér upp þau orð, að ég hafi haldið því fram, að aflinn á árinu 1960 hafi orðið meiri en á árinu 1959. Í minni ræðu stendur þvert á móti margundirstrikað, að það er rétt, að heildaraflinn, mældur í kílóum, var nokkru meiri árið 1959 en 1960, en það sannar ekkert um það, að það hafi verið aflabrestur á því ári. Nei, um það var ekki deilan. Það lá mjög skýrt fyrir, hvernig aflinn skiptist á milli þessara ára. En það var um hitt, sem deilan var, hvort sérstakt aflaleysi hafi verið á árinu 1960, sem hafi leitt til þeirrar afsökunar, sem hæstv. ráðh. var með, að þjóðarbúið hafi orðið þá fyrir miklu áfalli.

Í þessu efni vék ég líka að því, til að gera hér nokkru frekari grein fyrir samanburði á þessum aflatölum, að þegar samanburður meira að segja væri gerður á milli þessara tveggja aflahæstu ára, sem við höfum haft, 1960 og 1959, þá er rétt, að árið 1960 var afli togaraflotans miklu minni, sérstaklega í tölum skráður, heldur en hann var árið 1959, enda var vitanlega tvímælalaust um aflaleysi hjá togurunum að ræða, reyndar lélegan afla líka árið 1959. En ég benti á, að það er ekki hægt að bera saman aflatölur togaranna á þann hátt, sem ráðh. gerði og ýmsir hafa gert, vegna þess að aflatölurnar árið 1959 og 1960 eru í sjálfu sér ólíkar. Árið 1960, þegar afli togaranna minnkar mikið, talið í tölum, þá stafar það að allverulegu leyti af því, að skipin eru þá gerð út með allt öðrum hætti en árið á undan. Árið 1960 sigldu skipin mikið með afla sinn á erlendan markað, en hitt árið lögðu þau miklu meiri hluta af afla sínum upp innanlands. En þegar siglt er með aflann á erlendan markað, þá vitanlega fellur heildaraflamagnið niður, en verðið kemur til með að hækka um leið. Það er því vitanlega ekki hægt, ef maður er að gera sér grein fyrir raunverulegri afkomu, að bera þessar tölur svona saman. Vegna þess er það líka, að þegar maður ber saman tölurnar, brúttóaflatöluna 513 þús. tonn 1960 og 564 þús. tonn árið 1959, þá er þessi samanburður líka mjög ónákvæmur af þessum ástæðum. En eins og ég hafði vikið hér að áður, þá er ég ekkert óvanur því, og það átti eftir að sannast betur hér í þessum umr. eða í ræðu hæstv. ráðh., — ég er ekkert óvanur því, að ýmsir hagfræðingar í þessu landi noti tölur í sambandi við íslenzkan sjávarútveg þannig, að þeir þekkja að vísu tölurnar vel og fara oft rétt með tölurnar og langoftast, en þeir vita bara ekki, hvað stendur á bak við tölurnar, því að þá vantar upplýsingar um það, hvað þær í raun og veru gilda. Hæstv. ráðh. ætlaði nú að snúa sig út úr þessu atriði með því að segja, að hann hefði líka fengið upplýsingar um það, að meðalveiði togaranna á árinu 1960, sem ég hafði viðurkennt að væri minni afli þá en árið á undan, — að þá hafi meðalafli togaranna verið 11.8 smál. á dag, á veiðidag,

en hins vegar árið 1959 meðalaflinn 14.9 tonn á dag, og það sýndi bezt, að þarna hefði verið um verulega aflarýrnun að ræða. Eins og ég sagði, þá var ekki ágreiningur okkar á milli um það, að það var um aflarýrnun að ræða hjá togurunum. En þessar tölur eru eins og fleiri hjá hæstv. ráðh. þannig, að það er ekki hægt að bera þær saman af mönnum, sem þekkja til. Annað árið, árið 1959, er mjög mikill hluti af afla togaranna karfi, sem er landað hér innanlands. Hann er mældur í tonnum sem óslægður fiskur, óinnanífarinn með haus og hala, en ísfiskurinn, sem er seldur á erlendum markaði, er mældur á allt annan hátt, sem innanífarinn fiskur og hefur rýrnað um 10—12% fram að þeim degi, þegar hann er vigtaður á erlendum markaði. Við vitum það mætavel, að hér er um ósambærilegar tölur að ræða, og um meðalaflamagnið, sem hér er tilfært á dag, er ekki gengið út frá sams konar grundvelli í báðum tilfellum. Þetta er alveg augljóst dæmi um það, hvað sumir hagfræðingar, sem eru ekki sérstaklega vandir að vinnubrögðum sínum, geta flaskað í svona efnum, þegar þeir eru að bera saman tölur, að vísu báðar um afla, en þó um aflaeiningar, sem eru í sjálfu sér mjög ólíkar hvor annarri.

Ég benti á þetta með togarana, aðeins til að vekja athygli á því, að aflatalan 1960 er í raun og sannleika vegna togaranna einnig of lág í samanburði við árið 1960, ef samanburðurinn væri gerður á nákvæmlega hliðstæðum grundvelli. En ég hafði undirstrikað það, að ég teldi, að út úr þessu dæmi ætti í raun og veru að taka togarana, vegna þess að það er með öllu óeðlilegt að hafa þá inni í þessu dæmi, þegar er verið að gera upp aflamagnið á árinu 1959 og árinu 1960, af þeim ástæðum, að það heldur því enginn maður fram, að gengislækkunin síðari hafi verið gerð vegna togaranna. Togararnir hafa búið við þannig sérstakar kringumstæðum nú, að það er viðurkennt mál, að gengisbreyting ein getur ekki leyst þeirra vanda. Vandi togaranna er þannig, að þeir hafa verið meira og minna í fjárhagslegu reiðileysi nú nærri um tveggja ára tímabil. Mikill hluti flotans hefur legið aðgerðalaus. Það er því engin von til þess, að heildarafli togaranna t. d. á árinu 1961 og 1960 geti verið eins mikill og hann var 1959 og 1958, á meðan allur togaraflotinn var rekinn, en nú hefur ¼ og upp í ⅓ hluti af togaraflotanum legið ónotaður. Enda var það skýrt fram tekið, þegar gengisbreytingin var gerð í febrúarmánuði 1960, að það gengi, sem þá var ákveðið á íslenzkri krónu, var miðað við það, að bátafloti landsmanna ætti að geta verið rekinn hallalaust án uppbóta og styrkja. Við það var gengið miðað, og ég býst við því, að þessum grundvelli hafi ekki verið breytt við síðari gengislækkunina, sem ákveðin var 1. ágúst í sumar.

Ég vil, áður en ég skil við þennan þátt málsins, aðeins draga saman meginatriðin um þetta deiluatriði, sem hér er á milli mín og hæstv. viðskmrh. þ. e. um það, hvort það hafi verið mikill aflabrestur á árinu 1960 eða ekki. Hvað er það, sem hæstv. viðskmrh. hefur fært hér fram máli sínu til stuðnings? Hefur hann lesið upp aflatölur? Hefur hann gert einhverja skilgreiningu hér á aflanum? Hann hefur ekki getað sagt eitt einasta atriði máli sínu til stuðnings í þessum efnum um aflabrestinn mikla á árinu 1960 annað en það að segja, að það hafi verið minni afli þá en árið 1959. Dettur nú nokkrum manni í hug, að það þurfi að þýða, að það hafi verið aflabrestur, þó að aflinn kunni að hafa verið aðeins lægri en það árið, sem aflinn var mestur? Skýringin með aflabrestinn er því gersamlega fallin um sjálfa sig, þrátt fyrir alla þá vandlætingu, sem hér kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh. s. l. fimmtudag. Þar sem hann þóttist ætla að afsanna það, sem ég hafði sagt í þessum efnum, þá hefur hæstv. ráðh. ekki getað fært fram eitt einasta atriði — ekki eitt einasta atriði — máli sínu til stuðnings um aflamagnið á árinu 1960, aðra en þessa, að aflinn hafi verið minni en 1959. Ég ætla því fyrir mitt leyti, að þetta liggi nokkuð ljóst fyrir.

En við skulum þá víkja að hinu deiluefninu, um verðfallið mikla á árinu 1960. Það var alveg greinilegt, að það var aðalatriðið í ræðu hæstv. viðskmrh. Hann hélt sjálfur, að þar væri hann að ná sér aðeins niðri og þar kynni hann þó að geta komizt á flot með sína duggu í þessum efnum, því að hann fann það, að hann var algerlega í strandi í sambandi við fullyrðinguna um hinn gífurlega aflabrest á árinu 1960, og af því byrjaði hann líka mál sitt á því að þræta fyrir það, að hann hefði talað um aflaleysi á árinu 1960, þó að ræða hans sé öll saman prýdd því mikla orði, að þar hafi verið um gífurlegan aflabrest að ræða. Hann sá þann kost vænstan að reyna að þræta fyrir þetta, af því að hann sá, að hann var í algerum ógöngum. En segjum, að sá þáttur sé úr leik, þetta með aflabrestinn, en víkjum að hinu með verðfallið.

Um hvað snerist ágreiningur okkar í þeim efnum? Ég hafði sagt, að verðfallið á síldarmjöli og síldarlýsi hafi verið orðið fyrir gengisbreytinguna í febrúarmánuði 1960 og það hafi verið tekið tillit til þess við gengisskráninguna. En hæstv. ráðh. sagði, að verðfallið hafi ekkert verið á árinu 1959, og vildi reyna að sanna það með tölum, en hins vegar hafi orðið mjög mikið verðfall á árinu 1960. Ekki var vandlætingin minni hjá hæstv. ráðh., þegar hann vék að þessu atriði. Slíka ósannsögli, sagði hann, hefði hann ekki heyrt. Hann orðaði það þannig, hæstv. ráðh., þegar hann fór að lesa þetta upp eftir mér, minnast á það: „Ég bara missi andann," sagði hæstv. ráðh. Og svo sagði hann, að hann ætti erfitt með að lesa upp slík ósannindi eins og þessi, þótt þau væru höfð eftir öðrum. Ja, þvílíkt! Ég veit að vísu ekki, hvað þetta orðalag á að þýða, þar sem hæstv. ráðh. segir: „Ég á erfitt með að lesa upp svona ósannsögli, þótt eftir öðrum sé." Er það kannske eitthvað betra að hafa upp svona ósannsögli, ef hún er ekki eftir öðrum? Er það kannske eitthvað betra?

Við skulum nú athuga þessi mál betur, hvor okkar hefur haft á réttu að standa í þessum efnum með verðlækkunina, sem hæstv. ráðh. byggði svona mikið á.

Hæstv. ráðh. vildi nú sanna sitt mál með því, að hann gæti lesið upp tölur úr opinberri skýrslu, sem sönnuðu það, að verðfallið hafi ekki orðið fyrr en á árinu 1960, eins og hann sagði, en ekki á árinu 1959, og svo las hann hér upp langan lista, sem ég efast satt að segja um að nokkur hafi fylgzt með nema þá líklega helzt ég, af því að ég er kunnugur listanum og hafði kannske meiri áhuga á þessu en aðrir, eins og málið var flutt. En hér kemur þetta gamla, þegar vissir fróðleiksmenn eru að lesa upp tölur, sem þeir vita harla lítið, hvað á bak við stendur. Hæstv. viðskmrh. las hér upp tölur frá útflutningsnefnd sjávarafurða um sölu á fiskimjöli á árinu 1959, allmargar sölur. Það er í fyrsta lagi um þessa skýrslu að segja, að dagsetningar á sölunum þýða allt annað en hæstv. ráðherra hélt. Málið er nefnilega þannig, að það er mjög algengt, að útflytjendur að slíkum afurðum sem þessum selji með tveggja, þriggja og fjögurra mánaða fyrirvara. Og svo framarlega sem þeir eru að selja innan þeirra marka, sem þeim er heimilt að selja, eiga sér stað þessar fyrirframsölur, þó að skráningin fari ekki fram, fyrr en um afskipun er að ræða, sem fer fram jafnan löngu síðar. Þetta er nú fyrsta atriðið, sem hæstv. ráðh. flaskar algerlega á í þessu efni. Og það er hægt að sanna það, að hæstv. ráðherra flaskar á í þessu. Það vill svo vel til, að það eru ekki bara fullyrðingar einar. Það er hægt að sanna það með mörgum dæmum, að hann er hér að fara villur vegar. Það vakti fyrst athygli mína vegna þess, hvernig deilurnar voru til komnar, þar sem við höfðum aðallega verið að ræða um verð á síldarmjöli og síldarlýsi, að hæstv. ráðh. kaus að lesa upp lista yfir sölu á fiskimjöli. En ég hrópaði fram í til hans og bað hann um að lesa líka um sölu á síldarmjöli. Það kom hins vegar ekki. En hvernig er þessu í raun og veru varið? Jú, því er varið þannig, að í kringum 85% af öllu fiskimjöli, sem framleitt er í landinu á hverjum tíma, er framleitt á aðalvertíðinni, fram í maímánuð. Þá fellur það til. Seinni hluta ársins fellur tiltölulega mjög lítið til af fiskimjöli á viðkomandi framleiðsluári. Síldarmjölið er hins vegar framleitt á miðju sumri og seinni part sumars, og það þarf því að glíma við söluna á því seinni part ársins. En hitt er yfirleitt selt fyrri part ársins og á miðju ári, og meginhlutinn af því er venjulega farinn rétt upp úr miðju ári eða á haustin. Ég skal nefna tölur í þessu sambandi einmitt frá þessu ári. Í maílok, sem er fyrir þann tíma, sem við höfum talað um að þetta verðfall hafi komið til greina, var þegar búið að flytja út af fiskimjöli 11 626 tonn, eða rétt um það bil helminginn af heildarársframleiðslu þá. Í septemberlok var búið að flytja út af fiskimjöli 22045 tonn og allt þetta fiskimjöl er raunverulega selt fram að miðju ári, fyrri hluta ársins, þó að afskipanir fari ekki fram fyrr en í ágúst og september. Salan á fiskimjöli fór því yfirleitt fram, á meðan verðlækkunin var ekki komin til greina, og heildarútflutningurinn á fiskimjöli á þessu ári var orðinn 22 þús. tonn rúmlega í septemberlok. Í desemberlok var allur útflutningurinn 24211 tonn, eða aðeins örfá tonn eftir. Enda var greinilegt, að hæstv. ráðherra gat vitanlega ekki nefnt nema smásleikjusölur, sem áttu sér stað í nóvember og desembermánuði af fiskimjöli, 100 og 150 tonn og allt niður í 50 tonn, sem höfðu verið seld fyrir löngu á allt öðru verði. Og fiskimjölið valdi hæstv. ráðh. einnig af því, þegar hann sá, í hvers konar óefni hann var kominn, — einnig af því, að það féll mun seinna, fiskimjölið, heldur en síldarmjölið, vegna þess að sú vara á erlendum markaði, sem olli mest verðlækkuninni, var mjöl frá Perú, sem líkist miklu meira okkar síldarmjöli en fiskimjöli og er af allt öðrum gæðaflokki. En vitanlega verkaði þetta þó á fiskimjölið, en kom bara seinna fram.

Við skulum líta á hinar tegundirnar, því að þar kemur þetta enn þá betur fram.

Hvernig var ástatt með síldarmjölssöluna á árinu 1959? Í maílok, eða sem sagt áður en síldarvertíð hófst á því ári, var heildarútflutningurinn á síldarmjöli 2094 tonn, sem öll eru auðvitað frá árinu á undan. Í septemberlok var heildarútflutningurinn af síldarmjöli 4463 tonn, sem er langsamlega mest af framleiðslunni árið á undan, t. d. þessi 2 þús. tonn, sem ég var að geta um. Og í árslokin var útflutningurinn af síldarmjöli samtals 8107 tonn, Alveg örugglega um 5—6 þús. tonn af þessu voru raunverulega frá árinu á undan, enda kom þetta vitanlega í ljós, því að í árslokin voru gefnar upp birgðir af síldarmjöli í landinu 12500 tonn eða í kringum ¾ af ársframleiðslunni, sem lá eftir af síldarmjölinu, sem framleitt er hér í júní-, júlí- og ágústmánuði. En hvað voru aftur birgðirnar af fiskimjöli um áramótin? Allar birgðirnar af fiskimjöli um áramótin voru 2850 tonn, af því að fiskimjölið fór út fyrri hluta ársins á gamla verðinu, háa verðinu.

Við skulum skoða þetta líka með lýsið. Síldarlýsissalan fór þannig fram, að í maílok 1959 var búið að selja út úr landinu 513 tonn, en í septemberlok 1140 tonn og í árslok 2030 tonn, sem sagt meginhlutann af þessu frá árinu á undan, fyrningar, sem oft vilja verða eftir, enda eru uppgefnar birgðir af síldarlýsi í árslokin 1959 19600 tonn, eða svo að segja öll ársframleiðslan. En það, sem sýnir þetta þó kannske allra bezt eða á þann hátt, að menn muni veita þessu skýrasta athygli, það er að virða fyrir sér opinberar umsagnir þeirra, sem hér áttu beint hlut að máli. Ég hef hér í höndunum skýrslu og reikninga síldarverksmiðja ríkisins fyrir árið 1959. Í þessari skýrslu, sem er undirrituð af allri stjórn verksmiðjanna og endurskoðendum og er undirskrifuð og þetta er gefið út 10. okt. 1960, segir um afurðasöluna árið 1959, orðrétt, sem hér segir: „Strax í vertíðarbyrjun fóru söluhorfur ört versnandi, og fór lýsisverð lækkandi allt fram í febrúarmánuð 1960.“ Hafa menn veitt þessu athygli? Stjórn síldarverksmiðja ríkisins gefur það út í ársskýrslu sinni, að strax í vertíðarbyrjun 1959, það þýðir í júníbyrjun, fóru söluhorfur ört versnandi og lýsisverð lækkandi allt fram í febrúarbyrjun 1960. Síðar í þessari skýrslu segir enn

fremur: „Þegar kom fram á síldarvertíðina, fór að verða erfitt að selja síldarmjöl og verðið fór ört lækkandi.“ En til þess að benda einnig á, hvernig er háttað sölu þessarar vöru, og sýna fram á, að það er rétt, sem ég hef haldið hér fram um þessa fyrirframsölu, skal ég tilfæra hér annað atriði úr skýrslu síldarverksmiðjustjórnar, en þar segir: „Síldarverksmiðjum ríkisins tókst að selja 1000 tonn af síldarmjöli í lok júlímánaðar fyrir 19 sh. og 9 d. á próteineiningu. Síðan seldu verksmiðjurnar mjölið á fallandi markaði, og voru síðustu 4000 smálestirnar af framleiðslu SR seldar á 12 sh. og 9 d. pr. prótein-einingu.“ Verksmiðjurnar geta þess hér alveg sérstaklega, að þeim hafi tekizt að selja 1000 tonn af síldarmjölinu, vegna þess að þær voru hér með fyrirframsölu, á nokkru hærra verði, en allt meginmagnið, sem varð að seljast síðar, fór hins vegar á miklu lægra verði. Ég ætla, að það komi alveg skýrt fram hjá þessum dómbærasta aðila í þessu máli, sem hafði með söluna á síldarafurðunum að gera, stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að þær staðfesta það, sem ég sagði, að á miðju árinu 1959 eða strax í síldarvertíðarbyrjun skall verðfallið á og fór ört vaxandi fram eftir árinu, sem leiddi til þess, að afurðirnar lágu svo að segja allar óseldar um áramótin.

En svo var hitt dæmið, sem hæstv. viðskmrh. þurfti auðvitað ekkert um að tala heldur. Hann fékk velgju af því að hafa það upp í sinni ræðu, sem ég hafði sagt um þessi efni. Hann sagðist hafa fengið andköf við að lesa það. En hvernig ætli þau köf hafi verið, sem hæstv. ráðh. hafi fengið af að lesa það, sem hann hefur sjálfur skrifað um málið áður, það, sem öll hæstv. ríkisstj. hefur skrifað um málið? Í gengislækkunarfrv. í febrúarmánuði 1960 segir í grg. um þessi mál, orðrétt, eins og ég skal nú lesa upp: „Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959.“ Þetta stendur í gengislækkunarfrv. Fékk ekki hæstv. viðskmrh. velgju, þegar hann las þetta, þegar hann þoldi ekki að heyra mig segja það? Í þessu sama frv. eða grg. frv. segir enn fremur um þessi mál: „Þegar tekið er tillit til þessa og enn fremur gert ráð fyrir, að bátaútveginum verði bætt það verðfall, sem orðið hefur á síðasta ári á fiskimjöli, verður niðurstaðan sú, að hið nýja gengi þurfi að vera kr. 38.00 á Bandaríkjadollar.“ Hér er einnig vikið að því, að gengisskráningin hafi verið ákveðin 38 kr. á dollar vegna verðfallsins á fiskimjöli, sem orðin var 1959, þó að hæstv. ráðh. haldi nú, að hann hafi fundið opinberar skýrslur, sem sanni, að verðið á fiskimjöli hafi verið stöðugt út allt árið 1959 og fram á árið 1960. En hann bara misskildi þær skýrslur. Hann veit ekki, hvað þær gilda. Það, sem hann sem einn af ráðherrunum sagði í grg. gengislækkunarfrv., var rétt. Verðfallið var komið. Og í grg. gengislækkunarfrv. segir enn fremur á öðrum stað orðrétt sem hér segir: „Nú er ætlunin, að munurinn hverfi að fullu,“ — þ. e. a. s. í sambandi við uppbætur eða greiðslur á síldarafurðir og þorskafurðir, en þar hafi verið um mismun að ræða áður. „Nú er ætlunin, að munurinn hverfi að fullu, enda hafa alvarlegar horfur skapazt varðandi sölur á afurðum vegna þessarar atvinnugreinar.“

Þetta liggur sem sagt alveg ljóst fyrir. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur lýst því yfir í ársskýrslu sinni, að verðfallið hafi verið orðið. Útflutningsskýrslurnar sanna, að afurðirnar hlóðust upp seinni hluta ársins, þær sem framleiddar voru á miðju ári og þar á eftir, og voru ekki seldar vegna verðfallsins. Og ríkisstj. hafði sjálf viðurkennt þetta í gengislækkunarfrv. sínu í febrúarmánuði 1960 og hafði, að hún sagði sjálf, tekið tillit til þessarar verðlækkunar við ákvörðunina á gengi krónunnar. Allur þessi upplestur hjá hæstv. ráðh. úr bókum útflutningsnefndar hefur því vitanlega ekkert að segja annað en að sanna manni það, að hæstv. ráðherra kann ekki með þær tölur að fara. Hann veit ekki, hvað stendur á bak við þær, enda hefði hann auðvitað mátt sjá það, að þær sölur, sem tilgreindar eru hafa farið fram á haustmánuðum 1959 á fiskimjöli, eru algerlega óverulegar sölur, og auk þess er þar líka um að ræða clearing-sölur, sem alltaf voru á allt öðru verði en á hinum frjálsa markaði.

Ég held því, að það megi slá því föstu, alveg eins og með hinn margumtalaða aflabrest á árinu 1960, að það var rétt, sem ég sagði, að verðfallið á síldarafurðunum var orðið fyrir gengisbreytinguna í febrúarmánuði 1960. En ég hafði orðað það einnig þannig í minni ræðu, að það verðfall hafi hins vegar haldið áfram á árinu 1960. En það var ekki, eins og hæstv. viðskmrh. sagði, eingöngu á árinu 1960. Það var orðið á árinu 1959.

Þá var annað atriði í útreikningum hæstv. viðskmrh. varðandi þessi mál, sem ég hefði haft gaman af að víkja að, en það eru útreikningar hans á því, að verðlag á sjávarafurðum hafi raunverulega farið lækkandi að meðaltali til frá árslokum 1959 og þar til í ágústmánuði nú í sumar. Hæstv. ráðherra hafði í sinni frumræðu slöngvað þessu fram og haldið því fram, að hér hefði verið um verðlækkun að ræða, sem næmi að meðaltali 1.8% á þorsk- og karfaafurðum, og meðaltalslækkunin á þorsk- og síldarafurðum væri 3.8%. Hann færði þessu ekki frekar stað í sinni fyrri ræðu, en ég vefengdi þetta og nefndi dæmi, sem bentu mjög til þess, að þetta fengi ekki staðizt. En í síðari ræðu sinni reyndi hæstv. ráðh. að sanna þetta enn frekar og tilnefndi nú allmargar tölur eins og áður um verðbreytingarnar, sem orðið hefðu á ýmsum útflutningsvörum sjávarútvegsins á þessu tímabili, frá árslokum 1959 og til ágústmánaðar í sumar. Ég hef nú virt þessar nýju tölur hæstv. ráðh. fyrir mér, og ég hika ekki við það eftir að hafa kynnt mér þær að segja, að þær séu alrangar, því að þótt ekki væri neitt annað en það að reikna bara út með venjulegum reikningi frá þeim tölum, sem hæstv. ráðh. tilnefndi hér, þá kemur í ljós, að tölur hans eru rangar. En auk þess er svo grundvöllurinn hjá honum líka alrangur. Þegar hæstv. ráðh. fær þetta út, segir hann, að miðað sé við það, að verð á

fiskimjöli hafi lækkað á þessum tíma um 25.8% og á síldarmjöli um 18%. Taki maður bara þær tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi hér um verðlagið í árslokin 1959 eða ársbyrjun 1960 og svo aftur nú í ágústbyrjun, þá er alveg augljóst mál, að þessar prósentur eru rangar, þær fá ekki staðizt. En auk þess er svo það, að eins og ég hef sýnt hér fram á áður, eru tölurnar, sem hæstv. ráðh. er með um hið raunverulega verð á þessum afurðum seinni hluta ársins 1959, rangar. Þær eru ekki í samræmi við það verð, sem raunverulega var orðið á þeim og menn urðu að glíma við, þegar spurningin var um það, hvort þeir ættu að selja eða selja ekki. Þó að sú verði útkoman, að þeir, sem liggja með síldarmjöl og síldarlýsi í októbermánuði og nóvembermánuði og desembermánuði 1959, selji næstum ekki neitt og það sé enn hægt að halda sig við gamla verðið, þá sannar það ekkert um verðið, sem orðið var, og þó að þessar vörur hafi síðan allar verið seldar á árinu 1960, vorið 1960, á þessu lága verði, sem var orðið fyrir löngu, en salan fór ekki fram fyrr en þarna, þá sannar það ekki, að þá fyrst hafi verðlækkunin orðið. Hæstv. viðskmrh. nefndi t. d. um verð á fiskimjöli, að þann 9. febr. eða nokkru fyrir gengisbreytinguna hafi verð á fiskimjöli verið á tiltekinni sölu, sem hann nefndi, 18 sh. og 6 d. Það var athyglisvert með þessa sölu, sem fór fram 9. febr., að hún var upp á 50 tonn. Og ég verð nú að segja það, að það er alger undantekning, að slíkar sölur fari fram, enda er auðvitað verðið, sem þarna er skráð, langtum hærra en verðið var á þessum tíma. En göngum samt út frá því, að verðið hafi verið 18 sh. og 6 d. á protein-einingu 9. febr. 1960. Og svo skulum við ganga út frá því, að verðið hafi verið það, sem hæstv. ráðh. tilgreindi hér í ræðu sinni, nú í ágústmánuði, 17 sh. og 3 d. Þá sjá allir, að verðlækkunin er ekki 25.8%, heldur rétt í kringum 5%. Og þó að maður taki síðustu söluna, sem hæstv. ráðh. nefndi á árinu 1959, sem er, eins og ég sagði, á alveg óraunhæfu verði, 20 sh. og 3. d., sem var toppurinn á árinu 1959 eða um það bil, og svo aftur síðari töluna, sem ráðh. nefndi, 17 sh. og 3 d., þá sjá allir, að lækkunin er ekki nema 15%, en ekki 25.8%. Það er því alveg augljóst mál, að bara prósentuútreikningurinn hjá hæstv. ráðh. heldur ekki, ekki einu sinni það. Verðlækkunin er ekki þessi, sem hæstv. ráðh. hefur reiknað með í meðaltalsútreikningi sínum. En auk þess var svo verðið allt annað í raun og veru seinni hluta ársins 1959 og í byrjun ársins 1960 heldur en ráðh. er með í sínu dæmi.

Hæstv. ráðh. segir varðandi lýsisverðið, að í meðaltalsútreikningnum sé reiknað með, að síldarlýsið hafi lækkað á þessu tímabili um 32.6%. En samkv. hans eigin tölum, sem ég, eins og ég hef sagt, hef fyrirvara á, vegna þess að það er allt of hátt verð skráð í lok ársins 1959, en jafnvel þó að sé gengið út frá hans tölum, þá var verðið á síldarlýsi, sem þá var selt, 400 tonnum, 62 sterlingspund tonnið, en verðið, sem hann gaf upp að hefði verið á stórum sölum á síldarlýsi nú í aprílmánuði og maímánuði á þessu ári, var 59 sterlingspund tonnið á stærri sölunni og á minni sölunni 57 pund og 5 sh., eða verðlækkunin samkv. hans eigin tölum er ekki nema 5%—7.5%, en hann notar hér í þessa meðaltalsútreikninga sína, að lýsið hafi lækkað um 32.6%. Er þetta nú ekki, hæstv. viðskmrh., að fara svolítið léttúðlega með sannleikann, svo að maður noti þau orð, sem hæstv. ráðh. notaði um það, sem ég hafði sagt? Er það ekki að fara nokkuð léttúðlega með sannleikann að tilnefna tölur og svo passar ekkert af þeim einu sinni í beinum útreikningi?

Ég hef stundum látið falla hér nokkuð beisk orð í garð hagfræðinga, sem ég skal þó játa að ég met mikils á margan hátt, því að ég álít, að ég hafi ýmislegt af þeim gott lært. Ég verð að segja það, að mér hefur yfirleitt fundizt þeir fara sæmilega rétt með tölur. Ég hef ásakað þá mest fyrir það, að þeir hafi ekki skilið, hvað á bak við tölurnar stendur í ýmsum tilfellum. Þar sem ég hef þekkt bezt til, eins og í sambandi við sjávarútvegsmál, hef ég fundið þetta áberandi. En það keyrir auðvitað alveg um þverbak í þessum efnum, þegar hagfræðingar eins og hæstv. viðskmrh. fara rangt með útreikninga í beinum prósentureikningi, í beinni meðferð talna. Þá kastar vitanlega alveg tólfunum. Ég held því, að það hafi verið býsna rétt, sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu, þessari ræðu, sem stakk svona á þessum belg, sem hæstv. ráðh. blés hér upp, sem allir vita, að hæstv. ráðh. var fyrir fram ákveðinn í að reikna það út, að ytri áföll, aflabrestur og verðfall, hefði sett hér allt í strand. Og ég sagði, að ég væri honum sammála í því, um þessa meginútkomu úr dæmi hans, — viðreisnarpólitíkin hans var komin í strand, það var rétt. En skýringar hans á því, hvað því olli, að hún var komin í strand, voru alrangar. Þær fá ekki staðizt. Það voru engin ill náttúruöfl, sem settu allt úr skorðum hjá hæstv. ríkisstj., það var hennar ranga efnahagsstefna, sem hér greip inn í. Vaxtaokrið, pólitík, sem leiddi m. a. til framleiðslustöðvana og annarra erfiðleika í framleiðslu landsmanna, það var það, sem hér var að verki, en ekki hitt, að það væri einhver sérstakur aflabrestur eða sérstök verðlækkun, sem olli því, að svona hafði farið.

Ég hafði leyft mér að halda því fram, að sannleikur málsins hafi verið sá, að nú á miðju ári, eða um það leyti, sem nýja gengislækkunin var ákveðin, hafi raunverulega verð á okkar útflutningsvörum verið orðið allmiklu hærra en það var á þeim tíma, sem gengislækkunin í febrúarmánuði 1960 var ákveðin. Sannleikurinn er sá, að verð á síldarmjöli og fiskimjöli og síldarlýsi, sem hafði lækkað fyrst og fremst á árinu 1959, þetta verð t. d. á síldarmjölinu og fiskimjölinu fór ofan í 11 sh. á protein-einingu, og megnið var selt á kringum 12 sh. til 12 sh. og 6 d. Niður í þetta hafði verðið fallið. En það var svo komið nú á miðju sumri, að þá var þetta verð komið upp í 17 sh. og 6 d. og 18 sh., einnig eftir upplýsingum, sem hæstv. viðskmrh. hefur gefið hér í þessum umræðum. Það er því enginn vafi á því, að verðið var orðið hærra, allmiklu hærra en reiknað var með í gengis-

lækkunarlögunum í febrúarmánuði 1960. Verðið á síldarlýsi var mjög svipað. Nú voru gerðar allstórar fyrirframsölur á þessu vori, upp á 59 sterlingspund tonnið, en verðið var í kringum 60 sterlingspund tonnið, 62 sterlingspund og fór niður í 57 sterlingspund um áramótin fyrir gengisbreytinguna. En aðrar afurðir, sem ég hafði hér vikið að, — þetta voru þær, sem aðallega höfðu lækkað, — en aðrar afurðir, eins og hæstv. viðskmrh. varð að viðurkenna, höfðu yfirleitt hækkað. En þær hafa auðvitað hækkað, allt annað en það, sem hæstv. ráðh. gaf hér upp.

Ég er eiginlega alveg gáttaður á þeirri fyndni hjá hæstv. viðskmrh., sem ætti þó að vita einhverja ögn um þessi mál, að hann skuli lesa hér upp yfir alþm. slíkar tölur sem hann gerði um þá verðbreytingu, sem orðið hefur á ýmsum okkar útflutningsvörum á þessu tímabili. Hann segir t. d., að verð á ísfiski, sem flestir fylgjast með verðinu á, hafi hækkað frá árslokum 1959 og þangað til nú um 3.8%. Hvílík firna fjarstæða! Ég veit, að það er til aðeins ein leið til að búa til svona vitlausar tölur, og ég þykist alveg sjá, hvernig hún kemur út. Það er auðvitað getgáta, en ég læt hana samt fara til skýringar á því. Þeir menn, sem taka verðið á ísvörðum fiski hjá íslenzkum skipum, t. d. í Bretlandi eða Þýzkalandi, í desembermánuði eða nóvembermánuði, þegar markaðurinn er hæstur og beztur, og bera það svo aftur saman við markaðsverðið í júlí eða ágústmánuði, þegar gengislækkunin var gerð, þegar fiskur er nær óseljandi á erlendum markaði á hitatímabilinu og fellur alltaf lægst, þeir, sem bera saman svona tölur, geta vitanlega fengið út 3.8%. En þannig ber enginn maður saman verð á ísfiski. Þeir, sem eitthvað þekkja til málanna, verða vitanlega að bera saman sambærilega tíma og helzt yfir eitthvað svolítið tímabil til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvort um hækkun eða lækkun hefur verið að ræða á ísfiski á erlendum mörkuðum. En þessi tala er hrein vitleysa, að verðlagsbreytingin á ísfiski hafi aðeins verið 3.8% á þessu tímabili.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að verðhækkun hefði orðið á freðfiski frá árslokum 1959 þangað til nú í ágústmánuði í sumar, og nefndi töluna 4%. Það er ekki ómerkilegt fyrir þá, sem hafa staðið í því sjálfir að selja þessa vöru og ættu að vita um verðið á henni, að heyra þetta nefnt. Ég nefndi hér tvo aðila í fyrri ræðu minni í sambandi við verð á frosnum fiski. Það liggur opinberlega fyrir og það vita allir landsmenn, að það var gerður nýr sölusamningur við Sovétríkin um frosinn fisk. Verðið bæði á karfaflökum og þorskflökum var hækkað í þessum samningi úr 128 sterlingspundum tonnið upp í 140 sterlingspund, eða um rétt tæp 10%. Ég nefndi líka, að verðið á einingu bæði til Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalands hafi líka hækkað mun meira en þetta. Okkur hefur verið sagt það, eins og ég sagði hér í minni fyrri ræðu, að verðið á Bandaríkjamarkaði hafi hækkað líka og miklu meira en þetta. En ef verðið hefur nú hækkað til Rússa og annarra slíkra, hvar hefur verðið þá lækkað, til þess að út komi talan 4%? Hvar hefur það lækkað? Hverjum hefur verið selt á lægra verði? Vill ekki hæstv. viðskmrh. skýra frá því, fyrst hann er að nefna þessar tölur? Nei, hér er vitanlega um alranga tölu að ræða. Hið sanna mun vera það, sem ég hélt hér fram og ég hef heyrt þá menn halda fram, sem eru gjörkunnugastir þessum málum, að á árinu 1960 og nú fram á 1961 megi reikna með því, að meðaltalshækkun á frosnum fiski sé í kringum 10%, en ekki 4%.

Svo segir hæstv. viðskmrh. mér það, að verð á skreið hafi hækkað um 4% á þessu tímabili, frá árslokum 1959 til miðs sumars 1961. Það vill nú svo vel til með skreiðina, að ég ætti að þekkja nokkuð vel til með hana, — ég er í stjórn þeirra landssamtaka, sem aðallega hafa með þetta að gera, — og það vill svo vel til líka, að það er gefið út lágmarksverð á skreið og það er ekki heimilað að selja undir þessu lágmarksverði. Og það var gefið út nýtt lágmarksverð upp úr áramótunum síðustu, og þar er um minnstu hækkun að ræða 9%. Svo kemur viðskmrh. og segir, að hann hafi reiknað í sínum útreikningum með 4%. Óverkaður saltfiskur, og svo skal ég nú ekki tína upp miklu meira af þessu, segir hæstv. ráðh. að hafi hækkað um 5%. Ég las hér í þessum umræðum beint upp úr ársskýrslu íslenzkra saltfiskframleiðenda, þar sem segir, að þeir hafi fengið hækkun á árinu 1960 4%. Hitt liggur svo fyrir, eins og ég hef upplýst hér í þessum umræðum, að á þessu ári hafa verið gerðar allmargar sölur á saltfiski og nokkuð stórar, og hækkunin er frá minnst 6% og upp í 17%. Ég ætla, að þessar tölur m. a. sýni alveg greinilega, að þessi meðaltalsútreikningur hjá hæstv. viðskmrh. á enga stoð í veruleikanum. Hér er farið alveg rangt með staðreyndir. Sannleikur málsins er sá, að á þessu tímabili hefur verið um talsverða hækkun á okkar útflutningsvörum að ræða. Útflutningurinn stóð því betur að vígi þannig séð á miðju sumri í ár en hann gerði áður. Hitt er svo auðvitað ljóst, og allir veita því athygli, að ráðh. fær út þessa meðaltalslækkun með því að reikna óeðlilega mikla lækkun á síldarafurðum og fiskimjöli á þessu tímabili.

Ég ætla svo, að allar aðvaranir hæstv. ráðh. til hv. þm. og annarra, sem hér hlýddu á, um það, að þeir mættu ekki taka orð mín gild í þessum efnum, — ég ætla nú, að þær verði ekki teknar ýkja alvarlega hjá þeim, sem hafa fylgzt með því, sem ég hef greint frá nú um þessi atriði.

En ég vék að ýmsu fleira í ræðu hæstv. ráðh., þegar ég flutti hér mína ræðu. Ég benti á, að útreikningar hans um það, að þjóðarbúið hafi misst af tekjum, sem næmu 400 millj. kr., árið 1960 vegna aflabrests og verðlækkana, væru rangir. Ég vék að því, að hin talan, sem hæstv. ráðh. nefndi, að búast mætti við, að þjóðarbúið fengi í ár, 1961, um 320 millj. kr. minna frá sjávarútveginum en eðlilegt hefði verið, — ég vék að því, að sá útreikningur fær ekki heldur staðizt. En til viðbótar þessu gerði ég svo grein fyrir því, að í þessari síðari tölu, 320 millj..

sem minna á að koma í þjóðarbúið á yfirstandandi ári frá sjávarútveginum, þar er að finna tölu hjá hæstv. ráðh., sem hann taldi að væri 150 millj. kr., vegna aukins rekstrarkostnaðar hjá fiskiskipaflotanum eða útgerðinni á árinu 1961 fram yfir það, sem áður hefði verið. Ég gerði aths. við þessa tölu hjá hæstv. ráðh. Ég benti á, að útreikningum hans um það að færa upp rekstrarkostnað bátanna á árinu 1961 til samræmis við aukinn fjölda þeirra ætti ekki að haga eins og hæstv. ráðh. gerði, því að hann gerði ekki ráð fyrir því, að bátafloti landsmanna lá langtímum saman ónotaður á árinu 1961. Mikill hluti bátaflotans var ekki rekinn í janúar- og febrúarmánuði s. l. Og til þess arna átti vitanlega að taka tillit í sambandi við rekstrarkostnað flotans, ef menn ætluðu sér að fara út í það að reikna út rekstrarútgjöld. Hæstv. ráðh. hljóp yfir þetta. Og hæstv. ráðh. hækkaði rekstrarútgjöld togaraflotans með því að bæta þeim nýju togurum við, sem keyptir höfðu verið, og reiknaði auðvitað með því, að útgjöld þeirra yrðu þar af leiðandi meiri. En hann tók ekki tillit til þess, að það voru reknir miklu færri togarar og eru reknir miklu færri togarar árið 1961 en höfðu verið reknir hér áður. Samt hækkaði hann útgjöldin í rekstri skipanna. Ég benti ráðh. á þetta, — og hverju svaraði hann? Engu. Hann vildi aðeins halda sér við það, sem hann hafði áður sagt, að þjóðarbúið hefði orðið fyrir miklum áföllum, bæði árið 1960 og 1961, vegna þess að sjávarútvegurinn skilaði í þjóðarbúið minna en áður.

Ég vék líka að því í minni ræðu og finnst ástæða til að koma að því hér aftur með örfáum orðum, að gengislækkunin, sem var ákveðin 4. ágúst í sumar, var í raun og veru ekki gerð fyrir útgerðina í landinu, og það sést bezt á því, að á sama tíma sem verð á erlendum gjaldeyri er hækkað um 13.1% fékk útflutningurinn ekki að njóta tilsvarandi hækkunar á sínum útflutningsvörum. Ríkissjóður byrjaði strax á því að taka til sín talsverðan hluta af gengishagnaðinum og ákvað að ráðstafa þessum hluta af gengishagnaðinum til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af ríkisábyrgðarlánum, sem ríkissjóður hefur hingað til staðið einn undir. Hér var því verið að gera gengislækkun, sem var til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Þessu hefur ekki verið mótmælt, enda er það erfitt. Það er líka alveg ljóst mál, að ríkissjóður hlýtur að fá verulega auknar tekjur, tolltekjur og söluskattstekjur, frá 4. ágúst í sumar, að gengislækkunin var gerð, vegna þess að tollarnir eru innheimtir af hærri fjárhæðum en áður og hljóta því að veita ríkinu mun meiri tekjur.

Það er alveg augljóst mál, að ríkissjóður hafði nokkurn hagnað í svipinn af þessari gengisbreytingu, en t. d. fiskiskipafloti landsmanna hefur ekki haft neitt hagræði af gengislækkuninni. Ég spurði hæstv. ráðh. um það og þá aðra ráðh., sem hér voru staddir, hvað ríkisstj. hugsaði sér að gera til þess, að t. d. fiskiskipastóllinn fengi að njóta gengislækkunarinnar, a. m. k. á móti því, sem sjávarútvegurinn verður að gjalda vegna lækkunarinnar. Fiskverð hefur ekki breytzt um einn einasta eyri til bátaflotans frá 4. ágúst í sumar. Verð á þorski hefur ekki hækkað um einn eyri. Verð á síld hefur ekki hækkað um einn eyri. Bátaflotinn fékk enga tekjuhækkun, en bátaflotinn og togaraflotinn fengu auðvitað aukin rekstrarútgjöld sem afleiðingu af gengisbreytingunni. Og ég benti einnig á það, að það virðist allt stefna á það, að sjávarútvegurinn eða fiskiskipastóllinn fái ekki heldur að njóta neinnar verðhækkunar vegna gengislækkunarinnar á næsta ári, því að fulltrúar bátanna í landinu og togaranna hafa snúið sér til þeirra, sem kaupa aflann hér innanlands og vinna aflann, og hafa óskað eftir því að fá samninga um hækkað verð á aflanum til samræmis við gengisbreytinguna, því að gengisbreytingin var afsökuð með því, að þetta væri gert fyrir fiskiskipaflota landsmanna. Og þessir kaupendur hafa svarað og sagt, að þeir gætu ekki hækkað fiskverðið um einn einasta eyri.

Gengislækkunin, eins og hún hefur verið framkvæmd til þessa, hefur því ekki komið sjávarútveginum nema mjög takmarkað til góða. En sjávarútvegurinn hefur fengið stóraukin útgjöld vegna gengisbreytingarinnar. En hæstv. viðskmrh. vék ekki einu orði að þessum atriðum í sinni löngu ræðu, sem hann flutti hér s. l. fimmtudag. Það segir vitanlega nokkuð sína sögu um það, hvernig þau rök hans standast, að þessi gengislækkun hafi verið gerð fyrir sjávarútveginn í landinu.

Þá er hér eitt atriði enn, sem mig langar til að minnast á örfáum orðum, af því, sem hefur komið hér inn í þessar umræður, en það er það, er hæstv. viðskmrh. hélt því fram, að við, sem erum andvígir þessari síðari gengislækkun og höfum deilt allmikið á þá ráðstöfun, héldum því fram í öðru orðinu, að atvinnuvegir landsmanna hefðu getað borið kauphækkun þá, sem ákveðin var hér á s. l. sumri, en í hinu orðinu héldum við því fram, að viðreisnarstefnan hafi komið atvinnuvegunum á kaldan klaka. Frá minni hálfu hefur þetta komið alveg skýrt fram. Ég hef allan tímann haldið því fram og bent á það, að gengislækkunin í febrúarmánuði 1960 var framkvæmd þannig, var gerð þannig, að á því er enginn vafi, að nokkrar greinar í atvinnulífinu högnuðust á gengisbreytingunni. Iðnaðurinn, innlendi iðnaðurinn, hlaut að hagnast, af því að hann fékk stóraukna vernd gagnvart innfluttum vörum með nýjum gífurlega háum söluskatti. Og reynslan hefur líka sannað þetta, að iðnaðurinn hefur grætt, og hann gat út af fyrir sig staðið undir nokkurri kauphækkun, eins og forustumenn iðnaðarins, m. a. í þessum umræðum, hafa lýst yfir að hafi verið kleift fyrir iðnaðinn. Ég hef líka bent á áður, að það leikur enginn vafi á því, að skipafélögin í landinu högnuðust á gengisbreytingunni, sem gerð var í febrúarmánuði 1950. Reikningar þeirra sýna það líka, að þau hafa haft verulegan gróða. Þau hefðu getað staðið undir kauphækkuninni að sínu leyti. Það er heldur enginn vafi á því, að vátryggingarfélögin í landinu græddu á gengisbreytingunni. Þau hefðu sannarlega getað staðið undir kauphækkuninni að

sínu leyti. En á hinu er enginn vafi, að sjávarútvegurinn var þannig settur vegna efnahagsstefnu ríkisstj. almennt séð, að hann gat ekki einu sinni gengið þrátt fyrir enga kauphækkun. Það er mér ljóst. En það sannar ekki, að það sé rétt að láta þar staðar numið og segja, að þá sé allt í lagi. Það ber vitanlega að átta sig á því, að það voru tilteknar ráðstafanir í efnahagsmálastefnu ríkisstj., sem gerðu sjávarútveginum svona erfitt fyrir, þó að jafnvel væri um að ræða hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum. Vaxtaokrið, sem ríkisstj. hefur haldið uppi, hefur lagt gífurlega þungan skatt á sjávarútveginn sem heild. Það var auðvelt fyrir sjávarútveginn að standa undir þeirri kauphækkun, sem samþykkt var á s. l. sumri, hefði ríkisstj. viljað t. d. fara eftir tillögum okkar Alþb.-manna um að lækka vextina og þá einkum og sérstaklega á framleiðslulánum verulega, eins og bankakerfið í landinu þyldi mjög auðveldlega. Hefði þetta verið gert, þá hefði ekki verið um neinn vanda að ræða hjá sjávarútvegi okkar. Það hefði líka átt að breyta til um þá óheillavænlegu og röngu viðskiptastefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi nú síðan viðreisnin var ákveðin, því að sú viðskiptastefna hefur verið útflutningsframleiðslunni mjög í óhag. Sú viðskiptastefna hefur dregið úr beztu mörkuðunum og jafnvel skapað söluörðugleika í sumum greinum. Hér er því ekki um neina mótsögn að ræða, eins og hæstv. viðskmrh. vill láta liggja orð að. En hitt er svo líka ljóst, að það verður ekki hægt að halda því fram, að sá tiltölulega litli munur í kauphækkun þeirri, sem endanlega var um samið, 10—12%, og hinni, sem ríkisstj. hafði áður lýst yfir að hún mundi styðja, um 6%, þessi tiltölulega litli munur getur ekki verið meginorsökin til þess, að ríkisstj. greip til þess óyndisúrræðis að fella gengi krónunnar aftur í sumar.

Ég skal svo, þar sem venjulegur fundartími er nú búinn, ljúka hér máli mínu, en vil aðeins segja það, að ég ætla, að það hafi nú komið svo skýrt fram sem þörf er á, að ég hef farið hér með rétt mál í sambandi við aflamagnið á árinu 1960 og afla undanfarandi ára og einnig um verðlagið, en hins vegar held ég, að hæstv. viðskmrh. verði að læra betur í þeim efnum en vott hefur borið um, að hann kynni hér.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Okkur hv. 4. þm. Austf. (LJós) greinir mjög á um, hverjar ákveðnar staðreyndir séu varðandi verðlag á íslenzkum útflutningsafurðum. Ég hafði aldrei gert mér neina von um, að mér tækist að fá hann til þess að játa það hér í þessum ræðustól, að hann hefði ekki farið með rétt mál í hinni harðorðu ræðu sinni, sem hann flutti í gagnrýniskyni á það, sem ég hafði sagt við upphaf þessarar umr. Ég flutti mitt mál til þess að gera öðrum hv. þm. ljóst, að það, sem þessi hv. þm. hafði sagt, fékk ekki staðizt.

Ég ætla í örfáum setningum að rifja upp, um hvað við höfum deilt og um hvað við deilum, áður en ég kem að þeirri uppástungu, sem ég ætla að gera gagnvart hv. þm.

Ég hafði sagt það í framsöguræðu minni, að sjávaraflinn hafi á árinu 1960 orðið minni en á árinu 1959. Ég hafði sagt, að um mjög alvarlegt verðfall á íslenzkum sjávarafurðum hafi orðið að ræða á árinu 1960, á árinu 1961, þessu ári, hafi hins vegar orðið um verulega verðhækkun að ræða, en sú verðhækkun vegi hins vegar enn ekki upp á móti verðfallinu, sem varð á árinu 1960, þannig að í ágúst 1961, þegar síðari gengisbreytingin var gerð, hafi meðalverð á sjávarafurðum enn verið dálítið lægra en það var um áramótin 1959—1960, þegar fyrri gengisbreytingin var afráðin. Hv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni, að allt þetta, sem ég hefði sagt, væri rangt. Þess vegna hélt ég seinni ræðu mína. Og þrátt fyrir þær upplýsingar, sem í henni komu fram, og þær tölur, sem ég las úr opinberum skýrslum og úr bókhaldi ríkisstofnana, þ. e. útflutningsdeildar viðskmrn., kemur hv. þm. hér enn og endurtekur, að allt þetta, sem ég hafði sagt og ég lýsti í meginatriðum áðan, hvað var, sé rangt. Nú er það að vísu svo, að um aflamagnið er ástæðulaust að deila, því að um það eru til opinberar skýrslur, enda kom það fram strax í fyrri ræðu hv. þm. og einnig í þessari síðari ræðu, að það, sem ég hafði sagt um það mál, er rétt, aflinn var minni á árinu 1960 en hann hafði verið á árinu 1959. Þetta deilumál má því segja að sé úr sögunni. En hv. þm. skákar í því skjóli, að opinberar skýrslur eru ekki birtar um verðlag á sjávarafurðum eða verðbreytingar frá mánuði til mánaðar eða ári til árs. Og þess vegna telur hann sér fært að koma hér og staðhæfa enn, að þær tölur, sem ég hef birt samkv. opinberum heimildum um þessi efni, séu rangar.

Nú tel ég í sjálfu sér vera afar óheppilegt og ekki vansalaust, að tveir menn skuli standa hér hver á eftir öðrum í ræðustóli sjálfs Alþingis og segja sitt hvað um hluti, sem jafnauðvelt á að vera að komast að sannleikanum um og verðlag á fiskimjöli og lýsi og á íslenzkum sjávarafurðum yfir höfuð að tala og hvernig það breytist frá ári til árs og mánuði til mánaðar. Ég tel það vera nauðsynlegt fyrir hv. þm. — og ekki aðeins fyrir þá, heldur fyrir allan almenning í landinu, sem fylgzt hefur með þessum orðaskiptum okkar, að fá að vita, hvað satt er í þessu. Þó að okkur hv. þm. hafi í þessum efnum greint á um margt, þá ætla ég nú að gera til hans ákveðna uppástungu og vona, að við getum orðið sammála um hana. Ég ætla að stinga upp á því, að við sameiginlega skrifum Fiskifélagi Íslands, — sem væntanlega er sú stofnun, sem við báðir getum treyst í þessum efnum, — við skrifum Fiskifélagi Íslands stutt bréf og biðjum það um skýrslu um þróun verðlags á fiskimjöli og lýsi á árunum 1959, 1960 og 1961 og biðjum það enn fremur um að gera samanburð á verðlagi íslenzkra sjávarafurða um áramótin 1959—1960 annars vegar og í ágúst s. l. hins vegar. Ég sting einnig upp á því við hann, að þegar þessi skýrsla er fengin, þá gerum við sameiginlegar ráðstafanir til þess, að hún sé birt í dagblöðunum öllum, og þá getur almenningur — auk þingmanna — fengið um það að dæma, hvor okkar hafi farið

með rétt mál í þessari deilu og hvor með rangt mál. Ég vil sem sé stinga upp á því við hv. þm., að við undirskrifum báðir svo hljóðandi bréf til Fiskifélags Íslands:

„Þess er hér með óskað, að Fiskifélag Íslands semji skýrslu um þróun verðlags á fiskimjöli og lýsi á árunum 1959, 1960 og 1961 og geri enn fremur samanburð á verðlagi íslenzkra sjávarafurða um áramótin 1959—1960 og í ágúst s. l."

Ég er tilbúinn til þess ásamt hv. þm. að koma þessari beiðni á framfæri við Fiskifélagið, og að sjálfsögðu tilbúinn til þess á eftir að standa að því, að a. m. k. það blað, sem ég á sérstakan aðgang að hér í höfuðstaðnum, birti þessa skýrslu. Þetta tilboð geri ég hér með til hv. 4. þm. Austf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, SvE, PS, SÁ, SI, AGb, PP, HH, BK, JPálm, ÞK, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH. EinS, JR, RH.

nei: LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, PK, EOl, EystJ, GeirG, GJóh, HÁ, HS, IRH, IG, JSk, KGuðj.

4 þm. (BBen, EmJ, GíslG, GuðlG) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 17. nóv., utan dagskrár, mælti

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Við 1. umr. um stjórnarfrv. til staðfestingar á brbl. frá 1. ágúst s. l. um Seðlabanka Íslands kom til deilu milli okkar hv. 4. þm. Austf. (LJós). Þessi deila var sömu tegundar og algengt er að deilur hér á hinu háa Alþingi og í íslenzkum stjórnmálablöðum séu. Það var ekki deilt um gildi ólíkra skoðana á því, hvernig ráða bæri fram úr tilteknum vandamálum, það var ekki einu sinni deilt um, hvernig túlka bæri ákveðið fyrirbæri eða skilja bæri ákveðnar staðreyndir, heldur stóð deilan beinlínis um það, hverjar sjálfar staðreyndirnar væru. Slíkar deilur eru allt of algengar hér á hinu háa Alþingi og í íslenzkum stjórnmálablöðum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar. að ekkert sé áliti Alþingis hættulegra en einmitt það, hversu algengt er, að þm. standi hér í þessum ræðustóli og fullyrði um staðreyndir. Einn segir, að staðreyndin sé þessi, en annar, að hún sé hin. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að álit stjórnmálaflokkanna með þjóðinni sé mun minna en það ætti að vera, einmitt vegna þess, að almenningi finnst hann ekki geta treyst orðum forvígismanna þeirra allra í senn vegna þess, hve algengt er, að þeir segja sitt hvað.

Þeir, sem fylgjast sæmilega vel með umræðum um efnahagsmál í nágrannalöndum okkar, vita, að það er mjög sjaldgæft, að stjórnmálamenn þar deili harkalega um það, hverjar séu raunverulegar staðreyndir í efnahagsmálum. Ef slíkt kemur fyrir, þá gerist það einkum vegna þess, að ónógar tölfræðilegar upplýsingar hafa verið fyrir hendi. Þá er málið upplýst mjög fljótlega og deilan þar með úr sögunni. En ég þori að fullyrða, að hitt gerist ekki með nágrannaþjóðum, sem hér er svo að segja daglegt brauð, að stjórnmálamenn og stjórnmálablöð bera fyrir alþjóð gerólíkar staðhæfingar um mikilvægar staðreyndir í efnahagsmálum. En þetta átti sér stað í umr. um seðlabankafrv. á dögunum. Ég hafði í framsöguræðu minni rakið nokkra meginþætti í þróun efnahagsmálanna, frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum og mótaði hina nýju stefnu sína og þar til gengisbreytingin síðari var ákveðin í ágústmánuði s. l. Ég greindi í þessu sambandi frá staðreyndum um breytingar á verðlagi og aflamagni á árinu 1960 og þessu ári. Heimildir mínar voru skýrslur og upplýsingar opinberra stofnana og embættismanna, sem gert höfðu skýrslur eða látið í té upplýsingar hver á sínu sviði. Síðar í umr. gerist það, að formaður annars stjórnarandstöðuflokksins, hv. 4. þm. Austf. (LJós), heldur langa ræðu og staðhæfir, að það, sem ég hafi sagt um aflamagn á árinu 1960, og þó einkum það, sem ég hafi sagt um verðlagsbreytingar á helztu sjávarafurðum landsmanna á árinu 1960 og þessu ári, sé alrangt, tölur þær, sem ég hafi farið með, fái með engu móti staðizt. Í tilefni af þessu þótti mér ástæða til að gera Alþingi nákvæma grein fyrir því, hvernig tölur þær, sem ég hafði nefnt, væru fengnar, og skýra niðurstöðurnar í ýtarlegu máli, til þess að ljóst mætti vera, að ég hefði greint satt og rétt frá umræddum staðreyndum. Þetta gerði ég í alllangri ræðu, 9. nóv. s. l. En hinn 13. nóv. hélt hv. 4. þm. Austf. enn lengri ræðu og fullyrti þar, að ummæli mín um afla ársins 1960 væru a. m. k. villandi og að allar tölur, sem ég hefði skýrt frá um verðlag og verðbreytingar á árunum 1960 og 1961, væru beinlínis rangar. Þegar ég hafði hlýtt á málflutning hv. þm., mér til vaxandi undrunar, stakk ég upp á því við hann í lok umr., að við kæmum okkur saman um að biðja Fiskifélag Íslands að taka saman skýrslu um þær staðreyndir, sem okkur greindi á um. Skyldum við síðan gera ráðstafanir til þess, að skýrslan yrði birt, og ættu þá allir að geta séð, hvor hefði haft rétt fyrir sér, hvor hefði sagt satt og hvor ósatt. Ég stakk upp á því, að við sendum Fiskifélagi Íslands svo hljóðandi bréf:

„Þess er hér með óskað, að Fiskifélag Íslands semji skýrslu um þróun verðlags á fiskimjöli og lýsi á árunum 1959, 1960 og 1961 og geri enn fremur samanburð á verðlagi íslenzkra sjávarafurða um áramótin 1959—1960 og í ágúst s. l."

Hv. 4. þm. Austf. vildi ekki standa með mér að því að senda Fiskifélaginu slíka beiðni. Til gamans skal þess hins vegar getið, hvernig blað hv. 4. þm. Austf., Þjóðviljinn, sagði frá þessum orðaskiptum okkar daginn eftir, í kjölfar þess, að hv. þm. hafði skorazt undan því að óska ásamt mér eftir hlutlausri rannsókn á því, hvor okkar færi með rétt mál, en Þjóðviljinn segir þriðjudaginn 14. nóv. á forsíðu í fjögurra dálka fyrirsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Afsakanir Gylfa fyrir ófarnaði viðreisnarinnar og gengislækkuninni hraktar lið fyrir lið."

Og síðan segir í tveggja dálka formála að

alllangri grein eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar 1. umr. lauk í Nd. í gær um brbl. ríkisstjórnarinnar um gengisskráningarvaldið, hafði sá ráðherra, sem helzt reyndi að verja þau, Gylfi Þ. Gíslason, fengið eina hina eftirminnilegustu útreið, sem ráðherra hefur hlotið. Var það einkum Lúðvík Jósefsson, formaður þingflokks Alþb., sem með yfirburðaþekkingu sinni á málefnum íslenzks sjávarútvegs hafði leikið sér að talnaröksemdum hins stofulærða hagspekings eins og köttur að mús. Stóð ekki steinn yfir steini í afsökunum Gylfa fyrir óförum viðreisnarinnar né fyrir gengislækkuninni í sumar eftir þá meðferð, og höfðu raunar fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar en Lúðvík þar að unnið."

Með hliðsjón af þessum ummælum er mjög fróðlegt að sjá og heyra, hvað Fiskifélag Íslands hefur að segja um þau atriði, sem okkur greindi á um í umr., en ég fékk í gærkvöld svar frá Fiskifélagi Íslands við bréfi því, sem ég gat um áðan og las. Áður en ég les svar Fiskifélagsins, er rétt að rifja upp, hvað okkur hv. 4. þm. Austf. hafði greint á um í umr. Að því er aflamagnið snertir, er málið í raun og veru mjög einfalt. Ég hafði sagt, að á árinu 1960 hefði framleiðslumagn sjávarútvegsins verið 7.4% lægra en það hafði verið á árinu 1959 og svari sú minnkun framleiðslumagnsins til þess, að framleiðsluverðmætið hefði verið 185 millj. kr. minna 1960 en það hafði verið 1959. Þessari staðreynd andmælti hv. 4. þm. Austf. í sjálfu sér ekki, en reyndi hins vegar að gera sem minnst úr þýðingu aflaminnkunarinnar með því að undirstrika, að árið 1960 hafi verið mjög gott aflaár, þá hafi alls ekki verið um aflaleysi að ræða, afli bátaflotans hafi vaxið, þótt afli á togveiðum og síldveiðum hafi minnkað. Enn fremur taldi hv. þm. það skýringu á aflaleysi togaranna, að siglingar hefðu aukizt.

Í þessu sambandi vil ég aðeins taka það fram, að í framsöguræðu minni gerði ég eingöngu samanburð á árunum 1960 og 1959, vegna þess að gengisbreytingin í febr. 1960 var við það miðuð, að sjávarútvegurinn stæði ekki verr eftir hana en verið hafði áður, og var þá eðlilega miðað við árið 1959, næsta ár fyrir gengisbreytinguna. Að sjálfsögðu er ekki hægt að meta gildi breytingar á aflamagninu, nema hafa jafnframt hliðsjón af stærð fiskiflotans. Á árinu 1959 nam meðalaflinn á hverja rúmlest flotans 9.5 smálestum, en árið 1960 nam meðalaflinn á hverja rúmlest 7.8 smálestum, reiknað með, að flotaaukningin komi að hálfu í gagnið á árinu. Ef miðað er við annan afla en síld, verður lækkunin úr 6.5 smálestum í 5.7 smálestir. Árið 1960 minnkaði heildaraflinn á öðrum veiðum en síldveiðum um 2.5%, þrátt fyrir það að fiskiskipastóllinn jókst um nær 17% á því ári. Að því er snertir þýðingu aukinna siglinga togara á árinu 1960 er þess að geta, að afli togaranna á úthaldsdag, þegar landað var innanlands, var á árinu 1960 11.8 smálestir, en hafði á árinu 1959 verið 14.9 smálestir.

Af þessum tölum, sem allar eru byggðar á opinberum skýrslum, geta menn dregið ályktun um það, hvor okkar hv. 4. þm. Austf. hefur farið með réttara mál um þýðingu þeirrar breytingar, sem varð á aflamagninu á árinu 1960.

En kjarni deilu okkar var þó ekki um aflamagnið, heldur um verðlagið á útflutningsafurðunum. Skal ég nú rifja upp í fáeinum orðum, hvað okkur greindi á þar. Ég sagði í framsöguræðu minni, að árið 1960 hafi verð á mjöli fallið um 45% og á lýsi um 25%, verð annarra útflutningsafurða hafi að mestu haldizt óbreytt, en meðallækkun allra sjávarafurða hafi á árinu 1960 numið 8.9%. Síðan sagði ég, að á þessu ári hafi hins vegar orðið breyting til batnaðar, bæði að því er snertir verðlag sjávarafurða og aflamagn. Nokkur verðhækkun hafi orðið á freðfiski, saltfiski og skreið og enn fremur hafi verð hækkað að nýju á fiskimjöli. Hins vegar hafi verðhækkunin í ágústmánuði s. l., þegar genginu var breytt, ekki verið orðin svo mikil, að hún hafi vegið á móti verðfallinu 1960. Sagði ég, að ef tekið væri vegið meðaltal af verðlagi þorsks, karfa og síldarafurða, kæmi í ljós, að í ágúst 1961 hafi það verið 3.8% lægra en það hafi verið í ársbyrjun 1960.

Hv. 4. þm. Austf. staðhæfði þegar í fyrri ræðu sinni, að allar þessar upplýsingar mínar væru alrangar. Hann lagði sérstaka áherzlu á, að verðfall á mjöli og lýsi hafi verið orðið áður en gengisbreytingin 1960 hafði verið ákveðin, hafi með öðrum orðum orðið á árinu 1959, en alls ekki á árinu 1960. Þetta endurtók hann svo í síðari ræðu sinni og bætti því þá við, að það hafi verið alrangt hjá mér, að í ágúst 1961 hafi meðalverð á sjávarafurðum verið 3.8% lægra en það hafi verið í ársbyrjun 1960, það hafi meira að segja verið orðið hærra. Það er því alveg augljóst, um hvað okkur hv. þm. greindi á, og skal ég nú — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa bréf Fiskifélags Íslands, dags. 16. nóv., en það er svo hljóðandi:

„Vér höfum móttekið bréf yðar, herra ráðherra, dagsett 13. þ. m., þar sem þér óskið eftir, að vér gefum skýrslu um þróun verðlags á fiskimjöli og lýsi á árunum 1959, 1960 og 1961 og gerum enn fremur samanburð á verðlagi íslenzkra sjávarafurða um áramótin 1959—1960 og í ágúst s. l. Mun hér á eftir verða gerð grein fyrir þeim þremur atriðum, sem um getur í bréfi yðar.

1) Fiskimjöl: Árum saman, allt fram að árinu 1959, hafði markaður fyrir fiskimjöl verið stöðugur og verðlag yfirleitt farið hækkandi. Á þessu varð breyting upp úr miðju ári 1959. Fer þá að bera á sölutregðu, vegna þess að kaupendur héldu að sér höndum vegna aukningar á framboði, einkum frá Perú, en þar var þá að verða mikil aukning á framleiðslu. Áhrif framboðsins á mjölinu frá Perú urðu þó mun meiri en vænta hefði mátt vegna mikillar og hömlulausrar spákaupmennsku, sem átti sér stað í sambandi við framboð á mjöli þaðan. Verðlag á fiskimjöli frá Íslandi komst hæst á fyrri hluta ársins 1959 og var þá sem svaraði 6772 kr. á lest fob., umreiknað á gengi því, sem var eftir gengisbreytinguna 1960. Þrátt fyrir tregari söl-

ur síðari hluta árs 1959 var haldið fast við þetta verð eða lítið eitt lægra. Síðari hluta ársins nam útflutningur fiskimjöls 10 756 lestum. Til samanburðar má geta þess, að á sambærilegu tímabili 1958 nam fiskimjölsútflutningurinn 7470 lestum, en heildarútflutningsmagnið var svipað bæði árin. Í byrjun ársins 1960 var sýnt, að ekki mundi unnt að halda hinu háa verði ársins 1959, og var nú tekið að selja á verði, sem samsvaraði 5972 kr. fob. Þegar hins vegar kom fram á miðja vertíð 1960, eða nánar tiltekið í marz, heldur verðlækkunin enn áfram og nú með auknum hraða. Allan fyrri hluta ársins var útflutningurinn mjög dræmur, og eðlilegur útflutningur hófst ekki aftur fyrr en eftir um eitt ár, þegar verðið var komið niður í sem svaraði 3378 kr. fob. Frá því snemma á árinu og þar til skömmu eftir mitt ár nam því verðlækkunin rúmlega 43%, og var meginhluti framleiðslu ársins 1960 seldur á hinu lága verði. Frá hæsta verði 1959 var lækkunin hins vegar 47%. Í nóvembermánuði hófst svo breyting upp á við, og í árslok var verðið komið í um 3774 kr. á lest fob. Á árinu 1961 hefur þessi þróun haldið áfram, og á miðju ári var talið, að verðið mundi stöðvast á mjölinu í 4735 kr. til 5107 kr. á lest fob., eða 14.5—21.3% lægra en var í ársbyrjun 1960. Í haust hefur verðlag verið fremur óstöðugt, en lítils háttar hækkun hefur þó átt sér stað upp fyrir þetta verð. Hins vegar er talið mjög ólíklegt, að það geti haldizt til frambúðar, miðað við það ástand, sem nú er á fiskimjölsmörkuðunum. Verð það, sem hér hefur verið nefnt, miðast við, að selt hafi verið til hafna í Norður- og Vestur-Evrópu, en allt fram á árið 1959 hafði verð það, sem fékkst fyrir fiskimjöl, sem selt var á jafnkeypismarkaðina, verið a. m. k. 10% hærra en á frjálsum markaði. Þetta breyttist, og má telja, að enginn munur sé þar á lengur. Hefur þetta því áhrif til enn frekari lækkunar á fiskimjölsverðinu, þannig að heildarlækkunin frá ársbyrjun 1960 nemur 25.8%. Hér hefur eingöngu verið rætt um þorskmjöl, en verðbreytingar á öðru fiskimjöli og síldarmjöli hafa verið svipaðar.

2) Lýsi: Mestan hluta ársins 1959 hélzt verðlag á ókaldhreinsuðu þorskalýsi, en meginhluti lýsisins hefur undanfarin ár verið fluttur út þannig, stöðugt um 7400 kr. á lest fob., umreiknað eftir hinu nýja gengi 1960. Undir lok ársins 1959 varð svo verðlækkun á lýsi almennt, en ekkert þorskalýsi var þá selt. Miðað við verðlag á öðru lýsi til iðnaðar má telja, að í lok ársins og framan af árinu 1960 hafi verð á þorskalýsi verið um 6380 kr. á lest. Fyrri hluta ársins 1960 var nær ekkert flutt út af ókaldhreinsuðu þorskalýsi, enda var verðlag þá enn lækkandi, en meginhluti framleiðslunnar var seldur síðari hluta ársins á verði, sem nam 5160 kr. á lest. Hafði því orðið verðlækkun frá því í byrjun ársins, sem nam nær 20%, en 30% frá hæsta verði árið 1959. Á árinu 1961 hefur verðlag á lýsi verið óstöðugt og lækkandi, og á það einkum við um síðari hluta ársins. Lítið hefur verið selt af þorskalýsi á þessu ári, en miðað við það verðlag, sem nú er á svipuðu lýsi, mun mega gera ráð fyrir, að verðlag á þorskalýsi ókaldhreinsuðu muni vera um 4350 kr. á lest eða nær 32% lægra en í ársbyrjun 1960, en 41% lægra en þegar verðið var hæst 1959. Verðbreytingar á öðru lýsi en þorskalýsi hafa verið svipaðar.

3) Verðlag á sjávarafurðum á tímabilinu frá áramótum 1959—1960 og fram undir mitt ár 1961 hefur verið ýmsum breytingum háð. Nákvæmur samanburður á verði á þessu tímabili verður þó, að því er nokkrar þýðingarmiklar afurðir snertir, ýmsum annmörkum háður. Stafar þetta af því, að breytingar eiga sér ætíð stað á verkunaraðferðum, tegundum og mörkuðum, en allt getur þetta haft áhrif á verðþróunina. Vér höfum reynt að meta þær verðbreytingar, sem orðið hafa á tímabilinu, og er niðurstöðu þeirra athugana að finna í eftirfarandi töflu, sem sýnir breytingar á verðlagi einstakra afurða á þessu tímabili, og jafnframt eru metin heildaráhrif breytinganna á framleiðsluverðmæti sjávarafurðanna. Er niðurstaðan sú, að heildarverkun verðbreytinganna hafi orsakað lækkun á framleiðsluverðmætinu um sem svarar 3.2%. Verðbreytingarnar hafa verið sem hér segir:

Ísvarinn fiskur, verðhækkun 3.8%.
Skreið, verðhækkun 4%.
Saltfiskur verkaður, verðhækkun 11%.
Saltfiskur óverkaður, verðhækkun 5%.
Freðfiskur, verðhækkun 4%.
Fiskimjöl, verðlækkun 25.8%.
Þorskalýsi, verðlækkun 32%.
Hrogn söltuð, óbreytt verð.
Karfamjöl, verðlækkun 23%.
Karfalýsi, verðlækkun 31.2%.
Ýmislegt frá þorskveiðum, verðhækkun 7.2%.
Síldarafurðir, verðlækkun 9.5%.
Að meðaltali samtals verðlækkun 3.2%.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson."

Þessar upplýsingar taka af öll tvímæli um það, hvað rétt er í þeim efnum, sem okkur hv. 4. þm. Austf. hefur greint á um. Fiskifélagið segir verðlækkun á fiskimjöli á árinu 1960 hafa verið 43—47%, en ég hafði sagt hana nema um 45%. Hv. 4. þm. Austf. hefur hins vegar, væntanlega á grundvelli yfirburðaþekkingar sinnar á málefnum íslenzks sjávarútvegs, hvað eftir annað staðhæft, að á árinu 1960 hafi engin verðlækkun orðið á fiskimjöli. Fiskifélag Íslands telur, að á árinu 1960 hafi orðið verðlækkun á lýsi, sem sé nær 20 en 30%, en ég hafði talið verðfallið á lýsinu 25%. Hv. 4. þm. Austf. hafði staðhæft, að árið 1960 hefði engin verðlækkun orðið á lýsi. Þá segir Fiskifélag Íslands, að meðalverðbreyting á sjávarafurðum frá áramótum 1959 og 1960 og þangað til í ágúst 1961 sé þannig, að um 3.2% verðlækkun sé að ræða. Ég hafði í framsöguræðu minni talið verðlækkunina 3.8%, en hv. 4. þm. Austf. hafði talið, að um alls enga verðlækkun hefði verið að ræða, heldur þvert á móti verðhækkun. Þær tölur í skýrslum Fiskifélagsins, sem ég las, eru allar nákvæmlega eins og þær tölur, sem ég las í síðari ræðu minni, að frátöldum tölunum um verðlækkun á þorskalýsi og síldarmjöli. Fiskifélagið telur verðlækkun þorskalýsis nokkru minni en gert var í skýrslu

minni, vegna þess að Fiskifélagið tekur meira tillit til verðlagsins á ókaldhreinsuðu lýsi en gert hafði verið í minni skýrslu. Tölur Fiskifélagsins um verðlækkun á síldarmjöli eru einnig nokkru lægri en tölur þær, sem ég byggði á í minni ræðu, vegna þess að nú telur Fiskifélagið sig hafa öruggari upplýsingar um síldarmjölsverðið en hægt var að hafa, þegar sú athugun var gerð, sem tölur mínar grundvölluðust á. Þetta tvennt veldur því, að meðaltalslækkunin samkvæmt skýrslum **Fiskifélagsins** er 3.2%, en ég hafði talið hana 3.8%, og er hér í raun og veru um mjög smávægilegan mun að ræða, þegar það er haft í huga, að rannsóknir þessar eru gerðar með nokkru millibili.

Eftir þetta ætti að vera óþarfi að deila um, hver verðlagsþróunin hafi orðið á útflutningsvörum sjávarútvegsins frá því um áramótin 1959 og 1960. Formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósefsson, hefur hér á hinu háa Alþingi haldið fram staðreyndum um þau efni, sem Fiskifélag Íslands hefur nú dæmt alrangar. Ég hef talið rétt að rekja þetta mál jafnrækilega og raun er á orðin, fyrst og fremst vegna þess, að ég tel það vansæmd fyrir Alþingi og stjórnmálalífið í landinu, að almenningur skuli heyra úr ræðustóli Alþingis gerólíkar staðhæfingar um staðreyndir, um þess konar staðreyndir, sem hægt á að vera að komast að hinu sanna um. Ef ekki er gerð tilraun til þess að komast að hinu rétta, þannig að allur almenningur viti, hverju hann á að trúa og hverju hann á ekki að trúa, þá er hætt við, að dómgreind almennings sljóvgist og áhugi hans á stjórnmálum minnki. En hvort tveggja er skaðlegt í lýðræðisþjóðfélagi. Þess vegna var það, að ég vildi, að við hv. 4. þm. Austf. kæmum okkur saman um hlutlausan dóm um þau atriði, sem okkur hafði greint á um. Þótt hann hafi að vísu ekki viljað standa að slíkri ósk, þá er sá dómur nú samt fenginn. Hann er á þá leið, að hv. 4. þm. Austf. hafi haft rangt fyrir sér í öllum atriðum.

Lúðvík Jósefsson: Hv. forseti. Það er nú augljóst mál, að hæstv. viðskmrh. ber sig heldur illa undan þeim umr., sem hér fóru fram um tiltekið dagskrármál fyrir nokkrum dögum. Honum hefur ekki nægt að ræða það mál, þegar það er hér á dagskrá, heldur kemur nú hér upp utan dagskrár og ber sig heldur illa. Það er auðvitað að vonum, eins og hans málstaður er í þessu máli. Nú þykist hæstv. viðskmrh. hafa fengið skýrslu frá Fiskifélagi Íslands, sem sannar hans málstað, en afsannar minn. Við skulum nú líta svolítið betur á það, hvað hér er raunverulega sagt.

Fyrst er það að segja, að hæstv. viðskmrh. margendurtekur í ræðu sinni, að ég hafi sagt það, sem ég hef aldrei sagt. Hann heldur því hér fram, að það hafi verið deila um það hjá okkur, að ég hafi sagt, að það hafi engin verðlækkun orðið á árinu 1960. Þvert á móti hafði ég margundirstrikað það, að verðlækkunin hafi haldið áfram á árinu 1960. Deila okkar í sambandi við verðlagsmálin snerist um það, að ég hélt því fram, að sú mikla verðlækkun á mjöli og lýsi, sem hæstv. viðskmrh. reiknaði með í sínum útreikningum, hefði farið fram að verulegu leyti á árinu 1959 og þegar verið tekið tillit til hennar við útreikninga á hinu nýja gengi, en hæstv. viðskmrh. lítur gersamlega fram hjá þeirri verðlækkun, sem átti sér stað á árinu 1959, og reiknar alla verðlækkunina á árið 1960. Það breytir engu í þessum efnum, hversu hæstv. viðskmrh. endurtekur það oft, að ég hafi sagt, að engin verðlækkun hafi orðið á árinu 1960. Ég þvert á móti sagði, að verðlækkunin hefði haldið áfram á árinu 1960, en meginverðlækkunin hafði farið fram 1959.

Ég vík þá að því, sem Fiskifélagið segir um þetta, og þeim gögnum, sem ég hafði byggt á, og þeirri reynslu, sem ég hafði í þessu, því að það skal hæstv. viðskmrh. vita, að ég hef líka í mínum höndum bein tilboð erlendis frá í sambandi við verðlagningu á þessum vörum, sem sanna það, hvað verðlagið var. Það eru fleiri en stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem vita, hvað verðlagið var orðið á mjöli og lýsi seinni hluta ársins 1959. En hitt veit ég, eins og ég hafði tekið fram áður, að Fiskifélag Íslands og útflutningsnefnd sjávarafurða á Íslandi skrá vitanlega ekki verðlagninguna, fyrr en salan fer fram. Síldarlýsið, sem framleitt var árið 1959, 19600 tonn, eða öll ársframleiðslan á lýsi frá 1959, lá sem birgðir um áramótin, hún var ekki seld fyrr en í marz- og aprílmánuði 1960, og þá vitanlega fyrst kom verðlækkunin fram á skýrslum hér. En hvernig stóð á því, að lýsið var ekki selt eins og venjulega að lokinni síldarvertíð 1959? Voru menn að leika sér að því að liggja með allt lýsið í september-, október-, nóvember- og desembermánuði 1959 og janúarmánuði 1960? Voru menn að leika sér að því? Hvernig stóð á því, að allar birgðirnar voru í árslokin, þó að salan færi ekki fram fyrr en í marz- og aprílmánuði, og þá vitanlega kom verðlækkunin fram á skýrslum? Það eru nefnilega til menn, eins og ég hef hér bent á, sem skilja ekki neitt í þessum málum annað en þurrar tölur og halda, að hægt sé að fara eftir þeim án þess að vita nokkuð, hvað á bak við tölurnar stendur. En sannanlega hafði verðlækkunin farið fram, og það verður Fiskifélag Íslands að viðurkenna, sem þó er að reyna að bjarga hæstv. ráðh. út úr hans ógöngum, — það verður að viðurkenna í bréfi sínu, að verðlækkun á fiskimjöli, einmitt því mjölinu, sem ég sagði hér í minni ræðu að verðlækkunin byrjaði seinna á, að sú verðlækkun hafi byrjað á miðju árinu 1959. Ég benti á það, að fiskimjölið á árinu 1959 er yfirleitt framleitt fyrri hluta ársins, 85% af ársframleiðslunni fer fram fyrir maílok, en það var búið að flytja út 22 þús. tonn af fiskimjöli í septemberlok af 24 þús. tonnum, sem voru flutt út alls á árinu. Og af því er það rétt, sem Fiskifélagið segir: Verðlækkunin á mjölinu byrjaði á miðju ári. — Salan var sáralítil, eins og útflutningsskýrslur sýna, seinustu mánuði ársins, en síðan kemur verðhrunið fram á skýrslum, — verðhrunið, sem var orðið á árinu 1959, það kemur fram í skýrslum, þegar sölurnar fara fram á árinu 1960.

Ég skal hér enn einu sinni benda mönnum á það, hvernig hæstv. viðskmrh. gengur fram

hjá því, sem er meginatriði málsins og deilan raunverulega snýst um á milli mín og hans, hvenær verðlækkunin á þessum afurðum átti sér raunverulega stað. Menn geta verið með þann orðaleik að segja: Verðlækkunin átti sér ekki stað, fyrr en við seldum, — af því að við biðum með alla framleiðsluna frá 1959 til 1960. Ef deilan á milli okkar liggur í þeim orðaleik, þá er hægt að gera það dæmi upp. En ég segi: Verðlagið á erlendum markaði hafði fallið fyrr. Hvernig stóð nú á því, að hæstv. viðskmrh. vék sér gersamlega undan því að nefna einu orði umsögn stjórnar síldarverksmiðja ríkisins í opinberum ársreikningi þess fyrirtækis um það, hvenær verðfallið átti sér stað? Hvernig stendur á því, að hæstv. viðskmrh. víkur sér undan því? Í ársskýrslu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins fyrir árið 1959 segir orðrétt, eins og ég hef lesið hér upp í þessum umr.: „Strax í vertíðarbyrjun fóru söluhorfur ört versnandi, og fór lýsisverð lækkandi allt fram í febrúarmánuð 1960.“ Er þetta lygi? Er öll stjórn síldarverksmiðja ríkisins, þar með Alþýðuflokksmaður í stjórninni, eru þeir vísvitandi að segja þetta rangt? Voru þeir að leika sér að því að geyma allar síldarafurðirnar 1959 fram á árið 1960, af því að það hafði engin verðlækkun orðið á árinu 1959? Gerðu allir það, sem framleiddu síldarlýsi á árinu 1959, að leika sér að því að bíða eftir verðfalli 1960? Eða voru þessar ástæður fyrir því, sem þessi opinbera stofnun segir, að verðfallið hafi verið orðið?

Nei, hið rétta er það, að þessi skýrsla, sem hæstv. viðskmrh. las hér upp frá Fiskifélagi Íslands, viðurkennir það, að verðfallið hafi byrjað á árinu 1959. En hins vegar greinir hún í tölum frá verðfallinu, sem orðið hafi í sölunum, sem fóru fram á árinu 1960, og þá tekur Fiskifélagið sölurnar, sem fóru fram fyrst á árinu 1960, og segir, hvað verðfallið hafi orðið mikið. En það sannar ekki neitt um það, að verðfallið hafi ekki orðið á þeim tíma, sem ég hafði greint frá og aðrir hafa líka sagt. Þegar hæstv. viðskmrh. er svo með aðstoð Fiskifélagsins nú að reikna út mismuninn á verðlagi á sjávarafurðum í ágústmánuði 1961 og verðlaginu, sem var á sjávarafurðum fyrir gengisbreytinguna í febrúarmánuði 1960, þá fær hann það út, að sjávarafurðirnar í útflutningi hafi lækkað í verði, — og á hvern hátt? Með því að taka verðið á þessum vörum þannig, að upphaflega verðið sé rangt. Sannleikurinn er sá, að verðið var ekki eins hátt í árslokin 1959 raunverulega og þessar skýrslur skrá, það var lækkað.

Hæstv. viðskmrh. minnist ekki heldur á það einu einasta orði, að hann sjálfur og ríkisstj. öll hafi sagt í febrúarmánuði 1960 það, sem ég segi, að þetta verðfall hafi átt sér stað á árinu 1959. Hvernig stendur á því, að hæstv. viðskmrh. víkur sér undan því, sem stendur skrifað í grg. stjórnarfrv. um gengislækkunina? En þar stendur m. a., eins og ég hafði lesið upp í þessum umr., orðrétt á þessa leið: „Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959.“ Hvernig stendur á því, að hæstv. viðskmrh. víkur sér undan þessu, sem hann hefur sjálfur skrifað og ríkisstj. öll, en ætlar að reyna að hlaupa yfir og nefna verðlækkunina, sem kom fram í skýrslum, þegar salan á þessum afurðum fór fram á árinu 1960, sem auðvitað var orðin á erlendum markaði löngu áður, en afurðirnar höfðu bara verið geymdar í landinu?

Það var athyglisvert í skýrslu Fiskifélagsins, að þegar það er fyrst búið að segja varðandi verðið á fiskimjöli, að það hafi byrjað að falla á miðju ári 1959, en þó hafi haldizt uppi smásölur fram eftir því ári, að svo segir það í sinni skýrslu: „En í byrjun ársins 1960 þótti sýnt, að ekki væri hægt að halda uppi fyrra verði.“ Þá var nefnilega búið að samþykkja að fylgja þeirri verðlækkun, sem orðin var fyrir löngu á erlendum markaði, og skrá í opinberar skýrslur hjá okkur verðlækkunina, sem orðin var, og þá var ákveðin verðlækkunin hér í sambandi við útboð á þessum vörum frá Íslandi.

Það, sem vert er að menn taki eftir í þessum efnum, er það, að ágreiningurinn um verðlagninguna á milli mín og hæstv. viðskmrh. liggur í því: Er það rétt, sem ég sagði, að verðfallið á þessum afurðum hafi átt sér stað á árinu 1959 og að það hafi verið tekið tillit til verðfallsins við ákvörðun gengisins í febrúarmánuði 1960? Er þetta rétt? Eða er hitt rétt, að það hafi ekki átt sér stað verðfall á þessum afurðum á árinu 1959 og að það styðjist við þær tölur, sem hæstv. viðskmrh. las hér upp, sem sýndu, að það höfðu farið fram sölur allt til ársloka 1959, smásölur á mjöli, með jafnháu verði og áður hafði verið? Það var um þetta, sem deilan snerist. Það, sem ég studdist við í þessum efnum, var það, að grg. gengislækkunarfrv. staðfestir mitt mál, opinber skýrsla frá síldarverksmiðjum ríkisins staðfestir mitt mál, opinber tilboð, sem einstök fyrirtæki hafa í sínum höndum um verðlagið á þessum tíma, þessi tilboð staðfesta mitt mál, og einnig það, að opinberar íslenzkar skýrslur sýna, að þessar afurðir, sem framleiddar voru á miðju árinu 1959 og seinni hluta ársins, hrúguðust allar upp sem birgðir og voru þessar birgðir síðan seldar á árinu 1960. Þetta voru þau sönnunargögn, sem ég leiddi fram, og hæstv. ráðh. hefur ekki getað hnekkt einu einasta af þessum sönnunargögnum. Það, sem hann færir fram frá Fiskifélaginu, er viðurkenning á þessu, sem ég segi. En þar að auki kemur síðan upp útreikningur á verðlækkuninni, sem kom hér fram í sölunum sjálfum, sem fóru fram á árinu 1960, en það var sú verðlækkun, sem hafði átt sér stað á erlendum markaði fyrir löngu.

Ég þarf svo ekki að eyða hér fleiri orðum að þessu sinni að deilunni á milli okkar um verðlagninguna, það er í rauninni alveg óþarfi.

En það voru nokkur orð í sambandi við aflamagnið árið 1960, sem hæstv. viðskmrh. hafði orðið mjög tíðrætt um og hann hafði margendurtekið í sinni ræðu, að hann kallaði, að á því ári hefði verið gífurlegur aflabrestur, á árinu 1960, og ég hafði hrakið það með tölum. (**Forseti:** Ég vil mjög biðja hv. ræðumann að gera svo vel að stytta mál sitt. Efnislegar umr.

um þetta má segja að séu ekki beinlínis tímabærar. Það eru eftir tvær umr. um þetta mál í deildinni, og bið ég hv. ræðumann því mjög eindregið um að stytta mál sitt.) Ég skal verða við ósk hv. forseta og stytta mál mitt. Ég þarf ekki á því að halda að tala hér langt mál, en vil aðeins vekja athygli á því, að ég hafði haldið mér við að ræða þetta mál, þegar það var á dagskrá, en hins vegar hafa fulltrúar frá ríkisstj. tekið þetta upp hér utan dagskrár og sannarlega gefið tilefni til þess, að hér færu fram talsverðar umr. um málið. En ég skal stytta mál mitt.

Það voru aðeins örfá orð í sambandi við aflamagnið. Þar hefur hæstv. ráðh. farið svo gersamlega á stampinn með það, sem hann sagði, að hann getur í rauninni ekkert orðið lengur sagt um hinn mikla aflabrest, sem var á árinu 1960, annað en það, að hann hafi sagt, að þá hafi verið minni afli en árið 1959. Hefur nú nokkur ágreiningur verið okkar á milli út af þessu atriði? Ég las strax upp í minni ræðu aflann 1959 og 1960. En ég sýndi hins vegar alveg ljóslega fram á, að það hefði ekki verið neinn aflabrestur, og hæstv. ráðh. er hættur að minnast á þennan aflabrest, sem hafi átt að vera á árinu 1960. En hann er talnavanur, hæstv. ráðh., eins og ég hef komið áður að í þessum umr., og reiknar út með ýmsum hætti. Nýjasta aðferðin var sú, — ég hef reyndar séð hana áður hjá mönnum, sem ég hélt að væru enn fáfróðari en hann í sambandi við fiskveiðar og fiskiskip, en það er þegar menn finna það út, að afli hafi raunverulega minnkað, ef maður ber aflann saman við rúmlestatölu á skipum. Það er nú alveg nýr mælir að finna það út, að aflamagn hafi raunverulega minnkað miðað við rúmlestatölu skipa. Ég hélt, að hæstv. ráðh. og allir vissu það mætavel, að sú mikla stækkun á skipunum sjálfum, sem annars er beitt nákvæmlega eins og minni skipunum hafði verið beitt áður, þar sem við beitum núna 150 tonna bátum til sams konar veiða og við beittum áður 50 tonna bátum og fyrir nokkrum árum þar á undan 30 tonna bátum, — þetta er vitanlega að mjög verulegu leyti gert til þess að bæta aðbúnað skipverjanna, og það er hrein fjarstæða að búast við því, að aflamagnið, sem veiðist á bátinn, standi í réttu hlutfalli við herbergjafjölda, sem skipverjum er veittur á skipinu. En menn geta vitanlega reynt að klóra sig út úr vandræðum sínum á ýmsa vegu og fundið það út, að það ár, þegar aflinn verður áberandi mestur, óx um tæp 20% á bátaflotanum, hafi samt orðið aflabrestur, af því að hann minnkaði í hlutfalli við herbergjafjölda einhvers staðar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að gefnu beinu tilefni frá hv. 4. þm. Austf. (LJós). Annars er ég sammála um það, að almennar umr. um þetta eru ástæðulausar. (**EOl:** Það er ráðh., sem hefur byrjað. — **LJós:** Það er nú nokkuð seint.) Það eru nokkur orð, sem ég vil segja til skýringar á því, sem fram kom í ræðu hv. þm., á ummælum í grg. stjórnarfrv. frá 1960 um gengisbreytinguna, og um það, sem hann hafði vitnað í skýrslu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins. Ég skal láta duga að segja nokkur orð til skýringar á þessu hvoru tveggja.

Það hefur enginn ágreiningur verið um það milli mín og hv. þm., að verðfall á mjöli og lýsi var byrjað á árinu 1959. Verðfallið á mjöli hófst vegna stóraukins framboðs á mjöli frá Perú og vegna stóraukinnar spákaupmennsku á Perú-mjölinu. Það, sem okkur hefur greint á um, er, hvenær aðalverðfallið á mjölinu hafi orðið. Þetta verðfall á Perú-mjölinu var þegar orðið öllum ljóst haustið 1959, og það var þetta verðfall á Perú-mjölinu, sem vitnað var til í grg. ríkisstj. í febrúar 1960. Það þótti rétt að vekja athygli á þessari staðreynd vegna þess, að menn bjuggust við frekara verðfalli, sem og varð raunin á. Það hefur því enginn ágreiningur verið um, að verðfallið bæði á mjöli og lýsi hafi byrjað á árinu 1959. Ágreiningurinn hefur orðið um hitt, hvenær aðalverðfallið hefur orðið. Um það skal ég ekki fjölyrða meir. Það geta allir, sem vilja vita hið sanna í málinu, dæmt um eftir þeim grundvallarupplýsingum, sem fyrir liggja.

Þá eru nokkur orð í sambandi við það, sem hv. þm. vitnaði til skýrslu síldarverksmiðjustjórnarinnar, skýrslu, sem að vísu er samin árið eftir að þeir atburðir gerðust, sem skýrslan fjallar um. Ég skal aðeins vitna hér í fundargerð fundar, sem haldinn var 3. sept. 1959 og þar sem saman komu helztu útflytjendur á mjöli, þar sem var staddur m. a. Sigurður Jónsson framkvstj. síldarverksmiðja ríkisins og þar segir í fundargerðinni, með leyfi hæstv. forseta: „Sigurður Jónsson sagðist ekki taka afstöðu til karfamjölsins, þar sem þeir ættu ekkert af því, en vildi, að síldarmjöl yrði ekki lækkað." Það, sem hér kemur fram, staðfestir það, sem ég hef um þetta sagt, að verðlækkun erlendis á síldarmjöli var hafin á árinu 1959, en sjálfur framkvæmdastjóri síldarverksmiðja ríkisins óttaðist þó ekki meir en svo, að sú verðlækkun mundi halda áfram, að hann vildi ekki lækka verðið á mjölinu til útflutnings. Því miður hélt hins vegar verðlækkunin áfram, andstætt því, sem hv. þm. hefur haldið fram.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 15, n. 444, 450 og 458).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, sem flutt er til staðfestingar á brbl., er ríkisstj. gaf út 1. ágúst 1961. Ekki náðist samkomulag um afgreiðslu málsins í n., og hafa minni hlutar skilað sérálitum, sem þeir munu gera grein fyrir.

Meiri hl. n. er hins vegar samþykkur frv. og telur þá tilhögun að færa gengisskráningu á hendur Seðlabankans, að fengnu samþykki ríkisstj., eðlilega og til bóta.

Er frv. þetta var til 1. umr. í hv. deild, virtist sumpart gæta misskilnings varðandi efni og

eðli þess og öðrum þræði blandast inn í það umr. um óskyld efni. Frv. fjallar nefnilega einungis og aðeins um tæknilega skráningu gengisins, í höndum hvaða aðila skráningin skuli vera, en alls ekki um það, hvert gengið skuli vera og hvort ástæða hafi verið til breytinga á því og þá hversu mikilla. En um þetta snerust umr. hv. stjórnarandstöðu að mestu við 1. umr. Af þessari ástæðu og til þess að reyna að leiða umr. nú hjá gagnslitlum endurtekningum um atriði, sem snerta ekki þetta frv., en næg tækifæri eru hér í hv. deild til að endurtaka við afgreiðslu annarra frumvarpa, sem nær liggja því efni, vildi ég leyfa mér að víkja fáum orðum að nokkrum grundvallaratriðum varðandi mál þetta, áður en ég geri frv. sem slíku skil.

Ég leyfi mér að halda fram, að áður en hv. þm. taka afstöðu til þessa frv., þurfi þeir að hafa gert sér nokkra hugmynd um eftirfarandi atriði: 1) Hvað er gengi? 2) Hvernig myndast gengi? 3) Hvernig hefur íslenzkt gengi verið skráð frá þeim tíma, er til þess var fyrst stofnað? 4) Hvernig er gengisskráningu nágrannaþjóða okkar tæknilega háttað?

Varðandi fyrstu spurninguna: Hvað er gengi? — er þessu til að svara: Gengi er verð myntar, verðhlutfall mynta, verð innlendrar myntar í erlendri mynt, sem sagt verð á erlendri reikningseiningu, sterlingspundi, dollar, franka eða danskri krónu, skráð í innlendri reikningseiningu.

Þá er það önnur spurningin: Hvernig myndast gengi? Það getur raunverulega myndazt með mörgum hætti tæknilega séð. En þau öfl, sem eru að verki og ráða stöðu gengis myntar til lengdar, eru þessi: Innlent peningamagn, þ. e. a. s. innlendi kaupmátturinn, og viðskiptakjörin út á við. Nánar til greint er átt við með viðskiptakjörum út á við: verðlag erlendra vara og verðlag innlendra vara, sem ákvarðast, eins og menn vita, af innlendu kaupgjaldi, útlánum bankanna og fjárlögum ríkisins. Til viðbótar þessum atriðum snerta og viðskiptakjörin magn hinnar innlendu framleiðslu og sölumöguleikar hennar á erlendum mörkuðum.

Þetta eru þau öfl, sem raunverulega ráða verði íslenzkra peninga í erlendri mynt. Þetta eru þau atriði, sem mestu máli skipta varðandi gengi íslenzku krónunnar nú og raunar endranær. Það er hægt um stundarsakir að stríða gegn eðlilegri verkan þessara afla með lagasetningu, höftum og hömlum, en verulegar breytingar á innbyrðis afstöðu þessara verðmyndunarþátta hljóta þó fyrr eða síðar að koma fram sem gengisbreyting. Sé gengið bundið í lögum í trássi við veigamiklar afstöðubreytingar milli þessara verðmyndunarþátta um lengri tíma, myndast skekkja í byggingu þjóðarbúskaparins, misvægi, sem fyrr eða síðar hlýtur að koma niður á framleiðslunni sjálfri og torvelda eða stöðva eðlilegan vöxt þjóðarbúskaparins og þjóðarteknanna.

Það má því segja, að vandamál gengisskráningar sé tvíþætt, þótt þessu frv. sé aðeins ætlað að lögákveða um annað atriðið. Þessir tveir þættir eru, hver á að skrá gengið, og í öðru lagi, hvernig á að skrá það. Það skiptir vissulega meginmáli, hvernig gengið er skráð, hvort það er skráð í samræmi við raunverulegt verðgildi krónunnar, hvort það er skráð í samræmi við nauðsynlegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem vera þarf fyrir hendi, svo að þjóðarframleiðsla og velmegun almennings geti vaxið jöfnum og hröðum skrefum. En það skiptir og geysimiklu máli fyrir þjóðarbúskapinn, hver skráir gengið, hvort sá, sem sú trúnaðarstaða er falin, hefur aðstöðu, þekkingu og kunnugleika til þess að meta verðgildi íslenzkra peninga á hverjum tíma og þá jafnframt yfirsýn um þarfir og framvindumöguleika atvinnuvega þjóðarinnar, og til viðbótar kemur það og, að allar breytingar á gengisskráningu myntar þurfa af varúðarástæðum að ske í skyndi eða með miklum hraða.

Kem ég þá að þriðju spurningunni: Hvernig hefur íslenzkt gengi verið skráð frá þeim tíma, er til þess var stofnað? Saga íslenzks gengis er ekki ýkjalöng af skiljanlegum ástæðum, skemmri en hjá flestum öðrum þjóðum. Ef hér á landi hefði þó skapazt einhver hefð byggð á reynslu í þessum efnum, þá mundi að sjálfsögðu margur íhaldssinnaður maður úr ýmsum flokkum telja það óeðlilegt, að frá þeirri hefð væri horfið og lagt út á einhverja óvissa braut, sem þetta frv. kynni að fela í sér. Skulum við nú kanna, hvort slík hefð er fyrir hendi, og stikla þá á stóru í sögu íslenzkrar gengisskráningar.

Á fyrri heimsstyrjaldarárum og næstu árin á eftir var íslenzka krónan látin jafngilda danskri krónu og fylgja verðbreytingum hennar út á við. Mönnum virðist ekki hafa verið ljóst, að Ísland var sérstök fjárhagsheild, sem laut sínum eigin fjárhagslögmálum, og að krónan var sérstök mynteining. En að því kom, að svo búið mátti ekki standa, og 8. júlí 1922 er fyrst skráð íslenzkt gengi, — íslenzkt gengi óháð danskri krónu. Dollarinn er þá skráður á 6.04 kr., sterlingspundið á 26,25 kr. og danska krónan á 1,27 kr. Og hver skráir þetta fyrsta íslenzka gengi? Er það Alþingi? Er það ríkisstj.? Eða hver? Nei, það er hvorugur þessara aðila, það eru bara bankarnir, Landsbankinn og Íslandsbankinn, sem gera þetta. Fyrsta gengi íslenzku krónunnar er sem sagt skráð beint af bönkunum sjálfum.

Á miðju ári 1924 verður breyting á þessu, og sérstakri nefnd, gengisnefnd, er falin skráning gengis íslenzku krónunnar. Sú nefnd, ekki Alþingi og ekki heldur ríkisstj., tengir gengi íslenzku krónunnar í fyrsta sinn gengi sterlingspundsins 21. okt. 1925, þannig að þá verður skráð gengi pundsins 22.15 kr., og hélzt það gengi gagnvart sterlingspundi í samfellt 13 ár, eða allt fram á árið 1939. Ekki var gengi íslenzku krónunnar gagnvart öðrum myntum þó stöðugt allan þennan tíma, því að árið 1931 var gengi krónunnar fellt um rösk 9% samtímis gengisfellingu sterlingspundsins. Og var þessi gengisfelling ekki ákvörðuð af gengisnefnd og ekki heldur af Alþingi, heldur þá beint af ríkisstj. Þannig var það 1931.

Eftir þetta hefst tímabil innflutningshaftastefnunnar, tímabil hins falska gengis, ef svo

mætti segja, þegar menn hugðust geta spornað gegn verðrýrnun íslenzkra peninga á erlendum markaði með löggjöf frá Alþingi. Byrjunin var reglugerð frá 23. okt. 1931, sem fylgt var eftir með lögum frá 8. marz sama ár, og þóttu brbl. þau, þ. e. a. s. brbl. frá 8. marz 1931, þau þóttu þá, þótt þau kæmu freklega við gjaldeyris- og gengismál, ekkert stjórnarskrárbrot, þótt mönnum sýnist nú eins og slíkt gæti verið, þegar svipaður háttur er á hafður. Síðan fylgdi löng runa af lagasetningum, sem meira og minna stíluðu fyrst og fremst upp á að viðhalda gervigengi íslenzku krónunnar. Má þar nefna lög um gjaldeyrisverzlun frá 1934, sömuleiðis lög frá 7. marz og 7. maí 1935 og samsteypingu eða sameiningu allra þessara laga í lög frá 31. des. 1937 og reglugerð frá 14. júlí 1938. 4. apríl 1939 var gengi íslenzku krónunnar lækkað gagnvart sterlingspundi um 21.9% og pundið þá skráð á 27 kr. Var þetta gert samkv. ákvörðun Alþingis, og er þetta í fyrsta sinn, árið 1939, sem gengi er breytt beint að ákvörðun Alþingis sjálfs.

Í ársbyrjun 1951 gengu í gildi ákvæði um innflutningsréttindi bátaútvegsins. Hér var ekki um lagasetningu að ræða, heldur samninga milli ríkisstj. og samtaka útvegsmanna. Var framkvæmdin ákveðin með reglugerð frá ári til árs, meðan kerfi þetta var við lýði. Samkv. þessu kerfi var frjáls gjaldeyrir seldur með 61% og síðar 71% álagi og jafnvirðiskaupagjaldeyrir með 27% og 36% álagi. Var hér óumdeilanlega um takmarkaða gengisfellingu að ræða, því að um 14% af heildarinnflutningi landsmanna mun hafa lent undir þessari gengisfellingu. Með þessu og raunar áður með svonefndum hrognapeningum hófst tímabil hinna óbeinu gengisfellinga.

Næsta skrefið á þeirri braut voru lög nr. 4 frá 1956, um framleiðslusjóð, þar sem lagt var sérstakt framleiðslusjóðsgjald á innfluttar vörur. Þá komu lögin nr. 86 frá 1956, um útflutningssjóð, þar sem horfið var að nýrri gjaldheimtu af innfluttri vöru, og átti að hverfa um leið frá bátagjaldeyriskerfinu og í stað þess að leggja 16% yfirfærslugjald á flestar greiðslur til útlanda, sem auðvitað jafngilti beinni gengisfellingu. Þessi lög giltu þar til vinstri stjórnin felldi gengið enn þá meira með lögum nr. 33 1958 um sama efni, þar sem yfirfærslugjaldið á nauðsynjum var hækkað upp í hvorki meira né minna en 30% og á annarri vöru um 55% af fob.-verði.

Með lögum um efnahagsmál nr. 4 frá 1960 var horfið frá óbeinum gengisbreytingum og aftur tekin upp raunhæf verðskráning krónunnar. Sams konar aðlögun gengis krónunnar að breyttum efnahagsaðstæðum átti sér stað á árinu 1961 og þá framkvæmd samkv. þeim brbl., sem hér eru til umr.

Hér hefur í stuttu máli verið reynt að rekja langa sögu og þó engan veginn tæmandi. Tilgangur upprifjunarinnar var, eins og ég sagði í upphafi, að kanna, hvort íslenzk gengisskráning ætti sér einhverja sögulega hefð, sem skaðlegt væri að varpa fyrir borð.

Niðurstaða mín er í stuttu máli sú, að þróunarsaga íslenzkrar gengisskráningar er, svo sem vænta mátti um svo snöggsoðna peningamálaþróun, án hefðar. Og hún er þessi: Í fyrstu var gengið skráð af bönkunum einum. Næst er gengið skráð af sérstakri gengisnefnd. Þá er það skráð af ríkisstj. 1931. Og þar eftir er genginu haldið uppi með lögum og reglugerðum af stjórn og þingi. Í fyrsta skipti 1939 er það Alþingi sjálft, sem tekur þetta mál til sín og ákveður gengið. Eftir 1951 eru gengisbreytingar dulbúnar af ríkisstj., sumpart með aðstoð Alþingis og sumpart án þess, allt fram til ársins 1960. Íslendingar virðast þess vegna á því 40 ára tímabili, sem hægt er að tala um sjálfstætt gengi íslenzku krónunnar, hafa reynt flestar þær tæknilegu tilraunir, sem aðrar þjóðir höfðu áður reynt, en ekki skapað sér neina hefð, en eru þó vonandi reynslu ríkari á þessu sviði.

Að lokum kem ég svo að fjórðu og síðustu spurningunni, sem ég taldi að svara þyrfti, og skal vera fáorður um hana: Hvernig er gengisskráningu nágrannaþjóða okkar háttað? Um þetta hef ég fengið nokkrar upplýsingar, þó vissulega ekki tæmandi, en þær eru í stytztu máli þessar: Í Austurríki er það þjóðbankinn, sem skráir gengið samkv. lögum frá árinu 1955. Í Frakklandi er það fjmrh., sem ákvarðar gengið í samráði við Frakklandsbanka. Í Bretlandi er það ríkisstj., sem tekur ákvörðun um gengið. Í Þýzkalandi er það ríkisstj., sem tekur ákvörðun um gengið að fengnum ábendingum og í samráði við ríkisbankann. Í Sviþjóð er það ríkisbanki, sem ákvarðar gengið. Í Danmörku er það ríkisstj., sem ákvarðar gengið. Í Finnlandi er að vísu ekki lagaheimild um það, en sú hefð, að þar er það ríkisbanki, sem ákvarðar gengið. Sem sagt, af þeim 11 löndum í Vestur-Evrópu, sem mér hafa borizt upplýsingar um, er það aðeins eitt ríki, Belgía, þar sem það er löggjafarsamkundan ein, sem tekur ákvörðun um breytingar á gengi myntar landsins.

Ég vona, að þessar upplýsingar mínar hafi getað varpað nokkru ljósi á kjarna þessa máls, eins og það kemur mér fyrir sjónir og okkur í meiri hl. fjhn., sem grundum afstöðu okkar til frv. á þessum rökum. En mergur málsins er að okkar viti í fyrsta lagi, að frv. þetta ákvarðar einungis og aðeins, hver gengið skuli skrá. Í öðru lagi: Við teljum þann hringlandahátt, sem verið hefur á þessu máli hér á landi síðustu fjóra áratugi, ekki æskilegan. Í þriðja lagi: Við teljum enga íslenzka hefð fyrir hendi í þessum efnum. Í fjórða lagi: Við teljum, að þessi tæknilega framkvæmd eigi að vera í höndum kunnáttumanna, sem hafa alhliða yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn. Og í fimmta lagi: Við teljum, að sú staðreynd, að flestar þjóðir Vestur-Evrópu hafa tekið upp svipað skráningarfyrirkomulag og hér er mælt með í þessu frv., styðji það nokkrum rökum, að við höfum einnig þann hátt á.

Reynslan hefur og leitt í ljós, að æskilegt er, að í lög um Seðlabanka Íslands sé bætt skýrum og ótvíræðum ákvæðum um heimild bankans til þess að taka lán erlendis. Að vísu er litið svo á af lögfræðingum, að það hljóti að

felast í almennum ákvæðum seðlabankalaganna og í hlutverki bankans sjálfs, að hann geti tekið lán erlendis, og beri því ekki beina lagalega nauðsyn til þess, að sérstök ákvæði séu um þetta efni sett í lög bankans. Hins vegar skiptir það mjög miklu máli fyrir aðstöðu bankans út á við og viðskipti við erlenda aðila, að enginn vafi leiki á, að slík heimild sé fyrir hendi. Bankastjórn Seðlabankans hefur því í samráði við bankaráð og bankamálaráðherra eindregið óskað eftir því, að flutt verði brtt. við 20. gr. l. nr. 10 frá 1961, um Seðlabankann, um þetta efni sérstaklega.

Samkv. brtt. bætast 3 nýjar mgr. við 20. gr. seðlabankalaganna.

Í fyrstu mgr. brtt. er lagt til, að Seðlabankanum verði veitt heimild til að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti. Er hér einkum átt við þau stuttu viðskiptalán, sem Seðlabankinn hefur hvað eftir annað þurft að taka erlendis til að bæta úr tímabundnum þörfum fyrir gjaldeyri, en slíka lántökuheimild hefur Seðlabankinn og Landsbankinn á undan honum ætíð haft.

Í 2. mgr. brtt. er Seðlabankanum heimilað að taka lán erlendis í því skyni að endurlána það innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlán. Með þessu er Seðlabankanum gert kleift að taka að sér, ef æskilegt þykir, lántökur erlendis fyrir hönd ríkissjóðs, enda er þessi lántökuheimild eingöngu bundin við það, að ríkisábyrgð sé fyrir hendi. Með þessu ákvæði er í rauninni verið að skýra nánar það ákvæði í núgildandi 20. gr. seðlabankalaganna, að Seðlabankinn sé ríkisstj. til ráðuneytis í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

Í síðustu málsgrein brtt. er Seðlabankinn undanþeginn ákvæðum 7. gr. l. nr. 30 frá 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Þykir ástæðulaust, að Seðlabankinn þurfi að fá leyfi ríkisstj. til að taka löng lán erlendis, þar sem slíkar lántökur hans eru eingöngu bundnar við lántökur á vegum ríkisstj., enda er tilskilin ríkisábyrgð varðandi endurlán fjárins hér innanlands.

Vill meiri hl. fjhn. mæla með, að frv. þetta verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við 20. gr. laganna bætist:
Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.
Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.
Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. l. nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán samkv. 2. og 3. málsgrein."

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er búið að vera nokkuð lengi hjá fjhn. deildarinnar. Því var vísað til hennar 13. nóv. í vetur, en ekki afgreitt frá n. fyrr en nú fyrir fáum dögum. Og það er ekki samkomulag í n. um málið. Kemur það fram í þrem nál., sem fyrir liggja, að menn eru þar ekki á einu máli um afgreiðslu þess.

Frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. til þess að fá staðfest brbl., sem út voru gefin 1. ágúst 1961, um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands. Sú breyting, sem þar er gerð á lögunum, er, að Seðlabankinn skuli ákveða, að fengnu samþykki ríkisstj., stofngengi íslenzku krónunnar. En samkv. áður gildandi lögum var gengi íslenzku krónunnar ákveðið af Alþingi, síðast með lögum nr. 4 frá 1960.

Við útgáfu þessara brbl. 1. ágúst er í aths., eins og venja er til, vísað til 28. gr. stjórnarskrárinnar. Í upphafi þeirrar greinar segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út brbl. milli þinga." Enginn hefur reynt að færa rök fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt að færa gengisskráningarvaldið til Seðlabankans með brbl. Hv. meiri hl. fjhn., sem mælir með frv., gerir enga tilraun til að rökstyðja það, að það hafi verið nauðsynlegt, og það er ekki von, að þeir nefndarmenn leggi út í það fyrirtæki að reyna að rökstyðja þessa þörf, því að sjálf hæstv. ríkisstj. gerir það ekki heldur. Hún hefur ekki reynt að færa nein rök fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt að færa gengisskráningarvaldið þannig til með brbl., enda getur enginn maður fært rök fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt. Og í aths. með brbl. er ekki reynt að halda því fram, að þetta sé nauðsynlegt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fylgiskjalið með brbl.:

„Forseti Íslands gerir kunnugt.
Viðskiptamrh. hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað undanförnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráningu í samræmi við breytt viðhorf og þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, sem komið hafi verið á fót nú á þessu ári, skrái gengi íslenzkrar krónu, að fengnu samþykki ríkisstj., enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum."

Af þessu sjá menn, að það, sem þarna er sagt að beri nauðsyn til að gera, sé að endurskoða gengisskráninguna, og svo er því skotið að þar á eftir, svona í leiðinni, að það þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands skrái gengi íslenzkrar krónu. Þarna kemur fram, að meira að segja sá aðili, sem gaf út brbl., treystir sér alls ekki til að halda því fram, að það sé nokkur nauðsyn að fela Seðlabankanum þetta, því síður brýn nauðsyn, heldur bara þyki þetta eðlilegt, úr því að það þurfi að endurskoða gengisskráninguna.

Þar sem hér kemur fram, að brbl. eru sett vegna þess, að ríkisstj. álítur nauðsynlegt að endurskoða gengisskráninguna og eins og hún

segir vegna hinna miklu kauphækkana, sem hafa átt sér stað, þá er ekkert undarlegt, þó að í sambandi við þetta mál sé nokkuð rætt m. a. um kaupgjaldsmálin. Það er gefið þarna beint tilefni til þess, þar sem það liggur ljóst fyrir, að breytingar á kaupgjaldi hafa valdið því, að þessi brbl. voru gefin út, fyrst og fremst, enda var ekkert að því fundið við 1. umr. um frv., og ég vænti þess, að hæstv. forseti hafi heldur ekkert við það að athuga, þó að ég fari nokkrum orðum um þau mál og fleira, sem snertir gengisbreytinguna.

Úr því að hæstv. ríkisstj. taldi þörf að endurskoða gengisskráninguna, sem hún nefnir svo hér í athugasemdum, sem þýðir það, að hún taldi nauðsynlegt að lækka gengi krónunnar, þá átti hún vitanlega að hafa aðrar aðferðir en þá, sem hér var höfð, að færa gengisskráningarvaldið til Seðlabankans. Stjórnin hefði auðvitað átt að kalla Alþ. saman til að fjalla um þetta stóra mál, fyrst hún taldi þörf á breytingu. En hún gat einnig, — þó að það væri verri aðferð miklu, — þá gat hún gefið út brbl. um breytingu á genginu, ef hún taldi það nauðsynlegt. Þetta gat hún gert. Ég hygg, að það hefði ekki verið hægt að segja í því sambandi, að stjórnarskrárákvæði hefðu verið brotin, — það var mat stjórnarinnar, að það væri nauðsynlegt að breyta genginu, — þó að hún hefði gert það með brbl. En það er ómögulegt að komast hjá því að álykta, að með útgáfu þessara brbl. um tilfærslu á gengisskráningarvaldinu hafi verið framið stjórnarskrárbrot.

Það liðu ekki nema tveir eða þrír dagar, frá því að þessi brbl. voru gefin út og þar til Seðlabankinn breytti gengisskráningunni með samþykki ríkisstj. Verð á erlendum gjaldeyri var hækkað um rúmlega 13%, og samsvarar það 11.6% lækkun íslenzku krónunnar. Seðlabankinn hefur í ársskýrslu sinni, sem er nýútkomin, gefið til kynna, að hann hafi talið þetta nauðsynlegt vegna þeirra breytinga á kaupgjaldi, sem urðu í júnímánuði árið sem leið, og virðist um það sammála ríkisstj. Mér þykir því rétt að fara fáeinum orðum um það mál.

Í okt. 1958 var tímakaup verkamanna 21.85 kr. í dagvinnu. Í umr. um efnahagsmál haustið 1958 lögðu ráðh. Framsfl. í þáv. ríkisstj. fram tillögur, sem voru miðaðar við það, að kaupmáttur tímakaups héldist óbreyttur eins og hann var í október 1958 eða febrúar sama ár. Þetta mál var, eins og menn rekur minni til, nokkuð til umr. á þingi Alþýðusambands Íslands þá um haustið og einnig innan ríkisstj. Þessum tillögum Framsfl. var hafnað, og ágreiningur um þessi mál leiddi til stjórnarskipta í des. 1958. Breyttist þá hagur verkamanna skjótt til hins verra, og síðan hafa þeir búið við miklu lakari kjör en þeir höfðu í okt. 1958 og áttu kost á að semja um að gilda skyldu framvegis. Í byrjun febr. 1959 var dagvinnukaup þeirra lækkað um 5.4% frá því, sem það hafði verið í okt. haustið áður, niður í kr. 20.67 á klst. Þetta kaup hélzt óbreytt allt það ár, 1959, allt árið 1960 og víðast hvar á landinu fram í júní 1961.

Verðlagsbreytingar voru ekki miklar á árinu 1959, en í febr. 1960 voru sett ný lög um efnahagsmál, og þá urðu geysimiklar breytingar á öllu verðlagi. Verð á öllum vörum hækkaði mjög mikið, svo að allur framfærslu- og framkvæmdakostnaður varð langtum meiri en áður hafði verið. Verkamannakaupið hélzt hins vegar, eins og áður segir, óbreytt í krónutölu. Verkamenn sýndu þó mikla þolinmæði og urðu við þeim tilmælum ríkisstj. að fresta mótaðgerðum. Þeir frestuðu þeim um heilt ár og víða nokkuð lengur, frá því að gengislækkunin 1960 og það, sem henni fylgdi, kom til framkvæmda. Það voru nokkuð hækkaðar fjölskyldubætur, svonefndar, um svipað leyti og gengisbreyting var framkvæmd 1960, og nokkur lækkun var gerð á tekjuskatti, allmikil í heild, en þannig, að hún hafði yfirleitt mjög litla þýðingu fyrir verkamenn. Tekjuskattslækkunin kom nær eingöngu til hagsbóta fyrir þá tekjuhærri, og um fjölskyldubæturnar er það að segja, að þær dugðu skammt á móti þeim gífurlegu hækkunum á tollum og sölusköttum, sem efnahagsráðstafanir stjórnarinnar höfðu í för með sér.

Það var fyrst um mánaðamótin febrúar—marz 1961, sem samið var um kauphækkun verkamanna í Vestmannaeyjum, og er talið, að þeir hafi fengið þar 14—15% kauphækkun. Þessi mál voru til athugunar hér í Reykjavík, þegar kom fram á vorið, og fóru þá fram samningatilraunir á milli verkamanna og vinnuveitenda um kaupgjaldsmálin. Það mun hafa verið um mánaðamótin maí—júní, sem sáttasemjari ríkisins lagði fram tillögu um breytingar á kaupgjaldi hér. Í tillögu sáttasemjara var lagt til, að kaup verkamanna skyldi hækka um 6% í dagvinnu, að ári liðnu skyldu koma 4% til viðbótar og eftir tvö ár enn viðbótarhækkun á kaupið 3%. Og þegar sú tillaga sáttasemjara lá hér fyrir til atkvgr. í félögum verkamanna, kom það glöggt fram, að ríkisstj. leit svo á, að atvinnuvegirnir gætu borið þessa kauphækkun. Um það vitna greinar, sem þá voru ritaðar í aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið. T. d. 2. júní 1961 var þannig stór fyrirsögn á forsíðu Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta: „Í dag er valið á milli raunhæfra kjarabóta og langs verkfalls.“ Þarna er það sagt, að þessar kjarabætur, sem stóðu til boða í tillögu sáttasemjara, geti orðið raunhæfar, þ. e. a. s. að þær verði ekki teknar af verkamönnum með öðrum ráðstöfunum, en hins vegar gefið í skyn, að ef þeir vilji ekki þetta, þá megi búast við löngu verkfalli. Og í undirfyrirsögn á sömu síðu segir við verkamenn: „Segið já við sáttatillögunni og tryggið eigin hag og þjóðarinnar.“ Þarna kemur ótvírætt fram það álit, að það sé hagur ekki aðeins þeirra, heldur allrar þjóðarinnar, að þetta verði samþykkt. Í niðurlagi þessarar greinar segir m. a.: „Með atkvæði sínu við allsherjaratkvæðagreiðsluna um miðlunartillögu sáttasemjara hefur verkalýðurinn það ekki aðeins á valdi sínu að tryggja eigin hag, heldur um leið þjóðarinnar í heild.“ Ég tel alveg ótvírætt, að það megi líta svo á, að þarna hafi verið túlkaðar skoðanir hæstv. ríkisstj. og

stjórnarflokka, þar sem þetta birtist í aðalmálgagni stjórnarinnar. Maður getur af því dregið þá ályktun, að ef tillaga sáttasemjara hefði verið samþykkt, þá hefði alls ekki verið gripið til þessa ráðs, að lækka gengið.

Það fór hins vegar þannig, að tillaga sáttasemjara var felld. Um þær mundir gerðist það, að það voru gerðir nýir kaupgjaldssamningar á Húsavík og litlu síðar einnig á Akureyri og sömuleiðis samningar um kaupgjaldsmál milli Vinnumálasambands samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna. Samið var um 10% hækkun á dagvinnu- og næturvinnukaupi, nokkru meiri hækkun á eftirvinnukaupi og um 1% gjald af dagvinnukaupi í styrktarsjóði. Að nokkrum tíma liðnum, frá því að þessir samningar voru gerðir, tókust einnig samningar á milli verkalýðsfélaga og Vinnuveitendasambands Íslands. Samkvæmt þessum samningum breyttist kaup verkamanna þannig, að það hækkaði úr kr. 20.67 á klst. í dagvinnu upp í kr. 22.74 á klst. Þar með var kaupið orðið 89 aurum hærra í dagvinnu á klst. heldur en það var í okt. 1958, og er þetta um það bil 4.1% hækkun. Á þessum tíma, í júní 1961, þegar þessir samningar voru gerðir, mun kaupgjaldsvísitalan hafa verið 104 stig, þ. e. a. s. samkvæmt henni hafði orðið 4% hækkun á framfærslukostnaði samkvæmt vísitölunni. Ég skal ekkert ræða um það hér, hvernig hún er reiknuð, en ég vil aðeins benda á það, að vitanlega hafði orðið miklu meiri rýrnun á kaupmætti tímakaupsins en sem þessu nemur, sem kom fram í vísitölunni. Þó að þar séu teknar hinar brýnustu nauðsynjar hvers heimilis, þá er þar með ekki tekið annað, sem menn þurfa að borga, og eins og ég sagði áður, þá hafði allur kostnaður, framkvæmdarkostnaður allur, verðlag á öllum varningi, sem er utan við vísitöluna, hækkað gífurlega árið 1960. Kaupmáttur tímakaupsins hafði náttúrlega rýrnað miklu meira en sem þessu nam. Ég held, að menn hljóti að líta svo á, að þjóðfélaginu sé ekki vel stjórnað, ef menn þurfa að búa við miklu lakari kjör nú en í okt. 1958, en það gera þeir vitanlega.

Með þessum samningum við verkalýðsfélögin, sem samvinnufélögin höfðu forgöngu um í júní 1961, var komið í veg fyrir áframhaldandi verkfall í byrjun síldarvertíðar, en að öðrum kosti mátti búast við, að það verkfall stæði lengi, og tjón af því hefði vitanlega orðið geysilega mikið fyrir þjóðarbúið. Samningarnir giltu til eins árs, þó með þeim fyrirvara, að segja mátti upp kaupgjaldsákvæðum þeirra, ef gengi íslenzkrar krónu yrði breytt á árinu eða ef vísitala framfærslukostnaðar hækkaði fram úr vissu marki, ef hækkunin næði 5%, og í samningunum var ákveðið, að ef þeim yrði ekki sagt upp að ári liðnu, þá ætti kaup að hækka um 4% og samningar að gilda áfram með sama fyrirvara vegna gengisbreytingar eða hækkunar á framfærslukostnaði fram úr vissu marki. Með þessu var lagður grundvöllur að vinnufriði næstu missirin, sem nú hefur því miður verið raskað. Það er ástæða til að bera þetta saman við sáttatillögu þá, sem fram kom frá sáttasemjara ríkisins í fyrravor. Hann lagði til þegar 6% hækkun á dagvinnukaupi, 4% að ári liðnu, en samið var um 10% hækkun á dagvinnukaupi og að auki 1% af kaupinu í styrktarsjóði. Auk þess var samið um nokkru meiri hækkun á eftirvinnukaupi, og þá er það þessi mismunur á samningunum, sem gerðir voru, og tillögu sáttasemjara, sem veldur því, að ráðizt var í það að lækka gengi krónunnar. Gengið var lækkað þannig, að verð á erlendum gjaldeyri var hækkað um rúm 13%. Og hvernig getur nokkur maður haldið því fram, að slík gengislækkun hafi verið nauðsynleg vegna þess munar, sem var á tillögu sáttasemjara og kaupgjaldssamningunum, sem gerðir voru? Það er ómögulegt að halda slíku fram.

Það er ástæða til í því sambandi að virða fyrir sér, hvernig aðstaða aðalatvinnuveganna var, eftir að þessir kaupgjaldssamningar höfðu verið gerðir í júní næstliðið ár. Samkvæmt útflutningsskýrslunum er freðfiskurinn langstærsti liðurinn í vöruútflutningi landsmanna. Hjá fiskfrystihúsunum nam hækkunin á kaupinu í júní í fyrra umfram þá hækkun, er fólst í tillögu sáttasemjara, ekki nema 1—2% af fob.-verði framleiðslunnar. Ég hef séð reikninga um rekstur frystihúsa, sem sýna, að lækkun vaxta um 2% hefði lækkað rekstrarkostnað frystihúsanna a. m. k. sem svaraði þessari kauphækkun, þ. e. a. s. þessum mismun á því, sem samið var um, og tillögu sáttasemjara, og vitanlega hefði sú vaxtalækkun komið mjög til hagsbóta fyrir aðrar atvinnugreinar. Vextirnir hefðu þá orðið eins og þeir voru fyrir tveimur árum, og ég hika ekki við að halda því fram, að slík breyting á vöxtum hefði síður en svo verið óhagstæðari fyrir sparifjáreigendur en gengislækkunin. Sparifjáreigendur hafa nefnilega verið ákaflega hart leiknir af núv. hæstv. ríkisstj., alveg eins og aðrir, því að sú vaxtahækkun, sem hefur komið þeim til góða þessi árin, segir lítið á móti þeirri geysilegu verðfellingu, sem orðið hefur á eignum þeirra.

Þetta var nú að segja um frystihúsin. Og um rekstur bátaflotans er það að segja, að þær kjarabætur, sem sjómenn fengu árið sem leið, voru komnar inn í fiskverðið, sem bátarnir fengu, og þurftu þeir því ekki á hækkuðu verði að halda þeirra vegna, og það er að segja um síldarútveginn, að þótt gengið hefði haldizt óbreytt, þá fengu sjómenn og útvegsmenn hærra verð fyrir síldina en þeir fengu árið áður, þrátt fyrir það þó að hækkun yrði nokkur samkvæmt kaupgjaldssamningunum á vinnulaunum við hagnýtingu síldaraflans. Kunnugt er það, að verð á saltfiski hækkaði árið 1961 að óbreyttu gengi. Togararnir hafa vitanlega átt í erfiðleikum. En þeim er ekki hægt að bjarga með gengislækkun, það veit hæstv. ríkisstj. eins og aðrir, og þess vegna hefur hún lagt fyrir þetta þing tillögur um ráðstafanir, aðrar ráðstafanir, vegna þeirra erfiðleika, sem togaraútgerðin á við að stríða.

Hvað er þá að segja um aðra höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar en útveginn? Um landbúnaðinn er það að segja, að gengislækkun er honum ekki til hagsbóta, heldur hið gagnstæða. Með gengislækkuninni voru enn lagðar byrð-

ar á þann atvinnuveg. Og um iðnaðinn er það að segja, að iðnaðarfyrirtækin gátu undantekningarlítið tekið á sig þá kauphækkun, sem samið var um í júní í fyrra, án þess að fá nokkra hækkun á sínum framleiðsluvörum. Þetta kom glöggt fram í umr. og blaðaskrifum um málefni iðnaðarins á árinu sem leið.

Af þessu má sjá, að vegna aðalatvinnuveganna var engin þörf að lækka gengið fyrst í ágúst árið sem leið. Og það er fleira en það, sem ég hef nefnt, sem styður þetta. Það má nefna það, að fiskaflinn varð meiri árið sem leið en nokkru sinni áður. Það hefur vitanlega geysimikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið í heild og styður þá skoðun, að þessi gengislækkun hafi verið gerð algerlega að þarflausu. Seðlabanki Íslands hefur nýlega gefið út ársskýrslu sína fyrir árið 1961, og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr henni stutta setningu, hún er þannig:

„Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var samkv. bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar ekki að sama skapi, þar sem aflaaukningin stafaði svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3000 millj. kr. á móti 2628 millj. króna 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi."

Samkvæmt þessu og einnig skýrslum Hagtíðinda um aflann hefur hann á árinu 1961 orðið 23.3% meiri en 1960, þ. e. a. s. heildaraflinn, og hann hefur á árinu 1961 orðið 12.4% meiri en á árinu 1959 og 25.5% meiri en á árinu 1958. Í þessari skýrslu Seðlabankans er reiknað með heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða, sem er kallað svo, og borið saman við árin 1960 og 1959, og er þar framleiðsluverðmætisaukning rúml. 14% frá árinu 1960, en ekki eins mikil, borið saman við árið 1959, enda var aflinn þá meiri en 1960.

Það má líka sjá í hagskýrslum, hverjar breytingar hafa orðið á verðmæti útflutningsins frá landinu í heild síðustu árin. Þær nýjustu tölur, sem birtar hafa verið, en þar eru komnar tölur, sem sýna útflutninginn 1961, kannske ekki alveg endanlegar, en þó bráðabirgðatölur, samkv. janúarhefti Hagtíðinda nú, — og sé þetta borið saman við árin á undan, sést, að heildarverðmæti útflutnings frá landinu hefur árið 1961 orðið 16.6% meira en 1959 og 13.7% meira en 1960. Svo sem kunnugt er, eru sjávarafurðir langmestur hluti útflutningsins.

Ég held, að þetta m. a., sem ég hef hér rakið, sýni mjög glöggt, að það var alveg ástæðulaust að lækka gengi krónunnar í ágústbyrjun árið sem leið, þó að verkamenn hefðu þá nýlega náð nýjum kaupgjaldssamningum, sem gáfu þeim þó ekki raunverulega jafnmiklar tekjur og þeir höfðu í okt. 1958, þ. e. a. s. samkv. nýju samningunum höfðu þeir að vísu um 4% hærra kaup, en með samanburði á verðlagi í júní 1961 og í okt. 1958 sést auðvitað glögglega, að kaupmáttur tímakaupsins í júní 1961, eftir breytinguna, var minni en hann var í okt. 1958. En hæstv. stjórn þótti ekki við þetta unandi og greip því til þessara óheillaráðstafana.

Við 1. umr. þessa frv. talaði hæstv. viðskmrh. að sjálfsögðu, því að það var hann, sem stóð að útgáfu þessara brbl. af hálfu ríkisstj., og hann færði ýmislegt fram í sínum ræðum, sem hann taldi vera því máli til stuðnings, að þörf hefði verið að lækka krónuna árið sem leið, og fór með ýmsar tölur. Í framsöguræðu um frv. 3. nóv. s. l. hér í þessari hv. deild sagði hæstv. viðskmrh. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Áhrif þess, að verðlagið í ár er lægra en það var 1959 og aflinn minni, svara til þess, að ársframleiðsla sjávarafurða verði í ár að verðmæti til um 170 millj. kr. minni en hún var árið 1959."

Hæstv. ráðh. tíundar þarna bæði verðlækkun og minni afla. Að vísu var þetta 3. nóv., og þá voru eftir tveir mánuðir af árinu, svo að vitanlega var ekki hægt að birta tölur um aflann öðruvísi en áætlaðan fyrir allt árið. En þarna hefur nú skeikað æði miklu samt í þeim áætlunum hvað aflamagnið snertir, því að eins og ég sagði áðan, þá segja Hagtíðindin, að aflinn 1961 hafi verið 12.4% meiri, heildaraflinn, heldur en hann var 1959, en ekki minni, eins og hæstv. ráðh. sagði 3. nóv. að hann mundi verða. Um verðlagið, um verðsamanburðinn get ég vísað til þess, sem segir í ársskýrslu Seðlabankans, sem ég vitnaði til áðan og menn hafa fengið, og enn fremur vísað til þess, sem ég skýrði hér frá áðan, að útflutningsskýrslur sýna, að árið 1961 var verðmæti útflutningsins alls frá landinu 16.6% meira en 1959. Það er að vísu ekki hægt að miða eingöngu við verðmæti útflutningsins, eins og það birtist í útflutningsskýrslum ár hvert, því að það geta verið mismunandi miklar birgðir af útflutningsvörum til um áramót, en samkv. upplýsingum í Fjármálatíðindum Seðlabankans voru útflutningsvörubirgðir meiri í árslok 1961 en í árslok 1959, þannig að þessi 16.6% hækkun á útflutningsverðmætinu 1961, miðað við árið 1959, stafar ekki af því, að það hafi gengið á útflutningsvörubirgðirnar. Samkv. því, sem Seðlabankinn segir í sínum Fjármálatíðindum og í ársskýrslunni, sem nýlega er komin frá bankanum, hafa útflutningsvörubirgðir verið 66 millj. kr. meiri í árslok 1961 en í árslok 1959. Þetta kemur þannig út, að samkv. því, sem segir í 2. hefti Fjármálatíðinda 1961, á bls. 95, telur Seðlabankinn, að á árinu 1960 hafi útflutningsvörubirgðir lækkað um 120 millj. frá því árið áður. En í ársskýrslu Seðlabankans nú fyrir 1961, á bls. 10, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt þeirri miklu bót, sem átti sér stað á gjaldeyrisstöðu bankanna og greiðslujöfnuðinum á árinu 1961, átti sér stað birgðaaukning á útflutningsvörum, er nam um 186 millj. kr."

Þarna kemur út þessi mismunur. Birgðirnar lækkuðu um 120 millj. árið 1960, en hækkuðu um 186 millj. árið 1961. Mismunurinn er 66 millj., sem birgðirnar hafa verið meiri samkv. þessu í árslok 1961 heldur en í árslok 1959. Og þrátt fyrir það er heildarverðmæti útflutnings frá landinu 16.6% meira 1961 en 1959.

Þannig fór um þessar ágizkanir eða þessar tölur hæstv. viðskmrh., að þetta reyndist betri útkoma en hann sagði 3. nóv. En einmitt þetta, sem ég nefndi hér, var nokkuð stór steinn í þeirri byggingu, sem hann var að sýna okkur með sínum talnalestri, — og þegar þessi steinn fer úr veggnum, þá held ég, að megi segja, að mikið af slotinu sé hrunið.

Það hefur raunar komið fram hjá hæstv. stjórn sjálfri, að þótt hún segi, að gengisbreytingin hafi verið gerð vegna kauphækkananna í júní næstliðið ár, þá hefur hún haft fleira í huga, því að um leið og gengisbreytingin var gerð 3. ágúst s. l., gaf ríkisstj. enn út brbl. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Og það frv. verður sjálfsagt hér á dagskrá mjög fljótlega. En eitt af ákvæðum þeirra laga var að hækka útflutningsgjald af sjávarafurðum úr 2¼% í 6% af fob.-verði. Áætlað er, að þessi hækkun nemi 100 millj. kr. á einu ári, og samkv. brbl. átti um það bil helmingur af þeirri upphæð að renna til sérstakrar lánastofnunar, stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Af þessu sést, að gengisbreytingin var að nokkru leyti gerð í því skyni að afla fjár til lánastofnunar, þó að þess væri að engu getið í aths. með brbl., sem hér liggja fyrir.

Það hefur verið svo áður, þegar gengi íslenzku krónunnar hefur verið lækkað, að þá hefur það verið gert vegna þess, að menn litu svo á og voru þess fullvissir, að þess væri þörf vegna atvinnulífsins, til þess að atvinnureksturinn gæti gengið með eðlilegum hætti. Þannig hefur þetta verið áður, að genginu hefur aðeins verið breytt af brýnni þörf. En ég vil alveg hiklaust halda því fram, að gengislækkunin í ágúst í sumar hafi verið óþörf, og þess vegna tel ég, að hæstv. ríkisstj. sé mjög ámælisverð fyrir þessa gengislækkun. Krónan okkar var sannarlega nógu lítil fyrir.

Vegna þessarar gengislækkunar hefur nú kaupgjaldssamningum verkamanna verið sagt upp, eins og við mátti búast. Þeir höfðu til þess rétt samkv. samningunum, ef genginu yrði breytt. Og fram eru komnar kröfur um kjarabætur frá þeim og ýmsum öðrum, t. d. opinberum starfsmönnum, og mér hefur skilizt af umr. og blaðaskrifum nýlega, að ríkisstj. sjálfri sé að verða það ljóst eins og ýmsum öðrum, að ekki sé hægt að standa gegn öllum slíkum kröfum vegna þeirra miklu verðhækkana, sem orðið hafa, m. a. fyrir þessa gengisbreytingu árið sem leið. Ég vil fullyrða, að betra hefði verið að hafa gengið óbreytt, eins og það var fyrir 3. ágúst árið sem leið. Það hefði verið öllum betra. Þá hefði afkoma verkamanna og annarra launamanna verið betri, þá hefði verið öryggi í kaupgjaldsmálum og vinnufriður fyrst um sinn samkv. þeim samningum, sem gerðir voru í júní næstliðið ár. Þetta hefði verið öllum betra. Og ég tel það mjög illt, að þetta skref skyldi vera stigið, að lækka verð gjaldmiðilsins. Það á aldrei að gera, nema þess sé brýn þörf.

Það var sagt við 1. umr. af ýmsum, að ríkisstj. hefði víst orðið vond, þegar kaupgjaldssamningarnir voru gerðir og var samið um eitthvað dálítið annað en hún vildi, og hún hefði þá gert þetta í bræði sinni án þess að athuga málið. Ég skal ekki um þetta segja. En það er nú svo fátt um skýringar á þessu tiltæki stjórnarinnar, að manni getur dottið í hug, að þannig hafi þetta verið. En það er nú svo, að það eru yfirleitt ekki happaverk, sem menn gera, ef þeir framkvæma eitthvað í bræði. Stundum er sagt, að menn eigi ekki að framkvæma neitt, fyrr en þeim sé runnin reiðin, og þá sé gott að telja upp að 100 kannske. Ég get nú búizt við, að stjórnin hefði þurft að reyna að fara enn hærra en í 100. En annaðhvort er, að hún hefur ekki gripið til þessa ágæta ráðs að fara að telja og láta renna af sér reiðina, eða þá að hún hefur ruglazt í tölunum, þegar hún komst eitthvað dálítið upp í talnastigann, og þá náttúrlega ekki batnað skapið við það.

Eins og ég hef áður sagt, tel ég, að samkv. stjórnarskránni hafi algerlega skort heimild til að gefa út þau brbl., sem hér liggja fyrir, enda hefur ekki stjórnin sjálf, hvað þá aðrir, reynt að færa fram nokkur rök fyrir því, að það hefði þurft að gefa út brbl. um að færa til gengisskráningarvaldið. Hún hefur ekki minnzt á það, ekki í ástæðunum fyrir frv. — alls ekki, að það sé nauðsynlegt, hvað þá brýn nauðsyn. Hún segir, að það sé eðlilegast, tekur það í niðurlagi athugasemdanna, eins og bara í leiðinni. Og það er mitt álit, að gengislækkunin, sem fylgdi í kjölfar þessara brbl. um Seðlabankann, hafi alls ekki átt rétt á sér, hún hafi verið óþörf og þess vegna hafi hún verið óhæfuverk. Það á aldrei að skerða verðgildi gjaldmiðilsins, nema óhjákvæmilegt sé. Það er því till. mín til hv. þingdeildar, að hún felli þetta frumvarp.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og glögglega hefur komið fram hér í þessum umr., gat fjhn. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstj., vill samþykkja frv. og auka nú nokkuð við það, þar sem þeir flytja brtt. um að veita Seðlabankanum nokkru frekari heimildir varðandi lántökur en gildandi lög um Seðlabankann höfðu heimilað. En við í minni hl., ég og hv. 1. þm. Norðurl. v., sá sem var nú að ljúka máli sínu hér, við erum andvígir frv. og teljum, að það beri að fella það.

Ég er fullkomlega sammála hv. frsm. meiri hl., sem hér talaði fyrir því, að frv. yrði samþykkt, að því leyti til, að raunverulega sé efni þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., aðeins um það að ákveða að breyta gengisskráningarvaldinu, að raunverulega sé þetta frv. ekki um sjálfa gengisskráninguna, ekki heldur beinlínis um þann verknað, sem framinn var á s. l. sumri af núv. hæstv. ríkisstj., um það að fella gengi krónunnar þá og gera þær ráðstafanir, sem því fylgdu. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur raunverulega í sér þá breytingu eina að ákveða, að eftirleiðis skuli það vera Seðlabanki Íslands, sem hefur á hendi það verk að ákveða gengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðli. Og sem sagt, um þetta efni voru sett brbl. 1. ágúst í sumar.

Eins og hér hefur margsinnis verið bent á, bæði við 1. umr. þessa máls og svo aftur nú í þessum umr., leikur auðvitað enginn vafi á því, að það er enga heimild að finna í stjórnarskrá landsins fyrir því að setja brbl. um þetta efni, sem frv. raunverulega fjallar um, á þeim tíma, sem það var gert. Það getur enginn maður haldið því fram í fullri alvöru, að það hafi borið brýna nauðsyn til þess 1. ágúst í sumar að breyta þannig til um vald Alþingis að taka af því gengisskráningarvaldið og færa þetta vald yfir í hendur bankastjóra Seðlabankans. Það er alveg augljóst mál, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi talið, að það væri orðin ástæða til þess að breyta gengisskráningunni, þá gat hún í sumar gripið til brbl. um sjálfa gengisskráninguna. Fyrir slíku voru fordæmi og það var hægt að gera, ef hún taldi verulega þörf á því að breyta gengi krónunnar. Hefði ríkisstj. gert það, þá hefði þetta mál legið hér fyrir nú á allt öðrum grundvelli en það liggur að þessu sinni. Þá hefðu hv. alþm. þurft að greiða atkv. um það á Alþingi, hvort þeir voru samþykkir þeirri gengislækkun, sem framkvæmd var. Nú sleppa hv. alþm. við að greiða atkv. um það, hvort þeir eru raunverulega samþykkir gengislækkuninni, sem ákveðin var í sumar, eða ekki. Nú geta ýmsir úr liði ríkisstj. gengið fram fyrir kjósendur sína og sagt: Ekki var ég með gengislækkuninni, sem ákveðin var í sumar. Ekki hef ég samþykkt hana. Það voru þeir í Seðlabankanum, sem gerðu það. — Þetta er sá mikli eðlismunur á því, hvernig þetta mál ber að. Hefði ríkisstj. farið að réttum lögum í þessu máli og sett þá brbl. s. l. sumar um skráningu gengisins, þá hefði sjálf gengisskráningin legið hér fyrir og atkv. orðið að greiða um hana. En sem sagt, hæstv. ríkisstj. hefur valið þá leið að setja brbl., sem raunverulega stríða í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, um það að taka tiltekið vald af Alþingi og færa það í hendur bankastjóra Seðlabankans. Það er svo auðvitað mál út af fyrir sig, hvort menn eru á því, að það sé hentugra fyrirkomulag, að bankastjórar Seðlabankans hafi þetta vald, heldur en Alþingi hafi það. Það kom greinilega fram í ræðu frsm. meiri hl., að hann er á þeirri skoðun, að það sé heppilegra, að bankastjórar Seðlabankans hafi þetta vald, heldur en Alþingi hafi það, og hann rökstuddi það m. a. með því, að slíkt vald sem gengisskráningarvaldið væri, það þyrfti að vera, eins og hann orðaði það, í höndum kunnáttumanna. Alþingismenn eru ekki miklir kunnáttumenn í þessum efnum, en þeir í Seðlabankanum kváðu vera kunnáttumenn í þessum efnum. En mér dettur í hug í þessu sambandi, að það átti sér stað fyrir nokkrum árum, að þeir, sem þá voru í stjórn seðlabanka landsins, lögðu það til þá, að allmiklu fjármagni, sem þjóðin réð þá yfir, í stríðslokin, yrði ráðstafað á þann hátt, að þetta fjármagn yrði lánað erlendum aðilum með 4% vöxtum til 12 ára, í stað þess að kaupa fyrir þetta fjármagn framleiðslutæki handa Íslendingum sjálfum. Ætli það sé nokkur maður nú hér, sem vill halda því fram, að stjórnendur Seðlabanka Íslands á þeim tíma hafi verið meiri kunnáttumenn varðandi efnahagsmál þjóðarinnar í það skipti heldur en t. d. meiri hl. á Alþingi, sem ákvað að hafa annan hátt á í þessum efnum, gera aðrar ráðstafanir, sem hafa orðið þjóðinni ólíkt heilladrýgri, að ég álít? Nei, það er auðvitað mesti misskilningur að halda því fram, að þrír bankastjórar Seðlabankans séu eitthvað meiri kunnáttumenn í því að meta það út frá efnahagsástæðum hjá þjóðinni, hvað á að vera skráð gengi krónunnar, heldur en Alþingi sem heild. En hitt skil ég, að það getur verið þægilegra fyrir t. d. ríkisstj. eins og þá, sem nú situr, að hafa þennan hátt á og geta að meira eða minna leyti skotið sér undan ábyrgðinni af því eða a. m. k. fríað ýmsa sína fylgismenn á Alþingi við að bera fulla ábyrgð á slíkum ráðstöfunum eins og hreyfing á genginu er. Það getur verið gott að hafa hálfeða alstikkfría menn í seðlabankastjórninni, sem eiga að taka á sig alla ábyrgð af slíkum verknaði.

Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að það ber að fordæma það, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa brotið stjórnarskrá lýðveldisins 1. ágúst í sumar með setningu þessara brbl., því að það hafa ekki verið færð fram nein rök fyrir því — (**Forseti:** Ég ætla að biðja hv. þm. að gera svo vel að gæta þingskapa.) Ég hef aðeins sagt það, sem ég hlýt að endurtaka, að það er skoðun mín, vegna þess að ég hef ekki heyrt nein önnur rök færð hér fram en þau, að setning þessara brbl., sem hér eru til umr., hafi verið brot á stjórnarskrá landsins, eins og hún hljóðar. Ég hlýt líka að krefjast þess, að þeir hæstv. ráðh., sem staðið hafa að því að setja þessi brbl., reyni hér í þessum umr. að finna því rök, hvaða brýna nauðsyn bar til þess að færa til þetta vald. Ég vil líka minna á það, að þessi lagasetning var óeðlileg, einnig að því leyti til, að það voru aðeins liðnir um fjórir mánuðir frá því að Alþingi hafði sett lögin um Seðlabanka Íslands og þar til brbl. voru gefin út. Þegar lögin um Seðlabanka Íslands voru sett 29. marz 1961, hafði Alþingi markað Seðlabankanum verksvið, og í þeirri sérstöku endurskoðun, sem þá hafði farið fram á seðlabankalöggjöfinni, hafði það orðið meirihlutaniðurstaða hér á Alþingi að afhenda Seðlabankanum ekki gengisskráningarvaldið. En svo liðu sem sagt aðeins fjórir mánuðir, frá því að Alþingi hafði gengið frá lögunum um verksvið Seðlabankans, þar til ríkisstj. grípur til þess að setja brbl. og breyta til um verksvið bankans. Ekkert hafði þarna gerzt í millitíðinni, sem réttlætti það, að bankinn ætti fremur að hafa þetta valdsvið 1. ágúst en 29. marz, þegar Alþingi gekk frá lögunum, — ekkert annað en það, að ríkisstj. vildi fá breytt gengi íslenzkrar krónu, og hún valdi þá þessa leið, þrátt fyrir það þó að hún vissi, að hér væri um að ræða brot á stjórnarskrá landsins.

Það er auðvitað ekki óeðlilegt, þó að nokkuð sé rætt einmitt um þessa valdbeitingu, sem felst í þessu frv., því að í breytingunni felst meira en margan grunar. Gengisskráningarvaldið er gífurlega mikið vald. Á því leikur enginn vafi, að með því að hreyfa til gengið er

hægt á svipstundu að gerbreyta t. d. gildandi samningum manna á milli og félaga á milli í landinu. Það er svo að segja hægt að ógilda á svipstundu með gengisbreytingu þá samninga, sem hafa verið gerðir að réttum lögum. Það er með gengisbreytingu hægt að færa til fjármuni á milli einstaklinganna í landinu svo að nemur mörgum hundruðum millj. kr. Það er því ekkert smáræðisvald, sem stendur á bak við það að mega hreyfa til gengið. Og það er mín skoðun, að Alþingi eitt eigi að hafa slíkt vald, Alþingi eigi ekki að framselja þetta vald í hendur neinnar peningastofnunar. Hitt er aðeins eðlilegt, að stjórnendur Seðlabankans eða aðrir þeir, sem ríkisstj. leitar ráða til eða Alþingi leitar ráða til á hverjum tíma, t. d. varðandi gang peningamála, að þessi stofnun jöfnum höndum svari fsp. Alþingis og ríkisstj. um það, hvert sé hennar álit um það, hvort breyta þurfi gengi krónunnar eða ekki, eða þá að stjórnendur þessarar stofnunar hafi beinlínis frumkvæði um það að benda stjórn landsins eða Alþingi á, að þörf sé á gengisbreytingu. Ég tel, að það sé miklu eðlilegra verksvið fyrir stjórnendur Seðlabankans að vinna á þessum grundvelli, þ. e. a. s. að láta uppi álit sitt um það, hvað þurfi að gera í þessum efnum, út frá þeim gögnum, sem stjórnendur Seðlabankans hafa í sínum höndum á hverjum tíma, en síðan sé það ríkisstjórnar og Alþingis að taka hina endanlegu ákvörðun um það, hvort stiga á slíkt skref eins og breyting á gengi krónunnar er.

En það er líka annað, sem liggur á bak við þessa skipulagsbreytingu, og það hefur komið greinilega fram í sambandi við þær umr., sem farið hafa fram að undanförnu um þessi mál, bæði hér á Alþingi og eins í blöðum landsins. Það hefur sem sé komið fram, að það muni vera fljótvirkara að grípa til gengisbreytingar, ef gengisbreytingarvaldið er í höndum Seðlabankans heldur en í höndum Alþingis. Það er m. ö. o. verið að hóta mönnum í landinu með því að hreyfa til gengið. Og það hefur verið sagt berum orðum: Ef t. d. atvinnurekendur og verkamenn semja sín á milli um of hátt kaup, þá hreyfum við til gengið. Það er farið inn á þessa hættulegu braut að ætla að nota valdið yfir gengisskráningunni sem sérstaka hótun, svo réttmætt sem það er. Auðvitað er það hin reglan, sem á að gilda, jafnt hér hjá okkur sem öðrum, að það á að breyta gengi krónunnar eins sjaldan og tök eru á, það á ekki að grípa til gengisbreytingar, nema alveg brýna nauðsyn beri til. Það væri auðvitað hin mesta fásinna að ætla að beita þessu valdi á þann hátt, að vegna þess að einhverjir aðilar í þjóðfélaginu hafa farið eilítið öðruvísi að en ríkisstj. samþykkir eða er sammála á hverjum tíma, þá eigi að beita gegn slíku gengisskráningarvaldi. Slíkt vitanlega lendir út í hreint öngþveiti.

Það er svo mál út af fyrir sig, að einmitt þeir, sem standa fyrir þessari breytingu og standa fyrir þessum hótunum, það eru sömu mennirnir, sem mest tala um samningafrelsi og athafnafrelsi þegnanna og það eigi ekki af hálfu hins opinbera að skipta sér af því, sem fram fer á milli þegna í landinu, fram yfir viss takmörk. En þó að t. d. atvinnurekendur í landinu og verkamenn hafi komið sér saman um bindandi samning sín á milli eftir réttum lögum og reglum, þá kemur ríkisstj. þar aðvífandi og segir: Ég samþykki þetta ekki, — og færir til í samningagerðinni á milli aðila frá því, sem áður var um samið þeirra á milli. Er þetta samningafrelsi? Er þetta ekki að misnota ríkisvaldið? Hér verður að gæta að því, þegar málin liggja þannig fyrir, að hér er um frjálsa samninga að ræða á milli þeirra aðila, sem starfa samkv. lögum og hafa farið að öllu leyti með sína samninga samkv. settum reglum. En það er þetta, sem ríkisstj. hefur verið að segja að undanförnu, að hún vildi ekki fallast á það, að þeir samningar mættu gilda á milli atvinnurekenda og verkamanna, sem þeir höfðu þó komið sér saman um. Hún vill ekki viðurkenna það. Hvar er svo samningsfrelsið? Hvar er svo félagafrelsið, samtakafrelsið í þessum efnum? Og hverjir eru það, sem standa þarna að því að gera það raunverulega að engu? En hvað halda menn um það, ef t. d. hefði nú svo atvikazt í kaupgjaldssamningunum á s. l. sumri, að verkamenn hefðu samið um allmiklu lægra kaup en þeir sömdu um, jafnvel um lægra kaup en áður gilti? Hvað halda menn, að þá hefði gerzt? Dettur nokkrum manni það í hug, ef verkamenn hefðu samið um það, að þeir sættu sig við lægra kaup fyrir vinnu sína en þeir bjuggu við áður, að ríkisstj. hefði þá stokkið til og hækkað gengi krónunnar? Dettur nokkrum manni í hug, að hún hefði gert það? Nei, hún hefði eflaust ekki gert það. Hennar útreikningar eru nefnilega ekki svo nákvæmir, að hún sigli eftir einhverju slíku lögmáli. Nei, en þegar annað kemur út úr dæminu en henni þykir gott, þá er gott að hafa svona vald og grípa inn í.

Af þessu geta skapazt auðvitað margar hættur, m. a. sú hætta, að atvinnurekendur í landinu, svo að maður haldi sig við samninga á milli verkamanna og atvinnurekenda, geta farið að sjá sér hag í því að semja, semja bara um tiltekna kauphækkun, í fullu trausti á það, að ríkisstj. eyðileggi samninginn rétt á eftir og breyti gengi krónunnar þeim í hag. Þegar menn vita um það, að undirskriftir þeirra undir samninga eru ekkert bindandi, það er raunverulega hægt að hlaupa frá þeim, þá er verið að eyðileggja gildi samninganna, þá er verið að eyðileggja samningafrelsið. Auðvitað veit maður, að þau atvik geta verið, að mikill hluti atvinnurekenda hefði beinlínis hug á því að vilja fá fram gengislækkun. Mál þeirra geta staðið þannig í vissum tilfellum, að það sé beinlínis hagur fyrir mikinn hluta atvinnurekenda að fá fram gengislækkun. Það getur jafnvel skipt þá miklu meira en nokkrar prósentur í kaupgjaldi. Þeir gætu því beinlínis gert leik að því að knýja fram gengislækkun á þennan hátt og fría sig við undirskrift sína í samningum, ef ríkisstj. ætlar að beita þessu valdi á þann hátt, sem hún hefur gert. (**Forseti:** Ég vil nú spyrja hv. ræðumann, með því að liðið er senn að lokum hins venjulega fundartíma, hvort hann eigi langt mál eftir af ræðu sinni.) Já, ég á talsvert eftir. (Frh.)

Forseti (RH): Ég vil þá biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni, fundinum verður aftur haldið áfram kl. 5. En ég vil ítreka áminningu mína um, að hv. þm. gæti þingskapa, eftir að hann hafði verið áminntur um það. Nú fyrir nokkurri stundu sagði hv. þm., að ríkisstj. hefði valið þessa leið, þótt hún vissi, að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða. En á því er talsverður munur, hvort hv. þm. telur, að tiltekin lagasetning sé stjórnarskrárbrot, eða hvort hann fullyrðir, að ríkisstj. hafi vísvitandi brotið stjórnarskrá landsins. (**LJós:** Kannske hún hafi ekki vitað, hvað hún gerði.) Slík ummæli verða ekki látin óátalin, og vænti ég þess, að hv. þm. taki það til greina. Hér er um talsvert alvarlega ásökun að ræða, og vænti ég þess, að slíkt endurtaki sig ekki. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson) [frh.]: Hæstv. forseti. Ég hafði í þeim hluta ræðu minnar, sem ég var búinn að flytja, aðallega rætt meginefni frv., eins og það liggur fyrir, en það er um flutning á valdi frá Alþingi yfir til stjórnar Seðlabankans varðandi skráningu á gengi krónunnar, og hafði endurtekið það nokkrum sinnum, að ég teldi, að þessi ráðstöfun, að setja brbl. eins og hæstv. ríkisstj. gerði um þetta atriði á s. l. sumri, gæti ekki staðizt ákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstv. forseti sá sérstaka ástæðu til þess að víta mig fyrir þau ummæli, sem ég hafði haft, þó að ég ætli, að ég hafi ekki sagt þar mikið annað en margir aðrir ræðumenn hafa sagt hér úr þessum sama stóli um þetta sama efni. Þó má vera, að einhver skilsmunur hafi verið á orðalagi mínu og annarra. En ég hygg, að ég hafi rætt það svo ýtarlega, hver væri mín skoðun á þessu máli, að það hafi ekki farið neitt á milli mála, að það var og er mín skoðun, að setning brbl. 1. ágúst um breyt. á þessu valdi standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég tók eftir því, að hæstv. forseti vildi gera hér skilsmun á, hvort um væri að ræða, að því væri haldið fram sem áliti ræðumanns, að þannig hafi verið að málum staðið, að það samrýmdist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar, eða hvort því væri haldið fram, að ríkisstj. hafi vitandi vits valið þá leið, sem hún valdi, sem hafi leitt til þess, að ákvæði stjórnarskrárinnar voru ekki höfð í heiðri. Í þessum efnum get ég vitanlega ekki sagt annað en það, sem er mitt álit. Það er mitt álit, að ríkisstj. hafi vitað fullvel, hvað hún var að gera, þegar hún setti þessi lög, og það er mitt álit, að það, sem gert var, samrýmist ekki ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Og ég sé satt að segja ekki mikinn mun á því, þó að ég hefði farið að halda því fram, að ríkisstj. hafi gert þetta óvitandi, hvað hún var að gera. Ég álít hreint og beint, að með því hefði ég verið að óvirða ríkisstj. að halda því fram, að hún hafi af einhverjum fávitahætti sett þessi lög. Ég held þvert á móti, að hún hafi vitað fullvel, hvað hún var að gera, þótt hún hafi valið þessa leið. Það má vel vera, að einn líti á málið á þennan hátt og annar á hinn, og verður auðvitað hver að hafa það, sem honum þykir betra í þessum efnum. En ég hef hér gert fyllilega grein fyrir skoðun minni á setningu brbl. varðandi það efni, sem frv. fjallar um. Ég tel, að í þessum efnum hafi ég aðeins rætt um efnisatriðið og ekki á neinn hátt haft óviðurkvæmileg orð í frammi, nema að því leyti til, sem meining mín á efni málsins er þessi, sem ég hef lýst.

Það hefur greinilega komið hér fram, að hæstv. ríkisstj. hefur reynt að rökstyðja setningu þessara brbl. og gengislækkunina á s. l. sumri með því, að þá hafi verið búið að semja um svo mikla kauphækkun í landinu, að efnahagskerfi þjóðarinnar stafaði háski af. Við 1. umr. þessa máls flutti hæstv. viðskmrh. hér alllangt mál, þar sem hann lagði höfuðáherzlu á tvennt því til réttlætingar, að brbl. voru sett og gengið var lækkað. Hann benti á, að kauphækkanirnar á s. l. sumri hefðu verið meiri en svo, að hagkerfið hefði þolað þær hækkanir, og svo hitt, að afkoman á árinu 1961 væri þannig, að það væri t. d. alveg sýnilegt, að sjávarútvegurinn mundi leggja í þjóðarbúið allmiklu minni fjárhæð en hann hefði gert t. d. árið 1959.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það mætti telja nokkurn veginn víst, að heildarfiskaflinn á árinu 1961 mundi verða um 3% minni en hann var árið 1959. Reynslan hefur nú þegar sýnt, að þessi fullyrðing hæstv. ráðh. er röng, svo að þessi röksemd fyrir gengislækkuninni á s. l. sumri fær ekki staðizt. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að það mætti áætla, að heildartekjur af sjávarútvegsframleiðslunni á árinu 1961 mundu verða um 170 millj. kr. lægri en heildartekjurnar af sjávaraflanum 1959, og hann bætti við: Það má einnig telja, að heildarútgjöld sjávarútvegsins, t. d. í gjaldeyrisnotkun, vegna þess að skipin hafa verið fleiri, gerð út með dýrari tækjum en áður, muni vera um 150 millj. kr. meiri á árinu 1961 en á árinu 1959, og að þannig sé líklegt, eins og hæstv. ráðh. sagði, að sjávarútvegurinn muni leggja í þjóðarbúið 320 millj. kr. minna á árinu 1961 en á árinu 1959, og þetta taldi hann aðra höfuðástæðuna til þess, að það hefði þurft að grípa til gengislækkunarinnar í ágústmánuði. Nú hefur sú stofnun, sem heyrir einmitt undir hæstv. viðskmrh. og hann vill nú setja allt sitt traust á sem sérstaka kunnáttumenn í efnahagsmálum þjóðarinnar og færa forustumönnum þeirrar stofnunar sumt af því valdi, sem Alþingi hefur haft, t. d. varðandi skráningu á gengi krónunnar, Seðlabanki Íslands, nú hefur einmitt þessi stofnun nýlega í ársskýrslu sinni gefið út tölur sínar um það, hvernig árið 1961 kom út í þessum efnum. Þar kemur í ljós, að það er áætlað af Seðlabankanum, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 muni verða í kringum 400 millj. meira en árið 1960 og rétt tæpum 200 millj. meira en árið 1959. Það er því nú alveg augljóst, að eftir þessum kenningum hæstv. viðskmrh. og því öðru, sem hann hefur sagt hér um gengisskráninguna, þá ætti hann og hæstv. ríkisstj. samkvæmt þessu að taka nú gengisskráninguna til endurskoðunar á nýjan leik og breyta genginu aftur, því að það hefur sýnt sig, að fyrri útreikningar hans í þessum efnum, sem gengislækkunin á s. l. sumri var byggð á, voru rangir. Það hefur sem sé komið í ljós, að

þjóðarbúið sem heild hefur hér haft úr allmiklu meira að spila á árinu 1961 en á árinu 1959, því að þessar tölur, sem ég nefndi til hækkunar á heildartekjum, voru bara varðandi sjávarútveginn, bara varðandi sjávaraflann, en auk þess upplýsir svo Seðlabankinn, að mjög veruleg aukning hafi orðið í landbúnaðarframleiðslunni á árinu og mikil aukning frá árinu 1959.

En hvað gerir nú hæstv. ríkisstj., og hvað gerir nú hæstv. viðskmrh., sérstakur talnafræðingur ríkisstj. í þessum málum, hvað gerir hann nú, þegar tölurnar snúast við á þennan hátt, það sem hann hafði grundvallað útreikninga sína á? Sem sagt, fyrr á árinu er því haldið fram, að það sé nauðsynlegt að lækka gengi krónunnar nokkuð vegna þess, að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar muni skila minna í þjóðarbúið en reynslan hefur sýnt að hann hefur gert, og reynslan hefur einnig sýnt, að aðrir atvinnuvegir hafa einnig aukið framlag sitt í þjóðarbúið, afraksturinn er þar meiri en áður var. Verða þá útreikningarnir teknir til sérstakrar endurskoðunar aftur, eða má þá hlaupa yfir þessi rök, sem áður var beitt? Þarf þá ekki lengur á þeim að halda? Vinnur þetta svipað því og ég gat um fyrr í minni ræðu varðandi samningsréttinn, hinn frjálsa samningsrétt, vinnur þetta allt á eina hlið? Ef atvinnurekendur semja af sér að dómi ríkisstj. í frjálsum samningum við verkamenn, þá grípur ríkisstj. inn í og breytir samningunum, en ef verkamenn gerðu það, þá gerði það ekkert til. Ef þjóðarframleiðslan hefur minnkað eða er minni en vonir stóðu til, þá eru það rök fyrir því, að það þurfi að lækka gengi krónunnar, en ef þjóðarframleiðslan vex fram yfir það, sem ráð var fyrir gert, þarf þá ekkert að gera? Skiptir það þá engu máli? Gilda rökin þá ekki lengur? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. viðskmrh. eða einhverjum úr hæstv. ríkisstj. um þetta efni.

Því hefur verið haldið fram, að kauphækkanirnar á s. l. sumri, sem námu 10—12%, mundu þýða það, ef þessi kauphækkun gengi til allra launastétta í landinu, gengi í gegnum allt hagkerfið, þá mundi það raunverulega þýða, að kaupmátturinn í landinu yxi um 300—400 millj. kr., því að reikna megi, að aukinn kaupmáttur vaxi um ca. 30 millj. kr. með hverju 1%, sem kaupið hækkar. Þegar gert er ráð fyrir því, að kauphækkanirnar á s. l. sumri hafi leitt til þess, að heildarkaupgeta í landinu vaxi um 300—400 millj. kr., liggur það aftur á móti fyrir, að heildarframleiðslutekjur þjóðarinnar hafa vaxið um miklu meira en þessa upphæð. Það liggur sem sé fyrir, að sjávarútvegurinn einn mun leggja í þjóðarbúið rétt um 400 millj. meira á árinu 1961 en hann gerði á árinu 1960. Þó að maður geri nú ráð fyrir því, að þessar áætlunartölur séu réttar, að kaupmátturinn hafi vaxið um 300—400 millj. kr. hjá öllum launþegum í landinu vegna kauphækkananna á s. l. sumri, þá ber líka að hafa það í huga, að tvennt gerðist á árinu: þjóðarframleiðslan óx, eins og ég hef greint frá, og svo hitt, að þær ráðstafanir voru í gildi, að 253,2 millj. kr. af tekjum, sem féllu til á árinu, voru bundnar á sérstökum reikningi í seðlabanka landsins og höfðu ekki kaupmátt á því ári. Það er því alveg greinilegt, að sparifjárbindingin í bönkunum ásamt með framleiðsluaukningunni standa fyllilega undir þeim aukna kaupmætti, sem launahækkanirnar eru sagðar hafa valdið. Ég sé því ekki annað en einmitt þessar tölur, sem fram hafa komið á vegum hæstv. ríkisstj., sýni það beinlínis og sanni, að það hefur verið rúm fyrir alla þessa kauphækkun og meira þó, ef leggja má sem sagt til grundvallar þau meginrök, sem ríkisstj. hafði þó byggt á sínar niðurstöður hér áður fyrr.

Það er enginn vafi á því, að ástæðan til gengislækkunarinnar á s. l. sumri var ekki sú, að kaup launþega hafi hækkað þá of mikið fyrir okkar hagkerfi eða að það hafi ekki þolað kauphækkunina. Það voru ekki rökin fyrir því, að gengislækkunin var ákveðin. Og það er heldur enginn vafi á því, að þessi mikla gengislækkun, sem þá var ákveðin, var ekki gerð fyrir sjávarútveginn í landinu almennt, hún var ekki gerð til þess að forða stöðvun bátaflotans, eins og látið var í veðri vaka. Þvert á móti var gengislækkunin framkvæmd þannig á árinu 1961, að það var miklu meiri hætta á því, að bátaflotinn stöðvaðist á því ári vegna gengislækkunarinnar, heldur en hitt, að gengislækkunin kæmi í veg fyrir stöðvun. Ástæðan var sú, að bátaflotinn varð að búa við óbreytt fiskverð, óbreyttar tekjur, frá því að gengislækkunin var gerð 3. ágúst til ársloka, en fékk hins vegar á sig aukin útgjöld vegna gengislækkunarinnar. Seinni hluti ársins var því tvímælalaust bátaútgerð landsmanna og togaraútgerðinni til ógagns. Gengislækkunin varð til þess að þyngja róðurinn hjá þessum aðilum, en ekki til þess að létta hann.

Hinu skal ég ekki neita, að frystihúsin í landinu og nokkrir fleiri aðilar, sem keyptu fiskafla síðari hluta ársins af bátaútvegsmönnum og af togaraeigendum, þessir aðilar höfðu nokkurn hagnað, þó ekki mikinn, en nokkurn hagnað af gengislækkuninni í ágúst. En það er svo, eins og hér hefur verið bent á af öðrum, líka alveg augljóst mál, þegar litið er á það, hvernig gengislækkunin var framkvæmd, að hún var ekki gerð fyrir sjávarútveginn. Það var þar eitthvað annað, sem skipti ríkisstj. meira máli, því að gengislækkunin var framkvæmd á þann hátt, að verð á erlendri vöru hækkaði að vísu um 13,2%, en útflytjendur, þeir sem stóðu í útflutningsframleiðslunni, fengu ekki jafnmikla hækkun til sín sem hækkuninni á innfluttu vörunni nam. Framkvæmdin á gengislækkuninni var þannig, að útgjöldin fengu að hækka sem gengislækkuninni nam, eða um 13,2%, en tekjur útflutningsaðila voru ekki látnar hækka að sama skapi. Í stað þess ákvað ríkisstj. með brbl. þann hátt á að taka allverulegan hluta með sérstökum aukaskatti af útflutningnum og leggja í vissa sjóði. Ríkisstj. taldi sig hafa í undirbúningi lög um sérstakt vátryggingakerfi fyrir fiskiskipaflotann í landinu, og hún vildi safna peningum í þennan vátryggingasjóð, og einnig ákvað ríkisstj. að safna nokkru fé í stofnlánadeild sjávarútvegsins og tók því allverulegan hluta af hinu raun-

verulega útflutningsverði sjávarafurða og ætlaði að leggja það í stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem þó hefur verið lokuð deild um langan tíma og ekki veitt nein venjuleg lán. Og þá ákvað ríkisstj. einnig að taka verulegan hluta af hinu nýja útflutningsverði og leggja hann í hlutatryggingasjóð í þeirri ætlan að taka þetta fé síðar til að leysa vanda togaraútgerðarinnar í landinu.

Það var því alveg augljóst mál, að ríkisstj. var að ákveða meiri gengislækkun en þurfti að vera vegna útflutningsins, vegna þess ástands, sem ríkti hjá útflutningnum. Hún ákvað gengislækkunina svo ríflega, að hún gæti náð miklu á annað hundrað millj. kr. til þess að leggja sérstaklega til hliðar. Og það var ekki nóg með það, að ríkisstj. gerði þetta, heldur var svo alveg greinilegt, að þeir, sem stjórnuðu ríkiskassanum, höfðu sannarlega í huga að maka eitthvað krókinn á sjálfri gengislækkuninni. Með því að lækka gengi krónunnar sem svaraði 13.2% hækkun á verði erlends gjaldeyris tókst að hækka tolltekjur og söluskattstekjur ríkissjóðs frá 1. ágúst til áramóta nokkuð á annað hundrað milljóna króna. Fjmrh. hefur eflaust gert sér þetta ljóst, þegar hann stóð að gengislækkuninni í ágústmánuði, að hann var á þennan hátt að drýgja tekjur ríkissjóðs mjög verulega, þar sem mikill hluti af útgjöldum ríkissjóðs var bundinn skv. eldri fjárl. og breyttist ekki á þessu ári, en tekjurnar hækkuðu svo að segja allar. En ríkissjóður gerði betur en þetta. Það var einnig ákveðið með gengislækkuninni, að *ríkissjóður skyldi kasta eign sinni á allan* gengishagnaðinn, sem yrði af öllum þeim birgðum af útflutningsvörum, sem í landinu voru, þegar gengislækkunin var samþ. Það var auðútreiknað dæmi, því að menn vissu nokkurn veginn um það, hvað útflutningsbirgðirnar voru miklar, og það kom í ljós, að gengishagnaðurinn af þessum birgðum nam 150 millj. kr., og ríkið ákvað að eigna sér þessa upphæð og leggja hana í sérstakan sjóð. Slíkt sem þetta hefur aldrei verið gert áður, þegar gengislækkun hefur verið framkvæmd á Íslandi.

Þetta leiddi auðvitað til þess, að svo fór, að ríkissjóður, sem hafði mjög veika stöðu fjárhagslega gagnvart Seðlabanka landsins, um það leyti sem gengisbreytingin var gerð, skuldaði þá Seðlabankanum meira en ríkissjóður hafði nokkurn tíma áður gert á sama tíma, það snerist svo við, þegar komið var fram undir árslok, að hagur ríkissjóðs var orðinn mjög góður. Tekjurnar höfðu sem sagt stórum vaxið vegna gengislækkunarinnar, en útgjöldin hækkað lítið á því ári. Og ekki var nóg með það. Svo fór ríkissjóður að innheimta í stórum stíl gengishagnaðinn, sem nam 150 millj. kr., og svo þegar gengishagnaðurinn var tekinn og lagður í ríkissjóð, gat auðvitað ríkissjóður borgað upp sínar skuldir betur en áður við Seðlabankann, og hægt var að gefa út tilkynningu um áramótin um það í útvarpið, að nú ætti ríkissjóður orðið inni á reikningi sínum hjá Seðlabankanum. Síðan skrifa auðvitað blöð ríkisstj. um það, að þarna megi menn sjá, hvort viðreisnin hafi ekki bjargað fjárhag þjóðarinnar, fjárhag ríkisins, áður hafi ríkissjóður verið nokkuð skuldugur, en nú hafi allt snúizt á betra veg og ríkissjóður eigi orðið inni hjá Seðlabankanum.

Auðvitað jafngildir þessi ráðstöfun ríkisins, að taka gengishagnaðinn af útflutningsbirgðunum, sem í landinu voru, þegar gengisbreytingin var gerð, raunverulega hreinni eignaupptöku hjá þeim mönnum, sem áttu birgðirnar. Þeir áttu hér liggjandi í landinu birgðir af útflutningsvörum, sem í mjög mörgum tilfellum átti eftir að vinna allmikið við. Það átti eftir t. d. að taka fiskinn úr fiskhjöllunum, auðvitað á því nýja kaupgjaldi, sem þá var orðið í landinu, — það átti eftir að taka þennan fisk, meta hann og pakka, og það átti eftir að kaupa undir hann frakt á erlenda markaðinn. Allt þetta varð vitanlega að gerast á grundvelli nýs verðlags. Eigi að síður átti að gera upp við þessa aðila, sem þessa framleiðslu áttu, á gamla genginu. En það fékkst meira verð í íslenzkum krónum mælt fyrir þessa vöru, þegar hún var flutt úr landi, og ríkisstj. sagði þá: Ég tek þennan mismun og legg hann í sjóð og bæti mína stöðu, og útkoman er svo sú, að viðreisnin hefur heppnazt. — Það er léleg viðreisn í efnahagskerfi einnar þjóðar, sem þarf á einni gengislækkun á ári að meðaltali að halda. Ef hvorki er hægt að reka ríkisbúskapinn né annan búskap í landinu án þess að framkvæma gengislækkun í sífellu með vissu millibili, þá er það heldur lélegt hagkerfi.

Auðvitað er það svo, að þessi gengislækkun, *þessi bati, sem kom fram af þessum ástæðum* á seinni hluta s. l. árs, þessi bati fjarar allur út, ef hlutirnir fá að jafna sig að eðlilegum hætti. Auðvitað er það hið eðlilega og það, sem hlýtur að verða og hefur alltaf orðið alls staðar, að gengislækkun leiðir til þess, að t. d. launþegasamtökin sækja á á nýjan hátt og reyna að jafna metin á ný, þau hækka sitt kaup, þau una ekki kjaraskerðingunni til lengdar. Og sama er vitanlega að segja um aðra, sem gengislækkunin bitnar á, þeir vitanlega sækja á á nýjan hátt og jafna metin. Það kemur að því, að ríkissjóður getur ekki einhliða notið gengislækkunarinnar þannig að fá meiri tolltekjur, fá meiri söluskatt inn. Ríkissjóður verður fyrr eða síðar að svara einnig út fleiri krónum, t. d. til vegagerðar í landinu og til annarra framkvæmda í landinu, því að annars væri raunverulega verið að skera niður framkvæmdir á þennan hátt. Og þegar þetta hefur síðan jafnað sig, þá er vitanlega þessi björgun runnin út í sandinn með öllu, því að gengislækkun ein út af fyrir sig getur engu bjargað til lengdar. En þá má búast við því, eða það hefur a. m. k. heyrzt, að þá vilji forsvarsmenn viðreisnarinnar telja sér það til tekna, að framleiðslan á árinu 1961 var mikil, heildartekjur þjóðarinnar hafa orðið miklar, og sú útkoma á að sanna mönnum það, að viðreisnin út af fyrir sig hafi borið árangur.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að ástæðan til þess, að t. d. sjávaraflinn varð mikill á árinu 1961, var fyrst og fremst sú, að á því ári sóttu á miðin hjá okkur fleiri stór og ný og vel út-

búin skip en áður hafa gert á síldveiðar hjá okkur. Það voru einmitt síldveiðiskipin, það voru einmitt nýju skipin, sem keypt voru samkvæmt ákvörðun vinstri stjórnarinnar, samkvæmt ákvörðunum bæði á árinu 1958 og 1959, — það voru þeir bátar, sem voru keyptir samkvæmt ákvörðun á þeim árum, sem einmitt skiptu mestu máli um aflaaukninguna á síldveiðunum 1961. En þegar viðreisnin var samþykkt hér á Alþingi og grg. hagfræðinga ríkisstj. lá fyrir um nauðsyn viðreisnarinnar, var því einmitt haldið fram, að það skaðlega við það tímabil, sem ríkt hafði áður, tímabilið frá 1955—1959, hefði verið það, að þjóðin hefði stofnað til of mikilla erlendra skulda, við hefðum þá lifað um efni fram, við hefðum keypt of mikið bæði af tækjum og öðru slíku og það þyrfti að gera á þessu breytingu. Síldveiðiskipin nýju, sem björguðu afkomunni á s. l. ári, það voru fordæmdar framkvæmdir af þeim viðreisnarmönnum.

Nei, það eru ekki skip, sem hafa verið keypt samkvæmt tillögum þeirra viðreisnarmanna, sem hafa staðið undir aflanum. Þeim skipum fer svo ört fækkandi, að t. d. var útkoman sú á s. l. ári, 1961, að þá gekk stórlega á fiskiskipaflota landsmanna, þá eignuðumst við ekki líkt því að vera ný skip sem nam árlegri fyrningu flotans, og þó segja allir þeir, sem með þessi mál hafa að gera, skýrsluhöld í þessum efnum, að þó verði aukning flotans miklum mun minni á árinu 1962 en á árinu 1961. Í skýrslu Seðlabankans, sem ég var að vitna hér til áðan, segir, að á árinu 1961 hafi ný skip verið keypt til landsins fyrir aðeins 183 millj. kr., borið saman við rétt aðeins tæpar 600 millj. kr. árið á undan. Mismunurinn er yfir 400 millj. kr., eða nánar tiltekið 413 millj. kr. Auðvitað vitum við, að það árið, sem við kaupum ný framleiðslutæki, ný fiskiskip til landsins fyrir yfir 400 millj. kr. meira en annað árið, þá er varla við því að búast, að við höfum eins mikinn peningalegan afgang það árið eins og hitt, þegar við kaupum minna af skipum. Árið þegar við kaupum lítið af skipum, þegar við jafnvel göngum á fiskiskipaflotann, á framleiðslutækjaeign þjóðarinnar, það árið má auðvitað búast við því, hafi verið sæmilegt framleiðsluár, að þá verði einhver peningalegur afgangur. Þá eignumst við einhvern lausan gjaldeyri. Þá stendur hin peningalega útkoma í kassanum eilítið betur en í hinu tilfellinu. En er það betri efnahagsafkoma hjá einni þjóð að eiga peningana í öðru tilfellinu fremur en að eiga ný framleiðslutæki eða ný skip í hinu? Þegar núv. hæstv. ríkisstj. montar af því, að gjaldeyrisafkoman sé betri árið 1961 en hún var áður, þá er það eingöngu vegna þess, að hún keypti ekki framleiðslutæki, hún keypti ekki fiskiskip, en safnaði peningunum. Hitt á að heita tap og hættuleg fjármálastarfsemi hjá þjóðinni, að hafa breytt þeim hagnaði, sem þjóðin hefur haft á einu ári, í varanleg og góð framleiðslutæki.

Nei, það er síður en svo, að nokkuð það hafi gerzt í gjaldeyrismálum þjóðarinnar eða öðrum þáttum peningamálanna, sem bendi til þess, að viðreisnarstefnan hafi sannað réttmæti sitt fram yfir þá stefnu, sem hér ríkti áður. Þvert á móti liggur það alveg augljóslega fyrir, að framleiðslan á s. l. ári, 1961, hefði átt að vera meiri en hún var, hefði ekki verið mikill og almennur ágreiningur í landinu út af stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Við skulum ekki gleyma því, að það féll niður verulegur hluti af útgerð landsmanna allan janúarmánuð og mestallan febrúarmánuð á s. l. ári. Þá voru deilur á milli útgerðarmanna og ríkisvaldsins og á milli sjómanna og útgerðarmanna, sem allt stafaði raunverulega af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. Vegna þessara miklu verkfalla í upphafi ársins varð þorskafli bátaflotans miklu minni það ár en árið á undan. Og auðvitað kostaði það þjóðarbúið einnig talsvert mikið, að hér voru almenn verkföll í um einn mánuð á miðju árinu. Hefði þeirri stefnu í efnahagsmálum verið haldið fram, sem friður gat verið um hjá þjóðinni, þá var einmitt búið í tíð vinstri stjórnarinnar og þeirrar stjórnar, sem hér fór með völd, áður en viðreisnarstjórnin tók við, að leggja grundvöll að vaxandi þjóðartekjum og batnandi þjóðarafkomu.

Það er í rauninni alveg grátlegt að heyra það, þegar þessi mál eru rædd, að ábyrgir aðilar skuli setja dæmið þannig upp að halda því fram, að það árið, sem nokkur gjaldeyrir kann að safnast fyrir eða peningaleg aðstaða batna eitthvað, en hins vegar er ekki hirt um það að endurnýja framleiðslutæki landsmanna, ekki hirt um það að kaupa ný tæki, þá sé góðæri, en hitt árið, þegar framleiðslutæki þjóðarinnar hafa verið stóraukin og endurbætt og lagður grundvöllur að aukinni þjóðarframleiðslu, en þá vitanlega ekki safnað gjaldeyrisforða, á meðan á slíku stóð, þá hafi verið hallæri.

Ríkisstj. hefur mjög haldið því fram, að sú kauphækkun, sem verkalýðsfélögin sömdu um á s. l. sumri, hafi verið of mikil, og enn þá er það svo, að ríkisstj. vill ekki viðurkenna sína villu í þessum efnum, og hún stritast þarna á móti, þó að hún viti, að allt bendir til þess, að slíkt geti leitt til almennra vinnustöðvana, ef ekki verður undan látið. En í þeim efnum er hollt fyrir ríkisstj. að hafa í huga, hvað hafði gerzt, áður en kom til þeirra kauphækkana á s. l. sumri, sem samkomulag var þá um á milli atvinnurekenda og verkamanna. Það hafði gerzt, í stuttu máli, að í ársbyrjun 1959 höfðu þeir tveir flokkar, sem nú fara með völd í landinu, beitt sér fyrir því að lækka kaup með lögum frá Alþingi frá því, sem gildandi samningar sögðu þá til um, um það, sem þeir þá kölluðu 5.4% kauplækkun. Verkalýðssamtökin hafa almennt talið, að þarna hafi verið raunverulega um 10% launalækkun að ræða, en við skulum aðeins miða við það, að það sé rétt, sem núv. stjórnarflokkar viðurkenna sjálfir, að þarna hafi þó verið um beina kauplækkun að ræða frá því, sem samningar sögðu til um, um 5.4% í ársbyrjun 1959. Og hvað gerist svo næst í kaupgjaldsmálunum? Svo líður allt árið 1959 og launþegar búa við þessa kauplækkun, og svo líður enn fram í febrúarmánuð 1960, að viðreisnarlöggjöfin er samþykkt og ný stórfelld gengislækkun ákveðin, og enn þoldu verkalýðs-

samtökin í landinu afleiðingar þessarar gengislækkunar, allt árið 1960 og hálft árið 1961. Og hvað hafði svo gerzt á þessu tímabili? Hvaða afleiðingar höfðu orðið gagnvart launþegum landsins af gengislækkun viðreisnarinnar? Jú, afleiðingin var sú, að í maímánuði 1961 hafði vísitalan fyrir vörur og þjónustu í landinu hækkað um 17%. Torfi Ásgeirsson hagfræðingur hefur reiknað það út, að í febrúarmánuði 1960, þegar viðreisnarlöggjöfin var samþykkt, hafi kaupmáttur tímakaups verið 99, en hins vegar hafi kaupmátturinn í maímánuði 1961, þegar leiddi til kaupdeilna á s. l. sumri, þá hafi þessi sami kaupmáttur verið kominn niður í 84 stig, eða lækkað um 15 stig eða 15%. Jafnvel þó að hér séu teknar lægstu tölur, er enginn vafi á því, að kauplækkun sú, sem launþegasamtökin í landinu höfðu orðið að þola á þessu tímabili, þessu valdatímabili núv. stjórnarflokka, var yfir 20%, og þegar verkalýðssamtökin höfðu eftir vinnudeilurnar á s. l. sumri samið um 10—12% kauphækkun, þá var talið, að kaupmáttur tímakaupsins væri kominn aftur upp í 91.5 stig. Hann var sannarlega ekki kominn upp í það, sem hann var, þegar viðreisnarlöggjöfin var samþykkt hér á Alþingi. Þá var hann færður aftur úr 84 stigum upp í 91.5 stig.

Þegar þessi atriði eru höfð í huga, hlýtur hæstv. ríkisstj. að viðurkenna, að það hafði sannarlega gerzt í þessum málum það, sem hlaut fyrr eða síðar að draga til þess, að launþegar í landinu færu að sækja sinn rétt, færu að berjast fyrir nýjum kjarabótum sér til handa, og það, sem um var samið, þar sem samið var um 10—12%, var ekki meira en svo, að það var alveg furðulegt, að ríkisstj. skyldi bregðast þannig við, að hún skyldi skella á gengislækkun, sem raunverulega hækkaði allt innflutt verðlag um 13.2%. Og ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. viti líka um það, að afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að nú er reiknað út, að kaupmáttur tímakaupsins sé kominn neðar en hann hefur verið skráður nokkurn tíma nú um 15 ára skeið. Hann er nú skráður, kaupmáttur tímakaupsins, 83 stig, eða hann er orðinn lægri en hann var áður en til verkfallanna kom á s. l. sumri. Dettur nú hæstv. ríkisstj. í hug, að ástand sem þetta fái staðizt, og heldur hún, að það sé hyggilegt að efna til nýrra framleiðslustöðvana í landinu, nýrra verkfalla, til þess að deila þarna um nokkrar prósentur í kaupi? Raunverulega var það svo, að ríkisstj. hafði staðið að því, — það vita allir menn, — að bjóða fram kauphækkun á s. l. sumri, sem nam 6%, þó að hún hrykki svo upp af standinum, þegar kauphækkunin varð 10—12%. Hér ætti raunverulega ekki að vera deila um meira en 4—5%, miðað við það, sem ríkisstj. hafði sjálf viðurkennt, og síðan hún viðurkenndi þetta, hefur sannazt, að afkoma þjóðarbúsins í heild hefur reynzt miklum mun betri en ríkisstj. áætlaði.

Ég held því, að það ætti að liggja mjög skýrt fyrir, að það var ekki ástæða til þess að lækka gengi krónunnar eins og gert var á s. l. sumri. Kauplækkanirnar gáfu ekki tilefni til þess, og afkoma atvinnuveganna gaf ekki heldur tilefni til þess.

Eitt dæmi skal ég nefna enn um það, hvernig það er raunverulega viðurkennt af opinberum aðilum, að kaup hinna lægst launuðu í landinu, verkamanna, er langt frá því að vera það, sem heita má mannsæmandi. Samkvæmt útreikningum hagstofunnar um kaup vísitölufjölskyldu, þá telur hagstofan, að í ágústmánuði 1961, eða um það leyti sem ríkisstj. gerði sína gengislækkun, hafi tekjur vísitölufjölskyldunnar átt að vera kr. 69 508.22, og þá er þó búið að draga frá þeim tekjum, sem hagstofan reiknar vísitölufjölskyldunni, 5 824 kr. í fjölskyldubætur og niðurgreiðslur. En auðvitað fá ekki allir þessar fjölskyldubætur, þó að þær séu í vísitöluútreikningnum reiknaðar á alla. Nú vitum við, að kaup það, sem verkamenn búa við í dag, veitir þeim ekki nema um 53 þús. kr. kaup, miðað við 8 tíma vinnu alla vinnudaga ársins. M. ö. o.: fastráðinn verkamaður upp á hið umsamda kaup er langt undir því að hafa það kaup, sem reiknað er með í vísitölubúinu. Í þessum vísitöluútreikningi er þó ekki reiknað með hærri húsaleigu en tæpum 900 kr. á mánuði. Nei, það er enginn vafi á því, að það voru ekki rök fyrir því að lækka gengi krónunnar eins og gert var á s. l. sumri. Og það eru þó enn þá meiri rök fyrir því nú, að hæstv. ríkisstj. viðurkenni villu sína í þessum efnum og fallist nú á fyrir sitt leyti sanngjarna kauphækkun til handa þeim lægst launuðu í landinu.

Hér liggur fyrir hv. Alþingi annað frv. um sérstakar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi. Efni þess hefur að vísu nokkuð komið inn í þessar umr., en þó eru þar ýmis atriði, sem ég mun ekki ræða við afgreiðslu þessa frv., geyma mér að ræða um, þar til hitt frv. kemur hér fyrir. En eðlilega hafa samt umr. gengið nokkuð á víxl varðandi þessi frv., af því að þau eru í rauninni svo mikið um sama efni eða sömu ráðstöfun, sem hlaut eðli málsins vegna að dragast inn í þessar umr.

Ég get nú farið að stytta mál mitt. Eins og segir í nál. minu, legg ég til, að þetta frv. verði fellt. Það byggi ég fyrst og fremst á því, að ég tel, að setning brbl. hafi í eðli sínu verið röng um það atriði, sem þetta frv. fjallar um, hún hafi verið röng, óeðlileg og ekki í samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar, og einnig hitt, að ég er algerlega andvígur því að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis til bankastjóra Seðlabankans. Ég tel, að það sé miklu óheppilegra og það sé mjög óeðlilegt að veita stjórn þeirrar stofnunar jafnvíðtækt og mikið vald og gengisskráningin er. Og ég held líka, að það sé meiri hætta á því, að það verði tíðar gengisbreytingar með þessari skipan á framkvæmd málanna heldur en ef málið á að afgreiðast hér beint á hv. Alþingi. Og ég held, að það sé öllum fyrir beztu að reyna að halda sig við það að breyta gengi krónunnar sem allra sjaldnast. Ég tel stórhættulegt það sjónarmið, sem fram hefur komið, að það eigi með gengisbreytingum að hreyfa til gerða samninga á milli atvinnustétta í landinu eða að það eigi að hreyfa til gengi krónunnar vegna smærri sveiflna, sem

kunna að verða í þjóðarbúskapnum. Það eru til ýmis önnur ráð, sem hafa verið notuð í þeim efnum, bæði af okkur og öðrum, og það á að nota þau, áður en gripið er til gengisbreytinga, enda er það alveg augljóst mál, ef menn vilja vera samkvæmir sjálfum sér, að til þess hlytum við að þurfa jöfnum höndum að vera að hækka og lækka gengið svo að segja í sífellu, því að séu það gild rök, að það beri að lækka gengið, hafi þjóðarframleiðslan minnkað um nokkur hundruð millj. kr. eitt árið, þá eru það vitanlega jafngild rök, að við þurfum að hækka gengi krónunnar, hafi orðið um allverulega framleiðsluaukningu að ræða frá því, sem áætlað hafði verið. En ég tel, að hvort tveggja sé rangt. Að því leyti til tel ég, að það sé betra að hafa þá skipun á í þessum málum, sem hér var áður, að það sé Alþingi, sem ákveður endanlega sjálfa gengisskráninguna. Og vegna þess legg ég til, að þetta frv. verði fellt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:14 atkv.

Brtt. 444 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 20:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:15 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 488, 500).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 500. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta frv., áður en það verður afgreitt frá hv. deild. Hér er um mikið deilumál að ræða, bæði það, hvort rétt sé að afhenda Seðlabankanum gengisskráningarvaldið, og enn fremur um gengislækkunina, sem framkvæmd var s. l. sumar, en segja má, að þetta frv. sé í raun og veru um hvort tveggja.

Það hefur verið sýnt fram á í þessum umr. og ekki komið fram rök gegn því, sem hægt er að taka gild, að útgáfa þessara brbl. hafi verið stjórnarskrárbrot. Það stendur skýrum stöfum í stjórnarskrá Íslands, að brbl. megi ekki gefa út, nema brýna nauðsyn beri til. Og vald hæstv. ríkisstj. til þess að gefa út brbl., þ. e. a. s. löggjafarvald hennar, bráðabirgðalöggjafarvald hennar, er þeirri takmörkun háð, að það verður að liggja fyrir brýn nauðsyn. Ef ekki er hægt að sýna fram á með gildum rökum, að brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út brbl., þá eru ekki fyrir hendi þau skilyrði, sem stjórnarskráin áskilur, til þess að ríkisstj. megi taka löggjafarvaldið í sínar hendur.

Nú má deila um, hvort hyggilegt sé þá og þá að breyta gengisskráningunni. Það getur verið álitamál. Hitt getur alls ekki verið álitamál í því dæmi, sem hér liggur fyrir, að enga brýna nauðsyn og enga nauðsyn bar til þess að gefa út brbl. um að flytja gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis og yfir til Seðlabankans. Ef ríkisstj. taldi brýna nauðsyn bera til þess að breyta gengisskráningunni, gat hún samkv. stjórnarskránni gefið út brbl. um sjálfa gengisskráninguna. En á hinn bóginn var ríkisstj. algerlega óheimilt að færa með brbl. valdið til gengisskráningarinnar yfir til annars aðila. Slíkt var og er með öllu gersamlega óheimilt, vegna þess að það var ekki hægt að sýna fram á, að neina nauðsyn bæri til slíks. Það hefur verið sýnt fram á þetta hér í umr. með svipuðum rökum og ég nú hef notað, og þessu hefur ekki verið hnekkt.

Hæstv. dómsmrh. minntist á þetta mikilsverða atriði fyrir nokkuð löngu, — ég hygg, að það hafi verið við 1. umr. málsins, — og sagði, að ríkisstj. hefði í þessu dæmi ekkert annað gert en að notfæra sér þá heimild, sem hún hefði samkv. stjórnarskránni til þess að flytja gengisskráningarvaldið yfir til Seðlabankans. En hæstv. ráðh. gekk alveg fram hjá því, að ríkisstj. hefur alls ekki óskorað löggjafarvald eftir stjórnarskránni og alls ekki skilyrðislaust vald til þess að gefa út brbl. Það er bundið við, að brýna nauðsyn beri til. Og það mun reynast öllum mönnum um megn að sýna fram á, að það hafi nokkra nauðsyn borið til að færa gengisskráningarvaldið yfir í þessa stofnun. Ríkisstj. gat og hafði til þess vald samkv. stjórnarskránni að gefa út brbl. um gengisskráninguna sjálfa.

Nú kynnu menn að vilja halda því fram, að þetta hefði ekki praktíska þýðingu, vegna þess að væri meiri hl. á þingi fyrir þessum brbl., þá væri þetta a. m. k. ekki þingræðisbrot, því að þá lægi ljóst fyrir, að þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. hefði raunverulega stuðzt við vilja meiri hl. þings. En þessu er því til að svara, að það þarf að athuga í þessu sambandi, að þegar hæstv. ríkisstj. hefur gefið út brbl., þá getur vel farið svo, að sá raunverulegi, rétti þingvilji um málið komi aldrei fram. Það er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. setur alveg vafalaust metnað sinn í að beygja þingmenn undir það, sem hún hefur gert milli þinga, hvað sem þeir svo kynnu að hafa ríka tilhneigingu til þess að líta öðruvísi á. Er því þá vafalaust borið við, að þingmenn megi ekki gera stjórninni þann óleik að ógilda eða snúast gegn brbl., sem hún hafi sett. Þannig getur ófyrirleitin ríkisstj. þvingað fram eftir bráðabirgðalagaleiðinni úrlausnir í málum, sem þingmeirihluti er í raun réttri ekki til fyrir, ef allt væri látið fara fram á eðlilegan hátt og með felldu. Og núv. hæstv. ríkisstj. liggur einmitt undir sterkum grun um að nota þessa aðferð nokkuð gagnvart sínum mönnum, hyllast til þess að gefa út brbl. um þýðingarmikil atriði, sem ágreiningur er um og skoðanir kunna að vera skiptar um og álitamál, hvernig færi, ef allir væru réttilega til kvaddir, — nota þá aðferð að gefa út í skyndingi brbl. um slík málsatriði og

þvinga þannig vilja sinn fram og láta hv. alþm. standa frammi fyrir gerðum hlut, — nota síðan óspart þær röksemdir til að láta þetta standa, fá þetta til að standa, að menn megi ekki gera það, sem kallað er óvinafagnaður, en óvinafagnaður mundi í því dæmi vera að vera með einhverjum breytingum á því, sem þannig hefur verið ákvarðað, og þannig er reynt að veita sterkt aðhald. Þessi vinnuaðferð er auðvitað brot á þingræðinu og með öllu óeðlileg. En við vitum, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur notað brbl.-valdið. Stundum hefur það beinlínis verið notað á þann hátt, að það er ómögulegt annað en gera því skóna, að stjórnin sé í raun og veru að fara á bak við sína eigin menn, setja þá í þessa aðstöðu, sem ég var að lýsa.

Mér skilst, að það hafi í þessu falli verið kallaður saman einhver fundur í sumar, þegar gengisbreytingin var ákveðin, einhver skyndifundur. Mér hefur skilizt það. En vinnuaðferðirnar hafa verið á þessa lund, sem ég hef verið að greina, við ýmis af málum stjórnarinnar.

Ég leyfi mér að mótmæla þeirri brbl.-útgáfu, sem hér hefur átt sér stað, og vísa til þeirra raka, sem ég og fleiri höfum flutt fram um það, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, misnotkun á ákvæði stjórnarskrárinnar og brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um útgáfu brbl.

Því var haldið hér fram af hv. frsm. meiri hl. fjhn., þegar málið var til 2. umr., að gengisskráningin væri í raun og veru tæknilegt atriði, ekki pólitískt atriði, og það væri þess vegna eðlilegt, eins og skipan efnahagsmála væri orðin nú hér í landinu, að þessi tæknilega framkvæmd væri á vegum Seðlabankans, en ekki Alþingis eða pólitíska valdsins. Nú er það sönnu næst, að ef þetta frv. verður samþykkt, verður gengisskráningin í raun og veru á valdi ríkisstj., því að Seðlabankinn er nú eiginlega ekkert annað en skrifstofa á vegum ríkisstj. og lýtur hennar valdi. En það hef ég raunar persónulega alltaf álitið, að seðlabankar ættu að gera. Ég tel, að ríkisstj. verði að ráða í fjárhagsmálefnum, og hef aldrei haft neitt við það að athuga, að yfirráð ríkisstj. væru æði sterk yfir Seðlabankanum. En þetta þýðir, að með þessu er gengisskráningarvaldið í raun og veru lagt á vald ríkisstjórnarinnar í stað þess, að það var áður á valdi Alþingis.

Ég var að segja, að hv. frsm. hefði haldið því fram, að hér væri í raun og veru um tæknilegt atriði að ræða. Þessa skoðun get ég alls ekki fallizt á, og mér finnst hún vera fjarstæða, eins og málum er háttað. Það mætti segja, að gengisskráningin sjálf væri tæknileg framkvæmd, ef gjaldeyrisverzlunin væri algerlega frjáls og verðmyndun á gjaldeyrinum færi algerlega eftir lögmálinu um framboð og eftirspurn svo að segja frá degi til dags. Ef þessu væri til að dreifa, finnst mér, að skráningin sjálf væri lítið annað en formsatriði og raunverulega tæknileg framkvæmd. En þessu er alls ekki til að dreifa. Það er langt frá því, að gjaldeyrisverzlunin sé frjáls, og það er óralangt frá því, að gengisskráning sé tæknileg framkvæmd einvörðungu. Það er skylt samkv. lögum að afhenda gjaldeyrisbönkunum allan gjaldeyri, og enginn má verzla með gjaldeyri nema þeir, og það er háð ströngum reglum. Í raun og veru er ströng einkasala á gjaldeyrinum, og mönnum er ófrjálst að verzla með hann. Það verður að afhenda hann til þessara stofnana, sem hafa einkarétt til að verzla með hann. Og það er skylt að verzla með hann samkv. föstu, skráðu gengi, sem alls ekki er miðað við framboð og eftirspurn á gjaldeyri frá degi til dags.

Það er því fjarstæða að halda því fram, að gengisskráning sé tæknileg framkvæmd við þær ástæður, sem hér eru og raunar víða annars staðar. Gengisskráningin er vitanlega pólitísk ákvörðun og ein hin allra stærsta af þeim, sem teknar eru. Það stafar af þessu, sem ég hef sagt, að þar er ekki verið að skrá eitthvað, sem gerzt hefur, miðað við reynsluna, eins og t. d. gert væri, ef framboð og eftirspurn réði, heldur er verið að verðleggja, beinlínis setja fast verð á gjaldeyrinn, og þeirri verðákvörðun er fylgt fram með algerri einkasölu og sterku eftirliti með gjaldeyrisverzluninni. Og í þessu tilliti hefur engu verið breytt.

Ég kann þess vegna alls ekki við, að verið sé að flytja þetta mál á þá lund, að hér sé um einskisvert tæknilegt atriði að ræða. Þeir, sem hér eiga hlut að máli, hljóta að skilja, að hér er allt öðru til að dreifa. Það er mín skoðun, að þetta vald, gengisskráningarvaldið, eigi að vera áfram í höndum Alþingis, eins og það hefur verið, og þegar af þeirri ástæðu hef ég ásamt ýmsum fleiri beitt mér eindregið gegn þessu frv.

Ég vil þá eftir þennan inngang aðeins víkja að gengislækkuninni í sumar, sem var grundvöllur að þessari löggjöf, og nokkrum atriðum í sambandi við hana og efnahagsmálin almennt. Ég mun ekki fara mjög langt út í þetta, en mun stikla á mjög stóru.

Þegar ríkisstj. beitti sér fyrir efnahagslöggjöfinni 1960, var tekin upp sú stefna að reyna að bæta jöfnuðinn í viðskiptunum við útlönd og koma á nýju efnahagskerfi. Og meginstefnan var sú að magna sem allra mest dýrtíðina í landinu og draga á þann hátt úr neyzlu og framkvæmdum. Enn fremur átti að stuðla að því, að kaupgjaldið í landinu breyttist ekki og ekki heldur verðlag á afurðum. Þá voru gerðar ráðstafanir til þess að draga mjög úr lánsfé, sem menn áttu kost á, og innleiddir okurvextir, sem líka áttu að verka í þá átt að draga úr peningaumferðinni. Þetta var sú aðferð, sem ríkisstj. hafði mjög sterka trú á til þess að bæta ekki aðeins afkomuna út á við, heldur átti þetta að verða til að koma betra lagi á þjóðarbúskapinn yfirleitt.

Nú var augljóst, þegar þetta var gert, strax 1960, og var ýtarlega rakið af þeim, sem voru á móti þessu, að með þessu mundi verða reist svo gífurleg verðbólgualda, dýrtíðaralda í landinu, að ekki mundi ráðast við neitt og mundi því afleiðingin verða ein dýrtíðaraldan af annarri. Þetta mundi ekki leiða til jafnvægis eða stöðvunar á verðlagi, heldur þvert á móti mundi þarna rísa svo stórfelld dýrtíðarbylgja, að af henni mundi aftur rísa önnur og svo koll af kolli. Þá var sýnt fram á, að verðhækkunar-

áhrif þessara ráðstafana hlutu að verða meira en einn milljarður þegar á fyrsta ári, miðað við þjóðarframleiðslu og þjóðarbúskap, eins og hann var þá. Og þegar þess er gætt, að þjóðartekjurnar voru þá metnar á 5½—6 milljarða, þá átti það að vera hverju barni augljóst, að með þessu var stefnt til hinna mestu vandræða, bæði fyrir framleiðsluna og eins fyrir almenning í landinu, og það mundi vera gersamlega ómögulegt að hemja efnahagsmálin á þessari undirstöðu. Dýrtíðaraukningin hlaut að verða svo gífurleg og kjaraskerðingin svo óskapleg, að við slíkt yrði ekki unað. Að vísu mátti gera ráð fyrir, að veruleg framleiðsluaukning væri fram undan, vegna þess að áður en þessi stefna var tekin upp, höfðu verið gerðar alveg óvenjulega víðtækar og stórfelldar ráðstafanir til þess að afla nýrra framleiðslutækja til landsins, auk þess sem landhelgin hafði verið færð út. Og það var augljóst, að af þessu mundi verða stórfelld framleiðsluaukning. En þó að það væri fyrirsjáanlegt, var jafnframt augljóst, að jafnvel sú framleiðsluaukning gat ekki komið í veg fyrir, að sú meinsemd græfi um sig, sem hæstv. ríkisstj. hafði svo að segja gróðursett í íslenzku efnahagslífi með þessum fávíslegu ráðstöfunum, sem gerðar voru með efnahagslöggjöfinni 1960.

Afleiðingarnar af þessu hafa ekki látið á sér standa. Er af því orðin allmikil saga, sem ég skal ekki rekja hér í löngu máli í kvöld, enda er nú af og til verið að víkja að einstökum þáttum þeirrar sögu. En í stuttu máli var þannig komið sumarið 1961 eða vorið 1961, að ríkisstj. réð ekki við neitt, eins og fyrirsjáanlegt var, að hlaut að verða. Kjaraskerðingin var orðin svo stórkostleg, að ekki einu sinni ráðherrarnir treystu sér til að halda því fram, að launafólk, verkamenn t. d. eða launafólk yfirleitt, gæti lifað af því kaupi, sem því var ætlað. Ekki einu sinni hæstv. ráðherrar treystu sér til að halda slíku fram. Svo stórkostleg var kjaraskerðingin orðin þá strax, eins og líka nærri mátti geta, þegar athugað er, hvernig út var siglt, með þessum gífurlegu ráðstöfunum til þess að magna dýrtíðina á allan hátt, sem ég var að drepa á áðan.

Það er skemmst af því að segja, að ríkisstj. stóð þá uppi algerlega ráðalaus, nær allur atvinnurekstur í landinu var stöðvaður vegna verkfalls, og það var svo fjarri því, að þar væri um pólitískt verkfall að ræða, að þar var enginn munur á afstöðu manna í launþegasamtökunum eftir stjórnmálaskoðunum. Það var hreinlega, að menn voru neyddir til að reyna að fá þarna einhverja bót á ráðna.

Fyrst hélt hæstv. ríkisstj. því fram, að engu mætti breyta, það kæmi ekki til mála að breyta nokkru. En fljótlega, eftir að átökin hörðnuðu, fór hún að finna á því nokkur missmíði, og var þá farið að halda því fram, að eitthvað væri máske hægt að ganga til móts við launþegasamtökin. Og það endaði með því, að sáttasemjari ríkisins gerði uppástungu um nokkra launahækkun, en þó svo litla, að launþegasamtökin vildu alls ekki sætta sig við hana, enda var þá algerlega bilað allt traust manna á leiðsögu ríkisstj. Hún hafði á örstuttum tíma orðið a. m. k. þrísaga um möguleika þjóðarbúskaparins og atvinnurekstrarins til þess að veita hér einhverja úrlausn.

En þá var það, sem tókst að forða frá algerri stöðvun framleiðslunnar og eyðileggingu síldarvertíðarinnar. Og það gerðist á þann hátt, að samvinnufélögin í landinu og verkalýðsfélögin gátu komið sér saman um nýjan kjarasamning.

Þessi kjarasamningur var þannig, að það var yfir höfuð gert ráð fyrir 11—12% kauphækkun, og var það 5—6% meira en sáttasemjarar höfðu stungið upp á. Þá var í þessum samningi það svo mjög þýðingarmikla ákvæði, að kaupið skyldi hækka án nýrra samninga um 4% eftir eitt ár, ef báðir aðilar létu samninginn standa áfram, segðu honum ekki upp, og enn fremur, að kaup skyldi standa í stað í eitt ár, ef dýrtíð færi ekki fram úr 5%. En slíkt ákvæði hafði aldrei áður verið sett inn í launasamninga.

Með þessum samningum, sem urðu að eins konar fordæmi fyrir öðrum samningum um þessi mál, sem gerðir voru í beinu framhaldi af honum, var lagður æskilegur grundvöllur til að skapa í landinu stöðugt verðlag og jafnvægi í þjóðarbúskapnum og varanlegan vinnufrið. Hefði verið í lófa lagið fyrir hæstv. ríkisstj. að notfæra sér þessa úrlausn á þennan hátt. Að vísu hefði hún þurft að breyta stefnunni frá því, sem hún hafði haft hana. Hún hefði þurft að lækka vextina, sem raunar eru svo háir, að gersamlega er óhugsandi, að íslenzk framleiðslustarfsemi geti staðið undir þeim til lengdar. Þeir eru hærri en í nokkru öðru nálægu landi, og íslenzkir útflytjendur búa við hærri vexti en nokkrir keppinautar þeirra. Þetta er fásinna, sem getur ekki staðið til lengdar og hefur þegar gert óútreiknanlegt tjón framleiðendunum og þar með þjóðinni allri. Ríkisstj. hefði að vísu, til þess að þetta gæti staðizt, þurft að lækka vextina. En ríkisstj. hafði ekki hugsað sér að reyna að notfæra sér þessa samninga til að skapa varanlegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum eða varanlegan vinnufrið. Í stað þess réðst hún í það fólskuverk að nota þessa samninga sem átyllu til að fella gengið á nýjan leik í annað sinn á 16 mánuðum, — í annað sinn á 16 mánuðum, og ekki við nein kreppuskilyrði, heldur í einhverju því mesta góðæri, sem Íslendingar hafa lifað, og við hagstæða verðlagsþróun á erlendum markaði.

Ríkisstj. Íslands vann það fólskuverk s. l. sumar, að hún lækkaði stórkostlega gengið á íslenzkum gjaldeyri, enda þótt þjóðin byggi við óvenjulegt góðæri og hækkandi verð á útflutningsvörum. Hún leyfði sér að gera þetta og færa fram þá tylliástæðu, að atvinnuvegir landsins og þjóðarbúskapurinn þyldi ekki þá kauphækkun, sem samið var um. En mismunurinn á þeirri kauphækkun og því, sem hæstv. ríkisstj. hafði sjálf lýst yfir að þjóðarbúskapurinn þyldi, nam 5—6% kauphækkun.

Það hefur alltaf verið að koma betur og betur í ljós, hvílíkt fólskuverk þessi gengislækkun var. Og aldrei hefur það legið skýrar fyrir en nú, enda er hæstv. ríkisstj. áreiðanlega farin að sjá eftir þessari framkvæmd og á þó alveg

tvímælalaust eftir að sjá enn meira eftir henni, því að það er alls fjarri, að sé búið að bíta úr nálinni með afleiðingarnar af síðari gengislækkuninni ofan á þá fyrri, og mun ég koma að því hér á eftir.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að færa nein málefnaleg rök fyrir þessari gengislækkun. Það hefur verið sýnt fram á hér hvað eftir annað með algerlega pottþéttum rökum, að atvinnuvegirnir gátu borið þessa kauphækkun, og hæstv. ráðh. hafa orðið að hlusta á það þegjandi. Þeir hafa ekki treyst sér til þess að sýna fram á, ekki gert einu sinni tilraun til þess að sýna fram á, að það hafi þurft að lækka gengið s. l. sumar, vegna þess að atvinnuvegirnir gátu ekki borið þessa hóflegu kauphækkun, sem samið var um. Og ég skal enn einu sinni sýna fram á þetta með fáeinum orðum og bæta því við, sem nú hefur verið upplýst, síðan þetta mál var síðast hér til meðferðar.

Það er staðreynd, sem ómögulegt er að komast fram hjá, að verð á bræðslusíld og verð á síld í söltun hækkaði s. l. sumar þrátt fyrir kauphækkunina, svo að ekki þurfti gengislækkunina vegna síldarútvegsins. Þetta eru staðreyndir, sem hæstv. ráðherrar hafa aldrei treyst sér til að mótmæla, sem ekki er von. Aðrar greinar sjávarútvegsins, eins og fiskiðnaðurinn, voru taldar standa höllum fæti til að taka á sig kauphækkunina, en það hefur verið sýnt fram á það hvað eftir annað, að hækkun sú, sem varð á kaupinu umfram það, sem hæstv. ríkisstj. hafði talið vel viðunandi, nam sem svaraði 1—2% breytingu á útflutningsverði afurða frystihúsanna. Nú er það komið í ljós, að verðlag á útfluttum fiski á s. l. ári hefur hækkað miklu meira en sem svaraði þessari kauphækkun, — miklu meira. Það liggja nú fyrir yfirlýsingar t. d. frá Jóni Gunnarssyni framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um, að það hafi orðið straumhvörf á síðasta ári varðandi verðlag á frosnum fiski til báta, þ. e. a. s. að verðlag hafi hækkað á frosnum fiski á erlendum markaði. Og í skýrslu Seðlabankans er það greinilega tekið fram, að verðlag á sjávarafurðum hafi hækkað verulega á síðasta ári. Þetta kemur í ljós núna, svo að ekki verður um villzt, í þessum skýrslum, sem nú hafa verið gefnar út. Það kemur alveg greinilega í ljós, að það kom ekki til mála, að það þyrfti að breyta skráðu gengi gjaldeyrisins vegna sjávarútvegsins í sambandi við þær kauphækkanir, sem urðu á s. l. sumri. Hæstv. ráðherrar eru algerlega afhjúpaðir í sambandi við þetta mál með þeim upplýsingum, sem hafa komið fram upp á síðkastið og staðfest það, sem stjórnarandstaðan sýndi fram á varðandi þetta mál strax s. l. sumar.

Þarna þarf svo að bæta því við, að þetta sýnir, að sjávarútvegurinn gat staðið undir þessari kauphækkun, jafnvel án þess að vextirnir væru lækkaðir, eins og málið stóð s. l. sumar, hvað þá heldur ef vextirnir hefðu verið lækkaðir á þann hátt, sem stjórnarandstaðan lagði til. Um þetta þarf því alls ekki að deila lengur. Það er alveg augljóst mál, að vegna útflutningsatvinnuveganna þurfti ekki að lækka gengið, enda gefur það auga leið, að hæstv. ríkisstj. hefur verið önnum kafin í allan vetur við að kroppa af útgerðinni aftur þá fjármuni, sem til hennar hefðu að öðrum kosti verið fluttir í sambandi við gengislækkunina. Hæstv. ríkisstj. hefur í allan vetur verið að taka, ýmist með eignarnámi verðhækkunar á útflutningsvörubirgðum eða nýjum, stórfelldum álögum, af útgerðinni aftur til baka þá fjármuni, sem til hennar fluttust eða hefðu flutzt að öðrum kosti með gengisbreytingunni í sumar.

Þá er það iðnaðurinn. Hvað hefur komið í ljós varðandi iðnaðinn? Og hvað kom í ljós strax s. l. haust? Það kom í ljós, að iðnaðurinn gat auðveldlega staðið undir þeim kauphækkunum, sem samþykktar höfðu verið, og því var lýst yfir af hálfu iðnrekenda í stjórnarblöðunum, að þeir hefðu yfir höfuð alls ekki fengið neinar verðhækkanir samþykktar vegna kauphækkunarinnar. Það hefur komið í ljós, að verðhækkanirnar, sem urðu á iðnaðarvörunum, voru vegna gengislækkunarinnar, voru vegna þeirrar hækkunar, sem hafði orðið á innfluttum hráefnum vegna gengislækkunarinnar.

Þannig lá það fyrir og liggur enn greinilegar fyrir núna, að íslenzkir atvinnuvegir gátu vel borið þessa hóflegu kauphækkun, sem samþykkt var.

Það hefur einnig verið sýnt fram á það hér í þessum umr. þráfaldlega, að þær ástæður, sem hæstv. ríkisstj. og hennar lið hafa stundum verið að burðast við að færa fram fyrir gengislækkuninni, að hún hefði sett búskapinn út á við úr jafnvægi, eru einnig algerlega úr lausu lofti gripnar. Það sýna þær tölur, sem nú liggja greinilega fyrir varðandi útflutningsverðmætið og gjaldeyrisstöðuna.

En hvernig í ósköpunum gat þá staðið á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi leggja út í þessa vitleysu: að lækka gengið á nýjan leik stórkostlega og efna til nýrrar dýrtíðaröldu í landinu, ef hún væri ekki til þess knúin vegna afkomu atvinnuveganna, en það var hún ekki? Það liggja fyrir sem blákaldar staðreyndir, að það var hún ekki. Hún var alls ekki til þess knúin á nokkurn hátt. Það voru engin efnahagsleg rök finnanleg fyrir gengislækkuninni, og því síður eru þau finnanleg nú, þegar fyrir liggja upplýsingar um þjóðarbúskapinn s. l. ár.

Það er alveg tvímælalaust, að það, sem fyrst og fremst vakti fyrir ríkisstj. með gengislækkuninni, átti ekkert skylt við efnahagsmálin, sem ég nú hef verið að rekja. Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir stjórninni með gengislækkuninni, var að skjóta launþegasamtökunum skelk í bringu, sýna launþegasamtökunum, að ef samið væri öðruvísi um kaupgjaldsmál en stjórninni þóknaðist, hefði stjórnin þetta vopn, hefði hún það vopn að taka kauphækkanirnar strax til baka með gengislækkunum. Þess vegna þýddi ekkert fyrir verkalýðsfélögin eða launþegasamtökin að gera aðra samninga um kaupgjaldsmál en stjórnin vildi. Með öðrum orðum, að í staðinn fyrir formlega lögbindingu á kaupgjaldi hugsaði stjórnin sér að koma í framkvæmd raunverulegri lögbindingu á kaupgjaldi

með því að lækka gengið á þennan hátt, sem hún gerði, og setja ný lög um, að ríkisstj. hefði raunverulega gengisskráningarvaldið í sínum höndum. Það er þetta, sem á að gera með því frv., sem hér liggur fyrir, eins og ég sýndi fram á áðan. Ég geri ráð fyrir því, að einnig hafi komið til greina, að ríkisstj. var í heiftarhug, þegar hún lagði út í gengislækkunina, vegna þess að kaupgjaldsmálin voru leyst nokkuð öðruvísi en hún vildi, og stjórnin varð allt að því að athlægi í sambandi við það, hvernig hún tók á þessum málum. Ég býst þess vegna við, að ríkisstj. hafi verið í heiftarhug. Það er þess vegna ekki alveg víst, að hún hefði ráðizt í að vinna þetta skemmdarverk á íslenzku efnahagslífi: að nota gengisskráninguna sem vopn í styrjöld sinni við verkalýðsfélögin eða launasamtökin, — það er ekki alveg víst, að hún hefði gert það, ef hún hefði ekki verið í heiftarhug.

Það er enginn vafi á því, að með þessari síðari gengislækkun hefur stjórnin framkvæmt einhverja sína mestu yfirsjón, því að með þeirri dýrtíðaröldu, sem reist hefur verið með henni, þegar hún bættist við það, sem fyrir var, hafa málefni landsmanna verið keyrð í miklu háskalegri hnút en nokkru sinni fyrr. Og það er alveg augljóst, að málin geta ekki staðizt lengi, eins og þau eru núna í dag.

Hæstv. ríkisstj. er ákaflega barnaleg í þessu sambandi. Hún er að láta gorta af því, að það hafi orðið sæmileg útkoma á gjaldeyrisreikningum bankanna. Það mundi nú engum hafa þótt mikið, þótt það væri sæmileg útkoma á gjaldeyrisreikningum bankanna, þegar aflinn hefur verið meiri en nokkru sinni áður í sögu landsins og þar að auki hækkandi verðlag á flestum útflutningsafurðum. Stjórnin leikur sér að því að auglýsa þessa gjaldeyrisreikninga bankanna, eins og börnin sýna gullin sín.

En því miður eru miklu alvarlegri og stórfelldari þættir í þessum málum, sem þarf að skoða, en þessir gjaldeyrisreikningar einir saman. Ég skal þó ekki fara langt út í það hér að ræða afkomuna út á við. Ég ætla þó að benda á örfá atriði, sem sýna, hvernig búið er að koma málum þjóðarinnar með þeim aðförum, sem viðhafðar hafa verið, tveimur gengislækkunum og öllum þeim gífurlegu álögum, sem þeim hafa verið látnar fylgja. Og ef menn íhuga þessar staðreyndir, sem ég mun aðeins lauslega drepa á og það örfáar, þá getur menn farið að gruna, hvað líklegt sé að fram undan verði í málefnum Íslendinga á næstu árum og hversu nærri það muni vera — eða hitt þó heldur, að efnahagsmálin séu komin í viðunandi ástand, eins og stjórnarblöðin hafa verið látin segja.

Framfærslukostnaður í landinu hefur vaxið um 27% frá því í marzmánuði 1959. Kaupgjald hefur að vísu hækkað dálítið á þessu tímabili, en ekki nema sem nemur nokkru broti af þessari gífurlegu dýrtíðarhækkun, en hún nemur 27 vísitölustigum — eða 54 vísitölustigum miðað við vísitöluna, sem notuð var, áður en nýja efnahagslöggjöf ríkisstj. var sett. Dýrtíðin hefur vaxið um 54 vísitölustig síðan í marz 1959. Er þó ekki öll sagan sögð með því, því að þar inn í vantar að mestu leyti þá gífurlegu hækkun, sem hefur orðið á því að byggja íbúðarhúsnæði. Kaupið hefur sem sagt hækkað um nokkur prósent, en ekki nema um lítinn hluta af þessari gífurlegu hækkun. Á sama tíma hafa þjóðartekjurnar vaxið vegna aukinnar framleiðslu, sem að engu leyti á þó rót sína að rekja til ráðstafana núv. ríkisstj., því að aukin framleiðsla, sem orðið hefur á þessu tímabili, á að engu leyti rót sína að rekja til ráðstafana núv. ríkisstj., en fyrst og fremst til þeirrar kröftugu framfara- og uppbyggingarstefnu, sem fylgt var í landinu, áður en núv. hæstv. ríkisstj. og valdasamsteypa hennar kom til greina.

En dýrtíðaraukningin er sem sagt sem svarar 54 stigum eða 27 stigum í nýju vísitölunni, eða 27% frá því í marz 1959. Þetta þýðir, að það hefur verið framkvæmd í landinu stórkostleg kjararýrnun, enda þótt framleiðslan hafi vaxið.

Ef við svo lítum á þetta ástand frá sjónarmiði heimilanna og tökum t. d. vísitöluheimilið, sem á að vera einkennandi fyrir heimili almennings í landinu, þá verður dæmið þannig, að matvörurnar, sem vísitöluheimilið þarf að kaupa, eru komnar upp í 30 þús. kr., hiti og rafmagn upp í 5200 kr., fatnaður upp í 12900 kr. og ýmis vara og þjónusta upp í 15600 kr. Þetta er byggt á hinum nýja vísitölugrundvelli, sem hafði verið mjög vel athugaður. En þá er eftir húsnæðisliðurinn, sem er í vísitölunni metinn mjög lágt, og þá ekki að neinu leyti verið tekinn upp í hann kostnaður eins og hann er nú orðinn við að búa í nýjum húsum.

Gerum nú ráð fyrir því, að þessi fjölskylda eigi að búa í húsi, sem fram að þessu hefur verið álitið viðeigandi, og gerum ráð fyrir, að þessi fjölskylda eigi að hafa til umráða 90 fermetra húsnæði, og miðum við það, sem kostar núna að koma upp slíkri íbúð, en vitanlega verður að miða við það, það verður að miða þjóðarbúskapinn við, að það geti fleiri lifað en þeir, sem eiga gamla íbúð. Ég ímynda mér, að jafnvel hæstv. ríkisstj. muni ganga inn á það, að unga fólkið þurfi líka að lifa og það eigi ekki að hætta að stofna heimili á Íslandi. En sé þetta tekið með í dæmið og reiknað með slíkri íbúð og kostnaði við hana og reiknað með, að fjölskyldan greiði aðeins 8% af kostnaðarverði slíkrar íbúðar, þá verða það 34700 kr., bara 8% af kostnaðarverði slíkrar íbúðar. Þá er ekki gert ráð fyrir að greiða húsið niður um einn einasta eyri, bara reiknaðir 8% vextir, og eru það ekki einu sinni fullir vextir, eins og hæstv. ríkisstj. reiknar af íbúðalánunum, hvað þá víxlum og öðru slíku. Og þá er ekkert fyrir sköttum og gjöldum af húsinu eða neinu þess konar. Þessi fjárhæð er því náttúrlega allt of lág. En við skulum bara setja hana svona lága til þess að verða ekki sakaðir um öfgar í þessu á einn eða annan hátt viðreisninni í óhag. En við þetta verður framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar, ef hún á að búa í slíkri íbúð og greiða 8%, 98500 kr., en Dagsbrúnarverkamaður hefur núna 54500 kr. á ári eða vantar 44 þús. kr. á ári til að geta lifað lífi vísitölufjölskyldu og búið í 90 fermetra íbúð og greitt aðeins 8% af andvirði hennar. Ef slíkur maður hefði eftir-

vinnu í tvær stundir hvern einasta vinnudag ársins, gæti hann komizt það hátt, að hann vantaði 22200 kr. En ef það ætti að reikna með eðlilegri afborgun af svona íbúð, verður dæmið enn þá ljótara og verra.

En á þessu dæmi sjáum við svona hér um bil, hvernig ráðstafanir hæstv. ríkisstj. eru búnar að koma íslenzkum þjóðarbúskap. Ég ætla, að þetta dæmi sýni það betur en hitt, hvort það er 10 millj. meiri eða minni inneign á gjaldeyrisreikningi Seðlabankans. Ég ætla, að þetta sé veigameiri þáttur að íhuga fyrir hæstv. ríkisstj. og aðra.

Og hvað halda menn, að svona vitleysa geti lengi staðizt? Við skulum segja t. d., að menn segðu sem svo, að það ætti að miða við hærra kaup en verkamannakaupið. En það er alveg sama, þó að menn færu upp í að miða við 8 þús. kr. á mánuði eða jafnvel 10 þús. kr. á mánuði, þetta er botnlítið samt.

Svo lætur hæstv. ríkisstj. blöðin sín segja, að viðreisnin hafi tekizt vel, ágætlega, allt sé í góðu lagi og ástandið viðunandi.

Ætli þessir menn, sem skrifa svona, eigi kannske heima í gömlum húsum? Þeir eru kannske fyrir löngu búnir að greiða sín hús og gera alls ekki ráð fyrir því, að næstu kynslóðir á Íslandi þurfi húsnæði, það þurfi ekkert að reikna með slíku.

Hvað heldur svo sjálf hæstv. ríkisstj., að þetta geti staðizt lengi, þetta ástand? Hvað heldur hún, að kaupgjald í landinu geti staðið lengi eins og það er núna, miðað við þessar kringumstæður? Ég bara spyr. Það væri fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. vildi segja sitt mat á því, hvað hún heldur yfirleitt, að kaupgjald geti lengi staðið óbreytt í landi, þar sem svona er ástatt. Þetta væri fróðlegt að heyra. Hvað á t. d. unga fólkið lengi að bíða eftir því, að það sé einhver grundvöllur hugsanlegur fyrir þess búskap?

Ég held, að þær gjaldeyriskrónur, sem hæstv. ráðh. eru að leika sér að, þau gull séu nokkuð dýrt keypt, — ef þessar aðfarir yfir höfuð hafa þá þar ofan í kaupið nokkuð orðið til þess að fjölga þeim, sem ég raunar dreg alveg í efa, — en jafnvel þótt svo væri, að einhverjar af þessum krónum ættu rætur sínar að rekja til þeirra aðfara, sem svona hafa leikið íslenzkan þjóðarbúskap, þá held ég, að þær mundu dæmast samt sem áður óalandi og óferjandi og að slíkt væri allt of dýru verði keypt.

Þetta var varðandi möguleika heimilanna til að standa undir daglegum nauðsynjum. En svo verður það sama upp á teningnum, ef litið er á þá liði, sem varða uppbyggingu framleiðslunnar.

Það er búið að koma þannig málum, t. d. varðandi búskap, að það má teljast með öllu óhugsandi að stofna heimili í sveit frá grunni. Í nýlegri áætlun, sem Stéttarsamband bænda hefur látið frá sér fara, er um þetta nokkur vitnisburður á þá lund, að eins og búið sé að koma þessum málum, sé yfir höfuð ekki hægt að gera ráð fyrir því, að ný heimili verði stofnuð í sveit. Það sé helzt möguleiki að bæta eitthvað á þeim heimilum, sem fyrir eru, og þá allvel grónum. Þetta er ekki álit andstæðinga ríkisstj. einna saman, heldur sumra þeirra, sem hafa stutt a. m. k. annan flokkinn, sem stendur að hæstv. ríkisstj. Þetta er þeirra mat á því, hvernig búið sé að leika íslenzkan landbúnað með þessum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið.

Ef við lítum að sjávarsíðunni, blasir það sama við. Skip og bátar hafa hækkað gífurlega í verði, en aðstoð ríkisins við að afla þessara tækja verið minnkuð og dregin saman. Það er ómögulegt að sjá, að nokkur grundvöllur sé fyrir því, að áfram haldist öflug uppbygging sjávarútvegs víðs vegar við landið, eins og þessi mál horfa, þegar það er t. d. orðið þannig, að til að eignast 50 tonna bát vel búinn þarf að mæta með 1 millj. 700 þús. kr. í framlag að frádreginni einhverri smálús í atvinnuaukningarfé, sem alltaf er verið að skera niður og bráðum er orðið að engu með þessum aðförum.

Á undanförnum árum hafa sjómenn nærri því flykkzt inn í útgerðina sem framleiðendur og atvinnurekendur, og er það einhver ánægjulegasta þróun, sem hægt er að hugsa sér. En hvað ætli það verði margir sjómenn, sem á næstunni geta orðið útgerðarmenn og geta tekið þátt í því að byggja upp sjávarútveginn, eins og nú er búið að ganga frá þessum málum? Ég spyr. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.

Auðvitað veit ég, að hæstv. ráðh. sjá þetta. Þeim hlýtur að vera það ljóst nú orðið, þó að þeir hafi vafalaust alls ekki gert sér grein fyrir því, þegar þeir lögðu út í þessa fásinnu alla saman, — þeim hlýtur að vera orðið það algerlega ljóst nú orðið, að fram undan eru alveg stórkostlegar verðbyltingar í landinu. Þeim hlýtur að vera það ljóst t. d., að það verður að stórauka t. d. lánsfé, ef þessi uppbygging á ekki að stöðvast, — verður að stórauka lánsfé og fyrirgreiðslu á mörgum sviðum, auk þess sem það er auðvitað algerlega óhugsandi, að kaupgjald og afurðaverð eða tekjur yfirleitt geti staðizt til lengdar, eins og það er nú. Það er alveg óhugsandi.

Það má geta um það rétt í leiðinni t. d., að þetta hefur nú þegar haft áhrif. T. d. hefur framræslan í landinu orðið þriðjungi minni 1961 en hún hefur verið á undanförnum árum. Íbúðabyggingar dragast stórkostlega saman, sem er ekki að furða, eins og að þeim málum er búið og ég hef lauslega bent á.

Auðvitað er mér það ljóst, að hæstv. ríkisstj. hugsar sé ekki að stuðla að því, að þessi mál geti aftur þróazt í þá átt, sem var. Mér er það algerlega ljóst, að hæstv. ríkisstj. lætur sér það í léttu rúmi liggja, þó að ekki byggist upp stórfelld aukning í sjávarútveginum og á vegum sjómanna eða almennings yfir höfuð úti um land, — einnig þó að stöðvist myndun nýrra heimila í landbúnaðinum, að þeir stefna að því að fækka bændaliði stórkostlega, eins og hvað eftir annað hefur komið í ljós úr þeirra herbúðum.

Mér er einnig ljóst, að þeir láta sér einnig í léttu rúmi liggja, þótt uppbygging sjómanna minnki, því að þeir vonast eftir því, að í staðinn komi stór og ríkt félög, sem fá aukinn gróða vegna þess, hve kaupgjaldi er haldið niðri, og

þau taki uppbygginguna að sér. Það er þeirra hugsjón. Það er þeirra hugsjón, að aftur komi þeir gömlu og góðu dagar, að hin stóru félög taki uppbygginguna að sér, jafnvel eignist eignir hinna, sem verða að gefast upp fyrir þessum búsifjum, sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir.

Þessi þróun er nú þegar að byrja, eins og hv. þm. Björn Pálsson sagði hér í dag. Það hefur verið búið þannig að þeim, sem hafa verið að útvega sér framleiðslutæki undanfarið, að margir af þeim hljóta að gefast upp vegna þeirra áfalla, sem þeir hafa orðið fyrir af tveimur gengisfellingum og öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. Þá er það hugsunin, að þeir stóru, félögin, sem græða á þessu búskaparlagi og meira og meira eftir því sem þetta búskaparlag stendur lengur, þau stígi fram og setji upp atvinnurekstur á sínum vegum. Þetta er það, sem Sjálfstfl. kallaði að draga úr hinni pólitísku fjárfestingu, þ. e. að draga úr stuðningi við uppbyggingu almennings og að í staðinn komi hin efnahagslega fjárfesting.

Alveg eins er það með íbúðamálin. Ef þessu verður haldið áfram svona, er vafalaust hugsunin sú, að þeir, sem þurfa að ávaxta fé, eignast mikið fjármagn, sópa að sér miklu fjármagni, þeir taki að sér að byggja íbúðir, nógu litlar, sem þeir geti leigt mönnum. Fólk eigi ekki að vera að standa í því, eins og undanfarið hefur verið, að koma sér upp eigin þaki yfir höfuðið.

Það er svo einkennandi fyrir alla framkomu og allan málflutning Sjálfstfl. og ríkisstj., að þessi stefna, sem ég hef verið að lýsa með því að nefna nokkrar staðreyndir sem dæmi, hún er rekin undir kjörorðinu „eign fyrir alla“. Og það er víst ætlazt til þess, að visitölufjölskyldan, sem ég var að nefna dæmið um hér áðan, — það er víst ætlazt til, að hún kaupi hlutabréf í almenningshlutafélagi, hafi afgang til að kaupa hlutabréf í almenningshlutafélagi. Einkunnarorð þessarar stefnu á að vera „eign fyrir alla“, en hún er þó beinlínis miðuð við að koma í veg fyrir, að almenningur geti á sama hátt orðið efnahagslega sjálfstæður og tíðkazt hefur hér á undanförnum áratugum.

Nú á að gerbreyta þessu með því móti, sem hér hefur verið lýst, og kjörorðið er „eign fyrir alla“.

Það er líka í prýðilegu samræmi við kjörorð þess flokks, sem gekk til kosninga síðast undir kjörorðinu, að það ætti að stöðva dýrtíðina, Alþfl., og hefur svo staðið fyrir því, sem ég hef nú lauslega drepið á. Og það sama má auðvitað segja um Sjálfstfl., sem sagði, að leiðin til bættra lífskjara væri að kjósa frambjóðendur Sjálfstfl.

En hverjar eru efndirnar? Hver er útkoman núna, eins og málin horfa við fjölskyldunum í landinu, ekki séð frá sjónarhóli bókhaldaranna í Seðlabankanum, heldur frá sjónarhóli fjölskyldnanna í landinu? Hvernig hefur verið staðið við þetta kjörorð? Það er í ágætu samræmi við þetta, að það er búið að finna þetta ljómandi nýja einkunnarorð fyrir þessa stefnu, þ. e. „eign handa öllum“. Það er sem sé afgangurinn af kaupinu, afgangurinn af tekjunum, afgangurinn af afurðaverðinu, sem mönnum er ætlað að leggja í almenningshlutafélög.

Það væri hægt að draga fram margt fleira til þess að sýna fram á þau mistök, sem orðið hafa í þessum málum, og hversu geigvænlega horfir. Það var alveg sérstaklega hryggilegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi flana út í þá ráðstöfun að lækka gengið í sumar ofan á það, sem komið var. Ég held satt að segja, að það sé ekki hægt að finna nokkurn mann, sem heldur því fram í alvöru, að gengislækkunin hafi verið þörf eða knýjandi.

Á hinn bóginn eru til einstaka öfgamenn og æstir fylgismenn núv. ríkisstj., sem segja, að gengislækkunin hafi verið allvel valin ráðstöfun sem vopn í orrustu hæstv. ríkisstj. við almenning í landinu, þá orrustu, sem hún heyr við almenning í landinu. Það eru til öfgamenn í liði hæstv. ríkisstj., sem álíta það. En hinir held ég að séu vandfundnir, ef ekki algerlega ófinnanlegir, sem halda því fram í alvöru, að gengislækkunin hafi verið skynsamleg ráðstöfun eða verið byggð á nokkrum efnahagslegum rökum. Sem sagt, það eru til æsingamenn í þessu liði, sem halda því fram, að þetta hafi verið vel heppnað högg. En ég óttast, að hér muni fara sem oftar, að skamma stund verður hönd höggi fegin.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls færði ég fram ýmis rök fyrir því, að gengislækkunin, sem framkvæmd var snemma í ágústmánuði s. l. ár, hefði ekki átt rétt á sér, hefði verið með öllu óþörf vegna atvinnuveganna. Ég minntist þar m. a. á hagskýrslur, bæði um fiskafla, sem var miklu meiri árið sem leið en áður, og einnig nefndi ég skýrslur hagstofunnar um útfluttar vörur frá landinu og verðmæti þeirra. Ég vitnaði í janúarhefti Hagtíðinda 1962, en þar er birt skýrsla um útfluttar íslenzkar afurðir allt árið 1961 og einnig til samanburðar árið 1960. Ég reiknaði það út eftir þessari skýrslu, að verðmæti útflutningsins hefði verið árið 1961 13.7% meira en það var 1960 og 16.6% meira en 1959, ef borið er saman við það ár. Hins vegar hafði ég þá ekki veitt því athygli, að í þessari skýrslu í Hagtíðindunum, sem birtist í janúarheftinu, er ekki búið að samræma tölurnar gengisskráningunni nýju frá í ágúst, þannig að þarna eru lagðar saman í þessari skýrslu tölur, sem sýna útflutninginn fyrstu sjö mánuði ársins, en þar er um að ræða nokkru verðhærri krónur en taldar eru fyrir útflutninginn síðustu fimm mánuðina. Ég hef tekið þessar tölur rétt upp og reiknað rétt út prósenturnar, en vegna þess að þarna er ekki búið að samræma þessar tölur vegna gengisbreytingarinnar, þá gefa þær ekki svo rétta mynd af breytingunum sem hægt er að fá með því að umreikna, eins og það er kallað, til hins nýja gengis. En eins og ég gat um einnig, þegar ég ræddi um þetta, þá gefa þessar útflutningstölur út af fyrir sig nokkuð takmarkaða hugmynd um útflutningsvöruverðmætið hvert árið fyrir sig, vegna þess að birgðir eru mismunandi

frá ári til árs, útflutningsvörubirgðir í árslokin. Ég hef því gert á þessu nýja athugun. Ég hef í fyrsta lagi umreiknað útflutningstölurnar fyrir árin 1959 og 1960 og fyrstu sjö mánuði ársins 1961 eftir hinu nýja gengi og í öðru lagi athugað og fengið upplýsingar hjá Seðlabankanum um útflutningsvörubirgðir um hver áramót, eftir því sem Seðlabankinn hefur metið þær hverju sinni. Í þessum upplýsingum, sem ég fékk, eru birgðirnar reiknaðar öll árin á því gengi, sem nú er, eða við það er miðað.

Á árinu 1959 var birgðaaukning nokkur, aftur töluverð birgðarýrnun 1960, og skv. ársskýrslu Seðlabankans jukust útflutningsvörubirgðir árið 1961 um 186 millj. Þegar ég hef gert samanburð á útflutningnum, sem byggður er á þennan hátt, og bætt við útflutningsheildartöluna í Hagtíðindum birgðaaukningu 1959, hins vegar dregið frá tölunum fyrir 1960 þá birgðarýrnun, sem varð á árinu, og bætt við útflutningstöluna birgðaaukningu 1961, þá verður útkoman sú, að 1961 er útflutningsvöruverðmætið 19% meira en 1960 og 11.6% meira en 1959.

Nú er það auðvitað svo, að þó að það hafi geysimikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, hvað mikið fæst fyrir útfluttar framleiðsluvörur ár hvert, þar sem útflutningurinn nemur nú um 3000 millj. á ári, þá segir það auðvitað ekki allt um afkomu þjóðarbúsins. Þar kemur vitanlega fleira til greina, svo sem framleiðsla til innanlandsnotkunar, sem er vitanlega mikil. En þetta gefur þó, þegar það er reiknað með þessum hætti, allmikla bendingu um það, hverjar breytingar hafa orðið á hag þjóðarinnar á þessu tímabili.

Það eru vitanlega ýmsar fleiri skýrslur, sem ástæða er til að athuga, og ég gerði það einnig í framsöguræðu minni við 2. umr. Ég vitnaði þar nokkuð í nýkomna ársskýrslu Seðlabanka Íslands. Ég tók upp í mitt nál. setningu úr ársskýrslunni, þar sem greint er frá því, hver heildarfiskaflinn hafi orðið á árinu 1961, og þar kemur fram, að hann hefur orðið 23.3% meiri en 1960. En í skýrslu bankans segir, að verðmæti aflans hafi hins vegar ekki aukizt að sama skapi, þar sem aflaaukningin stafaði svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Síðan segir í skýrslu bankans, í frh. af þessu: „Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3000 millj. kr. á móti 2628 millj. kr. 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.“ Ég hafði ekki, þegar ég tók þessa setningu upp í mitt nál., íhugað það sérstaklega, hvað þetta þýddi, sem segir í niðurlagi þessarar setningar, að tölurnar séu umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi. Skiljanlega þurfti að umreikna þær til þess gengis, sem nú er í gildi, til þess að geta fengið út úr þessu eðlilegan samanburð. En svo fór ég að spyrjast fyrir um það hjá bankanum, hvernig stæði á þessum orðum þarna: „til sama verðs“, og þá kemur það upp úr kafinu, að þetta hafði verið reiknað þannig hjá bankanum, að þeir tóku útflutningsvörurnar allar og hverja tegund fyrir sig árin 1959 og 1960 og reiknuðu út, hvað hefði fengizt fyrir þær, ef þær hefðu selzt fyrir sama verð og útflutningsvörurnar 1961, og birta svo þetta í sinni skýrslu, þessa útkomu, og kalla það heildarframleiðsluverðmæti. Nú getur út af fyrir sig verið skemmtilegt að finna út, hvað þjóðin hefði fengið fyrir útfluttar vörur t. d. 1959, ef þær hefðu selzt fyrir sama verð hver vörutegund og fékkst fyrir þær 1961. En það hefur litla þýðingu að reikna út slík dæmi og birta þau, ef menn ætla að sjá, hvernig hagur þjóðarinnar raunverulega breytist vegna breytinga á verði og magni vöruframleiðslunnar. En ég reiknaði út frá þessum tölum Seðlabankans og setti í mitt nál., að þær sýndu, að framleiðsluverðmæti sjávarafurða hefði aukizt um rúml. 14% 1961 frá árinu áður, verið rúml. 14% meiri en árið 1960. En síðan fékk ég mér aðrar upplýsingar. Fiskifélag Íslands reiknar út framleiðsluverðmæti sjávarafurða og birtir þær skýrslur, og ég fékk hjá Fiskifélaginu í fyrradag upplýsingar úr þeirra útreikningum um framleiðsluverðmæti sjávarafurða umreiknað til þess gengis, sem nú er, og þeir byggja sínar skýrslur vitanlega á því, hvað raunverulega fékkst fyrir vörurnar, hvert söluverð þeirra var raunverulega hvert árið. Og þeir finna það út, að framleiðsluverðmæti sjávarafurða 1960 umreiknað til þess gengis, sem nú er, hafi verið 2557 millj., í staðinn fyrir að talan hjá Seðlabankanum, fundin á þann hátt, sem ég nefndi áðan, er 2628 millj., og þetta er skiljanlegt, að Seðlabankinn fær þarna með því að reikna með verði ársins 1961 hærri tölu en rétt er, vegna þess að verðið mun hafa verið lægra 1960 en 1961. En Fiskifélagið var hins vegar ekki í fyrradag búið að ljúka sínum útreikningum á framleiðsluverðmætinu fyrir árið 1961. En ef miðað er við þá tölu fyrir það ár, sem Seðlabankinn nefnir í sinni skýrslu, 3000 millj., og hún er borin saman við þessa tölu, sem Fiskifélagið gefur upp, 2557 millj., þá kemur út framleiðsluaukning 1961 eða verðmætisaukning framleiddra sjávarafurða 1961 frá árinu áður 17.3%.

Ég held, að þessar skýrslur, sem ég hef hér vitnað til, bæði skýrslur hagstofunnar um útflutningsverðmæti í heild og þegar er þá tekið með í reikninginn, hvað miklar birgðir hafa verið bæði nú við síðustu áramót og næstu áramót á undan, þetta er borið saman, einnig skýrslur Fiskifélagsins um framleiðsluverðmæti sjávarafurða út af fyrir sig, þá sýni það mjög glöggt, að það hefur orðið svo mikil framleiðsluaukning hjá þjóðinni árið sem leið, að þessi gengislækkun var gersamlega ástæðulaus þrátt fyrir þá kauphækkun, sem varð í júnímánuði næstliðið ár. Og eins og ég sagði áður, þá tel ég þar hafa verið hið mesta ógæfuverk framið að lækka gengið, öllum væri betra, að það hefði verið látið standa óbreytt, og meiri friður ríkt á vinnumarkaðinum en nú er og minna um kröfur um kjarabætur, því að það hefði vitanlega verið miklu betra fyrir verkamenn og aðra launamenn að búa við það kaup áfram, sem þeir sömdu um í júnímánuði s. l., og óbreytt gengi, heldur en að fá á sig gengislækkunina og þær miklu verðhækkanir á öllum nauðsynjum, sem þar með fylgdu, þó að þeir fái svo síð-

ar hækkun á kaupi. Þá hefur það gerzt, að krónan hefur verið lækkuð að óþörfu, og það má aldrei gera. Okkar króna var sannarlega orðin nógu verðlítil fyrir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. það, sem hér er til umr., ásamt 7. þm. Reykv. (ÞÞ). Það yrði þá á undan 1. greininni í þessu frv. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands og kæmi inn í 13. gr. l. um Seðlabanka. Brtt. er þannig, að á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Á eftir 2. málslið 13. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvörðun sína um hámark vaxta skal bankinn miða við það, eftir því sem unnt er, að íslenzkir atvinnuvegir sæti ekki lakari vaxtakjörum en atvinnuvegir þeirra þjóða, sem Íslendingar þurfa einkum að keppa við."

13. gr. öll yrði þá þannig:

„Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til þess að ákveða hámarksvexti samkv. lögum nr. 58 1960." Og þarna bætist inn í: „Ákvörðun sína um hámark vaxta skal bankinn miða við það, eftir því sem unnt er, að íslenzkir atvinnuvegir sæti ekki lakari vaxtakjörum en atvinnuvegir þeirra þjóða, sem Íslendingar þurfa einkum að keppa við."

Og svo er áframhaldið þá: „Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans."

Það, sem farið er fram á þarna, er, að vextirnir séu miðaðir, eftir því sem unnt er, við það, sem nágrannaþjóðir okkar, sem við þurfum að keppa við um markaðinn, haga sínum vöxtum. Það hefur verið þannig, að ríkisstj. hefur falið Seðlabankanum að ákveða alla vexti. Það voru sérstök lög um vexti hjá ýmsum sjóðum og stofnunum, en þessi völd hafa öll verið dregin á eina hönd, og Seðlabankinn á að ákveða þetta með samþykki ríkisstj., og það er vitanlega það sama og að ríkisstj. ráði þessu í framkvæmdinni. Það er eins og með gengið, að þrátt fyrir það þó að Seðlabankinn eigi að taka formlega ákvörðun, þá á að gera það í samráði við ríkisstj., og bankinn hagar sér eðlilega eða gerir eftir því, sem ríkisstj. mælir fyrir. Ég er ekki að segja, að það sé óeðlilegt. Það er eðlilegt, að ríkisstj. ráði mestu um Seðlabankann. En náttúrlega er anzi langt gengið að taka allt vald af Alþingi til að ákveða vexti og fela Seðlabankanum eða réttara sagt ríkisstj. sjálfri það. Valdið að skrá gengi íslenzkrar krónu og ákveða vexti er algerlega tekið af þinginu og fært í hendur Seðlabankans og ríkisstj. Það er gengið svo langt, að menn mega ekki ákveða vexti af því fé, sem þeir raunverulega lána sjálfum sér, — á ég þar við innlánsdeildir kaupfélaganna, — því að bankinn hefur vald til að ákveða vexti þeirra líka. Og það er ekkert annað en að félagsmennirnir eru þar að lána sjálfum sér.

Fiskverðið er t. d. talsvert lægra hér en í Noregi. Við vorum að athuga þetta á fundi hjá L. Í. Ú., og okkur virtist, að s. l. ár hefði þetta munað 50—60 aurum á kg af fiski upp úr sjó, þegar búið var að draga frá alla þá styrki, sem norska ríkið veitir sjávarútveginum. Ég hygg, að þessi verðmunur komi ekki af því, að norski fiskurinn seljist fyrir hærra verð, því að eftir þær upplýsingar, sem ég hef fengið, mun okkar fiskur seljast fullt eins vel. Það, sem veldur þessum mismun, er, að það eru hærri vextir hér og það eru hærri útflutningsgjöld hér. Þetta er það, sem aðallega skapar verðmuninn. En þetta er 20—25% verðmunur á fiski upp úr sjó. Þarna er um stóra hluti að ræða. Nú er gert ráð fyrir því, að við myndum einhvers konar tengsl við Efnahagsbandalag Evrópu, og þá kemur það til greina í einhverri mynd, að við þurfum að keppa á sömu mörkuðum, og þá er erfitt fyrir íslenzka atvinnuvegi að keppa á þessum mörkuðum, sem við raunar höfum orðið að gera undanfarið, að keppa við þessar þjóðir, ef mikill munur er á lánskjörum hér og þar.

Ég hef alltaf litið svo á, að þessi vaxtahækkun, sem gerð var hér, það væru eiginlega innfluttir hlutir. Ég hef litið svo á, að vegna þess að ríkið þurfti að fá yfirdráttarheimild hjá peningastofnunum ytra, þá hafi þau skilyrði verið sett, að vextirnir hækkuðu. Við vitum vel, að það er hægt að draga úr eftirspurn peninga með því að hækka vexti. Og tilgangurinn með vaxtahækkuninni var fyrst og fremst að draga úr eftirspurn eftir peningum. Það var látið í það skína, að það væri líka til að auka sparifjármyndun, en það gefur auga leið, þegar gengi er fellt um 40% á tveimur árum eða rúmlega tveimur árum, hvort það hefði ekki verið hægt að fara aðra leið til að bæta sparifjáreigendum lægri vexti, með því að fella gengið minna. Það má vera, að þetta hafi verið nauðsynlegt í bili, en ég hef ekki trú á, að úr þessu fari ekki að vera hægt að lækka vextina, færa þá til samræmis við það, sem gerist hjá öðrum þjóðum. Síðastliðið ár munu hvergi í Evrópu hafa verið jafnháir vextir og hér og ekkert svipað því. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið, voru hvergi jafnháir vextir og á Íslandi nema í Suður-Ameríku hjá Indíánablendingunum, þar sem öll fjármál eru í óreiðu, og suður í Íran. Það má vel vera, að þetta hafi átt einhvern þátt í því að draga úr mönnum að gera framkvæmdir og festa fé. Hér á landi er ekki hægt að komast nema að vissu marki í því efni, því að það þarf geysilega mikið fé til þess að geta rekið atvinnuvegi eins og sjávarútveg, verzlun og landbúnað hér á landi. Umsetningin er svo mikil, það þarf svo mikið kapital. Og vegna gengislækkunarinnar þurfti í krónutölu miklu meira rekstrarfé. Vaxtabyrðin varð óbærilega þung fyrir einstaklinga og fyrirtæki. T. d. bátur, sem kostar 8—9 millj. með veiðarfærum, ⅔ fást lánaðir í fiskveiðasjóði með 6½% vöxtum, þá eru það 400 þús. kr. af því láni og 3 millj. í lausaskuldum. Ef allt væri tekið að láni með 9—10% vöxtum, gerir það 300 þús. Vextir af stofnfé þessa báts eru því um 700 þús. kr. árlega. Þetta er meira en lítill skattur. En svo er meira en það, sem hleðst á útgerðina. Það eru vextir, sem frystihúsin þurfa að borga af

stofnkostnaði sínum, og vextir af vörubirgðunum, sem frystihúsin liggja með, þannig að þegar þetta kemur allt saman, verða vextirnir geysilega stór kostnaðarliður í útflutningsframleiðslunni og ekki sama þess vegna, hve háir þeir eru.

Enn fremur hefur vaxtahækkunin skapað mikið misrétti milli einstakra manna, því að þeir, sem voru búnir að fá föst lán með lágum vöxtum, bæði bændur og útgerðarmenn, borga allt að því helmingi lægri vexti eða jafnvel meira en þeir, sem eru nú að hefja framkvæmdir eða kaupa skip. Þannig er það t. d. með bændur. Þeir, sem búa að gömlu lánunum, sem eru með 2—4% vöxtum í ræktunarsjóði og byggingarsjóði, geta þar að auki borgað sínar tiltölulega verðmiklu krónur með verðlitlum krónum. Það er önnur aðstaða fyrir þá eða hina, sem eru að gera framkvæmdir nú og þurfa að borga 6½% í vexti af föstum lánum og miklu hærra af lausaskuldum. Þegar verðlag landbúnaðarins er reiknað út, er tekið tillit til, hvað meðalvextir eru. Skuldugi bóndinn skapar efnaða bóndanum í raun og veru tekjur með því að borga háa vexti. Þessu fylgir þess vegna mikið óréttlæti.

Það, sem við förum fram á með þessari brtt. okkar, er ekkert annað en það, að Seðlabankinn reyni, eftir því sem unnt er, að samræma vexti hér við það, sem vextir eru í nágrannalöndum okkar. Takmarkið þarf að vera það, að við búum við svipuð vaxtakjör og þeir, sem við þurfum að keppa við á markaðinum með okkar afurðir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við þessa till., sem nú var mælt fyrir, langar mig til þess að beina stuttri og mjög einfaldri fsp. til hv. fyrra flm., sem nú var að ljúka máli sínu. Efni þessarar till. er það, að Seðlabankinn eigi að ákveða vexti í sem mestu samræmi við hæð vaxta í nágrannalöndunum. Nú langar mig til þess að vita, hvort þessi till. þýði, að hv. flm. hafi almennt áhuga á því, að verðlag hér á landi sé sem næst því, sem það gerist í nágrannalöndunum. Maður skyldi halda það, af efni till. að dæma, og hef ég sérstakan áhuga á að vita, hvort hv. þm. t. d. telur, að verðlag á afurðum landbúnaðarins, einnar af okkar höfuðatvinnugreinum, eigi að vera hér sem næst því, sem gerist í nágrannalöndunum.

Um þetta vildi ég gjarna fá sem greiðust svör hjá hv. flm. En til að hjálpa honum til að svara spurningunni umsvifalaust ætla ég að skýra frá því, hvert er verðlagið á nokkrum helztu afurðum landbúnaðarins hér í Reykjavík og í þeirri af höfuðborgum nágrannalanda, sem okkur er næst og greiðastar samgöngur eru við, þ. e. a. s. Kaupmannahöfn. Lítil flaska af nýmjólk kostar hér í Reykjavík óniðurgreidd kr. 6.87, en í Kaupmannahöfn kr. 5.19. Kílóið af 45% osti kostar hér í Reykjavík kr. 63.30, en í Kaupmannahöfn kr. 42.33. Kílóið af eggjum kostar hér kr. 50.93, en í Kaupmannahöfn kr. 32.33. Kílóið af kjöti kostar hér óniðurgreitt kr. 37.25, en í Kaupmannahöfn kr. 34.89. Kílóið af kartöflum kostar hér óniðurgreitt kr. 5.55, en í Kaupmannahöfn kr. 2.13. Mig langar til þess að fá að vita hjá hv. flm. þessarar till., hvort hann ætlast til þess, að t. d. verðlag á landbúnaðarvörum hér og í nágrannalöndunum sé samræmt, hvort beri að taka till. svo alvarlega eða ekki.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Það minnast þess vafalaust allir, að í kosningunum haustið 1959 fór fram kapphlaup núverandi stjórnarflokka um að lofa bættum lífskjörum og óbreyttu verðlagi, ef þeir sigruðu í kosningunum. Þá voru stór orð sögð af hálfu flokkanna, og þeir voru jafnvel afbrýðisamir um það, eins og sagt hefur verið, hvor ætti frumritið af þessum loforðum og hver ætti kopíuna. En báðir hafa þeir síðan verið samtaka um það að hlaupa frá öllum kosningaloforðum sínum um bætt lífskjör og stöðugt verðlag í landinu og verið innilega sammála um að leiða yfir þjóðina æðisgengnari dýrtíð, æðisgengnara dýrtíðarkapphlaup en nokkurn tíma hefur verið áður, og er þá mikið sagt.

Eitt fyrsta stigið var gengisbreytingin 1960, 132% gengislækkun íslenzkrar krónu, og olli það því, að mestu nauðsynjar hækkuðu um 70—80% eða meira, en óþarfinn hækkaði aðeins um 30%, og var það alveg í samræmi við stjórnarstefnuna. Byggingarefni, sem telst til hinnar þörfu vöru, hækkaði yfirleitt um 70—80%, samhliða því sem vextir af byggingalánum hækkuðu úr 7% upp í 11—12%, og var það í mörgum tilfellum nær 60% hækkun á vöxtum á byggingalánum. Samhliða þessum víðtæku ráðstöfunum í sambandi við gengisbreytinguna var almenningi sagt, að lífskjörin versnuðu aðeins um 3% hjá barnafjölskyldum, en ekkert hjá öðrum. Þetta er vitanlega sú mesta blekking, sem nokkurn tíma hefur verið haldið fram, og er reynslan nú ólygnust í þeim efnum. Sjávarútvegurinn, sem gengisbreytingin átti einkum að bjarga, var ekki betur settur en svo, að t. d. hin stórvirku tæki, togararnir, að hagur þeirra versnaði um eina milljón 1960, miðað við sama aflamagn og var 1959. Þetta reiknuðu út hinir vísu menn, sem bezt þekktu til togaraútgerðar hér á landi, og var það eðlilegt, þar sem rekstrarvörur þeirra, olía og ýmislegt annað, hækkaði gífurlega samfara tryggingum og vöxtum og ýmsum óhjákvæmilegum útgjöldum í sambandi við togarareksturinn. Með þessu móti og mörgu öðru var meiri dýrtíðaralda skollin yfir þjóðina en dæmi voru til áður. Hér var ekki um neitt óbreytt ástand að ræða, hér var ekki um neina 3% verðhækkun að ræða, heldur var orðin gífurleg hækkun á öllum lífsnauðsynjum, á öllu byggingarefni, á vöxtum og öðru þess háttar. Þetta sagði vitanlega fljótt til sín, og a. m. k. á fyrsta ári og einkum á öðru ári viðreisnarstjórnarinnar drógust byggingarframkvæmdir mjög saman, og lánin, sem hinar opinberu stofnanir veittu til húsbygginga, voru í mörgum tilfellum aðeins fyrir þeirri hækkun, sem kom á byggingarkostnaðinn. M. ö. o.: þessar ráðstafanir ríkisstj. urðu raunverulega til þess að afnema allar lánveitingar, sem áður voru, til húsnæðismála eða jafngiltu því, þar sem lánin námu um það bil hækkuninni og stundum ekki það.

Það verður ekki sagt annað en verkamenn og launamenn hafi samt sýnt nokkra biðlund, því að þeir biðu yfirleitt í eitt ár eða lengur, og á þeim tíma var oft rætt við ríkisstj., margir fundir haldnir með henni, en algerlega án árangurs. Ríkisstj. sat föst við sinn keip og taldi, að ekkert mætti hækka laun í þessu landi, þá rugluðust allar áætlanir ríkisstj., og það voru þau svör og engin önnur, sem fulltrúar launasamtakanna fengu, þegar við ríkisstj. var rætt um þessi mál. Þegar aftur á móti til hörkunnar var komið í fyrravor, lét ríkisstj. eða a. m. k. blöð hennar skína í það, að hugsanlegt væri að hækka kaupið strax um t. d. 3% og kannske væri hægt að hækka það síðar um önnur 3%. Þetta kom þó ekki fram fyrr en eftir að verkfall var skollið á og sýnt var, að þau mál yrðu ekki leyst, nema einhver kauphækkun kæmi til greina. Og síðar, þegar till. sáttasemjara var lögð fram, eftir að verkfall hafði staðið nokkrar vikur, þá mun till. hans hafa verið 6% strax, 4% að ári liðnu og 3% eftir tvö ár. Þessi till. var felld eins og önnur tilboð, sem áður höfðu komið fram. En hér var það sýnt, að stjórnin var komin á undanhald í málinu, hún var farin að viðurkenna, að það væri hægt og nauðsynlegt að hækka kaupgjaldið. Hún var einnig farin að viðurkenna það, að hún þyrfti að skipta sér af þessum málum. Hún hafði lýst því hátíðlega yfir, að það mundi hún aldrei gera, en með þessum afskiptum sínum valdi hún þá leið, sem flestar aðrar ríkisstj. hafa áður gert og ekki er beint hægt að ásaka hana fyrir, þ. e. að hafa afskipti af vinnudeilunni, þegar í óefni var komið. Eftir langvarandi verkfall, einn mánuð eða meira, var svo samið um 12—14% strax, svolítið mismunandi, og 4% til viðbótar 1. júlí 1962. Þegar þetta hafði skeð, hófst einn óhugnanlegasti þáttur þessa máls. Þm. stjórnarliðsins, þm. Alþfl. og Sjálfstfl., er hóað saman á fund hér í Reykjavík, aðeins tveggja klst. fund, og þeim er talin trú um, að þessi smávægilega kauphækkun sé svo alvarleg, raski svo grundvelli efnahagslífsins, að óhjákvæmilegt sé að láta nú þegar 13—14% gengisfellingu skella yfir. Þetta var þó ekki það versta, sem stjórnin ákvað á þessum skyndifundi, þessum tveggja tíma fundi með sínum stuðningsmönnum hér í þinginu, heldur það að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu, og svo slæm sem gengisbreytingin sjálf var, þá voru þessi vinnubrögð að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu enn þá alvarlegri og enn þá verri. Ég hygg, að þetta sé, eins og þá stóð á, alveg fáheyrð ráðstöfun, og hefur það ekki verið skýrt með neinum rökum, hvers vegna stjórnin valdi þá leið umfram venjulega gengisbreytingu.

Þessi ráðstöfun og sérstaklega sú aðferð að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu með brbl., sem tókst með því að telja kjarkinn í sína eigin menn, var vissulega hnefahögg í garð launastéttanna og sú mesta ögrun, sem hugsazt gat. Flestar aðrar leiðir hefðu verið betri, og það er öruggt mál, að þessi ráðstöfun, sem var fyrst og fremst hefndarráðstöfun gagnvart launastéttum landsins, hlýtur að hefna sín síðar meir. Næst þegar setzt verður að samningaborðinu, munu launastéttirnar vara sig á þeim hrekk, sem ríkisstj. hefur hér viðhaft. Þegar samið var eftir verkfallið í fyrravor, munu fulltrúar launastéttanna ekki hafa gert ráð fyrir því, að slíkum aðferðum væri beitt eins og þarna kom í ljós. Þær munu áreiðanlega nú vera á verði fyrir því, að slíkt endurtaki sig ekki, að ríkisstj. eða ráðgjafar hennar í Seðlabankanum geti hvenær sem er tekið aftur þá hækkun, sem vinnst í sambandi við kjarabaráttuna. Þetta er mjög svipuð aðferð og ein stétt — mjög fjölmenn stétt — hefur verið beitt undanfarin ár, það er kennarastéttin. Í fyrra báru kennarar fram þá ósk, að kjör þeirra yrðu bætt sem svaraði einum launaflokki. Þetta var algerlega hunzað af ríkisstj. Kennarar hafa enga áheyrn fengið um sérstakar kjarabætur, enda þótt viðurkennt sé, að þeir standi verr að vígi eða laun þeirra séu lakari en flestra annarra launastétta í landinu. Ég hef heyrt á tal kennara um þessi mál, og þeir segja, að nú hafi skapazt svo almenn samtök fyrir bættum hag og kröfurnar hafi hækkað það mikið, að nú sé alveg tilgangslaust fyrir ríkisstj. að ræða um einn launaflokk, sem auðvelt hefði verið að semja um í fyrra. Kennarastéttin hefur núna undirbúið stærri og öflugri hreyfingu til að ná sínum málum fram heldur en nokkurn tíma hefur verið gert áður. Þetta og ýmsar samþykktir verkalýðsfélaga í sambandi við þessi mál og í sambandi við hina ört vaxandi dýrtíð bendir til þess, að launastéttirnar séu enn albúnar að segja viðreisnarstefnu ríkisstj. stríð á hendur.

Í sambandi við þessi mál er enn fremur fróðlegt að minnast á það, og það bendir örugglega á, hver þróunin er í byggingamálum landsins, að 1958 eru seld 96 þús. tonn af sementi hér innanlands. Á síðastliðnu ári, 1961, eru aðeins seld 61 þús. tonn á innanlandsmarkaði, eða lækkun á sementssölu er nálægt 35—40%. Og nú horfir málið þannig við, að sementsverksmiðjan framleiðir og framleiðir gjall til að mala í sement, en sú stærsta birgðaskemma á Íslandi, birgðaskemma sementsverksmiðjunnar á Akranesi, sem mun vera rúmlega 100 þús. rúmmetrar, er löngu orðin full, og það er malað og malað í port við hliðina á efnisgeymslunni og fyllist það óðum, og munar minnstu, að gjallið sé þegar farið að renna í sjóinn. Stjórnin magnar dýrtíðina, sementsverksmiðjan malar og malar gjall, en fólkið getur ekki keypt sementið, verðlagið hækkar svo gífurlega, samhliða öðrum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að minnka möguleika fólksins í landinu til þess að byggja sér húsnæði. Þetta minnir aðeins á ástandið í Ameríku á kreppuárunum, þegar sagt var, að bændur hefðu orðið að brenna kornbirgðir sínar til þess að geta fengið sæmilegt verð fyrir afganginn.

Þetta er spegilmynd af þeim kreppuráðstöfunum, sem er verið að búa til í landinu. Mundu þó margir telja, að bygging íbúðarhúsnæðis sé hin nauðsynlegasta framkvæmd, sem vaxandi þjóð verður að standa að.

Í þessu sambandi er rétt að minna á eitt. Á

s. l. ári hafa farizt óvenjulega margir bátar hér við land. Ég hef það eftir kunnugum mönnum, að ekki færri en 15 stórir og öflugir vélbátar og a. m. k. einn togari hefur farizt s. l. ár. En það, sem hefur bætzt við í fiskibátaflota landsmanna, er sáralítið, það eru hverfandi fá skip, sem hafa komið í staðinn. Þróunin á síðasta ári er þess vegna örugglega sú, að bátafloti landsmanna minnkar að rúmlestatölu. Þetta er öfug þróun, sé miðað við hin síðustu 3—4 ár, sem hefur sýnt svo greinilega, að ekki verður um villzt, að aukið hefur svo mjög framleiðslumöguleika þjóðarinnar, því að það er ekki girnilegt að bæta um, þegar bátur ferst, þar sem verðlag á miðlungsbátum að stærð mun vera um 6—9 millj., eftir því sem upplýst var hér á Alþingi í dag af hæstv. bankastjóra Jóhanni Hafstein, og það mun áreiðanlega þurfa að leita talsvert lengi til þess að finna menn, sem geta ráðizt í slíkar framkvæmdir, þegar verðlagið er orðið slíkt eins og hér er um að ræða. En hvað segir svo reynslan eftir þetta s. l. ár, 1961? Hafa þau rök, sem sett voru fram fyrir gengisbreytingunni í ágúst s. l., rætzt eða ekki? Ég hygg, að skýrsla Seðlabankans, sem minnzt hefur verið á áður hér í þessum umr., sé ef til vill bezta vitnið í þessum málum, og það ætti a. m. k. að vera vitni, sem hv. stjórnarsinnar tækju gilt. Ég held, að skýrsla bankastjórnar Seðlabankans sé bezta sönnun þess, að hér var um ótímabærar hefndarráðstafanir að ræða í garð launastétta landsins, því að bankastjórar Seðlabankans segja, eftir að þeir eru búnir að ræða um aflabrest togaranna á s. l. ári, sem allir þekkja nú, með leyfi hæstv. forseta, að „á móti þessum erfiðleikum", þ. e. togaraútgerðarinnar, „komi stóraukin síldveiði, bæði á sumarvertíð fyrir norðan land og austan og haustvertíð fyrir Suðvesturlandi. Má þakka þann aukna afla að verulegu leyti nýrri veiðitækni, sem vaxandi fjöldi báta hefur tekið upp og vonir standa til að geri síldveiðarnar að árvissari atvinnugrein en reyndin hefur verið áður fyrr. Verðlag á síldarafurðum batnaði einnig á árinu frá því, sem var 1960, sérstaklega hækkaði verð á síldarmjöli, og hagstæðir samningar tókust með sölu á miklu magni af saltsíld. Þegar á heildina er litið, hefur verð á útflutningsafurðum batnað verulega á árinu 1961," segir stjórn Seðlabankans enn fremur. Ég held, að þetta séu beztu eftirmæli um það, hvers vegna atvinnulífið hefur gengið vel s. l. ár og hvers vegna þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. gerði í fyrrasumar, eru einberar hefndarráðstafanir og algerlega ótímabærar.

Í sambandi við þróun þessara mála munu þm. minnast þess, að fjmrh. gaf þá skýrslu hér á hv. Alþ. s. l. miðvikudag, að ríkið hefði á síðasta ári orðið að greiða 68 millj. í ríkisábyrgðir og aldrei orðið að greiða jafnháa upphæð. Þetta er athyglisvert, og þessar tölur tala sínu máli og sanna, að þessar viðreisnarráðstafanir stjórnarinnar hafa ekki allar nægt til þess, að atvinnulífið gengi eins og það ætti að ganga. Þrátt fyrir það þó að seðlabankastjórnin segi, að aflinn hafi verið meiri en nokkru sinni áður, — og munar það um 121 þús. tonnum, sem aflinn jókst á síðasta ári, frá því, sem var 1960, — verðlag hafi hækkað og þar fram eftir götunum, hefur aldrei orðið að greiða meira í ríkisábyrgðir heldur en á s. l. ári, og langstærsti hlutinn af greiddum ríkisábyrgðum er einmitt til sjávarútvegsins eða útflutningsframleiðslunnar, og það hefur aldrei verið hærri upphæð en einmitt þetta s. l. ár. Ég hef athugað þessa skýrslu samkvæmt hinu ágæta boði hæstv. fjmrh., og þar kemur í ljós, að það hafa verið greiddar milljónir í ábyrgðir s. l. ár og það sem af er þessu ári fyrir ýmis frystihús, sem lifðu alveg sæmilegu lífi á hinum svonefndu vinstristjórnarárum, bárust sæmilega af, en s. l. ár og það sem er af þessu ári hefur orðið að greiða fyrir þessi frystihús 1—2 millj. og jafnvel meira, og mennirnir, sem stjórna þessum frystihúsum sumum og standa að þeim, eru einmitt mennirnir, sem ríkisstj. segir að vegsama vaxtaokrið, vegsama lánsfjárskortinn og vegsama þessar ráðstafanir, sem eru að drepa atvinnurekstur viðkomandi manna. Þessar tölur um ríkisábyrgðir eru bezta spegilmynd af þeim rekstrargrundvelli og þeim erfiðleikum, sem atvinnulífið á við að búa, og þess vegna er furðulegt, þegar málpípur stjórnarinnar geta sungið dýrðin, dýrðin, um leið og þeir hinir sömu menn verða að láta ríkið greiða milljónir í ábyrgðum fyrir eigin atvinnurekstur vegna þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. stendur að.

Hæstv. ríkisstj. mun sannfærast um, að það er rétt, sem segir í Heilagri Jóhönnu, að „reiðin er slæmur ráðgjafi". Frv. þetta er staðfesting á sviknum kosningaloforðum stjórnarflokkanna, einhverjum þeim mestu, sem sögur fara af á Íslandi, og í verri og óhugnanlegri búningi en nokkurn gat órað fyrir. Ráðgjafar stjórnarinnar, bankastjórar Seðlabankans, hafa m. a. orðið til þess að sanna það í skýrslu sinni, að þetta er rétt. Því er virðingu Alþingis bezt borgið með því að fella þetta frv. og færa gengisskráninguna til baka, eins og hún var fyrir 1. ágúst 1961, og stjórnin mundi sanna, að það yrði mesta gæfusporið, sem hún stigi, og auðveldara yrði að fást við þau vandasömu mál, sem nú eru fram undan í sambandi við þær kröfur, sem verkamenn og aðrar launastéttir setja nú óðfluga fram.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en hæstv. viðskmrh. beindi hér fyrirspurn til okkar flm. að brtt. á þskj. 500, og finnst mér rétt að svara þeirri fyrirspurn nokkuð. Áður en ég geri það, vil ég lauslega víkja að því, hvernig umr. hafa farið fram hér í kvöld eða hvert hefur verið aðaleinkenni þeirra að mínum dómi. Ég held, að því verði einna bezt lýst með því að vitna til atriðis í skemmtiþætti, sem nýlega var leikinn í afmælishófi hjá prenturum. Þar var varpað fram þeirri spurningu, hver væri munurinn á stjórnarfarinu í Sovétríkjunum og á Íslandi, og svarið var á þá leið, að í Sovétríkjunum þegir stjórnarandstaðan, en á Íslandi þegja stjórnarflokkarnir. Það hefur verið mjög táknrænt einmitt fyrir umr. hér í kvöld, að stjórnarflokkarnir eða talsmenn þeirra hafa ekki látið neitt til sín heyra. Og hver er ástæð-

an til þess, að stjórnarflokkarnir hér á hv. Alþ. hafa valið þessa aðferð? Það má dæma ljóslega af þeim umr., sem hafa farið hér fram í kvöld. Þessar umr. hafa að verulegu leyti snúizt um gengislækkunina, sem var ákveðin á síðasta sumri, og það hafa verið færð hin þyngstu rök, hver á fætur öðrum, fyrir því, að þessi gengislækkun hafi verið algerlega óþörf, og stjórnarfl. treysta sér ekki til þess að færa nein rök á móti þessu. Þeir verða að játa það með þögn sinni hér á hv. Alþingi, að þeir hafa haft rangt fyrir sér, þegar þeir réðust í gengislækkunina á s. l. sumri, og það sem verra er, að þeir vissu það þá þegar, að þeir hefðu rangt fyrir sér, og þeir réðust eingöngu í þessa ráðstöfun sem hefndaraðgerð, vegna þess að þeir höfðu orðið undir í verkföllunum og töldu sig geta ógnað launastéttunum með því að grípa til þeirra aðgerða, sem gengislækkunin var. En það eiga hv. stjórnarflokkar eftir að sanna, þó að þeir telji sig standa sæmilega í dag, að sú staða getur breytzt fljótlega og að launastéttirnar, smáframleiðendurnir og vinnandi fólk landsins mun ekki sætta sig við það til langframa að fá ekki bætta þá kjaraskerðingu, sem var framkvæmd á s. l. sumri. Það getur komið að skuldadögunum miklu fyrr en stjórnarflokkarnir reikna með í dag.

Ég ætla þá að snúa mér að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, og ég vil byrja á því að þakka honum fyrir það, vegna þess að það, sem hann sagði, var í raun og veru ekkert annað en stuðningur við þá tillögu, sem liggur hér fyrir á þskj. 500 og við hv. 5. þm. Norðurl. v. stöndum að. Hæstv. ráðh. bar saman verð á landbúnaðarvörum hér og í því landi Evrópu, þar sem landbúnaður er á hæstu stigi, og það var ekkert óeðlilegt, að það kæmi nokkur mismunur þar fram. En ég hygg, að ef hann gerir samanburð á landbúnaðarvöruverði í ýmsum öðrum löndum Evrópu, þar sem landbúnaður er ekki kominn enn á eins hátt stig og í Dnamörku, þar sem hann er sennilega fullkomnastur í Evrópu, þá væri þessi munur miklu minni og mjög miklu minni, t. d. þó að hann færi til landa eins og Bretlands og Noregs og Vestur-Þýzkalands, þar sem landbúnaður stendur þó á allháu stigi, en landbúnaðarvöruverð er þó talsvert miklu hærra í þessum löndum en í Danmörku, og þar að auki eru þar miklu meiri niðurgreiðslur og styrkir, sem landbúnaðurinn nýtur. En þrátt fyrir það má vel svo vera, að íslenzkur landbúnaður sé að ýmsu leyti ekki samkeppnisfær við landbúnað í öðrum löndum. Ég skal ekkert fullyrða um það. Það má vel vera, að það sé talsvert rétt í því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um það efni. En hvað sannar það? Það sannar ekkert annað en það, að við þurfum að vinna að því að bæta aðstöðu íslenzks landbúnaðar, að hann verði samkeppnisfær við hliðstæðar atvinnugreinar í öðrum löndum, og það er einmitt það, sem tillaga okkar hv. 5. þm. Norðurl. v. stefnir að. Hennar megintakmark er það, að íslenzkum landbúnaði eins og öðrum íslenzkum atvinnugreinum verði sköpuð svipuð samkeppnisaðstaða hvað vexti snertir og hliðstæðir atvinnuvegir njóta í öðrum löndum. Og svar mitt við þeirri fyrirspurn, sem hann bar hér fram, er í stuttu máli það, að við flm. þessarar tillögu viljum vinna að því, að íslenzkur landbúnaður verði sem samkeppnisfærastur við landbúnað annars staðar, og einmitt til þess að tryggja það er þessi tillaga flutt, vegna þess að hún stefnir að því, að íslenzkur landbúnaður búi við svipuð vaxtakjör og landbúnaðurinn býr við annars staðar. Það mun hæstv. menntmrh. líka geta fullvissað sig um, að ef hann gerir samanburð á lánskjörum dansks landbúnaðar og íslenzks landbúnaðar, þá er þar um verulegan mun að ræða íslenzkum landbúnaði í óhag, og það er ekki síður ástæða til þess að fá hjá honum skýrslu um það.

Ég held, að allir hv. þm. eigi að vera sammála um að stefna að því að skapa atvinnuvegum hér á landi sem samkeppnisfærasta aðstöðu við atvinnuvegi í öðrum löndum, og við eigum að stefna að því, að íslenzkur landbúnaður geti ekki aðeins búið þeim, sem við hann starfa, viðunandi lífskjör, heldur líka að verðið, sem neytendur þurfa að borga, geti verið sem lægst. En til þess er ekki hægt að ætlast, að þessu marki verði náð, ef íslenzkur landbúnaður þarf að búa við allt að helmingi hærri vexti en hliðstæðir atvinnuvegir þurfa að búa við annars staðar. Ég vænti þess, að þegar hæstv. menntmrh. athugar þetta í þessu ljósi, þá verði hann fylgjandi þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, þá sjái hann fram á nauðsyn þess, að við þurfum að búa ekki aðeins landbúnaðinum, heldur öðrum íslenzkum atvinnuvegum sem samkeppnisfærasta aðstöðu. En eitt meginmálið í þeim efnum er einmitt það, að vaxtakjörin séu ekki allt að því helmingi óhagstæðari hér en er í öðrum löndum, en það eru þau í dag. Ef við tökum t. d. Noreg, eins og hv. fyrri flm. þessarar tillögu benti á, þá býr t. d. norskur sjávarútvegur og að ég hygg norskur landbúnaður líka við allt að því helmingi hagstæðari vaxtakjör en hliðstæðar atvinnugreinar hér á landi, og þetta hefur vitanlega ekki lítið að segja. Og hvernig er hægt að ætlast til þess, að verðlag á landbúnaðarvörum geti verið eins lágt hér á landi og í þessum löndum, meðan íslenzkir bændur þurfa að standa undir miklu óhagstæðari lánum og þyngri vaxtakjörum en stéttarbræður þeirra gera annars staðar? Ég held, að einmitt þetta dæmi, sem hæstv. menntmrh. las hér upp, sanni fullkomlega nauðsyn þeirrar tillögu, sem við hv. 5. þm. Norðurl. v. höfum hér flutt, og ég vil þess vegna vænta þess, að eftir að hæstv. menntmrh. hefur athugað þessar tölur sínar betur, hefur hugsað um þær nánara, þá verði það einmitt til þess, að hann verði einn af stuðningsmönnum þessarar tillögu, því að vafalaust vill hann stuðla að því, að íslenzkur landbúnaður, eins og aðrir íslenzkir atvinnuvegir, geti búið við sem samkeppnisfærasta aðstöðu, miðað við atvinnuvegi annars staðar. Og dæmið, sem hann nefndi hér áðan, sýndi einmitt, að svo er enn ekki, og þess vegna er enn þá meiri þörf á því en ella, að þessi tillaga okkar verði samþykkt.

Gunnar Jóhannsson: Í upphafi þessa þings, eða nánar tiltekið á fyrstu dögum þess, var út-

þýtt hér á Alþingi frv. því, sem hér liggur fyrir til 3. umr., um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Frv., sem er stjfrv., er flutt í því skyni að fá staðfest brbl., sem útgefin voru 1. ágúst í sumar, þar sem Seðlabanka Íslands var falið að ákveða stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, eða m. ö. o. valdið til að skrá gengi íslenzkrar krónu er tekið af Alþingi og afhent Seðlabanka Íslands. Bankastjórar Seðlabankans gripu fegins hendi hið mikla vald, sem hæstv. ríkisstj. ásamt forseta landsins hafði fengið þeim í hendur, og verð á erlendum gjaldeyri var hækkað um 13.1% og lækkun íslenzku krónunnar tilsvarandi.

Áður en orsakirnar fyrir hinni nýju gengisskráningu verða ræddar, tel ég rétt að ræða lítillega um starfsaðferðir hæstv. ríkisstj. í sambandi við hina nýju gengisskráningu. Samkv. stjórnarskránni hefur ríkisstj. leyfi til að gefa út brbl., ef sérstaklega stendur á, eða eins og segir, þegar brýna nauðsyn ber til o. s. frv. Engin ríkisstj. má, svo framarlega sem hún vill halda í fullum heiðri embætti sínu, misnota þetta vald. Ríkisstj. ber á hverja tíma sem er og í öllum málum að sýna fyllstu sanngirni gagnvart þegnunum, og sízt af öllu má ríkisstj. beita hlutdrægni eða gera upp á milli þegnanna á kostnað annars hvors aðilans. Þetta er viðtekin regla hjá öllum ríkisstjórnum í öllum löndum, sem vilja halda lýðræði í heiðri.

Nú er það svo, að útgáfa nefndra brbl. var að mínum dómi hin freklegasta árás á mikinn meiri hl. þjóðarinnar og sett í fullri óþökk alls almennings í landinu. Það eitt út af fyrir sig að gefa út brbl., sem hæstv. ríkisstj. hefur hlotið að vita að ekki áttu fylgi að fagna hjá þjóðinni, heldur hið gagnstæða, er stórvítavert og hefði átt vitanlega að vera nægilegt til þess, að sú ríkisstj., sem þannig hefur brotið af sér í huga alþjóðar, hefði látið það vera sitt fyrsta verk, eftir að þing kom saman í haust, að segja tafarlaust af sér. En sjálfsagt hefur ekkert slíkt hvarflað að hæstv. ráðh. Það, sem er þó langalvarlegast í þessu máli, er, að setning brbl. er ekki í anda sjálfrar stjórnarskrárinnar, heldur alveg þveröfugt. Um þessa hlið málsins hefur verið rætt af þeim, sem hér hafa talað í málinu á undan mér, og það af fleiri en einum, og get ég því látið þetta nægja. Ég vil þó alveg sérstaklega undirstrika það, að brbl. má ekki gefa út, nema brýna nauðsyn beri til. Á þeim einu forsendum getur forseti Íslands gefið út brbl. á milli þinga. Þetta er svo skýrt afmarkað í stjórnarskránni, að um þetta þarf ekki að deila. Að svipta Alþingi því lagalega valdi, sem það eitt hafði til að ákveða um gengi krónunnar gagnvart erlendri mynt, er athæfi, sem tæplega mun eiga sér hliðstæðu í allri þingsögunni. Að taka vald til að skrá gengi íslenzkra peninga og afhenda það sérstakri peningastofnun, er eitt út af fyrir sig nægilegt til þess, að ríkisstj. sé harðlega vítt fyrir slíkt, að taka slíkt vald úr höndum Alþingis og afhenda það nokkrum bankastjórum hlýtur að vera umdeild ráðstöfun, svo að ekki sé meira sagt, ráðstöfun, sem er sízt til þess fallin að auka á virðingu Alþingis hjá öllum almenningi í landinu, að ég nú ekki tali um þá hæstv. ráðh., sem framkvæmt hafa slíkt gjörræði, sem hér um ræðir.

Þá kem ég að því, hverjar geti verið orsakirnar fyrir því, að hæstv. ríkisstj. greip til þessa óyndisúrræðis. Þær hljóta að hafa verið mjög veigamiklar. Annars hefði hæstv. ríkisstj. ekki leyft sér að fara inn á þessa braut.

1958 var tímakaup verkamanna víðast hvar á landinu 21,85 kr. á klst. Í desember sama ár urðu stjórnarskipti í landinu. Vinstri stjórnin fór frá völdum, m. a. vegna ósamkomulags um ráðstafanir í efnahagsmálum og ráðstafanir um kaupgjaldsmál samkv. sérstökum tillögum, sem fram voru settar af ráðherrum Framsfl. Ég mun ekki hér gera þær tillögur sérstaklega að umræðuefni, en þær voru þannig, að verkalýðsfélögin töldu sig þá ekki geta fellt sig við þær. Og út frá því taldi þáv. forsrh. sig ekki heldur geta borið áfram ábyrgð á ríkisstj., sem endaði svo með því, að vinstri stjórnin sagði af sér. Tók þá við völdum ný ríkisstj., flokksstjórn Alþfl. með hlutleysi Sjálfstfl.

Það leið ekki á löngu, frá því að flokksstjórn Alþfl. tók við völdum, að hagur verkafólks í landinu stórlega versnaði frá því, sem áður hafði verið. Í febrúar 1959 var allt tímakaup verkafólks lækkað niður í 20.67 kr. Það mun hafa verið nálægt því 5.4% lækkun frá því, sem áður hafði verið. Mánaðarkaup verkamanna varð því rúmar 4000 kr. á mánuði, gengið út frá 8 klst. vinnudegi. Geta nú allir séð, eins og þessum málum er komið, eins mikil og dýrtíðin er, hvernig verkamenn eða fólk, sem hefur ekki hærri tekjur, hefur átt að geta lifað af ekki hærri launum en þessum. En þar með er ekki öll sagan sögð enn. Með gengisfellingarlögunum, sem samþykkt voru 1960, og ýmsum öðrum ráðstöfunum, var enn á ný ráðizt allharkalega á lífskjör fólksins í landinu og þau stórlega skert frá því, sem áður hafði þekkzt, kaupmáttur launanna stórlega rýrður um mörg prósent. Afleiðingarnar af öllu þessu urðu svo þær, að verkalýðsfélögin sögðu upp kaupgjaldssamningum sínum við atvinnurekendur. Það skal þó tekið fram, að verkalýðsfélögin sýndu alveg sérstaklega mikla þolinmæði í sambandi við þessi mál og gerðu allt, sem hægt var, til þess að rétta hlut meðlima sinna með samkomulagi við atvinnurekendur og hæstv. ríkisstj., en án nokkurs árangurs. Það hlaut því að draga að því, að fyrr eða síðar yrði því ekki forðað, að aðrar leiðir yrðu farnar en samningaleiðin.

Á s. l. ári, nánar til tekið í júní s. l., var boðað til vinnustöðvunar í mörgum stærstu félögum á landinu. Hæstv. ríkisstj. setti sig algerlega á móti öllum kröfum verkalýðsfélaganna og stappaði stálinu í atvinnurekendur um það að neita öllum hækkunartillögum verkalýðsfélaganna. Mér er þetta sjálfum persónulega vel kunnugt, vegna þess að ég var með í samningum við það verkalýðsfélag, sem ég er í norður á Siglufirði, og vissi ég til þess og hægt að sanna það hvenær sem vera vill, að ráðherrarnir beinlínis lögðu á móti því, að fyrirtæki ríkisins á Siglufirði, síldarverksmiðjur ríkisins, gerði nokkra samninga við viðkomandi verkalýðsfélög, og meira að segja torvelduðu það, að

samningarnir yrðu gerðir fyrr en eftir hálfan mánuð frá því, sem hefði þurft að vera. Beitti sér þar enginn frekar á móti en hæstv. sjútvmrh. Í júní s. l. náðust svo samningar á Húsavík og síðar við samvinnufélögin á Akureyri um 10% hækkun á dagvinnukaupi og nokkur önnur atriði, svo sem 1% í slysatryggingasjóð verkalýðsfélaganna, hækkun á eftirvinnu og 4% hækkun, sem ganga skyldi í gildi eða koma til hækkunar á kaupi í júní í sumar. Það skal tekið fram, að þessir samningar voru sannarlega ekki gerðir með vilja og vitund hæstv. ríkisstj. Mér er vel kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. gerði allt, sem hún gat, til þess að eyðileggja þessa samninga og torvelda, að þarna næðist samkomulag á milli samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. En það voru bara önnur öfl, sem þar voru að verki, sem betur fór, og fyrir atbeina þessara aðila var beinlínis síldarvertíðinni bjargað. Það er ekkert leyndarmál, að ef stefna hæstv. ríkisstj. hefði sigrað, hefði engin síldarvertíð orðið, hvorki á Norður- né Austurlandi eða annars staðar í sumar. Það var beinlínis stefnt að því að stöðva þennan atvinnurekstur, með fullri vitund og fyrir beina aðstoð, vil ég segja, ríkisstj. í sambandi við þessi mál.

Eftir að búið var að semja á þessum stöðum, náðust svo samningar við atvinnurekendafélagið á Siglufirði. Þá mun hæstv. ríkisstj. hafa verið ljóst, að ekki var á því stætt öllu lengur að neita öllum samningum við verkalýðsfélögin, auk þess sem þá nokkru á eftir náðust samningar hér í Reykjavík, við samvinnufélögin hér, sem vitanlega varð til þess, að deilan hérna leystist fyrr en ella. En hlutur hæstv. ríkisstj. verður ekkert betri í þessu máli fyrir það, því að hún gerði sannarlega ekkert til þess að leysa þessa deilu, heldur alveg þveröfugt, gerði allt, sem hægt var til að draga hana á langinn, þreyta meðlimi verkalýðsfélaganna með löngu verkfalli, sem hægt hefði verið að leysa, ef vilji hefði verið til, á örfáum dögum, í staðinn fyrir það, að verkalýðsfélögin urðu að standa í margra vikna verkfalli, að mestu leyti eða öllu leyti vegna mótþróa af hendi ríkisvaldsins.

En hæstv. ríkisstj. hefur sannarlega hugsað sér að ná sér niðri á verkalýðshreyfingunni eins fljótt og því yrði við komið, því að 1. ágúst s. l. gaf hún út brbl. og fól Seðlabankanum að lækka gengi íslenzkrar krónu um nákvæmlega sömu upphæð og kauphækkanirnar, sem fengust fram í fyrra, námu. Hæstv. menntmrh. hefur hælt sér af því í blaðaviðtali úti í löndum, að ríkisstj. hafi lækkað gengi íslenzkrar krónu um 13% á einni nóttu. Það er sannarlega hægt að hæla sér af flestu! Og hann bætir því við: og þar með tekið svo að segja alla þá kauphækkun, sem hefði náðst fram í vinnudeilunum í vor.

Ég held, að það verði tæplega um það deilt, að gengisfellingin í ágúst í sumar hafi verið hefndarráðstöfun gagnvart verkalýðssamtökunum, gerð í trausti þess, að verkalýðsfélögin, sem búin voru að standa í verkfalli í margar vikur, treystu sér ekki til þess þá að svara þessum árásum með nýjum gagnráðstöfunum. Því miður verður það að viðurkennast, að verkalýðshreyfingin hefur ekki fram á þennan dag treyst sér til eða viljað leggja út í nýjar aðgerðir og orðið að þola bótalaust það, sem ríkisvaldið rændi af hinum vinnandi stéttum með gengisfellingarlögunum frá 1. ágúst s. l. Hins vegar er hægt að segja það, hvar sem vera vill, að verkalýðshreyfingin mun fyrr eða síðar krefjast síns réttar fyrir hönd meðlima sinna. Verkalýðshreyfingin mun nú sem oftast nær áður athuga sinn gang mjög vel og ekki leggja til atlögu, nema hún sé nokkurn veginn örugg um það, að hún fari með sigur af hólmi. Við höfum lært margt af þeim aðgerðum, sem voru gerðar núna í sumar, og það er mjög gott að draga rétta lærdóma af því, sem fyrir kemur. Og það má segja, að til þess eru vítin að varast þau. Það er ekki alveg víst, að verkalýðsfélögin, ef þau fara út í deilu á annað borð, sleppi þessu máli úr höndum sér svo auðveldlega, að ríkisstj., hver sem hún kynni að verða, geti náð sér eins vel niðri á verkalýðshreyfingunni og hún taldi sig gera með því að lækka gengið í sumar. Hæstv. ríkisstj. getur máske hrósað sigri í bili, en hún má vera alveg fullviss um það, að verkalýðshreyfingin mun fyrr eða síðar taka þessi mál til rækilegrar athugunar. Og þessi mál hafa þegar verið rædd í verkalýðsfélögunum. Þau eru þegar að undirbúa sig undir átökin, hjá því verður ekki komizt, og hæstv. ríkisstj. má reikna með því, að fyrr en varir verði lagt til atlögu, og þeirri atlögu verður ekki hætt, fyrr en aftur er búið að heimta það, sem af þeim var rænt s. l. sumar, og kannske frílega það.

Ég verð að segja, að það er mjög athyglisvert, að hæstv. ríkisstj. skyldi nú í sumar, eftir allt það, sem á undan var gengið, eftir að búið var að sauma eins að launastéttunum í landinu og gert hafði verið með efnahagsráðstöfununum og mörgum öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, enn á ný vega í sama knérunn og hún hefur áður oft gert. Og ég vil segja það að lokum, að ég vil aðvara hæstv. ríkisstj. alvarlega um að halda ekki sama leiknum áfram. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að bjóða launastéttunum. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að færa lífskjörin niður. Í dag eru lífskjörin hjá almenningi þannig, að það er svo að segja útilokað, að verkamaður, sem vinnur er ekki nema 8 klukkustundir á dag, geti lifað af því. Eða viljið þið, hv. alþm., lifa af 4500 kr. á mánuði? Hver mundi vilja gera það? Ég veit ekki. Mundu hæstv. ráðh. treysta sér til þess? Ég held ekki. Nei, ég held, að hér hafi verið stigið það stórt skref í þá átt að rýra kjör hins vinnandi manns, að sá mælir hlýtur að vera orðinn fullur, og fyrr eða síðar mun koma til kasta verkalýðssamtakanna og annarra launþegasamtaka í landinu að svara fyrir sig og það þá á eftirminnilegan hátt.

ATKVGR.
Brtt. 500 felld með 19:10 atkv.
Frv. samþ. með 19:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 1. ágúst s. l. Efni frv. er það, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstj. stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þetta frv. var samþ. í hv. Nd. í gær, en um það höfðu farið fram langar og miklar umr. í þeirri hv. d. Ég ætla að geta hér nokkuð helztu rakanna, sem lágu fyrir setningu brbl., og víkja að meginatriðum þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið af hálfu hv. stjórnarandstöðu í hinum ýtarlegu umr., sem fram hafa farið um málið til þessa.

Það er alkunna, að á s. l. sumri áttu sér stað allmiklar kauphækkanir, og ollu þær 13—19% útgjaldaauka fyrir íslenzka atvinnuvegi. Ríkisstj. taldi, að áhrif kauphækkananna mundu á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri. Var bjargföst skoðun ríkisstj., að þetta mundi svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og mjög alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. En ef þetta tvennt hefði gerzt, ef afkoma útflutningsatvinnuveganna hefði skyndilega versnað mjög og ef aftur hefði komið til alvarlegs greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við, hefði verið stefnt í bráðan voða þeim góða árangri, sem þegar hafði leitt af þeirri stefnubreytingu í efnahagsmálum, sem ríkisstj. beitti sér fyrir fyrst á árinu 1960.

Þess vegna taldi ríkisstj. brýna nauðsyn að koma í veg fyrir þessa þróun, sem hefði hlotið að leiða til atvinnuleysis og gjaldeyrisskorts, og þess vegna brýna nauðsyn bera til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við þessi breyttu viðhorf. Höfuðtilgangurinn með því skyldi vera að slá skjaldborg um þann árangur, sem þegar hafði náðst af viðreisnarstefnu ríkisstj., og tryggja, að áfram gæti stefnt í sömu átt. Í því skyni var nauðsynlegt að skrá gengi krónunnar að nýju. En þar sem sú breyting var orðin á skipulagi íslenzkra peningamála, síðan Alþ. tók síðast ákvörðun um gengisskráninguna, að Alþ. hafði komið á fót sjálfstæðum Seðlabanka, sem einmitt skyldi gegna sérstöku trúnaðarhlutverki á sviði gjaldeyrismála og fjármála, þótti ríkisstj. eðlilegt, að einmitt þessi nýja stofnun, Seðlabanki Íslands, fjallaði um gengisskráninguna og ákvæði gengið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Þess vegna var efni brbl. það, sem segir í þessu frv., að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstj. stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli.

Hv. stjórnarandstaða hefur í hinum ýtarlegu umr., sem fram fóru í hv. Nd., haldið því fram, að útgáfa þessara brbl. hafi verið stjórnarskrárbrot. Því var jafnvel haldið fram af talsmanni annars stjórnarandstöðuflokksins, að í útgáfu brbl. hafi falizt vísvitandi stjórnarskrárbrot. Það er mjög óvenjulegt, að hér á Alþ. séu fram bornar og endurteknar margoft ásakanir til stjórnarvalda um það, að þau brjóti stjórnarskrána. Hitt má segja að sé algert einsdæmi, að því sé haldið fram og það meira að segja af formanni þingflokks, að stjórnarvöld hafi í ákveðnu tilviki brotið stjórnarskrána vísvitandi. Það er því full ástæða til þess að fara um þetta atriði nokkrum orðum nú, þegar það kemur til 1. umr. hér í hv. Ed.

Eins og ég gat um áðan og fram kemur í forsendum brbl., taldi ríkisstj. brýna nauðsyn á gengisbreytingu til þess að afstýra beinum voða í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar sem Alþ. sat ekki, þegar þann voða bar að, sem stjórnin taldi nauðsynlegt að afstýra, er óumdeilt, að skv. stjórnarskránni fer ríkisstj. með það löggjafarvald, sem Alþ. hefur, meðan það situr. Fyrst Alþ. átti, skv. lögum, sem þá giltu og gilda enn, að ákveða gengi íslenzku krónunnar, hlýtur að vera alveg óumdeilt, að ríkisstj. gat gefið út brbl. með fullri heimild, með óskoraðri heimild í stjórnarskránni til þess að breyta sjálfu gengi krónunnar. Þessu hefur ekki heldur verið andmælt. Það hefur þvert á móti verið tekið fram og það oftar en einu sinni af málsvörum hv. stjórnarandstöðu og blöðum hennar, að ríkisstj. hefði haft fulla stjórnskipulega heimild til að gefa út brbl. um sjálfa gengisbreytinguna. Ef hún hefði gert það og það eitt, hefði ekkert verið við atferli ríkisstj. að athuga frá stjórnskipulegu sjónarmiði séð. En ríkisstj. hafði gert meira, hún hafði svipt Alþingi valdinu til að ákveða gengið með því að fela það Seðlabankanum, og í því sé stjórnarskrárbrotið fólgið. En hér er um, — ég vil ekki aðeins segja augljósan, heldur jafnframt herfilegan misskilning að ræða, — misskilning, sem ég verð að segja, að mig undrar, að jafnstjórnvanir menn og hér eiga hlut að máli skuli hafa látið sér sæma að viðhafa eða gera að sínum og endurtaka jafnoft og jafnsterklega og þeir hafa gert. Með þessum brbl., sem hér er um að ræða, var ekkert vald tekið af Alþ. Ef vald hefði verið tekið af Alþ. til að skrá gengi íslenzku krónunnar, væri þetta frv. ekki til umr. hér. Þetta frv. til staðfestingar brbl. er einmitt til umr. hér, — búið að vera til umr. í hv. Nd. og er til umr. hér í hv. Ed., — af því að Alþingi hefur eftir sem áður vald til að skrá gengi íslenzku krónunnar. Ef Alþingi hefði verið svipt þessu valdi, hefði frv. væntanlega aldrei verið lagt fram og þá værum við ekki að ræða málið hér.

Það, sem var gert með brbl., var það eitt, að ríkisstj. fól annarri stofnun að fengnu samþykki sínu, ríkisstj., að fara með það vald, sem ríkisstj. hafði ómótmælanlega 1. ágúst s. l., þegar brbl. voru gefin út. Því hefur enginn andmælt, að á þeim degi, sem brbl. voru gefin út, 1. ágúst, hafði ríkisstj. vald til þess að ákveða gengi íslenzku krónunnar. Þess vegna hlaut hún líka að hafa vald til þess að fela annarri stofnun, annarri ríkisstofnun, annarri opinberri stofnun vald til að gera það fyrir sína hönd, enda áskildi ríkisstj. samþykki sitt til þess, að ákvörðun Seðlabankans væri lögleg og gild.

Af þessu er alveg augljóst, að með brbl. sjálfum var ekkert vald tekið af Alþ. Eftir að

ríkisstj. var búin að lýsa yfir, að hún teldi gengisbreytingu óhjákvæmilega, fól hún öðrum sérfróðum aðila að reikna út og ákveða, hvort gengið skyldi vera 42, 43 eða 44 kr. á móti hverjum dollar, að vísu að fengnu samþykki hennar sjálfrar.

Að sjálfsögðu hlaut alltaf að vera tilætlunin að leggja þessi brbl. fyrir Alþ., svo sem gert var, um leið og Alþ. kom saman í haust. Ef Alþ. vill ekki, að Seðlabankinn fari með þetta vald framvegis, með það vald, sem hann fór með fyrir hönd stjórnarinnar, meðan stjórnin hafði valdið í sinni hendi, þá fellir það þetta frv., og þá er valdið sjálfkrafa, um leið og frv. er fellt, aftur komið í hendur Alþ. skv. ákvörðun Alþ. sjálfs. Ef hins vegar Alþ. samþ. frv., þá og þá fyrst er valdið komið frá Alþ. yfir í hendur Seðlabankans, því að það vald, sem Seðlabankanum var falið með útgáfu brbl. 1. ágúst, var vald ríkisstj., — það undirstrika ég sérstaklega, — það vald, sem Seðlabankanum var falið með útgáfu brbl., var vald ríkisstj., það vald, sem hún ómótmælanlega hafði á þeim degi, sem hún gaf brbl. út, en ekki vald Alþingis. Það, sem mundi því gerast, ef þessi brbl. yrðu felld, er það, að Alþingi hefði, eins og það hafði fyrir útgáfu brbl., vald til þess að ákveða gengi íslenzku krónunnar.

Ef menn vildu halda því fram, að það ástand, sem gilti nú í dag, þangað til lögunum yrði breytt, sé það, að Seðlabankinn hafi nú í dag vald til að skrá gengi íslenzku krónunnar, er því til að svara, að Alþ. gæti hvenær sem er gripið inn í og tekið þetta mál fyrir, fellt frv. og tekið gengisskráninguna í sínar hendur. Meðan Alþ. situr, hefur Alþ. valdið, og á sama degi og Alþ. kom saman, fékk Alþ. þetta frv. til meðferðar. Þangað til Alþ. kom saman, hafði ríkisstj. valdið til að skrá gengið og gat þar af leiðandi falið það Seðlabankanum, eins og hún gerði. En á sama degi og Alþ. kom saman, fékk það þetta frv. til meðferðar og hafði því frá sínum fyrsta starfsdegi skilyrði til að láta valdið vera í sínum höndum, eins og það var, þegar Alþ. fór heim að loknu síðasta starfstímabili á árinu 1961.

Ég tel því ekki hafa verið nokkurn vafa um þetta tvennt. Það var í fyrsta lagi ekkert vald tekið af Alþ. með setningu brbl., heldur var ríkisstj. að kveða á um, hvernig hún færi með það vald, sem hún hafði á þeim tíma, — og svo hitt einnig hafið yfir allan efa sem bein afleiðing af þessu, að útgáfa þessara brbl. getur með engu móti talizt brjóta í bága við stjórnarskrána.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki dregið í efa stjórnskipulega heimild ríkisstj. til að breyta genginu 1. ágúst s. l. Þeir hafa hins vegar dregið í efa hitt, að brýna nauðsyn hafi borið til að breyta genginu þá. Ég skal fara nokkru fleiri orðum um þessa nauðsyn en ég gerði í upphafi máls míns. Ég skal ekki gera það að löngu máli, heldur víkja að aðalatriðunum, sem gerðu gengisbreytingu nauðsynlega síðsumars 1961.

Samkv. athugun, sem Framkvæmdabanki Íslands hefur gert á þjóðartekjunum 1960 og skiptingu þeirra, telur hagdeild bankans, að á því ári hafi hreinar launatekjur í þjóðfélaginu numið um 3500 millj. kr. Því er ómótmælt, enda á allra vitorði, að launahækkun sú, sem átti sér stað á s. l. sumri, nam frá 13—19%, og hafa fróðir menn áætlað, að meðallaunahækkunin hafi numið 14—15%. Þetta jafngildir því, að eftir að launahækkanirnar höfðu verið samþykktar, jafngiltu þær árlegri tekjuaukningu í þjóðfélaginu, sem nemur 500—550 millj. kr., eða nokkuð á 6. hundrað millj. kr. Auk þess er þess að geta, að að jafnaði á sér stað frá ári til árs nokkur tilflutningur á tekjum, tilflutningur á milli tekjuflokka, þ. e. a. s. að launamenn flytjast úr verr launuðum störfum í betur launuð störf. Athugun hefur leitt í ljós, að á undanförnum árum hefur þessi tekjuauki, sem á rót sína að rekja til flutnings á milli starfa, numið um 300 millj. kr., þannig að búast mátti við því, að á næsta heilu ári, eftir að kauphækkun átti sér stað, yrðu launatekjur í þjóðfélaginu um 800 millj. kr. hærri en hefði verið á sama tíma, einu ári, tólf mánuðum, fyrir kauphækkanirnar. Nú leyfi ég mér að spyrja: Dettur nokkrum heilvita manni í hug, að atvinnuvegir þjóðarinnar og þó sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir hefðu getað staðið undir um 800 millj. kr. tekjuauka, án þess að það hefði sagt tilsvarandi til sín, annars vegar í hallarekstri og þá líklega atvinnuleysi inn á við og svo hins vegar í minnkandi erlendum gjaldeyri og greiðsluhalla út á við? Hér er um svo stórkostlegar breytingar að ræða í þjóðfélaginu, miðað við 3500 millj. kr. heildarlaunatekjur, þegar um verður að ræða á einu ári 800 millj. kr. tekjuhækkun, að þá er útilokað annað en svo gífurleg tekjuhækkun setji efnahagskerfið bókstaflega úr skorðum með því að valda hallarekstri og atvinnuleysi innanlands og með því að valda greiðsluhalla út á við. Það var þetta, sem ríkisstj. þóttist sjá fyrir, og það var þetta, sem hún vildi afstýra. Og ég held, að það sé sízt ofmælt, að þegar um þetta er að ræða, sé brýn nauðsyn að grípa til ráðstafana, til þess að hvorugt gerist, hvorki skaðinn inn á við, þ. e. a. s. hallareksturinn og atvinnuleysið, né heldur skaðinn út á við, greiðsluhallinn. Þjóðin var búin að súpa nógu alvarlega seyðið af þessu hvoru tveggja, hallarekstri inn á við og greiðsluhalla út á við, og ríkisstj. taldi það skyldu sína, taldi það beina skyldu sína að gera ráðstafanir til, að til þessa kæmi ekki aftur.

Þetta læt ég nægja sem rökstuðning fyrir því, að það bar brýna nauðsyn til þess að breyta gengisskráningunni 1. ágúst 1961.

Þegar reynt hefur verið að sýna fram á, að gengisbreytingin hafi verið óþörf, hefur fyrst og fremst einu málsatriði verið hampað. Það hefur verið sagt, að það hefði nægt að lækka vextina, sem hér á landi séu óhóflega háir, og það hafa verið nefnd ýmis dæmi um það og í einstökum atvinnugreinum jafnvel um einstök fyrirtæki, að vaxtalækkun mundi hafa numið jafnmiklu fyrir þessi fyrirtæki og kauphækkuninni nam. Hér eru sérstaklega tekin dæmi um frystihús og þó sérstaklega skuldug frystihús, þar sem vaxtabyrðin er tiltölulega mjög

þung miðað við launagreiðslurnar. En hér dugir að sjálfsögðu ekki að taka einstakar atvinnugreinar og enn síður einstök fyrirtæki. Slíkur málflutningur sannar bókstaflega ekki neitt. Það, sem verður að gera, er að gera sér grein fyrir, hver vaxtagjöldin í þjóðfélaginu í heild eru, hvað atvinnuvegirnir í heild, — ekki einstök atvinnugrein og enn síður eitt fyrirtæki, — hvað atvinnuvegirnir í heild hefðu sparað, ef vextirnir hefðu verið lækkaðir, og hversu mikill útgjaldaauki þeirra í heild er vegna kaupgjaldsaukningarinnar.

Samkv. opinberri skýrslu Framkvæmdabankans, þeirri sömu sem ég vitnaði til áðan, nema heildarvaxtagjöld á Íslandi milli 400 og 500 millj. kr. Heildarvaxtagjöldin eru milli 400 og 500 millj. kr. M. ö. o.: öll vaxtagjöldin eru minni en sú tekjuaukning, sem sannanlega leiddi af kauphækkununum á s. l. sumri. Þó að allir vextir í þjóðfélaginu hefðu verið strikaðir út, færðir ofan í núll, engir vextir greiddir og þá auðvitað ekki heldur til sparifjáreigenda, — þó að allir vextir hefðu verið færðir ofan í núll, hefði það ekki dugað til að mæta þeim kauphækkunum, sem sigldu í kjölfar kjarasamninganna á s. l. sumri, hvað þá hitt, þó að vextirnir hefðu verið lækkaðir um 2% eða orðið það, sem þeir voru fyrir valdatíma núverandi ríkisstj. 2% lækkun vaxta hefði lækkað heildarvaxtagjöldin í þjóðfélaginu um 80—100 millj. kr., um einar 80—100 millj. kr., eða ⅙—⅛ af því, sem kaupmáttaraukningunni vegna kjarasamninganna nam. Og enn er þess ógetið, að hér er um að ræða heildarvaxtagjöldin í þjóðfélaginu. En vaxtagjöldin eru auðvitað ekki eingöngu gjöld atvinnurekenda, vaxtagjöldin eru að mjög verulegu leyti gjöld einstaklinga, t. d. húseigenda, sem tekið hafa lán til að koma upp yfir sig húsnæði. Því miður er ekki til í opinberum skýrslum nákvæm sundurgreining á því, hvernig vaxtagjöld skiptast á milli atvinnurekenda annars vegar og einstaklinga, sem hafa fé bundið í öðru en atvinnurekstri, hins vegar, en það sjá allir hv. þm. í hendi sér, að mjög verulegur hluti heildarvaxtagjaldanna er auðvitað gjald einstaklinga, sem hafa fé bundið í öðru en atvinnurekstri og þá fyrst og fremst í íbúðarhúsnæði. Af þessu er augljóst, hvílík reginfjarstæða það er, — ég endurtek það: hvílík reginfjarstæða það er, að vaxtabreyting hefði komið að nokkru liði til að létta af atvinnuvegum þjóðarinnar í heild þeirri byrði, sem kjarasamningarnir í sumar lögðu þeim á herðar. Með þessu móti er ég auðvitað ekki að gera lítið úr þýðingu vaxtanna í sjálfu sér fyrir atvinnuvegina og skal engan veginn draga úr því, að æskilegt sé, að strax og ástandið í peningamálum, fjármálum þjóðarinnar yfirleitt leyfir, séu vextir lækkaðir og hinni þungu vaxtabyrði, sem nú hvílir á atvinnuvegunum, sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum, að nokkru aflétt. Sem betur fer stefnir nú á svo mörgum sviðum í rétta átt, að sá tími er vonandi ekki langt undan, að hægt sé að færa vextina aftur niður í það, sem þeir voru, áður en til viðreisnarráðstafana núverandi ríkisstj. var gripið.

Þá hefur mikið verið gert úr því í umr. um þetta mál, að gengislækkunin og sú verðhækkun, sem í kjölfar hennar sigldi, hafi rænt launþega bókstaflega allri kauphækkuninni, sem þeir fengu á s. l. sumri, og stundum er jafnvel sagt, að hún hafi gert meira, þannig að launþegar standi nú verr að vígi en þeir stóðu, þegar gengið var lækkað 3. ágúst s. l. Það er ofur auðvelt og með einföldum hætti hægt að ganga úr skugga um, hvort þessi staðhæfing er rétt eða röng. Ég hef hér áætlun um meðalhækkun kauphækkananna á s. l. sumri, miðað við þessar stéttir: ófaglærðir verkamenn, faglærðir iðnaðarmenn, Iðjuverkafólk, karlar og konur, aðrar verkakonur en þær, sem eru í stærri verksmiðjum og eru í Iðju. Ef ekki er reiknað með yfirvinnu, er vegin meðalhækkun kaups þessara stétta 11¾% auk stéttarsjóðstillagsins, en með því er hækkunin 12½%, en flest félög iðnaðarmanna voru áður búin að fá stéttarsjóðstillag, og gerir það hækkunina minni en ella. En ef reiknað er með fullri dagvinnu og tveim yfirvinnutímum á dag, verður meðalhækkunin um 14% og með styrktarsjóðsgjaldinu ca. 14¾%, og hækkunin liggur á bilinu 12½%—19%, auk styrktarsjóðstillagsins.

Nú skulum við athuga, hver hækkun vísitölunnar hefur orðið, síðan genginu var breytt 3. ágúst s. l. Hún var 1. ágúst, um leið og genginu var breytt, 106 stig. 1. þ. m. var hún 116 stig. Hún hefur því hækkað frá 1. ágúst til 1. marz, síðan gengisbreytingin var gerð, um 9.4%. En skv. því, sem ég sagði áðan, var meðalhækkun sú, sem fékkst fram í kjarasamningunum, ef miðað er við fulla dagvinnu og tvo eftirvinnutíma á dag, með styrktarsjóðstillaginu 14.75%, þannig að afgangs kauphækkuninni eru 5.35%, miðað við fulla dagvinnu og tvo eftirvinnutíma. Ef ekki er reiknað með neinni yfirvinnu, en það er ýmsum þyrnir í augum, að í slíkum útreikningum sé miðað við yfirvinnutíma, heldur aðeins miðað við dagvinnukaupið, hvað það hafi hækkað, þá hefur það hækkað, eins og ég sagði áðan, um 12.5%, en vísitalan hefur hækkað um 9.4%, þannig að afgangs er af þeirri hækkun, sem fékkst á s. l. sumri, 3.1%, jafnvel þótt ekki sé miðað við neina yfirvinnu. Þess er svo að geta, að þessi hækkun úr 106 í 116 hefur verið að gerast smám saman, en hið nýja kaup tók fullt gildi á s. l. sumri. Hins er að gæta, að væntanleg mun vera einhver smávægileg hækkun á vísitölunni enn nú á næstunni, en ég þori ekki að segja nákvæmlega, hve mikil er talið líklegt að hún verði, en hins er þó líka að geta, að í samningunum á s. l. ári fékkst viðurkennt, að allt kaupgjald skyldi hækka um 4% 1. júní n. k. Á þessu sést, hvílík reginfjarstæða það er, að gengisbreytingin 3. ágúst s. l. hafi svipt launþega bókstaflega allri kauphækkuninni, sem þeir fengu á s. l. sumri, hvað þá meira.

Í umr., sem fram hafa farið um þetta frv., hafa hv. stjórnarandstæðingar lagt mikla áherzlu á að gera lítið úr þeim árangri, sem náðist með stefnubreytingunni, sem átti sér stað í efnahagsmálum þjóðarinnar, þegar stjórnin tók við völdum í ársbyrjun 1960. Það var lögð á það mikil áherzla, að í raun og veru sé ástand-

ið í efnahagsmálunum nú lítið betra eða ósköp svipað og það hafi verið í árslok 1958, þegar ríkisstj. Hermanns Jónassonar fór frá völdum. Í því sambandi hefur einni röksemdafærslu verið sérstaklega hampað, þeirri að benda á, að í árslok 1958 hafi landið átt gjaldeyrisvarasjóð, sem með núverandi gengi hafi numið um 230 millj. kr., en einn liður í hinni nýju stefnu í efnahagsmálunum hafi verið sá að heimila innflytjendum að stofna til lausaskulda erlendis, sem hafi áður verið bannað. Nú nemi þessar lausaskuldir hátt upp í 300 millj. kr., svo að ef þessari lausaskuldasöfnun sé bætt við gjaldeyrisstöðuna í árslok 1958, slagi það hátt upp í þann gjaldeyrisvarasjóð, sem bankarnir eigi nú erlendis og ríkisstj. leggi svo mikla áherzlu á að guma af, eins og sagt er.

En hér er ýmislegs að gæta. Í fyrsta lagi þess, að sá gildi gjaldeyrisvarasjóður, sem tekizt hafði að safna í árslok 1958, átti sér sérstakar orsakir, og það gátu því miður ekki staðið vonir til þess í árslok 1958, að sá gjaldeyrisvarasjóður yrði varanlegur. Orsakir hans voru fyrst og fremst þær, að árið 1958 var mjög gott aflaár, eitt bezta ár frá náttúrunnar hendi, sem yfir Íslendinga hafði komið fram til þess tíma. Auk þess hafði ríkisstj. einmitt á árinu 1958, fyrri part þess árs, gert mjög róttækar ráðstafanir í efnahagsmálum í jafnvægisátt. Ríkisstj. hafði þá gert ráðstafanir, sem jafngiltu gengisbreytingu, þó að ráðstöfununum væri ekki valið það form, og það gat ekki farið hjá því, að áhrif þessara ráðstafana segðu strax til sín og hefðu mjög góð áhrif á gjaldeyrisafkomuna, sem líka varð. Það var því tvennt, sem olli hinni góðu gjaldeyrisafkomu í árslok 1958: annars vegar einstakt góðæri og hins vegar jafnvægisráðstafanir, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar einmitt bar gæfu til að framkvæma á fyrri hluta ársins 1958. Ástæðan til þess, að því miður gátu ekki staðið vonir til þess, að sá gjaldeyrisvarasjóður yrði varanlegur, var sú, að það hafði ekki tekizt að hefta verðbólguna innanlands. Það, sem ríkisstj. Hermanns Jónassonar mistókst á síðari hluta ársins 1958, var að hefta verðbólguna innanlands. Það reið yfir kaupgjaldsalda, sem enginn grundvöllur var fyrir að standa undir. Þetta nýja og stórhækkaða kaupgjald var komið til framkvæmda nokkru fyrir áramótin 1958, og það hafði ekki tekizt að fá samkomulag um að stöðva dýrtíðarskrúfuna, og þess vegna var alveg augljóst, að sú mikla kaupmáttaraukning, sem mundi sigla í kjölfar þessara atburða, mundi eyða gjaldeyrisvarasjóðnum aftur. Það var því miður ótraustur grundvöllur undir þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem góðæri og skynsamlegar ráðstafanir höfðu fært þjóðinni á árinu 1958, enda kom í ljós, að gjaldeyrisstaðan versnaði mjög ört á árinu 1959 sem afleiðing þess, að ekki hafði tekizt á árinu 1958 að stöðva verðbólguölduna. Þáverandi forsrh. lýsti því og yfir einmitt undir áramótin 1958, þegar stjórn hans fór frá völdum, að hún færi frá völdum vegna þess, að verðbólgualda væri skollin yfir, sem stjórninni hefði ekki tekizt að ráða við, og þar með var skolað burt verulegum hluta þess gjaldeyrisvarasjóðs, sem stjórninni hafði tekizt að safna með hjálp góðæris á árinu 1958.

Að því er það snertir, að rétt sé að draga hinn stutta gjaldfrest innflytjenda frá þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem þjóðin á nú, og bera afganginn saman við gjaldeyrisvarasjóðinn í árslok 1958, er það að segja, að það veit hvert mannsbarn, að þótt það hafi að vísu ekki verið heimilt lögum samkvæmt eða reglugerðum að stofna til stutts gjaldfrests erlendis fyrr en núv. ríkisstjórn leyfði það, þá var það gert í verulegum mæli og ég vil segja í allstórum stíl, þannig að í árslok 1958 var áreiðanlega líka um að ræða hagnýtingu erlends greiðslufrests, sem þá líka hefði átt að dragast frá gjaldeyrisinneigninni í árslok 1958.

Annars er rétt að gera einu sinni nokkra tilraun til samanburðar á árinu 1958, sem var síðasta ár stjórnar Hermanns Jónassonar, og árinu 1961, sem er fyrsta heila starfsár núv. ríkisstj., til þess að geta um það dæmt, hver raunveruleg afkoma þessara tveggja ára hefur verið. Ég skal nú nefna nokkrar tölur sem dæmi eða til samanburðar á raunverulegri afkomu áranna 1961 og 1958.

Gjaldeyrisstaðan batnaði á árinu 1958 um 190 millj. kr., en á árinu 1961 batnaði hún um 400 millj. kr., meir en tvöfalt. Bæði árin voru góðæri, og á árinu 1958 voru, eins og ég sagði áðan, gerðar skynsamlegar jafnvægisráðstafanir, sem þó runnu út í sandinn að verulegu leyti vegna mistaka stjórnarinnar, en á árinu 1961 hélt þjóðarbúið áfram að njóta góðs af skynsamlegum ráðstöfunum í byrjun árs 1960, auk þess sem komið var í veg fyrir tilræði við þessar ráðstafanir á miðju sumri 1961, með þeim árangri, að breyting gjaldeyrisstöðunnar til batnaðar varð meira en helmingi meiri á árinu 1961 en hún var á árinu 1958. Greiðslujöfnuður fyrir vörur og þjónustu var á árinu 1958 óhagstæður um 240 millj. kr., en hann var á árinu 1961 hagstæður um 250 millj. kr. Hér er mikill munur á, stórkostlegur munur. Taka fastra lána nam á árinu 1958 632 millj. kr., en á árinu 1961 voru tekin lán að upphæð 364 millj. kr. Afborganir af föstum lánum voru á árinu 1958 165 millj. kr., en á árinu 1961 var greitt af föstum lánum 389 millj. kr. Niðurstaðan af þessu er sú, að nettóbreyting á föstum lánum varð á árinu 1958 aukning um 467 millj. kr., en 1961 varð nettóminnkun á föstum lánum um 25 millj. kr. Það er enn fremur rétt að geta þess, að breyting á útflutningsbirgðum var þannig, að á árinu 1958 jukust birgðir um 222 millj. kr., en á árinu 1961 jukust birgðir um 186 millj. kr.

Það hefur verið lögð á það mikil áherzla og hvað eftir annað endurtekið, bæði hér á hinu háa Alþingi og í blöðum stjórnarandstæðinga, að hinn mikli bati á gjaldeyrisstöðunni, sem auðvitað er ekki hægt að þræta fyrir að átt hefur sér stað, hafi fyrst og fremst átt sér stað vegna þess, að dregið hafi úr og jafnvel hafi tekið fyrir innflutning skipa og slíkra framleiðslutækja. Það var sagt síðast í gær hér í hv. Nd., að það væri lítill vandi að sýna erlendar krónur á innstæðureikningi í banka,

þegar tekið væri algerlega fyrir innflutning skipa. En hver er sannleikurinn um innflutning skipa og flugvéla á árunum 1958 og 1961? 1958 voru flutt inn skip og flugvélar fyrir 245 millj. kr., en 1961 fyrir 193 millj. kr. M. ö. o.: innflutningur 1958 er aðeins 52 millj. kr. meiri en hann var í fyrra, en bati gjaldeyrisstöðunnar er margföld þessi tala. Gjaldeyrisstaðan batnaði 210 millj. kr. meira 1961 heldur en 1958, en skipainnflutningur var ekki nema 52 millj. kr. meiri 1958 en 1961. Sá gjaldeyrisvarasjóður, sem bankarnir eiga nú eða áttu í febrúarlok, nemur 703½ millj. kr., og er það langhæsta tala, sem landið hefur nokkurn tíma átt í erlendum gjaldeyri. Þá sjá menn, hvílík fjarstæða er að halda því fram, að 703½ millj. kr. gjaldeyrisvarasjóður geti átt rót sína að rekja til þess, að skipainnflutningur hefur verið á s. l. ári ekki nema 52 millj. kr. minni en hann var á árinu 1958.

Árið 1961 er fyrsta árið eftir stríð, sem heildargreiðslujöfnuður þjóðarinnar gagnvart öðrum þjóðum hefur verið hagstæður, og öruggari vitnisburð mun ekki vera hægt að fá um það, að stefna sú, sem ríkisstj. hóf í febrúar 1960, var rétt. Og það, að tekizt hefur í fyrsta skipti eftir stríð að hafa heildargreiðslujöfnuð þjóðarinnar gagnvart útlöndum hagstæðan árið 1961, er öruggasta sönnunin fyrir því, að það var rétt að afstýra því tilræði við viðreisnarstefnu ríkisstj., sem fólst í hinum óhóflegu kauphækkunum, sem áttu sér stað á s. l. sumri. En einmitt með því að lækka gengi krónunnar þegar í stað, eftir að heildarkauphækkunin var komin í kring, var viðreisnarstefnunni bjargað, með þeim árangri, að heildarniðurstaða ársins 1961 var sú, að það var fyrsta árið eftir stríð, þar sem heildarafkoma þjóðarbúsins gagnvart öðrum löndum var jákvæð.

Herra forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur nú haldið hér alllanga og á ýmsa lund athyglisverða ræðu. Hún minnti mig á sögu af einum ágætum alþingisframbjóðanda, að vísu Alþfl.-frambjóðanda, sem bjó sig mjög vel að heiman í framboðsfundareisu, hafði ekki aðeins skrifaðar frumræðurnar, sem hann ætlaði að halda á hverjum fundi, heldur og svarræðurnar. Svo þegar á framboðsfundina kom brá að vísu út af því stundum, að þeir, sem á móti honum mæltu, höguðu máli sínu á þá lund, sem þessi hv. Alþfl.-frambjóðandi hafði gert ráð fyrir, en eigi að síður þuldi hann þær skrifuðu ræður, sem hann hafði verið búinn að undirbúa.

Hæstv. viðskmrh. hafði það hlutverk hér áðan að mæla fyrir frv. um staðfestingu á brbl. um flutning gengisskráningarvaldsins af löggjafanum í hendur Seðlabankans. En í stað þess að rökstyðja nauðsyn þeirra brbl. eyddi hann langmestu máli sínu í að svara aths., sem hafa komið fram annars staðar en hér í þessari hv. d., eða ímynduðum aths., sem hann hefði getað vel látið bíða, þangað til eitthvað var búið að ræða málið hér og sjá, hvað fram kæmi í aths. við það. Og í þriðja lagi ræddi hann svo aðallega um það frv., sem fylgir í fótspor þessa frv., hinn svokallaða gengislækkunarkálf, en gerði lítið að því að rökstyðja þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., heldur ræddi stjórnmálin að ýmsu leyti vítt og breitt. Honum fór því að ýmsu leyti eins og þessum gamla Alþfl.-frambjóðanda, sem ég minntist á hér áðan.

Það má segja, að kjarninn í hans ræðu, hæstv. viðskmrh., og það atriðið, sem hann lagði mesta áherzlu á og allan þunga í flutningi sinnar ræðu, það var að sýna fram á, hvílík nauðsyn það hefði verið að kippa aftur af íslenzkum verkalýð og launastéttum þeirri kauphækkun, sem þær fengu á s. l. sumri, — afstýra, eins og hann orðaði það, því tilræði, sem hinar óhóflegu kauphækkanir hefðu verið s. l. sumar. Ég verð nú að segja, að það hefði einhvern tíma þótt fyrirsögn, ef ráðh. Alþfl. hefði komið í ræðustól hér á hv. Alþ. og haldið því fram, að kjarabætur til handa launþegum væru tilræði við þjóðarhaginn. Og ég verð að segja, að ég held, að það geti varla hjá því farið, að íslenzk alþýða hlýtur að sjá, að slíkur hæstv. ráðh. getur ekki verið málsvari fyrir alþýðuna í þessu landi.

Ég hafði hugsað mér að ræða fyrst og fremst það frv., sem hér liggur fyrir til umr., en hæstv. ráðh. hefur með sinni ræðu gefið tilefni til þess, að málið allt sé rætt á nokkru víðtækari grundvelli. Mun ég því síðar nokkuð víkja að þeim atriðum sumum hverjum, sem hann talaði um, enda þótt þau eigi frekar heima í sambandi við annað mál, eins og ég áður sagði.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og þegar hefur verið tekið fram, til staðfestingar á brbl. frá 1. ágúst s. l. Efni þeirra brbl. er það — og það eitt — að ákveða, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstj. stofngengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli, og breyta þau þá um leið 18. gr. seðlabankalaganna, nr. 10 1961. M. ö. o.: efni þessa frv. er það og það eitt, — og brbl., sem þau eiga að staðfesta, — að flytja gengisákvörðunarvaldið til, úr höndum löggjafans og í hendur Seðlabankans. Það er að vísu athugandi og aðfinnsluvert, að í formála fyrir þessum brbl. er gefið í skyn, að efni þeirra sé annað en þetta, sem ég nú hef drepið á. Í formála fyrir brbl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna hinna miklu kauphækkana, sem átt hafa sér stað að undanförnu, séu fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, ef ekkert sé að gert. Áhrif kauphækkananna muni á skömmum tíma breiðast um allt hagkerfið og valda almennri hækkun framleiðslukostnaðar og aukinni eftirspurn eftir gjaldeyri, en þetta muni svo á hinn bóginn hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og alvarlegan greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við. Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun og atvinnuleysi og gjaldeyrisskort, sem henni mundi fylgja, beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna í samræmi við breytt viðhorf."

Allar þessar ástæður, sem þarna eru taldar, eru ástæður fyrir því að breyta genginu, lækka gengið. Þær eru alls ekki ástæður fyrir því

að flytja sjálft gengisskráningarvaldið til. Þessar ástæður, sem þarna eru færðar fram fyrir brbl., eru því vægast sagt villandi og óviðeigandi. Í því, sem ég segi þar um, felst ekki gagnrýni á forseta Íslands, þó að lögin séu gefin út í hans nafni og hann geri þessar aths. þannig að sínum, því að eftir þeim stjórnarháttum, sem fylgt hefur verið hér, hefur verið gengið út frá því, að forseti yrði í einu og öllu við tilmælum þess ráðh., sem hverju sinni ber ábyrgð á stjórnarathöfn. En auðvitað eru slíkir stjórnarhættir engin stjórnskipuleg nauðsyn hér, og á þessu fyrirkomulagi þyrfti að mínum dómi að verða breyting, þannig að það væri ákaflega æskilegt, að forseti hefði sér við hönd einhverja stofnun eða stjórnarskrárnefnd, sem hann gæti vísað málum til og fengið álitsgerð um þau málefni, t. d. brbl., sem ráðh. leggur fyrir hann, og fengið þannig umsögn sérfróðra manna um það, hvort brbl. t. d. brytu í bága við stjórnarskrána, áður en hann veitti atbeina sinn til þeirra. Ég held, að það gæti verið öllum aðilum til góðs, að það væri þannig fyrir fram fengið álit um það og umsögn, hvort fyrirhuguð lagasetning bryti í bága við stjórnarskrána eða ekki.

En það er nú einmitt þannig, að í stjórnarskránni eru sérstök ákvæði um brbl., ákaflega einföld og auðskilin. Eitt meginskilyrðið til útgáfu brbl. er skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, að brýna nauðsyn beri til lagasetningarinnar. Það er að vísu svo, að þetta skilyrði um brýna nauðsyn er ákaflega matskennt og teygjanlegt skilyrði. Og það er vafalaust, að stundum hefur verið gengið nokkuð langt í því efni hér á landi að grípa til brbl., og sjálfsagt má finna þess ýmis dæmi, að það hafa ekki verið gerðar mjög strangar kröfur til þeirrar brýnu nauðsynjar, sem fyrir hendi þyrfti að vera.

Með þessum brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, er, eins og þegar hefur verið tekið fram, gengisákvörðunarvaldið flutt úr höndum löggjafans í hendur Seðlabankans. Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar er slík aðgerð því aðeins heimil með brbl., að til hennar hafi borið brýna nauðsyn. Ég held, að því verði ekki haldið fram, og ég hef ekki heyrt, að hæstv. ráðherrar reyndu í raun og veru að halda því fram, að það hafi borið brýna nauðsyn til þess að færa sjálft gengisákvörðunarvaldið úr höndum löggjafans og í hendur annarri stofnun, Seðlabankanum, þannig að ég held, að það geti varla orðið skiptar meiningar um það, að þessu skilyrði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn var ekki fullnægt í þessu tilfelli. Ég veit, að einn af hæstv. ráðherrum, hæstv. dómsmrh., er manna fróðastur um útgáfu brbl. og framkvæmd í þeim málefnum hér á landi. Ég efast ekki um, að hann geti bent á ýmis dæmi þess, þar sem hafi verið farið á fremsta hlunn í þessu efni, teflt á nokkuð tæpt vað, og þar sem kannske megi eitthvað vefengja það, að brýn nauðsyn hafi verið fyrir hendi við útgáfu brbl. En ég leyfi mér að fullyrða, að hann muni ekki geta bent á eitt einasta dæmi úr þeirri sögu, sem sé nokkuð í líkingu við þetta dæmi, sem hér liggur fyrir, og þar sem það liggur jafnaugljóslega fyrir, að það er alveg útilokað, að brýn nauðsyn sé fyrir hendi fyrir þeirri aðgerð, sem gerð var með þessum brbl. Ég veit, að ef hæstv. ráðh. hefur slík dæmi á takteinum, muni þau koma fram hér í þessum umræðum.

Rök hæstv. ríkisstj. eru á þá lund, að gengislækkun hafi verið nauðsynleg. Nú er því að vísu mótmælt af hálfu stjórnarandstöðunnar, að það hafi verið nokkur brýn nauðsyn fyrir hendi til þess að grípa til gengislækkunar, en það má þó fyrst um sinn láta það atriði liggja á milli hluta, því að það er sitt hvað, að ástæða hafi verið til gengislækkunar, og hitt að taka ákvörðunarvaldið úr höndum löggjafans og þá fyrst og fremst Alþingis, sem farið hefur með það um langt skeið, og fá það í hendur stofnun — Seðlabankanum. Og um leið og ríkisstj. stóð að þessari bráðabirgðalagasetningu, afsalaði hún sér þar með sem bráðabirgðalöggjafa ákvörðunarvaldi um gengið og gat ekkert um það sagt, hvort bankastjórn Seðlabankans mundi líta sömu augum á nauðsyn gengisfellingar og hæstv. ríkisstj. M. ö o.: um leið og hæstv. ríkisstj. gaf þessi brbl. út, hafði hún enga vissu eða tryggingu fyrir því, að gengisbreytingin mundi verða gerð, eins og hún hafði talið nauðsynlegt. Það má að vísu vel vera, að ríkisstj. hafi verið búin að ræða við bankastjóra Seðlabankans og kynna sér þeirra afstöðu fyrir fram. Um það skal ég ekkert dæma, en það liggur ekkert fyrir um það, og ekkert er komið fram um það í þessari lagasetningu.

Ég fæ því ekki betur séð en það sé alveg útilokað að halda því fram, að brýna nauðsyn hafi borið til þess að taka gengisskráningarvaldið úr höndum bráðabirgðalöggjafans og fá það í hendur stofnun, sem var algerlega óskuldbundin til þess að taka nokkra ákvörðun um gengisbreytingu. Og það er þetta, sem er kjarni þessa máls, sem hér er um að ræða, að það er útilokað að rökstyðja það, að skilyrði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn samkvæmt 28. gr. hafi verið fyrir hendi við útgáfu þessara brbl.

Hæstv. ráðherra gerði, sem vonlegt var, eina litla tilraun til þess að rökstyðja það, að hér hefði ekki verið brotið í bága við stjórnarskrárákvæðið. Og hans röksemdafærsla var á þessa lund: Það er óumdeilt, að ríkisstj. sjálf hafði vald til þess að lækka gengið á þessum tíma, sem hér er um að ræða. Og þegar hæstv. ráðherra talar þarna um ríkisstj., þá á hann að sjálfsögðu við bráðabirgðalöggjafann. Úr því að ríkisstj. hafði þetta vald, þá var henni heimilt, samkv. kenningu ráðherrans, að fela annarri stofnun að fara með þetta vald, og hafði hún til þess frjálsar hendur, eins og ráðherrann orðaði það, að mig minnir. Hann sagði, hæstv. ráðherra: Fyrst Alþingi gat breytt genginu, þá hlaut bráðabirgðalöggjafinn líka að hafa óskoraða heimild til þess að breyta genginu. (Gripið fram í.) Þetta er ekki rétt, þetta er mikill misskilningur. Vald bráðabirgðalöggjafans er allt annað en Alþingis eða almenna löggjafans. Það er takmarkað. Hann má því aðeins grípa inn í, að brýn nauðsyn sé fyrir hendi. Og því aðeins mátti bráðabirgðalöggjafinn gefa út brbl. um gengislækkun, að brýna nauðsyn bæri til þeirrar gengislækkunar. Löggjafinn getur hvenær sem er tekið

ákvörðun um gengið. En bráðabirgðalöggjafinn gat það ekki, nema til þess bæri brýna nauðsyn. En hitt er auðvitað alger fjarstæða að halda því fram, að þar sem bráðabirgðalöggjafinn hafi haft þetta vald, þá geti hann sett annan í sinn stað, falið honum að fara með það vald, án þess að gefa honum nokkur fyrirmæli um það, hvernig með það ætti að fara. Ef þessi kenning hefði nokkra stoð, hefði átt að haga brbl. að minnsta kosti á þá lund, að Seðlabankanum hefði verið falið að gera þetta og um leið tekið fram, á hverja lund hann ætti að breyta genginu. En það er ekki gert með þessum brbl., heldur er Seðlabankanum, sérstakri stofnun, fengið valdið, án þess að það sé nokkuð nánar kveðið á um, hvernig hann skuli með það fara. Nú er það svo, að það er langt frá því, að handhafi opinbers valds megi framselja sitt vald almennt, fela einhverjum öðrum að fara með það. Þvert á móti er viðurkennt, að það séu miklar skorður settar almennt við því. Og jafnvel löggjafinn má ekki framselja sitt vald og fela öðrum að fara með það vald, sem honum er fengið, nema innan vissra takmarka, og því síður má bráðabirgðalöggjafinn auðvitað gera það.

En jafnvel þó að það yrði litið svo á, að gengisskráningin væri ekki eitt þeirra atriða, sem löggjafanum væri óheimilt að afsala sér og fela öðrum í hendur, þá gildir þó skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar alveg ótvírætt, að slíkt getur ekki átt sér stað, nema brýna nauðsyn beri til. Og nú liggur það í hlutarins eðli, að það er heldur ólíklegt, að slíkar aðstæður beri að höndum, að brýna nauðsyn beri til að taka þetta vald úr höndum löggjafans. Og það er yfirleitt heldur ólíklegt, að þær aðstæður beri að höndum, að bráðabirgðalöggjafinn þurfi að fara að afsala almenna löggjafanum valdi, enda mundi slíkt auðvitað í mesta máta verða talið óþingræðislegt.

Það geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir um það, hvar gengisskráningarvaldið sé bezt komið, hvort það sé heppilegra almennt séð, að það sé í höndum löggjafans eða í höndum þjóðbankans. Og það er bent á ýmsar ástæður, sem mæla með því, að þetta vald sé betur komið í höndum þjóðbankans. Aðrir benda aftur á ýmis rök, sem mæla fremur með því, að þetta vald sé í höndum löggjafans og Alþingis, þjóðfulltrúasamkomunnar. Þetta sé svo mikilvægt og þýðingarmikið vald og það sé eðlilegt, að Alþingi hafi það í sinni hendi. Nú veit ég vel, að það má nefna þess mörg dæmi frá öðrum löndum, að þetta vald — gengisskráningarvaldið — sé hjá þjóðbanka, og ég skal í sjálfu sér ekkert dæma um það almennt, hvort þetta vald er betur komið hjá þjóðbanka eða löggjafarsamkomunni. En ég vil þó aðeins undirstrika það, að ef þetta vald á að vera hjá þjóðbanka, þá verður sá þjóðbanki að vera sjálfstæður, en má ekki að mínum dómi vera háður ríkisstj. með þeim hætti, sem Seðlabanki Íslands er nú, samkv. þeirri löggjöf, sem þar um var sett á síðasta Alþingi.

En það skiptir í þessu sambandi alls engu máli, þegar verið er að ræða um þessi brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, hvort menn almennt eru með því eða móti, að gengisskráningarvaldið sé í höndum þjóðbankans eða löggjafans. Það eitt skiptir hér máli, hvort það var stjórnskipuleg heimild til þess á s. l. sumri að taka gengisskráningarvaldið með brbl. úr hendi löggjafans og fá það í hendur Seðlabankanum. Það út af fyrir sig snertir ekki kjarna málsins, hvort skipulagið er betra eða verra almennt séð. Þó að það skipulag væri betra, að þetta væri hjá Seðlabankanum, yrði auðvitað að gera þá breytingu með stjórnskipulegum hætti, svo að það fullnægði þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því.

Það er nú svo, að bráðabirgðalöggjafi er að vísu staðgengill löggjafans, en hann er þó aldrei annað en varaskeifa fyrir almenna löggjafann. Og eins og ég áðan sagði, getur það ekki talizt þingræðislegt, að bráðabirgðalöggjafinn fari að afsala öðrum í hendur því valdi, sem heyrir undir almenna löggjafann. Hann getur gripið inn í og tekið ákvörðun, þegar brýna nauðsyn ber til og almenni löggjafinn er ekki viðlátinn, — ákvörðun, sem á svo að leggja undir Alþingi síðar. En hitt er í alla staði óeðlilegt, að hann fari að afsala og það til frambúðar að formi til valdi, sem almenni löggjafinn hefur haft.

Það felst í þessari bráðabirgðalagasetningu, sem tekur þannig valdið af Alþingi og færir það í hendur annarri ríkisstofnun, mikil lítilsvirðing á Alþingi, og sú framkoma í garð Alþingis verður í raun og veru enn harkalegri og óeðlilegri og enn augljósara en ella, að höggvið er of nærri stjórnarskránni með útgáfu þessara brbl., þegar þess er gætt, að á s. l. Alþingi voru sett ný heildarlög um Seðlabanka Íslands. Og hæstv. ríkisstj. og stjórnarstuðningsmenn voru sérstaklega hrifnir af þessari lagasetningu um Seðlabankann á s. l. þingi, og þeir létu sér margir hverjir mjög tíðrætt um það, að sú löggjöf væri óvenjulega vel og rækilega undirbúin. Því til sönnunar mætti nefna mýmörg dæmi úr umr. um seðlabankafrv. frá síðasta Alþingi. Ég læt aðeins nægja að minna á fáein orð, sem hæstv. viðskmrh. lét þá falla, þegar hann fylgdi þessari löggjöf úr hlaði. Þá sagði hæstv. viðskmrh., með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur undirbúið þetta frv. vandlega. Hún gerir sér þess ljósa grein, að nauðsynlegt er, að skipulag bankamálanna sé í sem föstustum skorðum. Tíðar breytingar á bankalöggjöf eru ekki heppilegar. Af þessum sökum hefur ríkisstj. viljað leggja áherzlu á að koma nú bankalöggjöfinni og stjórn bankakerfisins í slíkt horf, að hvort tveggja gæti orðið til frambúðar.“

Og hv. þm. Jóhann Hafstein sagði m. a.:

„Mér er kunnugt um það, eins og ég sagði áðan, að undirbúningur þessa máls hefur verið mjög vandaður.“

Það er því engum blöðum um það að fletta, að frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. og eftir hennar sögn og hennar stuðningsmanna var mjög vel vandað til setningar seðlabankalöggjafarinnar á síðasta Alþ., og ekki þarf að efa, að þeir, sem að þeirri löggjöf stóðu og hana undirbjuggu, hafi kynnt sér rækilega, hvernig löggjöf um slíkar stofnanir hafi verið fyrir komið í

öðrum löndum. Það þarf því sjálfsagt ekki að efa, að fyrir hafi legið þá þær upplýsingar, sem nú hafa verið gefnar, að í 11 nálægum löndum séu það þjóðbankarnir, sem fari með gengisskráningarvaldið. En þrátt fyrir það að seðlabankafrv. á sínum tíma væri svo rækilega undirbúið og þrátt fyrir það að þessar upplýsingar hafi sjálfsagt allar legið fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar, var hvergi vikið að því í frv. né athugasemdum þeim, sem fylgdu því, né í umr. um það, að það væri meiningin að breyta til í þessu efni og færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþ. og í hendur Seðlabankans. Það er þvert á móti tekið skýrum stöfum fram og undirstrikað í athugasemdum við 18. gr. seðlabankafrv., að það skuli standa óbreytt skipan áfram í þessu efni, að gengið skuli framvegis ákveðið með lögum, Seðlabankinn fara með gengisskráninguna, að því leyti sem hún er ekki ákveðin eða bundin í lögum.

Með seðlabankalöggjöfinni, sem sett var þannig á síðasta Alþ., staðfesti því hæstv. ríkisstj. og Alþ. þann vilja sinn, að gengisskráningarvaldið, ákvörðunarvaldið um gengi ísl. krónu, skyldi áfram og framvegis vera í höndum löggjafans, í höndum Alþ. Og það var hvergi, eins og ég áðan sagði, imprað á því í sambandi við það mál, að það væri nokkur ástæða til, hvað þá nauðsyn, að taka það vald úr höndum Alþ. Þegar þessa er gætt og öll þessi atriði eru virt, verður alveg sérstaklega ljóst, hve óeðlilegt það var og óþingræðislegt gagnvart Alþ. að taka svo þetta vald rétt á eftir úr höndum þess og fela það annarri stofnun. Og þegar þess er gætt, sem ég hef hér lítillega rakið, að það bar enga brýna nauðsyn til þess að taka gengisákvörðunarvaldið úr höndum Alþ., að ríkisstj. og Alþ. hafði rétt áður staðfest það, að þetta vald skyldi vera áfram í höndum löggjafans, þá er það alveg ljóst, að það hljóta allir, sem athuga þetta mál í ró og án fyrir fram ákveðinna skoðana, að viðurkenna, að það skortir á við þessa lagasetningu, að það skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar, að brýna nauðsyn beri til, sé fyrir hendi.

Það er auðvitað eðlilegt, að menn spyrji eftir þann formála, sem hafður er á brbl., og eftir það, sem síðar gerðist, að gengið var fellt, hvaða ástæður hafi legið til þess, að þessi krókaleið var valin í stað þess að fella gengið beint. Ég skal ekkert fullyrða um það, hverjar ástæður hafa til þess legið. En mér hefur dottið í hug, að það hafi þó a. m. k. einhverjir þm. stjórnarliðsins verið heldur ófúsir á að fallast á gengislækkunarleiðina beint, þeir hafi þá heldur viljað fella sig við þessa aðferð, sem farin var, að láta afhenda valdið í hendur Seðlabankanum og láta svo bankastjórana þar fella gengið og geta svo sagt á eftir: Við stóðum ekki að þessari gengisbreytingu beinlínis, við höfum aldrei sagt, að þessi ákveðna gengisbreyting væri nauðsynleg. Það voru bankastjórar Seðlabankans, sem athuguðu þetta og töldu, að svona mikla gengisbreytingu þyrfti til þess að taka aftur þær kauphækkanir og kjarabætur, sem fengust á s. l. sumri. — Mér finnst ekki ósennilegt, að þessar ástæður hafi legið þarna til grundvallar, þegar höfð eru í huga ýmis ummæli, sem hv. þm. Alþfl. hafa látið falla fyrr og síðar um gengisbreytingar. En þar er af ýmsu að taka, og það væri hægt að rifja upp ýmis ummæli, sem þeir hafa látið falla á undanförnum árum um þau mál og þ. á m. hæstv. viðskmrh., reyndar ekki bara um gengislækkun, heldur alveg sérstaklega um það atriði, sem er nú einmitt hér til umræðu, flutning gengisákvörðunarvalds úr höndum löggjafans í hendur þjóðbankans.

Þegar lögin um gengisskráningu o. fl. voru til umr. á Alþ. 1950, hélt hæstv. viðskmrh. langa ræðu, og m. a. sagði hann þá þetta, með leyfi hæstv. forseta, — en áður en ég les ummælin, er rétt að geta þess, að í því frv., sem þá var upphaflega lagt fyrir, var ákvæði á þá lund, að ákvörðunarvald um gengi skyldi fengið í hendur ríkisstj. og Landsbankanum, — en þá og um það atriði alveg sérstaklega sagði hæstv. viðskmrh. svo:

„Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Alþ. afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924 til að ráða gengi krónunnar, og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til mála, að Alþ. afsali sér þessum rétti. Sérstök ástæða er og til að gagnrýna, hvernig komizt er að orði í niðurlagi þessarar greinar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu ísl. krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í lögum þessum.“ Nú er hagfræðingum þeim, sem undirbjuggu þetta frv., auðvitað ljóst, að kaupgjald getur haft áhrif á gengi, en þeim hlýtur líka að vera ljóst, að þar er aðeins um að ræða einn þátt af mörgum, sem áhrif hafa á gengið, og alls ekki hinn mikilvægasta, heldur eru það markaðsskilyrði og framleiðslugeta þjóðarinnar í heild. En hvað á það þá að þýða að nefna kaupgjaldið eitt? Með þessu er verið að hóta launþegasamtökunum í landinu. Það er ekki verið að tala um að breyta genginu, ef verðlag breytist erlendis, en því er hótað, að gengisbreyting skuli verða framkvæmd, ef kaupgjald hækkar. Það hafa engin samráð verið höfð við launþegasamtökin í sambandi við þetta frv., og er það illt. Hitt er þó enn þá verra, að í því skuli vera slíkar hótanir í garð launþegasamtakanna. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að bera fram á þskj. 429 brtt. um, að þessi grein skuli felld niður.“

Þetta sagði hæstv. viðskmrh. árið 1950. Þá var hann þeirrar skoðunar, að það næði ekki nokkurri átt að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþ. í hendur Landsbankans, — ekki með brbl., því að það datt engum í hug, heldur með almennum lögum. Hann var algerlega andvígur því þá, og hann var algerlega andvígur því að láta skína í það árið 1950, að gengislækkun gæti komið til mála eða það ætti að hóta gengislækkun, þó að kauphækkanir ættu sér stað. En sumarið 1961 stendur hann að því að setja þessi brbl. um að taka ákvörðunarvaldið um gengi úr höndum Alþ. og fela það Seðlabankanum og búa þannig undir með þeim hætti þær ráðstafanir, sem á eftir fóru um gengis-

breytinguna, sem rökstudd er af stjórnarinnar hálfu eingöngu með þeim kauphækkunum, sem átt hafa sér stað. Þá var ekki talað um markaðsskilyrðin erlendis eða framleiðslugetu þjóðarinnar, en þau atriði taldi hæstv. viðskmrh. árið 1950 skipta verulegu máli í sambandi við gengisákvarðanir, en ekki kaupgjaldið eitt.

Reyndar sagði hæstv. viðskmrh. margt fleira um þessi efni 1950, en ég skal nú ekki tímans vegna tilfæra fleiri ummæli eftir honum. Og ég skal ekki heldur tilfæra ummæli eftir öðrum Alþfl.-þm. á því þingi, 1950, þar sem þeir lýsa því yfir, að Alþfl. sé almennt andvígur gengislækkun. Það hefur náttúrlega ýmislegt skeð síðan, og Alþfl. hefur, eins og kunnugt er, skipt um skoðun í ýmsum málum frá 1950, svo að það er ekki vert að vera að gera sérstakar athugasemdir við það. Ég ætla aðeins að leyfa mér að vitna hér í ummæli, sem þáverandi formaður Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, lét falla í þessu sambandi og einmitt um þetta atriði, sem sérstaklega er hér um að ræða, hvar ákvörðunarvaldið um gengið skuli vera. Hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er haldið fram af hæstv. fjmrh. og í grg., að þetta vald sé víða í höndum ríkisstj. og þjóðbankans, og vefengi ég það ekki. En það er nokkuð annað, þegar valdið hefur um tugi ára verið hjá Alþ., þá er það mikil og alvarleg breyting að fá það í hendur ríkisstj. á hverjum tíma, og ekki sízt af því, að stjórnmálabaráttan hér er harðari, óvægari, miskunnarlausari en víðast hvar annars staðar og ríkisstj. gæti dottið í hug að nota þetta vald, þótt hún vissi sig með því ganga á móti meiri hl. fólksins í landinu. Þar sem stjórnmálahættir eru þroskaðir og þar sem ríkisstj. gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni og þar sem enn fremur stjórnarandstaðan gerir sér eigi síður grein fyrir sinni ábyrgð, þar er síður hætta á, að þetta vald verði misnotað. Ég óttast meir, að það verði misnotað hér í hinni óvægnu flokkabaráttu, og í huga verkalýðsins og launastéttanna mundi það vekja ugg um það, að hverri þeirra tilraun til betri kjara yrði svarað með gengislækkun þegjandi og hljóðalaust. En slíkt gæti leitt til baráttu, sem orðið gæti afdrifarík og hættuleg íslenzku þjóðlífi. Ég vil því mjög gagnrýna ákvæði 2. gr. og tel ákvæði hennar óskynsamleg hér á landi og ólíkleg til þess að leggja varanlegan grundvöll að viturlegum ráðstöfunum til úrlausnar á verðbólgu og dýrtíðarmálum þjóðarinnar."

Þessi var afstaða hv. Alþfl.-manna 1950 um það, hvar gengisskráningarvaldið væri bezt komið. Það er svo vægast sagt einkennileg tilviljun, að það skuli svo einmitt vera ráðh. Alþfl., sem fer með það hlutverk hér á Alþ. 1962 að mæla fyrir því, að þetta ákvörðunarvald sé tekið úr höndum löggjafans og fengið í hendur þjóðbankanum, ekki með löglegum hætti, þ. e. a. s. með ákvörðun almenna löggjafans sjálfs, heldur með brbl. og án þess að nokkur nauðsyn ræki þar til.

Það var vitaskuld fjarstæða, — það er ekki hægt að hafa vægara orð um það, — sem hæstv. ráðh. hélt hér fram í sinni frumræðu, að ákvörðunarvaldið um gengið hefði alls ekki verið tekið úr höndum Alþingis, ríkisstj. hefði haft þetta vald, á meðan Alþ. sat ekki, og hún hefði aðeins fengið Seðlabankanum það vald, sem hún hafði, en nú sé það aftur lagt í hendur Alþingi að ákveða, hvort valdið skuli vera hjá Seðlabankanum til frambúðar eða í höndum löggjafans. Það var eins og hæstv. ráðh. hefði alveg gleymt því, að nokkuð hefði gerzt í millitíðinni. Það var eins og hann héldi, að það mundi allt vera ógert, bara ef Alþ. vildi nú taka þetta ákvörðunarvald aftur í sínar hendur. Hann gleymdi því eða virtist ekki jafnframt því, sem hann var að segja þetta, hafa það í huga, að á grundvelli þessara brbl. var genginu breytt. Það er vitaskuld allt annað fyrir Alþingi — og þá ekki sízt stjórnarflokkana — að standa andspænis því að staðfesta eða fella brbl., sem gefin hafa verið út, eða taka til meðferðar málefni, sem engin lagasetning hefur átt sér stað um áður. Það væri náttúrlega allt annað fyrir hæstv. ríkisstj. að þurfa að leggja fyrir Alþ. frv. um að taka þetta ákvörðunarvald af Alþ. og fela það Seðlabankanum, ef hún hefði gert það, áður en nokkur brbl. voru gefin út um það efni. Þá hefði aðstaða alþm. verið í reyndinni allt önnur en hún er, þegar búið er að setja brbl. og þau eru lögð fram til staðfestingar eða synjunar, því að reynslan sýnir, sem reyndar er ekki óeðlilegt, að það er næsta sjaldgæft og að ég hygg algert einsdæmi, að brbl., sem stjórn hefur staðið að því að gefa út, séu ekki staðfest. Þannig er náttúrlega ekki hægt um það að deila, að með brbl. var valdið tekið af Alþ. og fengið í hendur Seðlabankanum, sem þegar fór að fara með það, þó að það sé að vísu hægt að segja, að það sé að formi til ekki til frambúðar að því leyti, að Alþ. fær nú að segja til um, hvort það vill láta þessa skipan haldast eða ekki.

Ég hef nú rætt þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. um staðfestingu á brbl., og ég hef sýnt fram á það, að því fer fjarri, að það hafi komið fram nokkur rök fyrir því, að það hafi borið brýna nauðsyn til að svipta löggjafann og þar með bráðabirgðalöggjafann valdi til þess að ákveða, hvert skuli vera gengi íslenzku krónunnar, og fá það í hendur annarri stofnun, sem er ríkisstjórninni að vísu háð, en fer þó að formi til með sjálfstætt ákvörðunarvald. Og ég hef sýnt fram á það, að þetta er sérstaklega vítavert vegna forsögu málsins, vegna þess að þetta mál var til meðferðar á síðasta Alþ. og þar kom fram skýrt vilji Alþingis, að þetta vald skyldi framvegis vera í þess höndum, vera í höndum löggjafans. Þetta er mjög alvarlegt mál auðvitað, að setja þannig og gefa út brbl., án þess að fullnægt sé fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

Að sjálfsögðu leggja menn þó misjafnlega mikið upp úr því, hve strangt á að fara í sakir í þessu efni, og sennilega hefðu ýmsir verið til með að sjá í gegnum fingur með þetta, ef það hefði legið ljóst fyrir, að raunverulega hefði verið ástæða til gengisfellingar, þegar gripið var til þessara brbl. Og það er vafalaust í augum ýmissa í raun og veru enn alvarlegra mál, að það skyldi vera gripið til gengisfellingar og

gengið fellt með þeim hætti og um þá upphæð, sem gert var samkv. ákvörðun Seðlabankans. En það mál á, eins og ég drap á í upphafi míns máls, í raun og veru allt eins vel og öllu fremur heima í sambandi við það fylgifrv., sem fer á eftir þessu frv., þ. e. a. s. frv. um staðfestingu á brbl. um ráðstafanir í sambandi við gengisbreytingu. En hæstv. ráðh. fór vítt yfir í sinni frumræðu, þar sem hann mælti ekki aðeins fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, heldur ræddi efnahagsmálin á víð og dreif og vildi rökstyðja þá nauðsyn, sem hann taldi að hefði verið á gengisfellingu, og af þeim ástæðum er rétt að víkja nokkuð að því, hvort það hafi verið nokkur ástæða og hvort það hafi verið nokkur óhjákvæmileg ástæða til þess að grípa til gengisfellingar s. l. sumar og til þeirrar gengisfellingar, sem þá var gripið til. En fyrst vil ég þó segja það, að allir hljóta að vera sammála um, að gengislækkun, gengisskerðing er það alvarleg röskun, að til hennar ber ekki að grípa, nema nauðsyn sé til. Gengisskerðing hefur svo víðtæk áhrif og kemur við svo marga þjóðfélagsþegna með tilfinnanlegum hætti, að það hljóta allir að játa, að það sé ekki réttmætt að grípa til hennar, nema raunverulegar og mikilvægar ástæður liggi til þess. Og hún hefur svo mikla röskun í för með sér á mörgum sviðum, að það er ekki réttmætt að beita því úrræði, nema ekki séu tiltæk önnur úrræði, sem koma betur við, en ná svipuðum tilgangi.

Ég er ekki með þessu að fordæma gengisbreytingar almennt, það getur vitaskuld staðið svo á, að það sé réttmætt og nauðsynlegt að grípa til þeirra. Ég er aðeins að undirstrika það, að til gengislækkunar má aldrei grípa, nema séu fyrir hendi verulegar ástæður, sem geri gengisstýfinguna nauðsynlega. Það hlýtur þá eðli málsins samkvæmt að hvíla á þeim, sem beitir sér fyrir gengislækkun hverju sinni, að sýna fram á, að þær ástæður séu fyrir hendi. Það ætti því að vera hlutverk hæstv. ríkisstj. í þessu máli að sýna fram á, að svo hafi verið komið á s. l. sumri, að það hafi verið óhjákvæmilegt að grípa til gengisstýfingarinnar. Það skal játað, að hæstv. viðskmrh. reyndi að rökstyðja það að nokkru í ræðu sinni hér áðan. En ég verð hins vegar að álíta, að því fari fjarri, að honum hafi tekizt að sanna, að það hafi ekki verið hægt að komast hjá því að grípa til þessarar gengisfellingar. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ja, það getur orðið eitthvað. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að ljúka fundi núna kringum hálffimm og vera ekki lengur í dag.) Þá vildi ég heldur eiga þetta inni og ljúka máli mínu síðar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 28. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði, þegar ég lauk máli mínu hér í gær, rætt um hina formlegu hlið þessa máls, þ. e. a. s. ég hafði gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að útgáfa brbl. um tilflutning gengisskráningarvaldsins væri andstæð 28. gr. stjórnarskrárinnar, þar eð enga brýna nauðsyn hefði borið til að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu. Ég hafði sýnt fram á, að engir sérstakir agnúar hefðu komið í ljós í sambandi við meðferð löggjafans á því valdi. Og hvað sem annars líði skoðunum manna um það, hvar gengisskráningarvaldið ætti bezt heima, þá stæði það eftir sem áður óhrakið, að engin, alls engin þörf hefði verið til svo skjótra breytinga á aðild ákvörðunarvaldsins, að ekki hefði mátt bíða atbeina Alþingis sjálfs, einkanlega þar sem fyrir lá skýr vilji síðasta Alþingis um það, að skipan þessara mála skyldi framvegis óbreytt standa, en það var einmitt undirstrikað með setningu seðlabankalaganna á síðasta Alþingi, svo sem ég rakti hér í gær. En til þeirrar lagasetningar var að dómi stjórnarstuðningsmanna alveg sérstaklega vandað. Hitt er að vísu annað mál, að ég er og hef alltaf verið annarrar skoðunar um það atriði og hef litið svo á, að sú löggjöf hafi að ýmsu leyti verið mjög flaustursleg, svo sem reyndar er nú alltaf að koma betur á daginn og ég vík e. t. v. að síðar.

Nú ætla ég hins vegar, að gefnu tilefni frá hæstv. viðskmrh., að ræða um efnishlið þessa máls, þ. e. a. s. að athuga, hvort raunverulegar efnisástæður hafi legið til grundvallar gengislækkuninni s. l. sumar, og þá einkanlega, hvort sú gengisstýfing, sem þá átti sér stað, hafi verið óhjákvæmileg til þess að afstýra einhverjum yfirvofandi háska.

Eins og kunnugt er, var það um leið og gengisskráningarvaldið hafði verið flutt yfir til Seðlabankans, að þá ákvað stjórn hans samkv. óskum ríkisstj. að lækka gengi íslenzku krónunnar. Krónan var þá lækkuð, sem kunnugt er, um 11.6% eða verð á erlendum gjaldeyri hækkað um 13.1%. Bæði ríkisstj. og bankastjórn Seðlabankans hafa haldið því fram, að gengislækkun þessi hafi verið óhjákvæmileg eða nauðsynleg vegna kauphækkana þeirra, sem hér urðu á s. l. sumri. Því er haldið fram, að kauphækkanirnar hafi valdið þvílíkri hækkun framleiðslukostnaðar, að atvinnuvegirnir hefðu ekki undir risið. Og því er haldið fram, að aukin kaupgeta almennings vegna kjarabótanna s. l. sumar hefði leitt til svo mikillar eftirspurnar eftir gjaldeyri, að komið hefði til alvarlegs greiðsluhalla þjóðarbúsins út á við.

Þetta virðast mér vera einu röksemdirnar, sem talsmenn gengisbreytingarinnar hafa borið fram henni til réttlætingar. Á þessar röksemdir get ég alls ekki fallizt. Kjarasamningarnir s. l. sumar höfðu að sjálfsögðu í för með með sér nokkra útgjaldahækkun hjá atvinnurekendum og því opinbera. Sú útgjaldaaukning mundi þó áreiðanlega í langflestum tilfellum hafa orðið atvinnurekstrinum ofviða, ef jafnframt hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr öðrum tilkostnaði, svo sem t. d. með því að lækka verulega vexti, tryggingarkostnað ýmiss konar og ýmislegt fleira. Hæstv. viðskmrh. vildi að vísu í gær gera lítið úr þýðingu vaxta í þessu sambandi og vildi gera lítið úr þýðingu vaxtanna yfirleitt fyrir afkomu atvinnuveganna. En þar held ég að atvinnurekendur séu á allt annarri

skoðun, a. m. k. benda síendurteknar óskir þeirra og samþykktir til þess. Og hvað sem öðru líður, þá eru þeir þó vissulega sá aðilinn, sem bezt finnur, hvar skórinn kreppir að, hvað sem allri talnafræði hæstv. ráðh. líður. En þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvort atvinnuvegunum hafi verið gert ókleift að starfa vegna kjarabótanna, sem samið var um s. l. sumar, verða menn að hafa í huga forsögu þeirra kjarasamninga, og menn verða að minnast þess, að sáttasemjari ríkisins hafði á sínum tíma lagt fram tillögu um 6% hækkun kaups verkamanna hér í Reykjavík og þá þegar 4% kauphækkun næsta árið og 3% viðbótarhækkun eftir 2 ár. Og menn verða þá líka jafnframt að hafa það hugfast, að í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, var því lýst yfir, að atvinnuvegirnir gætu borið þá kauphækkun, sem sáttatillaga sáttasemjara fól í sér, og verkamenn voru einmitt þar hvattir til að samþykkja þá sáttatillögu. Það verður því naumast dregið í efa, að atvinnurekendur hafi treyst sér til að greiða þá kauphækkun. Þar af leiðir, að það bil, sem hér þurfti að brúa, var ekki kauphækkunin öll, sem um var samið, heldur í raun og veru aðeins mismunur þeirrar kauphækkunar, sem tillaga sáttasemjara fól í sér, annars vegar og þeirrar kauphækkunar, sem endanlega var samið um, hins vegar.

Í umr. um þetta mál, bæði utan þings og á þingi, og þ. á m. við umr. í hv. Nd., hefur verið sýnt fram á það, jafnvel með óhrekjandi tölum, að þetta bil var ekki breiðara en svo, að það var auðvelt að brúa án nokkurrar gengisfellingar. Það hefur verið sýnt fram á, að munurinn á kaupgjaldstillögu sáttasemjara og samningunum, sem gerðir voru, var ekki svo mikill, að hans vegna eingöngu þyrfti að lækka gengi íslenzku krónunnar. Það hefur verið sýnt fram á það, að velflest iðnaðarfyrirtæki hefðu getað borið umsamdar kauphækkanir án þess að hækka verð sinnar framleiðsluvöru. Það hefur enn fremur verið sýnt fram á það, að frystihúsin hefðu með því að fá 2% vaxtalækkun auðveldlega getað mætt þessum mismun á kauphækkuninni, þeirri sem fólst í tillögu sáttasemjara og þeirri sem endanlega var um samið. Ekki þurfti því gengislækkun þeirra vegna, og er þar þó um að ræða, eins og kunnugt er, stærsta liðinn í útflutningnum.

Það liggur nú fyrir, að aflinn á s. l. ári varð rúmlega 23% meiri en árið áður, og jafnframt, að verðmæti sjávarafurða hefur aukizt á árinu 1961 frá því árið áður um rúmlega 14%. Þetta er staðfest í skýrslu Seðlabankans, sem nýlega hefur verið birt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var samkv. bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar ekki að sama skapi, þar sem aflaaukningin stafaði svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3000 millj. kr. á móti 2628 millj. kr. árið 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.“

Þetta segir í skýrslu Seðlabankans, og ég hygg, að það verði ekki rengt, að þessar tölur séu réttar. Þar segir enn fremur, að verð á útflutningsafurðum hafi batnað verulega á árinu 1961, þegar á heildina er litið. Svo á, eftir að mönnum eru þessar staðreyndir kunnar, að telja mönnum trú um, að nauðsynlegt hafi verið að fella gengið vegna útflutningsatvinnuveganna, af því að þeir hafi ekki þolað þá hóflegu kauphækkun, sem samið var um s. l. sumar. Ég verð að segja, að það þarf býsna mikinn kjark til þess að halda slíku fram í alvöru, þegar þessar staðreyndir eru kunnar og liggja fyrir. Og manni verður að spyrja: Hvenær og undir hvaða kringumstæðum ætli atvinnuvegirnir hér á Íslandi geti skilað einhverjum kjarabótum til fólksins, sem við þá vinnur, ef ekki undir þessum kringumstæðum, þegar aflinn hefur orðið meira en 23% meiri en árið áður og þegar heildaraflaverðmætið hefur orðið meira en 14% meira en árið áður? Og manni verður að spyrja: Hvenær skyldi ekki þurfa að fella gengi vegna atvinnuveganna, ef það er óhjákvæmilegt að lækka krónuna í svona árferði undir þessum kringumstæðum? Nei, sannleikurinn er sá, að því fer fjarri, að það hafi verið sýnt fram á, að til gengislækkunar hafi þurft að grípa vegna atvinnuveganna almennt, af því að þeir hafi ekki getað borið hina umsömdu kauphækkun frá s. l. sumri.

Gengislækkunin felur auðvitað alls ekki í sér hagsbætur fyrir landbúnaðinn, heldur er einmitt til tjóns fyrir hann, þegar á heildina er litið, og því er náttúrlega ekki þeirri röksemd hreyft eða reynt að hreyfa því, að gengislækkunin sé gerð hans vegna eða til þess að verða honum til hagsbóta.

Hitt er svo annað mál, eins og ég drap á aðeins í því, sem ég sagði hér áðan, að togaraútgerðin á hér á landi við sérstaka erfiðleika að etja. En þeir erfiðleikar hafa verið svo miklir, að það lá alveg ljóst fyrir, að henni yrði ekki bjargað með gengislækkuninni einni saman og að vandræðum togaraútgerðarinnar yrði ekki afstýrt með þeim hætti, heldur þyrfti þar meira til að koma og þar þyrfti til annarra úrræða að grípa, sem líka hefur komið á daginn, þar sem það liggur nú fyrir Alþingi, eins og kunnugt er, frv. um sérstakar ráðstafanir til aðstoðar togaraútgerðinni, þannig að þar hefur gengislækkunin alls ekki komið til bjargar, og gengislækkunin verður þar af leiðandi alls ekki rökstudd með því, að hún hafi verið nauðsynleg og óhjákvæmileg til þess að koma togaraútgerðinni aftur á kjöl. Þar er sannleikurinn sá, þó að ég ætli ekki að fara út í almennar rökræður hér um gengismál eða þær verkanir, sem gengisbreytingar hafa, að gengislækkun er alls ekki atvinnuvegunum yfirleitt það bjargráð, sem sumir hér á landi hafa viljað vera láta. Þar kemur svo margt til greina og kemur svo margt í mínus-hlið reikningsins, að hagnaðurinn útflutningsatvinnuvegunum til handa vegna gengislækkunar verður alls ekki sá, sem margir gera sér í hugarlund. Enda er það svo, eins og

öllum hv. þm. er kunnugt, að þeim atvinnuvegum er einmitt þannig háttað, að þeir þurfa aftur á að halda margvíslegum vörum til síns rekstrar frá útlöndum, sem þeir atvinnuvegir verða að greiða með erlendum gjaldeyri, og gengislækkun verður því auðvitað til þess að hækka þann tilkostnað.

Hvað hinni röksemdinni, sem borin hefur verið fram gengislækkuninni til réttlætingar, viðvíkur, sem sé þeirri, að hætta hafi verið á því, að hin mikla tekjuaukning, sem kauphækkanirnar leiddu til, mundi koma fram í aukinni eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og leiða til halla á gjaldeyrisviðskiptunum, þá er þetta þar um að segja í fyrsta lagi, að þegar gengisbreytingin var gerð á s. l. sumri, varð, eins og þá stóð á, alls ekkert fullyrt um það, hvernig gjaldeyrisafkoman mundi verða. En útlitið í gjaldeyrismálunum var þá samt sem áður tiltölulega gott og gaf því ekki sérstakt tilefni til neins ótta. Þegar þannig stóð á, var að mínum dómi óverjandi að grípa til svo harkalegrar aðgerðar og tilfinnanlegrar fyrir allan almenning og fjölda manns sem gengislækkun er. Þá hefði að minni hyggju átt að bíða átekta og sjá, hverju fram yndi, og ef hæstv. ríkisstj. taldi, að þarna væri um verulegan vanda að ræða, sem ekki yrði við ráðið og þyrfti að grípa til sérstakra ráðstafana til að afstýra, þá átti hún vitaskuld að kalla Alþingi saman, og síðan var það þess að taka þær ákvarðanir, sem það taldi réttar og við eiga vegna þessa máls. En það var ekki gert. En hvað sem um þetta mátti segja á s. l. sumri, þegar gengislækkunin var gerð, og hvað sem mönnum gat sýnzt um þetta þá, liggja nú fyrir gögn um það, hver gjaldeyrisafkoman varð, og vísa ég þá aftur til skýrslu Seðlabankans, sem ég vitnaði til áðan. Í þeirri skýrslu stendur, með leyfi hæstv. forseta, m. a. svo:

„Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á árinu 1961 um 400 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi. Þar af batnaði staðan í frjálsum gjaldeyri um 567 millj. kr., en staðan í vöruskiptagjaldeyri versnaði um 167 millj., og stafaði það fyrst og fremst af skuldasöfnun við Rússland vegna minni útflutnings þangað. Hin bætta gjaldeyrisstaða bankanna er samkv. þessu um 150—200 millj. umfram þann greiðsluafgang, sem átti sér stað á árinu vegna viðskipta með vörur og þjónustu. Mismunurinn stafar í fyrsta lagi af óafturkræfu framlagi frá Bandaríkjunum, en af því voru 85 millj. kr. notaðar á árinu og í öðru lagi af ýmsum fjármagnshreyfingum, en þar af var aukning stuttra vörukaupalána innflytjenda 52 millj. Samkv. bráðabirgðatölum námu nýjar lántökur til langs tíma á árinu 364 millj. kr., en afborganir slíkra lána 389 millj. kr. Virðast því erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma hafa lækkað nokkuð á árinu."

Og síðan segir:

„Jafnframt þeirri miklu bót, sem átti sér stað á gjaldeyrisstöðu bankanna og greiðslujöfnuðinum á árinu 1961, átti sér stað birgðaaukning á útflutningsvörum, er nam um 186 millj. kr."

Framsóknarmenn líta að vísu svo á, að þessar tölur, sem þarna er farið með, megi ekki taka án vissra skýringa. En hvað sem því líður, fæ ég ekki betur séð en með þessari skýrslu sjálfs Seðlabankans, sem stóð að gengislækkuninni og ákvað hana s. l. sumar, sé gersamlega kippt stoðum undan þeirri fullyrðingu, að gengislækkunin hafi verið nauðsynleg eða óhjákvæmileg til þess að koma í veg fyrir greiðsluhalla við útlönd og til þess að halda jöfnuði í gjaldeyrisviðskiptunum.

Ég hygg, að það sé erfitt að sýna fram á, að sú breyting hefði orðið á þeirri mynd, sem hér hefur verið brugðið upp, þó að gengið hefði verið óbreytt, að gjaldeyrishalli hefði átt sér stað á árinu 1961. Ég fæ því ekki betur séð en þær röksemdir, sem hafa verið hafðar uppi til styrktar gengislækkuninni, að hún hafi verið nauðsynleg, vegna þess að atvinnuvegirnir hafi ekki getað staðið undir útgjaldaaukningu vegna kauphækkana og til þess að tekjuaukning almennings leiddi ekki til svo mikillar gjaldeyriseftirspurnar, að greiðsluhalli yrði, — ég fæ ekki betur séð en þær séu algerlega úr lausu lofti gripnar og það verði menn að játa nú eftir á, þegar gleggri staðreyndir liggja fyrir í þessu efni og tölur, sem ekki verður um deilt.

Þá kem ég nú eiginlega að hæstv. viðskmrh. Ég vil aðeins segja það fyrst, að það er ekki aðeins, að það sé ljóst, að gengislækkunin hafi verið óþörf, heldur er hitt líka staðreynd, að með henni og því, sem fylgt hefur í kjölfar hennar, hefur nýrri dýrtíðaröldu verið hleypt af stað, sem brotnar með æ meiri þunga á þjóðinni, eins og mönnum almennt er kunnugt um. Ég hafði nú ætlað mér að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. viðskmrh. talaði hér um í gær, en hann fór ákaflega vítt og breitt í sinni frumræðu og gaf reyndar mjög mikið tilefni til þess, að það væri talað um ýmis mál almennt. Og þó að hann sé nú ekki viðstaddur, get ég ekki að öllu sleppt því að gera nokkrar athugasemdir í tilefni af hans ræðu. (**Forseti**: Ég vil aðeins taka það fram, að ráðherrann er veikur og getur ekki af þeim ástæðum verið við.) Þá skil ég, hvers vegna hæstv. viðskmrh. var svona forsjáll í gær að svara fyrir fram því, sem hann gerði ráð fyrir að mundi koma fram í þessum umr.

Hæstv. viðskmrh. gerði allmikinn samanburð á árunum 1958 og 1961 og tilfærði í því sambandi ákaflega margar tölur, sem áttu að sýna, hvað allt væri nú miklu betra 1961 heldur en það var 1958. Ekki dettur mér í hug að vefengja þær tölur, sem ráðh. fór með, enda veit ég, að hann er mjög gætinn í meðferð talna og fer ekki með aðrar tölur en þær, sem hann veit að eru réttar. En það er nú svona með tölurnar, að það getur oft verið spurning um það, hvaða ályktanir má af þeim draga, — og einn dregur þessa ályktun af þeim og annar hina. Ég ætla ekki að fara út í það hér og þá allra síst af því að ráðherrann er nú ekki viðstaddur að fara að draga neinar ályktanir af þeim tölum, sem hann fór hér með, og mætti það þó gera á ýmsa lund og alls ekki allar á þann veg, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta. Það er ákaflega

gott og æskilegt að eiga góðan og gildan gjaldeyrisvarasjóð, en það er náttúrlega ekki eitt út af fyrir sig neitt sáluhjálparatriði eða eitt út af fyrir sig órækt merki um velgengni eða velmegun hjá neinni þjóð. En út af fyrir sig geri ég ekki samt lítið úr því, að það sé gott.

En það, sem ég ætlaði að gera, var að fara að eins og ráðh. og nefna hér líka nokkrar tölur, en bara aðrar tölur en hæstv. ráðh. nefndi, — tölur, sem ég held að skipti almenning ekkert síður máli en þær tölur, sem hæstv. ráðh. fór hér með, og tölur, sem almenningur verður áreiðanlega ekkert síður var við í sínu daglega lífi heldur en þær, sem ráðherrann nefndi hér.

Ég get þá nefnt það fyrst, að frá því á árinu 1958 og til ársins 1961 hefur innkaupsverð véla hækkað um 90%. Skyldi nú ekki þetta koma við þá mörgu, hvort heldur eru til lands eða sjávar, sem þurfa að flytja inn og halda á margvíslegum vélum? Á sama tímabili hafa skip og bátar hækkað um 70—90%. Ég get nefnt eitt alveg einstakt dæmi með alveg ákveðnum tölum, og geri það af því að það eru tölur, sem ég hef fengið frá aðilum, sem ég veit að vita hið rétta í þessu efni. Og ég fer með þessar tölur af því að ég veit, að hæstv. viðskmrh. er mikið fyrir tölur og tekur á þeim fullt og réttmætt mark. En það er um innkaupsverð á 75 rúmlesta eikarskipi með öllum búnaði. Það kostaði um 3 millj. kr. eða því sem næst. Lán út á þetta skip úr fiskveiðasjóði fékkst að ⅔ eða um 2 millj. kr. Eigið framlag var því um 1 millj. kr. Þá var fiskveiðasjóðslánið til 20 ára með 4% ársvöxtum. Árgjald var þá af láninu: Afborgun 136 þús. og vextir 81 600 kr. eða samtals 217 600 kr. Nú aftur á móti kostar alveg sams konar skip af sömu stærð um 5 millj. kr. Fiskveiðasjóður lánar út á það um 3 millj. 335 þús., en eigið framlag verður þá að vera 1 millj. 665 þús. kr. Nú er lánið aðeins til 15 ára og í vexti af þessu láni verður að greiða 6½%. Þá er árgjaldið af þessu láni: Afborgunin 222 þús. kr. og vextir 216 þús. eða samtals 438 þús. kr., á móti 217 600. Ég hygg, að hæstv. viðskmrh. hefði gott af því, þegar hann ber saman árin 1958 og 1961, að velta þessum tölum fyrir sér og athuga, hverja þýðingu það hafi fyrir þann, sem þarf að flytja inn skip, og fyrir það fólk, sem þarf að byggja afkomu sína á því tæki, að þessi verðbreyting hefur átt sér stað.

Það mætti nefna margar fleiri tölur. Það mætti t. d. nefna tölur, sem talað hefur verið hér um nýlega, t. d. um byggingarkostnað, hvað hann hefur hækkað á þessu tímabili, hvernig hækkunin á meðalíbúð hefur í raun og veru gert það að verkum, að upp hefur verið étið bara í hækkunina allt það lánsfé, sem fáanlegt hefur verið úr byggingarsjóði. En ég skal ekki rekja það nánar, vegna þess að það er nýlega búið að tala um það mál hér í d. Og sama máli gegnir í raun og veru um atvinnubótafé. Það hefur verið minnzt á það, hver breyting hefur þar á orðið, að t. d. árið 1958 voru veittar til atvinnubóta eða atvinnuaukningar á fjárlögum 13.5 millj. kr. og árið 1960 voru veittar 14,5 millj., en 1961 eru aftur veittar aðeins 10 millj., og nú liggur, eins og kunnugt er, fyrir hv. Alþingi frv. um atvinnubótasjóð, þar sem gert er ráð fyrir árlegu framlagi í sjóðinn um 10 millj. kr., en vegna þeirra verðbreytinga, sem almennt hafa orðið á þessu tímabili, svara 10 millj. nú í sjóðinn til 6—7 millj. kr. árið 1957 eða 1958. Það mætti líka nefna hæstv. viðskmrh. til umhugsunar það, að þegar efnahagslögin voru sett í febr. 1960, var kaupmáttur tímakaups talinn 99 stig, sé miðað við 100 stig 1947, en í maímánuði 1961 var kaupmáttur tímakaupsins aftur orðinn 84 stig aðeins, og í árslok 1961 var kaupmáttur tímakaupsins kominn niður í 83 stig, eða orðinn lægri en nokkru sinni á s. l. 15 árum. Ég held, að þetta væru vissulega tölur, sem hæstv. viðskmrh. ætti að velta fyrir sér, þegar hann ber saman árið 1958 og árið 1961. Og það má líka í þessu sambandi benda á það, að samkvæmt janúarhefti Hagtíðinda eru útgjöld vísitölufjölskyldunnar orðin þessi: matvörur kr. 30 078.73, hiti og rafmagn 5 256.91, fatnaður 12 944.30, ýmsar vörur og þjónusta 15 594.01 og húsnæði 34 700.00, og er sá liður áætlaður af mér, eða samtals kr. 98 573.45, en tímakaup Dagsbrúnarverkamannsins er nú kr. 22.74, eða miðað við árið, þegar unnið er 8 stundir á dag í 300 daga, kr. 54 576.00. Verkamanninn skortir því um 44 þús. kr. til þess, að árskaupið dugi fyrir þeim lífsnauðsynjum yfir árið, sem vísitölufjölskyldunni eru þannig taldar óhjákvæmilegar. Þótt verkamaðurinn ynni tveggja stunda eftirvinnu hvern virkan dag ársins, mundi samt skorta 22 þús. kr. rúmlega, til þess að árstekjurnar dygðu fyrir útgjöldum.

Hæstv. viðskmrh. talaði í þessum samanburði sínum sérstaklega mikið um gott árferði. Hann viðurkenndi, að afkoman hefði í raun og veru verið góð árið 1958, en hann eignaði það alveg sérstaklega eða taldi það hafa átt rætur að rekja til góðs árferðis, — en hann gleymdi hins vegar alveg, held ég, að minnast á góðærið 1961. Skyldi það nú ekki vera svo, að hið góða árferði hafi átt sinn þátt í þeirri afkomu, sem hefur orðið það ár, og skyldi hið góða árferði ekki vera undirstaða að verulegu leyti undir þeim tölum, sem hæstv. viðskmrh. fór hér með? Það er annars athugandi við samanburðinn á árinu 1958 og vinstri stjórninni og svo aftur árinu 1961 — sæluástandinu nú, að það er eins og hæstv. viðskmrh. sé alveg búinn að gleyma því, að hann átti sæti í þessari vinstri stjórn, og ég hefði nú kannske rætt ofur lítið nánar um það, ef hann hefði verið hér viðstaddur, en ætla nú að sleppa því. Mér finnst, að hann ætti að hafa svolitlar taugar til þeirrar stjórnar.

Það verður sjálfsagt lengi deilt um það út af fyrir sig, hvort það hafi verið raunverulegar ástæður til gengisfellingarinnar eða ekki. Ríkisstj. heldur því fram, að það hafi verið ástæður til gengisfellingarinnar, og reynir að bera fram þau rök, sem hún telur stoða sinn málstað. Við stjórnarandstæðingar teljum hins vegar, að það hafi engin fullnægjandi rök verið fram borin fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt að stýfa krónuna svo sem gert var. Þessi rök verða borin á borð fyrir kjósendur, og þeir verða þá auðvitað að reyna að gera sér grein fyrir því, hvor hafi réttara fyrir sér. Það getur

sjálfsagt orðið erfitt mat fyrir þá, vegna þess að málin eru nú flutt á ýmsa lund, og um þetta má sjálfsagt ræða fram og aftur, þannig að fullyrðing standi þar gegn fullyrðingu.

En um hitt verður ekki deilt að mínum dómi, að skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar var ekki fullnægt við útgáfu þessara brbl. Hvað sem segja má um þörf gengisfellingarinnar, verður hinu aldrei haldið fram með neinum rökum, að brýna nauðsyn hafi borið til að flytja gengisskráningarvaldið til, úr höndum löggjafans til Seðlabankans, og þá alveg sérstaklega af því að Alþingi hafði nýlega fjallað um málið og staðfest þar þann vilja sinn, að ákvörðunarvaldið um gengi skyldi vera áfram í höndum Alþingis.

Það er því alveg ómótmælanlegt og efalaust, að við útgáfu þessara brbl., í því formi, sem þau eru, hefur hent ríkisstj. mikið slys. Hins vegar er þetta mál þannig vaxið, að það er ekki svo auðvelt að fá um það úrlausn dómstóla. Ég býst nú við, þrátt fyrir þá augljósu annmarka, sem eru á setningu þessara brbl. og nú hafa ótvírætt verið leiddir í ljós, að hv. stjórnarstuðningsmenn samþ. nú þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram til staðfestingar á brbl. Ég skil það vel, að þeir eiga, úr því sem komið er, úr vöndu að ráða í því efni, og býst ekki við því, að þeir sýni nú þá karlmennsku, sem þó væri mjög lofsverð, að synja um samþykki á þessu máli, eins og það þó verðskuldaði.

En þegar stjórnin hefur fengið þetta frv. hér staðfest, hrósar hún að sjálfsögðu happi og þykist báðum fótum í jötu standa, og vissulega má það til sanns vegar færa, að hún megi þá vera sigri hrósandi, vegna þess að hvernig sem á verður litið, verður þó að skoða slíka samþykkt Alþingis á brbl. sem eins konar syndakvittun til ríkisstj. fyrir þau glöp, sem ég tel að henni hafi á orðið í sambandi við útgáfu þessara brbl. En hvað sem um það er, hvað sem þeirri syndakvittun líður, sem hæstv. ríkisstj. kann nú að fá hjá þeim meiri hl. Alþ., sem hún styðst við, þá er það svo, að sagan verður ekki snuðuð. Og ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að þessi brbl. verða jafnan nefnd sem sígilt dæmi um brbl., sem gefin hafi verið út í blóra við stjórnarskrána og án þess að fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, sem sett eru í 28. gr. stjórnarskrárinnar fyrir útgáfu brbl.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þó að frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi ekki að geyma langt lesmál og sé ekki stórt í sniðum að formi til, þá er hér til umr. stórt mál og alvarlegt. Ég ætla mér ekki að ræða þá hlið þessa máls, sem snýr að stjórnarskrá lýðveldisins. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert þeim þætti málsins svo rækileg skil, enda skortir mig gersamlega þekkingu til þess að ræða það á fræðilegum grundvelli. En ég tel aftur á móti, að ég geti sem leikmaður vottað það, að það þarf ekki stjórnlagafræðing til þess að gera sér fulla grein fyrir þeirri hliðinni á þessu máli, sem snýr að stjórnarskrá landsins.

Það hefur verið minnzt á það í þessum umr., að ein af röksemdum hæstv. ríkisstj. fyrir því að gera þá skipulagsbreytingu, sem felst í þessu frv., að færa vald Alþingis yfir gengisskráningunni til Seðlabankans, hafi grundvallazt á því, að nýlega hafi Seðlabankinn verið gerður að sjálfstæðri stofnun með þeirri löggjöf, sem um þau efni var sett á síðasta þingi. Ég vil nú líta svo á, að Seðlabankinn hafi verið sjálfstæð stofnun að þessu leyti, þó að hann hefði yfirstjórn, sem einnig tók til yfirráða viðskiptabankans, þ. e. a. s. Landsbankans. Ég verð að líta svo á, að í raun og veru hafi ekki orðið breyting á valdsviði Seðlabankans að þessu leyti með þeirri löggjöf, sem sett var á síðasta þingi. En í grg., sem hæstv. forsrh. flutti, eftir að þessi ákvörðun hafði verið tekin, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta Alþingi voru sett lög um stofnun Seðlabanka Íslands og honum falin forsjá peninga- og gjaldeyrismála þjóðarinnar. Með hliðsjón af þessu taldi ríkisstj. nú rétt, að sú breyting yrði gerð frá því, sem verið hefur, að Seðlabankinn skrái framvegis gengi krónunnar að fengnu samþykki ríkisstj., enda er sú skipan algengust með nálægum þjóðum."

Ég verð að segja, að það er kaldrifjað gagnvart Alþingi að beita þessari röksemdafærslu í sambandi við útgáfu brbl., þegar þess er gætt, að hin nýja löggjöf um Seðlabankann var afgreidd hér á hv. Alþingi undir lok marzmánaðar 1961 og lögin staðfest 29. marz. Ríkisstj. bar það mál fram, og meiri hl. Alþingis veitti ríkisstj. fulltingi til þess að fá þessa löggjöf setta. En í meðferð málsins, eins og sýnt hefur verið fram á, er engin tillaga um það flutt, hvorki af hæstv. ríkisstj. né stuðningsmönnum hennar, að koma slíkri breytingu inn í löggjöfina um Seðlabankann. En aðeins fjórum mánuðum eftir að þessi nýja löggjöf hefur verið staðfest af forseta Íslands, tekur ríkisstj. sig til og færir það fram sem röksemd fyrir tilfærslu á gengisskráningarvaldinu, að vegna þess að hin nýja löggjöf um Seðlabankann hafi verið sett eða með hliðsjón af því, þá telji ríkisstj. nú rétt, að þessi breyting verði gerð.

Það er mjög alvarlegt, að hæstv. ríkisstj. hefur ráðizt í það að færa gengisskráningarvaldið þannig til með brbl. Þó að svo fari, sem vel má búast við, að hún fái þessi brbl. samþykkt, þannig að stuðningsmenn hennar sjái sér ekki annað fært, úr því sem komið er, heldur en að ljá málinu fylgi, þá er aðstaða hvers þm. gersamlega ólík, ef þetta er borið saman: Að taka afstöðu til brbl., sem þegar hafa verið sett og hafa komið til framkvæmda fyrir alllöngu, þegar málið kemur til afgreiðslu á Alþingi, ellegar að taka afstöðu til frv., sem lagt er fyrir þingið og tóm gefst til að athuga og vega ástæður, áður en málið kemur til framkvæmda. Og þetta er sérstaklega alvarlegt, þegar um gengisskráningu er að ræða, vegna þess að þegar búið er að ákveða að breyta skráningu krónunnar, þá lagar sig eftir hinu nýja gengi verðlag í landinu, sem viðskiptalífið og framkvæmdir eru háðar, og það er mjög örðugt um vik að breyta genginu aftur til hækkunar eftir á, er verðlagið hefur lagað sig eftir hinu nýja gengi, jafnvel þó að menn hefðu löngun til þess.

Meginröksemd hæstv. ríkisstj. fyrir þessu máli er sú, sem rækilega hefur verið bent á hér í umr., að kauphækkanir þær, sem gerðar voru s. l. sumar, mundu að gengisskráningunni óbreyttri hafa leitt af sér of mikla peningaþenslu innanlands og valdið því innan skamms, að of mikil eftirspurn yrði eftir erlendum gjaldeyri, af því skapaðist hreinn gjaldeyrisskortur og síðar erfiðleikar fyrir atvinnuvegina og jafnvel atvinnuleysi. Þetta er sú meginröksemd, sem færð er fram fyrir þessu máli og hæstv. viðskmrh. lagði mikla áherzlu á, þegar hann fylgdi málinu úr hlaði hér í þessari hv. deild. Nú vitum við, sem höfum átt sæti hér á Alþingi um skeið, að hliðstæðar ástæður hafa oft verið fyrir hendi áður í þjóðfélaginu. Og í sambandi við ýmsa lagasetningu, sem gerð hefur verið á undanförnum árum, hefur þessari röksemd verið haldið mjög á loft. Þannig var þetta t. d. 1950, þegar ráðizt var í það að breyta þá gengi krónunnar, og vitanlega í miklu stærra mæli en þetta lá fyrir eða hefði legið fyrir á s. l. ári. Þegar gengislögin, sem sett voru 1950, voru lögð fyrir þingið, — frv. var lagt fyrir þingið, — þá fylgdi því ýtarleg hagfræðileg grg., samin af Benjamín Eiríkssyni og Ólafi Björnssyni. Í þeirri grg. er lögð megináherzla á þetta viðhorf í þjóðfélaginu, að of mikil peningaþensla innanlands valdi hallarekstri hjá atvinnuvegunum og gjaldeyrisskorti. Hér segir t. d. í þessari grg.: „Orsök dýrtíðar árin eftir stríðið er því sú, að fjárfesting og hallarekstur annars vegar nema meiru en sparifjármyndun, afskriftum og óúthlutuðum arði hins vegar, að óbreyttu verðlagi og peningatekjum þjóðarinnar.“ Og svo er þetta mjög rækilega rökstutt og skýrt í alllöngu máli. En hæstv. viðskmrh., sem beitir sér nú fyrir þessu frv., tók mikinn þátt í afgreiðslu gengislaganna 1950, með því að hann tók sæti þá í fjhn. Nd. sem fulltrúi Alþfl. og gerði úr garði hagfræðilegt álit, sem hann lagði til grundvallar þeim rökum, sem hann og Alþfl. færðu fram í sambandi við það mál. Hann viðurkenndi í áliti sínu, að orsakir þess vanda, sem þá var við að etja, væru þær, sem Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson bentu á, og hæstv. viðskmrh. núv., sem er eins og kunnugt er hagfræðingur að menntun og dósent að nafnbót í þeirri fræðigrein, hann tók svo djúpt í árinni að skýra þetta m. a. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisbúskapurinn var rekinn með miklum halla (þ. e. a. s. undanfarin ár) og halli var í ýmsum atvinnurekstri, en fjárfestingin og hallareksturinn var eins og áður kostað með áframhaldandi lánsfjárþenslu af hálfu bankanna. Útlán þeirra jukust úr 579 millj. kr. í árslok 1946 í 904 millj. kr. við síðustu áramót. Af þessari stefnu hlauzt vöruskortur og verðlagshækkun, svo sem við var að búast. Í kjölfar þess sigldu kaupgjaldshækkanir, sem síðan höfðu aftur í för með sér nýja hækkun á verðlagi. Jafnhliða hækkandi framleiðslukostnaði innanlands breyttust markaðshorfur erlendis fyrir útflutningsvörur landsmanna mjög til hins verra. Greiða varð á verulegan hluta af útflutningsframleiðslunni uppbætur, sem fjár var aflað til með sköttum og tollum. Um leið og framleiðslukostnaðurinn innanlands hefur hækkað og markaðsaðstæður erlendis versnað, hefur reynzt æ erfiðara að halda áfram á þessari braut. Þannig er ástandið nú í dag.“

En þrátt fyrir þetta, þótt hæstv. viðskmrh. viðurkenndi, að ástæður væru þannig, að lagfæringar væri þörf, taldi hann, eins og þá var komið málum, ekki rétt að ráðast í gengislækkun, heldur að leita annarra ráða til þess að leysa vandann. Það getur þó ekki farið á milli mála, að viðhorfið var miklu alvarlegra og málið erfiðara viðfangs 1950 heldur en s. l. sumar. En þær leiðir, sem hæstv. viðskmrh. vildi þá fara og grundvallaði þá skoðun á hagfræðilegri þekkingu, voru m. a. þær að gerbreyta skipulagi innflutningsverzlunar landsmanna og binda enda á það ástand, að hún sé mikil og örugg gróðalind. „Það þarf að skipuleggja hana þannig, að hún sjái landsmönnum fyrir sem beztri og ódýrastri erlendri vöru og dreifi henni með sem lægstum kostnaði. Slíkt verður ekki tryggt nema með því, að hið opinbera taki innflutningsverzlunina í sínar hendur að verulegu leyti á þeim sviðum, þar sem hagkvæmast er að gera innkaup í sem stærstum stíl eða kaupa þarf í sambandi við verzlunarsamninga, en hafi að öðru leyti náið eftirlit með verzluninni,“ sagði hæstv. ráðh. þá. Og hann lagði þá til, að gerðar yrðu róttækar ráðstafanir í húsnæðismálum og ýmislegt fleira, en ekki horfið að því ráði að breyta gengi krónunnar. En nú, eftir að nokkrar kauphækkanir höfðu átt sér stað s. l. sumar, er það þessi hæstv. ráðh., sem byggði álit sitt 1950 á sinni hagfræðilegu þekkingu um að leita annarra leiða til að leysa vandann heldur en gengislækkunar, sem gerist oddviti núv. hæstv. ríkisstj. í þessu máli og beitir sér fyrir því að fá það samþ. hér á hv. Alþingi.

Þá vil ég með nokkrum orðum víkja sérstaklega að því viðhorfi, sem blasti við s. l. sumar. Ég hafði engin afskipti af þeirri kaupgjaldsbaráttu, sem þá var háð, né þeim samningum, sem þá voru gerðir, að neinu leyti, og það þykja nú sjálfsagt ekki nein meðmæli eða til frægðar á þessari öld stéttabaráttunnar, að ég hef aldrei verið í þeirri aðstöðu að taka virkan þátt í verkfallsbaráttu eða að bera fram kaupkröfur. En ég, sem er búsettur úti á landi og vinn þar yfir sumarmánuðina, tel mig hafa full skilyrði til þess að meta það, þar sem ég er í nokkurri snertingu við atvinnulífið einmitt um það leyti árs, hvaða gildi það hafði fyrir ýmsa landshluta og vitanlega fyrir þjóðarbúið í heild, að verkföllin drógust ekki á langinn umfram það, sem raun varð á, heldur að síldarvertíðin hófst og þeim miklu verðmætum varð bjargað á land til hagsbóta fyrir þjóðarbúið, sem raun var á. Ég tel mig hafa full skilyrði til þess að dæma um þetta, og ég vil í þessu sambandi leggja mikla áherzlu á, hve giftusamlega það fór, að síldarvertíðinni var ekki glatað s. l. sumar vegna langvarandi verkfalla. En hæstv. viðskmrh. fór með margar tölur í ræðu sinni, og niðurstaða hans var sú, að heildarlaunatekjur landsmanna skv. áætlun Framkvæmdabankans á árí væru áætlaðar 3500 millj. kr. og að hækkun á þessum launatekjum í krónutölu vegna þeirra kaup-

hækkana, sem áttu sér stað, mundi nema 500—550 millj. kr. samtals. Enn fremur bætti hæstv. ráðh. við þessa tölu 300 millj. sem hækkun, er stafaði af öðrum ástæðum. Orð ráðh. um þetta atriði voru nær alveg samhljóða því, sem segir um þetta í grg. ríkisstj. fyrir gengislækkuninni, sem birt var í Morgunblaðinu 14. sept. 1961. En til þess að hér fari ekkert milli mála eða hallað sé máli, þá ætla ég að leyfa mér að lesa hér fáein orð úr þeirri grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt útreikningum Framkvæmdabankans þýðir 1% launahækkun, er þannig dreifist til nær því allrar þjóðarinnar, 30—40 millj. kr. hækkun heildartekna. Launahækkanirnar hlutu því von bráðar að leiða til 500—600 millj. kr. aukningar tekna í landinu. Í viðbót við þetta kemur svo sú tekjuaukning, sem stafar frá auknum fjölda vinnandi fólks og flutningi frá verr launuðum til betur launaðra starfa, sem sífellt á sér stað. Þetta tvennt samtals er varla undir 300 millj. kr. á ári, þannig að heildartekjuaukningin er 800—900 millj. kr. á ári eða 11—12% af þjóðarframleiðslunni."

Það var aðeins sú breyting á þessu í ræðu hæstv. ráðh., að hann fremur lækkaði þessar tölur frá því, sem sagt var í sumar, þar sem hann miðaði við 800 millj. kr. heildarhækkun.

Þegar á þetta er litið, kemur það í fyrsta lagi einkennilega fyrir sjónir að leggja áherzlu á í þessu sambandi þá hækkun, sem verður í íslenzkum krónum vegna fólksfjölgunar þjóðarinnar. Það verður að ætla, að hið unga fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, vinni fyrir sér í þjóðfélaginu, þannig að á bak við vinnu þess standi raunverulega auknar þjóðartekjur og að fólksfjölgun geti því aldrei orðið þjóðfélaginu til byrði í þessu sambandi, enda væri það furðuleg niðurstaða hjá þjóð, sem er í vexti, ef aukin fólksfjölgun ætti að leiða til þess, að það þyrfti að breyta skráningu krónunnar af þeim ástæðum. Svipað á sér stað, þegar litið er á þann þáttinn, sem snýr að færslu milli launaflokka, og í þessari grg. ríkisstj., þar sem kennir margra grasa, er lögð á það áherzla á öðrum stað, þar sem það þykir henta til að draga fram þá hliðina, sem þá er verið að túlka, að tekjur verkamanna og iðnaðarmanna og sjómanna hafi orðið miklar á árinu 1961 vegna mikillar vinnu, vegna eftirvinnu. En vitanlega koma þessar hækkuðu launatekjur vegna mikillar eftirvinnu fram sem auknar peningatekjur innanlands, og ef það er nú svo, að það á að fara að draga fram í sambandi við gengisfellingu þær auknu peningatekjur, sem stafa af fólksfjölgun í landinu, eða peningatekjur, sem stafa af aukinni eftirvinnu, þá finnst mér satt að segja, að skörin fari að færast upp í bekkinn og að þessi hagfræði, sem allt þetta á að byggjast á, verði torskilin a. m. k. leikmönnum, því að vitanlega standa auknar vörubirgðir og aukin framleiðsla á bak við þessa vinnu þjóðfélagsþegnanna, svo að hún út af fyrir sig skapar enga peningaþenslu innanlands. Þegar á þetta er litið, er alveg augljóst, að í þessu sambandi ber að draga frá 300 milljónirnar, sem hæstv. viðskmrh. talaði um í þessu sambandi. Þá standa eftir einungis 500 millj., sem ég mun víkja nánar að síðar.

Það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður, að gengi íslenzkrar krónu hefur verið lækkað, og ástæður geta verið þannig, að nauðsyn beri til að gera þá ráðstöfun. Það hefur Framsfl. ævinlega viðurkennt, og hann hefur stundum staðið að því að gera þá breyt., þegar hann hefur álitið að undangenginni athugun, að þess væri þörf. En það hefur verið föst regla að undanförnu, þegar um gengislækkanir hefur verið að ræða, að láta fara fram nákvæma rannsókn á hag atvinnuveganna og fjárhagskerfi landsins, áður en til slíkrar ráðstöfunar væri gripið. Þetta hefur til þessa verið ófrávíkjanleg regla, áður en Alþingi hefur ráðizt í það að breyta ákvæðum laga um skráningu krónunnar. En nú s. l. sumar var gersamlega frá þessari reglu brugðið. Svo að segja jafnskjótt og samningar höfðu verið gerðir um nokkra kauphækkun, virðist ríkisstj. setjast niður og fara að reikna sjálf, og niðurstaðan er fengin með mjög skjótum hætti og brbl. gefin út, þau sem nú liggja hér fyrir til umr. og afgreiðslu á hv. Alþingi. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni?) Já, ég á nokkuð eftir. (**Forseti:** Ætli það væri þá ekki rétt, að hann frestaði máli sínu? Ég er að hugsa um að gefa núna fundarhlé þangað til kl. kortér yfir ellefu — tuttugu mínútur.) Ég skal verða við því. — [Fundarhlé].

Það hefur komið fyrir nokkrum sinnum, að hv. Alþingi hefur talið nauðsyn bera til að breyta gengisskráningunni, en ávallt þegar það hefur verið gert, þá hefur það grundvallazt á ýtarlegri rannsókn á hag atvinnuveganna og fjárhagskerfi þjóðarinnar og löggjöfin verið byggð á slíkri rannsókn, sem gerð hefur verið. En með gengislækkuninni s. l. sumar var gersamlega brugðið út frá þessari venju. Skömmu eftir að samningar höfðu verið gerðir um kauphækkanir, ákvað ríkisstj. með brbl. að breyta gengi krónunnar, svo sem um ræðir í þessu frv. Og þegar litið er á þennan þátt málsins, þá vaknar þessi spurning: Höfðu atvinnurekendur óskað eftir þessu við ríkisstj.? Nú er það látið í veðri vaka, að þessi gengislækkun sé gerð til þess að styrkja atvinnuvegina í landinu. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að landbúnaðurinn hafði ekki óskað eftir slíkri gengislækkun, enda fer ekki nema lítill hluti af framleiðslu landbúnaðarins á erlendan markað, svo að segja má, að breyting á gengisskráningunni snerti þar af leiðandi landbúnaðinn minna en suma aðra atvinnuvegi í þjóðfélaginu. Um iðnaðinn er það kunnugt, að iðnfyrirtækin hafa yfirleitt tekið á sitt bak kostnað þann, sem leiðir af kauphækkununum s. l. sumar, og munu ekki hafa fengið að hækka verð á framleiðsluvörum sínum nema sem svarar afleiðingunni af gengislækkuninni sjálfri, sem kemur fram í hækkuðu verði á hráefni, svo að ekki er hægt með rökum að halda því fram, að þessi gengislækkun í sumar hafi verið gerð vegna iðnaðarins eða fyrir áhrif frá atvinnurekendum í þeirri atvinnugrein.

Þá kem ég að sjávarútveginum, sem hefur þá

sérstöðu meðal höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, að meginhlutinn af framleiðslu hans, sjávarútvegsins, er seldur á erlendum markaði. Í þeirri grg. ríkisstj., sem ég hef í höndum og birt var í Morgunblaðinu, eins og ég gat um áðan, 14. sept. 1961, er langur kafli um hag sjávarútvegsins og þar birtur sá grundvöllur, sem hæstv. ríkisstj. lagði sjálfri sér í hendur, þegar hún var að ákveða þessa gengisbreytingu, með tilliti til sjávarútvegsins. Í þessari grg. er langt mál um það, hvað sjávarútvegurinn standi verr að vígi á miðju ári 1961 heldur en á árinu 1959 og að ástæðurnar til þess séu aflabrestur, verðfall á mörgum afurðum, verðfall á mjöli og lýsi o. s. frv. Og síðan eru birtar töflur um þetta, grundvöllinn, sem gengisskráningin hin nýja átti að byggjast á, og niðurstaða þessarar töflu um sjávarútveginn er þannig, að verðlag á sjávarafurðum muni í heild verða 3.8% lægra á árinu 1961 en á árinu 1959, og það er gerð áætlun um það í þessari töflu, hverju verðmæti sjávarafurða í heild muni nema á árinu 1961, og heildarniðurstaðan samkvæmt áætlun ríkisstj. er 2431,3 millj. kr., og þar er gengið enn lengra og reiknuð út vísitala framleiðslumagnsins á árinu 1961, og sú vísitala er þannig, að 1959 er miðað við töluna 100 og 1960 verður þá vísitala framleiðslumagnsins 92.6 og 1961 96.8. M. ö. o.: ríkisstj. telur sig geta sagt það fyrir um mánaðamótin júlí og ágúst 1961, að heildarframleiðslumagn sjávarafurða verði minna á því ári en það var 1959. Og þessar tvær tölur, vísitala framleiðslumagnsins og áætlunin um heildarverðmæti sjávarafurðanna, eru hinn hagfræðilegi, tölulegi grundvöllur, sem ríkisstj. byggir gengislækkunina á. Nú liggja hins vegar staðreyndirnar fyrir. Nú er árið 1961 liðið og búið að gera upp afkomu þess árs, bæði um aflamagn sjávarafurða og heildarverðmæti aflans. Þetta kemur greinilega fram, þar sem birtar eru nýjustu tölur í skýrslu Seðlabankans, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vitnaði til og ég hef einnig hér við höndina, en tel ekki ástæðu til að fara að lesa orðrétt þá sömu tilvitnun sem hv. síðasti ræðumaður las. En staðreyndirnar eru þessar samkvæmt skýrslu Seðlabankans, að vísitala framleiðslumagnsins er ekki 96.8 eða lægri en 1959, heldur eitthvað töluvert á annað hundrað, því að árið 1961 er metaflaár í sögu Íslands og heildarverðmæti sjávaraflans hefur numið á árinu 1961 um 3000 millj. kr., miðað við hið nýja gengi, en um mánaðamótin júlí—ágúst sagði ríkisstj., þegar hún settist niður í skyndi og tók blað og fór að reikna, að það yrði 2431.3 millj., miðað við gengi 38 kr. móti dollar. Mismunurinn á áætluninni, sem ríkisstj. leggur fyrir sjálfa sig, þegar hún ákveður gengislækkunina í sumar, og staðreyndunum, niðurstöðunni, sem varð á árinu 1961, nemur 568.7 millj. kr., sé ekki tekið tillit til gengisbreytingarinnar, eða meiru en hæstv. viðskmrh. segir að kauphækkanirnar hafi aukið peningatekjur með þjóðinni. Hins vegar er munurinn 372 millj. kr., ef báðar tölurnar eru miðaðar við hið nýja gengi. M. ö. o.: þessar tölur sýna, að grundvöllurinn, sem gengislækkunin er byggð á í sumar, er tilbúinn og reynist alls ekki í samræmi við raunveruleikann.

Þetta ásamt öðru er næg sönnun þess, hve mikið glapræði það var af hæstv. ríkisstj. að ráðast í að ákveða gengislækkun með brbl. án nokkurrar rannsóknar og án þess að bíða átekta og sjá, hvernig framleiðslan gengi á síðari hluta ársins 1961. En hefði hæstv. ríkisstj. fylgt þeirri reglu, sem jafnan hefur verið gert áður, þá hefðu þessi mál legið það ljósara fyrir, t. d. þegar þing kom saman í október, að það er mjög ósennilegt, að þingmeirihlutinn hefði þá talið eðlilegt eða rétt að gera þá gengislækkun, sem hér er nú fjallað um. Þessi gengislækkun er því ekki byggð á raunverulegu eða réttu mati á aðstöðu atvinnuveganna. Þessi brbl. eru sett í skyndi. Þau virðast vera sett af reiðum mönnum, sem hafi fundið, að kaupgjaldsmálin réðust á annan veg en þeir óskuðu, og hún er sett af bölsýnum mönnum, sem draga það fram í löngu máli í grg. sinni, hversu afkoma atvinnuveganna sé miklum mun erfiðari á miðju ári 1961 en 1959. Það virðist vera, að þeir menn, sem þannig höguðu störfum, hafi algerlega verið slitnir úr tengslum við atvinnulífið sjálft, heldur farið að fletta gömlum námsbókum í hagfræði og reikna tölur. Þetta mál er því næsta alvarlegt, þegar þetta kemur til ásamt öðru um ákvörðun þess og málsmeðferð alla, og stjórnarathafnir af þessu tagi verðskulda þungan áfellisdóm.

Það hefur áður komið fram á hv. Alþingi, eins og minnzt hefur verið á, sú tillaga að hafa gengisskráninguna ekki bundna í lögum, var borin fram í frv. 1950 að gengislögunum, sem þá voru sett. En þá var það, alveg eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sýndi fram á í ræðu sinni hér í fyrradag, að Alþfl. og sérstaklega sá hæstv. ráðh., sem nú beitir sér fyrir þessu máli, gekk fram fyrir skjöldu hér á hv. Alþingi til þess að fá því ákvæði breytt og halda gengisskráningarvaldinu í höndum Alþingis. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vitnaði í því sambandi til ummæla, sem bæði þáv. form. Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, hafði og einnig hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, um þetta efni. Ég ætla nú ekki að lengja mál mitt með því að fara að endurtaka þá tilvitnun, en ég vil aðeins árétta það, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., með því að benda á, að það var ekki aðeins á einum stað eða við eina umr. málsins, að hæstv. viðskmrh. lét þessa skoðun í ljós, heldur liggja fyrir í Alþingistíðindum ummæli, sem að þessu lúta, á fleiri stöðum. Við 3. umr. gengislaganna í Nd. sagði hæstv. viðskmrh. m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta, um þá tillögu að hafa lausa gengisskráninguna:

„Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til annars en að skella skollaeyrum við mjög eindregnum óskum alþýðusamtakanna um það að fella niður 2. gr. frv. og gera nokkra breytingu á ákvæðunum um greiðslu vísitöluuppbóta. Þessi vilji alþýðusamtakanna er mjög eindreginn, og að baki honum liggur fyllsta alvara. Alþýðusamtökin hafa ekki sýnt neitt ábyrgðarleysi. Framkoma þeirra hefur alls ekki verið

ögrandi í þessu máli fram til þessa. Og það hefði verið fyllsta ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að taka með meiri sanngirni og meiri velvilja þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið frá alþýðusamtökunum. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar ekki gert það. Fyllsta ástæða er til að vara hæstv. ríkisstj. við afleiðingum þess, ef hún knýr málið gegnum þingið, á sama veg eins og hún knúði það gegnum 2. umr. í þessari hv. d. Það er sem sagt mjög eindreginn vilji fyrir því hjá alþýðusamtökunum, að 2. gr. frv. falli niður. Það verður ekki um hana annað sagt en að í henni felist allt að því hótun í garð alþýðusamtakanna, ef þau haldi sér ekki á mottunni í kaupgjaldsmálum. Þetta hefur óheppileg áhrif, og ef hæstv. ríkisstj. hefur vilja á, að þessar ráðstafanir beri árangur, þá ætti hún að taka meira tillit til samtaka launþeganna í landinu en hún nú gerir."

Þannig leit hæstv. núv. viðskmrh. á þessi mál 1950, þegar hann sat ekki í ráðherrastól, heldur hér á þingmannsbekk og talaði máli alþýðusamtakanna í þessu landi. En nú hefur það fallið í hans hlut að bera fram þetta mál og gerast oddviti núv. ríkisstj. í þessu máli. Það hefðu menn nú ætlað fyrir nokkrum árum, að ekki bæri honum að höndum, en það hefur nú farið svo, að „þetta, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann."

En í sambandi við þá tillögu um þetta efni, sem fram var borin 1950, þykir mér ástæða til að benda á það, að röksemdir hæstv. núv. viðskmrh. og flokksbræðra hans voru teknar til greina af þingmeirihlutanum, sem þá sat, og þáv. ríkisstj. á þann veg, að það var horfið frá að lögfesta þetta ákvæði og því breytt í meðförum þingsins og gengisskráningin ákveðin áfram í lögunum sjálfum. Þetta er aðeins dæmi þess, hvaða gildi það hefur, að fjallað sé um slíkt mál sem gengisskráningu á Alþingi, áður en málið kemur til framkvæmda úti í fjárhagskerfi þjóðarinnar. Sá þingmeirihluti og sú ríkisstj., sem sat 1950, tók til greina þessi rök og þessar ábendingar og sýndi þá tilhliðrunarsemi að breyta ákvæðum frv. að þessu leyti. (**Fjmrh.**: Er nú víst, að það hafi verið til bóta?) Það var a. m. k. mat þingmeirihlutans þá, að það væri réttmætt að gera það.

Ég ætlaði raunar að segja hér ýmislegt fleira út af ræðu hæstv. viðskmrh., en hann er nú ekki staddur á þessum fundi, svo að ég ætla að stytta mál mitt nú. En ég vil enn taka það fram, sem ég drap á fyrr í þessari ræðu, að á því er mjög mikill munur fyrir þá þingmenn, sem eiga að taka afstöðu til svona máls, hvort frv. er lagt fyrir þingið og hægt er að vega allar ástæður og meta, áður en genginu er breytt og verðlagið breytist í samræmi við það, eða hitt, að verða að taka afstöðu til brbl., sem ríkisstj. hefur þegar sett fyrir löngu og bæði er erfitt fyrir þingmeirihl. að rísa gegn, úr því sem komið er, og enn fremur mjög erfitt að breyta genginu aftur, jafnvel þótt menn litu svo á, að það væri hægt vegna atvinnuveganna. Þetta ásamt öðru sýnir, hvað sú ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. greip til s. l. sumar, að ákveða gengisskráninguna með brbl., er varasöm.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég kann því að vísu illa, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera hér við, vegna þess að ég kvaddi mér að mestu hljóðs til þess að gera aths. við það, sem hann hafði hér sagt. En þar sem mér er sagt, að hann sé ekki heill heilsu, þá fer ég þó ekki fram á það, að umr. sé frestað, en vona, að sá hæstv. ráðh., sem hér er mættur, telji sig vera mættan sem fulltrúa hans og færi honum það, sem hann telur nauðsyn á að hann fái að vita úr minni ræðu og því, sem ég sérstaklega beini til hans.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd, sem kemur til með að fjalla um þetta frv., og mun væntanlega síðar hafa tækifæri til að ræða það frekar en ég geri nú, mun ég ekki hafa orð mín mjög mörg um þetta, allra síst þar sem svo stendur á, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur í mjög ýtarlegri og merkri ræðu gert þessu frv. næsta tæmandi skil og þó alveg sérstaklega því efnisatriði þess og raunverulega því eina efnisatriði, sem það inniheldur, þ. e. a. s. að staðfesta ákvæði brbl. ríkisstj. frá 1. ágúst s. l. um, að valdið yfir gengisskráningunni skyldi tekið af Alþingi og fengið í hendur stjórnar Seðlabankans. Ég tel, að ræða hv. 3. þm. Norðurl. v., einkum að því er snertir þetta eina efnisatriði frv., sé enn ein sönnun og hún ekki lítilvæg fyrir því, að útgáfa brbl. þeirra, sem hér eru til umr., hafi verið hreint og ómengað stjórnarskrárbrot, eins og ég tel raunar, að allur almenningur í landinu hafi fyrir löngu gert sér fulla grein fyrir.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar og þau tvö skilyrði, sem þar eru sett fyrir því, að brbl. megi gefa út, eru svo skýr og ótvíræð, að raunar á hverju meðalgreindu fermingarbarni að vera auðvelt að ganga úr skugga um, að í þessu tilviki, sem hér um ræðir, hefur aðeins öðru þessara skilyrða verið fullnægt, þ. e. a. s. því, að Alþingi sat ekki að störfum, þegar lögin voru gefin út. En fram hjá hinu skilyrðinu, sem stjórnarskráin setur, þ. e. a. s. því, að brbl. megi því aðeins gefa út, að brýna nauðsyn beri til, hefur svo kirfilega verið gengið fram hjá, að jafnvel sá hæstv. ráðh., sem undirritaði lögin, reyndi ekki einu sinni að rökstyðja það í sjálfri grg. fyrir lagasetningunni, eins og stjórnarskráin þó beinlínis krefst að gert sé, þ. e. a. s. að til hennar bæri brýna nauðsyn, heldur segir aðeins í grg fyrir lögunum, að efnisatriði frv. verði að teljast æskilegt eða eðlilegt. Þessi sami hæstv. ráðh. kom svo hér og fjölyrti um það, alveg eins og í grg fyrir sjálfu frv., að brýna nauðsyn hefði borið til breytinga á genginu, þó að það kæmi þessu frv. bókstaflega ekkert við. Og ráðh. lét sér nægja að reyna að færa líkur fyrir því, að sú valdsvipting, sem framkvæmd var gagnvart Alþingi og þetta frv. á að staðfesta, hafi verið eðlileg eða skynsamleg, en vogaði sér aldrei út í þá sálma að fullyrða eða reyna að færa fram líkur fyrir því, að nein nauðsyn og allra síst brýn nauðsyn hafi verið á lagasetningunni. En gallinn er bara sá, að þetta nægir alls ekki.

Nú kann að vera, að ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar, svo skýr sem þau þó eru, nægi

ekki til þess að opna augu stjórnarsinna fyrir því, hvert athæfi útgáfa þessara brbl. var, og vafalaust ekki heldur röksemdir andstæðinga stjórnarinnar, eins og t. d. hv. 3. þm. Norðurl. v., hversu greinargóðar sem þær eru. En það vill svo til, að hægt er að leiða þau vitni í þessu deilumáli, sem hv. stjórnarsinnar hljóta að meta nokkurs. Fyrrv. prófessor í stjórnlagafræði, Bjarni Benediktsson, núv. dómsmrh., segir svo orðrétt í kennslubók, sem hann hefur samið um þessa fræðigrein sína:

„Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er það annað höfuðskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga, að brýna nauðsyn beri til hennar. Það er því ekki nóg, þótt löggjöf kunni að vera æskileg eða skynsamleg eða þótt nauðsyn sé til löggjafar, ef hún er ekki brýnni en svo, að vel má bíða reglulegs Alþingis."

Og síðar segir þessi sami fyrrv. lagaprófessor:

„Sýnu varhugaverðara en ella er þó að gefa út brbl. um efni, sem Alþingi hefur nýlega tekið afstöðu til, einkum ef ljóst er, að Alþingi hafi eigi viljað fallast á þá lausn, sem brbl. velja."

Þannig farast fræðimanninum Bjarna Benediktssyni orð, þegar hann er að uppfræða nemendur sína í Háskóla Íslands. Og hvað skyldu menn svo halda, að sé óljúgfróðara, þau fræði, sem hann þar kennir, eða það, sem hann og núv. hæstv. samráðh. hans halda að okkur hér á Alþ.?

Nú vill líka svo til, að Alþingi hafði fyrir aðeins fjórum eða fimm mánuðum, áður en brbl. voru gefin út, tekið skýlausa afstöðu til þess efnisatriðis brbl., sem um gengisskráningarvaldið fjallar, og það þveröfuga við þá leið, sem brbl. völdu. Útgáfa brbl. var þess vegna samkv. dómi fræðimannsins Bjarna Benediktssonar sýnu varhugaverðari en ella hefði verið og brotið þeim mun alvarlegra, þegar svo stóð á.

Spurningin um það, hvort sá háttur, að Seðlabankinn fari með gengisskráningarvaldið, sé eðlilegur, æskilegur eða skynsamlegur, kemur svo að sjálfsögðu til álita, þó að svörin við þeirri spurningu skipti í rauninni ekki neinu um stjórnlagagildi þeirrar athafnar, sem hér er um að ræða. Ég ætla mér ekki að fara langt út í það mál nú. En hitt er alkunnugt, að a. m. k. einn hæstv. ráðh. hafði þegar fyrir 12 árum sannfærzt um það, að algerlega óhæft, hættulegt og óeðlilegt og jafnvel óskynsamlegt líka væri að fela Landsbankanum, sem þá var jafnframt seðlabanki, þetta vald. Og ég ætla, að ummæli þessa ráðh., sem að þessu lutu í sambandi við gengisfellinguna 1950, hafi verið lesin hér upp, og ég ætla ekki að endurtaka þau. En þessi maður er sem sagt núv. ráðh. bankamála. Og eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, taldi ráðh. þá alveg sérstaklega óhæft og svívirðilegt, að því væri gefið undir fótinn í löggjöf, að hringla ætti með gengið, þó að kaupbreytingar yrðu. Nú er það svo, eins og þjóðfrægt er orðið, að þessi hæstv. ráðh., viðskmrh., hefur a. m. k. á síðari árum sjaldan haldið fram skoðun í nokkru máli, þar sem ekki hefur verið auðvelt að leiða hann sjálfan sem vitni þeirri sömu skoðun til falls. Þó að megi segja, að það sé furðulegt, að honum skuli hafa enzt þessi sannfæring í 12 ár eða a. m. k. til þingloka 1961, þegar litið er til þess, þá má segja, að þetta hafi e. t. v. ekki mikið gildi nú. En einhvern veginn finnst mér samt, að í þessu eins og mörgu öðru hafi hin fyrri sannfæringin verið sanni nær og trúverðugri, enda ólíku saman að jafna um röksemdirnar þá og nú. Ég tel það þess vegna þrátt fyrir allt til tekna fyrir okkur, sem andæfum gegn þeirri valdsviptingu, sem beitt hefur verið gagnvart Alþingi í þessu máli, að hafa þingmanninn Gylfa Þ. Gíslason og fræðimanninn Bjarna Benediktsson með okkur í andófinu, þótt óneitanlega sé dálítið grátbroslegt að sjá þá þannig kljást við núv. valdsmennina, hæstv. dómsmrh. og hæstv. bankamrh.

En eins og ég sagði áður, fjallar þetta frv. raunar ekki um sjálfa gengisfellinguna, og það er reyndar ein af afleiðingum valdsviptingarinnar s. l. sumar, að sjálf gengisbreytingin er formlega séð alls ekki á dagskrá hér á Alþingi. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þetta frv. væri hér til umr. vegna þess, að Alþingi hefði vald til þess að skrá gengið. En ég segi: Gengisfellingin er hér á dagskrá vegna þess, að Alþingi hefur verið svipt valdinu til þess að skrá gengið. Ég tel að sjálfsögðu, að þm. hafi fulla heimild til þess að ræða sjálfa gengisfellinguna, þótt að ýmsu leyti sé jafnéðlilegt eða eðlilegra, að það sé gert með hinum svokallaða gengislækkunarkálfi, þ. e. a. s. því máli, sem nú í kvöld var verið að vísa til nefndar. En hæstv. viðskmrh. gaf alveg sérstakt tilefni til þess hér í umr. og reyndar án nokkurs tilefnis frá þm., að það sé nokkuð rætt, og ég tel a. m. k., að það sé ekki hægt að láta ýmislegt af þeim fjarstæðum og fullyrðingum, sem hæstv. ráðh. fór hér með, algerlega fram hjá sér fara, án þess að þeim sé mótmælt.

Ráðh. sagði m. a., að það hefði verið skylda *ríkisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir* til að láta fella gengið til þess að forða þjóðinni frá því tilræði, sem falizt hefði í hinum óhóflegu kauphækkunum. Hann sagði líka, að Seðlabankinn hefði reiknað út, hvaða gengi væri hæfilegt. Og loks kvað hann það vera reginfjarstæðu, að verkafólk hefði verið svipt allri kauphækkuninni, sem það fékk og samdi um á s. l. sumri, og las tölur, sem hann taldi styðja þá fullyrðingu. Hæstv. viðskmrh. virðist vera ákaflega trúaður á tölur, og maður fann greinilega, þegar hann hélt hér sína framsöguræðu, að það fylgdi mikill sannfæringarhiti, þegar hann var að lesa upp nýjustu tölurnar, sem hann hafði fengið úr efnahmrn. sennilega. En mjög alvarlegan galla verður það að telja á þeim tölum og töflum, sem þessum hæstv. ráðherra eru fengnar í hendur, að þær eru iðulega að breytast. Og auðvitað fylgist sannfæring hæstv. ráðh. alltaf með þeim breytingum, sem tölurnar taka. En það er enn þá verra, þegar breytingarnar verða svo hraðar, að sömu tölurnar endast ekki út umr. um eitt og sama málið. En verst er það þó, þegar farið er að byggja aðgerðir í efnahagsmálum, aðgerðir, sem eiga að móta afkomu meginþorra þjóðarinnar

og þróunina í framkvæmdum og framförum í þjóðfélaginu, á ímynduðum eða fölsuðum talnaflækjum, sem enga stoð eiga í veruleikanum.

11.6 er ákaflega athyglisverð tala. Og hún hefur orðið örlagarík fyrir þróunina í öllu þjóðfélagi okkar. Það er sú tala, sem ræður því að mjög verulegu leyti, hvað íslenzkur verkamaður, sjómaður eða bóndi ber úr býtum fyrir erfiði sitt og hvað íslenzkar fjölskyldur hafa til þess að bíta og brenna. Þetta er sú tala, sem strikaði yfir gerða kaupsamninga s. l. sumar og gerði að engu vonir verkamanna um það, að þeir gætu ofur lítið rétt hag sinn eftir margar og langvarandi kauplækkunaraðgerðir. Þessi tala var sú hárnákvæma niðurstaða úr því dæmi, hvað rétt gengi væri á íslenzkri krónu. 11.6% skyldi gengislækkunin vera, hvorki meira né minna. Hún var útreiknuð, að því er talið var, af færustu kunnáttumönnum og var nákvæm og óskeikul, og þjóðinni og öllu vinnandi fólki var ætlað að beygja sig í duftið í trú á þessa tölu.

En það vill svo fara, að alltaf eru einhverjir, sem eru vantrúaðir, og vantrúin byrjaði strax á þeim fundi í stjórn Seðlabankans, þar sem gengisfellingin var ákveðin. Þá gerðist það, að Ingi R. Helgason, fulltrúi Alþb., krafðist þess, að útreikningarnir, sem leiddu til þessarar útkomu á því flókna dæmi, sem um var að ræða, yrðu lagðir fram. En því var neitað. Þessir útreikningar, sem áttu að móta lífskjör vinnustéttanna á Íslandi, reyndust vera leyndarmál, sem jafnvel æðstu stjórnendur Seðlabankans máttu ekki sjá, — þeirrar stofnunar, sem falið hafði verið æðsta vald í þessum efnum og jafnvel vald úr hendi sjálfs löggjafans. Og þeim var meinað að kynna sér, hvernig þessi eina rétta niðurstaða væri fengin. Úr þessu hefur ekki verið bætt síðan. Þjóðinni hefur ekki verið birtur sá útreikningur, sem fullyrt er að hafi verið framkvæmdur af Seðlabankanum og ríkisstj. og gengisfellingin á að hafa verið byggð á og hæstv. viðskmrh. vitnaði til í sinni frumræðu fyrir þessu máli. Og Alþingi hefur ekki heldur verið birtur þessi útreikningur. Það hefði þó óneitanlega verið harla æskilegt fyrir stjórnarliðið að geta stutt gengisfellingarathæfi sitt á þann hátt, þ. e. a. s. ef það sjálft trúði þá sínum eigin útreikningum. En það hefur það líklega tæpast gert, ef þessir útreikningar eru þá nokkrir til eða hafa nokkru sinni verið gerðir.

En það gat þó varla farið hjá því, að hæstv. viðskmrh., svo mikla ánægju og trú sem hann hefur á tölum, reyndi að styðja gengisfellinguna með tölulegum rökum hér á hv. Alþingi. Þetta gerði hann líka við 1. umr. málsins í hv. Nd., og af tilviljun fór ég að blaða í þeirri ræðu, eftir að hann hafði mælt fyrir málinu hér. Mér varð strax ljóst, að ræðan hafði verið frá orði til orðs sú sama, en það var sleppt úr henni einum kafla, og af hverju skyldi það hafa stafað? Þennan ræðukafla fyllti hann svo aftur upp með nýjum samanburðartölum um, hvernig gengisafkoman hefði verið á árunum 1958 og 1961, sem raunverulega kom þessu máli ekkert við á nokkurn hátt. En það verður e. t. v. ljósara, þegar tölurnar, sem ráðh. las í þessum ræðukafla, sem hann sleppti hér í Ed., eru athugaðar, hvers vegna hann sleppti þessum kafla úr sinni ræðu, þessum mikilsverða kafla um sjálfan útreikninginn, sem hann taldi, að gengisfellingin væri byggð á, eða a. m. k. lét skína í. Í þessari ræðu ráðh. fullyrti hann það sama, sem hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að hefði einnig verið í grg. ríkisstj., sem birt var um miðjan septembermánuð. Þá sagði hann, að verðmæti sjávarafurða á árinu 1961 mundi verða 2431 millj. kr., ef miðað væri við sama verðlag og 1959. Þá sagði hann einnig, að áhrif verðlækkunar og minni afla yllu því, að ársframleiðslan yrði 170 millj. kr. minni en 1959. Rekstrarkostnaður báta og togara ykist á sama tímabili um 150 millj., og skerðing sjávarútvegsins til þjóðarbúsins yrði því 320 millj. kr. minni en 1959, en það svaraði til 13% af framleiðslu sjávarútvegsins og 4—5% af þjóðarframleiðslunni. Með því að endurtaka þessar tölur aftur og aftur, þóttist hæstv. ráðh. svo sanna réttmæti og nauðsyn gengisfellingarinnar.

En það fór hér svo, að hæstv. ráðh. og þeim öðrum, sem byggðu að því er bezt verður séð gengisfellinguna á þessum tölum, auðnaðist ekki að halda trú sinni á þær í jafnlangan tíma og hefur tekið fyrir hæstv. ríkisstj. að koma málinu í gegn hér á Alþingi. Eftir skýrslu Seðlabankans um þróun efnahagsmála, sem þm. hafa allir í höndum, hefur reyndin orðið sú, að framleiðsluverðmæti sjávarafurða hefur reynzt, eins og þar segir, um 3000 millj. kr. Og ég hygg, að nú sé fullsannað, að sú tala eigi eftir að hækka nokkuð og jafnvel svo að verulegu skipti, þ. e. a. s. hún varð 200 millj. kr. meiri en 1959, sem var metaflaár fram að þeim tíma og það langmesta í sögunni, — það var 200 millj. kr. meira, en ekki 170 millj. kr. minna, eins og ráðh. hafði fullyrt. Mismunurinn var þannig á þessum tveim árum á raunveruleikanum og því, sem hæstv. ráðh. fullyrti, þegar hann lagði málið fyrir hv. Nd., einar litlar 370 millj. Og enn hefur það komið í ljós, að framleiðsluverðmætið reyndist 400 millj. kr. meira á árinu 1961 en á árinu 1960, eða sem sagt, að framleiðsluverðmæti sjávarafurðanna einna af öllum atvinnugreinum reyndist álíka miklu meira en ráðh. fullyrti, sem svarar þeirri kauphækkun allri, sem launamenn fengu.

Og það skyldi enginn halda, að þróunin hafi verið sérstök fyrir sjávarútveginn. Í skýrslu Seðlabankans um þróun efnahagsmálanna, — og maður ætti í þessu tilfelli að geta tekið það trúanlegt, sem það kemur, — segir, að ljóst sé, að um verulega framleiðsluaukningu sé að ræða í landbúnaði, og jókst mjólkurframleiðslan um 8% og framleiðsla kindakjöts um 13%. Einnig bendir allt til þess, að framleiðsla í iðnaði hafi verið jafnmikil eða jafnvel heldur meiri en árið 1960 o. s. frv. (**Forseti:** Á ekki hv. þm. eftir nokkuð af ræðu sinni enn þá?) Það er nú ekki nema svo sem kortér. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að slíta fundi, ef hann vildi fresta ræðunni.) [Frh.]

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Jónsson [frh.]: Herra forseti. Þegar ég varð að gera hér hlé á ræðu minni s. l. nótt, hafði ég rætt nokkuð um það, hversu haldgóðar talnaflækjur hæstv. viðskmrh., þær sem hann notaði í hv. Nd. til stuðnings gengisfellingunni, þegar hann mælti þar fyrir þessu máli, sem hér er rætt, hefðu reynzt, og hvers vegna hann hefði ekki árætt að bera þær aftur á borð fyrir þessa hv. deild, þegar hann mælti fyrir málinu hér, eftir að reynslan hafði sannað, að þar var allt á sömu bókina lært, ekkert annað en staðlausar fullyrðingar, gripnar úr lausu lofti. En í stað þessara ónýttu talnaflækja greip svo ráðh. nú til annarra nýrri til bjargar, og ætla ég, að þær séu ekki miklu haldbetri en hinar, þegar þær eru skoðaðar niður í kjölinn. Að þessu sinni ætla ég að láta nægja að sýna fram á beinar rangfærslur hæstv. ráðh. varðandi breytingar á kaupmætti verkalauna.

Ráðh. fullyrti, að það væri reginfjarstæða, eins og hann orðaði það, að verkafólk hefði verið svipt allri kauphækkuninni, sem verkalýðsfélögin sömdu um á s. l. sumri. Hann fullyrti, að a. m. k. 3% og jafnvel 5% af þeirri kauphækkun stæðu enn eftir og síðan kæmi til viðbótar henni, þeirri raunhæfu kjarabót, 4% hækkun 1. júní, eins og ráð hefði verið fyrir gert í þeim samningum. Þannig var ráðherrann að reyna að telja mönnum trú um það, að eftir þá hækkun hefði raunverulegt kaupgjald hækkað um 7—9% frá því fyrir samningana s. l. sumar, því að ráðh. sagði, að aðeins væru fram undan mjög smávægilegar hækkanir á vísitölu framfærslukostnaðar, sem gætu komið þessu til frádráttar. Nú er það alkunnugt, að kaup ófaglærðra verkamanna hækkaði s. l. sumar um slétt 10%, hvorki meira né minna en 10%. Sjúkrasjóðsgjaldið, sem um var samið að rynni í sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna, er auðvitað allt annars eðlis en venjulegt kaup, og hlýtur hver vitiborinn maður að sjá, að það breytir ekki kaupmætti til hækkunar, þar sem það er aðeins sett til tryggingar mönnum í veikindatilfellum, þannig að verkamenn eigi þá kost á því að fá ofur lítinn hluta af venjulegu dagvinnukaupi sínu, þegar veikindi og slys ber að höndum. Þetta 1% verkar því á engan hátt til þess að auka kaupmátt tímakaupsins, heldur er þar aðeins um aukið félagslegt öryggi að ræða, hliðstætt öðrum tryggingum, og það að telja þennan hluta af kaupsamningunum s. l. sumar til beinnar kauphækkunar er því hrein blekking. Það er að vísu rétt, að konur fengu nokkru meiri hækkun en verkamenn fengu og einstaka félög iðnaðarmanna náðu einnig örlítið meiri launahækkun en 10%. En það breytir engu um það, að það er algerlega fráleitt að láta sér detta í hug, að sú hækkun umfram þá, sem verkamenn almennt fengu, hafi átt að nást á þeirra kostnað, eins og tilraunir hæstv. ráðh. virðast benda til að hann telji réttmætt, þegar hann var að reyna að finna út einhverja meðaltalskauphækkun, sem hann gat þó ekki með nokkru móti komið í meira en 11¼, að mig minnir, frekar en 11¾ úr þúsundi, þegar sjúkrasjóðsgjaldið var ekki talið með. Ekki var nú munurinn meiri en það. Það mega auðvitað allir sjá, að kjarabót verkamanna, sem eru langfjölmennastir þeirra stétta, sem sömdu um kauphækkanir á s. l. sumri, hefur ekkert breytzt við það, þó að einhverjir aðrir hafi fengið ofur lítið meira en þeir, og það var í þessu, sem fyrsta fölsunartilraun ráðherrans var fólgin. Þá kom og annað til í útreikningum hans, að hann miðaði hækkun vísitölunnar, sem orðið hefur frá því að kjarasamningarnir voru gerðir, við 1. ágúst, en þá var hún 106 stig, en framfærsluvísitalan var hins vegar 104 stig, þegar verkfallsaðgerðirnar hófust, — hún var einnig 104 stig, þegar samningarnir voru undirritaðir, — en það hljóta auðvitað allir að skilja, að við þann tíma verður að miða, ef rétt mynd á að fást af því, hvað eftir stendur af kauphækkunum, sem um var samið. Þetta var önnur tilraun hæstv. ráðh. til þess að rangfæra staðreyndir, sem hann notaði ásamt hinni fyrri, sem ég nefndi, til þess að styðja þá fullyrðingu sína, að a. m. k. 3% stæðu eftir af launahækkuninni, og þessar tvær rangfærslur skýra til fulls þann mismun, sem er á raunveruleikanum og flækjum hæstv. ráðh.

Framfærsluvísitalan hefur sem sé hækkað úr 104 stigum í 116 stig eða um 11.5%, en kaupið hefur hækkað um 10%, og verkamenn hafa þess vegna skaðazt um 1.5%, síðan samningarnir voru gerðir, og jafnvel þó að meðaltalstölurnar, sem hæstv. ráðh. tók, séu teknar, þ. e. a. s. að meðalhækkunin hafi verið 11¼ eða 11¾, — ég skal ekki fullyrða, hvort hann heldur sagði, — þá sést, að meðaltalshækkunin, jafnvel þó að hún sé tekin alveg gild, er rétt um það bil sama og vísitöluhækkunin hefur orðið, þannig að samkvæmt því ættu launamenn nú almennt að standa sléttir, eins og sakirnar standa í dag. En í raun og veru ætti að vera algerlega óþarft að vera að deila um svo augljósa hluti eins og þessa, því að til eru um þetta útreikningar, sem verða ekki með nokkru móti vefengdir. Torfi Ásgeirsson hagfræðingur Framkvæmdabankans og fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd hefur reiknað út þróunina um breytingu kaupmáttarins hjá almennum verkamönnum frá mánuði til mánaðar síðustu árin, og að þessum tölum hygg ég að allir þm. og enn þá frekar ráðh. hafi fullan aðgang, og hans útreikningar sýna m. a. þetta:

Í fyrsta lagi, að í maímánuði s. l., þegar verkalýðsfélögin hófu kauphækkunaraðgerðir sínar, var vísitala kaupmáttar 84 stig, miðað við 100 1945, og hafði lækkað um hvorki meira né minna en 15 stig, frá því að viðreisnin hófst, eða um 17%.

Í öðru lagi sýna útreikningar Torfa, að í júlímánuði, eftir að samningarnir höfðu verið gerðir, hafði kaupmátturinn ekki hækkað um 10 eða 11%, eins og kaupið hafði hækkað, heldur var vísitala kaupmáttarins þá aðeins 91.5 stig, þ. e. a. s. hafði hækkað um tæplega 9% við kaupgjaldssamningana. Ástæðan til þessa mismunar, sem strax kemur fram í næsta mánuði, eftir að samningarnir taka gildi, er auðvitað öllum mönnum augljós. Meðan almennt kaupgjald er

bundið við vöruverð í landinu, t. d. kaup bóndans og verð landbúnaðarafurða, hlýtur auðvitað svo að fara, að engin kauphækkun getur orðið hrein kjarabót. Þar kemur ýmislegt til frádráttar. Og auðvitað hefur aldrei neinum skyni bornum manni dottið í hug, að 10—11% kauphækkun og jafnvel þó að hún hefði verið miklu minni, gæti komið að öllu leyti fram sem aukinn kaupmáttur. Þar við bætist, að ýmsar aðrar ráðstafanir ríkisvaldsins, aðrar en gengisfellingin, komu þarna til mjög fljótlega, eins og t. d. rýmkun á verzlunarálagningu og sitt hvað fleira. Og þessar ráðstafanir urðu til þess, að sú kaupmáttaraukning, sem svaraði algerlega til kauphækkunarinnar, kom vitanlega aldrei fram.

Í þriðja lagi sýna útreikningar Torfa, að 1. ágúst var vísitalan nær óbreytt frá því, sem hún hafði verið í júlímánuði, eftir að samningarnir voru gerðir, eða 91.2 stig.

Og í fjórða lagi sýna þessir útreikningar Torfa, að kaupmáttur tímakaups verkamanna er nú 83 stig, en var 84, þegar samningarnir voru gerðir, eða 1.2% lægri, og ætla ég þá, að ekki þurfi lengur um það að deila, að öll kauphækkunin er farin og meira til hvað almenna verkamenn áhrærir. Og það er annað athyglisvert við þessa tölu, að þessi vísitala kaupmáttarins er sú lægsta, sem hún hefur orðið í 17 ár. Kjör almennra verkamanna og verkafólks almennt hafa aldrei verið lakari í 17 ár en þau eru nú. Það er sú ömurlega staðreynd, sem blasir við eftir rúmlega tveggja ára viðreisnartímabil.

Þá kem ég að því, hvort það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði og fullyrti, að aðeins mjög smávægilegar breytingar á framfærsluvísitölunni væru fram undan, og hversu þær líkur eru miklar, sem hann reyndi að styðja hér, að eftir að 4% kauphækkunin kemur í vor, verði kaupgjald 7—9% hærra en það nú er — raunverulegt kaupgjald. Það vill nú svo til, að eins og stundum áður hefur hæstv. ráðh. svarað sínum eigin fullyrðingum sjálfur á öðrum vettvangi, og það gerðist í vetur í fyrirspurnatíma á Alþingi, að hæstv. viðskmrh. upplýsti eftir útreikningum Hagstofu Íslands, að ég tel víst, að fyrirsjáanlegt væri, að vísitalan mundi hækka á næstu mánuðum upp í 119 stig, eða um 3 stig til viðbótar frá því, sem hún er nú. Þá liggur líka í loftinu a. m. k., getur maður sagt, að niðurgreiðslur á vöruverði verði minnkaðar, og bendir afgreiðsla fjárlaga til þess, þar sem sú fjárhæð, sem ætluð er til niðurgreiðslna, mun ekki endast að öllu óbreyttu til að greiða vöruverð jafnmikið niður og verið hefur, og er ekki ólíklegt, að þar geti verið um allt að 70 millj. kr. fúlgu að ræða. En slík ráðstöfun, slík minnkun á niðurgreiðslum mundi hækka vísitöluna um 1—2 stig, sennilega frekar 2 en 1. Það er að vísu ekki alveg hægt að fullyrða um þetta, að það verði svo dregið úr þessum niðurgreiðslum, en það væri þá a. m. k. mjög fróðlegt og æskilegt að fá það fram hjá hæstv. ráðherra eða öðrum ráðherrum, að niðurgreiðslurnar verði ekki minnkaðar, en mér er kunnugt um það, að Alþýðusamband Íslands hefur lagt þetta fram sem eina af kröfum sínum við hæstv. ríkisstj., og hún hefur enn ekki fengið nein svör við því, hvort úr niðurgreiðslunum yrði dregið, heldur aðeins verið sagt, að það væri ekki fyllilega ráðið. Það væri sem sagt töluvert mikilvægt, að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því, ef það er ákveðið að minnka ekki niðurgreiðslurnar. Ef hann gerir það ekki, verður að ætla, að á því sé a. m. k. yfirvofandi hætta, að vísitalan hækki og framleiðslukostnaður um 1—2 stig af þessum ástæðum, og ef við bætum þessu við þau 119 stig, sem hæstv. ráðh. hefur áður upplýst, vafalaust eftir góðum heimildum, þá erum við komnir allt upp í 121 stig.

Sagan er ekki alveg öll sögð enn þá, því að það er augljóst, að 4% kauphækkun, sem ganga mundi í gildi 1. júní, mundi auðvitað leiða til einhverra verðlagshækkana. Það er óhjákvæmilegt að öllum lögum og reglum óbreyttum, þannig að ég held, að þó að engar kaupgjaldshækkanir ættu sér stað eða neinar sérstakar aðgerðir kæmu til, liggi nú í augum uppi, að vísitalan muni á þessu ári komast töluvert yfir 122 stig eða hækka um a. m. k. ein 6 stig frá því, sem hún nú er. Ég ætla, að allir sjái, að það er ekki um neina smávægilega hluti að ræða fyrir verkafólk, ef til þess er ætlazt, að það uni við það að halda sínu kaupgjaldi óbreyttu með þessari þróun. Og ég ætla líka, að það þurfi ekki mikla reiknimeistara til að sjá, að þegar svo væri komið, yrði minna en ekkert og það miklu minna en ekkert eftir af öllum launahækkunum, jafnvel þó að reiknað sé fullkomlega með þeim 4%, sem talið er að liggi á borðinu að launþegar geti fengið 1. júní, þó að hæstv. ráðh. vilji hins vegar halda því fram, að raunverulegar kaupgjaldshækkanir verði a. m. k. 7—9%.

Ég held þess vegna, að allir þessir útreikningar hæstv. ráðh. séu álíka haldgóðir og þeir, sem ég minntist á fyrr í ræðu minni, að hann hefði flíkað í hv. Nd. til stuðnings gengislækkunarfrv., en staðreyndirnar hafa nú verið að hrekja lið fyrir lið og gert allan þann málflutning hæstv. ráðh. fremur aumkunarverðan. Ég er líka þeirrar skoðunar, að það muni sannast, að verkamönnum og verkafólki yfirleitt muni þykja þær kjarabætur, sem hvergi eru til nema í ímyndunum hæstv. ráðh., frekar léttar í vasa og til framfærslu sér og fjölskyldum sínum og þess verði ekki ýkjalangt að bíða, að bæði þessi hæstv. ráðh. og aðrir, sem hafa staðið fremstir í flokki við að ræna verkafólk og alla alþýðu í landinu réttmætum og umsömdum kjarabótum síðustu árin, muni finna óþægilega fyrir því, að þessi skoðun er áreiðanlega ríkjandi hjá verkafólki í landinu.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða mikið það mál, sem hér liggur fyrir til umr., frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands. Og það eru einkum tvö meginatriði, sem um er deilt, þ. e. a. s. hvor eigi að hafa gengisskráningarvaldið, Alþingi eða Seðlabankinn, og svo hitt, hvort nauðsyn hafi borið til þeirrar gengisbreytingar, sem gerð var s. l. sumar.

Það hefur ekki verið deilt um það, að gengisskráningarvaldið hafi verið í höndum Alþ. til þess tíma, að þessi brbl., sem um er rætt, voru út gefin. Það hefur ekki heldur verið um það deilt og reyndar fullyrt af stjórnarandstöðunni, að það hafi ekki borið neina nauðsyn til að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis til Seðlabankans, og ekki fullyrt af stuðningsmönnum stjórnarflokkanna, að nauðsyn hafi borið til að gera slíkt, heldur aðeins sagt, að það hafi verið eðlilegt. Nú er það upplýst og öllum vitað, að stjórnarskráin kveður svo á um, að því aðeins megi gefa út brbl., að brýna nauðsyn beri til. Af þessu virðist augljóst, að það hafi verið stjórnarskrárbrot, þegar brbl. voru gefin út í sumar, að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþ. til Seðlabankans, án þess að brýna nauðsyn hafi borið til. Það hefur líka verið upplýst og stutt með tilvitnunum í umsögn fyrrv. prófessors við lagadeild háskólans, að því aðeins megi breyta lögum með brbl., að ekki hafi verið stutt frá meðferð þingsins á þeim lögum, sem um ræðir hverju sinni. Nú er það líka vitað, að seðlabankalöggjöfin, sem hér um ræðir, var sett á Alþingi í fyrra, aðeins fjórum mánuðum áður en þessi brbl. voru út gefin, og það verður því ekki sagt annað en það hafi verið stutt um liðið, frá því að Alþingi fjallaði um þessi lög, og að það kom fram við þá lagasetningu, að þingið vildi ekki afsala sér þessu valdi, sem hér um ræðir. Af þessum rökum öllum virðist það augljóst, að hér hefur verið um stjórnarskrárbrot að ræða.

Það var fullyrt af hæstv. viðskmrh. við framsögu þessa máls hér í þessari hv. d., að þingið hefði valdið enn þá, með því að það gæti fellt þessi brbl. Þetta er tæpast rétt. Eins og nú er komið eftir þá kjördæmabreytingu, sem nýlega var gerð, þar sem flokksvaldið er orðið ríkjandi í raun og veru og þm. orðnir fyrst og fremst fulltrúar flokkanna á Alþ., hefur ríkisstj. í hendi sér hverju sinni að fá samþ. þau lög, sem hún leggur áherzlu á að staðfest verði. Og þegar hún er búin að gefa út brbl. um þýðingarmikil málefni, þýðir það vantraust á hana, ef stjórnarflokkarnir fást ekki til að samþ. þau lög, sem hún hefur gefið út, og því getur hún jafnan skákað í því skjóli, að hennar eigin stuðningsmenn muni ekki samþ. vantraust á hana, og þannig neytt þá til þess að styðja mál, sem þeir væru kannske í eðli sínu á móti.

Af þessu öllu er augljóst, að þetta, að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþ. til Seðlabankans, var rangt.

Þá vil ég víkja í fáeinum atriðum að nauðsyn sjálfrar gengisbreytingarinnar, sem gerð var á s. l. sumri. Hæstv. viðskmrh. studdi nauðsyn hennar með þeim rökum, að almennar kauphækkanir hefðu orðið í landinu að meðaltali um 14—15%. Það var sýnt fram á það hér í umr. í gær mjög glögglega bæði af hv. 5. þm. Austf. (PÞ) og öðrum, sem hér töluðu um málið, að þetta var ekki rétt. Launahækkanirnar voru ekki svona miklar almennt, og allar stéttir þjóðfélagsins fengu ekki þessar launahækkanir, — eða hvenær fengu sjómenn launahækkanir á s. l. ári, hvenær fengu bændur þær? Og svona mætti nefna ýmsar fleiri stórar stéttir. Það er því alls ekki rétt að reikna þetta þannig, að allar stéttir þjóðfélagsins hafi fengið þessar almennu launahækkanir, sem hæstv. viðskmrh. ræddi hér um. Auk þess studdi viðskmrh. nauðsynina með því, að gera yrði ráð fyrir, að kauphækkanir vegna fólksfjölgunar og færslur milli launaflokka væru allt að 300 millj. kr. á ári. Er ekki fráleitt að hugsa sér það að þurfa alltaf að lækka gengið, ef fólkinu fjölgar í landinu? Getur ekki það unga fólk, sem kemur til með að leggja vinnu sína fram í þjóðfélaginu, unnið fyrir sér? Verður alltaf að lækka gengið, þegar fólkinu fjölgar? Slíkt er fáránleg fullyrðing, því að hver vinnandi hönd hlýtur að skapa aukin verðmæti í þjóðfélaginu og þann veg ætti hún að gera og gerir þjóðinni léttara að sækja fram til bættra lífskjara, en ekki öfugt. Þess vegna er alveg fráleitt að taka þessa upphæð með í þetta dæmi, eins og hæstv. viðskmrh. gerði hér í sinni framsögu.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. stutt nauðsyn gengisbreytingarinnar með þeim hagfræðilegu rökum, að útlit hafi verið fyrir minni þjóðarframleiðslu s. l. sumar en áður og af þeim sökum hefði verið hætta á gjaldeyrisskorti og ójafnvægi í viðskiptunum við útlönd. Hv. 5. þm. Austf. sýndi glögglega fram á það hér í umr. í gær, að þetta var algerlega röng forsenda. Þjóðarframleiðslan var mörg hundruð milljón krónum meiri s. l. ár en nokkru sinni áður, og að því leyti var það hagstæðara fyrir þjóðfélagið að hækka laun manna í landinu en nokkru sinni áður, og að því leyti var algerlega rangt, að það þyrfti að lækka gengið af þeim sökum. Það er upplýst, að sjávaraflinn einn reyndist 14% meiri á s. l. ári en árið áður og meiri en nokkru sinni áður í þjóðfélaginu.

Það er því sýnt, að sá hagfræðilegi grundvöllur, sem gengisbreytingin var byggð á, er algerlega brostinn. En það, sem mun hafa valdið ákvörðun ríkisstj. í þessu máli, kom raunverulega fram í lokaorðum hæstv. viðskmrh. við framsögu þessa máls. Hann sagði: „Það var rétt að afstýra tilræði við viðreisnina með því að lækka gengið.“ Það var af því að þetta vandræðabarn ríkisstj., viðreisnin, var orðið svo óvinsælt og var búið að leiða svo margt illt af sér fyrir allan almenning í þjóðfélaginu, að stjórnin var farin að hafa áhyggjur af því sjálfu. Þetta vandræðabarn hafði í för með sér ekki aðeins almennar verðhækkanir á öllum nauðsynlegum neyzluvörum, það hafði líka í för með sér, að tollabyrðar jukust á öllum almenningi, þar sem grunnverð allrar innfluttrar vöru hækkaði alveg stórkostlega. Það hafði í för með sér, að söluskattur, stórfelldur söluskattur, var á lagður, sem hækkaði allt vöruverð í landinu og skapaði margháttaða erfiðleika við allar framkvæmdir og kaup á nýjum framleiðslutækjum. Það hafði í för með sér stórfellda vaxtahækkun, sem öllum var hvimleið. Það hafði líka í för með sér lánasamdrátt, sem stórskerti aðstöðu framleiðsluatvinnuveganna til stofnunar, framkvæmda og rekstrar.

Það hefur verið sýnt fram á það í umr. um þetta mál, að sumir atvinnuvegir, eins og t. d. iðnaðurinn, hefðu getað borið kauphækkunina, sem varð s. l. sumar, án þess að hækka verðlag á vöru sinni. Og það hafa verið færð sterk rök fyrir því, að einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, frystihúsareksturinn, hefði getað borið kauphækkunina, hefði hann getað fengið 2% vaxtalækkun. Hæstv. viðskmrh. vildi gera mjög lítið úr vaxtalækkun í þessu efni, taldi hana lítilsvert úrræði, sem engan veginn hefði fullnægt þörfum þessa atvinnuvegar. Ég vildi nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér umsögn aukafundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á s. l. hausti um þetta atriði, sem skýrir raunverulega málið miklu betur en þjark okkar hér á Alþ., því að þeir menn, sem þar voru, standa í eldinum sjálfir og skilja, hvaða áhrif þetta hefur á þeirra atvinnurekstur:

„Aukafundur SH, haldinn í Reykjavík í febrúar 1962, samþ. að beina því til hæstv. ríkisstj., að nú þegar verði athugað, hvort ekki sé unnt og tímabært að lækka vexti Seðlabankans á afurðalánum sjávarútvegsins þannig, að 7% vextir þriggja fyrstu mánaðanna lækki í 5% og 7½% vextirnir í 5½%."

Sem rökstuðning fyrir samþykktum þessum lýsti fundurinn því yfir sem skoðun sinni:

„1. Þörf framleiðslufyrirtækja sjávarútvegsins fyrir lánsfé er svo mikil, að notkun þess er ekkert minni þrátt fyrir háa vexti, og þó fjárþörf þeirra hvergi nærri fullnægt.

2. Fundurinn fær ekki séð, hvernig það þjónar hag þjóðfélagsins að íþyngja framleiðslunni með háum vöxtum á framleiðsluvíxlum sjávarafurða, er teknir eru af fyrirtækjum, sem fjárhagslega berjast í bökkum, en stunda þó framleiðslu, sem öll þjóðin byggir afkomu sína á.

3. Fundurinn álítur, að hækkun útlána á sjávarafurðir sé vissasta leiðin til að gera fyrirtækjum þessum kleift að reka starfsemi sína af fullum krafti og auka þar með framleiðsluna og þar með gjaldeyrisöflunina."

Þetta er samþykkt Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og það kemur þar glöggt fram, að þessir aðilar, sem eru langkunnugastir þessum efnum, þessum þætti atvinnulífsins, telja vaxtalækkunina vissustu leiðina til að bæta afkomu þeirra og tryggja framleiðslumöguleikana. En hæstv. viðskmrh. neitar því, að vaxtalækkun geti orðið að gagni í þessum efnum eða verið til bóta fyrir framleiðsluna. Það sýnir, hvað hann, hæstv. viðskmrh., er langt utan við það að fylgjast með atvinnulífinu í þjóðfélaginu.

Það muna allir loforð hæstv. stjórnarflokka við síðustu kosningar, loforðin um bætt lífskjör þjóðfélagsþegnanna. Og þegar viðreisnin var sett, þá var boðað, að hún ætti að skapa aðstöðu til þessara bættu lífskjara, sem lofað hafði verið í kosningunum 1959. Það hefði því mátt ætla, að eftir á annars árs bið, eftir að viðreisnin var sett, þegar kauphækkanirnar voru framkvæmdar s. l. sumar, hafi verið farin að koma fram þau jákvæðu áhrif viðreisnarinnar, sem áttu að tryggja grundvöllinn undir bætt lífskjör, enda yfirlýst af hæstv. stjórnarflokkum, að þau áhrif hefðu verið farin að koma fram og viðreisnin heppnazt. En þrátt fyrir það þó að þeir lýstu yfir, að viðreisnin hefði heppnazt, og teldu, að möguleikarnir fyrir bætt lífskjör væru að koma fram, taka þeir aftur af öllum launþegum kauphækkunina, sem varð s. l. sumar, með gengisbreytingu. Það sýnir, að eitthvað er bogið við röksemdafærsluna.

Gengislækkun er jafnan vandræðaráðstöfun, og ætti ekki að nota hana nema í hreinum neyðartilfellum. En það virðast ekki hafa verið þau skilyrði fyrir hendi s. l. sumar, að það teldist nauðsynlegt að leggja í þessa neyðarráðstöfun. Gengislækkanir þrengja kjör yfirleitt allra vinnandi stétta í þjóðfélaginu og skapa atvinnuvegunum margvíslegan vanda vegna þess, að stofnkostnaður við framkvæmdir eykst stórkostlega, og það verður til þess, að miklu erfiðara verður að fullnægja stofnfjárþörf atvinnuveganna. Þetta dregur úr nauðsynlegum framkvæmdum, sem bezt lýsir sér í því, að bæði byggingarframkvæmdir dragast stórlega saman nú eftir þessar tvær gengisbreytingar, skipakaup minnka stórkostlega, ræktunarframkvæmdir minnka stórkostlega, og svona mætti halda áfram að telja fjölda greina í þjóðfélaginu, sem hafa dregizt saman, en þó mjög nauðsynlegar til þess, að þjóðin geti bætt lífskjör sín og bætt afkomu sína í framtíðinni. Allur rekstrarkostnaður allra atvinnuvega hækkar stórkostlega, og við það skapast margvíslegir erfiðleikar, eins og aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna bendir réttilega á, vegna þess að það er erfitt að fullnægja rekstrarfjárþörf fyrirtækja, sem framleiða og velta miklu af afurðum. Þetta hefur lýst sér glöggt í rekstri togaranna. Þrátt fyrir tvær gengisbreytingar og kannske meðfram fyrir tvær gengisbreytingar eru þeir svo komnir núna, að þeir eru nálega allir að verða gjaldþrota. Þessi atvinnuvegur, sem um langa hríð var einn mesti gróðaatvinnuvegur í þjóðfélaginu, er nú kominn á vonarvöl og í svo miklar þrengingar, að liggur við borð, að allir togarar landsins stöðvist.

Þetta sýnir, að gengisbreyting er ekkert allsherjar lækningalyf fyrir erfiðleika atvinnulífsins, heldur þvert á móti miklu líklegri til þess að skerða möguleika atvinnuveganna til framþróunar í þjóðfélaginu. Og þessi gengislækkun s. l. sumar var, frá hvaða sjónarmiði sem á hana er litið, hrein endileysa og vitleysa. Það, sem einkum virðist hafa valdið því, að hæstv. stjórnarflokkar réðust í það að lækka gengið, virðist vera ótti þeirra við sitt vandræðabarn, viðreisnina. Þegar launastéttirnar gátu ekki lengur unað við þá skerðingu, sem fyrri gengislækkunin hafði haft í för með sér, og fengu hækkað kaupið, þá virðast þeir hafa óttazt um afkomu ríkissjóðs, og meðfram vegna þess, eins og ég gat um áðan í sambandi við togarana, að það hafði komið í ljós, að ýmsir aðilar höfðu orðið svo hart úti vegna viðreisnarinnar, að þeir gátu ekki staðið undir sínum skuldbindingum og staðið skil á þeim lánum, sem ríkið hafði ábyrgzt greiðslur á. Það var upplýst hér nýlega í Alþingi, að ríkið hefði greitt í ríkis-

ábyrgðir á árinu 1960 tæpar 50 millj. kr. og árið 1961 um 68 millj. kr. Þetta sýnir, hvaða áhrif viðreisnin hefur á ýmsar greinar þjóðlífsins og atvinnulífsins, þegar þeir aðilar, sem hafa mest fé í rekstri sínum að láni og hafa það með ríkisábyrgð, geta ekki staðið í skilum með sínar skuldbindingar. Það sýnir, að viðreisnin hefur komið svo hart við þessa aðila, að þeir sjá ekki fram á, að þeir geti rétt sig úr kútnum fjárhagslega. Og það virðist vera, að þessi ótti um það, að ríkissjóður yrði hart úti vegna þessara ábyrgða og vegna þeirrar kauphækkunar, sem hann varð að taka á sig að sjálfsögðu eins og aðrir aðilar s. l. sumar, og gæti ekki staðið í skilum, hafi valdið því, að hæstv. ríkisstj. gekk í það að lækka gengið. Það virðist því liggja beint við, að það væri óttinn við hennar eigin króga, sjálfa viðreisnina, sem hafi valdið því, að hún greip til þess óyndisúrræðis, sem öllum hlýtur að verða til ills.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér í ræðu minni út í almennar stjórnmálaumr., þótt að vísu hafi margt komið fram hjá hv. stjórnarandstæðingum í umr. um þetta mál, sem gæfi tilefni til þess. Bæði er nú, að margt af því, sem hér hefur verið rætt og borið á góma, var rætt í sambandi við vantraustið á ríkisstj., sem borið var fram í haust, og svo eru líka eldhúsdagsumr. fram undan nú eftir nokkra daga, þannig að ég ætla að leiða þetta hjá mér. Þar verða þessi mál sjálfsagt rædd ýtarlega. Það eina atriði, sem ég ætlaði hér að gera að umtalsefni, eru ásakanir hv. stjórnarandstæðinga og þá alveg sérstaklega hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) í þá átt, að með útgáfu þessara brbl., sem hér er verið að ræða um, hafi verið framið stjórnarskrárbrot.

Það er alkunn sagan af smalanum, sem gætti hjarðarinnar uppi á brekkubrúninni og átti m. a. að gæta þess, að ekki kæmi úlfur úr skóginum og grandaði hjörðinni. En fyrir neðan brekkuna voru vinnumennirnir að slá, og ef svo bæri við, að úlfur sæist, þá átti smalinn að hrópa á vinnumennina, og þeir áttu að hlaupa upp brekkuna og koma til hjálpar. Smalinn var, eins og menn vita, hrekkvís, og það var heitt í veðri, og hann hugsaði sem svo, að það væri nú gaman að snúa á vinnumennina og láta þá hlaupa upp brekkuna. Þess vegna kallaði hann: úlfur. Úlfur, kallaði smalinn, og vinnumennirnir hlupu allir af stað, komu á brekkubrúnina. Þá sáu þeir, að þetta var ekkert annað en snuð, það var enginn úlfur á ferðinni. Þetta endurtók sig svo nokkrum sinnum, og vinnumennirnir hlupu alltaf upp brekkuna. Að síðustu gerðist það svo, að það kom úlfur, og þá hrópaði smalinn á ný, en þá voru vinnumennirnir orðnir uppgefnir á þessu og trúðu honum ekki lengur og hreyfðu sig ekki. Úlfurinn kom, og grandaði hjörðinni.

Þessi saga rifjast upp fyrir mér, þegar ég lít yfir það, hversu oft þessi hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., hefur staðið hér upp á Alþingi og hrópað: Stjórnarskrárbrot. Stjórnarskrárbrot. Og ég held einmitt, að þetta sé miklu hættulegri leikur en hann gerir sér grein fyrir, því að það getur komið að því einhvern tíma, að einhver ríkisstjórn hér á landi fremji stjórnarskrárbrot, og þá getur verið, að þjóðin verði ekki á verði, af því að það væri búið að slæva svo hugsun hennar, hún væri orðin svo vön þessum hrópum, án þess að það væri mark á þeim tekið, að það gæti þess vegna komið að því, að hún sofnaði á verðinum einmitt fyrir svona atferli. Og það er í þessu, sem hin mikla hætta liggur, í því að leika sér að því að hrópa: Stjórnarskrárbrot. Stjórnarskrárbrot.

Það, sem um hefur verið deilt hér, er það, hvort þessi brbl. brytu í bága við stjórnarskrána, og þá alveg sérstaklega, hvort það hafi borið brýna nauðsyn til þess að flytja gengisskráningarvaldið í hendur Seðlabankans eða ekki. En samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar þarf brýn nauðsyn að vera fyrir hendi, til þess að heimilt sé að gefa út brbl. Ég lít svo á, að það hafi verið alveg rétt hjá ríkisstj. að gefa út brbl., sem fólu bankastjórn Seðlabankans gengisskráningarvald í hendur, og það sé fjarstæða að álíta útgáfu þessara laga stjórnarskrárbrot. Það var af mörgum ástæðum nauðsynlegt að láta skráningu íslenzku krónunnar ekki lengur vera beint löggjafaratriði, heldur fela skráningarvaldið bankastjórn Seðlabankans í hendur. Og ástæðurnar fyrir því eru þær, sem ég ætla að greina hér á eftir.

Það er í fyrsta lagi, að Seðlabankinn er ópólitísk stofnun, og því má ætla, að ákvarðanir hans um gengisskráningu njóti almennara trausts og um þær rísi síður pólitískur ágreiningur en um gengisákvarðanir ríkisstj. eða meiri hl. Alþingis. Sjálfstæði Seðlabankans gagnvart ríkisstj. kemur m. a. fram í 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands, þar sem segir, að sé um verulegan ágreining að ræða við ríkisstj., sé seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Þetta á auðvitað ekki síður við ágreining út af skráningu krónunnar heldur en ágreining út af öðrum efnum.

Í öðru lagi: Hlutverk Seðlabankans er samkv. lögum frá síðasta ári m. a. að annast seðlaútgáfu, efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og fara með gengismál. Þetta hlutverk Seðlabankans gerir hann sjálfkjörinn til að ráða gengi íslenzku krónunnar, enda er gengisskráningarvaldinu fyrir komið á mjög svipaðan hátt hjá nágrannaþjóðum okkar, sem við getum tekið okkur til fyrirmyndar í þessu efni. Brbl. voru því beint og eðlilegt framhald af lagasetningunni um Seðlabanka Íslands, er lokið var á Alþingi 24. marz 1961. En nú hafa hv. stjórnarandstæðingar spurt: Því var Seðlabankanum ekki veitt vald yfir gengisskráningunni strax með seðlabankalögunum frá 24. marz 1961, úr því að ríkisstj. var þeirrar skoðunar, að bankinn ætti að fá þetta vald í hendur og lagabreytingin hefði gert hann að nægilega sjálfstæðri stofnun til þess að geta gegnt þessu hlutverki? Í sjálfu sér hefði þetta á margan hátt verið æskilegt. En ástæðuna til þess, að ríkisstj. lét ekki gera þetta, tel ég augljósa. Síðari hluta vetrar 1961 voru í uppsiglingu mjög alvarlegar

kjaradeilur, og vinnustöðvanir voru yfirvofandi. Ef ríkisstj. hefði, meðan þetta ástand ríkti, flutt gengisskráningarvaldið yfir í hendur seðlabankastjórnar, hefði stjórnarandstaðan tvímælalaust gert sitt ýtrasta til að mistúlka þessa ráðstöfun. Stjórnarandstaðan hefði haldið því fram, að hér væri verið að ögra verkalýðssamtökunum eða hóta þeim með yfirvofandi gengislækkun, ef kauphækkanir væru knúðar fram. Á þessu stigi málsins hefði því tilflutningur gengisskráningarvaldsins aðeins orðið til þess að magna kjaradeilurnar og hleypa í þær meiri hörku, þegar þörf var á að gæta hófs og stillingar.

Þriðja ástæðan til þess, að nauðsynlegt var að koma gengisskráningarvaldinu úr höndum Alþingis, var sú, að reynslan hefur sýnt, að það tekur mjög langan tíma á Alþingi að breyta genginu með löggjöf. Mig minnir, að það hafi tekið um 3 vikur 1960, þegar gengislækkunin var framkvæmd þá í febrúarmánuði. Þessi langi tími skapar margvísleg óþægindi, m. a. verður að stöðva alla tollafgreiðslu á meðan, og slíkt ástand skapar ýmsum aðilum aðstöðu til brasks og gróðabralls. Nauðsynlegar gengisbreytingar verður helzt að gera fyrirvaralaust, og því var nauðsyn á að gera hér fyrirkomulagsbreytingu.

Ég tel mig hér hafa sýnt fram á, að það hafi borið nauðsyn til að flytja valdið yfir gengisskráningunni í hendur Seðlabankans. Þegar svo var komið á s. l. sumri, að kjaradeilurnar voru leystar með meiri kauphækkunum en efnahagur þjóðarinnar gat með góðu móti risið undir og þörf var á gagnráðstöfunum, sem ríkisstj. taldi að mjög kæmu til greina í formi gengislækkunar, þá var fyrir hendi brýn nauðsyn á því að veita Seðlabankanum fulla heimild með brbl. til að ákveða gengi íslenzku krónunnar. Útgáfa brbl. var því í fyllsta samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar menn þurfa að gera sér grein fyrir því, hvort brýn nauðsyn sé fyrir hendi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar eða ekki, verða menn jafnframt að glöggva sig á því, hver hafi valdið til þess að meta, hve mikil nauðsynin sé, í hvers höndum það vald sé. Þetta matsvald hefur alltaf verið á hendi þeirrar ríkisstj. eða þess ráðh., er brbl. hefur gefið út. Það skiptir því engu máli, hvaða skoðanir hv. 3. þm. Norðurl. v. eða aðrir stjórnarandstæðingar hafa á því, hverja nauðsyn hafi borið til að flytja gengisskráningarvaldið til. Það eru skoðanir ríkisstj., sem gilda í þessum efnum, enda hefur alltaf verið litið þannig á. Það er út af fyrir sig ekki Alþingi, sem gefur út brbl., það þarf ekki að ræða það frekar, enda hefur alltaf verið litið þannig á, þegar áður hafa verið gefin út brbl. í þessu landi, að það væru skoðanir viðkomandi ráðh. og ríkisstj., sem giltu.

Þetta verður m. a. augljóst af því, að ýmislegt, sem ríkisstj. gerir og telur mikla nauðsyn bera til að gera, það telja stjórnarandstæðingar alveg nauðsynjalaust og jafnvel skaðlegt. Og í sjálfu sér er þessi skoðanamunur ákaflega eðlilegur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Skortur á brýnni nauðsyn og þar með brot á stjórnarskrárákvæði væri því aðeins fyrir hendi, að hægt væri að sanna, að það væri raunverulega ekki skoðun ríkisstj., að brýna nauðsyn hefði borið til útgáfu þessara brbl. En fyrir slíkri sönnun er enginn grundvöllur í þessu máli.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. viðurkenndi í sinni ræðu í gær, held ég, að það mætti að vísu finna ýmis dæmi þess, að þegar brbl. hefðu verið gefin út, hefði ekki verið gengið eins ríkt eftir því og skyldi, að brýn nauðsyn væri fyrir hendi um útgáfu þeirra laga. Þó að slík tilfelli væru til, taldi hann samt, að þetta tilfelli hér um gengisskráningarvaldið, sem fært væri yfir í Seðlabankann með brbl., væri algert einsdæmi, þar væri ekki hægt að finna nokkur rök fyrir nokkurri nauðsyn. Þess vegna væru þessi brbl., sem við erum að ræða, algert einsdæmi. Það væri ekkert, sem hægt væri að bera saman við þetta. Ég skal að vísu játa, að ég hef lítið fylgzt með og þekki lítið til útgáfu brbl. almennt í genum árin, svo að ég er fákunnandi í þessum efnum að leita eitthvað uppi til samanburðar. Þó hef ég athugað brbl., sem gefin voru út á síðasta valdatímabili Framsfl., og ég hef rekizt hér t. d. á brbl., sem voru gefin út 26. sept. 1957 af þáv. hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni. Að vísu er hann, eins og allir vita, ekki framsóknarmaður, en hann var ráðherra í þeirri ríkisstj., og ég tel í sjálfu sér, að öll ríkisstjórnin beri ábyrgð á útgáfu brbl., a. m. k. þá ábyrgð, að það sé ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. Í þessum brbl., sem fjalla um útsvör, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að upphæð álagðra útsvara hafi af ýmsum ástæðum hækkað svo mjög á síðari árum, að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæði 2. málsl. 26. gr. gildandi útsvarslaga þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd verði heimilað að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist a. m. k. 3% of hátt eða lágt, í stað 10%, eins og nú er í lögum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld brbl.:

1. gr.: Í stað „10%“ í 2. málsl. 26. gr. komi: 3%.“

Nú var það þannig með þessa lagabreytingu, að ég veit ekki betur en þetta ákvæði um, að breytingin þyrfti að ná 10%, til þess að ríkisskattanefnd væri heimilt að raska útsvarsálagningu, hafi staðið í lögum mjög langan tíma, hygg ég vera, jafnvel áratugi, og ég varð ekki var við, að um það ákvæði yfirleitt ríkti neinn ágreiningur. Þarna er samt talin vera fyrir hendi að mati þessa ráðh. og þeirrar ríkisstj., sem stendur að baki þessara brbl., brýn nauðsyn til að breyta þessu. Nú er þetta út af fyrir sig lagaákvæði, sem hefur ekki nema tiltölulega smávægilega þýðingu. Og einmitt síðast í september, eða hálfum mánuði áður en þing kemur saman, telur þáv. ríkisstj. og þessi ráðh., að það hafi borið brýna nauðsyn til að gefa út þessi brbl. Ég er út af fyrir sig alls ekki að vefengja það, að sú brýna nauðsyn hafi

verið fyrir hendi, en mér finnst í raun og veru ekki hægt að bjóða nokkrum heilvita manni upp á þá röksemdafærslu að álíta t. d., að nauðsynin fyrir útgáfu brbl. hafi í þessu tilfelli frá 1957 verið meiri en nauðsynin til að flytja gengisskráningarvaldið yfir í hendur Seðlabankans. Reyndar má segja ósköp svipað um önnur brbl., sem voru gefin út af þessum sama ráðh. 1956, þegar fjölgað var í húsnæðismálastjórn um tvo eða þrjá menn og það nokkrum dögum áður en þing kom saman. Til þess var talið bera brýna nauðsyn, og ég tel það þó á engan hátt sambærilegt við þá nauðsyn, sem var til þess að gefa út þessi brbl., sem hér er verið að deila um.

Það væri í raun og veru ákaflega alvarlegt mál, ef það væri rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. og aðrir stjórnarandstæðingar halda fram, að þessi brbl. og þar með sú gengisákvörðun, sem byggist á þessum brbl., væru brot á stjórnarskránni og þar með væri sú gengisákvörðun, sem byggist á brbl., lögleysa. Það hlýtur þá að leiða af því að þeirra áliti, að þá ætti rétt gengi í dag sjálfsagt að vera gamla gengið, 38 kr. á dollara, en ekki 43 kr., og það hlýtur þá að þýða það, að allir innflytjendur og allir, sem hafa þurft að kaupa gjaldeyri, hafi keypt dollarann fyrir 5 kr. hærra verð en þeim hafi borið og annan erlendan gjaldeyri að sama skapi dýrar eins og þessu nemur. Ef þessir hv. stjórnarandstæðingar hefðu einhverja trú á því, sem þeir sjálfir eru að bera fram, skyldi maður ætla, að það hefði verið alveg sjálfsögð leið fyrir þá að bera þetta mál undir dómstólana. Ég verð að segja, að oft hefur verið farið í mál út af minna en því, hvort öll þjóðin kaupir gjaldeyrinn 12—13% dýrar en hún á rétt á að lögum. Og ég tel einmitt það, að allur þessi tími — eða frá því í ágúst — skuli hafa liðið, án þess að þessir stjórnarandstæðingar eða nokkur úr þeirra flokki skuli hafa hafizt handa um það að fá þessari gengisákvörðun og þessum lögum hnekkt með dómi, það sýni í raun og veru, að þeir hafa enga trú á því sjálfir, sem þeir eru að reyna að telja öðrum trú um.

Í þessu máli hafa kommúnistar alveg haft samstöðu með Framsfl. um það að gagnrýna þessi brbl. á grundvelli þess, að þau brytu í bága við stjórnarskrána. Þeir hafa að vísu ekki hér við þessar umr. haft um þetta mörg orð sjálfir, heldur hafa þeir vitnað til þess, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur sagt um þessi mál. Þeir hafa talið hann gera því svo fullnægjandi og rækileg skil, og þeir hafa hrósað honum í Þjóðviljanum fyrir að hafa sannað það svart á hvítu, að ríkisstj. hafi hér orðið sek um stjórnarskrárbrot. Ég vil aðeins af þessu tilefni minna á, að kommúnistar höfðu ekki svona mikið álit á þessum hv. þm. árið 1956. Þá gat að líta í Þjóðviljanum greinar, þar sem þeir báru þennan hv. þm. þeim sökum, — að vísu tel ég þær sakargiftir rangar, en þeir báru hann þeim sökum, að hann hefði með höndum sýnikennslu í lagarefjum. Þeir báru hann þeim sökum, að hann stæði á bak við kosningasvindl og alvarlegt stjórnarskrárbrot. Það má þess vegna segja, að aumlega sé nú komið fyrir kommúnistum, þegar þeir verða að leita stuðnings í málflutningi slíks manns til þess að reyna að klekkja á ríkisstj. og sannfæra almenning um það, að hún hafi staðið fyrir því að brjóta stjórnarskrá landsins.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skil það mætavel, að hv. 9. landsk. þm. (JÞ) hafi runnið blóðið til skyldunnar. Hann hefur kunnað því illa að sitja hér undir ræðum stjórnarandstæðinga og hlýða á þau rök, sem þeir hafa flutt fram, án þess að reynt væri nokkuð að bera blak af ríkisstj. og færa fram nokkur gagnrök, og hann hefur kunnað því illa, að hæstv. ráðh. skyldu sitja þegjandi undir þeim ræðum og að þeir skyldu enga tilraun gera til þess að sanna sitt mál og sýna fram á þá nauðsyn, sem hefði borið til að gefa út brbl. um flutning gengisskráningarvaldsins í hendur Seðlabankans með þeim hætti, sem gert var. Og hann hefur því tekið að sér þann erindisrekstur, annaðhvort beðinn eða óbeðinn, að reyna að gerast hér málflytjandi fyrir hæstv. ríkisstj. og þá hæstv. ráðh., sem hér sitja. Þetta tel ég mjög virðingarverða þjónustulund hjá hv. 9. landsk. þm. Hitt er annað mál, að ég geri ráð fyrir því, að ef einhver hæstv. ráðherra hefði lagt í það að koma hér upp í ræðustólinn og færa fram málsbætur fyrir sínar gerðir, þá hefði sá vopnaburður að ýmsu leyti orðið ólíkt fimlegri en hjá hv. 9. landsk. þm.

Hv. 9. landsk. lét þess getið, að ég hefði látið mér frekar títt um það á þingi að tala um stjórnarskrárbrot. Það má vel vera, að ég hafi stundum minnzt á það, að einhver lagaákvæði væru þess eðlis, að mér sýndust þau höggva nærri stjórnarskránni. Ef ég er þeirrar skoðunar, að svo sé, þá tel ég það skyldu mína, þá tel ég það mína þingmannsskyldu að benda á það. Hitt er svo annað mál, hvort menn fallast á það eða ekki. En til þess höfum við unnið drengskaparheit að stjórnarskránni, að við eigum að virða hana og fara eftir henni og ekki brjóta hana vísvitandi.

En hv. þm. hélt því fram, að það gæti bara verið hættulegt að vera að benda á, að það væri brotið í bága við stjórnarskrána, því að þá yrði það til þess, að þegar virkilega væri brotið í bága við hana, tækju menn ekki eftir því, og sagði dæmisögu af því, að smali einhver hefði kallað: Úlfur, úlfur, oft, án þess að nokkur úlfur hefði verið á ferðinni, og þá hefðu menn að vísu látið blekkjast, en svo hefði hann einu sinni kallað: Úlfur, úlfur, og þá hefðu menn ekkert tekið eftir því, en þá hefði hann þó farið rétt með, því að úlfurinn hefði verið að koma. Ég fullyrði það, að hvað sem hér hefur áður verið sagt um stjórnarskrárbrot, þá er þó nú úlfurinn á ferðinni og hér er um stjórnarskrárbrot að ræða. En það má vel vera, að það fari fyrir hv. stjórnarstuðningsmönnum eins og í sögunni, að þeir láti nú vera að taka tillit til þess og fari að eins og í þeirri sögu, sem hann var að segja.

Og svo lagði hv. þm. út á þá grýttu og erfiðu braut að ætla að reyna að sanna, að það hefði borið brýna nauðsyn til þess að gefa brbl. út, þess efnis, sem þau voru út gefin. En ekki reyndist sú ganga honum auðveld. Hann lagði nú ekki meir á brattann en það til að byrja með, að hann sagði, að hann teldi, að það hefði verið rétt af ríkisstj. að gefa brbl. út eins og þau voru úr garði gerð. Ekki gat hann þó í upphafi fengið sig til þess að segja, að það hefði verið brýn nauðsyn til að taka gengisskráningarvaldið af löggjafanum með brbl. og færa það í hendur Seðlabankanum. En hann sagði, að það hefði verið rétt. Og í framhaldi af því fór hann út í þá röksemdafærslu, sem æ og æ hefur verið endurtekin í þessum umr. af hálfu ríkisstj., að það væri eðlilegt, að gengisskráningarvaldið væri hjá þjóðbankanum. Það væri þar betur komið en í höndum löggjafans og Alþingis. En það er einmitt þessi röksemdafærsla, sem út af fyrir sig kemur þessu máli alls ekkert við. Það er ekki deilt um það út af fyrir sig í þessu máli, hvort gengisskráningarvaldið sé betur komið í höndum Alþingis eða í höndum Seðlabankans, heldur hitt og um það eitt í sambandi við stjórnarskrárbrot, hvort það hafi verið heimilt með brbl. að færa gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis og í hendur Seðlabankanum. Spurningin er um það eitt, hvort það hafi brýna nauðsyn borið til að færa gengisskráningarvaldið þannig til, hvort sú nauðsyn hafi verið svo brýn, að það hafi ekki mátt bíða þess, að Alþingi kæmi saman og fjallaði um það mál. Spurningin er um það, hvort ríkisstj. hefði ekki, ef hún taldi óhjákvæmilega nauðsyn að breyta genginu, getað breytt því með brbl. En ef ríkisstj. taldi óhjákvæmilega nauðsyn bera til að breyta genginu og sú nauðsyn raunverulega var fyrir hendi, þá er það út af fyrir sig ekki vefengt, að hún hefði getað gert þá ákvörðun með brbl. Hitt er aftur á móti vefengt, að hún hafi getað, eins og hún gerði, fært gengisskráningarvaldið úr höndum löggjafans, þar með bráðabirgðalöggjafans, og þar með firrt sig sjálfa möguleika til þess að hafa áhrif á gengisbreytingar, því að fræðilega séð hafði hún, um leið og hún flutti valdið yfir í hendur Seðlabankans, firrt sjálfa sig möguleikanum til þess að breyta genginu í það horf, sem hún taldi nauðsynlegt vera. Um leið og hún afsalaði sér þar með valdinu, kippti hún í rauninni stoðunum undan þeirri skoðun sinni, að óhjákvæmilega nauðsyn bæri til þess að gera gengisbreytingu.

Allt tal og röksemdafærsla hv. þm um það, að gengisskráningarvaldinu væri betur fyrir komið í höndum Seðlabankans en Alþingis, var, eins og ég áðan sagði, ástæðulaust í þessu sambandi, af því að það á þar ekki heima. Um það geta menn deilt, og það hef ég skýrt tekið fram í þeim ræðum, sem ég hef haldið um þetta, að um það atriði gæti út af fyrir sig verið skiptar skoðanir, hvort gengisskráningarvaldið ætti að vera í höndum þjóðbankans eða hjá löggjafanum. Og um það hafa verið skiptar skoðanir, eins og ég drap á í minni ræðu og sýndi fram á, að hæstv. viðskmrh. var t. d. 1950 algerlega annarrar skoðunar um það efni en hann virðist nú vera, þar sem hann hélt því mjög eindregið fram og lét mörg og stór orð um það falla, að gengisskráningarvaldið ætti að vera í höndum löggjafans, en það væri hættulegt og í því gæti falizt ögrun gagnvart verkalýðsstéttunum að færa gengisskráningarvaldið í hendur þjóðbankanum. Um það geta vissulega verið skiptar skoðanir. En hitt hef ég sagt, að ef gengisskráningarvaldið ætti á annað borð að vera hjá þjóðbankanum, þá þyrfti sá þjóðbanki að hafa sjálfstæðari stöðu en Seðlabanki Íslands nú hefur gagnvart ríkisstj. En það var vitaskuld algert öfugmæli hjá hv. 9. landsk., þegar hann var að reyna af litilli getu að sýna fram á það, að í 4. gr. seðlabankalaganna fælist eitthvert óskaplegt sjálfstæði fyrir Seðlabanka Íslands. Það er einmitt 4. gr. seðlabankalaganna, sem gerir það að verkum, að Seðlabanki Íslands er í reyndinni ekkert annað en afgreiðsluskrifstofa fyrir ríkisstj., og það er sú staða seðlabanka, sem ég álít að sé stórhættuleg. Ég veit, að menn hafa líka á þessu atriði mismunandi skoðanir. Það eru skoðanir sumra manna, að seðlabankar eða þjóðbankar eigi ekki að vera sjálfstæðir og eigi ekki að hafa neina sjálfstæða stefnu, heldur eigi þeir í einu og öllu að lúta þeirri ríkisstj., sem er á hverjum tíma, en það er skoðun, sem ég er algerlega andvígur. Ég álít, að það sé stórkostlega hættulegt, og ég held, að það sé stórkostlega hættulegt, ef gengisskráningarvaldið á svo líka að vera hjá þeirri stofnun, sem þannig er í einu og öllu undirseld vilja hæstv. ríkisstj. Þá álít ég, að hið pólitíska vald, sem er komið í hendur ríkisstj., sé allt of sterkt og allt of hættulegt, og þá álít ég, að vissulega geti farið að rætast þeir spádómar, sem formaður Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, svo spámannlega sagði fyrir 1950 í umr. um þessi mál þá og ég minntist lítillega á í ræðu minni síðast.

Hv. 9. landsk. gat sem sagt ekki, þrátt fyrir góðan vilja, sýnt fram á, að það hefði nokkra nauðsyn borið til að flytja valdið úr höndum Alþingis yfir í hendur Seðlabankans. Öll hans rök, ef rök skyldi kalla, beindust að því að reyna að sýna fram á, að það væri heppilegra frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að gengisskráningarvaldið væri í höndum Seðlabankans. En hann gat ekki sýnt fram á neina nauðsyn þess að ganga fram hjá Alþingi í þessu efni og meina því í raun og veru að taka ákvörðun um, hvort það vildi afsala sér því valdi í þessum efnum, sem það hefur farið með um mörg undanfarin ár.

Hv. þm. sagði, að það hefði af mörgum ástæðum verið nauðsynlegt að taka gengisskráningarvaldið af löggjafanum. Hvaða ástæður liggja því til grundvallar? Hvaða ástæður vill þessi hv. þm. færa fram fyrir því, að það hefði verið nauðsynlegt að taka þetta vald úr höndum Alþingis sjálfs? Ég verð að segja, að það er ákaflega einkennilegt að heyra þessu haldið fram, að það hafi verið nauðsynlegt að taka þetta vald úr höndum Alþingis án atbeina þess sjálfs.

Ég hefði satt að segja haldið, að staða Alþingis væri þannig í hugum a. m. k. alþingismanna, að það ætti sjálft að segja til um það, en ekki aðrir, hvaða vald það færi með og hvaða valdi það afsalaði sér í hendur annarra manna og annarra stofnana. Og ef það lágu svo margar og mikilvægar ástæður til þess að taka gengisskráningarvaldið af löggjafanum, sem hann hefur farið með um mörg undanfarin ár, án þess að það sé hægt að benda á nokkra sérstaka misfellu í meðferð þess valds hjá löggjafanum, að ég ætla, hvers vegna var þá ekki horfið að því ráði, þegar síðasta Alþingi fjallaði um seðlabankalöggjöfina, sem var heildarlöggjöf um seðlabanka og var sögð af stjórninni og stjórnarstuðningsmönnum alveg sérstaklega rækilega undirbúin löggjöf? Það var alveg fullt tilefni til þess að kveða skýrt á um þetta efni, vegna þess að í seðlabankalögunum var tekið fram, hver afskipti Seðlabankinn skyldi hafa af gengismálum, og ef ríkisstj. var þeirrar skoðunar þá, fjórum mánuðum áður en hún setti gengisskráningarlögin, eins og hv. 9. landsk. gaf í skyn, að ríkisstj. hefði í raun og veru þá verið þeirrar skoðunar, að gengisskráningarvaldið ætti að taka úr höndum Alþingis, hvers vegna lét hún þá ekki skoðun sína koma fram í sambandi við meðferð þess máls? Ég verð að segja það, að ég get ekki öðruvísi litið á en að þetta séu hinar furðulegustu getsakir í garð hæstv. ríkisstj., að hún hafi þá verið þeirrar skoðunar, að gengisskráningarvaldið ætti að flytja úr höndum Alþingis, eins og hv. þm. gaf í skyn, og að hún hafi í raun og veru þá þegar ætlað sér að gera þetta með brbl. Það er alveg furðulegt að bera ríkisstj. þeim sökum, að hún hafi leynt Alþingi þá þeim vilja sínum. En það var vissulega engin ástæða til þess að ætla þá, að ríkisstj. væri þeirrar skoðunar, að hún ætti að flytja þetta vald úr höndum Alþingis, því að það er skýrum stöfum skráð í aths. við 18. gr. frv. að seðlabankalögunum, sem hv. 9. landsk. getur flett upp á, að það skuli óbreytt skipun standa í þessum efnum, sem verið hafði að undanförnu. Og það var vissulega ekki ástæða til að tortryggja, að það væri meining ríkisstj., sérstaklega þegar menn höfðu í huga skoðanir og afstöðu hæstv. viðskmrh., sem jafnframt er bankamálaráðherra, sem hann hafði látið svo skýrt koma fram árið 1950, eins og drepið hefur verið á í umr. hér fyrr. Og það var allra sízt ástæða einmitt eftir þær umr. og þær yfirlýsingar, sem þá voru fluttar fram af hálfu formanns Alþfl., og það, sem þá var lýst yfir um stefnu Alþfl. í þeim málum, — það var sízt af öllu ástæða til þess að tortryggja Alþfl. í þeim efnum.

Þær tylliástæður, sem hv. þm. reyndi að bera fram fyrir því, að ríkisstj. hefði ekki treyst sér til þess að láta hug sinn allan koma fram í sambandi við meðferð seðlabankamálsins á síðasta þingi, voru vægast sagt mjög óviðeigandi í garð hæstv. ríkisstj. og sýndu reyndar ekki ýkjamikið traust hv. þm. á hæstv. ríkisstj. Hann taldi, að hún hefði látið slíkt undir höfuð leggjast vegna þess, að hún hefði verið hrædd um, að stjórnarandstaðan mundi misnota það, ef hún færi að láta vilja sinn í þessu efni koma fram í sambandi við meðferð seðlabankamálsins, — stjórnarandstaðan mundi nota til að ögra, eins og hv. 9. landsk. þm. orðaði það. Ég vil segja, að það er engu líkara en hann hafi lesið mjög nákvæmlega upp á síðkastið ræður formanns Alþfl. 1950 um gengisbreytingarlögin, sem þá voru til umr., því að þá var það einmitt skoðun formanns Alþfl., að það ákvæði, sem þá var í því frv. um, að gengisskráningarvaldið skyldi flutt til Landsbankans, en síðan var svo reyndar niður fellt úr því frv. — það var einmitt skoðun form. Alþfl. og reyndar líka hæstv. viðskmrh., að það ákvæði yrði skoðað sem ögrun gagnvart verkalýðnum og launastéttunum, sem hótun um það, að gengisskráningu og gengisbreytingu yrði veifað og til hennar yrði gripið, ef launastéttirnar reyndu að rétta hlut sinn.

Ég tel þetta í sjálfu sér ekki svaravert, að hæstv. ríkisstj. hafi haft það í huga, þrátt fyrir yfirlýsingar bæði beinar og óbeinar, þegar seðlabankafrv. var hér til umr., að taka gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis og flytja það yfir til Seðlabankans. En ef hv. þm. veit svona vel um hugarfar hæstv. ráðh., þá verð ég að segja, að mér þætti æskilegra, að þeir samt sem áður kæmu hér í ræðustólinn á eftir og staðfestu, að hv. þm. hefði hér farið með rétt mál, það hefði í raun og veru þrátt fyrir andstæðar yfirlýsingar verið þeirra ætlun á þeim tíma, sem seðlabankalögin voru hér tekin til meðferðar á s. l. vori, að færa gengisskráningarvaldið til. Ef þeir ekki gera það, ef hæstv. ráðh. vilja ekki koma hér í ræðustólinn og staðfesta mál hv. þm. um, að það hafi verið ætlun ríkisstj. s. l. vor að flytja gengisskráningarvaldið til, þá verð ég að líta svo á, að það sé marklaust hjal, sem hv. þm. var með um þetta efni.

Hv. þm. talaði um það æ ofan í æ, að það hefði verið nauðsynlegt að gera fyrirkomulagsbreytingu. Látum það vera. En þá fyrirkomulagsbreytingu átti að gera með eðlilegum hætti. Það átti að bera frv. um það efni upp á Alþingi og láta Alþingi og löggjafann sjálfan segja til um það, hvort hann vildi afsala sér þessu valdi eða ekki. Það var hlægileg firra og fjarstæða að hlusta á einn hv. þm. koma fram hér og segja, að það hefði ekki verið hægt að gera það, af því að það mundi hafa tekið svo langan tíma að fjalla um málið á Alþingi. Ég verð að segja, að svona ummæli lýsa mjög einkennilegum hugsunarhætti gagnvart þinglegum og lýðræðislegum vinnubrögðum, svo að ekki sé meira sagt. Og það var vissulega því miður til þess að undirstrika þann viðsjárverða hugsunarhátt, sem hv. þm. hélt áfram og fór að tala um það, að þegar menn væru að gera sér grein fyrir því, hvort nauðsyn hefði borið til útgáfu þessara brbl. eða ekki, þá yrðu menn að átta sig á því, að það væri ríkisstj., sem hefði valdið til að meta það, og hann sagði, hv. þm.: Það eru skoðanir ríkisstjórnarinnar, sem skipta hér máli. — Það er alveg sama, hvað stjórnarandstaðan

segir um þetta. Það eru skoðanir ríkisstj., sem ráða. Ég verð að segja, að mér finnst þessi hugsunarháttur næsta furðulegur. Það er kannske að hans dómi, þessa hv. þm., alveg sama, hve andkannalegan skilning og einkennilegar réttarhugmyndir einhver ráðh. hefði eða ríkisstj., það ætti alltaf að vera rétt það, sem hann segði um þetta efni. Þetta er auðvitað skilningur, sem er fjarri lagi. Auðvitað metur ríkisstj. það fyrst, þegar hún grípur til brbl., hvort brýna nauðsyn beri til þeirra, þó að það sé raunar annar aðili, sem eigi að gera það samkv. stjórnarskránni, en sjaldan er nefndur í þessu sambandi, en það er forseti Íslands, því að í hans nafni eru þó brbl. gefin út. En eins og ég sagði í minni frumræðu, hefur þeim stjórnarháttum verið fylgt hér, að forseti hefur orðið við tilmælum ríkisstj. um hvað eina. Þess vegna tók ég það skýrt fram, að ég beindi ekki neinni gagnrýni að forseta Íslands í þessu sambandi, en benti hins vegar á þá nauðsyn, sem á því væri, að hann hefði sér við hlið einhvern aðila, einhverja stofnun, sem hann gæti leitað til og fengið sérfræðilegt álit í ýmsum vafasömum tilfellum, þ. á m. í því tilfelli, þegar spurning væri um það, hvort hann ætti að ljá atbeina sinn til útgáfu brbl. En hvað sem um það er, hvort sem það er forseti eða ríkisstj., sem maður talar um í þessu sambandi, þá er það sá aðili, sem fyrst á að meta, hvort brýna nauðsyn beri til. En það er vissulega ekkert endanlegt mat, sem þar er um að ræða, því að bæði er það svo, að samkv. okkar stjórnskipunarháttum er almennt talið, að það megi bera undir dómstóla, hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrána eða ekki. En auk þess er það alveg sérstaklega skýrt tekið fram í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að það á að leggja brbl. hverju sinni fyrir næsta Alþingi á eftir, og þá er það auðvitað Alþingi, sem hefur endanlegt mat um það, hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu brbl. eða ekki. Og svo kemur hv. 9. landsk. þm. og segir, að það séu skoðanir ríkisstj., sem hér skipti einar máli. Nei, því fer fjarri. Það er Alþingi, sem er hér æðri aðili en ríkisstj. og hefur um þetta efni síðasta orðið.

Hitt var svo leiðinlegur misskilningur hjá hv. 9. landsk. þm., því að hann er lögfræðingur, og sá misskilningur kom reyndar að nokkru leyti fram í ummælum hæstv. bankamálaráðherra hér, þar sem hann var að tala um, að nú væri málið lagt í hendur Alþingis og það gæti gert í því það, sem því sýndist, rétt eins og það væri svo, að ef Alþingi synjaði nú þessum brbl. samþykkis, þá væri allt, sem gert hefði verið, ógert og allt væri aftur komið í sama horf. Það er auðvitað mikill misskilningur. Þó að Alþingi jafnvel felldi þessi brbl., þá veit auðvitað hv. 9. landsk. þm., að þessi brbl. mundu vera talin gilda þann tíma, sem þau hafa þó staðið að formi til í gildi, og að þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið samkv. þeim, mundu ekki verða ógildar af þeim sökum, þó að Alþingi annaðhvort felldi lögin eða léti undir höfuð leggjast að samþykkja þau.

Af sama toga var misskilningur hv. 9. landsk. þm. runninn um það, að það sæju nú reyndar allir, að þetta skraf okkar stjórnarandstæðinga um þetta efni væri ekki alvarlega takandi, því að vitaskuld mundi hafa verið leitað til dómstóla og fenginn dómsúrskurður um þetta efni, ef við hefðum virkilega trú á því, að þessu skilyrði fyrir útgáfu brbl. hefði ekki verið fullnægt. Það hefur enginn dregið í efa, að ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um gengið, eftir að þessi brbl. voru sett, væri formleg og lögmæt í alla staði. Þess vegna hefur vitaskuld engum lögfræðingi dottið í hug, að það væri hægt að hnekkja því út af fyrir sig. En þar með er auðvitað ekkert um það sagt, hvort fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, sem sett eru í stjórnarskránni fyrir útgáfu brbl. og ríkisstj. ber ábyrgð á að fullnægt sé. Það dettur auðvitað engum í hug að ásaka bankastjórn Seðlabankans fyrir að fara eftir þessum lögum, brbl., og breyta gengi í skjóli þeirra. Bankastjórnin var að sjálfsögðu í sínum fulla rétti með það. En það breytir ekki neinu um ábyrgð hæstv. ríkisstj. Brbl. sem slík gætu allt að einu verið í ósamræmi við stjórnarskrána, þ. e. a. s. verið gefin út án þess, að í 28. gr. stjórnarskrárinnar væri næg heimild til útgáfu þeirra.

Ég hef leyft mér að halda því fram, að setning þessara brbl., með því efni, sem þau hafa, væri algert einsdæmi, að það væri ekki hægt að benda á í sögu bráðabirgðalaga neitt tilfelli, þar sem það væri svo augljóst eins og í þessu tilfelli, að brbl. hefðu verið gefin út án þess, að nauðsyn hefði verið til að gefa þau út með því efni, sem þau höfðu. Og ég hef leyft mér að minnast á það, að hæstv. dómsmrh. mundi vera allra manna kunnugastur framkvæmd brbl., og ég hef sagt, að ef hann gæti ekki nefnt neitt dæmi, sem þessu væri áþekkt, þá væri óhætt að ganga út frá því, að þetta væri rétt. Og hæstv. dómsmrh. hefur ekki komið hér, og hann hefur ekki reynt að nefna dæmi, sem þessu væri hliðstætt. En hv. 9. landsk. kom hér áðan og nefndi dæmi, að vísu aðeins eitt dæmi, um útgáfu brbl., sem hann taldi víst eitthvað áþekkt því tilfelli, sem hér er um að tefla. Aðeins ein brbl,, kannske tvenn, gat hann nefnt. Og um hvað voru þessi brbl.? Þau voru um smávægilega breytingu á útsvarslögum. Það hefur auðvitað enginn maður haldið því fram, að það mætti ekki breyta lögum með brbl. Það er auðvitað fullheimilt, ef þörf krefur, og það alveg jafnt, hvort sem þau lagaákvæði, sem þar er um að tefla og breytt er, eru búin að standa lengur eða skemur. Þess eru dæmi, og ég mundi geta nefnt fleiri tilfelli af brbl., þar sem breytt hefur verið gömlum lagaákvæðum. En þetta að breyta með brbl. smávægilegum atriðum í útsvarslögum leggur hv. 9. landsk. að jöfnu við það að taka án atbeina Alþingis sjálfs gengisskráningarvaldið úr þess höndum, mjög þýðingarmikið og viðkvæmt pólitískt vald, sem má beita þannig, það leggur hann að jöfnu. Ég skora á hv. 9. landsk. að nefna mér dæmi um brbl., þar sem Alþingi hafi verið svipt valdi með hliðstæðum hætti og gert var með brbl. um gengisskráningarvaldið frá s. l. sumri.

Þrátt fyrir það, þó að ég meti mikils þann dugnað hjá hv. 9. landsk. að bregðast ekki sínum stjórnarherrum og reyna að bregða skildi fyrir þá, þegar honum þykir þeir ekki standa í stöðu sinni sem skyldi, þá verð ég nú að segja, að ég dreg í efa, að hann eða ríkisstj. standi nokkuð betur að vígi eftir innlegg hans í málið, því að hv. 9. landsk. hefur ekki getað hrakið neitt af því, sem ég hef sagt í þessu máli. Hann hefur ekki getað sýnt fram á, að það hafi borið nauðsyn til þess, hvað þá brýna nauðsyn, að flytja gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur Seðlabankans. Hann hefur ekki getað sýnt fram á, að það væri nein brýn nauðsyn á því, að bráðabirgðalöggjafinn svipti Alþingi, sem er sett yfir bráðabirgðalöggjafann, þessu valdi. Og hann hefur ekki getað fært neinar frambærilegar afsakanir fyrir því, að þetta skyldi vera gert fjórum mánuðum eftir að Alþingi hafði einmitt undirstrikað skýrlega vilja sinn um það, að í þessum efnum skyldi óbreytt skipan standa. Það er því ekki að mínum dómi neinum blöðum um það að fletta, að við útgáfu þessara brbl. og með því efni, sem þau höfðu, var ekki fyrir hendi skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar. Hitt er annað mál, ef ríkisstj. hefði í stað þess að fara þá leið, sem hún fór, valið þann kost að fella sjálf gengið, breyta því, þá hefði að vísu verið lengi hægt um það að deila, hvort brýna nauðsyn hefði borið til sjálfrar gengisfellingarinnar eða ekki. Við stjórnarandstæðingar hefðum haldið því fram, eins og við höfum haldið fram, að það hafi ekki verið nein raunveruleg ástæða til gengisfellingarinnar. Það hefði verið deilt um það þá. En eins og staðreyndirnar liggja fyrir, hefði hins vegar ekki verið hægt að deila um það, að það var raunverulega aldrei nein efnisleg nauðsyn á því að fella gengi íslenzku krónunnar. Þegar það liggur fyrir, að aflamagn útgerðarinnar var rúmlega 23% meira 1961 en það var 1960, þegar það liggur fyrir, að heildarframleiðsluverðmæti sjávaraflans 1961 var rúmlega 14% meira 1961 en 1960, og þegar það liggur fyrir og skrifað skýrum stöfum í skýrslu Seðlabankans, að verðmæti á útflutningsafurðum hafi yfirleitt farið hækkandi á árinu 1961, þá dettur auðvitað engum heilvita manni lengur í hug að halda því fram, að gengisfellingin hafi verið nauðsynleg, enda er það sannanlegt út frá því, sem sagt var um hana s. l. sumar af hálfu ríkisstj. og kom fram í þeirri grg., sem hún birti, að hún byggði á allt öðrum forsendum en þeim, sem nú liggja fyrir í þessu efni. Það má e. t. v. segja, að það hafi verið afsakanlegur misskilningur og afsakanleg mistök, sem þar áttu sér stað hjá ríkisstj., en það liggur fyrir, að hún gerði ráð fyrir því, að aflamagnið og þar af leiðandi aflaverðmætið yrði mun minna árið 1961 en 1960. Og það var á þeirri skoðun, geri ég ráð fyrir, sem hún byggði sína ákvörðun um gengisbreytinguna, um gengislækkunina. En nú verður ekki um það deilt, að þessi trú hæstv. ríkisstj. reyndist röng. Það liggur fyrir, að niðurstaðan er á allt aðra lund, og þess vegna mun fara svo, að hæstv. ríkisstj. mun hér eftir reynast algerlega ógerlegt að koma landsmönnum í skilning um, að það hafi nokkra nauðsyn borið til þess að leggja á þær þungu byrðar, sem gengislækkuninni voru samfara, þegar það liggur fyrir, að árið 1961 var metaflaár í íslenzkri sögu. En þetta er annað mál, sem verður betur rætt en hitt, sem aðallega hefur verið talað um hér af minni hálfu og hv. 9. landsk., hvort brbl. og útgáfa þeirra hafi verið í samræmi við stjórnarskrána eða ekki.

Hvað sem því líður og hvað sem menn segja um þá efnislegu þörf á gengislækkun, þá verður aldrei um það deilt að minni hyggju, að brbl. voru gefin út án þess, að það væri næg ástæða í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Ég vil ekki leggja það út á hinn versta veg fyrir hæstv. ríkisstj. Ég álít, að það hafi verið slys hjá hæstv. ríkisstj., að svo tókst til, að brbl. voru þannig úr garði gerð, sem raun ber vitni. Ég hef haldið, að það hafi einfaldlega stafað af því, að um það mál hafi ekki neinir lögfræðingar fjallað. Ég hef t. d. ekki látið mér það til hugar koma, að hv. 9. landsk. hafi komið þar nálægt og borið ábyrgð að nokkru leyti á því, af því að ég fæ ekki skilið, að nokkur lögfræðingur mundi hafa ráðlagt að gefa brbl. út með því efni, sem þau höfðu, eins og raun ber vitni um. Og ég hef því viljað líta svo á, að ástæðan til þess, að svo fór sem fór, hafi verið sú, að það hafi verið gengið fram hjá lögfræðingunum í þessu efni og ekki þeirra ráða leitað sem skyldi. En þó að það fari nú svo, að þessi brbl. fái sína staðfestingu hér, og þó að hæstv. ríkisstj. fái þar að vissu leyti visst aflát synda sinna í þessu efni, er ég alveg viss um, að þessi brbl. verða um langan aldur sígilt dæmi brbl., sem verða talin útgefin án þess, að næg heimild hafi verið til þess í stjórnarskránni. Það má kannske segja, að það verði ekki nema lítið lauf í þeim mistakasveig, sem að lokum verður lagður á leiði núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. nema lítið eitt. En það hafa fáein atriði komið fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem virðist ástæða til að fara um nokkrum orðum.

Ég ætla ekki að ræða meir það atriði, hvort um stjórnarskrárbrot hafi verið að ræða, þegar brbl. voru gefin út 1. ágúst s. l. Af hálfu ríkisstj. og af hálfu stjórnarandstæðinga hafa skoðanir um þetta efni komið glöggt fram, og er í sjálfu sér engu við það að bæta. Það er aðeins sú athugasemd hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), þau ummæli hans, að engir lögfræðingar hefðu verið látnir um útgáfu brbl. fjalla, sem gefa mér tilefni til að láta þess getið, sem raunar öllum hv. þdm. er kunnara en frá þurfi að segja, að í ríkisstj. eiga sæti þrír lögfræðingar og tveir þeirra meira að segja fyrrv. prófessorar í stjórnlagafræði, fyrirrennarar hans í því embætti, sem hann nú gegnir. Þeir voru báðir sannfærðir um, að útgáfa brbl. væri í fullkomnu samræmi við stjórnarskrána. Og að hv. 3. þm. Norðurl. v. algerlega ólöstuðum, ber ég engu minni tiltrú til lögfræðiþekkingar Bjarna Benediktssonar og Gunnars Thoroddsens og Guðmundar Í. Guðmundssonar heldur en lögfræðiþekkingar hans sjálfs og tel

mig því í fullum rétti að taka ekki minna mark á orðum og ummælum þeirra og skoðunum þeirra en þeim skoðunum, sem hann hefur gert sig að talsmanni fyrir hér í þessari hv. deild. En þetta var raunar aukaatriði.

Það, sem fyrst og fremst gaf mér tilefni til að standa upp, var, að hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) gerði mikið úr því í ræðu, sem hann flutti um þetta mál í gær, að ég hefði á þinginu 1950 mælt fastlega gegn því, að gengisákvörðunarvaldið væri flutt úr höndum Alþingis í hendur Landsbanka Íslands. Og það er rétt, ég talaði gegn því þá og er enn þeirrar skoðunar, að þá hefði verið rangt að flytja gengisákvörðunarvaldið úr höndum Alþingis í hendur Landsbanka Íslands. En þá spyr hv. þm., og svo hafa fleiri spurt: Hvernig getur það þá nú verið orðin skoðun mín, að eðlilegt hafi verið á þessu ári að flytja gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis í hendur Seðlabanka Íslands? Á þessu er ofur einföld og augljós skýring. Árið 1950 höfðu Íslendingar engan seðlabanka, þeir höfðu engan seðlabanka og hafa ekki haft seðlabanka fyrr en nú á síðasta vori. Höfuðástæðan fyrir því, að rangt var 1950 að flytja gengisákvörðunarvaldið frá Alþingi, var sú, að sá aðili, sem til greina kom að fengi valdið, var stærsti viðskiptabanki þjóðarinnar, Landsbanki Íslands. Þó að hann hafi að vísu haft seðlaútgáfurétt, var hann fyrst og fremst viðskiptabanki og langstærsti viðskiptabanki þjóðarinnar. Ég þekki ekkert, bókstaflega ekkert dæmi þess úr nokkru landi og er þess næstum fullviss, að slíkt dæmi fyrirfinnst ekki, að viðskiptabanka sé falið að fara með gengisskráningarvaldið. Í nálægum löndum, Evrópu og Ameríku, eru a. m. k. áreiðanlega engin dæmi um slíkt. Þeir menn, sem stjórna viðskiptabanka, eru ekki til þess fallnir að fara með slíkt vald sem það að skrá gengi gjaldeyris þjóðarinnar. Það voru því ekki skilyrði til þess, að Alþingi afsalaði sér þessu valdi, fyrr en seðlabanka hafði verið komið á fót, en það var gert á s. l. vori, og eftir að Seðlabankanum hafði verið komið á fót, var fullkomlega eðlilegt og í samræmi við það, sem á sér stað í flestum nálægum löndum, að þessum nýja seðlabanka yrði falið gengisákvörðunarvaldið.

Þá mætti spyrja, eins og raunar hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson prófessor, spurði í ræðu sinni: Hvers vegna var Seðlabankanum þá ekki fengið gengisskráningarvaldið, þegar hin nýju lög voru sett? Þetta er mjög eðlileg spurning, sem sjálfsagt er að svara með nokkrum orðum.

Þetta var mikið rætt í ríkisstj. og af hálfu þeirra sérfræðinga, sem undirbjuggu hina nýju seðlabankalöggjöf um næstsíðastliðin áramót. Vorum við í ríkisstj. og allir sérfræðingarnir, sem um málið fjölluðu, á einu máli um, að í sjálfu sér væri eðlilegast, að Seðlabankinn, þegar honum væri komið á fót, fengi jafnframt gengisskráningarvaldið. Og sérfræðingarnir mæltu mjög eindregið með því, að lögin yrðu höfð á þann veg. Engu að síður varð það niðurstaða í ríkisstj. að gera þetta ekki, og til þess lágu tvenn rök fyrst og fremst.

Í fyrsta lagi taldi ríkisstj., að það að hafa ákvæði um gengisskráningarvald Seðlabankans í þessum lögum kynni að gefa hugmyndum byr undir vængi, að í vændum væri einhver breyting á gengi krónunnar. Gengi krónunnar hafði verið breytt í febrúar árið áður eða um það bil 12 mánuðum áður en seðlabankalögin voru til meðferðar hér á hinu háa Alþingi. Það er mjög nauðsynlegt, að gengi gjaldeyris sé breytt sem allra sjaldnast, og það á ekki að gera, nema brýnustu nauðsyn beri til, og það er mjög mikilsvert, að traust sé á gjaldeyrinum, að menn bæði innanlands og utan treysti því, að gengi gjaldeyrisins sé stöðugt. Þess vegna ber að forðast allt, sem getur gefið hugmyndum um, að gengisbreyting kunni að vera yfirvofandi, byr undir báða vængi. Þetta er stefna, sem allar ríkisstjórnir fylgja og allir seðlabankar fylgja undantekningarlaust, að forðast allt það, sem getur vakið umtal um óstöðugleika gjaldeyrisins, og það þykir sjálfsögð regla í peninga- og gjaldeyrispólitík að forðast allt slíkt og kveða niður orðróm, sem upp kann að koma af einhverjum ástæðum. En á því er lítill vafi, að ef í hinu nýja seðlabankafrv. hefði verið ákvæði um, að Seðlabankinn skyldi fara með gengisskráningarvaldið, hefði þetta leitt til endalausra getgátna hér í Alþingi og af hálfu stjórnarandstöðunnar um, hvort í vændum væri einhver breyting á gengi krónunnar, sem ekki var, vegna þess að þá hafði ekkert það gerzt, sem gerði gengisbreytingu að knýjandi nauðsyn. Og það er mjög hætt við því, að það hefði einu gilt, hversu ákveðið ríkisstj. hefði neitað því, að nokkur gengisbreyting væri fyrirhuguð. Það hefði verið spurt: Hvers vegna er þá verið að gera breytingu á því, hvernig tilhögun á gengisskráningunni er, hvað ástæða er til þess? Þetta hefði gefið bollaleggingum hér innanlands og utan byr undir báða vængi og hefði getað skaðað álit þjóðarinnar út á við og lánstraust hennar mjög verulega og getað haft veikjandi áhrif á það traust, sem var að skapast innanlands mjög óðfluga á gengi krónunnar og gengi gjaldmiðilsins. Þess vegna vildum við ekki gefa tilefni til slíks, og það var ástæðan til, að þessi ákvæði voru ekki höfð í frv., en ekki hin, að ríkisstj. og hennar sérfræðingar væru ekki á einu máli, að fyrst við hefðum fengið seðlabanka, væri gengisskráningarvaldið bezt komið hjá honum, að vísu þó þannig, að samþykki ríkisstj. þyrfti til að breyta genginu.

Seinni ástæðan var svo sú, sem hv. 9. landsk. gat um í sinni ræðu áðan, að nokkur orðrómur var kominn á kreik um það, að verkalýðsfélög hygðust segja upp kaupgjaldssamningum. Það er enginn vafi á því, að verkalýðsfélögin hefðu talið, að að sér væri kastað stríðshanzka, ef gengisákvörðunarvaldið hefði verið flutt úr höndum Alþingis til Seðlabankans, og þá sérstaklega með hliðsjón af umr., sem um þetta höfðu farið fram árið 1950, og með tilliti til þeirra eindregnu óska, sem verkalýðshreyfingin lét þá í ljós um, að gengisskráningarvaldið yrði ekki flutt. Ríkisstj. vildi líka forðast, að hægt væri að segja um ráðstafanir hennar, að þær hefðu að einhverju leyti orðið tilefni til þess, að verkalýðsfélögin segðu upp kaupgjaldssamningum sínum.

Þetta voru ástæðurnar fyrir því, að seðlabankafrv. var haft eins og það í raun og veru var og var afgreitt eins og það var. Þriðju ástæðu get ég enn fremur nefnt.

Það var vitað um mjög harða andstöðu a. m. k. annars stjórnarandstöðuflokksins gegn því að hafa slíkt ákvæði í frv., en einmitt sá flokkur, þ. e. þingflokkur Alþb., studdi seðlabankafrv. við afgreiðslu málsins í báðum deildum. Það var von ríkisstj., að þetta frv. gæti gengið gegnum Alþingi með stuðningi allra þingflokka. Framsfl. reyndist að vísu ekki vilja styðja það, en Alþb. studdi frv. Það var fyrir fram vitað, að ef slíkt ákvæði hefði verið í frv., hefði Alþb. ekki viljað styðja það. Einnig þetta hafði sitt að segja við þá ákvörðun, að þetta mikla deiluefni var ekki haft í seðlabankafrv. Ég skal líka segja það alveg hreinskilnislega, að ég átti von á því eða hafði leyft mér að vænta þess, að Framsfl. mundi einnig styðja seðlabankafrv. Mér var kunnugt um stuðning Alþb., áður en frv. var lagt fram, en mér urðu það vonbrigði, að Framsfl. skyldi ekki vilja styðja það. En um það tjáir ekki að sakast, enda útrætt mál.

Þá var það eitt atriði í síðustu ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann sagði, að reynslan hafi leitt í ljós, afkoma ársins 1961 hafi leitt í ljós, að gengislækkunin hafi verið óþörf. Og rökin, sem hann vitnaði til í því sambandi, voru þau, að það hefði komið í ljós í byrjun þessa árs, að afkoma ársins 1961 hafi verið miklu betri en ríkisstj. gerði ráð fyrir, um það leyti sem Seðlabankinn og hún tóku ákvörðun um gengislækkunina. Það er rétt, að við í ríkisstj. þorðum ekki að gera okkur von um jafngóða afkomu ársins 1961 og raun hefur á orðið. Þegar ég lagði þetta frv. fyrir hv. Nd. í upphafi þings, gerði ég grein fyrir áætlunum um afkomu ársins 1961, miðað við það, að afli og ýmis önnur atriði yrðu svipuð á þeim mánuðum, sem eftir voru ársins, eins og hann hafði orðið á árinu 1960. Reynslan varð, sem betur fer, önnur. Afkoman varð mun betri, fyrst og fremst eða nær eingöngu vegna hinnar miklu og góðu vetrarsíldveiði. En til þess getur auðvitað enginn ætlazt af mér eða nokkrum öðrum, hvorki stjórnmálamönnum né embættismönnum, að við gætum séð fyrir þá miklu og óvæntu og alveg óvenjulegu vetrarsíldveiði, sem átti sér stað á síðustu mánuðum ársins. En það er fyrst og fremst hún, sem hefur breytt myndinni svo mjög, að í stað þess, að ýmis rök bentu til, að verðmæti sjávarafla mundi á árinu 1961 verða nokkru minna en hafði verið 1960, hefur það nú reynzt nokkru meira, og ber að sjálfsögðu að fagna því.

Hitt er alger misskilningur, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að sú aukning sjávarafla, sem varð á árinu 1961, hafi verið svo mikil, að gengisbreytingin hafi þess vegna verið óþörf. Hann gat þess, að sjávaraflinn hafi aukizt um 14—15%, miðað við árið 1960, og þetta er rétt. En dettur nokkrum manni í hug, að 14—15% aukning sjávaraflans geri kleift að standa undir 14—15% almennri kauphækkun í landinu yfir höfuð að tala? Þó að úr sjávarútvegi komi um 90% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar, er sjávarútvegurinn miklu minni hluti af heildarframleiðsluverðmæti þjóðarinnar og varla meira en fjórðungur af heildarframleiðsluverðmætinu, — milli fjórðungur og þriðjungur. Það gefur auga leið, að þó að sjávarútvegurinn og framleiðsluverðmæti hans, sem er milli fjórðungs og þriðjungs af heildarframleiðsluverðmæti þjóðarinnar, vaxi um 14—15%, gerir það atvinnuvegunum í heild ekki kleift að standa undir 14—15% kaupgjaldsaukningu, eins og hinir nýju kjarasamningar höfðu í för með sér. Þetta ætti að vera alveg augljós staðreynd hverjum, sem um hana vill hugsa af sanngirni og skynsemi.

Að síðustu var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj), sem ég vildi nefna. Hann sagði, að algerlega rangt hefði verið af mér að láta þess getið í sambandi við nauðsyn gengisbreytingarinnar á s. l. ári, að tekjur launþega í þjóðarbúskapnum hefðu aukizt um 300 millj. kr. vegna flutnings úr verr launuðum stöðum í betur launaðar stöður til viðbótar þeim 500 millj. kr. tekjuauka, sem leiddi af kaupgjaldssamningunum á s. l. sumri, og spurði í þessu sambandi, hvort okkur dytti virkilega í hug, að alltaf ætti að lækka gengið, þótt fólkinu fjölgaði. Svipaður misskilningur á þessum tölum kom fram í hv. Nd., og leiðrétti ég hann þar, svo að ég er hissa að sjá þennan grundvallarmisskilning ganga aftur hér í hv. Ed. Ég man ekki betur en að frá orðaskiptum um þessi efni milli okkar hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hafi verið skýrt í blöðum. Það er alger misskilningur, að þessi 300 millj. kr. tekjuauki, sem ég gat um að sigldi á heilu ári í kjölfar flutnings fólks úr verr launuðum stöðum í betur launaðar stöður, standi í einhverju sambandi við fólksfjölgunina. Hann er því máli algerlega óskyldur. Tekjuauki vegna fólksfjölgunar gengur alls ekki inn í þessa tölu, heldur er hér um að ræða eingöngu tekjuauka, kjarabætur, sem vinnandi fólk hefur fengið, vegna þess að það flyzt á milli starfa, og slík breyting er alltaf að eiga sér stað. Og það ber ríka nauðsyn til að undirstrika, að slíkar kjarabætur eru sem betur fer alltaf að eiga sér stað ár frá ári, þó að taxtakaup sé óbreytt, af því að fólk flyzt úr störfum, þar sem taxtar eru lægri, í störf, þar sem taxtar eru hærri. Þetta er þjóðfélagsþróun, sem hefur verið að eiga sér stað hér á landi og í öllum iðnaðarlöndum, öllum löndum, þar sem iðnaður og úrvinnsla skiptir vaxandi máli, sem leiðir glögglega í ljós, að kjarabætur geta átt sér stað og eiga sér stað í ýmsu öðru formi en með beinni breytingu á taxtakaupi. Þetta er ekkert einsdæmi fyrir Ísland. Með þessu móti gerast kjarabreytingar jafnvel fyrst og fremst hjá flestum okkar nágrannaþjóðum. En þess vegna er sjálfsagt að geta um þetta, að til viðbótar þessari 300 millj. kr. tekjuaukningu kom nú vegna hinna nýju kjarasamninga 500 millj. kr. tekjuaukning. Mér hefur ekki annað komið til hugar en hægt væri að standa undir þessari 300 millj. kr. tekjuaukningu, enda er það atriði, sem atvinnuvegirnir sjálfir semja um við sína launþega og gerist ekki með heildarsamningum við launþegana, heldur semur atvinnurekandi við hvern einstakan launþega. Og það er engin ástæða að ætla annað en atvinnuvegirnir geti

með eðlilegum hætti staðið undir þessum kjarabótum, þessari kaupgjaldsaukningu, sem þeir semja um af fúsum og frjálsum vilja. En einmitt vegna þess, að um slíka kaupmáttaraukningu er að ræða, einmitt vegna þess, að um slíka kjarabót er að ræða, sem er raunveruleg kjarabót og veldur ekki verðhækkun og veldur ekki verðbólgu, hlaut það að stefna gjaldgetu atvinnuveganna inn á við og út á við í algeran voða, þegar við þessar 300 millj. bættust 500 millj. samkv. hinum nýju kjarasamningum. Það er einmitt þessi staðreynd, sem gerði það að verkum, að kaupmáttaraukningin var svo mikil, að gersamlega var ógerlegt fyrir atvinnuvegina að standa undir þessu, án þess að kæmi til hallarekstrar og jafnvel atvinnuleysis innanlands og nýs greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Ef slík kaupmáttaraukning vegna flutnings á milli starfa ætti sér ekki stað, hefði geta atvinnuveganna verið meiri til að standa undir hinum nýju kjarasamningum. En einmitt vegna þess, að þessi útgjaldaauki og tekjuaukning á sér stað og hefur sannarlega átt sér stað undanfarin ár og numið um 200—300 millj. kr. á ári, þeim mun minni var geta atvinnuveganna, því miður, til að standa undir útgjaldaaukanum, sem hinir nýju kjarasamningar höfðu í för með sér. Það er því á algerum misskilningi byggt, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að tölurnar um tekjuauka vegna flutnings á milli starfa séu óviðkomandi því dæmi eða því vandamáli, sem ég hafði bent sérstaklega á, eða þeim atriðum, sem ég hafði bent sérstaklega á sem meginsönnun fyrir því, að nauðsyn hafi verið á gengisbreytingunni í ágústbyrjun 1961.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) gerði mikið úr því í sinni ræðu, að með þessum brbl. væri verið að svipta Alþingi gengisskráningarvaldinu, og hann taldi, að fyrir slíkum aðgerðum væri ekkert fordæmi í brbl., hversu vel sem leitað væri. Það er út af fyrir sig rétt, að frumkvæðið að breyttri gengisskráningu fer í hendur seðlabankastjórnar og það er ekki lengur beinlínis í höndum Alþingis. Hinu mega menn þó ekki gleyma, að seðlabankastjórnin hefur í þessum efnum þegið vald sitt frá Alþingi, þannig að við getum sagt, að raunverulega sé Alþingi alltaf valdhafinn. Það byggist m. a. á því, að ég man ekki betur en bankaráð Seðlabankans sé kosið hér af Alþingi, en þetta bankaráð velur síðan bankastjórnina. Í öðru lagi getur Seðlabankinn ekki breytt genginu, nema ríkisstj. samþykki, en ríkisstj. verður að styðjast við meiri hl. Alþingis. Og svo getur Alþingi auðvitað alltaf, hvenær sem það telur sér henta, tekið þetta vald af Seðlabankanum, látið einhverja aðra stofnun hafa það eða tekið það beinlínis í sínar hendur, eins og það áður var.

Nú var það að vísu svo, að ég hafði lítinn tíma í hádeginu í dag til að rannsaka brbl. Ég fletti aðeins upp í tveimur Stjórnartíðindum, frá 1956 og 1957, og þá fann ég strax í þeim báðum, eins og ég gat um í minni ræðu, dæmi upp á það, að brbl. hefðu verið sett, þar sem var alveg augljóslega minni nauðsyn á setningu laganna en á setningu þeirra laga, sem við erum að ræða um hér. En vegna tilmæla frá hv. þm. vil ég aðeins nefna hér eitt dæmi, og það er bátagjaldeyriskerfið, sem sett var á stofn 1951, held ég að það hafi verið, frekar en 1952. Þetta bátagjaldeyriskerfi þýddi í raun og veru gengisbreytingu á þeim vörum, sem inn gátu verið fluttar samkv. því eða samkv. leyfum í samræmi við það kerfi. Þetta bátagjaldeyriskerfi var þess vegna að nokkru leyti gengisbreyting. En þetta kerfi var tekið upp án þess, að nokkur lagaheimild væri til þess frá Alþingi, og það var ekki einu sinni svo vel — (**ÓlJ:** Hvar var Landsbanka Íslands falið að ákveða það bátagjaldeyriskerfi?) Landsbanka Íslands? (**ÓlJ:** Já). Nei, ég var ekki alveg búinn að segja frá þessu til botns Það var einmitt það, sem vantaði. Það var ekki einu sinni haft svo mikið við þarna, þegar Framsfl. stjórnaði, að gefa út brbl. Sem sagt, gengisskráningarvaldið var tekið af Alþingi, ekki einu sinni með brbl., heldur algerlega heimildarlaust, og það var það, sem ég ætlaði að segja frá, og á því er reyndar mikill munur. Það var ekki einu sinni svo vel, að þeir gæfu út brbl. (**ÓlJ:** Þá snertir það ekki brbl. — **Forseti:** Ekki samtal.) Það snertir það, á hvern hátt gengisskráningarvaldið hafi verið skert eða hafi verið tekið af Alþingi. Það snertir það atriði.

Um það, hvort brýn nauðsyn hafi verið fyrir hendi, þegar þessi lög voru gefin út, eða ekki, má í sjálfu sér endalaust deila. Mér dettur ekki í hug, að ég geti nokkurn tíma sannfært hv. 3. þm. Norðurl. v. um, að þarna hafi brýn nauðsyn verið fyrir hendi. Yfirleitt er það svo við afgreiðslu mála á þingi, — þá er ég að tala um önnur mál en afgreiðslu brbl., þ. e. almenna lagasetningu eða þál. eða ýmislegt annað, — þá er það yfirleitt svo, að um það, sem þessi ríkisstj. telur mjög nauðsynlegt og mikilvægt, hafa hv. stjórnarandstæðingar allt aðrar skoðanir, og það er ekkert við því að segja. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi hv. þm. vilji halda því fram, að þegar brbl. eru sett, sé setning þeirra því aðeins gild, að stjórnarandstaðan sé á þeirri skoðun, að brýna nauðsyn hafi borið til. Þvert á móti mundi það yfirleitt oftast vera reglan, að stjórnarandstaðan væri á allt annarri skoðun, alveg eins og með aðra almenna lagasetningu.

Þá var þessi hv. þm. líka að tala um, að það væri fordæmanlegt, að ég skyldi minnast á, að það tæki langan tíma hér á Alþingi að afgreiða gengismál og gengisbreytingar. Í raun og veru vil ég meina, að þessi hv. þm. hafi þarna verið að snúa út úr mínum orðum. Ég tel það í sjálfu sér eðlilegt, að þegar mikilvæg mál koma til kasta Alþingis, eins og gengisbreytingar og annað slíkt, þá taki það langan tíma og það þurfi að ræða þau mál vel og kanna þau vel. Það var hitt, sem ég meinti, að gengisbreyting er þess eðlis, að það þarf að framkvæma hana án fyrirvara, vegna þess að það eru ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, sem geta, ef þeir vita með löngum fyrirvara um, að gengisbreyting sé í aðsigi, gert ýmiss konar fjármálaráðstafanir og tileinkað sér þannig óheiðarlegan og illa fenginn gróða, enda er þetta yfirleitt ekki gert með erlendum þjóðum og nágrönnum okkar, að

menn viti þar um yfirvofandi gengisbreytingar mörgum vikum áður en þær skella á. Gengisbreyting er þess vegna þess eðlis, að það er ekki heppilegt, að hún sé afgreidd á Alþingi.

Þessi hv. þm. og annar, sem greip nú reyndar fram í fyrir mér, sögðu, að Alþingi væri ríkisstjórninni æðra í sambandi við setningu brbl. Þetta má til sanns vegar færa að vissu marki. Ég lít þannig á, að útgáfa brbl. geti verið að lögum bæði gild og ógild, hvaða afstöðu sem Alþingi kann að taka til hennar á eftir. Við skulum segja, að það er enginn vafi á því, að brbl. geta verið fullkomlega gild samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar, þannig að það hafi borið brýna nauðsyn til þess að gefa þau út, þó að Alþingi felli lögin á eftir. Ég hygg, að það séu ekki skiptar skoðanir um það. Á sama hátt geta brbl., þótt að vísu hafi aldrei reynt á það fyrir dómstólum, — brbl., sem gefin væru út, án þess að brýna nauðsyn bæri til, geta verið ógild, þó að Alþingi staðfesti þau á eftir. En þá eru að vísu lögin gild frá þeim tíma, að Alþingi staðfestir þau, en ég skil ekki annað en þau séu ógild frá þeim tíma, sem þau voru gefin út, og þangað til staðfesting Alþingis kemur. Og það er einmitt þetta, sem mér skildist að hv. 3. þm. Norðurl. v. væri að reyna að skjóta sér á bak við, að af því að hann reiknar með því, að þessi brbl. verði staðfest á Alþingi, þá sé Alþingi eiginlega búið að gefa hinum brotlegu ráðherrum, sem hafa gefið þessi lög út, eins konar syndakvittun og að lögin, skilst mér þá, að hans dómi fái þannig fullt gildi aftur fyrir sig, og af þeim ástæðum sé líklega að hans dómi erfitt að fara með þetta fyrir dómstólana og láta þá skera úr um þetta.

Hann sagði líka, að ákvörðun seðlabankastjórnarinnar væri lögleg, seðlabankastjórnin hefði ekkert af sér brotið. Það er að vísu rétt, að seðlabankastjórnin hefur ekkert af sér brotið. Hún hefur byggt á þeim brbl., sem henni voru fengin upp í hendur. En ef brbl. voru brot á stjórnarskránni, þá er ekki hægt að byggja stjórnarathöfn á lögum, sem eru brot á stjórnarskránni og eru þar af leiðandi lögleysa. Þess vegna hlýtur það að vera, að ef þessi brbl. eru brot á stjórnarskránni, þá eru þau ógild frá þeim tíma, sem þau voru sett, og þá þangað til Alþingi staðfesti þau eða felldi þau, — þá eru þau ógild, og þá er það verð, sem þjóðin hefur orðið að borga fyrir gjaldeyrinn á þessum tíma, ef þetta væri rétt, of mikið, þá er það rangt verð. Og það er einmitt þetta, sem ég tel sýna, hve litla trú hv. stjórnarandstæðingar hafa á sínum málstað, að þeir klifa sífellt á því, að þessi útgáfa brbl. sé brot á stjórnarskránni og þar af leiðandi lögleysa, og þá hljóta þær gengisákvarðanir, sem byggðar eru á þeim lögum, að sjálfsögðu að vera lögleysa um leið. Þeir eru alltaf að klifa á þessu, en þeir hafa ekki kjark í sér eða undir niðri treysta þeir ekki svo mjög á sinn málstað, að þeir þori að láta þetta fara til dómstólanna og bera þetta upp. Ég tel mig að vísu ekki geta gefið hv. 3. þm. Norðurl. v. nein ráð í þeim efnum. Hann er að sjálfsögðu, eins og allir vita, lagaprófessor og miklu lærðari maður í lögum en ég. En mér sýnist þó, að þetta gæti borið að með ákaflega einföldum hætti. Við skulum segja, að einhver framsóknarmaður færi niður í Landsbankann og keypti gjaldeyri og hann væri látinn borga þar 43 kr. fyrir dollarann. Hann borgaði náttúrlega upphæðina, en borgaði með fyrirvara um það, að hann teldi sig eiga rétt á að endurheimta þarna 5 kr. fyrir hvern dollara, af því að þetta söluverð væri rangt, það byggðist á lögum, sem væru brot á stjórnarskránni og væru þar af leiðandi engin lög. Síðan, þegar hann væri búinn að borga þetta með þessum fyrirvara, gæti þessi maður væntanlega farið í mál við bankann og krafizt þess, að þessi 5 kr. mismunur á dollaranum yrði sér endurgreiddur. Þar með hlytu dómstólarnir að geta skorið úr því, hvort þessi brbl. væru brot á stjórnarskránni eða ekki. Og þarna hefur auðvitað fjöldi manna í þjóðfélaginu stórkostlegra hagsmuna að gæta, að vita, hvort þeir hafi borgað gjaldeyrinn of háu verði eða ekki. En einmitt það, að enginn skuli hafa farið þessa leið, hvorki hv. 3. þm. Norðurl. v. né neinn annar, sýnir, að þeir hafa enga trú á þeim málstað, sem þeir eru að prédika hér.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætlaði að gera örfáar athugasemdir út af ræðu hæstv. viðskmrh. og vildi nú eindregið óska þess, að hann gæti orðið hér við, svo framarlega sem hann hefði tök á því, ef einhver vildi athuga, hvort hann er í húsinu.

Hæstv. ráðherra talaði hér áðan og lét þá skoðun í ljós, að ástæðan til þess, að hann hefði ekki viljað fela seðlabankanum gengisskráningarvaldið 1950, væri sú, að þá hefðum við í raun og veru ekki átt neinn seðlabanka. Út af fyrir sig er það virðingarvert af hæstv. ráðherra að kannast við það að hafa haldið fram þeirri skoðun, að gengisskráningarvaldið ætti áfram að vera hjá Alþingi, enda erfitt fyrir hann að flýja frá því, þar sem það er nú margstaðfest í Alþingistíðindum. En ég lít ekki sömu augum á þetta og hæstv. ráðherra. Ég tel ekki, að það hafi orðið sú mikla skipulagsbreyting á Seðlabankanum með þeirri nýju löggjöf, sem sett var í fyrra, að það ráði úrslitum í þessu efni. Og á það vil ég benda, að þeir hagfræðingar, sem undirbjuggu gengisfrv., sem var til meðferðar 1950, og lögðu til, að skráningarvaldið yrði fært til seðlabankans, þeir hafa áreiðanlega litið þannig á, að seðlabankinn þá væri nægilega sterk stofnun til að fara með það vald.

En þótt hæstv. ráðherra viðurkenni að hafa beitt sér fyrir því 1950, að gengisskráningarvaldið væri áfram í höndum Alþingis, þá er sú skýring, sem hann ber fram nú fyrir þeirri afstöðu sinni, ekki í samræmi við þau rök, sem hann þá flutti fram og staðfest eru í Alþingistíðindunum, því að hæstv. ráðherra beitti ekki þeim rökum þá í umr., að hann teldi þá skipan óeðlilega og óheppilega vegna þess, að Landsbankinn væri ekki nægilega sterk stofnun til að fara með valdið, heldur þvert á móti þeim rökum, að það væri ekki viðeigandi og yrði illa séð af alþýðusamtökunum í landinu, að þessi breyting yrði á gerð. Það hafa nú verið lesnar fyrr í þessum umr., líklega að ráðherr-

anum fjarstöddum, tilvitnanir, sem taka af öll tvímæli í þessu efni. Og Alþingistíðindin eru svo örugg heimild og vitnisburður um þau rök, sem beitt var 1950, að það getur ekki farið neitt á milli mála, hvað um þetta var þá sagt. Ég hefði gjarnan viljað lesa hér nokkur orð enn að nýju þessu til staðfestingar, ef hæstv. ráðherra væri kominn, en ég sé ekki ástæðu til að gera það að honum fjarstöddum.

En hæstv. ráðherra vék einnig að því, hvaða ástæður hefðu legið því til grundvallar, að ákvæði um að fela Seðlabankanum gengisskráninguna hefðu ekki verið sett í hina nýju löggjöf um Seðlabankann, þegar hún var til meðferðar og afgreiðslu hér á hv. Alþingi í marzmánuði 1961. Mér fannst þær ástæður, sem hæstv. ráðherra reyndi að bera fram í þessu sambandi, vera léttvægar og að sumu leyti furðulegar, eins og t. d. sú ástæðan, að Alþb. hefði orðið á móti þessu ákvæði og m. a. af þeim ástæðum hefði ekki þótt gerlegt að hreyfa þessu, þegar seðlabankalögin voru til meðferðar á síðasta þingi. Þetta finnst mér nú, miðað við margt annað, sem fram kemur hér á hv. Alþingi, vera heldur léttvæg röksemd og furðuleg. Önnur ástæðan, sem ráðherrann færði til í þessu sambandi, var sú, að hefði Alþingi fjallað um þetta í sambandi við heildarlöggjöf um Seðlabankann, þá kynni það að hafa vakið ugg um það meðal almennings, að í vændum væri gengislækkun, og það mundi hafa leitt af því margar fsp. til alþingismanna og ríkisstj. í þessu sambandi. En ráðherrann tók fram, að þá hefðu ekki verið fyrirhugaðar neinar breytingar á skráningu krónunnar.

Ég verð nú að álíta, að það hefði einmitt verið sjálfsagt, er það vakti fyrir ríkisstj. að koma þessari breytingu í gegn, að fjalla um það á Alþingi, þegar ekki stóð fyrir dyrum gengislækkun. Og fyrst það var nú svo, að hæstv. ríkisstj. hafði það ekki í hyggju að sögn hæstv. viðskmrh. að breyta skráningu krónunnar s. l. vetur, þegar fjallað var um löggjöfina um Seðlabankann, þá hefði áreiðanlega verið óhætt að taka þetta ákvæði upp af þeirri ástæðu.

En það, sem gaf mér aðallega tilefni til að segja hér fáein orð nú að þessu sinni, voru þær skýringar, sem hæstv. viðskmrh. flutti nú fram í ræðu sinni í sambandi við gengislækkunina og áhrif hennar í þjóðfélaginu og ástæður hjá atvinnuvegum þjóðarinnar og í fjárhagskerfinu, áður en til þessarar ráðstöfunar var gripið.

Hæstv. ráðherra sagði í þessu sambandi, að það mætti ekki tala um sjávarútveginn einan, því að sjávarafli er um það bil ¼ af heildarverðmæti þjóðarframleiðslunnar, sagði hæstv. ráðherra. Ég hef ekki aðstöðu til þess á þessari stundu að bera tölur, sem að þessu lúta, saman og skal því engan dóm á það leggja, hvort þetta hlutfall er nákvæmt eða ekki. En ég skal til gleggra yfirlits skipta atvinnuvegunum að þessu leyti í tvo flokka og athuga fyrst atvinnuvegina í heild, aðstöðu þeirra og viðhorf til gengisbreytingarinnar og síðar sérstaklega aðstöðu sjávarútvegsins.

Þegar litið er til atvinnuveganna í heild, vaknar þessi spurning: Höfðu atvinnurekendur óskað eftir því við hæstv. ríkisstj., að genginu væri breytt, eins og gert var s. l. sumar? Ég hef það fyrir satt, að svo hafi ekki verið, enda munu þeir ekki hafa verið spurðir ráða, forsvarsmenn atvinnuveganna, og á þeim tíma, þegar gengisskráningunni var breytt, munu ekki hafa legið fyrir hjá hæstv. ríkisstj. sérstakar kröfur frá hálfu atvinnurekenda. Og ég endurtek það, sem ég hef áður sagt í þessum umr., að landbúnaðurinn hefur ekki hag af þessari gengislækkun og forsvarsmenn þess atvinnuvegar hafa ekki óskað eftir henni, að því er ég bezt veit.

Um iðnaðinn er það að segja, að ég hef það fyrir satt, að verðlagseftirlitið hafi ekki leyft iðnfyrirtækjum að hækka verðlag vöru sinnar til þess að mæta hinum auknu kauphækkunum, heldur einungis sem svarar hækkun kostnaðar og verðlags vegna gengisfellingarinnar sjálfrar. — Ég fagna því, að hæstv. ráðherra er kominn, því að ég er að gera fáar athugasemdir við ræðu hans, og ég held ég leyfi mér, hæstv. forseti, að endurtaka örfáar setningar, vegna þess að ráðherrann er kominn.

Aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs nú að nýju í þessum umr., voru þær skýringar, sem hæstv. ráðherra flutti fram í síðustu ræðu sinni um aðstöðu atvinnuveganna um það leyti, sem gengisskráningunni var breytt s. l. sumar, og nauðsyn þess að hans dómi að gera þá ráðstöfun. Hæstv. ráðherra sagði í því sambandi, að það mætti ekki líta eingöngu á sjávarútveginn, þegar þetta væri metið, vegna þess að sjávaraflinn er um það bil ¼ hluti af heildarverðmæti þjóðarframleiðslunnar, — ég held ég hafi tekið rétt eftir þessu. Nú endurtek ég það, sem ég hafði sagt, áður en ráðherrann kom, að ég hef ekki við höndina tölur til að bera þetta saman, en ég vil til gleggra yfirlits í þessum athugasemdum skoða annars vegar áhrif gengisbreytingarinnar á atvinnuvegina sem heild og hins vegar sjávarútveginn sérstaklega.

Þegar litið er á atvinnuvegina sem heild, vaknar þessi spurning: Höfðu atvinnurekendur óskað eftir því, að genginu væri breytt á þeim tíma, sem ríkisstj. gaf út brbl. Ég hef það fyrir satt, að svo hafi ekki verið og þá hafi ekki legið fyrir hjá hæstv. ríkisstj. neinar sérstakar kröfur af hálfu atvinnuveganna um nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum. Og ég hef það fyrir satt, að landbúnaðurinn telji sig ekki hafa hag af þessari gengislækkun, þvert á móti.

Um iðnaðinn er það að segja, að iðnaðarfyrirtækjum mun ekki hafa verið leyft að hækka verðlag á framleiðsluvörum sínum til þess að mæta auknum kauphækkunum, heldur einungis sem svarar auknum kostnaði og hækkuðu verðlagi sem afleiðingu af gengisfellingunni. Þetta þýðir m. ö. o. það, að iðnfyrirtækin yfirleitt bera sjálf þá kauphækkun, sem varð á s. l. sumri.

Þegar litið er á sjávarútveginn sérstaklega, verður að hafa það í huga, að ríkisstj. lagði sjálfri sér upp í hendur hagfræðilegan grundvöll til að miða gengisskráninguna við á miðju

s. l. ári. Um þetta er birt grg. af hálfu ríkisstj. í blöðum, m. a. í Morgunblaðinu 14. sept. 1961. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum þessa grg. að bera saman afkomu sjávarútvegsins annars vegar 1959 og hins vegar á miðju ári 1961. Og það er í mörgum atriðum dregið fram í þessari grg., að sjávarútvegurinn standi miklu verr á miðju ári 1961 en 1959, aflamagnið minna, verðfall hafi orðið o. s. frv. Það virðist ekki hafa ríkt bjartsýni hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún samdi þessa grg. sína fyrir gengislækkuninni, þvert á móti. Og í þessari grg. er birt tafla, sem er þannig, að vísitala framleiðslumagns sjávarafurða er sett 100 1959, 92.6 1960 og 96.8 1961. Tölurnar fyrir 1959 og 1960 munu vera raunverulegar, því að þá hafi niðurstaðan legið fyrir, en talan fyrir 1961 er sú áætlun, sem ríkisstj. sjálf lagði sér í hendur og notaði sem hagfræðilegan grundvöll undir gengislækkunarfrv. Og þá áætlar hún, að vísitala framleiðslumagns sjávarafurða verði 96,8 miðað við 100 1959. Bjartsýnin var nú ekki meiri en þetta í herbúðum hæstv. ríkisstj. á miðju ári 1961, þrátt fyrir það að sjávarútvegurinn, t. d. síldveiðin, stóð þá með hinum mesta blóma og svo mikil uppgripaveiði t. d. fyrir Austurlandi, að það eru alveg ótrúlega mikil verðmæti, *sem þar fóru forgörðum beinlínis* vegna skorts á tækjum til þess að hagnýta þau verðmæti, sem flutu þar fyrir landi. En það var ekki það, sem jók áhyggjur hæstv. ríkisstj., að því er virtist, hve skortur væri mikill á vinnslutækjum til að vinna sjávarafurðirnar, a. m. k. í sumum landshlutum, heldur settist hún niður og tók að reikna og fékk niðurstöður reikningsdæmisins á þennan veg.

Nú liggur það hins vegar fyrir, að þessir reikningar fá alls ekki staðizt, sem betur fer. Nú eru nýjustu tölur um þetta hér í skýrslu Seðlabankans, og þar er það skýrt fram tekið, að samkv. bráðabirgðatölum hafi heildarfiskaflinn numið 634 þús. tonnum á móti 514 þús. tonnum 1960. Þetta þýðir það, að í stað þess að vísitala framleiðslumagnsins átti að lækka samkv. dæmi hæstv. ríkisstj. í sumar, hefur aflinn aukizt á árinu 1961 um rúmlega 23% miðað við árið áður. Vísitala framleiðslumagnsins verður því alls ekki 96.8, heldur að mér skilst a. m. k. 110—112.

Þá gerði hæstv. ríkisstj. annað dæmi um framleiðsluverðmæti sjávarafurðanna á föstu verði. Og niðurstöður þess dæmis eru þannig, að 1959 var heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurðanna 2511.6 millj., 1960 2325.6 millj. og 1961 segir hæstv. ríkisstj. það munu verða 2431.3 millj. kr. Nú munu þessar tölur vera miðaðar við gengi 38 kr. móti 1 dollar. Í skýrslu Seðlabankans kemur hins vegar fram, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hefur numið um 3000 millj. kr. miðað við gengi 43 á móti dollar. Ef hinar eldri tölur eru umreiknaðar þannig, að miðað sé við sama gengi, þá verður það 2628 millj. kr. 1960 og 2838 millj. kr. 1959. Síðan segir í skýrslu Seðlabankans: „og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.“ Ég vildi nú gjarnan skjóta því hér inn í, að ef hæstv. ráðh. sér sér fært að skýra fyrir hv. þdm., hvað í þessum orðum felst: „allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs,“ þá vildi ég gjarnan fá að heyra þá skýringu hans.

Af þessu sjáum við, að sá hagfræðilegi grundvöllur, sem hæstv. ríkisstj. bjó sjálfri sér í hendur með þessum útreikningum á miðju ári 1961, fær alls ekki staðizt. Hann er ekki í samræmi við staðreyndirnar, þá niðurstöðu, sem orðið hefur. Nú er ég ekki að ásaka hæstv. ríkisstj. út af fyrir sig fyrir það að fá ekki út aðrar tölur úr sínu dæmi. Ég skal láta það liggja milli hluta. En það er að mínum dómi ámælisvert af hæstv. ríkisstj. að hlaupa til á miðju ári, þegar atvinnuvegirnir voru í bezta gengi, bæði til lands og sjávar, og búa sjálfri sér til svona hagfræðigrundvöll og byggja svo á honum án nokkurrar nánari athugunar eða reynslu af afkomu atvinnuveganna á árinu þá afdrifaríku og alvarlegu ráðstöfun, sem gerð var með gengisskráningarlögunum. Það er það, sem ég tel ámælisvert af hæstv. ríkisstj., og með því er brotið í bága við eldri venju, þegar genginu hefur verið breytt.

En meginatriði þessa máls að dómi hæstv. ríkisstj. er það, að með hinum almennu kauphækkunum, sem gerðar voru s. l. sumar, hafi launatekjur í þjóðfélaginu hækkað svo mikið, að af því hefði leitt gjaldeyrisskort, ef engar nýjar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Þetta er meginröksemd hæstv. ríkisstj., og þetta er í sjálfu sér ekki ný röksemd, því að hún hefur oft verið færð fram áður í sambandi við gengislækkanir. Það er því, þegar málið er skoðað allt frá rótum, einmitt þess vert að gera sér glögga grein fyrir þessu atriði annars vegar og hins vegar heildaraflamagni og heildarverðmæti sjávaraflans, vegna þess að sjávaraflinn gefur gjaldeyristekjur í þjóðarbúið. Hann skilar auknum gjaldeyri fyrir þjóðarbúið, og eftir því sem gjaldeyristekjurnar vaxa, þeim mun minni hætta er á því, sem hæstv. ríkisstj, færir fram, að ofþensla verði í peningakerfinu innanlands. Í þessu sambandi hefur hæstv. ráðherra flutt fram þær tölur og styðst þar við álit Framkvæmdabankans, að heildarlaunatekjur þjóðarinnar á ári nemi um 3500 millj. kr. og 14—15% hækkun á þeim samsvari um 500 millj. kr. aukningu á peningatekjum innanlands. Við þetta bætir hæstv. ráðherra síðan 300 millj., sem hann segir að komi fram vegna tilfærslu fólks úr lægri launaflokkum í hærri launaflokka. Og einmitt í sambandi við þetta atriði lét hæstv. ráðherra í ræðu sinni áðan þau orð falla, að þegar við framsóknarmenn ræddum um þetta atriði, gætti nokkurs misskilnings, vegna þess að við tækjum með inn í þessa tölu áhrif vegna fólksfjölgunar í landinu, en hæstv. ráðherra viðurkenndi, að mér virtist, að það væri ekki ástæða til að taka slíkt til greina í sambandi við breytta gengisskráningu.

Nú verð ég að segja hæstv. ráðherra, að þó að honum kunni að falla það miður, að hér er ekki um misskilning að ræða af minni hálfu eða flokksbræðra minna, því að þetta er beinlínis sótt í grg. ríkisstj. — opinbera grg. ríkisstj. sjálfrar fyrir gengislækkuninni s. l. sumar, en

sú grg. er birt í Morgunblaðinu 14. sept. 1961. En í þessari grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt útreikningum Framkvæmdabankans þýðir 1% launahækkun, er þannig dreifist til nær því allrar þjóðarinnar, 30—40 millj. kr. hækkun heildartekna. Launahækkanirnar hlutu því von bráðar að leiða til 500—600 millj. kr. aukningar tekna í landinu. Í viðbót við þetta kemur svo sú tekjuaukning, sem stafar frá auknum fjölda vinnandi fólks og flutningi frá verr launuðum til betur launaðra starfa, sem sífellt á sér stað. Þetta tvennt samtals er varla undir 300 millj. kr. á ári." Hér er þetta sett fram í opinberri grg. ríkisstj. svo skýrt, að ekki verður um villzt, að það er þetta tvennt, sem samtals gerir varla undir 300 millj. kr.: áhrif vegna fólksfjölgunar og áhrif vegna tilfærslu í launaflokkum, enda verð ég að segja, að án tillits til talna virðist ótrúlegt, að tilfærsla milli launaflokka hafi ein út af fyrir sig þau áhrif, að það muni 300 millj. kr. á ári, því að þeir, sem fara frá störfum fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum, færast aftur niður í lægri launaflokka, koma á tryggingarfé o. s. frv. í stað þeirra, sem færast upp í hina hærri launaflokka.

Ég verð því að byggja á þessari opinberu grg. ríkisstj., sem hún stendur öll að og þar með hæstv. viðskmrh., um þetta atriði. Ég hef ekki fyrir mér sundurliðun á þessu, en ég tel líkur til, að meiri hlutinn af þessari fjárhæð, sem hér um ræðir, sé sprottinn af aukningu vinnandi manna í landinu og eigi því ekki að taka til greina í þessu sambandi.

En þá kemur að hinum þættinum, þ. e. annars vegar gjaldeyristekjum þjóðarbúsins og þó sérstaklega af sjávarafurðum og þeirri aukningu peningatekna, sem hæstv. ráðherra gerir að meginmáli í sinni röksemdafærslu að hefði valdið ofþenslu í þjóðfélaginu, ef ekki hefði verið gripið til gengislækkunarinnar. Og þá litur dæmið þannig út, að ef þessar tölur eru umreiknaðar á hið nýja gengi, og ég skal vera svo sanngjarn að gera það í þessu sambandi, þá eru gjaldeyristekjurnar af sjávaraflanum alls ekki á árinu 1961 2431 millj., eins og ríkisstj. sagði í sumar að þær mundu verða, þær eru ekki heldur 2628 millj., eins og þær voru miðað við nýja gengið 1960, heldur 3000 millj. M. ö. o.: aukning aflamagnsins frá því, sem ríkisstj. áætlaði, hún skilaði í hreinum gjaldeyristekjum 372 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Og þegar tillit er tekið til þess, verður bilið þarna á milli alls ekki svo breitt, að það hafi gefið ástæðu til að ráðast í þá gengisfellingu, sem gerð var með brbl. s. l. sumar.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, er alveg auðsætt, að hagfræðilegan grundvöll undir þessa gengisbreytingu vantar gersamlega, og hann var frá öndverðu tilbúinn að miklu leyti af hæstv. ríkisstj. og hefur brostið í höndum hennar. Það gefur náttúrlega enn nýja ástæðu til að standa gegn samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 488, n. 563, 579 og 619).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, KJJ, MJ, ÓB, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.

HermJ, KK, PÞ, SE, ÁB greiddu ekki atkv.

8 þm. (GTh, JÁ, JÞ, ÓlJ, AGl, AuA, BjörnJ, FRV) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og þau nál. fjhn., sem útbýtt hefur verið hér í deildinni, bera með sér, hefur nefndin ekki getað átt samleið um frv. það, sem hér liggur fyrir. Við þrír, sem að meirihlutaálitinu stöndum, mælum með því, að það verði samþykkt óbreytt, en fulltrúar stjórnarandstæðinga í nefndinni eru því andvígir.

Þetta frv. hefur sem kunnugt er verið mikið rætt í hv. Nd., er hún hafði það til meðferðar, og var einnig rætt allmikið við 1. umr. málsins hér í hv. deild. Ég get þó ekki látið hjá líða að fylgja þessu nál. úr hlaði með nokkurri grg. fyrir því, hvers vegna ég tel rétt að samþykkja það, og vona, að mér takist í því efni einnig að túlka skoðanir þeirra hv. meðnm. minna, er að meirihlutaálitinu standa, en mun þó eftir föngum forðast endurtekningu á því, sem þegar hefur komið fram við 1. umr. málsins hér í hv. deild. Ég mun þó ekki hætta mér inn í myrkviði lögkrókanna og ræða það deiluatriði, hvort hæstv. ríkisstj. hafi verið heimilt samkv. stjórnarskrá að setja brbl. þau, er hér er leitað staðfestingar á, heldur láta aðra hv. þm. úr báðum herbúðum, sem betur rata á þeim vettvangi, um það að leiða saman hesta sína um það atriði. Sem leikmanni í lögvísindum virðist mér þó, að æði auðvelt sé að jafnaði að vefengja heimild ríkisstj. til setningar bæði þessara brbl. og annarra, því að enginn algildur mælikvarði er auðvitað til á það, hvenær brýna nauðsyn beri til að setja brbl. Slíkt verður auðvitað alltaf háð mati, sem að nokkru verður jafnan aftur háð þeim hagsmunum, sem hver og einn ber fyrir brjósti.

Aðalefni frv. er annars staðfesting brbl. frá 1. ágúst s. l. sumar, þar sem svo var kveðið á, að gengisskráningin skyldi framvegis verða í höndum Seðlabanka Íslands, en gengisbreytingar þó háðar samþykki ríkisstjórnar hverju sinni. Því hefur verið haldið fram af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að með þessu afsali Alþingi sér í hendur annarrar stofnunar mikilvægu valdi og aðstöðu til að marka stefnuna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Að mínu áliti á þetta aðeins við að formi, en ekki efni. Með ákvæðum laganna er tryggt, að Seðlabankinn getur ekki breytt genginu nema með samþykki ríkisstj., og engar líkur eru á því, að nein ríkisstj. mundi taka slíka ákvörðun án þess að tryggja sér stuðning þingmeirihl. til slíks. Hver sú ríkisstj., sem út í slíkt ævintýri legði, mundi eiga skammt ólifað. Á því verður engin breyting, að það verður eftir sem áður ríkisstj. og sá þingmeirihl., sem hana styður hverju sinni, sem markar stefnuna í gengismálum og efnahags-

málum almennt, svo sem sjálfsagt er í lýðræðisþjóðfélagi. Er sú stefna hins vegar hefur verið mörkuð, verður það tæknilegt framkvæmdaatriði, hvernig gengið skuli skrá hverju sinni. Er miklu eðlilegra, að sú framkvæmd sé í höndum Seðlabankans, sem jafnan má gera ráð fyrir að hafi í þjónustu sinni hina færustu sérfræðinga á því sviði, heldur en í höndum Alþingis. Reynslan hefur líka sýnt að undanförnu hér á landi, að margvísleg óþægindi hefur af því leitt, að gengisbreytingafrumvörp hafa vikum saman legið fyrir Alþingi, án þess að slíkt hafi nokkru breytt um það, að hafi ríkisstjórnir þær, er að völdum hafa setið, haft áhuga á gengisbreytingu, þá hefur hún náð fram að ganga. Það er og athyglisvert, að í öllum löndum Vestur-Evrópu að einu undanskildu er gengisskráningin í höndum annaðhvort seðlabankans eða ríkisstj. eða beggja aðila í sameiningu. Hef ég ekki heyrt nein frambærileg rök fyrir því, að einhverjar sérstakar aðstæður væru fyrir hendi hér á landi, sem gerðu það eðlilegt, að önnur skipan sé hér á þessum málum en sú, sem þar er talin hagkvæmust.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur frá upphafi valdatímabils síns markað skýra og ákveðna stefnu í gengismálum. Hún er sú, að gengið skuli hverju sinni skrá þannig, að hægt sé að fullnægja gjaldeyriseftirspurninni, án þess að beita þurfi innflutningshöftum eða safna erlendum lausaskuldum. Þegar þessi stefna hefur verið mörkuð, er það einungis reikningsdæmi að ákveða, hvað gengið skuli hverju sinni vera, en það verkefni eins og önnur slík er auðvitað eðlilegt að fela sérfræðingum. Nú vill svo einkennilega til, að þrátt fyrir þann mikla ágreining, sem verið hefur um gengismálin hér á hv. Alþingi frá upphafi yfirstandandi kjörtímabils, hefur málflutningur hv. stjórnarandstæðinga ekki grundvallazt á því, að þeir vefengdu réttmæti þeirrar stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í þessu efni og lýst hefur verið. Enginn úr herbúðum hv. stjórnarandstæðinga hefur, svo að ég hafi orðið var við það, gert sig að talsmanni fyrir því, að innflutningshöftin og gjaldeyrisúthlutunin yrðu tekin upp að nýju. Það er að vísu skoðun mín, að stefna ríkisstj. í þessu efni sé sú eina, sem framkvæmanleg er til lengdar. Með ströngum innflutningshöftum og gjaldeyrisúthlutun er að vísu um stundarsakir hægt að halda uppi óraunhæfu gengi. En reynsla bæði okkar og nágrannaþjóða okkar hefur á undanförnum árum sýnt það, að óhjákvæmilegri leiðréttingu gengisins hefur aðeins tekizt að skjóta á frest með því móti, en hún hefur ekki orðið umflúin. Þess vegna hafa allar Vestur-Evrópuþjóðir fylgt þessari stefnu síðasta áratug eða lengur, óháð því, hvort flokkar þeir, sem að þeim hafa staðið, hafa kennt sig við hægri eða vinstri stefnu.

En meðan engin rödd hefur komið fram um það úr herbúðum hv. stjórnarandstæðinga, að taka beri upp haftafyrirkomulagið að nýju, tel ég óþarft að ræða þá hlið málsins frekar. Hins vegar hafa hv. stjórnarandstæðingar, sem kunnugt er, vefengt nauðsyn þess að breyta genginu, bæði þegar efnahagsmálaráðstafanirnar voru gerðar í febr. 1960 og þegar genginu var breytt s. l. sumar. Að því atriði mun ég víkja bráðlega.

Auk þessa atriðis, sem ég nú hef rætt og er aðalefni frv., hefur við meðferð málsins í Nd. verið bætt inn í frv. ákvæði um heimild Seðlabankanum til handa til þess að taka lán hérlendis og endurlána þau innanlands. Það er sennilega álitamál, hvort nauðsyn beri til, að slíkt sé beinlínis heimilað í lögum, en til þess að taka af hugsanlegan vafa um það, hvort Seðlabankinn hafi slíka heimild, þótti rétt að setja slík ákvæði, og vænti ég þess ekki, að meiri háttar ágreiningur verði um þetta atriði út af fyrir sig.

Þó að meginefni þessa frv. sé samkv. áður sögðu það að fela Seðlabankanum framkvæmd gengisskráningarinnar, hafa þær löngu umr., sem orðið hafa um málið hér á hv. Alþingi, snúizt um það atriði, hvort sú breyting, sem Seðlabankinn gerði á genginu í ágúst s. l., hafi verið nauðsynleg eða ekki. Nú liggur það í raun inni ekki fyrir Alþingi að taka beina afstöðu til þess máls. Og einstakir þm. gætu vel verið þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að taka upp það fyrirkomulag varðandi gengisskráninguna, sem frv. gerir ráð fyrir, enda þótt þeir drægju í efa nauðsyn þeirrar ráðstöfunar, sem gerð var í þessu efni á s. l. sumri. Eðlilegt er þó, að þetta atriði blandist inn í umr. um frv., og tel ég því rétt að gera í sem stytztu máli grein fyrir mínum viðhorfum til þess máls.

Hæstv. ríkisstj. leit svo á á s. l. sumri, að þær miklu kaupgjaldshækkanir, sem þá hafði verið samið um milli launþega og vinnuveitenda, mundu stofna gjaldeyrisafkomu þjóðarbúsins í slíkan voða, ef ekkert væri að gert, að óverjandi væri að gera ekki ráðstafanir til þess að fyrirbyggja slíka þróun. Ég lít svo á, að þessi skoðun hafi haft við fyllstu rök að styðjast og gagnrök hv. stjórnarandstæðinga í þessu máli séu yfirleitt haldlítil eða haldlaus. Skal þetta nú nánar rökstutt.

Eins og hæstv. viðskmrh. upplýsti við 1. umr. málsins, mátti gera ráð fyrir því, að launatekjur í þjóðfélaginu hafi vegna kauphækkananna hækkað um hér um bil 550 millj. kr. En þar við bætast launahækkanir vegna tilfærslu í launaflokkum og fleira, sem áætlað er hafa verið 300 millj. kr. á ári. Að áliti Seðlabankans og hæstv. ríkisstj. hefði þetta, ef ekkert hefði verið að gert, leitt til svo stóraukinnar eftirspurnar eftir erlendum gjaldeyri, að öngþveiti hefði á fáum vikum eða mánuðum orðið í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Rök hv. stjórnarandstæðinga gegn þessu virðast einkum vera þau, að kauphækkanirnar hefðu ekki þurft að þýða samsvarandi aukningu peningateknanna, þar eð atvinnuvegirnir hafi verið færir um að bera kaupgjaldshækkanirnar, þannig að þær væru greiddar af hagnaði fyrirtækja. Hér hafi því verið um tekjutilfærslu, en ekki aukna kaupgetu að ræða. Jafnvel þótt slíkt hefði við rök að styðjast, hefði það út af fyrir sig valdið þjóðarbúinu ærnum vanda, ef ráðstafa hefði átt öllum hagnaði fyrirtækjanna, sem standa verður undir endurnýjun og aukningu framleiðslutækjanna, til hærri launagreiðslna. Einnig í því dæmi hefði orðið

um stóraukna neyzluvörueftirspurn að ræða, sem leitt hefði m. a. til mjög aukins innflutnings neyzluvöru og því meiri gjaldeyrisnotkunar. En óþarft er þó að ræða slíkan möguleika, því að hann hefur aldrei verið fyrir hendi. Afkoma atvinnuveganna er alls ekki slík, að neinn möguleiki hafi verið á því, að þeir tækju slíkar kauphækkanir á sínar herðar, og æði mikið ósamræmi er í því, þegar hv. stjórnarandstæðingar halda því annars vegar fram, að viðreisnarráðstafanirnar hafi komið öllum atvinnuvegum landsmanna á kaldan klaka, en segja í hinu orðinu, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að atvinnuvegirnir geti borið allt að 23% almenna hækkun kaupgjalds án þess að fá nokkuð í aðra hönd.

Við skulum nú líta á aðstöðu hinna einstöku atvinnugreina þjóðarinnar í þessu efni.

Hvað landbúnaðinn snertir, mun það tæpast skoðun hv. stjórnarandstæðinga, að hann geti axlað neinar byrðar í þessu tilliti. Ef þeir litu svo á, mundi það brjóta mjög í bága við þann málflutning þeirra, sem sífellt er einmitt búinn að klingja í eyrum okkar hér í hv. þd. síðustu daga, að afkoma landbúnaðarins hafi aldrei verið verri en nú, a. m. k. varla síðan móðuharðindunum lauk.

Ekki hafa hv. stjórnarandstæðingar heldur látið mikið yfir því, að efnahagsmálaráðstafanirnar hafi bætt hlut sjávarútvegsins. A. m. k. hafa ræður verið haldnar af þeirra hálfu í sambandi við fylgifrv. þessa frv., um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar, þar sem harðlega hefur verið mótmælt þeirri ráðstöfun að taka hluta gengishagnaðar útvegsins í útflutningsgjald. Þetta getur ekki samrýmzt því sjónarmiði, að útvegurinn hafi á s. l. ári verið fær um að taka á sig stórfelldar kauphækkanir bótalaust.

Þá er það verzlunin. Haustið 1958 eða í lok valdatíma vinstri stjórnarinnar voru sett ný ákvæði um álagningu í verzluninni. Sú álagning, sem þá var ákveðin, hefur síðan tvívegis verið skert, fyrst með efnahagsráðstöfunum þeim, sem gerðar voru eftir áramótin 1958—1959, og aftur eftir gengisfellinguna 1960. Ef hv. stjórnarandstæðingar halda því fram nú, að verzlunin hafi getað borið þær kauphækkanir, sem urðu á s. l. sumri, þrátt fyrir það að hún á þeim tíma bjó tvímælalaust við verri kjör en fulltrúar vinstri stjórnarinnar í verðlagsnefnd ákváðu henni til handa haustið 1958, þá væri því um leið slegið föstu, að álagning sú, sem á þeim tíma var ákveðin með samþykki vinstri stjórnarinnar, hafi verið langt umfram það, sem nauðsyn bar til. Því hefur að vísu verið haldið fram, einkum af hálfu Alþb. og málgagna þess, að sú í sjálfu sér lítilfjörlega rýmkun álagningarákvæða, sem gerð var á s. l. sumri, hafi verið óþörf. Í sambandi við þetta get ég þó ekki látið hjá líða að minna á þá staðreynd, að Samband ísl. samvinnufélaga varð á s. l. sumri til þess að rjúfa samtök atvinnurekenda og tók þannig á sig ábyrgð á því, að samið var um miklu meiri kauphækkanir en raunhæfur grundvöllur var fyrir. Því var þá og er enn haldið fram af forsvarsmönnum þess fyrirtækis, að þessi afstaða hafi verið fullkomlega ábyrg, því að Sambandið og fyrirtæki þess hafi verið fær um að bera þær kauphækkanir, sem um var samið. En þrátt fyrir þessa fullyrðingu á sínum tíma hef ég ekki orðið annars var en Sambandið hafi að fullu notað sér þær heimildir til hækkunar á álagningu vöruverðs, sem verðlagsyfirvöld hafa heimilað, síðan kaupgjaldshækkanirnar urðu. Enginn gat að vísu heimtað það af Sambandinu, að það hækkaði ekki verð á vöru sinni til samræmis við gengisfellinguna. En upplýst hefur verið, að verðhækkanir þær, sem orðið hafa síðan á s. l. sumri, eiga aðeins að hér um bil hálfu rót sína að rekja til gengisfellingarinnar. Að öðru leyti stafa þær af því, að fyrirtækin hafa velt kauphækkununum yfir á vöruverðið. Hefðu það verið annað en digurmæli, þegar forráðamenn Sambands ísl. samvinnufélaga á s. l. sumri töldu sig albúna til að láta fyrirtæki sín bera kauphækkanirnar, þá hefði Samband ísl. samvinnufélaga ekki hækkað verð vöru sinnar umfram það, sem beint leiddi af gengisfellingunni, og af samkeppninni hefði þá leitt, að önnur fyrirtæki hefðu orðið að gera hið sama. Almennar verðhækkanir hefðu þá orðið til muna minni en ella. Ég skal að vísu játa, að ég hef ekki framkvæmt neina rannsókn á þeim verðhækkunum, sem orðið hafa hjá Sambandinu, og vera má, að einhverjar undantekningar séu frá því, að það hafi að fullu notað sér hækkunarheimildirnar, en þær undantekningar eru þá svo fáar og smáar, að enginn hefur orðið þeirra var.

Þá er það iðnaðurinn. Um fiskiðnaðinn má í þessu efni segja það sama og um útveginn, enda aðstaða hans svipuð. Hvað aftur á móti snertir þann iðnað, sem framleiðir fyrir innlendan markað, þá hafa verðlagsyfirvöld metið það í hverju dæmi, hvort iðngreinin væri fær um að bera kauphækkanirnar að einhverju eða öllu leyti, og ákveðið verð framleiðsluvörunnar í samræmi við það. Hefur sumum þessara iðngreina fram til þessa verið ætlað að bera kauphækkanirnar að einhverju eða öllu leyti. Þessu, sem er rétt, svo langt sem það nær, hefur mjög verið hampað af hv. stjórnarandstæðingum og jafnvel gefið í skyn, að með þessu væri sannað, að atvinnuvegirnir gætu almennt borið kauphækkanirnar. Slík ályktun er þó fjarri lagi, því að í rauninni er hér um að ræða undantekningu frá því, sem segja má að hafi verið hin almenna regla, að hagur atvinnuveganna var yfirleitt slíkur é. s. l. sumri, að þeir gátu ekki nema að mjög litlu og jafnvel í sumum dæmum að engu leyti tekið á sig þær kauphækkanir, sem þá var samið um. En það er ekki nýtt í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga í þessum málefnum, að þeir gera einstakar undantekningar, sem þeim virðast styðja málstað sinn, að almennri reglu, hversu mjög sem slíkt stangast á við staðreyndir.

Niðurstaðan af þessu verður því sú, að þjóðartekjurnar reiknaðar í peningum og innlenda kaupgetan hlaut að aukast nálægt því, sem nam þeirri heildarupphæð, sem launahækkanirnar námu. Hvaða áhrif má nú gera ráð fyrir, að þessi kaupgetuaukning hafi á þjóðarbúskapinn og sérstaklega gjaldeyrisaðstöðuna? Gera má

ráð fyrir því, að aukning launatekna komi nær óskipt fram sem aukin eftirspurn eftir vöru og þjónustu, eða m. ö. o., að neyzla þjóðarinnar aukist nokkurn veginn sem hinum hækkuðu tekjum nemur. Verulegur hluti hinnar auknu neyzlu yrði, ef slíkt væri ekki hindrað með sérstökum ráðstöfunum, í því fólginn, að innflutningur neyzluvöru mundi stóraukast. Það er að vísu ekki hægt að áætla það með neinni nákvæmni, hve mikill hluti kaupgetuaukningarinnar innanlands komi fram sem gjaldeyriseftirspurn. En í sambandi við mál það, sem hér liggur fyrir til umr., er þó mikilvægt að gera sér einhverja grein fyrir þessu. Samkv. grundvelli þeim, sem vísitala framfærslukostnaðar er byggð á, nemur erlend vara um 45% af neyzluútgjöldunum. Ef gert væri ráð fyrir því, að þær 550 millj. kr., sem launatekjurnar hafa hækkað um vegna kaupgjaldssamninganna á s. l. sumri, skiptust á sama hátt milli innlendrar og erlendrar vöru og vísitöluútgjöldin, mundi afleiðing kauphækkananna verða aukinn innflutningur neyzluvöru, sem næmi um 250 millj. kr. Gjaldeyrisaðstaðan mundi því versna sem þessu næmi.

Ég álít það í rauninni kjarna þess máls, sem hér er deilt um, hvort álíta beri eða ekki, að útlitið í gjaldeyrismálum hafi á s. l. sumri verið þannig, að varlegt hafi verið að leyfa aukinn innflutning neyzluvöru um 200—300 millj. kr. umfram þá aukningu, sem óhjákvæmilega hlaut að leiða af fólksfjölguninni og þeim launahækkunum, sem af áðurgreindum ástæðum eiga sér stað árlega, þó að ekki sé samið um almennar kauphækkanir. Ég lít svo á, að þessari spurningu beri að svara eindregið neitandi, þrátt fyrir þá bættu gjaldeyrisaðstöðu, sem leitt hefur af efnahagsmálaráðstöfununum, sem gerðar voru eftir áramótin 1959—60. Að vísu áttum við skv. þeim upplýsingum, sem hæstv. viðskmrh. gaf við 1. umr. málsins, gjaldeyrisvarasjóð um mánaðamótin febrúar-marz, sem nam rúmum 700 millj. kr. Er það að vísu álitleg upphæð, miðað við þá slæmu gjaldeyrisaðstöðu, sem við höfum lengst af búið við allt síðan 1955—56. Þetta nemur þó ekki nema þriggja mánaða innflutningi, en í Vestur-Evrópu er sá gjaldeyrisforði talinn lágmark þess, sem vera þurfi, ef viðskipti við önnur lönd eigi að vera með eðlilegum hætti. Af tveim ástæðum væri þó að mínu áliti skynsamlegt fyrir Íslendinga að stefna að því að hafa stærri gjaldeyrisvarasjóð en þessu lágmarki nemur. Afkoma útflutningsatvinnuvega okkar, sem nær eingöngu eru fiskveiðar og fiskiðnaður, er miklu meiri sveiflum háð en meðal hinna iðnvæddu grannþjóða okkar. Það er fyrri ástæðan. Hin síðari er sú, að þrátt fyrir stórbætta gjaldeyrisaðstöðu síðustu missirin er skuldabyrði þjóðarinnar enn mjög þung, þannig að vextir og afborganir fastra lána munu í næstu framtíð nema hlutfallslega meiru af gjaldeyristekjum okkar en gerist með flestum þjóðum öðrum. Þetta takmarkar mjög lánstraust okkar, þannig að við getum ekki nema innan þröngra takmarka treyst lántökuleiðinni, ef þjóðarbúið yrði fyrir áföllum vegna aflabrests, verðfalls afurða eða af öðrum ástæðum. Mín skoðun er sú, að fyrr en við höfum safnað gjaldeyrisvarasjóði, er nemi um 1 milljarð kr., sé mjög óvarlegt að heimila aukinn innflutning neyzluvöru umfram það, er leiði af fólksfjölgun og hinum áðurgreindu sjálfvirku launahækkunum. Þessi niðurstaða er byggð á opinberum skýrslum um gjaldeyrisstöðuna.

En hvernig hafa nú hv. stjórnarandstæðingar hagað málflutningi sínum varðandi þróun gjaldeyrisaðstöðunnar s. l. ár? Ef þeir hefðu haldið því fram, að gjaldeyrisaðstaðan sé raunverulega betri en hinar opinberu skýrslur sýna, væri sá málflutningur a. m. k. sjálfum sér samkvæmur, að ekki hefði verið nauðsynlegt að grípa til gengislækkunar á s. l. sumri, heldur hefði mátt bíða átekta og láta reynslu næstu mánaða hvað gjaldeyrisafkomu snerti skera úr um það, hvort sérstakra ráðstafana væri þörf. En þetta segja þeir ekki. Þvert á móti er búið að verja óhemju prentsvertu í stjórnarandstöðublöðunum til þess að sýna fram á, að gjaldeyrisaðstaðan sé í rauninni miklu verri en hinar opinberu skýrslur sýni. En skv. þeim er gjaldeyrisaðstaðan nú um 900 millj. kr. betri en hún var í febrúar 1960 eða þegar efnahagsmálaráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. komu til framkvæmda. Ekki hafa þó hv. stjórnarandstæðingar að vísu lagt í það að koma þessum 900 millj. niður í núll, en þeir halda því fram, að gjaldeyrisaðstaðan sé a. m. k. ekki betri en hún var í árslok 1958. Að vísu er þetta að mínu áliti rangt, svo sem hæstv. viðskmrh. gerði glögga tölulega grein fyrir við 1. umr. málsins, en þær upplýsingar sé ég ekki ástæðu til að endurtaka hér. En ef sú staðhæfing hv. stjórnarandstæðinga væri rétt, að gjaldeyrisaðstaðan væri ekki betri en í árslok 1958, er inneign bankanna nam um 200 millj. kr. reiknað á núv. gengi, þá hefði inneignin gengið til þurrðar á einu ári vegna þeirrar auknu eftirspurnar eftir erlendum gjaldeyri, sem af kauphækkununum á s. l. sumri leiddi, ef ekkert hefði verið að gert. Framvegis hefði svo orðið að jafna hallann með yfirdráttarlánum í erlendum þjóðbönkum, svo lengi sem slík lán hefðu verið fáanleg. Stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. líta svo á, að ekki hafi verið verjandi að leyfa stóraukinn innflutning neyzluvarnings, meðan ekki var traustari grundvöllur fyrir slíkri neyzluaukningu en sá að ganga á gjaldeyrisvarasjóði, sem ná ekki því lágmarki, sem æskilegt má telja, eða taka yfirdráttarlán í erlendum bönkum. Enginn ágreiningur er um það, að kjarabætur séu æskilegar, og ekkert er í sjálfu sér athugavert við það, að kjarabæturnar séu í þeirri mynd, að neyzla erlends varnings aukist. En slíkt verður að grundvallast á aukningu útflutningstekna, ekki á eyðslu nauðsynlegra gjaldeyrisvarasjóða eða skuldasöfnun.

Það má líka minna á það í þessu sambandi, að ekki voru hv. núv. stjórnarandstæðingar þeirrar skoðunar í árslok 1958, að gjaldeyrisaðstaða landsins væri með miklum glæsibrag. Síðustu vikurnar, sem vinstri stjórnin var við völd, lét hún einskis ófreistað til að sýna þjóðinni fram á, að skuldasöfnun þjóðarbúsins við önnur lönd væri orðin svo mikil, að þjóðin yrði að minnka mjög gjaldeyrisnotkun sína, bæði til

neyzlu og fjárfestingar, ef hún ætlaði að varðveita efnahagslegt sjálfstæði sitt. Þó að gjaldeyrisaðstaðan sé hins vegar að dómi hv. stjórnarandstæðinga lakari nú en hún var í árslok 1958, á það að ganga glæpi næst að gera gagnráðstafanir gegn því, að neyzluvöruinnflutningur verði stóraukinn. Ég sé að vísu, að hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) kemst svo að orði í nál. sínu um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar, að auðvelt hafi verið að gera ráðstafanir til takmörkunar á gjaldeyrisnotkun, ef brýn nauðsyn krefði, án þess að grípa til kauplækkunaraðgerða, en því nafni mun hv. þm. hér nefna gengisfellinguna. Það ber út af fyrir sig að virða, að hv. þm. er ekki algerlega blindur fyrir þeim vanda, sem af því leiðir, að miklar kauphækkanir hljóta að hafa óhagstæð áhrif á gjaldeyrisafkomuna, en það er meira en sagt verður um málflutning allra samherja hans. En það eru til fleiri leiðir en gengisfelling til þess að takmarka gjaldeyrisnotkun, segir hv. þm. Já, það er alveg rétt, það eru til fleiri leiðir. Það er hægt að hækka aðflutningsgjöld, og það er hægt að taka upp innflutningshöft í einni eða annarri mynd. En hvor þessara leiða sem farin er, þá eiga þær það sameiginlegt með gengisfellingunum, að þær hindra það, að kaupmáttur launa gagnvart erlendri vöru aukist, og rýra kjör launþega sízt minna. Auk þess fylgir haftaleiðinni a. m. k. margvíslegt óhagræði og spilling, sem ég fer ekki nánar út í að ræða hér. Þó að gengisfellingin hafi að vísu hindrað, að um verulega aukningu erlends neyzluvarnings gæti orðið að ræða vegna kauphækkananna, þá þýðir það ekki, að með henni sé hindruð öll kaupmáttaraukning. Launþegar verja þó meira en helmingi tekna sinna til kaupa á innlendri vöru og þjónustu, og aukinn kaupmáttur þess hluta teknanna er ekki af þeim tekinn með gengisfellingu. Annað mál er hitt, að aðrar hindranir eru í veginum fyrir því, að um slíka kaupmáttaraukningu gagnvart innlendri vöru og þjónustu geti orðið að ræða, og má þá fyrst og fremst nefna lagaákvæði þess efnis, að verð búvöru skuli hækka til samræmis við hækkun kaupgjalds, en ekki munu hv. stjórnarandstæðingar telja þá löggjöf ósanngjarna. Þrátt fyrir þetta hafa verðhækkanir þær, sem orðið hafa síðan í sumar, ekki gert kjarabæturnar að engu, svo sem hæstv. viðskmrh. sýndi fram á við 1. umr. málsins, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar. Hitt er svo annað mál, að þær kjarabætur, sem raunhæfur grundvöllur var fyrir, hefði verkalýðurinn auðveldlega getað fengið án verkfalla, en það er önnur saga.

Hv. stjórnarandstæðingar, sem hér töluðu við 1. umr. málsins, notuðu mikið þau rök gegn gengisfellingunni í sumar, að aflabrögð og verðlag sjávarafurða hefðu reynzt hagstæðari á s. l. ári en gert hefði verið ráð fyrir, þegar gengisfellingin var ákveðin. Það er rétt, að síldaraflinn s. l. sumar var meiri að magni og verðmæti en nokkru sinni hefur verið síðan á stríðsárunum, og á það síðan þátt í því, að gjaldeyrisafkoma ársins var betri en skynsamlegt var að gera ráð fyrir á miðju s. l. sumri. Þetta snertir þó að mínu áliti alls ekki kjarna þess máls, sem hér er um að ræða. Auðvitað væri engin heilbrigð skynsemi í því að ákveða gengisskráninguna með tilliti til afkomunnar á einni síldarvertíð, hvort sem umrædd síldarvertíð er góð eða léleg. Gengið ber að ákveða með hliðsjón af gjaldeyrisaðstöðunni, eins og hún er, og væntanlegu framboði og eftirspurn erlends gjaldeyris miðað við meðalárferði. Það gefur auðvitað auga leið, að allar þær áætlanir, sem byggja verður á í þessu efni, hljóta alltaf að verða háðar verulegri óvissu, ekki sízt með tilliti til þess, hve áhættusamir útflutningsatvinnuvegir okkar Íslendinga eru. Meðan okkur hefur ekki enn tekizt að safna hæfilegum gjaldeyrisvarasjóðum, er óskynsamlegt að tefla á tæpt vað í þessu efni. Það mundi síðar en svo valda þjóðinni neinu óbætanlegu tjóni, þótt hún í eitt ár eða svo neitaði sér um aukinn innflutning neyzluvöru vegna of lágs gengis. Það mundi aðeins leiða til meiri söfnunar gjaldeyrisforða en ella, en honum væri alltaf auðvelt að ráðstafa síðar. Hitt getur aftur valdið okkur óbætanlegu tjóni og álitshnekki, ef teflt er á svo tæpt vað með gengisskráninguna, að við lendum í svipuðum greiðsluvandræðum og þeim, sem yfirvofandi voru eða jafnvel skollin á, þegar gengið var fellt 1960, og raunar oft endranær.

Ég get ekki látið hjá líða við þetta tækifæri að leiðrétta þær tölur um kaupmátt launa, sem birtar eru í nál. hv. 5. þm. Norðurl. e. um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar, af því að ég tel, að umr. um það atriði eigi heima við meðferð þessa máls, enda nefndi hv. þm., ef ég man rétt, sömu tölurnar við 1. umr. þessa frv. Þessar tölur gefa að mínu áliti mjög villandi mynd af þeirri þróun.

Í útreikningum Torfa Ásgeirssonar, sem tölur þessar eru byggðar á, er aðeins tekið tillit til a-liðar núgildandi vísitölugrundvallar, þ. e. verðs á vöru og þjónustu. Húsnæðis- og skattaliðunum er hins vegar sleppt. Nú er húsnæði svo mikilvægur liður framfærslukostnaðar, að auðvitað ber að taka húsnæðisliðinn með, þegar metinn er kaupmáttur launa. Í þessu felst ekki ádeila á þann mæta mann, Torfa Ásgeirsson, sem þessa útreikninga hefur gert. Mér eru ljósar ástæður hans fyrir því að taka útsvarsliðinn ekki með í þessum útreikningum. En þessar ástæður munu í fyrsta lagi þær, að vegna hinna algerlega óraunhæfu ákvæða um hámark húsaleigu, sem enn eru í lögum, hefur um langt skeið ekki verið fært að safna neinum gögnum, er á væri hægt að byggja, um raunverulega húsaleigu. En í öðru lagi mun þetta gert til þess að fá samanburðargrundvöll aftur í tímann. Þetta breytir engu um það, að þessir útreikningar sýna villandi mynd af áhrifum gengisbreytingarinnar á kaupmátt launa. Víst er um það, hvað sem segja má um áreiðanleik þeirrar tölu, er gefa á til kynna húsnæðiskostnaðinn, að húsaleiga hefur lítið breytzt til hækkunar af völdum gengislækkunar enn sem komið er. Þetta stafar einfaldlega af því, að enda þótt gengisbreytingin hafi valdið talsverðri hækkun á byggingarkostnaði, þá eru nýbyggingar svo lítill hluti af því húsnæði, sem í notkun er, að meiri tilkostnaður við þær vegur mjög lítið, ef

meta á hækkun húsaleigunnar í heild. Það þarf því langur tími að líða, til þess að þeirra áhrifa gæti verulega. Af þessari ástæðu má fullyrða, að raunveruleg minnkun kaupmáttarins sé allmiklu minni en þessir útreikningar gefa til kynna. Hins vegar er ekki venja að taka tillit til skatta og fjölskyldubóta, þegar metinn er kaupmáttur tímakaups. Það skal ég fullkomlega gefa hv. 5. þm. Norðurl. e. eftir. En af því leiðir aftur, að kaupmáttur tímakaups er ekki einhlítur mælikvarði á þær breytingar, sem verða á kjörum launamanna. Í því sambandi skipta auðvitað einnig máli atriði eins og beinir skattar, fjölskyldubætur o. fl. Ef verðlag hækkar t. d. um 5% jafnhliða því, að tekjur verkamannsins hafa verið hækkaðar um 5% vegna aukinna fjölskyldubóta, hefur kaupmáttur tímakaups að vísu rýrnað um 5%, en kjör verkamannsins hafa ekki breytzt. Að halda öðru fram í þessu efni stríðir gegn heilbrigðri skynsemi. Réttasti mælikvarðinn á þær breytingar, sem orðið hafa á kjörum verkafólks, frá því að efnahagsmálaráðstafanirnar voru gerðar, er því breytingin á heildarvísitölunni, en hún hafði hækkað um 4—5% fram að verkföllunum á s. l. sumri. Það, sem launþegar hafa haldið eftir af kauphækkununum s. l. sumar, vegur því nokkurn veginn á móti þeirri kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin olli. Og eftir að þær kauphækkanir eru komnar til framkvæmda, sem um hefur verið samið frá 1. júní n. k., eru kjörin, ef verðlag helzt óbreytt, orðin betri en þau hafa verið frá styrjaldarlokum. Laun héldu áfram að hækka um 3—4% á ári. Þá yrði þróun kjaramála verkalýðsins allt önnur og hagstæðari en hún hefur verið frá stríðslokum, þar eð lífskjörin hafa í meginatriðum staðið í stað á því tímabili. Hvort verkalýðurinn svo vill styðja slíka þróun eða velja hina leiðina að leitast við með löngum og dýrum verkföllum að knýja fram kjarabætur, sem eru umfram það, sem launagrundvöllur er fyrir, og hljóta alltaf að renna út í sandinn með einhverju móti, er svo atriði, sem reynslan ein fær skorið úr að fullu.

Einhver fráleitasta staðhæfingin í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga er sú, sem einkum hefur verið hamrað á í málgögnum hv. Framsfl., að lækkun vaxta gæti verið eitthvert úrræði til úrbóta, sem vegið hefði getað móti þeim kostnaðarauka, sem kaupgjaldshækkanirnar hafa í för með sér. Rökin fyrir þessu eru þau, að eitthvert frystihús hafi haft svo mikla vaxtabyrði, að það hefði munað meira um 2% lækkun vaxta en þá kauphækkun, — að mér skilst þó umfram tillögu sáttasemjara, — sem um var samið s. l. sumar. Að gera það, sem kann að eiga sér stað sem undantekning, að almennri reglu er auðvitað fráleitara en svo, að því taki að svara. Hæstv. viðskmrh. sýndi annars með glöggum rökum fram á það við 1. umr. málsins, að vaxtasparnaður fyrirtækjanna hefði aðeins numið litlu broti af kauphækkununum, ef litið er á atvinnuvegina sem heild. En auk þess hefðu aukin útlán og minni sparifjármyndun haft óhagstæð áhrif á efnahagskerfið í heild, ekki síst gjaldeyrisstöðuna, þannig að vaxtalækkun hefði aukið þann vanda, sem leysa þurfti, en ekki hið gagnstæða.

Það, sem einkennt hefur málflutning hv. stjórnarandstæðinga í máli því, er hér liggur fyrir, sem í öðru því, er efnahagsmál varðar, er það, að þeir vilja ekki taka tillit til staðreynda í efnahagslífinu og forðast að ræða málin á grundvelli þeirra. Ekki er þetta þó sprottið af vanþekkingu, — því miður, liggur mér við að segja, — heldur hinu, að mat þeirra á þroska hinna óákveðnu kjósenda, sem um er barizt, er það, að þeir vilja ekki horfast í augu við veruleikann, heldur lifa í heimi óskhyggjunnar og trúa því, að allar óskir sé auðvelt að uppfylla með einföldum og sársaukalausum aðgerðum, sem strandi einungis á heimsku og illvilja þeirra, er stjórnartaumunum halda í hendi sér. Þó að því fari vitanlega fjarri, að með efnahagsmálaráðstöfunum þeim, sem gerðar voru fyrir 2 árum, hafi enn tekizt að skapa hér á landi hinn bezta heim allra heima, þá hefur þó árangur af þeim orðið mikill þrátt fyrir þær skemmdartilraunir, sem gerðar hafa verið gegn þeim af stjórnarandstöðunni.

Í ársbyrjun 1960 var gjaldeyrisaðstaðan svo slæm, að nær lá greiðsluþroti. Nú ráðum við hins vegar yfir talsverðum gjaldeyrisvarasjóði. Ísland er nú aftur hlutgengur aðili í alþjóðlegu samstarfi á sviði efnahagsmála einmitt vegna þessara ráðstafana. Ef árferðið verður sæmilegt næstu missiri og ekki verður hleypt af stað nýrri verðbólguöldu, getur þjóðin vissulega vænzt vaxandi framfara og batnandi lífskjara. Skilyrði fyrir því er þó að mínu áliti það, að haldið verði áfram á þeirri braut, sem mörkuð var með efnahagsmálaráðstöfununum fyrir tveimur árum. Ef tekið væri í þessum efnum tillit til ábendinga og úrræða stjórnarandstöðunnar í efnahagsmálum, en þau virðast helzt vera stórfelld lánsfjárþensla og óraunhæf gengisskráning, þá mundi fljótt sækja í sama horf og áður, að gjaldeyrisskortur og alls kyns höft mundu setja svip sinn á atvinnulífið. Ísland gæti þá ekki lengur verið hlutgengur aðili í efnahagssamvinnu vestrænna þjóða, en yrði eins konar Kúba Vestur-Evrópu, sem yrði að láta sér nægja þá mola, er til kynnu að falla af náðarborði Austur-Evrópulandanna. Þeir eru því miður til í hópi hv. stjórnarandstæðinga, sem slíka þróun mundu telja æskilega. En jafnvíst er hitt, að slík þróun mundi meginþorra stuðningsmanna þeirra mjög óhugnæm. En ráðstafanir í efnahagsmálum, sem ekki byggjast á staðreyndum og gildandi lögmálum, heldur brjóta í bága við þau, geta ekki náð þeim tilgangi, er til er ætlazt, fremur en læknisaðgerðir, sem ekki taka tillit til þeirra lögmála, er starfsemi mannslíkamans er háð, leiða ekki til bata.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er næstsíðasta málið á dagskránni í dag: Seðlabanki Íslands. Ég tek þetta fram vegna þess, að mér virtist hv. frsm. meiri hl. aðallega tala um síðasta málið á dagskránni, ráðstafanir vegna ákvörðunar um nýtt gengi. Hann tók það fram,

að honum þætti, að málið væri of lögfræðilegt. Hann vildi ekki hætta sér inn í myrkviði lögfræðinnar og lögkrókanna. Mér varð að láta mér detta í hug, hvort gæti skeð, að svo hefði verið um fleiri hv. stuðningsmenn ríkisstj., að þeir hefðu ekki skyggnzt inn í myrkrið. En hins vegar er ekki vafi á því, að þeir hafa veitt því, sem í myrkrinu er, stuðning, hvað sem það er. Og það er í sjálfu sér eitt af því, sem er athugavert við þetta mál, að það er þannig til orðið. Mér þótti vænt um, að þetta kom fram hjá hv. frsm. En sannleikurinn er sá, að það er ekkert myrkur. Hér er í sjálfu sér ekkert myrkur, og það þarf ekki lögfræði til að skilja 28. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er ekkert myrkur.

Þetta frv., sem hér er til umr., er lagt fram til þess, að Alþ. staðfesti brbl. hæstv. ríkisstj. frá 1. ágúst um að létta þeirri ábyrgð af Alþ. að skrá gengi ísl. krónu, en fela skráningarvaldið Seðlabanka Íslands. Þetta er hagræðing mála, áður en gengið var fellt og áður en kom að þeim þætti, sem hv. frsm. meiri hl. talaði aðallega um. 28. gr. stjórnarskrárinnar ein fjallar um heimild til útgáfu brbl. Hún heimilar útgáfu brbl. „milli þinga“, „þegar brýna nauðsyn ber til“ og aðeins þegar brýna nauðsyn ber til. Þetta umboð hefur forseti Íslands, að gefa út brbl., og þó öllu heldur hefur ríkisstj. umboð samkv. venjum, frumkvæðið er hjá henni. Forsetinn skal því eigi gagnrýndur hér, heldur hæstv. ríkisstj., fyrir það, sem gert var með setningu þeirra brbl., sem umrædd eru.

Það er staðreynd, hvenær er „milli þinga“. Hins vegar getur vitanlega ríkisstj. kallað þing saman hvenær sem er, ef henni sýnist það réttara en gefa út lög á eigin ábyrgð og ef henni þykir það tiltækilegt tímans vegna. Þetta er vitanlega matsatriði, hvort á að kalla saman þing eða ekki, þegar eitthvað ber við, sem krefst lagasetningar að dómi hæstv. ríkisstj.

Ég álít, að þegar hæstv. ríkisstj. taldi nauðsyn á því að gefa út brbl. í sumar sem leið um það mikilsverða efnahagsatriði, sem þá kom til sögunnar, hefði hún í raun og veru átt að kalla saman Alþ., og ég hygg, að það hefði orðið farsælla, vegna þess að sá tími, sem það hefði tekið, hefði orðið mikilsverður yfirvegunartími. Enn fremur hygg ég, að þá hefði það komið til sögunnar, að ekki eins margir og ég hygg að raun hafi orðið á af stjórnarstuðningsliðinu hefðu talið þetta mál í því myrkri, sem þeir gætu ekki gegnlýst.

Svo er hitt, að aldrei má gefa út brbl., nema „þegar brýna nauðsyn ber til“. Það á að vera ófrávíkjanlegt. Til þess á ekki að grípa, nema mikið liggi við, að gefa út brbl. Það getur vitanlega verið matsatriði, hvenær svo mikið liggur við, að brýn nauðsyn sé, og það má vafalaust oft um slíkt deila. En ég hygg, að hér standi svo á, að allir hljóti að finna, að brýna nauðsyn bar ekki til í sumar sem leið að gefa út brbl. til að flytja valdið til að skrá gengi ísl. krónu frá Alþ. til Seðlabankans. Um það eitt eru brbl. þessi. Sú sama ríkisstj., sem gerði þetta, hafði á næsta þingi áður, þinginu 1960—61, lýst yfir því í sambandi við setningu nýrra laga fyrir Seðlabankann þá, að ekki þætti rétt eða ástæða til að fela honum þetta vald, og þm. höfðu virzt á sama máli. Ekki var þar um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. hefði vitað vilja þingsins til tilfærslu valdsins, heldur mátti hún vita hið gagnstæða.

Það má vel vera og er víst rétt, að hæstv. ríkisstj. fékk leyfi hjá flokksmönnum sínum utan þings. Ég hef a. m. k. heyrt, að hún hafi um þetta leyti kallað þá til fundar við sig í höfuðstaðnum. Þó að hún hafi gert það, voru þeir ekki í Alþ., höfðu ekkert löggjafarvald, þó að þeir styngju saman nefjum um þetta 33 talsins. Að vísu kunna þeir að hafa skuldbundið sig til þess að standa saman, þegar til Alþ. kæmi, um brbl. sem þessi og gert sig þannig óhagganlega og rökhelda, áður en til Alþ. kom. En er þvílíkt í samræmi við þingmannsskyldur og uppbyggingu Alþ.? Hvers vegna ætli Alþ. sé í tveim deildum og sex umr. hafðar um flest mál, þar með þetta? Skyldi ekki vera ætlazt til, að menn skiptist á skoðunum og geri sig ekki fyrir fram utan þings rökhelda, heldur endurskoði afstöðu sína við rökræður um málið.

Og nú spyr ég: Hvaða brýna nauðsyn bar til þess milli þinga í sumar sem leið að flytja gengisskráningarvaldið frá Alþ. til Seðlabankans? Hver getur skilgreint þá nauðsyn? Hv. frsm. meiri hl. virtist alls ekki treysta sér til þess. Hér er enginn hæstv. ráðherra viðstaddur, en ég hefði viljað skora á hæstv. ráðherra að gera tilraun til þess að skilgreina þetta. Hæstv. viðskmrh. sagði ekki meira á sínum tíma, eftir því sem forseti kunngerði, um leið og hann gaf út brbl., en að það „þyki eðlilegast“, að Seðlabanki Íslands skrái gengið. Þar er lýst skoðun, en ekki brýnni nauðsyn. Skoðun út af fyrir sig nægir ekki til heimildar til útgáfu brbl. Það þarf að vera brýn nauðsyn. Hver er sá hér, sem getur leitt fram þá nauðsyn og lýst henni? Ég spyr enn og aftur. Það er ekki nóg að segja, að gengisfellingin sjálf hafi verið brýn nauðsyn, og um það talaði hv. frsm. meiri hl. Það er allt annað en það, sem hér er til umr. Það er matsatriði að vísu, en ekki er hægt að segja, að stjórnin hafi brotið stjórnarskrána, þó að hún slysaðist til að meta í því efni rangt að mínu áliti. Við getum deilt á hana fyrir rangt mat, að því er ástæður fyrir gengisfellingunni snertir. Við getum ásakað hana fyrir að hafa fellt gengið. En úr því að hún taldi brýna nauðsyn að lækka gengið, bjó hún sér um leið rétt til þess að fella það sjálf með brbl., en ekki til að afhenda öðrum valdið til að fella það. Með því hefði hún alls ekki brotið stjórnarskrána, eins og hún gerði með því að fela Seðlabankanum vald Alþ., samkv. því, sem ég hef að framan rökstutt.

Mér finnst mjög torvelt að átta sig á því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. fór hina ólöglegu krókaleið að gengisfellingunni. Hæstv. ráðherrar mundu ef til vill geta upplýst það, ef þeir reyndu og væru hér nærstaddir. Slíkt hefði verið mjög fróðlegt fyrir okkur að heyra. Vildi hæstv. ríkisstj. með því dreifa ábyrgðinni af meira en vafasömu verki og koma henni á Seðlabankann með sér? Hélt hún, að hún gæti komið óvinsældum af sér á Seðlabankann? Hélt

hún, að almenningur mundi telja ákvörðun bankans ópólitíska? Vissi hún ekki fyrir fram, að þjóðin sá og heyrði, að Seðlabankinn gekk erinda stjórnarstefnunnar, þegar hann gaf út sína ákvörðun?

Ég ætla annars alls ekki í sambandi við þetta frv. að ræða réttmæti gengisfellingarinnar, það er umræðuefnið, eins og ég tók fram áðan, sem er næsta mál á dagskrá. Hér er um það eitt að ræða, hvort Alþ. á að telja gott og gilt, að ríkisstj. leyfi sér alveg að nauðsynjalausu „milli þinga" að setja brbl., að „Seðlabanki Íslands skuli ákveða stofngengi ísl. krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli." Ef slík brbl. verða staðfest, er það augljóst, að eftirleiðis geta þá ríkisstjórnir gert með brbl. svo að segja hvað sem er upp á væntanlega staðfestingu með tilvitnunum í þetta frv. sem fordæmi. Ég tel, að Alþ. megi ekki og geti ekki sóma síns vegna samþ. frv., sem brýtur eins mikið og þetta gerir í bága við grundvallarlög íslenzka lýðveldisins. Þess vegna legg ég til, að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn., 11. þm. Reykv., hélt hér langa og fræðilega ræðu um nauðsyn gengisfellingarinnar, og það var vissulega virðingarvert hjá honum að reyna að rétta nokkuð hlut hæstv. viðskmrh. hér frá því við 1. umr. málsins, er hann gafst algerlega upp við að verja gengisfellinguna og ráðstafanirnar í kringum hana. Ég hafði hugsað mér að taka þessa fræðilegu ræðu að nokkru til athugunar í sambandi við það mál, sem hér er næst á dagskránni, og vil þess vegna nú ekki svara þessari ræðu mikið. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna sem dæmi um málflutning þessa hv. þm. það, sem hann sagði um breytingar á kaupmætti verkamannalauna, þar sem hann taldi, að ég hefði farið hér með mjög rangt mál í mínu nál. um það, að kaupmátturinn, sem stóð í 84 stigum, þegar gengisfellingunni var dembt yfir, væri nú kominn í 83 stig. Og hann taldi, að þetta gæfi ekki rétta hugmynd af þeim breytingum, sem orðið hefðu á kaupmættinum, vegna þess að þarna væri aðeins miðað við kaupmáttinn gagnvart vörum og þjónustu, en ekki tekið inn í þar margt, sem máli skipti, eins og húsnæðisliður vísitölunnar, fjölskyldubætur og annað slíkt.

Ég held nú, að ef aðrar röksemdir hv. þm. standast álíka vel og þessi fullyrðing hans, þá sé ekki gefandi mikið fyrir þá fræðimennsku, sem hann var hér að halda að hv. þingdeild, því að staðreyndin er sú, að það kemur síst hagstæðara út úr dæminu, þó að allir þessir liðir, sem hann nefndi, séu teknir með, þ. e. a. s. þótt miðað sé við breytingar á sjálfri framfærsluvísitölunni, þar sem búið er að taka inn í allar skattalækkanir, sem hafa orðið, og fjölskyldubætur og annað slíkt, sem ekki var áður inni í vísitölunni, en nú hefur verið tekið inn í hana. Þessi vísitala, sem miðaðist ekki aðeins við vöru og þjónustu, heldur við byggingarkostnað, við opinber gjöld, útsvör, skatta og fjölskyldubætur og reiknað út frá því, hún hefur hækkað, frá því að gengisfellingin var framkvæmd, úr 104 stigum í 116, þ. e. a. s. hún hefur hækkað um 11.6%, á sama tíma og kaupgjald verkamanna hefur hækkað um 10—11.

Ég fæ því ekki séð annað en út úr þessu dæmi komi nákvæmlega eða svo til nákvæmlega það sama og það er reiknað eftir aðferðum Torfa Ásgeirssonar. Það stendur sem sagt óhaggað og algerlega óhrekjanlegt, að kaupmættinum, hvaða aðferðum sem beitt er við útreikninga, hefur hrakað, frá því að verkalýðsfélögin gerðu sína samninga. Það er algerlega sama, hvaða aðferð er viðhöfð.

Það er svo auðvitað annað mál, að hvor leiðin sem valin er til útreiknings gefur ekki fullkomna hugmynd um það, hvað kaupmættinum hefur raunverulega hrakað, hvernig lífskjörunum hefur raunverulega hrakað í tíð núv. ríkisstj. Það er margt, sem kemur þar til greina, t. d. það, að húsnæðiskostnaðurinn er ekki kominn inn í vísitöluna nema að mjög litlu leyti. Ég hef nú ekki Hagtíðindin fyrir framan mig, en mig minnir, að það sé reiknað með hækkun húsnæðiskostnaðar upp á örfá hundruð krónur. Nú vita náttúrlega allir, að þarna er aðeins örlítið brot af hinum gífurlega þunga, sem lagður hefur verið á launamenn og alveg sérstaklega þá, sem hafa þurft að standa í því að byggja yfir sig hús, borga vexti af íbúðum og öðru slíku, þannig að þessir útreikningar, hvor aðferðin sem notuð er, gefa mjög takmarkaða hugmynd um það, hver þróunin í þessu efni hefur orðið. En það er alveg víst, að hvor aðferðin sem notuð er gefur miklu vægari mynd af þessu en það í raun og veru er. Og það er þess vegna furðulegt, að jafnágætur fræðimaður og þessi hv. þm. vafalaust er skuli svo misnota þekkingu sína á þessum efnum sem þessi málflutningur ber vott um.

En ég ætlaði sem sagt ekki að gera þessa ræðu frekar að umtalsefni núna. Ég tel að ýmsu leyti, að umr. um þetta eigi eins vel heima í sambandi við frv. um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, og mun geyma mér að ræða frekar þau mál sérstaklega.

Þá ætla ég að snúa mér aðeins örlítið að því frv., sem hér liggur fyrir. En það er eins og margoft hefur komið fram í þeim umr., sem um þetta frv. hafa orðið hér á hv. Alþingi, að þá er hið eina formlega efni þess það að staðfesta þau brbl., sem út voru gefin 1. ágúst s. l. og kváðu svo á, að valdið yfir skráningu gengisins skyldi verða tekið af Alþingi og fengið í hendur stjórn Seðlabankans. Gengisfellingin sjálf, sem var þó sú athöfn, sem stefnt var að með þessum brbl., er að forminu til alls ekki á dagskrá hér á hv. Alþingi, eins og hún hefði verið, ef hún hefði verið ákveðin með brbl. Og ég tel einmitt þá staðreynd, að gengisfellingin sjálf er alls ekki til umr. að formi til hér á hv. Alþingi, vera eina af vísbendingunum um það, að útgáfa brbl. hafi ekki verið í samræmi við stjórnskipunarlög. Alþingi hafði síðast með löggjöfinni um Seðlabanka Íslands samþykkt þá skipan mála, að gengisskráningarvaldið skyldi vera í þess höndum, en ekki í höndum Seðlabankans. Þessi skipun var að vísu yfirveguð við þá lagasetningu, sem sett var um Seðla-

bankann á síðasta Alþingi, en var þá hafnað bæði af ríkisstj. og af Alþingi, sem staðfesti þá höfnun ríkisstj. á þessu fyrirkomulagi. Þetta vita allir. Þess vegna var engum fært að breyta gengi gjaldmiðilsins nema löggjafanum, þ. e. a. s. annaðhvort ríkisstj. með brbl. þar um eða þá Alþingi sjálfu. En samt stöndum við nú frammi fyrir þeirri furðulegu staðreynd, að það er Seðlabankinn, sem nú hefur skráð gengið, en hvorki bráðabirgðalöggjafinn né sjálft Alþingi. Það, sem hér hefur gerzt, er í raun og veru alveg hliðstætt því, að t. d. ríkisstofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins væri með brbl. fengið vald til þess að breyta lögum um almannatryggingar eftir vild sinni eða öðrum stofnunum væri að meira eða minna leyti falið af ríkisstj. raunverulegt löggjafarvald, eða kannske öllu heldur falið vald, sem löggjafinn einn hefur haft áður. Það getur vafalaust staðizt fyllilega, enda mörg fordæmi hægt að finna vafalaust fyrir því, að opinberum stofnunum sé falið nokkurt vald í málefnum, sem Alþingi hefur áður kveðið á um. En það hefur þó, held ég, alltaf verið gert með lögum frá Alþingi, þ. e. a. s. Alþingi sjálft hefur afsalað sér því valdi, sem um var að ræða. Hins vegar hef ég ekki a. m. k. heyrt nefnd fordæmi fyrir því, að nokkur ríkisstj. hafi með útgáfu brbl. beinlínis tekið vald af Alþingi og þannig framið valdsviptingu gagnvart því, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur óumdeilanlega gert.

Það hefur enginn vefengt það, að ríkisstj. hefði haft fullt vald til þess að fella gengið með brbl., þótt því verði ekki neitað, að svo örlagarík ákvörðun fyrir þjóðina alla, fyrir afkomu almennings og alla þróun efnahagsmála, hlaut alltaf að vera hæpin, að ekki sé meira sagt, án þess að Alþingi væri kallað saman og það látið fjalla um málið. En samt sem áður hefði það ekki sætt ákæru á hendur ríkisstj. fyrir það alvarlegasta athæfi, sem ein ríkisstj. getur framið, þ. e. a. s. að brjóta skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, hefur meðal margs annars komið fram og reynzt algerlega óhrekjanlegt í fyrsta lagi, að við útgáfu brbl. var ekki fullnægt því höfuðskilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar, að brbl. megi ekki gefa út, nema brýn nauðsyn sé. Þessi staðreynd ein fyrir sig er nægjanleg til þess að sanna ákæru stjórnarandstæðinga, og hún er svo augljós, að jafnvel talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa ekki treyst sér til að neita henni. Í öðru lagi, að brbl. voru gefin út aðeins 4—5 mánuðum eftir að Alþingi hafði samþykkt lög, sem ákváðu þveröfuga skipan mála við þá, sem brbl. kváðu á um. Þessari staðreynd hafa talsmenn ríkisstj. ekki heldur getað neitað, en hún er annað úrslitaatriðið í málinu og svo mikilvægt, að fræðimenn, þar á meðal núv. hæstv. dómsmrh., hafa rætt þetta atriði stjórnskipunar sem fræðimenn, en ekki sem stjórnmálamenn, varað alveg sérstaklega við því, að bráðabirgðalöggjafarvaldinu sé beitt, þegar svo stendur á eins og hér stóð á um óvefengjanlega afstöðu Alþingis. Í þriðja lagi, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og vafalaust fullkomna leit að fordæmum þess, sem hér hefur verið gert, hefur talsmönnum hæstv. ríkisstj. ekki tekizt að finna nokkurt dæmi þess, að ríkisstj. hafi beitt bráðabirgðalöggjafarvaldinu á hliðstæðan hátt og gert var með lögunum frá 1. ágúst.

Enn hefur það gerzt í þessari hv. deild, sem ég tel ekki lítilvægt, ofan á allt annað, að einn helzti sérfræðingur í stjórnlagafræði, prófessor Ólafur Jóhannesson, hv. 3. þm. Norðurl. v., hefur hér í mjög málefnalegri og fræðilegri ræðu kveðið skýrt og ótvírætt upp úr með þá skoðun sína, að hér sé um hreint stjórnarskrárbrot að ræða. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er auðvitað stjórnarandstæðingur og því kannske ekki unnt af þeirri ástæðu að skoða hann sem algerlega hlutlausan dómara í þessu máli. En ég held þó, að ræða hans hér í hv. d. við 1. umr. málsins hljóti að vega nokkuð þungt, þegar þess er gætt, hver fræðimaður hér á í hlut. Og þetta verður svo enn augljósara og þyngra á metum, þegar þess er gætt, að engin tilraun hefur verið til þess gerð að hnekkja þeim rökum, sem bæði hann og aðrir hafa stutt þær þungu ásakanir á hendur ríkisstj., að hún hafi brotið stjórnarskrá lýðveldisins með útgáfu þessara margnefndu brbl.

Eins og hér hefur komið fram og raunar er alkunnugt, höfum við enga þá stofnun eða dómstól í íslenzku þjóðfélagi, sem fær er um að dæma í slíku ágreiningsmáli sem því, sem hér er um að ræða. Hér hefur því hæstv. ríkisstj. skákað í því hróksvaldi m. a., að ákvæðin um landsdóm eru vegna notkunarleysis algerlega dauður bókstafur, sem ekkert gildi hefur. Meðan svo er ástatt, virðist ekki óeðlilegt, að um slíkt ágreiningsmál sem hér er um að ræða sé leitað álits þeirrar stofnunar, sem nokkurs hlýtur að vera metin sem ráðgjafi í lögfræðilegum efnum, þ. e. a. s. lagadeildar Háskóla Íslands. Það er ekki svo að skilja, að ég telji, að álit þeirrar stofnunar væri algildur mælikvarði á stjórnlagagildi brbl. og óumdeilanlegt. En á hinn bóginn hlyti t. d. einróma álitsgerð slíkrar stofnunar, á hvora sveifina sem hún snerist, að þykja harla mikilvæg. Ég lagði þess vegna til í fjhn., að leitað væri álits lagadeildar háskólans um þetta mál. En þá skeði hið furðulega, að tveir af hv. stuðningsmönnum ríkisstj. vildu ekki eiga neitt undir því, hver niðurstaða lagadeildarinnar yrði í málinu, og var þessi till. mín felld með jöfnum atkv., en hv. 9. landsk. þm. (JÞ) sat hjá við atkvgr. Því var að vísu borið við, að andstaðan stafaði af því, að álitið mundi ekki liggja fyrir fyrr en svo seint á þinginu, að bagi væri að. En tæplega þykir mér unnt að taka þá afsökun alvarlega, þegar þess er gætt, að auðvelt er að afgreiða málið á örskömmum tíma við þær tvær umr., sem eftir eru hér í þessari deild. Ástæðan fyrir þessari andstöðu við þessa till. mína getur því engin önnur verið en sú, að þeir, sem að því stóðu að fella hana, hafi óttazt, að álitsgerð lagadeildarinnar gengi gegn þeim og með henni bættist enn við þann röksemdaforða, sem fyrir er gegn því, að Alþingi eigi eða geti staðfest brbl. og þar með lagt blessun sína og samþykki við því stjórnlagabroti, sem hæstv. ríkis-

stjórn hefur framið. En það er vissulega líka nokkurs virði að sannfærast um það á þennan hátt, að sannfæring þeirra hv. stjórnarsinna í þessu máli er ekki alveg eins sterk og þeir vilja vera láta.

Sú skoðun okkar stjórnarandstæðinga, a. m. k. okkar Alþb.-manna, að útgáfa brbl. hafi verið stjórnarskrárbrot, er ekki eina ástæðan fyrir afstöðu okkar til þessa frv. Þar kemur hvort tveggja til, að við höfum verið og erum algerlega andvígir þeirri skipan mála, að Seðlabankinn hafi gengisskráningarvaldið, og höfum frá því fyrsta barizt fyrir því, að það héldist í höndum Alþingis, og einnig hitt, að við erum andstæðir gengisfellingunni sjálfri og hefðum verið, þótt hún hefði verið með lögmætum hætti til komin. Afstöðu okkar til hins fyrra atriðisins bar nokkuð á góma hér við 1. umr. málsins hjá þeim flokksbræðrum, hv. 9. landsk. þm. og hæstv. viðskmrh. Sagði hæstv. viðskmrh., að aðalástæðan fyrir því, að ekki hefði á síðasta þingi verið ákveðið að færa gengisskráningarvaldið í hendur Seðlabankanum, hefði verið sú, að við Alþb.-menn hefðum verið því andvígir, en talið hefði verið mikilsvert að fá sem víðtækasta samstöðu um hina nýju seðlabankalöggjöf. Þannig vildi hæstv. ráðherra leiða líkur að því, að raunverulega hefði vilji meiri hl. Alþingis ekki verið sá, sem löggjöfin sýndi, heldur þveröfugur, sem sé sá, að valdið yrði í höndum Seðlabankans. Hv. 9. landsk. þm. hafði áður sagt og hæstv. ráðh. staðfesti það, að ástæðan fyrir þessu hefði verið sú, að ef það hefði verið gert s. l. vetur, sem nú hefur verið gert með þessum brbl., þá hefði reynzt auðvelt fyrir stjórnarandstæðinga að sá tortryggni meðal launafólks um það, að gengið yrði fellt, ef til kauphækkana kæmi. Ég tel þetta vera töluvert athyglisverðar upplýsingar, — eða kannske öllu heldur ætti maður að kalla það uppljóstranir, — upplýsingar bæði um heiðarleik og hugsunarhátt hv. stjórnarsinna, ef sannar eru. En þessum hv. stjórnarsinnum hefur ekki aðeins orðið það á að skrökva upp á sig vömmum til að reyna að bjarga sér út úr slæmri klípu. Menn skulu bara hugsa sér heilindin, sem hér liggja að baki, í fyrsta lagi í því að leita stuðnings Alþb. við seðlabankalöggjöfina á þeim grundvelli, sem gert var, þ. e. a. s. að hann hefði ekki gengisskráningarvaldið í sinni hendi, hafandi það í huga að breyta þessu strax með brbl., þegar stuðningurinn væri fenginn og þingið farið heim. Þetta er dáfalleg lýsing á eigin vinnubrögðum — eða hitt þó heldur. Og launafólk mátti auðvitað ekki vita það fyrir fram, að gengið ætti að lækka, ef kaupið yrði hækkað. Það varð að leyna þeirri ákvörðun ríkisstj., þangað til hún tæki gildi fyrirvaralaust fyrir launþegana, og beita brögðum, til þess að engar líkur yrðu leiddar að því, að gerðir samningar yrðu eyðilagðir fyrirvaralaust með þessum hætti. Fyrst áttu verkalýðssamtökin að gera samninga, helzt til tveggja ára, eins og hæstv. ríkisstj. hefur alltaf talið mikla nauðsyn á, í góðri trú, og síðan átti að bregða rýtingi gengisfellingarinnar og gera þá að engu. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, en ég hlýt að óska hv. stjórnarflokkum til verðskuldaðrar hamingju í tilefni þessarar greinargóðu lýsingar á þeim siðareglum, sem hæstv. viðskmrh. og hv. 9. landsk. þm. hafa upplýst að stjórnarflokkarnir vinni eftir.

En það er svo aftur íhugunarvert út af fyrir sig, að engir aðrir talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa í öllum þeim umr., sem eru búnar að vera um þessi mál, allt frá því að hv. Alþingi hóf starf sitt á s. l. hausti, talið sér hentugt að skýra vinnubrögðin á þennan hátt, sem þessi hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa gert.

Það hefur að sjálfsögðu verið deilt um það, hvort eðlileg og skynsamleg sé sú skipan mála, að gengisskráningarvaldið sé falið í hendur öðrum aðila en löggjafanum. Einu rökin, sem fram hafa komið til stuðnings því, að þetta vald eigi að vera í höndum Seðlabankans, eru þau, að gengisbreytingu þurfi að gera með skjótum hætti og helzt án alls fyrirvara, til þess að forðast megi ýmsa spákaupmennsku. Ekki finnst mér nú, að þessi rök séu sérlega þung á metum, þegar þess er gætt, að unnt er að afgreiða lög, hvort sem er um gengi eða annað á mjög skömmum tíma á Alþingi, ef áherzla er á það lögð, og auðvelt, án þess að bagi sé að, að stöðva gjaldeyrissölu, á meðan þingið hefur slíkt mál til meðferðar. En á hinn bóginn er auðvitað öllum ljóst, að gengisskráningarvaldið er bókstaflega úrslitavald um efnahagslífið, efnahagsþróunina og lífskjör flestra stétta í þjóðfélaginu. Þeim aðila, sem þetta vald hefur í höndum, er í lófa lagið jafnvel að taka fram fyrir hendur Alþingis í flestum veigamestu athöfnum þess á sviði efnahagsmálanna. Hann getur með einu pennastriki eyðilagt hinar veigamestu aðgerðir Alþingis í efnahagsmálum, og hann getur skammtað almenningi að verulegu leyti þau kjör, sem hann á við að búa.

Það er vissulega nógu illt, þegar löggjafarvaldinu er misbeitt til þess að rýra almenn lífskjör, eins og gert hefur verið á tímabili viðreisnarinnar. En hitt er þó sýnu verra, ef aðilum, sem eru ábyrgðarlausir gagnvart kjósendum landsins, er fengin aðstaða til þess að ráðskast með afkomu og efnahagslega velferð þegnanna eftir vild sinni. Með því er verið að brjóta niður lýðræðislega stjórnskipun og mannréttindi.

Um sjálfa gengisfellinguna, þ. e. a. s. þá fyrstu athöfn, sem stefnt var að með brbl., ætla ég ekki, eins og ég sagði áður, að ræða að þessu sinni. En það má segja, að athöfnin hafi verið í samræmi við málsmeðferðina. Gengisfellingin var fyrst og fremst tilefnislaus hefndarráðstöfun gagnvart íslenzkri verkalýðshreyfingu, vegna þess að hún vildi ekki una kjaraskerðingarstefnu hæstv. ríkisstj. Á þessa hefndarráðstöfun var verið að reyna að setja stimpil hagfræðilegra útreikninga og eitthvert svipmót hlutlauss úrskurðarvalds með því að láta aðra stofnun en sjálfan löggjafann framkvæma hana að forminu til. Ég tel, að umr. hér á hv. Alþingi hafi svipt þessari gæru af gengisfellingunni og sannað, að engin efnahagsleg rök, sem stoð áttu í veruleikanum, hafi stutt þessa ráðstöfun, heldur var stjórn Seðlabankans notuð sem verkfæri til þess að rifta kjarasamningunum. Með því hugð-

ist ríkisstj. firra sig nokkru af þeirri ábyrgð gagnvart þjóðinni og jafnvel gagnvart Alþingi, sem hún ein átti að bera. Og þannig hyggst hún í framtíðinni reyna að losa sig frá því að bera fulla ábyrgð á meðferð gengisskráningarvaldsins, þegar henni kynni að þóknast að beita því á líkan hátt og hún gerði 1. ágúst s. l.

Af þeim þremur höfuðástæðum, sem ég hef nú nefnt: í fyrsta lagi vegna þess, að brbl., sem staðfest yrðu með samþykkt þessa frv., eru hreint brot á stjórnarskránni, í öðru lagi vegna þess, að engum öðrum en löggjafanum, Alþingi, ber að fara með það mikla efnahagslega vald, sem gengisskráningarvaldið er, og í þriðja lagi vegna þess, að ég tel, að Alþingi beri að rifta sjálfri gengisfellingunni, legg ég til, að þetta frv. verði fellt. Með því eina móti ber að snúast gegn öllu því gerræði, sem hæstv. ríkisstj. hefur framið gagnvart Alþingi, gagnvart stjórnarskránni og gagnvart íslenzkum almenningi.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð í tilefni af ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa flutt sín minnihlutaálit. Ég man ekki nú svo glöggt, hvernig því var háttað, þegar seðlabankalöggjöfin var afgreidd í fyrra, en ég minnist þó ekki þess, að við hana væri neinn eindreginn stuðningur andstæðinga ríkisstj. Mig minnir, að þeir væru hér með ýmsar brtt. á lofti. En það mál er út af fyrir sig hægt að kanna betur. Ég get ekki fallizt á það, jafnvel þó að rétt væri farið með hjá hv. síðasta ræðumanni, að um þetta hefði orðið samstaða milli stjórnarflokka og stjórnarandstæðinga, að þá hafi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar þar með skuldbundið sig til þess að breyta ekki þeim lögum síðar.

Þegar seðlabankalöggjöfin var afgreidd seint í marz í fyrra, var vitað, að kjaradeilur voru risnar upp í þjóðfélaginu. Hins vegar vissi þá enginn, hvort þeim kjaradeilum mundi lykta þannig, að það yrði nauðsynlegt eða gæti orðið nauðsynlegt að breyta gengisskráningunni. Um það var ekkert hægt að segja þá. En það er mitt álit, að ef inn í þessa löggjöf um Seðlabankann í fyrra hefði verið sett ákvæði um það, að seðlabankastjórnin færi með gengisskráningarvaldið, þá hefði það af hv. stjórnarandstæðingum verið mistúlkað á þann veg, að verið væri að hóta því að lækka gengið, hvernig svo sem kjaradeilunum lyktaði. Og ég álít, að það hefði verið mjög óheppilegt að setja þessa heimild inn í lögin á því stigi málsins vegna þessarar hættu, sem yfirvofandi var.

Hins vegar ber að fagna því, að það kom alveg ljóst fram frá hv. fulltrúa Alþb., að Alþb. er almennt á móti því, að gengisskráningarvaldið sé flutt frá Alþingi og yfir til bankastjórnar Seðlabankans. Andstaða Alþb. gegn þessu frv. er ekki eingöngu byggð á því, að það telji, að setning þeirra brbl., sem hér er verið að ræða um og staðfesta, hafi verið stjórnarskrárbrot, heldur eru þeir líka efnislega á móti þessu. Og við því er auðvitað ekkert að segja. Þeir hafa sínar skoðanir á þessu.

En mér finnst hins vegar hafa skort talsvert á hjá hinum stjórnarandstöðuflokknum, framsóknarmönnum, að þetta sjónarmið kæmi fram. Ég hef ekki tekið eftir því í ræðum þeirra, að þeir hafi lýst því greinilega, að þeir væru efnislega andvígir þessari breytingu. Nú voru þeir, eins og komið hefur fram, samþykkir þessari breytingu árið 1950, að þá færi gengisskráningarvaldið í hendur Landsbankans eða Seðlabankans, sem þá var aðeins deild í Landsbankanum, en er nú orðinn miklu sjálfstæðari stofnun. Þess vegna fyndist mér mjög æskilegt, að það kæmi fram af hálfu þeirra framsóknarmanna, hvernig viðhorf þeirra sé nú í þessu máli efnislega séð. Við skulum segja, að hér væri verið að flytja frv. um að flytja til gengisskráningarvaldið, eins og gert er, án þess að áður hefðu verið gefin út brbl., þannig að það þyrfti ekkert að deila um það hér, hvort um brot á stjórnarskránni væri að ræða eða ekki. Ég hef áður lýst því hér við 1. umr. þessa máls, að ég teldi, að hér hefði ekki verið um neitt stjórnarskrárbrot að ræða og því færi raunar fjarri. Því hefur reyndar ekki verið mótmælt eða a. m. k. ekki af neinum krafti af stjórnarandstöðunni, að ríkisstj. hefði getað breytt genginu sjálf með brbl. A. m. k. viðurkenna þeir, að það sé álitamál, eða jafnvel, að það hafi verið heimilt. Hinu mótmæla þeir aftur á móti harðlega, að það sé leyfilegt á þennan hátt að færa gengisskráningarvaldið með brbl. yfir í hendur Seðlabankans. Nú er Seðlabankinn sú fjármálastofnun með þjóðinni, sem fer með gengismál og á að hafa bezta yfirsýn yfir þessa hluti. Það var því í sjálfu sér brýn nauðsyn fyrir ríkisstj. að fela þessari stofnun að fara með gengisskráningarvaldið, og maður skyldi nú í aðra röndina hafa fremur vænzt þess, að stjórnarandstaðan fagnaði því, að gengisskráningarvaldið hefði farið í hendur Seðlabankans heldur en vera í höndum ríkisstj., meðan Alþingi sat ekki, vegna þess að stjórnarandstaðan á sinn fulltrúa í stjórn Seðlabankans. Í ríkisstj. er að sjálfsögðu enginn fulltrúi stjórnarandstöðunnar. En í stjórn Seðlabankans sitja ekki eingöngu stjórnarstuðningsmenn, eins og kunnugt er, og mér er ekki kunnugt um, að sá maður, sem á sæti í stjórn Seðlabankans og er ekki stuðningsmaður ríkisstj., hafi haft neina sérstöðu í meðferð þessa máls eða þegar Seðlabankinn tók sína ákvörðun um að breyta genginu. Enn þá síður finnst mér nú raunar hægt að beita þessum rökum hjá hv. stjórnarandstæðingum, þegar þeir hafa látið orð um það falla, að Seðlabankinn væri eins konar afgreiðslustofnun ríkisstj. Ef það væri ekki stjórnarskrárbrot, að ríkisstj. breytti sjálf genginu, þá finnst mér það ekki frekar geta verið stjórnarskrárbrot, þó að ríkisstj. láti einhverja afgreiðslustofnun sína framkvæma þetta, því að það að láta einhverja afgreiðslustofnun gera eitthvað fyrir sig, það er alveg það sama og að gera það sjálfur.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þær framsöguræður, sem hér hafa verið fluttar af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, gefa í rauninni ekki tilefni til andsvara, svo að ég get orðið mjög stuttorður. Það, sem ræðurnar

aðallega fjölluðu um, var sú spurning, hvort brbl. þau, sem sett hefðu verið í sumar, hefðu verið í samræmi við stjórnarskrána. Ég sagði í framsöguræðu minni, að ég mundi ekki hætta mér inn í myrkviði lögkrókanna, heldur láta aðra hv. þdm. úr mismunandi herbúðum um það, sem rötuðu betur á þeim vettvangi, og þeim góða ásetningi ætla ég ekki að bregðast, enda hefur hv. 9. landsk. nú gert þessu máli nokkur skil.

Það má auðvitað lengi um það deila, eins og ég sagði í framsöguræðunni, hvenær brýna nauðsyn beri til, að brbl. séu sett. Ég taldi mig leiða að því rök í framsöguræðunni, að ef ekki hefði verið gripið til sérstakra ráðstafana á s. l. sumri, hefðu hlotizt af vandræði í efnahagsmálum, sem ófyrirsjáanlegar afleiðingar hefðu getað haft, og það eitt tel ég ærna nauðsyn þess, að slík brbl. yrðu sett.

Að öðru leyti sögðu hv. frsm. stjórnarandstöðunnar, að þeir mundu, að því leyti sem þeir sæju tilefni til, ræða spurninguna um réttmæti gengisbreytingarinnar síðar, þegar ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar kæmu til umr. Við það hef ég í sjálfu sér ekkert að athuga. Ég taldi eðlilegt að ræða það í þessu sambandi, en það er auðvitað álitamál, og hitt getur alveg eins komið til greina.

Að öðru leyti vildi ég aðeins gera aths. við það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) sagði um kaupmátt launa, vegna þess að ég tel, að hann hafi misskilið nokkuð þá gagnrýni, sem ég bar fram á tölur þær, sem hann rakti varðandi þetta efni við 1. umr. málsins. Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm., að ef gera á grein fyrir áhrifum gengislækkunarinnar á s. l. sumri á kaupmátt launa, skiptir það ekki miklu máli, hvort miðað er við heildarvísitöluna eða aðeins a-lið vísitölunnar, vörur og þjónustu, þar eð ekki hafa orðið teljandi breytingar á sköttum, fjölskyldubótum eða slíku á því tímabili. En það, sem ég átti við, þegar ég gagnrýndi það, að þessar tölur Torfa Ásgeirssonar væru notaðar sem mælikvarði á þróun kaupmáttar launa, var samanburðurinn milli þess kaupmáttar launa, sem var fyrir gengisbreytinguna 1960, og kaupmáttarins nú. Ef bera á saman þróunina á því tímabili, gerir það auðvitað mjög mikinn mun, hvort miðað er við heildarvísitöluna eða aðeins vöru og þjónustu, sem m. a. sést af því, að sé miðað við heildarvísitöluna, nema verðhækkanirnar aðeins 4%, en ef miðað er aðeins við a-lið vísitölunnar, eins og hv. þm. gerði, þá kemur það út, að kaupmáttur launa sé aðeins 83 á móti 100 fyrir gengisbreytinguna. Nú er það sjálfsagt rétt hjá hv. þm., að þessar voru niðurstöðurnar samkvæmt þeim útreikningum Torfa Ásgeirssonar, sem hann vitnaði í. En eins og ég taldi mig hafa sýnt fram á í framsöguræðunni, er þetta ekki réttur mælikvarði á þá breytingu, sem orðið hefur á kjörunum. Í því efni ber að miða við heildarvísitöluna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Ed., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 655).

---

37. Ráðstafanir vegna ákvörðunar um nýtt gengi.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 19., 24., 25. og 26. fundi í Nd., 31. okt., 2., 3., 6., 7., 9., 10., 13., 16., 23., 24. og 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Brbl. þau, sem leitað er staðfestingar Alþingis á með því frv., sem hér liggur fyrir, voru sett í kjölfar tilkynningar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzkrar krónu 3. ágúst s. l. Hafa brbl. annars vegar að geyma ýmis ákvæði, sem nauðsynlegt er að setja, hvenær sem gengi krónunnar er breytt, en hins vegar eru í þeim fólgin nokkur nýmæli, einkum að því er varðar útflutningsgjald af sjávaraturðum og ráðstöfun þess.

Mun ég fyrst víkja að þeim ákvæðum frv., sem fela í sér framkvæmdaratriði. Segja má, að þau eigi sér flest hliðstæðu, bæði í lögum um efnahagsmál nr. 4 1960 svo og að ýmsu leyti lögum um útflutningssjóð nr. 33 1958.

Í 1. gr. frv. er ákvæði um, að gengistap ríkissjóðs vegna skuldar við Greiðslubandalag Evrópu skuli fært á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Inn á þennan reikning skal einnig taka þann gengismun, sem af sömu ástæðu kemur fram á reikningum gjaldeyrisbankanna. Nú var fyrirsjáanlegt, þegar brbl. voru sett, að um yrði að ræða nokkurn gengishagnað hjá bönkunum, vegna þess að gjaldeyrisstaðan var sæmilega hagstæð, og mundi því ákvæði þessarar greinar þýða það, að sá hagnaður bankanna rynni til þess að bæta ríkissjóði upp þann halla, sem hann mundi ella verða fyrir.

Í 2. og 3. gr. eru enn fremur ákvæði, er tryggja frekari greiðslur inn á gengisreikning ríkissjóðs. Þannig mælir 2. gr. svo fyrir, að bankaábyrgð til handa erlendum aðila skuli gerð upp á nýju gengi, hafi hún ekki fyrir 1. ágúst verið greidd íslenzkum banka. Af þessu leiðir, að gengishagnaður verður af þeim ábyrgðum, sem íslenzkir bankar hafa greitt erlendis, en ekki hafa verið gerðar upp af erlendum viðskiptamönnum þeirra.

Í 3. gr. eru loks ákvæði, er mæla svo fyrir, að allar greiðslur fyrir vinnu eða þjónustu til varnarliðsins, sem inntar voru af hendi fyrir gildistöku hins nýja gengis, skuli gerðar upp á hinu eldra gengi. Af þessu leiðir, að þarna myndast gengishagnaður, sem rennur í gengisreikning ríkissjóðs. Endanlegt uppgjör á gengisreikningnum liggur enn ekki fyrir, en útlit er fyrir, að gengistapið verði ekki meira en um 4 millj. kr., þegar gengishagnaður frá bönkunum og öðrum aðilum vegna ákvæða 1. og 2. og 3. gr. hefur allur skilað sér. Er í 6. gr. frv. ákvæði um greiðslu þessa halla, svo sem brátt mun að vikið.

Í 4. gr. eru ákvæði um það, að gjald af fob.-verði bifreiða skuli innheimta á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær leyfið var veitt. Var þetta ákvæði talið nauðsynlegt til þess að forðast misræmi í þessum efnum, þar sem leyfisgjaldið er oft greitt í áföngum og alllangur tími getur liðið frá ákvörðun um leyfisveitingu og þar til leyfið er innt af hendi.

5. gr. geymir ýmis ákvæði um ákvörðun á tollverðmæti innfluttra vara svo og ákvæði um það, að hægt sé að tollafgreiða vörur miðað við eldra gengi, ef fullnægjandi skjölum hefur verið skilað í toll fyrir gildistöku brbl. og fullnaðargreiðsla á sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þeirra. Eru öll ákvæði þessarar greinar í fullu samræmi við þær reglur, sem áður hafa gilt í þessum efnum, þegar um hefur verið að ræða gengisbreytingu eða hliðstæðar aðgerðir. Er því ástæðulaust að rekja einstök atriði þessarar greinar frekar.

Í 6. gr. er svo fyrir mælt, að gjaldeyrir, sem útflytjendur skila bönkum vegna útflutningsvöru, sem framleidd hefur verið fyrir gengisbreytinguna, skuli greiddur á hinu eldra gengi. Í þessu felst í raun og veru það, að framleiðendur fá ekki í hendur þann verðhækkunarágóða, sem á sér stað á vörubirgðum vegna gengisbreytingarinnar. Hér er um að ræða sömu reglu og lögfest var í sambandi við gengisbreytinguna í febr. 1960. Hliðstæðar reglur voru einnig í lögum um útflutningssjóð nr. 33 1958 svo og í öðrum lögum um breytingu uppbótakerfisins, sem áður giltu. Ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt, að sami háttur yrði á hafður nú, enda má segja, að það hafi verið um margra ára skeið meginregla í verðlagsmálum hér á landi, að eigendur vörubirgða, hvort sem um er að ræða eigin framleiðslu eða aðkeypta vöru, megi ekki hækka þær í verði vegna almennra verðbreytinga, svo sem eftir launahækkanir eða gengisbreytingar. Á meðan ekki er talið fært að hverfa frá þessari aðferð almennt, getur ekki verið um það að ræða, að eigendur útflutningsvörubirgða fái einir að nota verðhækkunarágóða, sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfar hækkana á kaupgjaldi og verði erlends gjaldeyris.

Í 2. mgr. 6. gr. er ákvæði um það, að verðhækkunarágóði sá, sem hér um ræðir, skuli greiddur inn á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé á þessum reikningi skal í fyrsta lagi notað til þess að greiða gengistap ríkissjóðs vegna skuldar við E. P. U., að svo miklu leyti sem það jafnast ekki af gengishagnaði bankanna og tekjum vegna annarra ákvæða 1.—3. gr. Eins og ég drap á áðan, verður hér væntanlega ekki um að ræða hærri upphæð en um það bil 4 millj. kr. Í öðru lagi skal nota fé af reikningnum til þess að greiða hækkun útflutningsgjalds vegna þeirra afurða, sem framleiddar eru fyrir gengisbreytinguna. Er með því móti komið í veg fyrir, að hækkun útflutningsgjalda, sem ég mun ræða um síðar, verði til þess að rýra verðmæti þeirrar framleiðsluvöru, sem til var í landinu, þegar gengisbreytingin átti sér stað. Það, sem eftir verður af verðhækkunarágóðanum, eftir að þetta tap hefur verið greitt, skal nota til þess að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Til frekari skýringar á þessu ákvæði skal á það bent, að verðhækkunarágóðinn, sem fram kom vegna gengisbreytingarinnar 1960, fór óskiptur til þess að jafna hinn mikla halla, sem þá var orðinn á útflutningssjóði. Á sama hátt gekk verðhækkunarágóðinn vegna útflutningssjóðslaganna 1958 í raun og veru inn í uppbótakerfið sjálft. Nú er hins vegar svo ástatt, að útflutningssjóðskerfið hefur verið afnumið og því ekki um að ræða neinn halla frá fortíðinni, sem jafna þarf með þessum verðhækkunarágóða. Hins vegar hafa á undanförnum árum fallið á ríkissjóð til greiðslu mjög miklar ábyrgðir vegna atvinnuveganna, og hefur ríkissjóður orðið að greiða út tugi milljóna króna á ári til þess að standa við slíkar skuldbindingar. Þótti ríkisstj. því rétt, að sá ágóði, sem af atvinnuvegunum er tekinn með ákvæðum þessarar greinar, rynni óskiptur til þess að létta þær byrðar, sem ríkissjóður hefur orðið að taka á sig vegna slíkra ríkisábyrgða. Það skal sérstaklega tekið fram, að í þessu felst það eitt, að aflað er fjár til að mæta þeim útgjöldum, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna ríkisábyrgða. Hins vegar felst ekki í þessu nein heimild til handa ríkissjóði til að gefa eftir skuldir og breytir á engan hátt þeirri stefnu ríkisstj., að leggja verði meginkapp á, að atvinnuvegirnir og aðrir, sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, standi við skuldbindingar sínar.

Ég kem þá að helzta nýmæli brbl., hækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum úr 2.25% í 6% af fob.-verði afurða, reiknað á nýju gengi. Í síðustu mgr. 7. gr. er útflutningsgjaldinu skipt í ákveðnum hlutföllum á milli þeirra aðila, sem hingað til hafa fengið tekjur af útflutningsgjaldi, þ. e. a. s. fiskveiðasjóðs, fiskimálasjóðs, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips, rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Er til þess ætlazt, að tekjur þessara aðila hverra um sig verði um

það bil hinar sömu og orðið hefði að útflutningsgjaldinu óbreyttu. Hækkun útflutningsgjalda, sem leiða mun af ákvæðum 7. og 8. gr., nemur um 115.6 millj. kr. á ári, ef miðað er við framleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1960 umreiknað til núgildandi gengis. Hækkun útflutningsgjalds samkv. l. nr. 66 1957 úr 2.25% í 6% hefur í för með sér tekjuaukningu úr 55.3 millj. kr. í 149.6 millj. kr., sem er hækkun um 94.3 millj. kr. Hlutatryggingasjóðsgjald hækkar úr 0.5% af bátaafurðum og 0.75% af síldarafurðum í 1.25% af þessum afurðum og togaraafurðum, og hefur þetta í för með sér, að tekjur hlutatryggingasjóðs af útflutningi aukast úr 10 millj. kr. í 31.3 millj. kr. eða samtals um 21.3 millj. kr. Samtals nemur því þessi aukning, eins og áður segir, 115.6 millj. kr.

Hér er því um að ræða mjög mikla nýja tekjuöflun af útflutningi, sem kemur til frádráttar frá söluandvirði útfluttra sjávarafurða. Hér er hins vegar engan veginn um að ræða skattlagningu útvegsins, þar sem gert er ráð fyrir, að allar þessar tekjur renni til þarfa útvegsins sjálfs á einn eða annan veg. Í þessu er stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur á undanförnum árum, sem bendir eindregið til þess, að það sé útveginum hagkvæmara, að nokkur hluti framleiðsluverðmætisins renni þannig til sameiginlegra þarfa útvegsins í einu eða öðru formi. Sú tekjuaukning, sem um ræðir, rennur í þrjá staði: til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, til nýs tryggingakerfis fiskiskipa og til hlutatryggingasjóðs. Í öllum þessum efnum er við að styðjast fordæmi og athuganir, er benda eindregið til þess, að þessi ráðstöfun útflutningsgjalda sé útveginum til hagsbóta.

Kem ég þá fyrst að því, að 30% útflutningsgjalds renni til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Miðað við þær tölur, sem ég nefndi áðan, þýðir þetta, að stofnlánadeildin mun fá 45 millj. kr. í tekjur af útflutningsgjaldi á ári, sem mun að sjálfsögðu fara vaxandi ár frá ári, eftir því sem útflutningsframleiðsla vex. Eru þetta jafnháar tekjur og fiskveiðasjóður fær af útflutningi. Við ákvörðun um að leggja hluta nýs útflutningsgjalds stofnlánadeild sjávarútvegsins var við að styðjast þá reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi fiskveiðasjóðs um langt árabil, en höfuðtekjustofn hans hefur ætíð verið útflutningsgjald af sjávarafurðum. Um það munu ekki vera skiptar skoðanir meðal þeirra, sem til þekkja, að fiskveiðasjóður hafi verið sjávarútvegi Íslendinga einhver hin mesta lyftistöng, og hafa lánveitingar hans átt meginþátt í þeirri miklu uppbyggingu, sem átt hefur sér stað í bátaútvegi landsmanna á undanförnum árum. Jafnframt hefur verið ljóst, hve miklu erfiðari aðstöðu þær greinar sjávarútvegsins hafa átt við að búa, sem hafa ekki haft að bakhjarli neina lánsstofnun sambærilega við fiskveiðasjóð. Er hér fyrst og fremst um að ræða fiskvinnslustöðvar, svo sem hraðfrystihús, saltfisk- og skreiðarverkunarhús og síldar- og fiskimjölsverksmiðjur. Hið sama á einnig við um togaraútgerðina, sem hefur ekki átt kost á innlendum stofnlánum síðan stofnlánadeild sjávarútvegsins var upphaflega sett á laggirnar á nýsköpunartímunum. Afleiðingin af fjármagnsskorti vinnslustöðvanna hefur orðið sú, að ekki hefur verið unnt að nýta þann afla, sem fiskiskipaflotinn hefur borið á land, á eins hagkvæman hátt og æskilegt hefði verið, þar sem skipulagi og útbúnaði fiskvinnslustöðvanna hefur vegna skorts á fjármagni verið á margan hátt ábótavant. Það er því mikið hagsmunamál, ekki aðeins fiskiðnaðarins, heldur líka sjálfrar útgerðarinnar, að hægt verði að vinna úr aflanum betri og verðmeiri framleiðsluvöru, enda er það vafalaust líklegasta leiðin til þess að bæta fiskverðið til útgerðarmanna og sjómanna frá því, sem verið hefur. Fullkomin vinnsla úr því hráefni, sem berst á land, er því eitt af meginskilyrðum þess, að hægt verði að bæta afkomu sjávarútvegsins í heild frá því, sem verið hefur, og þar með lífskjör þjóðarinnar allrar. Auk þessa hafa þær rannsóknir á afkomu sjávarútvegsins, sem gerðar hafa verið í sambandi við hin nýju lán stofnlánadeildarinnar, leitt betur í ljós en áður, hve mikla nauðsyn ber til að afla nýs fjármagns til endurbóta og uppbyggingar í fiskiðnaði Íslendinga.

Útvegsmenn munu hins vegar þeirrar skoðunar, að þessum tekjum muni verða betur varið á annan hátt og þá einkum til greiðslu tryggingariðgjalda. Er sjálfsagt að athuga það við meðferð þingsins á frv.

Kem ég þá að ráðstöfun annars meginhluta af aukningu útflutningsgjaldsins, en það eru þau 32% þess, sem renna skulu til nýs tryggingakerfis fiskiskipa samkvæmt síðari ráðstöfun Alþingis. Á sama grundvelli og áður er hér um að ræða 48 millj. kr. tekjur á ári. Með álagningu þessa gjalds er gerð tilraun til að stuðla að lausn hins erfiðasta vandamáls í rekstri íslenzkra fiskiskipa. Athuganir hafa leitt í ljós, að tryggingaiðgjöld af fiskiskipum hér á landi eru allt að því 200% hærri en í öðrum löndum, enda eru þau orðin mjög þungur baggi á útgerðinni. Undanfarin ár hefur þó verið látið reka á reiðanum í þessu efni, vegna þess að það skipulag komst á á tímum uppbótakerfisins, að iðgjöld væru greidd úr útflutningssjóði. Átti það raunar nokkurn þátt í, að ekki var gætt svo hófs í þessum efnum sem æskilegt hefði verið. Árið 1960 varð sú niðurstaðan, að tekjuafgangur útflutningssjóðs var notaður til þess að greiða vátryggingariðgjöld á því ári. Var svo litið á af ríkisstj., að hér væri aðeins um að ræða bráðabirgðafyrirkomulag, enda var útflutningsskatturinn, er lagður var á í febrúar 1960, afnuminn af afurðum, er framleiddar voru eftir síðustu áramót. Á hinn bóginn hefur ríkisstj. látið fara fram allvíðtækar athuganir á því, hvort hægt væri að endurskipuleggja tryggingar fiskiskipa í því skyni að lækka iðgjöld af þeim niður í þær upphæðir, sem eðlilegar mættu teljast miðað við reynslu annarra þjóða. Þeirri athugun er nú lokið, en ríkisstj. hefur enn ekki fengið tækifæri til að kanna til hlítar, hvaða leiðir séu heppilegar í þessum efnum. Fleiri tillögur hafa komið fram en ein. Ríkisstj. leit hins vegar svo á s. l. sumar, að það gæti auðveldað mjög hagstæða lausn þessara mála, að fyrir hendi væri fastur tekjustofn, er rynni til slíks tryggingakerfis fiskiskipa, og gæti orðið til að greiða fyrir lausn þessa vandamáls. Í þessu efni kem-

ur einkum tvennt til. Annars vegar, að þessi tekjustofn verði notaður til að leysa úr aðkallandi vanda í þessum efnum, unz fullkomin endurskipulagning fiskiskipatrygginga hefur komizt í framkvæmd, en það hlýtur að taka alllangan tíma. Hins vegar er líklegt, að það verði að athuguðu máli talið heppilegt, að hið nýja tryggingakerfi fiskiskipa verði að einhverju leyti byggt upp af tekjum af útflutningsgjaldi til frambúðar. Ríkisstj. mun, strax og athugunum á þessum málum er lokið til fulls, leggja fram á Alþingi tillögur um frambúðarskipulag þeirra og um ráðstöfun á þeim tekjum, sem til þess eru ætlaðar af útflutningsgjaldi.

Ég kem þá að þriðja þættinum í aukningu útflutningsgjalda, en það er hækkun hlutatryggingasjóðsgjalds í 1.25%, enda verði það nú innheimt af togaraafurðum einnig, en áður hefur hlutatryggingasjóðsgjald aðeins verið innheimt af bátaafurðum og síldarafurðum. Tekjuaukning hlutatryggingasjóðs af þessari hækkun er, eins og áður segir, 21.3 millj. kr. Svo er fyrir mælt í frv., að þessi tekjuauki gangi til nýrra deilda hlutatryggingasjóðs, er hafi það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, ef þær verða fyrir sérstökum tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utanaðkomandi orsaka. Með þessu er starfssvið hlutatryggingasjóðs víkkað mjög verulega, en hingað til hefur hann eingöngu haft því hlutverki að gegna að aðstoða bátaflotann, ef um almennan aflabrest á tilteknum vertíðum hefur verið að ræða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er eitt meginvandamálið í sjávarútvegi Íslendinga, hve miklar sveiflur eiga sér stað í aflabrögðum frá einum tíma til annars. Ef forðast á stórkostleg áföll og gjaldþrot útvegsins, þegar um almennan aflabrest er að ræða, getur verið nauðsynlegt, að hægt sé að grípa til einhvers konar tekjujöfnunarsjóðs. Reynsla sú, sem fengizt hefur af hlutatryggingasjóði, er einmitt hefur gegnt slíku hlutverki fyrir bátaflotann, hefur sýnt ljóslega, hve mikils virði slík starfsemi getur verið fyrir sjávarútveginn. Starfsemi hlutatryggingasjóðs hefur hins vegar verið þröngur stakkur skorinn, og honum hefur t. d. ekki verið ætlað að vera togaraútgerðinni til aðstoðar. Reynsla síðustu tveggja ára hefur á hinn bóginn sannað, svo að ekki verður um villzt, að ekki er síður þörf slíkrar starfsemi í þágu togaraflotans, ef um almennan aflabrest er að ræða. Ríkisstj. taldi því með hliðsjón af þessari reynslu mikla nauðsyn bera til að efla hlutatryggingasjóð með hækkun hlutatryggingasjóðsgjalds í því skyni, að stofnuð yrði ný deild við sjóðinn, er hefði almennara hlutverki að gegna en þær deildir hans, sem fyrir eru. Mætti úr hinni nýju deild ýmist veita lán til stuðnings togaraflotanum, ef hann verður fyrir alvarlegum áföllum, eða til bátaflotans, ef aflabrestur er meiri en svo, að tekjur þeirra deilda sjóðsins, sem fyrir eru, geti úr því bætt, svo að viðunandi sé. Er nú í athugun á vegum ríkisstjórnarinnar, eftir hvaða reglum hin nýja deild hlutatryggingasjóðs skuli starfa, og verður frv. um það efni lagt fyrir Alþingi að þeirri athugun lokinni.

Í gildandi lögum um hlutatryggingasjóð er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli leggja fram jafnhátt framlag á móti tekjum sjóðsins af útflutningi. Ekki þótti hins vegar ástæða til, að þetta fé komi á móti þeim nýju tekjum, sem hlutatryggingasjóður fær samkv. 8. gr. Er því í 2. mgr. ákveðið, að framlag ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs á þessu ári skuli ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum ársins, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

Ég kem þá að síðustu greinum frv., sem allar eru tæknilegs eðlis.

Í 9. og 10. gr. eru ákvæði um það, að nokkur gjöld, sem fyrir eru, svo sem gjöld fræðisksefirlits, síldarútvegsnefndar, útflutningsskattur af framleiðslu ársins 1960, skuli reiknuð af fob-verði á hinu nýja gengi. Til þess hins vegar að koma í veg fyrir, að útflutningsskattur af framleiðslu ársins 1960 hækki frá því, sem var fyrir gengisbreytinguna, hefur skatturinn verið lækkaður úr 2.5% í 2.2% eða nokkurn veginn sem svarar gengisbreytingunni.

11. gr. er samhljóða 6. gr. laga um efnahagsmál, nr. 4 1960, og er henni ætlað að koma í veg fyrir, að lánssamningar innanlands séu bundnir gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé.

Loks er í 12. gr. bannað að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi því, er gilti fyrir 4. ágúst s. l. Hér er um að ræða staðfestingu á þeirri almennu reglu, sem gilt hefur á undanförnum árum, að óheimilt sé að hækka verð á vörubirgðum, sem fyrir eru, þótt almennar hækkanir verði á verðlagi vegna gengisbreytingar eða af öðrum orsökum.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Þetta frv., sem hér er nú til umr. og hefur legið mjög lengi fyrir hv. þd., er fylgifiskur gengislækkunarfrv. Það fjallar um skattlagningu, sem nemur mörg hundruð millj. kr., en engin grg. hefur fylgt þessu frv., og það hefur ekki verið og er ekki enn hægt að átta sig á því, hversu þessi skattlagning er mikil. En augljóst er, að hún nemur mörg hundruð millj. kr.

Hæstv. ráðh. gaf hér upp tölur varðandi suma liði þessara álaga, þ. e. a. s. þá, sem eru í 7. gr., en það er ekki nema nokkur hluti af því, sem í frv. felst í heild, og erfitt að átta sig líka á þeim tölum í skyndi. En það er óhætt að slá því föstu, að þetta frv. gerir ráð fyrir mörg hundruð millj. kr. skattlagningu á útflutningsatvinnuvegina.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að verðhækkun á birgðum útflutningsvara verði tekin og færð í ríkissjóð til að greiða gengistap á skuldum, sem mér skildist þó á hæstv. ráðh. að væri sáralítið, og þá aðallega til að greiða töp á ríkisábyrgðum, sem fram að þessu hafa verið talin með almennum útgjöldum ríkissjóðs. Það er því hægt að slá því föstu, að með 6. gr. frv. er tekin verðhækkun á birgðum útflutningsvara af framleiðendum og færð í ríkissjóð.

Þess eru dæmi, eins og hæstv. forsrh. tók fram, að verðhækkun útflutningsvara, sem orðið hefur við gengisbreytingar og líka, þegar

lagt var á 55% almenna gjaldið, að slíkar verðhækkanir hafa verið teknar og færðar í þá sjóði, sem staðið hafa undir uppbótum á útfluttar afurðir. Þetta hefur verið gert, þegar gengislækkun hefur tekið við af uppbótakerfi. En 1950, þegar gengislækkun var gerð, án þess að hún kæmi í staðinn fyrir uppbótakerfi, var engin slík ráðstöfun gerð, að því er ég bezt hef getað séð.

Það eru sem sagt dæmi þess, að verðhækkun á birgðum útflutningsvara hefur við gengisbreytingar verið tekin og færð inn í sjóði, sem hafa staðið undir útflutningsuppbótum til útflutningsatvinnuveganna sjálfra. En ég finn ekkert dæmi þess, — og er fús að leiðrétta það, ef það reynist rangt, — ekkert dæmi þess, að verðhækkun útflutningsvörubirgða hafi verið tekin af framleiðendum og látin renna í ríkissjóð, eins og nú er ætlunin að gera með þessu frv.

Það er því alveg nýr háttur, sem á er hafður að þessu leyti. Mér sýnist engin sanngirni mæla með þvílíkri tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð. Mér sýnist því þurfa að endurskoða með öðru fleira þetta ákvæði frv. rækilega.

Afkoma ríkissjóðs sýnist ekki heldur vera þannig á þessu ári, að það réttlæti slíka neyðarráðstöfun að taka af framleiðendum þessa verðhækkun vegna gengislækkunarinnar.

Með gengislækkuninni sjálfri hafa tekjur ríkissjóðs vaxið verulega, þannig að ég sé ekki betur en það sé útlit fyrir sæmilega afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Það sýnist því ekki vera réttlætanlegt frá því sjónarmiði, að þar vanti stórkostlega fé, að gera aðra eins neyðarráðstöfun og þá að taka þetta verðmæti frá útflutningsframleiðslunni og færa það inn til ríkisins. Þó að verið sé í þessu sambandi að tala um greiðslur vegna tapa á ríkisábyrgðum, þá er það ekkert nema orðaleikur. Það er gert ráð fyrir þeim greiðslum, einmitt töpum á ríkisábyrgðum, á fjárlögum. Hér er því ekki um neitt annað að ræða en að verið er að taka þessa fjármuni og færa inn í ríkissjóðinn til að standa þar undir almennum gjöldum eða til að koma þar á greiðsluafgangi, sem hægt verði að frysta í Seðlabankanum. En það virðist vera uppáhaldsaðferð núv. hæstv. ríkisstj. að fara þannig með þá fjármuni, sem hún getur klófest umfram allra brýnustu dagleg útgjöld.

Þetta er ekkert hliðstætt því, þegar gengishækkun á útflutningsvörubirgðum hefur verið látin renna í þá sjóði, sem hafa staðið undir útflutningsuppbótum til framleiðslunnar sjálfrar.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á eitt atriði, og það er, að mjög margir framleiðendur við sjávarsíðuna hafa orðið fyrir geysilega þungum skellum í sambandi við kaup á skipum og bátum til landsins, — orðið fyrir þungum skellum einmitt vegna tveggja gengislækkana, sem orðið hafa með stuttu millibili. Og ég vil segja, að ef það verður ofan á að taka gengishækkunina á birgðunum af útflytjendunum, þá sýnist mér fullkomlega til athugunar, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, og þó öllu heldur fullkomlega réttmætt, að eitthvað af því fjármagni yrði notað til að létta af kaupendum báta og skipa þeim óhemju byrðum, sem á þá hafa fallið við þessar tvennar gengislækkanir. En þær eru gersamlega að sliga margar af þeim útgerðum, sem hafa orðið fyrir því, að gengislækkanirnar hafa á skuldir þeirra fallið. Þetta vil ég láta koma fram við 1. umr. málsins.

Það stóð þannig á fyrir mörgum, þegar gengislækkanirnar skullu á, að verið var að smíða báta eða skip erlendis, og málin urðu nær óviðráðanleg. Skuldamálin urðu nær óviðráðanleg vegna gengislækkananna. Fleira er til athugunar í þessu sambandi, einmitt varðandi það tjón, sem kaupendur báta og skipa hafa orðið fyrir vegna gengislækkananna.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um skattheimtu þá, sem felst í 7. gr. frv. En hún er í því fólgin að leggja á mjög þungt útflutningsgjald, þar sem mikill hluti af verðhækkuninni, sem verður vegna gengisbreytingarinnar, er tekinn af framleiðendum aftur framvegis og ráðstafað með sérstökum hætti, eins og greinir í þessari lagagrein.

Er þar gert ráð fyrir að leggja mikið fjármagn beint frá framleiðslunni, sjávarútveginum, til stofnlánadeildar sjávarútvegsins og í nýtt tryggingakerfi.

Með þessu móti eru lagðir geysilega þungir skattar á útflutningsframleiðsluna, sjávarútveginn, og það á að leggja þetta fjármagn í fjárfestingarsjóði sjávarútvegsins að mestu, en nokkuð í tryggingakerfið. Sú stefna er tekin upp með þessu, að sjávarútvegurinn eigi að sjá sjálfur fyrir því fé að mjög verulegu leyti, sem gengur til stofnlána fyrir útveginn. Ég held þessi stefna sé óframkvæmanleg með öllu. Ég held það sé alveg óhugsandi, að sjávarútvegurinn geti á þennan hátt með sérstöku skattgjaldi lagt til bróðurpartinn af því fé, sem á að fara í stofnlánadeildir sjávarútvegsins framvegis. Það mun fljótlega sýna sig, að þetta er ekki hægt. Þetta mun hafa mjög greinilega komið fram einmitt á þeim fundum á vegum sjávarútvegsins, þar sem þessi mál hafa verið skoðuð.

Það mælir heldur engin sanngirni með því að skattleggja svo þunglega þessa útflutningsatvinnugrein, jafnvel þó að það sé gert til að safna fjármunum í lánastofnanir framleiðslugreinarinnar sjálfrar. Slíkt er ekki hægt. Það verður að finna aðrar leiðir til að afla fjár í stofnlánadeildir sjávarútvegsins. Verða þar að koma til þau úrræði, sem þjóðfélagið í heild ræður yfir. Það er ekki hægt að segja við eina atvinnugrein í landinu, að hún verði algerlega að sjá fyrir öllum stofnlánum, sem á þarf að halda, beint af sínum eigin tekjum. Það er ekki hægt að taka eina atvinnugrein þannig út úr og búa þannig að henni. Það verður að vera sameiginlegt mál atvinnugreinanna og þjóðfélagsins í heild að útvega fjármagn í stofnlánasjóði atvinnuveganna.

Nokkuð öðru máli gegnir um það skattgjald, sem ætlað er til þess að standa undir tryggingum fyrir sjávarútveginn, þótt það sé á margan hátt vafasöm stefna að ætla að hafa þann hátt á, að það opinbera borgi framvegis öll tryggingagjöld með því fé, sem tekið er af sjávarútveginum sjálfum. Með því móti kemur það á margan hátt mjög ranglátlega niður að standa undir

tryggingaiðgjöldunum af flotanum. Með þessu móti verður ekki mikið réttlæti í því, hvernig kostnaðurinn við tryggingarnar á flotanum er tekinn af þeim, sem standa að sjávarútveginum. Mætti margt um það segja, sem ég skal ekki fara langt út í núna.

Þetta ákvæði, sem ríkisstj. hefur tekið inn í frv., um að skattleggja sjávarútveginn til þess að halda uppi greiðslu tryggingaiðgjaldanna fyrir flotann, sýnir, að ríkisstj. hefur alveg gefizt upp við viðreisnarstefnuna, — er einn vottur þess, að hún hefur alveg gefizt upp við viðreisnarstefnuna. Þegar viðreisnarstefnan var tekin upp, var því hátíðlega lýst yfir, að engar uppbótagreiðslur eða sérstakar greiðslur af hálfu þess opinbera til þess að styðja atvinnuvegina með einu eða öðru móti kæmu til greina, allt slíkt yrði afnumið, allt slíkt var fordæmt með öllu, sagt, að það kæmi ekki til greina, að slíkt yrði tekið upp framvegis. En nú með því að gera ráð fyrir greiðslu tryggingariðgjalda fyrir báta- og skipaflotann af hálfu þess opinbera framvegis yfirgefur ríkisstj. þessa stefnu, því að vitanlega er það ekki nema eitt form fyrir uppbótum að haga þessu þannig.

Ef ríkisstj. hefði viljað vera stefnu þeirri trú, sem hún tók upp, hefði hún átt að segja við atvinnurekendurna: Það verður hver um sig að greiða sín tryggingaiðgjöld, og kemur ekki til mála, að það opinbera hafi nein afskipti af því, standi fyrir nokkurri tekjuöflun til að draga inn fé í sameiginlegan sjóð til greiðslu tryggingaiðgjalda eða nokkurra annarra kostnaðarliða við framleiðsluna yfirleitt. Það verður allt að ganga eftir frjálsri leið, og engin afskipti af því koma til mála. — En hæstv. ríkisstj. hefur yfirgefið þessa stefnu og gerir nú ráð fyrir tekjuöflun til, að staðið verði sameiginlega undir kostnaði við tryggingar skipaflotans.

Öll þessi ákvæði verður að mínum dómi að endurskoða í nefnd, og annaðhvort verður að verja því fé, sem þarna á að innheimta frá útgerðinni, á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv., þannig að það komi rekstri útgerðarinnar beinlínis til góða strax, eða þá að það verður að fella alveg niður þessar nýju álögur.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, sannar mjög greinilega það, sem við ýmsir stjórnarandstæðingar höfum haldið fram, að gengislækkunin, sem var skellt á með brbl. s. l. sumar, var ekki gerð til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna. Hún var ekki gerð til þess, eins og sumir hæstv. ráðherrar hafa þó látið liggja að í umræðum um málið hér á Alþingi. Við skulum bara athuga, hvernig gengislækkunin hefur snert bátaútveginn, sem er nú svo mikið byggt á. Tekjur bátaútvegsins hafa ekki enn í dag hækkað um einn einasta eyri við gengislækkunina. Fiskverðið er sama og það var, áður en genginu var breytt, en útgjöldin hafa vaxið stórkostlega vegna gengisbreytingarinnar.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, gerir ríkisstj. svo ráð fyrir því að taka bróðurpartinn af þeirri verðhækkun, sem sjávarútvegurinn gat átt von á framvegis, af sjávarútveginum með sköttum. Mundi þá útkoman af þessu verða sú, að tekjur sjávarútvegsins í heild vegna gengislækkunarinnar aukast sáralítið, en útgjöldin vaxa mjög verulega.

Í móti þessu er alls ekki hægt að mæla með neinum rökum, og þetta sýnir alveg svart á hvítu, að það, sem við höfum haldið fram um þetta, er alveg rétt. Gengislækkunin var ekki gerð til að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir stöðvuðust vegna þeirra kauphækkana, sem urðu s. l. vor. Hún var gerð af allt öðrum ástæðum. Hún var í fyrsta lagi gerð sem hefndarráðstöfun gegn verkalýðsfélögunum og launasamtökunum í landinu, vegna þess að kaupgjaldsmálin voru leyst nokkuð öðruvísi en stjórnin vildi. Enn fremur var þessi gengislækkun gerð til þess að hækka verðlag á erlendum vörum fyrir neytendur og þá, sem þurfa að leggja í nýja fjárfestingu, og til þess að styðja þannig samdráttarstefnuna, sem stjórnin vill halda sér við. Loks var þessi gengislækkun gerð til þess að moka nýju fjármagni inn í ríkissjóðinn, gífurlegum fúlgum, sem eru teknar eignarnámi af útflytjendum vegna hækkunar á útflutningsbirgðum. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hversu mikið fjármagn gert er ráð fyrir að komi inn samkvæmt 6. gr. Það hefur þá farið fram hjá mér, ef hæstv. ráðherra minntist á þetta, enda var svo mikill ys í deildinni, þegar hæstv. ráðh. talaði, að það var mjög erfitt að fylgjast með því, sem hann sagði. Það væri mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta.

Ég ætla mér ekki að öðru leyti að fara að hefja hér almennar umræður um gengislækkunina, sem var ýtarlega rædd hér á dögunum. En ég vil samt benda á, að þetta frv. er alveg sönnun fyrir því, að við höfum haft rétt fyrir okkur um undirrót hennar.

Ég er alveg sannfærður um, að þetta frv. fær alls ekki staðizt. Það hljóta að verða gerðar breytingar á því nú þegar á þessu þingi, m. a. í þá átt að fella annaðhvort niður það aukna útflutningsgjald á sjávarútveginn, sem hér er gert ráð fyrir, eða þá að gera ráðstafanir til að verja þessu fjármagni beint nú þegar til stuðnings rekstri útvegsins. Annað hvort verður að gera að mínum dómi, og ég er sannfærður um, að annað hvort verður ofan á.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, felur í sér ýmsar mikilvægar ákvarðanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið og ákveðið að setja bráðabirgðalög um og henni þótti nauðsynlegt að láta fylgja ákvörðuninni um breytingu á verðgildi íslenzku krónunnar.

Það eru fyrst og fremst þrjú atriði í þessu frv., sem mér sýnist að skipti hér höfuðmáli. Í fyrsta lagi er það sú ákvörðun, sem felst í þessu frv., að taka skuli gengishagnað þann, sem til fellur af útflutningsbirgðum, sem í landinu voru, þegar gengisfellingin var ákveðin, og ákveða, að þessi gengishagnaður skuli renna í ríkissjóð. Annað atriðið er það, að ákveðið er að hækka stórkostlega útflutningsgjöld af sjávarafurðum. Og þriðja atriðið er að gerbreyta starfsreglum hlutatryggingasjóðs. Þetta eru að

minum dómi aðalbreytingarnar, sem felast í þessum sérstöku ráðstöfunum, sem ríkisstj. ákvað að gera, um leið og gengi íslenzkrar krónu var fellt í sumar.

Mig langar nú að koma nokkru nánar hér að hverju þessara atriða fyrir sig og lýsa skoðun minni á þeim.

Það er þá í fyrsta lagi sú ákvörðun, að gengishagnaðurinn, sem til fellur af útflutningsbirgðunum, sem í landinu lágu, þegar gengisfellingin var samþykkt, skuli renna í ríkissjóð, eða eins og ákveðið er í 6. gr. frv., að hann skuli renna til ríkissjóðs til að létta byrðar hans vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Það er rétt, sem hér var nýlega sagt, að það hefði ekki verið upplýst, hversu mikla fjárhæð hér er raunverulega um að ræða. Ég hef þó heyrt, og mér þykir mjög líklegt, að það geti staðizt, — ég hef þó heyrt forustumenn á vegum Landssambands ísl. útvegsmanna tala um það, að þessi gengishagnaður, sem til getur fallið vegna þeirra birgða af útflutningsvörum, sem í landinu voru, þegar gengisfellingin var gerð, geti numið í kringum 130—140 millj. kr. Hér er því vitanlega um allverulega fjárhæð að ræða, sem hæstv. ríkisstj. er að ákveða að renna skuli til ríkissjóðs. Það er ekkert um það að villast, að það eru engin fordæmi fyrir því, að ákvörðun eins og þessi sé tekin. Þó að, eins og hér hefur verið á minnt, ekki ósvipað fyrirkomulag hafi verið notað, á meðan uppbótakerfið var, þá er vitanlega grundvöllur sá, sem nú er byggt á í þessum efnum, allt annar. Þá rann þessi gengishagnaður eða sá hagnaður, sem kom fram af breyttu yfirfærslugjaldi, beint inn í uppbótakerfið og kom því þannig alveg beint og beinlínis útflutningsatvinnuvegunum til góða. En í þessu tilfelli gildir vitanlega allt annað, þar sem raunverulega á að taka þetta fé í ríkissjóð.

Það er líka á þessu önnur breyting frá því, sem áður var. Árið 1958, þegar yfirfærslugjaldið var ákveðið, þótti einnig óhjákvæmilegt að haga framkvæmdinni þannig um þær birgðir útflutningsvöru, sem lágu í landinu og áttu að gefast upp til framleiðenda á gamla verðlaginu, þó að þær væru fluttar aftur út undir öðrum verðlagskringumstæðum, að það átti að greiða þeim framleiðendum nokkrar aukabætur vegna þess kostnaðarauka, sem þeir yrðu fyrir vegna efnahagsráðstafananna, sem þá voru ákveðnar. En það gefur auga leið, að þeir, sem eiga liggjandi í landinu útflutningsbirgðir, þegar nýja gengið er ákveðið, eiga enn eftir að standa undir allverulegum útgjöldum vegna þessara birgða, og þau útgjöld koma á þá eftir hinu nýja gengi, eftir hinu nýja verðlagi, og útkoman verður því raunverulega sú, að nettó-tekjur þeirra af framleiðslu sinni verða minni en þó að gamla kerfið hefði gilt. Útflutningsbirgðirnar eða þær afurðir, sem framleiddar höfðu verið að verulegu leyti fyrir tíma gengisbreytingarinnar, eru þannig, að í mjög mörgum tilfellum eru þær framleiðsluvörur ekki nema hálfunnar eða alls ekki unnar til fulls, og það verður að halda áfram að fullvinna þessar vörur undir allt öðru verðlagi en áður gilti. Það verður einnig að borga af þessum vörum fyrir flutning á erlendan markað allt annað flutningsgjald, fragtirnar breytast líka í beinu hlutfalli við gengisbreytinguna, og nettógreiðslan fyrir þessar vörur verður því allt önnur vegna gengisbreytingarinnar. Það er beinlínis gengið á hlut þessara aðila, sem birgðirnar eiga. Þegar svipað fyrirkomulag var viðhaft í þessum efnum, á meðan uppbótafyrirkomulagið gilti, þá var þess gætt að greiða sérstakar bætur vegna þess mismunar, sem þarna kæmi fram. En nú er beinlínis ákveðið, að allur skakkinn, sem af þessu verður, skal falla á eigendur þessara birgða, en ríkissjóður slær eignarhaldi sínu á allan hagnaðinn af gengisbreytingunni vegna birgðanna.

Nú það er auðvitað líka alveg augljóst mál, að t. d. sjávarútvegsmenn verða í þessum efnum fyrir miklu meiri töpum vegna þessa fyrirkomulags, vegna þess að ríkissjóður er að reyna að næla sér í þessar tekjur á þennan hátt, því að á sama tíma sem þeim er neitað um að fá nokkurn hagnað af þeim birgðum, sem þeir áttu í landinu, þá eru þeir hins vegar skyldaðir til þess að taka á sig gengistapið vegna erlendra skulda, sem þeir umfram aðra aðila í landinu hafa verið þvingaðir til í rauninni að stofna til. En þær reglur hefur núv. hæstv. ríkisstj. einmitt tekið upp, að þegar útgerðarmenn t. d. kaupa sér fiskiskip, þá geta þeir ekki fengið að kaupa þau erlendis frá nema með þeim hætti, að þeir verða að taka fyrir ⅔ hlutum af andvirði skipanna erlend lán til 7 ára. Aðrir aðilar fá hins vegar gjaldeyri nokkurn veginn eins og þeir biðja um vegna síns innflutnings, en þeir, sem flytja inn fiskiskip, hafa orðið að búa við þessi kjör nú, og þeir verða vitanlega, eins og menn sjá, þegar gengisfelling er gerð á þennan hátt, fyrir verulega miklum gengistöpum. Öll er þessi framkvæmd því gagnvart t. d. sjávarútveginum mjög ósanngjörn og mjög óeðlileg.

Orðalagið í þessum efnum í 6. gr. frv., að þessi fjárhæð, sem þarna fæst í gegnum gengishagnaðinn af birgðunum, skuli renna til ríkissjóðs til að létta byrðar hans vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna, er þannig, að maður verður að halda, að það sé meira en aðeins útflutningsatvinnuvegirnir, sem hér eigi hlut að máli. Þó að það séu útflutningsatvinnuvegirnir, sem eru sviptir í þessu tilfelli hagnaði af birgðunum, þá á þessi hagnaður að renna til ríkissjóðs til að standa undir þessum vanskilagreiðslum, sem ríkissjóður hefur innt af höndum vegna atvinnuveganna, og ég hygg, að það megi teygja þetta orðalag alllangt og að ýmsir geti fallið undir það.

Í sambandi við þetta vaknar einnig sú spurning: Hver er í rauninni meiningin með þessu, um framkvæmdina? Það liggur sem sagt fyrir, að ýmsir aðilar, sem tekið hafa lán með ríkisábyrgð á undanförnum árum, hafa ekki getað staðið við að borga vexti og afborganir af þessum lánum, og ríkissjóður hefur þurft að hlaupa undir bagga og leggja þessa fjármuni fram. En allir eru þessir aðilar eftir sem áður skuldugir ríkissjóði vegna þessara ábyrgða. Hvað á um þessar skuldir að verða?

Ég náði því ekki fullkomlega, en þó skildist mér, að hæstv. forsrh. segði hér, að eftir sem áður ætti ríkissjóður að eiga kröfu á þessa aðila og þeir ættu eftir sem áður að greiða ríkissjóði

þessar fjárhæðir. Þó að búið sé sumpart og að verulegu leyti að taka þessa raunverulegu eign þessara aðila af þeim á þennan hátt til þess að standa undir þessum greiðslum, þá á eftir sem áður að vera hægt að innheimta af þeim þessar vangreiddu upphæðir. Enginn vafi er heldur á því, að mjög margir af framleiðendum í landinu hafa að fullu og öllu staðið undir þessum skuldbindingum sínum, og ríkissjóður hefur ekki þurft að leggja neitt út fyrir þá. Þannig mun það yfirleitt vera t. d. með þá, sem hafa fengið ríkisábyrgðir vegna framkvæmda, sem eru bundnar við fiskverkun, þ. e. a. s. vegna byggingar frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva. Aðeins í örfáum tilfellum mun þar hafa gilt önnur regla, en það má segja, að hin almenna regla hafi verið sú, að þessar ábyrgðir hafa ekki fallið á ríkissjóð. En hér á vitanlega að taka jöfnum höndum þann gengishagnað, sem þessir aðilar eiga og aðrir útflytjendur, og láta hann renna í ríkissjóð, en innheimta af þeim eftir sem áður afborganir og vexti af ríkisábyrgðarlánum þeirra. Eigi þessi framkvæmd að vera svona, sem helzt er að skilja, er augljóst mál, að hér er aðeins um nýja skattlagningu að ræða í ríkissjóð. Ríkissjóður er hér að krækja sér í skattstofn, sem mun gefa nú á þessu ári, þegar breytingin fer fram, nokkuð á annað hundrað millj. kr. Þetta álít ég, að sé óeðlilegt og það sé í rauninni ekki hægt að standa að framkvæmdinni á þennan hátt.

Þá er hitt atriðið, sem snýr að stórhækkuðum útflutningsgjöldum á sjávarafurðum. Hin almennu útflutningsgjöld á sjávarafurðum hafa verið um 2.9% — eða 2.25%, en þar að auki hefur svo verið gjaldið í hlutatryggingasjóð og til ferskfiskeftirlitsins, smágjald, þannig að heildarútflutningsgjaldið var 2.9%. En nú á þetta gjald að hækka eftir gengisbreytinguna upp í 7.4%, og reyndar verður þetta gjald af útfluttum síldarafurðum 9.4%, þegar hið lögskipaða gjald til síldarútvegsnefndar er talið með. Það verður að segja það eins og er, að ég hygg, að þessi útflutningsgjöld af sjávarafurðum eða útfluttum vörum muni hvergi eiga sinn líka. Aðalkeppinautar okkar með útfluttar sjávarafurðir í nánd við okkur, Norðmenn, hafa svo að segja ekkert útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það mun nema 0.075%, útflutningsgjald þeirra af sjávarafurðum, en við eigum hér að vinna undir þeim kringumstæðum, að hér séu tekin útflutningsgjöld, sem nema 7.4—9.4%. Ef menn hafa það í huga einnig, að við borgum tvöfalda til þrefalda vexti á við það, sem Norðmenn gera, og reyndar einnig miklu hærri sölulaun til þeirra aðila, sem fara með útflutninginn, en þeir, þá sjá menn fljótt, að við getum ekki með nokkru móti keppt við þessa aðila á erlendum mörkuðum, nema þá á þann hátt, sem við gerum nú, að hafa hráefnisverðið, fiskverðið í landinu, miklum mun lægra hér en það er t. d. í Noregi.

Það er að mínum dómi alger misskilningur, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í sambandi við þessi útflutningsgjöld, að það sé hægt að taka þessi mál svo einfaldlega að segja, að þar sem þessi útflutningsgjöld renni í ýmsa sjóði, sem komi sjávarútveginum til gagns, þá renni þetta allt til sjávarútvegsins aftur og því sé þetta í rauninni engin skattlagning fyrir hann og í rauninni honum bara til bóta. Þetta er auðvitað grundvallarmisskilningur. Svona liggja þessi mál ekki. Þessi útflutningsgjöld, svona há, þau hvíla sem beinn þungi á rekstri viðkomandi árs og gera rekstrarafkomuna á viðkomandi ári þeim mun erfiðari sem gjöldin eru hærri, jafnvel þó að þessi fjárhæð sé lögð til hliðar, svo að hægt sé að lána hana út síðar meir eftir mörg ár. Ef slík kenning sem þessi væri rétt, ætti að mega hækka þessi gjöld enn um t. d. önnur 7.4% og halda fram, að allt væri í lagi, af því að það rynni í lánasjóði sjávarútvegsins. En það, sem þá gerðist, ef menn gerðu slíkt, væri aðeins að sigla öllu í strand, það væri engin leið að halda framleiðslunni í gangi nú. Nei, slík útflutningsgjöld geta vitanlega ekki átt sér stað. Þau geta ekki staðizt, og þau eiga ekki rétt á sér. Og það hygg ég, að meira að segja hæstv. ríkisstj. hafi fengið ábendingu um frá einum af þeim erlendu sérfræðingum, sem hún hefur leitað til, m. a. varðandi málefni sjávarútvegsins, að þessi sífellda skattlagning á útfluttar sjávarafurðir til þess að standa undir almennum lánum, stofnlánum sjávarútvegsins, sé í mesta máta óeðlileg og það verði vitanlega að ætla þessum aðalatvinnuvegi landsins til sinna stofnlána hluta af því fjármagni, sem þjóðin almennt ræður yfir, en ekki að afgreiða stofnlánavandamál hans á þennan sérstaka hátt. Það er vitanlega eðlilegt, að viss hluti af því fjármagni, sem safnast fyrir hjá þjóðinni á hverju ári, renni til þess að byggja upp þennan atvinnuveg eins og aðra, enda er þessu ekki svona háttað með aðra atvinnuvegi, að það sé lagt beinlínis gjald á árlega framleiðslu þar til þess að afla fjár í stofnlánasjóð. Þeir fá vitanlega sín stofnlán úr hinu almenna peningakerfi þjóðarinnar.

Í þessum stórhækkuðu útflutningsgjöldum er fyrst og fremst um þrjá nýja liði að ræða. Það er lagt til að taka upp nýtt útflutningsgjald til svonefnds nýs vátryggingakerfis fyrir fiskiskipaflotann. Og það mun vera áætlað, að í þetta nýja vátryggingakerfi eigi að renna á ári í kringum 50 millj. kr. Þá er einnig gert ráð fyrir, að lagt verði á útfluttar sjávarafurðir nýtt gjald, sem á að renna í stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann, og það mun vera áætlað, að árlega eigi að renna í þessa deild af útfluttum sjávarafurðum í kringum 45 millj. kr. Og svo er í þriðja lagi ákveðið að þrefalda tekjur hlutatryggingasjóðs eða þær hækki frá 10 millj. upp í 31½ millj. á ári. Mig langar nú að víkja nokkrum orðum að hverju þessu fyrir sig.

Það er þá fyrst hið nýja vátryggingakerfi. Það hefur verið rætt allmikið um, að það þurfi að breyta til um fyrirkomulag á vátryggingum fiskiskipa í okkar landi. Og ég held, að það sé alveg rétt, að það sé enginn vafi á því, að þar sé breytinga þörf. Það mun vera rétt, að vátryggingaiðgjöld hér eru miklum mun hærri en t. d. í Noregi, þó að samanburðurinn í þeim efnum sé ekki alls kostar réttur, eins og hann hefur oft verið gerður, því að nokkur munur er á því, hvað tryggt er á hvorum stað fyrir sig. En

eigi að síður verður varla um það deilt, að vátryggingariðgjöld eru miklum mun hærri hér en t. d. í Noregi. En þar gildir líka í þessum efnum allt annað kerfi. Það er einmitt það kerfi, sem gildir þar, að þar er hver einstaklingur, sem kaupir sér tryggingu, þar er hann látinn borga sjálfur iðgjöldin og iðgjöldin af hverju einstöku skipi eru beinlínis miðuð við það, hve mikil útgjöld í sambandi við vátrygginguna hafa orðið á hverju skipi. Þannig er skapað aðhald að eigendum skipanna og þannig tekst líka að halda iðgjöldunum tiltölulega lágum. En með þessu nýja útflutningsgjaldi, sem hér er tekið upp og sett með bráðabirgðalögum, fer ríkisstj. í gersamlega þveröfuga átt. Hún ákveður að afla tekna til þessa nýja tryggingakerfis með allsherjar útflutningsgjaldi, sem er lagt hlutfallslega á útfluttar afurðir, og þar með er í rauninni verið að kippa grundvellinum undan því, að hægt sé að skapa það aðhald að vátryggjendum, sem t. d. Norðmenn hafa byggt upp hjá sér, enda leiddi þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. til þess, að nefnd sú, sem var að vinna á hennar vegum að athugun á þessum málum, klofnaði, um leið og brbl. ríkisstj. um þetta efni voru sett, og einn nm. lýsti því yfir, að hann teldi, að öllum grundvelli undir starfi nefndarinnar hefði verið kippt burt með þessum lögum, og hann neitaði að taka lengur þátt í því að semja nýjar reglur í þessum efnum og hér yrði að breyta til aftur, ef bót ætti að verða á í þessum efnum. En þótt sem sagt hæstv. ríkisstj. hafi haft nefnd til þess að athuga um þessi mál og skipulagsbreytingar á þeim, þá bíður hún ekki eftir því, að niðurstaða komi frá þessari nefnd, heldur ákveður hún með brbl. að leggja hér á nýtt útflutningsgjald í þessum efnum, svo mikið virðist henni hafa legið á að leggja á öll þau gjöld, sem felast í þessu frv. Ég fyrir mitt leyti tel, að þetta nýja útflutningsgjald í sambandi við nýtt vátryggingakerfi sé algerlega á misskilningi byggt og það eigi að leggjast niður.

Þá er hitt atriðið, um gjaldið, sem renna á til stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabankann. Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann hefur verið lokuð deild nú um langan tíma. Hún hefur ekki veitt af sínu fjármagni nein ný lán. Og þær reglur hafa þar gilt, að það fé, sem stofnlánadeildin réð yfir, átti að renna til baka út úr deildinni aftur, um leið og það kæmi inn, og hverfa aftur inn í Seðlabankann, og þannig er gert ráð fyrir því í lögum, að þessi deild smám saman hverfi. En nú kemur allt í einu nýr tekjustofn fyrir þessa deild, án þess að nokkuð sé ákveðið um það, hvernig ætlað er, að þessi deild eigi að starfa. Hvaða lán á hún að veita og eftir hvaða reglum? Engar slíkar reglur hafa verið settar, og ekkert kemur fram um það í grg. þessa frv., hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér í þeim efnum. Hér ber allt að sama brunni og áður, að svo mikið hefur hæstv. ríkisstj. legið á að leggja á ný gjöld, að hún ákveður að skella þeim á með brbl., þó að hún sé ekki á neinn hátt búin að gera sér grein fyrir því, hvernig skuli með þessi gjöld fara. Ég álít líka fyrir mitt leyti, að þetta gjald eigi að fella niður, það sé ekki aðstaða til þess að leggja þetta gjald á framleiðsluna, eins og nú standa sakir.

Ég kem þá að þriðja gjaldinu, sem á að renna til hlutatryggingasjóðs. Hlutatryggingasjóður hefur haft sem tekjur 0.5% af útfluttum þorskafurðum bátaútvegsins og 0.75% af útfluttum síldarafurðum. En nú er ákveðið, að þetta skuli hækkað upp í 1.25% af þorskafurðum bátanna og af síldarafurðum bátanna, og svo er einnig ákveðið nú, að greiða skuli í sjóðinn 1.25% líka af öllum útfluttum afurðum togaranna. En hlutatryggingasjóður hefur ekki fengið fram til þessa neinar tekjur af framleiðslu togaranna. Og það er eins og hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir, það er áætlað, að tekjur sjóðsins geti af þessum ástæðum vaxið um rúmar 20 millj. kr. á ári. En svo er ákveðið í frv., að þessi nýi tekjuauki skuli renna í sérstaka deild innan hlutatryggingasjóðs og þessi deild geti veitt sérstakan stuðning þeim greinum sjávarútvegsins, sem verða fyrir sérstökum óhöppum vegna aflaleysis eða af öðrum ástæðum. Það fer ekkert á milli mála, hver er ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Ætlunin er einfaldlega sú, eins og málin standa nú, að það á að taka þessar tekjur, sem þarna falla til, til stuðnings togaraútgerðinni í landinu. Það hafa ekki verið uppi neinar sérstakar raddir um það, og ástæður sjóðsins hafa ekki heldur bent til þess, að það eigi að breyta þeim almennu kjörum, sem bátaútgerðin í landinu á að hafa frá þessum sjóði, þó að vitanlega sé hægt að segja, að slíkt árferði gæti hugsanlega komið, að úr þessari sérstöku deild yrði veitt til bátaflotans einnig. En þó yrði þá að breyta lögum og reglum sjóðsins, ef hægt ætti að vera að gera það, vegna þess að bæturnar til bátanna eru miðaðar við aflaleysi eftir þar til settum reglum. Hér er því farið inn á þá braut að leggja raunverulegan skatt á bátaútveginn í landinu, bæði þorskveiðibátana og síldveiðibátana, til þess að hægt sé með þessum skatti að rétta nokkuð við í bili bágan fjárhag togaraflotans í landinu. Ég fyrir mitt leyti er algerlega andvígur því að koma þessum málum fyrir á þennan hátt. Hingað til hefur verið lögð á það áherzla, að hlutatryggingasjóður starfaði þannig, að það yrði ekki blandað saman þeim tekjum, sem sjóðurinn hefur af síldveiðum og aftur af þorskveiðum, og þeim útgjöldum, sem sjóðurinn á að inna af hendi vegna þorskveiðanna annars vegar og síldveiðanna hins vegar. Menn hafa verið á þeirri skoðun, að það ætti ekki með þessum sjóði að geta verið um það að ræða að verðjafna neitt á milli mismunandi starfsgreina. Hver útgerðarþáttur fyrir sig hefur átt að standa undir sínum vandamálum. Það átti ekki að vera hægt að skattleggja þorskveiðarnar til stuðnings síldarútgerðinni í landinu, og þrátt fyrir mjög lélegan rekstur á síldveiðum um margra ára skeið var aldrei gripið til þess að láta þorskveiðarnar sérstaklega standa undir vandamálum síldveiðiútgerðarinnar. En nú á að hverfa frá þessu grundvallarsjónarmiði og ákveða, að hægt sé raunverulega að skattleggja bátaútgerðina í landinu, síldveiðibáta og þorskveiðibáta, svo að hægt sé að rétta togaraútgerð landsmanna hjálparhönd. Ég er að vísu á þeirri

skoðun, að það sé mikil nauðsyn á því að taka vandamál togaraútgerðarinnar til sérstakrar athugunar og það þurfi að rétta togaraútgerðinni hjálparhönd að vissu leyti. En á þennan hátt vil ég ekki gera það. Ég tel, að af því stafi verulegt hætta, og ég veit, að útvegsmenn eru almennt á móti þessu fyrirkomulagi. En það er eins og í hinum fyrri tilfellum, hæstv. ríkisstj. ákveður í skyndi að setja brbl. um málefni eins og þetta, leggja hér á stórhækkuð gjöld, sem eiga að renna til þessa sjóðs, og ætla honum alveg nýtt verksvið. Ég tel, að setning brbl. í slíkum tilfellum sé í mesta máta óeðlileg og það eigi að breyta þessu gjaldi, því að svona eigi þetta ekki að vera.

Annað er einnig í sambandi við öll þessi stórhækkuðu útflutningsgjöld á sjávarafurðum, sem er að mínum dómi stórhættulegt. Það er með þessum gjöldum verið að raska því samkomulagi, sem sjómenn annars vegar og útvegsmenn hins vegar hafa gert með sér um skiptakjörin á fiskiskipaflotanum. Það var einmitt á s. l. ári, að þessir aðilar komu sér saman um, að það skyldu gilda grundvallarreglur um skiptingu aflaverðmætisins á milli skipshafnar og skipseigenda og báðir skyldu fá að njóta endanlegs og rétts verðs fyrir aflann og báðir skyldu hafa sama aflaverð. Lengur skyldi ekki gilda skiptaverð, sem væri eitthvað annað, eins og það var áður, heldur en hið almenna söluverð á aflanum. En með þessum brbl., sem hér hafa verið sett, er verið að raska þessu samkomulagi, það er verið að hrinda því um koll. Síðan er ákveðið að taka af óskiptu 50 millj. kr. á hverju ári, sem renna eiga í vátryggingarsjóð, en vátryggingariðgjöldin áttu skipaeigendur einir að greiða, en ekki áhöfnin. Það er líka verið að ákveða það að safna saman allmiklu gjaldi árlega af útfluttum sjávarafurðum í stofnlánadeild sjávarútvegsins, og kannske á að geyma það þar um langan tíma eða lána það út til nýrra stofnlána, en slíkt vitanlega verður til þess, að fiskverðið í landinu verður lægra en það átti að vera. Sjómenn finna, að hér er verið að leika rangt við þá, og þeir munu líka svara því, því að þeir hafa tekið eftir þessu og það hefur greinilega komið fram hjá þeim. Þeir munu svara lögum eins og þessum með því að segja upp samkomulaginu, sem gert var á s. l. ári um skiptakjörin. Það var byggt á því, að útvegsmenn og sjómenn ættu báðir að búa við sama fiskverð. Slíkar ráðstafanir sem þessar er því ekki hægt að gera af ríkisstj., og því verður ekki trúað, að hún hafi gert þetta í samráði t. d. við samtök útvegsmanna. En í samráði við samtök sjómanna hefur hún áreiðanlega ekki gert það. Mér sýnist líka alveg ljóst, að hún hafi ekki gert þetta í samráði við samtök útgerðarmanna, vegna þess að á nýafstöðnum aðalfundi þeirra lögðu útgerðarmenn einmitt til að breyta þessum gjöldum frá því, sem segir í þessum lögum, og ráðstafa þeim á allt annan hátt.

Á það hefur verið minnzt í sambandi við þetta mál, að það væri alveg ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki að fullu og öllu yfirgefið uppbótakerfið í sambandi við sjávarútveginn þrátt fyrir allar sínar yfirlýsingar fyrr um, að það ætlaði hún að gera. Það liggur nú fyrir, svo að ekki verður um deilt, að á fyrsta ári viðreisnarstefnunnar, árinu 1960, voru vátryggingariðgjöld alls fiskiskipaflotans, jafnt báta sem togara, greidd af hinu opinbera. Þau voru greidd að nafninu til — meginið af þeim — úr útflutningssjóði, sem leggja átti niður samkvæmt viðreisnarlöggjöfinni, en nokkur hluti mun nú verða greiddur af því fé, sem ríkissjóður hefur slegið eignarhaldi sínu á af þessum gengishagnaði. Vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans munu nema fullum 90 millj. árið 1960, og þau eru greidd eftir uppbótakerfi eins og áður var, greidd af ríkinu. Og í þessum efnum var gengið miklu lengra en nokkru sinni áður hafði verið gert, því að áður hafði lengst verið gengið þannig að greiða vátryggingariðgjöld bátaflotans eftir þar til settum reglum, og voru öll iðgjöldin ekki greidd, ekki einu sinni hjá bátaflotanum. Nokkuð var þar alltaf út undan. En nú var ákveðið á fyrsta ári viðreisnarinnar að greiða einnig vátryggingariðgjöld alls togaraflotans. Og þetta hefur verið gert. En vegna þess að útgerðarmenn telja hag sinn mjög rýran vegna ráðstafana ríkisstj. í efnahagsmálum almennt, hafa þeir nú gert kröfu til ríkisstj. um að fá vátryggingariðgjöld alls flotans greidd einnig fyrir yfirstandandi ár, árið 1961. Og það var upplýst á síðasta aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki lofað að greiða þau iðgjöld að fullu fyrir árið, þá hafi sjútvmrh. lofað því, að þegar skyldi byrjað á því að greiða iðgjöld ársins í ár fyrir flotann með því fé, sem á þessu ári safnaðist vegna hins nýja útflutningsskatts og renna átti í nýtt vátryggingakerfi. Þetta loforð, sem tilkynnt var á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, að ríkisstj. hefði gefið, stríðir auðvitað í bága við brbl., því að samkvæmt brbl. á þetta gjald að renna til nýs vátryggingakerfis, en ekki til greiðslu á vátryggingariðgjöldum flotans eftir gamla laginu. En loforð hafði samt verið gefið um það að byrja á greiðslunum 1961 með þessu fé. Og útvegsmenn lögðu einnig til, að þeir fengju einnig það fé, það nýja gjald, sem átti að renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins í þessu sama skyni. Og mér sýnist allt benda til þess og það mjög greinilega, að það eigi að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans einnig á árinu 1961, þó að ekki sé nú búið að ganga endanlega frá því.

Uppbótakerfið er því í þessum efnum alveg greinilega í fullum gangi, vegna þess að reglur þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett um efnahagsmál í landinu, eru þannig, að sjávarútvegsmenn telja sinn hag verri nú en nokkru sinni áður, þó að allar þessar ráðstafanir hafi nú verið gerðar til þess að bjarga einmitt sérstaklega sjávarútveginum.

Það er líka öllum alveg ljóst mál, að gengislækkunin, sem ákveðin var í byrjun ágústmánaðar í sumar, hefur ekki verið gerð, eins og hún er framkvæmd, fyrir sjávarútveginn í landinu. Það var því engin tilviljun, að á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var hér í bænum fyrir stuttu, þá einmitt felldu útvegsmenn tillögu, sem fram kom á fundinum um það að lýsa því yfir, að þeir teldu, að gengis-

lækkunin í sumar hafi verið óhjákvæmileg. Þeir felldu hana m. a. vegna þess, að þeir álitu að miklum meiri hluta til, að hún hefði verið sjávarútveginum til tjóns, miklu fremur en til gagns, eins og hún hefur verið framkvæmd. En framkvæmdin hefur verið þannig, að innfluttar vörur allar, sem sjávarútvegurinn t. d. þarf til sinna nota, hafa hækkað sem gengisbreytingunni nemur í innkaupi, eða um 13.15%, og svo vegna óhjákvæmilegra gjalda, sem á vöruna falla hér eftir þeim reglum, sem gilda í landinu, þá má telja, að verðhækkunin á innfluttum vörum, sem svona stendur á um, muni vera ekki 13.15%, heldur líklega nær 15—16% sem lágmark. Þannig hafa rekstrarvörur útgerðarinnar m. a. hækkað í verði og sumar reyndar miklu meir. En hvaða hækkanir hafa aftur á móti runnið til framleiðslunnar, sem gætu komið fram í tekjunum? Jú, vegna þess, hvernig einmitt er búið um hnútana í sambandi við þessi nýju útflutningsgjöld, þá er það svo, að það eru engir möguleikar á því, að útflutningur nú geti fengið tekjur sínar hækkaðar um meira en 8%. Það er það mesta. Hitt er tekið af gengisbreytingunni og lagt í sérstaka sjóði eða ráðstafað á sérstakan hátt. Útflutningurinn getur ekki hækkað meira í verði en rétt í kringum 8%, þó að hins vegar innfluttu vörurnar, sem framleiðslan þarf til síns rekstrar, hækki um 15—16%. Þannig liggur dæmið fyrir. Auk þess er svo það, að mjög þýðingarmiklar greinar sjávarútvegsins hafa ekki getað fengið neina hækkun á móti hækkuðum rekstrarútgjöldum sínum. Fiskverð bátaflotans og togaranna hefur ekki hækkað um einn einasta eyri hér innanlands, — ekki um einn einasta eyri, frá því að gengislækkunin var gerð í byrjuðum ágústmánuði í sumar. Síldarverð í sumar hækkaði ekki neitt, þorskverðið hefur ekki hækkað neitt eftir gengislækkunina. Bátaútvegsmenn hafa orðið að búa við nákvæmlega sama fiskverð og áður, en hins vegar fengið á sig allverulegar rekstrarhækkanir vegna gengisbreytingarinnar.

Það er alveg útilokað að halda því fram, að þessi gengisbreyting hafi verið gerð til þess að bjarga fjárhag þessara aðila, sem svona hefur verið að búið. En það er rétt: þeir, sem kaupa aflann af bátunum, frystihús og aðrir þeir, sem verka fisk, hafa vitanlega fengið hækkun um ca. 8% á verði útfluttra vara, sem framleiddar hafa verið eftir gengisbreytinguna. En þeir telja, að sú hækkun geri ekki betur en vega upp á móti auknum rekstrarkostnaði hjá þeim og þeir geti ekki skilað neinni hækkun út í hráefnisverði.

Ég tel því, að það sé alveg augljóst mál, að gengislækkunin var ekki gerð vegna sjávarútvegsins, og mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að gera allmikið í þesum málum til þess að sanna það í framkvæmd, að hún hafi gert gengisbreytinguna í þessu skyni, sem hún hefur þó gefið upp. Það er því mín skoðun, að það þurfi að gera á þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, allverulegar breytingar, enda fannst mér, að hæstv. forsrh. boðaði í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli, að það stæði til af hálfu ríkisstj. að gera það, og ég hygg líka, að hún sé þegar búin að gefa þau loforð, að hún verði að breyta frv. eða lögunum allverulega frá því, sem þau voru sett í ágúst í sumar. En það þarf að breyta lögunum þannig, að útflutningsgjaldið verði ekki hærra en það var. Sannleikurinn er sá, að það var mikil þörf á því að lækka það útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem í gildi var. En hærra en það var má útflutningsgjaldið ekki vera. Og það er óhjákvæmilegt einnig að breyta frv. að því leyti til, að hagnaður sá af gengisbreytingunni, sem kemur fram í afurðum þeim, sem í landinu lágu, — það er óhjákvæmilegt að breyta lögunum þannig, að eigendur útflutningsbirgðanna fái a. m. k. að einhverju leyti þennan gengishagnað.

Ég vil vænta, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, athugi þessi atriði og viðurkenni, að það sé fyllilega þörf á að gera þessar breytingar, sem ég hef hér bent á.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram í byrjun, að ég mun reyna að tala hlutlaust um þetta mál. Ég mun ekki fara út í sjálfa gengisfellinguna eða það, sem mælir með og móti henni, vegna þess að það frv. var til umr. hér um daginn og verður vafalaust aftur. Ég mun reyna að halda mig við þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið sem afleiðing gengislækkunarinnar.

Ég ætla að byrja á því að leiðrétta dálítið, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austf. viðvíkjandi því, að hann taldi, að það væri hægt að hækka útflutningsafurðirnar um 8%. Þessi hv. þm. er ekki vanur að haga málflutningi sínum þannig, að það sé til bóta fyrir ríkisstj. Þess vegna sé ég ástæðu til að benda á þetta strax. Ég hef athugað, hvernig þetta er fyrir frystihúsin, og skal benda ykkur á það. Það má gera ráð fyrir, að fiskafurðirnar hækki um 13%. Af því fara hjá frystihúsunum 4% í kauphækkun. Það fara 4.35% í hækkuð útflutningsgjöld samkvæmt þessu frv. Og það fara vegna þess, að þeirra eigin rekstrarkostnaður hækkar á þeim liðum, sem eru bundnir við gjaldeyrisvörur hjá frystihúsunum, eins og viðhaldi véla, húsa, olíu, hluta af umbúðunum, akstri og afskriftum, — það fara minnst 2.75% af fob-verði útflutningsvaranna, þannig að í heild hækkar kostnaður frystihúsanna um 11.10%, en útlit fyrir, að afurðirnar geti hækkað um 13%, og þá er möguleg hækkun um 2% til framleiðenda og engar líkur til, að við fáum neina hækkun, nema verðlag verði hagstæðara ytra en verið hefur, vegna þess að frystihúsin þóttust hafa slæma afkomu s. l. ár. Og þetta þýðir það, að ef þessi hækkun fengist, sem ég tel óvíst, þá getur í mesta lagi fiskverð til báta hækkað um 4%, því að það yrði tvöfaldað, því að þetta er af fob-verði. Það má gera ráð fyrir, að fob-verðið sé helmingi hærra en verð upp úr bátum. Allur rekstrarkostnaður útgerðarinnar hækkar um ca. 13%. Það er því ómögulegt meiri hækkun, með óbreyttu verðlagi ytra, frá frystihúsunum en 4%, þannig að skaði útgerðarinnar verður 9%. Þetta er ósköp eðlileg afleiðing af því, að útflutningsgjöldin hækka svona mikið.

Það hafa alltaf verið gerðar ráðstafanir og samþykkt lög, þegar einhverjar gengislækkanir hafa verið framkvæmdar. En þessi lög eru dá-

lítið frábrugðin hinum. Það væri eiginlega réttara að gefa þessum lögum það nafn, að þetta væru lög um sérstaka tekjustofna fyrir ríkissjóð og lánsstofnanir. Inn í þessi lög eru sett ýmis ákvæði, sem eru beinlínis skattlagning á útgerðina, sem nemur stórfé. Þetta er gert með brbl. Það er ekki verið að ræða um þetta í þinginu, það er ekki verið að ræða um þetta við útvegsmenn, þetta er gert með brbl., og mér er sagt, að hagfræðingarnir hafi samið þetta. Það má segja, að þeir hafi sennilega ekki í annað skipti unnið betur fyrir mat sínum fyrir hönd ríkissjóðs.

Þegar gengislækkun var framkvæmd 1960, voru vitanlega samþykkt lög, en þau gengu í aðra átt, hvað þetta atriði snertir, því að þá var gengismismunurinn látinn renna í útflutningssjóð. Og það var viðurkennt á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna af sjútvmrh., að í raun og veru ætti sjávarútvegurinn þann hluta af gengismismuninum, sem kom af sjávarafurðum, og landbúnaðurinn hinn hlutann, sem voru smámunir einir. Það var viðurkennt af honum, að í rauninni ættu útgerðarmenn þetta, og það var leyft að láta þann afgang, sem yrði hjá útflutningssjóði, ganga upp í tryggingagjöld af bátum árið 1960. Og þetta hefur verið gert, þannig að útgerðin fékk þennan gengismismun, sem var tekinn af útfluttum sjávarafurðum. Um þetta var gott samkomulag á milli útgerðarmanna og ríkisstj. Það er engan veginn rétt, að þarna hafi komið til greina uppbótakerfið aftur, því að þetta greiddi útgerðin sjálf. Hún greiddi tryggingagjöldin sjálf í raun og veru 1960. Það var ekki tekið af öðrum landsmönnum. Nú horfir þetta öðruvísi við. Nú á að taka gengismismuninn allan í ríkissjóð. Það á að verja hluta af honum til þess að borga hækkunina af útflutningsgjöldunum fyrir ágústbyrjun, en meginhlutinn á að fara í að greiða ábyrgðarskuldir fyrir ríkissjóð. Nú get ég ekki séð, þó að það megi sjálfsagt deila um þessar ábyrgðir allar, hvort þær eru viturlegar eða heimskulegar, nauðsynlegar eða ónauðsynlegar, þá get ég ómögulega séð, að það sé skylda útvegsmanna einna að greiða þau töp, sem verða af þessum ábyrgðum. En þarna á að taka þeirra fjármuni, því að þetta eru þeirra fjármunir, og verja þeim til að greiða fyrir yfirsjónir núv. og fyrrv. ríkisstjórna, ef um yfirsjónir er að ræða. En vitanlega á þjóðin í heild að bera ábyrgð á þeim ríkisstjórnum, sem ráða í hvert skipti, en ekki ein stétt manna. Það má gera ráð fyrir, að þessi upphæð verði 120—140 millj. kr., þó að ekki sé hægt að fullyrða það, og ég skal taka það fram strax í byrjun, að það er ómögulegt að fullyrða um neinar tölur, vegna þess að það liggur alls ekki fyrir, hvað útflutningsverðmæti sjávarafurða verður 1961 og því síður á komandi árum. Þegar við erum að gera áætlanir um, hvað miklu þessi útflutningsgjöld nema á hvern einstakan lið, eru það vitanlega að því leyti áætlaðar tölur, að það veit enginn um heildartöluna, meira að segja ekki nú, hvað þá heldur síðar meir. Þess vegna verða þetta allt ágizkanir, en prósentan breytist ekki, og það er aðalatriðið.

Við skulum gera okkur grein fyrir, hverjir hafa aflað þessara fjármuna. Það munu ekki vera neinar deilur um, að þetta er nær allt tekið af sjávarafurðum, og það eru vitanlega sjómenn og útgerðarmenn, sem hafa aflað þessa fjár. Svo allt í einu slær ríkið eign sinni á þetta, hirðir það bara, og kauphækkunin, sem útgerðin fær og sjómennirnir árið 1961, er engin, gersamlega engin. En hins vegar verða útgerðarmennirnir að taka á sig alla hækkun af öllum útgerðarvörum, því að vitanlega, ef á að halda sömu reglu og ríkisstj. hefur haldið fram að eigi að gera með áburðarverksmiðjuna, þá verða útgerðarmenn að hafa sömu afskriftarheimildir og áburðarverksmiðjan. Þeir verða að afskrifa sínar nætur. Þeir verða að afskrifa skipin. Þeir verða að afskrifa vélarnar. Þeir verða að kaupa olíuna 13% hærra verði. Viðgerðarkostnaður hækkar. Það hækkar allt hjá útgerðarmönnunum, en þeir fá ekki einn einasta eyri í staðinn. Ríkissjóður hirðir það. Hér er því um hreint eignarnám að ræða í sjálfu sér. Menn halda kannske, að þetta séu einhverjar smáupphæðir, en svo er ekki. Þið verðið að athuga, að þetta kemur allt á útgerðina, en ekki á fiskvinnslustöðvarnar, vegna þess að gengislækkunin verkar þannig, að þó að þeir taki með hækkuðum útflutningsgjöldum meginhlutann af t. d. gróða síldarsaltendanna á sjálfri síldinni, þá græða þeir á tunnunum og saltinu, sem þeir voru búnir að kaupa á lága genginu. Ég hef reiknað út, hvað frystihúsin muni hagnast, og það munu vera um 2%, eins og ég talaði um. En meginhlutinn af hagnaðinum, sem þeir hefðu fengið, ef útflutningsgjöldin hefðu ekki verið hækkuð, er tekinn af þeim með hækkuðum útflutningsgjöldum þetta ár. Út af fyrir sig gat það verið verjanlegt að taka útflutningsgjöldin í ár til þess að hindra það, að síldarsaltendur og frystihús fengju óeðlilegan gróða á kostnað útgerðarinnar, en það átti þá bara að skila útgerðinni þessu aftur. Það er lágmarkskrafa útgerðarmanna að fara fram á uppbætur á síldina, sem þeir seldu í sumar. Það er lágmarkskrafa, vegna þess að það var samið um 126 kr. fyrir málið af bræðslusíld og 195 kr. fyrir mælda tunnu af síld til söltunar. Það var samið um þetta, áður en verðlækkun krónunnar fór fram. Þess vegna er tekið af útgerðinni 13% af því, sem um var samið að greiða henni fyrir þessar vörur. Það er tekið af henni, og það er siðferðileg skylda að endurgreiða útgerðarmönnum og sjómönnum a. m. k. þennan hluta, sem af þeim er tekinn, hvað sem líður fiskafurðunum, og nota svo leifarnar af þessum gengismun t. d. til að létta af tryggingagjöldum bátanna að einhverju leyti árið 1961. Sannleikurinn er sá, að það eru hirt um 13% af svo að segja öllum sjávarafurðum útgerðarmanna og sjómanna þetta ár. Og ef við gerum ráð fyrir, að það verði miðað við verðmæti upp úr sjó 1500 millj., þá eru þetta nálægt 200 millj. kr., sem tekið er af þeim, því að það var sáralítið búið að greiða inn fyrir þessar vörur, sem framleiddar eru á þessu ári, þegar gengislækkunin fór fram. Meginhlutinn af þessu fé rennur til lánsstofnana og ríkissjóðs, — lánsstofnana, sem ríkið á. Það eru 15 fiskar af hverjum 100, sem eru teknir, 15 síldar af hverjum 100 síldum o.

s. frv. Hvað ætli aðrar stéttir þjóðfélagsins segðu við þessu? Hvað ætli verzlunarmennirnir segðu, hvað ætli iðnaðarmennirnir segðu, hvað ætli bændurnir segðu, ef það væri tekið sem svaraði 15% af því, sem þeir öfluðu, brúttótekjum þeirra, og lagt í banka og ríkið slægi eign sinni á það? Ég hygg, að þeir yrðu margmálugir yfir því. Það eru þess vegna engin undur, þó að við segjum eitthvað. Þetta er nú viðvíkjandi 6. gr.

Svo kemur 7. gr. í þessum ágætu brbl., þar sem er rætt um hækkun útflutningsgjaldanna. Heildarútflutningsgjöld af fiskafurðum hækka úr 3.05% og upp í 7.4%. Ég skal játa, að það er sumt af þessum gjöldum, sem ég álít að sé réttmætt að útvegurinn greiði. Það er t. d. ferskfiskmatið. Ég sé ekkert við það að athuga, að útgerðin greiði það beint eða óbeint. Og það er kostnaðurinn við Landssamband ísl. útvegsmanna. Ég tel sjálfsagt, að útvegurinn greiði það, því að þetta eru okkar starfsmenn. Svo koma aftur aðrir liðir eins og rannsóknarstofa sjávarútvegsins og haf- og fiskirannsóknarskip. Ég geri ráð fyrir, að þar séu lögð gjöld á útveginn, eitthvað 3—4 millj. kr. Það má deila um það, hvort rétt sé, að útvegurinn greiði þetta. Ég hygg, að aðrir atvinnuvegir leggi ekki hliðstæðar byrðar á sínar atvinnugreinar, hvorki landbúnaður né iðnaður. Þetta má deila um. En þarna er ekki um stórar upphæðir að ræða. Ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, og það er eðlilegt, að hann hafi það, meðan haldið er á eins og nú að verja mörg hundruð milljónum í tryggingar, sem engan veginn eru að öllu leyti nauðsynlegar, — það eru sumir liðir þeirra, sem eru mjög mikið vafaatriði, — og mörg hundruð millj. í niðurgreiðslur á vörum. Mikill hluti af ríkistekjunum fer í þetta. Það er eðlilegt, að einhvers staðar sé fjár vant. Þegar ofan á það bætist, að ný stétt manna hefur vaxið upp í landinu, sem flytur inn vörur án þess að greiða af þeim eðlilega tolla og söluskatta og ódrýgir sennilega tekjur ríkissjóðs um mörg hundruð milljónir, þá er eðlilegt, að það geti vantað fé í ríkissjóðinn. Eðlilegra væri að reyna að koma í veg fyrir þetta. Það hefur verið nokkuð seint séð og ekki nægilegar ráðstafanir gerðar í þessu efni enn, en það er hart, ef á að leggja svo að segja óbærilegar byrðar á útvegsmenn, þá sem afla verðmætanna fyrir þjóðarbúið, en leyfa aftur öðrum að ódrýgja tekjur ríkissjóðs, jafnvel svo að skipti hundruðum millj. kr., því að orðrómur gengur um það í bænum, að nær þriðjungur af þeim vörum, sem seldar eru hér í búðum, muni vera smyglaður. Maður getur ekkert fullyrt um, hvað satt er, en það er sagt, að sjaldan ljúgi almannarómur að öllu leyti a. m. k.

Viðvíkjandi tryggingakerfinu, þá er áætlað til þess 1.92% af fob-verði sjávarafurða, jafnt síldar- og fiskafurða. Ég skal taka það fram, að í fyrravetur urðu töluverðar umræður um þetta á fundi hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og það komu fram óskir frá útvegsmönnum um, að þetta væri tekið af fob-verðinu. Og ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að þeir treystu sér ekki til að greiða tryggingagjöldin öðruvísi en þau væru tekin svona, a. m. k. að einhverju leyti. En það var allt laust og óbundið, það var ekki sett fram ákveðið kerfi um það, hvernig þessu yrði hagað, og ég tel mikið atriði, að það sé skynsamlega framkvæmt. En ég er ekki í vafa um, að þetta gerir e. t. v. útgerðarmönnum léttara fyrir að standa í skilum með tryggingagjöld af bátunum. Þess vegna hygg ég, að það verði ekki um þetta deilt af hálfu útvegsmanna, þó að einhver prósenta væri þannig tekin, og í raun og veru er hugmyndin runnin frá útvegsmönnum sjálfum, að nokkru leyti a. m. k. En þetta nægir engan veginn fyrir tryggingunum, eins og þær eru nú.

Það kom fram hjá hæstv. forsrh., að tryggingar eru um 200% lægri í öðrum löndum en hérna. Þess vegna er það algerlega óverjandi að vera ekki búinn að endurskoða þesa löggjöf. Það var ósk um það frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að þetta yrði gert, en það hefur dregizt undarlega lengi. Mér er sagt, að það hafi einhverjir pappírsmenn eða skrifstofumenn verið settir í þetta. Ég átti tal við menn, sem hafa séð um vélbátatryggingarnar í hinum einstöku deildum, og þeir sögðu, að þeir hefðu ekki ráðfært sig á nokkurn hátt við sig, en þeir munu vera búnir að skila áliti og vera þríklofnir, — ég held, að þeir séu þrír í nefndinni, — og skila þremur álitum. Þeir eru búnir að vera mjög lengi að þessu, og þið getið ímyndað ykkur vinnubrögðin. Hvernig ætli það gengi hjá bændum og útgerðarmönnum, ef þeir hefðu svona vinnubrögð? Það er ekki einu sinni farið að senda þeim mönnum, sem sjá um vélbátafélögin, þetta til umsagnar, hvað þá heldur L. Í. Ú. Vitanlega var eðlilegt að hafa a. m. k. eitthvað af mönnum, sem höfðu einhverja praktíska reynslu, með þessum ágætu skrifstofumönnum. En það hefur ekki verið gert. Og hugsið ykkur þessa útgjaldabyrði, ef hún er 200% hærri en annars staðar. Mér var sagt, að maður hefði farið í enskt tryggingafélag í Englandi og rætt um það við þá, hvað þeir mundu geta tekið togarana fyrir mikla tryggingu, hvað iðgjaldið mundi verða hátt, og hann fékk þær upplýsingar, að ef þeir fengju alla togarana, þá mundu þeir geta tekið þá fyrir 28% af því, sem er greitt hér. Hér er um stórfé að ræða. Það má vel vera, að tryggingunum sé eitthvað öðruvísi fyrir komið þar, að þær séu ekki eins viðtækar, að það sé ekki tryggt fyrir eins mörgum sköðum eða margbættum, en þá er að taka það til athugunar, hvort er rétt að hafa tryggingarnar eins og þeim er komið fyrir hér, að eigendurnir taka engan þátt í því, sem að verður, t. d. í höfn. Það getur verið, að hirðusemin yrði meiri og aðgætnin, ef þeir ættu að bera einhverja ábyrgð á því. Ég hef sannar sögur af því, að þegar viðgerðir fara fram á skipum, þá er ýmislegt fleira tekið en það, sem beinlínis hefur skemmzt af vondum veðrum eða öðru slíku, þannig að tryggingarnar verða dýrari. Svo er sannleikurinn með þessar vélbátatryggingar, að fyrirkomulagið hefur verið algerlega óþolandi. Við ráðum ekkert, fyrir hvaða upphæð við tryggjum bátinn, við ráðum ekkert, hve iðgjaldið er hátt, og við ráðum ekkert, hvar við tryggjum hann. Við erum algerlega ófrjálsir. Og við verðum að borga 6% af matsverði báts-

ins í tryggingaiðgjöld. Hugsið ykkur þessa upphæð, 6% af skipsverðinu árlega, en bátarnir, sem eru yfir 100 tonn og eru í frjálsum tryggingum, þurfa ekki að borga nema 3%, og þar að auki eru þessar vélbátadeildir skyldaðar til að endurtryggja svo að segja allt, þær fá að halda 5—7% sjálfar. Þetta gerir þeim ómögulegt að safna sjóðum. Einn af þessum forstöðumönnum sagði mér, að þeir hefðu orðið að borga 5 millj. s. l. ár í endurtryggingaiðgjöld, en endurgreiðslan hefði verið um 2 millj., þannig að hans deild skaðaðist eitthvað um 3 millj.

Það er sannarlega kominn tími til að endurskoða þetta, hvort ekki er hægt að koma því fyrir á haganlegri hátt. Þó að við í stjórnarandstöðu vildum koma með frv. viðvíkjandi svona hlutum, þá vitum við fyrir fram, að það er lagt til hliðar og ekkert gert með það. Þess vegna er ekki hægt að ásaka okkur. Ég væri búinn að koma með frv. um þetta, ef ég vissi ekki fyrir fram, að það yrði ekkert gert með það. En þegar ríkisstj. ein má ráða því, hvaða frv. eru lögð fram, þá má hún vitanlega ekki láta vinnumenn sína liggja fram á lappir sínar og koma seint eða aldrei með það, sem nauðsynlegt er að koma með. Ég er ekkert að lá þessum ágætu mönnum, þótt þeir vilji öllu ráða. En ef þeir vilja öllu ráða, verða þeir líka að gera hlutina í tíma og ráða vel. — Ég læt þá þessum þætti um tryggingaiðgjöldin lokið í bili, því að það mál verður sjálfsagt rætt ýtarlega síðar.

Þá er það skatturinn, sem á að leggja á útgerðina til lánastofnananna. Það er fyrst í fiskveiðasjóð, 1.8% af útflutningsverðmæti, og svo til stofnlánadeildarinnar 1.8%. Samanlagt gerir þetta 3.6% af fob-verði. Geri maður ráð fyrir, að fob-verð fiskafurða verði um 3000 millj., — ég tek það fram, að ég veit þetta ekki nákvæmlega, það veit enginn, en það verður varla langt frá því, — þá sjá allir menn, að þarna eru milli 110 og 120 millj., sennilega tæpar 110 millj. á ferðinni, lægra, ef útflutningsverðmæti verður minna. Þetta er tekið af umbúðum og öllum kostnaði, meira að segja af síldinni. Hugsið ykkur, það er tekið um 80 kr. af síldartunnunni. Meðan við fáum 195 kr. fyrir síldartunnuna, er útflutningsgjaldið 80 kr. Og þið þurfið ekki að halda, að síldarsaltendur borgi þetta. Nei, ónei, það er tekið af hráefni síldarinnar. Þeir sjá um sig. Þið getið hugsað ykkur, hve gífurlegur skattur þetta er og þetta tekur ríkisvaldið og leggur á banka, sem það á sjálft, og ríkisstj. ein ákveður vextina í þessum bönkum. Þetta er tekið til eignar af ríkinu.

Ég minntist á það á aðalfundi L. Í. Ú., ef á að fara að taka á annað hundrað millj. í lánastofnanir árlega í framtíðinni af sjávarútveginum, að sjávarútvegurinn fengi þá að eiga sína eigin lánastofnun, leggja þetta fé í þá stofnun og réði þá yfir vöxtum og lánskjörum í þeirri stofnun, en ekki misvitrar ríkisstj., því að þær verða alltaf misvitrar, eins og gefur að skilja. Ég á ekki sérstaklega við þessa stjórn, að hún sé misvitur. Þetta er algerlega furðulegt. Hvað ætli aðrar atvinnugreinar segðu, ef svona væri farið með þær? Ég hygg, að þær segðu eitthvað. Nei, það er tími til kominn, að útgerðarmenn fari að athuga þetta, ef þeir eru skyldaðir með lögum til að láta svona mikið fé af hendi, hvort þeir ættu þá ekki að fara fram á, að þeir fengju að ráða eitthvað yfir þessu fé. Vitanlega á útvegurinn fiskveiðasjóð. Það væri ekki ósanngjarnt, að það væri stofnaður banki úr fiskveiðasjóði, sjálfstæður banki, sem útvegsmenn ættu a. m. k. 2 menn af 3 í stjórn hjá eða eitthvað svoleiðis, þannig að þeir hefðu mest um það að segja, hvernig hann væri rekinn. Hér er um algert eignarnám að ræða og ekkert annað. Svo í viðbót við þetta er tekið til hlutatryggingasjóðs. Það gjald er hækkað á fiskafurðum úr 0.5% og upp í 1.25%, en síldarafurðum úr 0.75% upp í 1.25%, sem verður hlutfallslega meira, vegna þess að umbúðir utan um saltsíld eru tiltölulega dýrari en fiskumbúðir. Þetta fé tekur ríkið í sína vörzlu. Við vitum, að það á að verja því til að greiða hallann á togurunum.

Ég hygg nú, eins og horfir, að þá séu frekar litlar líkur til, að þeir togarar, sem við eigum, beri sig. Það er dálítið leiðinlegt með þessi síðustu togarakaup, að þeim hefur verið hagað þannig, gerð togaranna er þannig, að þeir eru nokkrum tugum ára á eftir tímanum. Það er dálítið erfitt og ósanngjarnt að láta bátaútvegsmenn greiða fyrir það, þó að einhverjar vitleysur séu gerðar í innflutningi skipa, því að þeir fá engu að ráða um, hvernig honum er hagað. Það er ríkisstj. og hennar sérfræðingar, sem því ráða. Ég hygg því, að það sé ekki að ósekju, að þetta gjald verði óvinsælt meðal útvegsmanna. Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða, ef togararnir eru reknir með tapi, að bátaútvegsmenn einir fari að greiða þann halla að mestu eða öllu leyti. Auk þess er ekki nein búmennska í því að vera að fóðra kýr, sem mjólka ekki. Það gera hyggnir bændur ekki. Ef þeir geta ekki einu sinni borið uppi rekstrinn, þessir blessaðir togarar, hvað þá heldur vexti og afborganir, þá er sjálfsagt að lofa þeim að liggja og leggja áherzlu á þær greinar útvegsins, sem betur borga sig, sem er a. m. k. eins og stendur bátaútvegurinn, því að hann hefði getað borið sig og það vel í ár, ef það hefði verið skaplega að honum búið. Það er ekki hægt að spá um framtíðina, en í þessu öllu er tekið í hlutatryggingasjóð og til lánastofnana um 140 millj. af sjávarútveginum í ár. Það er hvorki meira né minna. Það getur verið gott að taka peninga og leggja þá í banka. En hitt gefur auga leið, ef þetta er tekið af útvegsmönnum, þá geta þeir þeim mun verr staðið í skilum með afborganir og vexti af sínum eigin lánum. Og er það þá hagkvæmara fyrir útveginn að taka af þeim fjármunina fyrir ekki neitt, leggja þá í banka, sem ríkið á, lána þeim það svo aftur, heldur en þeir noti þetta fé til þess að borga sínar eigin skuldir og standa í skilum við þessar lánsstofnanir? Og gæti það ekki skapað alveg eins mikið rekstrarfé fyrir þessar góðu lánsstofnanir, ef það væri staðið í skilum við þær, eins og peningarnir væru teknir fyrir ekki neitt af útveginum og lagðir í þessar lánsstofnanir og þær yrðu svo að lána þá aftur? Ég hygg, að við ættum að taka upp þá reglu að krefjast þess, að menn standi í skilum, en ekki

að taka af eignum þeirra fyrir ekki neitt. Ég hygg, að það hafi verið gert of lítið að því að ganga eftir því, að útvegsmenn standi í skilum. Það skapar ábyrgðarleysi í athafnalífinu. Við eigum að ganga eftir því, að menn standi í skilum með skuldir sínar, en við eigum líka að lofa þeim að njóta þess, sem þeir afla, þannig að þeir geti staðið í skilum. Það er endileysa að ætla að fara að halda við hverjum einasta manni, sem fæst við útgerð í landinu. Það er nauðsynlegt að kynbæta útgerðarmenn, alveg eins og aðrar tegundir í tilverunni. Og að vera að halda lífinu í manni, sem er bæði slysinn, klaufskur og ólaginn yfirleitt að láta nokkurn hlut bera sig, það er vitleysa. Það á að lofa þeim að fara á hausinn. Það á að láta atvinnutækin komast í hendur manna, sem kunna að reka þau, og það á að krefjast þess, að þeir standi í skilum. En ríkisvaldið á ekki að gera mönnum ómögulegt með að standa í skilum með því að taka 15% eða allt að því af brúttótekjum þeirra, og auk þess að verðfella peningana hvað eftir annað og auka skuldabyrðar þeirra, eins og gert hefur verið með þá, sem skulda nú ytra fyrir skip. Það er meira en vafasamur hlutur. Það er nú þannig ástandið í ár, að þrátt fyrir það, að þetta sé eitthvert allra bezta ár, bæði til sjávar og sveita, og alveg óvenjulegt ár hvað síldarútgerðina snertir, þá segja þeir mér, þessir menn með nýju bátana, sem þurfa að borga háa vexti og miklar afborganir, þeir segjast rétt ná endunum saman. Og hvað hefði verið, ef síldarútvegurinn hefði brugðizt í sumar? Ég hygg því, að við séum þarna á rangri leið, við séum í raun og veru að taka sjávarútveginn kverkataki með þessum aðgerðum í staðinn fyrir að hjálpa honum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í þessum umr. hefur nokkuð verið vikið að sjálfri gengislækkuninni. Hún er ekki hér til umr., og skal ég þess vegna ekki fara langt út í þá sálma. En ég vil einungis ítreka það, sem áður er nógsamlega vitað, að allir skynbornir menn, sem kynnt höfðu sér aðstæður, vissu það fyrir fram, að af svo almennri mikilli kauphækkun sem varð á s. l. sumri mundi gengislækkun verða óhjákvæmileg. Þetta sannaðist berlega í þeim umr., sem urðu um það mál hér á dögunum, og var raunar áður vitað, og skal ég ekki fara lengra út í það.

Hitt er svo einnig kunnugt, að sjávarútvegurinn á við mikla örðugleika að etja. Það er ekki vegna gengislækkunarinnar, heldur af allt öðrum ástæðum. Varðandi bátaflotann er það fyrst og fremst vegna kauphækkananna fyrr á þessu ári. Með gengislækkuninni og þessu frv. var reynt að firra þeim vandræðum, sem af þessu höfðu stafað. Það hefur að nokkru leyti tekizt nú þegar og mun takast enn betur, þegar útvegurinn fer að njóta góðs af ýmsum ákvæðum þessa frv., því að það er rangt, að með 7. og 8. gr. þessa frv. sé verið að skattleggja útveginn. Þar er þvert á móti verið að gera ráðstafanir útveginum til hjálpar, ráðstafanir, sem voru óhjákvæmilegar, úr því sem komið var, og ekki var hægt að gera á annan veg, þannig að honum kæmi að gagni betur en með þessu móti. Hitt er svo annað mál, að togaraútvegurinn á við enn aðra örðugleika að etja. Auðvitað bitna kauphækkanirnar einnig á honum, og er þó þess að gæta, að togarasjómenn munu ekki hafa fengið neina kauphækkun á þessu ári. En togaraútgerðin á fyrst og fremst að etja við örðugleika vegna hins geigvænlega aflaleysis, sem togararnir eiga nú við að stríða.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. v., sagði, að úr því að togaraútgerðin gæti ekki borið sig, þá ætti einfaldlega að leggja hana niður, og það væri nú komið í ljós, að togaraútgerðin bæri sig a. m. k. mun verr en bátaútvegurinn. En þá er einnig á það að líta, að bátaútvegurinn hefur nú eftir stækkun fiskveiðilandhelginnar fengið forréttindi til veiða langt umfram togaraútgerðina, þannig að með þeirri stækkun fiskveiðilögsögunnar hefur verið gengið á hlut togaranna til hags fyrir bátana. Við vitum öll um þær ástæður, sem til þessa liggja. En þetta er engu að síður staðreynd, sem við komumst ekki hjá. Og samtímis hefur það orðið, að togararnir fiska mun verr á fjarlægum miðum en þeir áður gerðu, einkanlega á árinu 1958 og fyrri hluta ársins 1959. Við vonum öll, að sá tími komi, að ný mið finnist eða verði til, sem samsvari þeim ágætu miðum, sem togararnir öfluðu á á því tímabili, sem ég nú talaði um. En meðan slík mið eru ekki fyrir hendi og togararnir njóta jafnlítilla réttinda innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar og þeir gera í dag, er eðlilegt, að þröngt sé í búi hjá þeim.

Hv. 4. þm. Austf. hefur réttilega að mínu viti sagt bæði í þessum umr. og fyrr í umr. á Alþingi nú í vetur, að vandamál togaraútgerðarinnar væri alveg sérstaks eðlis, í raun og veru að verulegu leyti óviðkomandi hinu almenna efnahagsástandi í landinu og þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til viðréttingar því og jafnvægis í þeim efnum. Þó að okkur komi ekki saman um allt, þá kemur okkur alveg saman um þetta — og einnig hitt, að togaraútgerðin er og hefur verið þjóðinni miklu meira virði en svo, að bráðabirgðaörðugleikar, sem hún verður fyrir, megi verða til þess, að við sláum því föstu, að það eigi að leggja togaraútgerð á Íslandi niður og hún beri sig ekki. Það er hægt að orða slíkt í gamanmáli, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. er títt að flytja hér, en í alvöru hygg ég, að engum, hvorki á Alþ. né utan Alþingis, geti komið til hugar, að svona megi fara að. Jafnvel í dag, í þeim þrengingum, sem togaraútgerðin á, leggur hún þó til verulegan hluta af þjóðartekjum okkar, og er ósýnt, hvernig við kæmumst af, ef þeirri stoð yrði kippt undan þjóðarbúinu.

Það er þess vegna mikið vandamál, sem þarfnast úrlausnar og úrlausn hefur enn ekki verið fundin á, — það skal ég játa, — hvaða sérstakar ráðstafanir þurfi að gera til hjálpar útgerðinni, meðan hún á í þessum örðugleikum. Þar kemur til álita að horfast hreinskilnislega í augu við það, hvort menn telji ráðlegt að veita þeim meiri fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar en nú hefur verið gert. Ef þannig væri farið að, mundi því áreiðanlega vera haldið fram, að með því væri gengið á hlut

bátaflotans frá því, sem verið hefur hin síðustu ár, alveg eins og togararnir geta haldið því fram, að vegna bátanna hafi verið á þeirra hlut gengið þetta árabil. Hér er um að ræða mikinn hagsmunaágreining milli þegna þjóðfélagsins, sem allir eiga sömu kröfu til, að þeir njóti landsins gæða. Og ég spyr: Hver er kominn til þess fyrir fram að fullyrða, að við þessum vanda sé til einfalt og alveg óbrigðult svar? Ég minnist þess, að í umr. fyrr á þessu ári vitnaði hv. 4. þm. Austf. til þess, að ég sagði á sumrinu 1958, skömmu eftir að reglugerðin um stækkun fiskveiðilögsögunnar hafði verið gefin út, að ég óttaðist, að með þeim ákvæðum, sem þá voru sett, væri hlutur togaranna um of skertur. Og ég hélt þessu einmitt fram í ræðu, sem ég hélt á Vestfjörðum, vegna þess að ég vissi, að Vestfirðingar yfirleitt mundu hafa aðra skoðun, fagna útilokun togaranna. En ég taldi nauðsynlegt, að þeim yrði ljós sá vandi, sem hér væri á ferðum, og efasamt væri, að þarna væri fullnaðarlausn á miklu vandamáli fundin. Svo hefur reynzt, sem ég þarna sagði fyrir eða benti á, að togararnir sýnast ekki hafa þolað þá veiðiskerðingu, sem þeir hafa orðið fyrir.

Ef menn — ég segi: ef — ef menn telja óráðlegt að víkka veiðiheimildir togaranna innan fiskveiðilögsögunnar, þá hlýtur mjög að koma til íhugunar, hvernig á annan hátt sé hægt að bæta þeirra hlut. Ég veit ósköp vel, að það er ekki vinsælt að segja, að annað hvort sé eðlilegt, að þeir fái rýmri fiskveiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar eða þeir fái einhverjar fjárbætur, á meðan þeir komast ekki af og hægt er að rekja að verulegu leyti þeirra erfiðleika til skerðingar á veiðiréttindum þeirra. Ég veit ósköp vel, að margir mundu segja: Er ekki einhver þriðja leið til örðugleikalaus, sem við engan komi, til þess að bæta hag þeirra manna, ekki aðeins útvegsmanna, heldur einnig sjómanna og landverkafólks og þar með þjóðarheildarinnar, — bæta það skakkafall, sem allir þessir aðilar verða fyrir af þessum sökum? Ég hef ekki enn heyrt þau úrræði, og ég er hræddur við, að hér eins og ella fari svo, að ef á að bæta hlut annars, þá verði það að vera gert á kostnað hins, að það verði ekki jöfnuð metin, nema tekið sé frá einhverjum öðrum til þess að jafna metin. Ég er ekki kominn til þess í dag að segja, hver úrræði eigi í þessu að velja, en ég tel fyllilega tímabært að vekja sérstaka athygli á þessu vandamáli, bæði vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Austf.

Þá get ég ekki heldur látið hjá líða að víkja að því, hversu ásakanirnar á ríkisstj. nú eins og oft ella stangast illilega. Annars vegar er hún sökuð um að hafa gefið út brbl., en hins vegar fyrir það, að í þessum brbl. sé ekki gerð nóg grein fyrir, hvernig eigi að verja því fé, sem til ráðstöfunar er samkvæmt þeim. Eins og á stóð í sumar, var óhjákvæmilegt að gera þessar ráðstafanir, bæði að fela Seðlabankanum að kveða á um nýja skráningu krónunnar og eftir að hann hafði gert það að gera þær ráðstafanir, sem í þessu frv. eru. En jafnframt var eðlilegt, að ríkisstj. léti það bíða síðari ákvörðunar, þ. e. a. s. ákvörðunar Alþingis, hins reglulega handhafa löggjafarvaldsins, hvernig einstökum atriðum yrði skipað, þeim einstöku atriðum, sem þurftu nánari íhugunar og máttu vel bíða. Og þá á ég einkanlega við fyrirkomulag og nánari ráðstöfun á þeim tekjum, sem til ráðstöfunar eru samkv. 7. og 8. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Ef ríkisstj. hefði ráðstafað þessu í einstökum atriðum, hefði vissulega mátt saka hana um einræði, að hún vildi segja Alþingi fyrir verkum. En hún lét einmitt mörg mikilvæg atriði í þessu standa opin, vegna þess að hún taldi eðlilegt, að um þau yrðu fyrst teknar ákvarðanir eftir og þegar Alþingi fengi málið til venjulegrar meðferðar.

Ég sé nú, að klukkan er orðin fjögur, og ég á töluvert eftir af ræðu minni, svo að ég hygg, að það væri e. t. v. bezt, að ég frestaði máli mínu. (**Forseti:** Ef hæstv. ráðh. vildi gera hlé á ræðu sinni . . .). Ég mundi á næsta fundi vilja halda áfram og ljúka ræðunni þá. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson) [frh.]: Hæstv. forseti. Því var haldið fram af andmælendum þessa frv., að ekki væri sambærilegt, að renna skyldi til ríkissjóðs gengishagnaður vegna vörubirgða til útflutnings í landinu, við svipuð ákvæði áður og þá einkanlega 1960 og 1958. Það má auðvitað endalaust deila um, hvað sé sambærilegt eða ekki, og oft vill fara svo, að þeim, er eitthvað ákveður sjálfur, þyki það ekki sambærilegt, þó að annar ákveði hið sama. Og hefur þess einkum þótt kenna um hv. framsóknarmenn, að þeir væru hneigðir til þess að skoða málin í slíku ljósi. Er mér nær að halda, að þetta eigi við í þessu tilfelli, eins og oft endranær. En látum það vera. Mér er nær að halda, að svo mikil ástæða sem kann að hafa verið til þess oft áður að taka slíkan ágóða af framleiðendum eða hindra, að þeir fengju hann, þá sé enn þá ríkari ástæða til þess nú en þá. Oft hefur það dregizt og yfirleitt dregizt mjög úr hófi, að gerðar væru nauðsynlegar efnahagsráðstafanir, þannig að komið hefur verið í mikil vandræði, þegar framkvæmdar voru aðgerðir til þess að létta af þessum vandræðum. Nú var hins vegar brugðið miklu skjótar við en tíðkanlegt hefur verið. Ætlunin var að firra því, að vandræðin sköpuðust, en ekki einungis að bæta úr langvarandi vandræðaástandi, eins og t. d. var gert 1960, 1958 og oft endranær. Þess vegna er það óumdeilanlegt, að mestur hluti þeirrar framleiðslu, sem var í landinu, þegar gengisbreytingin var gerð, hafði verið framleiddur undir allt öðru eða við allt annað verðlag en tók gildi eftir gengisbreytinguna og raunar allt annað verðlag en var að skapast, þegar gengisbreytingin var gerð. Meginhluti framleiðslunnar hafði orðið til, áður en hinar almennu kauphækkanir urðu á s. l. sumri. Framleiðendur höfðu þess vegna hvorki haft kostnað af kauphækkununum né heldur kostnað þann, sem leiddi af gengisbreytingunni, en hana leiddi aftur, eins og kunnugt er, af kauphækkununum.

Þess vegna var nú ríkari ástæða en nokkru sinni fyrr til þess, að framleiðendur fengju ekki þann ágóða, sem þeir hefðu hlotið vegna hækkunar á afurðunum, ef ekki hefði verið að gert. Og úr því að sams konar ákvæði eru látin gilda um aðrar vörur í landinu, þær vörur, sem framleiddar höfðu verið fyrir innanlandsmarkað og fluttar inn í landið, að bannað var að hækka verðlag á þeim til hags fyrir framleiðendur eða eigendur, þá var mjög erfitt að komast hjá því, að hliðstæð ákvæði væru sett um útflutningsframleiðsluna.

Hitt má svo deila um, hvort slík bönn almennt séu hyggileg eða æskileg. Kaupmenn og framleiðendur benda á, að með þessu sé í raun og veru verið að hafa af þeim fé, vegna þess að hin nýja vara, sem komi í staðinn fyrir þær vörur, sem þeir áður áttu og höfðu aflað sér, verði dýrari og þess vegna sé þarna verið að hafa af þeim fé. Þetta eru nokkur rök. En úr því að þau eru ekki virt varðandi aðra, sýnist hæpið að virða þau fremur varðandi framleiðendur á útflutningsmarkaði, einkanlega þegar þannig stendur á, eins og ég tók fram, að meginhluti birgðanna hafði verið framleiddur við allt annað og lægra verðlag.

Þarna eru auðvitað nokkur takmarkatilfelli, nokkur hluti framleiðslunnar, sem verður fyrir hinum almennu kauphækkunum, nokkur hluti birgða í landinu, sem ekki er að fullu framleiddur og nýr kostnaður leggst á, eins og hv. 4. þm. Austf. benti á. En þá er líka á það að líta, að varan er auðvitað ekki framleidd að fullu, fyrr en framleiðslunni er lokið, og það er gert ráð fyrir því í sjálfum lögunum, að þarna kunni að rísa vafaatriði, sem ríkisstj. er ætlað að skera úr. Enn kann að vera, að þar fyrir utan verði kostnaður vegna útflutningsvörunnar hærri en ella hefði verið og leggist þess vegna á framleiðandann. Það finnst mér rétt að skoða nánar í nefnd, hvort taka beri tillit til þess að einhverju leyti.

En einnig er rétt að hafa í huga, að hv. andmælendur þessa frv. hafa fullyrt, að framleiðendur gætu ekki einungis tekið á sig kauphækkanirnar til bráðabirgða, sem urðu í sumar, heldur um alla framtíð, án þess að til gengisbreytingar þyrfti að koma. Þeir töldu sem sagt hag framleiðenda svo góðan, að engar sérstakar ráðstafanir þyrfti að gera varðandi framtíðina þeim til hags, og er þá einkennilegt að heyra hina sömu menn halda því fram, að framleiðendur geti nú ekki verið án þessarar verðhækkunar á þeirri framleiðslu, sem þeir höfðu látið vinna, áður en kauphækkanirnar og hinn aukni tilkostnaður kom til. Hér stangast illilega á í röksemdum hjá þessum aðilum. Ég fullyrði þess vegna, að hafi verið ástæða til þess áður að láta slíkan hagnað renna til annarra en framleiðendanna, þá eru enn sterkari rök fyrir því nú, þó að hér eins og ella verði að skoða hvert tilfelli fyrir sig og stoði ekki einungis að vitna til þess, sem áður hefur verið, heldur gera upp sinn hug um, hvað sanngjarnt sé í því tilfelli, sem við nú eigum að leysa.

Hv. 1. þm. Austf. hélt því fram, að ekkert tilsvarandi ákvæði hefði verið varðandi gengislækkunina 1950. Ég lít þannig á, að þetta sé misskilningur. Í lögum um fiskábyrgð, sem giltu allt þangað til gengislækkunarlögin 1950 tóku gildi, var ákvæði um, að ef vara, sem framleidd væri, meðan fiskverðsábyrgðin var í gildi, yrði seld fyrir hærra verð en ábyrgðarverðinu næmi, ætti það hærra verð að renna til ríkissjóðs, þangað til allur halli hans af fiskábyrgðinni væri greiddur. Ég skil þessi ákvæði svo, að þau hafi leitt til þess, að af framleiðslunni, þangað til gengislækkunarlögin 1950 gengu í gildi, hafi þess vegna fyrst orðið að borga halla ríkissjóðs af fiskábyrgðinni, og samkv. því, sem mér er tjáð eftir aðalútflytjendum á þeim tíma, þá var einmitt sá háttur hafður á að meginstefnu, að gengishagnaðurinn var af þeim tekinn, þó að þeir fengju að halda einhverjum hluta hans vegna samkomulags milli þeirra og ríkisstj. En það má halda því fram, að 1950 hafi staðið töluvert öðruvísi á vegna fiskábyrgðarinnar og mikilla vandræða, sem útgerðin þá var í, heldur en nú, og mér kemur ekki til hugar að halda því fram, að þessi tilfelli séu að öllu leyti sambærileg við það, sem nú er. En rétt er, að það komi fram engu að síður, hver háttur þá var á hafður, eftir því sem ég hef helzt að komizt.

Það var spurt um það hér, hversu mikill þessi gengishagnaður mundi verða. Mér skilst, að það sé áætlað, að hann muni verða eitthvað nærri 120 millj. kr. Það er ekki hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi, en þó talið líklegt, að það mundi láta nærri að nema þeirri upphæð.

Að öðru leyti verður það vitanlega á valdi nefndar og þingsins að athuga þessi mál nánar, íhuga, hvort rétt sé að taka tillit til þeirra takmarkatilfella, sem ég gat áðan um. Einnig að öðru leyti hefur þingið það á valdi sínu, hvernig þessu fé skuli varið.

Það er rétt, að hér er um allháa upphæð að ræða. En hún hrekkur þó engan veginn til þess að mæta þeim halla, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna ábyrgða, sem á hann hafa fallið vegna atvinnuveganna og hann einhvers staðar að verður að fá fé til þess að standa undir. Þær ábyrgðir, sem hér eru mestar, munu ekki sízt vera frá sjávarútveginum, og þess vegna eðlilegt, að hann sé með einum eða öðrum hætti og þá ekki sízt af ágóða, sem þannig er til kominn eins og þessi, látinn standa undir greiðslunum.

Hitt er svo allt annað mál, eins og ég tók fram, að í þessum brbl. og frv. eru ekki heimildir til þess fyrir ríkisstj. að gefa eftir einstakar skuldir útvegsmanna. Um þá eftirgjöf gilda sérstakar reglur samkv. lögum um ríkisábyrgðir, sem nýlega hafa verið sett. Og það kemur auðvitað því frekar til álita að gefa þær skuldir formlega eftir, ef ríkissjóður hefur fengið fé til greiðslu þeirra með þessum eða öðrum hætti. Þá fyrst skapast undirstaða til eftirgjafar í einstökum tilfellum. En það, sem ég lagði áherzlu á í ræðu minni og mér virtist hv. 4. þm. Austf. að nokkru leyti misskilja, var, að þó að viðurkennt sé, að eftirgjafir til einstakra skuldunauta séu teknar til athugunar, þá er ekki verið að veita stjórninni neina nýja heimild til einstakra eftirgjafa með þessu frv. Það er mál, sem verður að skoða fyrir sig og meta

eftir því, hvað sanngjarnt er í hverju einstöku tilfelli.

Hv. andmælendur frv., sem í sumar, eins og ég gat um áðan, töldu og í öðru orðinu enn telja, að útvegurinn hafi verið svo vel stæður, að hann hafi getað tekið á sig kauphækkanirnar hinar almennu, án þess að nokkrar þvílíkar ráðstafanir þyrfti að gera, eins og ákveðnar voru með lögunum um gengisskráningu og með þessum brbl., þeir halda því í hinu orðinu fram, að útvegsmenn hafi engar bætur fengið með þessum ráðstöfunum, sem þeir þó telja þá sárlega þurfandi fyrir. Það, hvort menn telja, að útvegsmenn fái bætta aðstöðu vegna ráðstafananna í sumar, verður auðvitað algerlega að metast eftir því, hvort menn telja, að ákvæðin í 7. og 8. gr. þessa frv. komi útveginum til gagns eða ekki. Ef menn trúa því raunverulega, eins og a. m. k. hv. 4. þm. Austf. lét í veðri vaka, að hér sé einungis um beina ríkisskatta á útveginn að ræða, þá er auðvitað rétt, að útvegurinn ber skarðan hlut frá borði, og þá mætti einnig segja, eins og hv. 1. þm. Austf. hélt fram, að verið væri að taka upp nýtt uppbótakerfi með ákvæðunum í 7. gr. um greiðslu tryggingargjalda úr ríkissjóði. En hér vantar algerlega undirstöðuna fyrir þessari rökfærslu hinna hv. þm., vegna þess að óumdeilanlegt er, að það fé, sem innheimt er samkv. 7. og 8. gr., kemur útveginum til gagns. Og það er einmitt fullvíst, að það væri ekki hægt að bæta hans hag á nokkurn hátt, sem honum væri gagnsamlegri en með þeirri skipun, sem ákveðin er í 7. og 8. gr. þessa frv. Þetta veit ég, að allir hv. þm. viðurkenna, þegar þeir skoða málið ofan í kjölinn, og hv. 4. þm. Austf. raunar viðurkenndi það einnig í öðru orðinu, þegar hann taldi, að með ákvæðum 7. gr. og raunar 8. gr. einnig væri gengið á hlut sjómanna útvegsmönnum til hags. Og þá taldi hann allt í einu, að útvegurinn væri búinn að fá of mikið, þó að hann að öðru leyti héldi því a. m. k. stundum fram, að útvegsmenn væru svo illa staddir, að þeirra hag yrði að bæta miklu meira en ráðgert er í þessu frv.

Einnig í þessu eins og í öðrum atriðum málflutnings hv. þm. rekst illilega á það, sem hann heldur fram í hverju einstöku tilfelli, sem kemur af því, að hann veit, að í raun og veru var hér um algera nauðsynjaframkvæmd að ræða, óhjákvæmilega, fyrst breytingu á gengisskráningunni og síðan einmitt svipaðar ráðstafanir þeim, sem í 7. og 8. gr. eru ákveðnar. Af pólitískum ástæðum vill hann bera brigður á þetta, en sökum greindar sinnar verður hann að játa í öðru orðinu það, sem hann neitar í hinu, þannig að allt er þetta botnleysa, sem hann heldur fram. Sannleikurinn er sá, að það fé, sem af útveginum er tekið í 7. og 8. gr., er í raun og veru fé útvegsins sjálfs, sem á ekki að takast af honum fyrir fullt og allt, heldur ráðstafa með þeim hætti, að það komi honum að sem allra mestum notum. Þegar af þeirri ástæðu er eðlilegt, að mjög verði stuðzt við óskir útvegsmanna um það, hvernig þessu fé sé varið. Það mun rétt, að útvegsmenn sjálfir eru því andstæðir, að verulegur hluti þessa fjár renni til stofnlánadeildar, eins og í frv. er lagt til. Ég gat þess þegar í framsöguræðu minni, að þetta væri sjálfsagt að athuga nánar eftir tilmælum útvegsmanna. Og ég efast ekki um, að Alþingi muni íhuga þeirra tillögur og meta síðan, hvort þær hafi við rök að styðjast eða ekki.

En óumdeilanlegt er, að útvegurinn, einkum þegar til lengdar lætur, hlýtur að hafa mikið gagn af því, að fé renni til stofnlánadeildarinnar. Því hefur verið haldið hér fram, að óeðlilegt væri, að sjávarútvegurinn stæði sjálfur undir fjáröflun til þeirra lánsstofnana, sem gera ættu honum gagn. Og hv. 4. þm. Austf. sagði, að öðruvísi mundi þetta vera í Noregi. Norskur sérfræðingur mundi hafa bent ríkisstj. á, að þetta væri ekki heppileg tilhögun. Vel má vera, að þetta sé með öðrum hætti í Noregi. En þar er sá meginmunur á, að norskur sjávarútvegur er engan veginn slíkur grundvallaratvinnuvegur allrar þjóðarinnar eins og sjávarútvegur Íslendinga er fyrir hina íslenzku þjóð. Þess vegna er vel skiljanlegt, að Norðmenn hafi efni á og geti styrkt sjávarútveg sinn með framlögum frá öðrum atvinnugreinum. Þetta horfir allt öðruvísi við á Íslandi, þar sem sjávarútvegurinn er aðaltekjulind þjóðarinnar. Frá sjávarútveginum fáum við meginhluta þess gjaldeyris, sem við kaupum okkar erlendu þarfir fyrir. Það væri mjög æskilegt, ef fleiri ámóta sterkir atvinnuvegir væru í landinu, þannig að við værum ekki jafngersamlega háðir sjávarútveginum eins og raun ber vitni. Og einmitt þess vegna er vaxandi skilningur á þörf fyrir það, að hér byggist upp fleiri atvinnuvegir og þá einkanlega í iðnaði, bæði smáiðnaður og stóriðnaður, ef hægt er að koma því við að öðru leyti, þannig að íslenzka þjóðin geti vel við unað. Ef fleiri slíkir sterkir atvinnuvegir væru til í landinu, gætu skapazt miklu fremur en nú möguleikar til þess að geta létt undir með sjávarútveginum. Slíkt yrði sjávarútveginum ekki til tjóns, eins og sumir virðast halda fram, heldur til þess að létta af honum byrðum og gera mögulegt að gera aðstöðu hans í landinu að ýmsu leyti betri en hún er nú.

Það er alveg eins og á fyrstu árum Framsfl., þá fjandskapaðist hann ákaflega mikið við sjávarútveginn og flutning fólksins úr sveitum í kaupstaði og þorp. Nú er, sem betur fer, kominn töluvert annar skilningur í raun og veru hjá framsóknarmönnum á þessu atriði heldur en þeir áður höfðu. Ég minnist þess, að í sumar kom ég í hérað á Austurlandi og hitti þar einn ágætan framsóknarmann, sem sagði, að það væri hin mesta lyftistöng fyrir bændurna þar í héraðinu, að þorp þar í nágrenninu væru að vaxa upp með blómlegri atvinnu. Ef slíku hefði verið haldið fram af framsóknarmanni fyrir 20—30 árum, hefði það þótt ótrúlegt og menn hefðu vart trúað sínum eigin eyrum. Eins hygg ég, að fara muni, að sá fjandskapur, sem t. d. í dag kemur fram í málgagni hv. 4. þm. Austf. gegn hugsanlegri stóriðju á Íslandi, muni breytast, áður en langt um líður, að jafnvel hans flokksbræður muni skilja, að það er allri þjóðarheildinni til blessunar, ef fleiri atvinnuvegir vaxa hér upp, m. a. vegna þess, að þá er mögulegt, að sjávarútvegurinn fái, eins og ég

sagði, rýmri kjör að ýmsu leyti en hægt er að veita honum nú, meðan hann enn er aðalundirstöðuatvinnuvegur landsins, og þess vegna ekki hægt að sækja til annarra styrki honum til handa. Þetta hefur gert það að verkum, að hingað til hefur orðið að byggja upp lánastofnanir sjávarútvegsins með allt öðrum hætti en t. d. lánastofnanir landbúnaðarins. Þetta vitum við. Það væri æskilegt, að svona þyrfti ekki að fara að, en eins og enn háttar til, er ákaflega erfitt að komast fram hjá því. Þess vegna fer því fjarri, að sjávarútveginum sé sýndur fjandskapur eða verið sé að hafa af honum fé, þó að lagt sé til, að af honum sé tekið fé til þess að byggja upp nauðsynlega lánastofnun, er hann geti sótt fé í, eftir því sem þarfir hans kalla á. Hitt má vel vera, að eins og sakir standa nú, séu aðrar þarfir brýnni, og ef útvegsmenn meta það svo, þá er eðlilegt, að á þá sé hlustað og tekið sé tillit til þeirra óska.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um einstök atriði frv. eða einstakar aths., sem fram komu. Margt af því, sem hv. andmælendur frv. færðu fram, var þess eðlis, að það hlýtur að koma til athugunar þá fyrst, þegar sett verða nánari fyrirmæli um það, hvernig því fé skuli varið, sem samkv. 7. og 8. gr. á að heimta inn. Ég tók það fram í ræðu minni í fyrradag, að hér er í raun og veru einungis um rammalöggjöf að ræða, sem ætlað er að fylla út í, annaðhvort við meðferð frv. sjálfs á Alþingi eða þá með sérstakri löggjöf, sem raunar hefur verið ráðgerð, bæði um tryggingakerfið og hlutatryggingasjóðinn. Þangað til ákveðnar tillögur um einstök atriði þessa efnis koma fram hér á Alþingi, tel ég alveg þýðingarlaust að vera að ræða um, hvernig þessu skuli skipað frekar. Tími verður fyrst til þess, þegar séð verður, hverjar þær tillögur eru, sem ríkisstj. ber fram um ráðstöfun þessa fjár að athuguðu máli.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. í fyrri hluta þeirrar ræðu, sem hann var nú að enda við að flytja, sú stefna, að það væri eðlilegt, að bátaútgerðin stæði að einhverju leyti undir eða hlypi undir bagga með rekstri togaraflotans vegna taps á togurunum.

Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla þessu sjónarmiði. Bátaútvegurinn er útflutningsatvinnugrein, sem hefur harða samkeppni frá framleiðendum í öðrum löndum, og bátaútvegurinn fær því alls ekki staðið undir böggum eins og þeim að taka á sig töp togaraútgerðarinnar. Það er heldur enginn vottur af sanngirni í því, að bátaútvegurinn og þar með þau byggðarlög, sem á honum byggja, taki sérstaklega á sig þessar byrðar. Að því leyti, sem óhjákvæmilegt dæmist að hlaupa undir bagga með togaraútgerðinni vegna aflabrests, verður að kosta slíka hjálp eða aðstoð af sameiginlegu fé þjóðarinnar. Þess vegna m. a. þarf að mínum dómi að breyta 8. gr. þessa frv., þar sem sýnilega er gert ráð fyrir því, að bátaútvegurinn greiði aukin útflutningsgjöld í aflatryggingasjóð, sem renni til togaraflotans.

Mín skoðun er sú, að það verði hver grein sjávarútvegsins að vera út af fyrir sig í aflatrygginga- eða hlutatryggingasjóði, eins og verið hefur. Þetta er mjög þýðingarmikið stefnuatriði, að mínu viti.

Þá var hæstv. forsrh. í fyrri hluta ræðu sinnar út frá sama hugsunarhætti, að því er virtist, að greina frá því, að til athugunar væri í ríkisstj. að hleypa togurunum inn á bátamiðin í landhelginni. Sagði hæstv. ráðh. þetta mál í athugun hjá ríkisstj. Þessi ummæli hæstv. ráðh. hafa vakið geysilega athygli og mikinn kvíða og ótta um, að þetta standi til. Slík ráðstöfun væri að mínum dómi að fara úr öskunni í eldinn. Ef þetta ætti að gerast í þeim mæli, að verulega drægi fyrir togarana, mundi þetta stórspilla fyrir bátaflotanum og stefna að því að leiða yfir bátaútveginn sams konar vanda og togaraútgerðin býr nú við. Og hvað væri togaraútgerðin sjálf bættari, þegar svo væri komið um fiskimiðin innan landhelginnar, og hvar væri þjóðin stödd, ef vandkvæði togaranna verða leyst að einhverju litlu leyti í bili, en fyrir slíka bráðabirgðalausn væri goldið með rányrkju bátamiðanna?

Bátafiskimiðin við ströndina í landhelginni eru fjöregg þjóðarinnar, og það er hagnýting þeirra, bátamiðanna, fyrst og fremst og gæði þeirra, sem valda því, að þjóðin getur lifað hér góðu lífi í landinu. Einmitt nú er mikill beygur í mönnum út af því, að ofveiði muni vera á þessum miðum, og uppi ýmsar skynsamlegar tillögur um friðun hrygningarsvæða o. fl. í því sambandi. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að láta ekki tímabundna, — ég segi: vonandi tímabundna erfiðleika togaraútgerðarinnar hrinda sér út í að hleypa togaraflotanum inn á bátamiðin. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að leita annarra leiða með beinum stuðningi þjóðfélagsins, ef þarf, við togaraútgerðina og útbúnaði sem beztum, til þess að togararnir geti notið sín a fjarlægari fiskislóðum og þeim fiskislóðum umhverfis landið, sem þeir nú þegar eiga aðgang að.

Ég vil einnig biðja hæstv. ríkisstj. að íhuga afstöðuna út á við í landhelgismálinu í þessu sambandi. Ég vil mega vona, að hæstv. forsrh. hafi þær fréttir að færa okkur nú við þessa umr., þegar hann talar næst, að þótt ríkisstj. hefði athugað þetta, hefði hún komizt að þeirri niðurstöðu, að alls ekki væri fært að hleypa togurunum inn á bátamiðin eða lengra inn í landhelgina en ákvarðað var á sínum tíma. Ég vil mega vona, að hann lýsi þessu yfir, og ég bið hann að gera það til þess að létta af mönnum ótta í þessu efni.

En fari svo, mót von minni, að forsrh. vilji ekki lýsa þessu yfir, þá fer ég þess á leit, að hann lýsi yfir því, að þetta mál verði lagt fyrir Alþingi og að ríkisstj. muni ekkert aðhafast í því, fyrr en Alþingi hefur um það fjallað. Hagnýting fiskimiðanna við ströndina er eitt mesta mál þjóðarinnar, og þótt ríkisstj. hafi vald til að skipa þessum málum með reglugerð, þá er á allan hátt eðlilegast, að um það sé fjallað á Alþingi, þar sem það á nú setu, enda hefur hæstv. forsrh. beinlínis leitt málið inn í þingið í þessum umr. Ég vona því, að hæstv. ráðh. taki þessum tilmælum vel.

Þá vil ég loks í sambandi við þetta alvarlega mál benda hæstv. ríkisstj. á, að sumarið 1958, þegar ákvarðað var, að hve miklu leyti togarar skyldu eiga rétt á að fiska innan nýju landhelginnar, var fjallað um það mál af sérstökum fulltrúum sjávarútvegsins, tilnefndum úr öllum landsfjórðungum sérstaklega, ásamt fulltrúum frá togaraeigendum. Og síðan, eftir því sem ég bezt veit, var fjallað um málið í nefnd, sem var til ráðuneytis ríkisstj. í landhelgismálinu og var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Ég beini því til hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. sérstaklega að láta þetta mál nú fá sams konar skoðun, ef ekki er hægt að fá því yfirlýst nú af ríkisstj. hendi, að ekki komi til greina, að réttur togaranna til veiða í landhelginni verði aukinn. En auðvitað væri langæskilegast, að hægt væri að fá slíka yfirlýsingu nú strax.

Varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram að öðru leyti, langar mig til þess að bæta við nokkrum orðum. Ég hélt því fram um daginn, að þetta frv. sýndi, ásamt öðru, sem áður hefði fram komið, að gengislækkunin í sumar hefði verið gersamlega að ófyrirsynju eða að ástæðulausu og alls ekki verið knúin fram af þörf atvinnuveganna. Ég hélt því fram, að þetta frv. væri enn ein sönnunin fyrir þessu, og fór nokkru nánar út í það. Hæstv. forsrh. svaraði þessu mjög litlu. Hann svaraði því í raun og veru bara með einni setningu, sem hann hafði yfir, og hún var á þá lund, að skynibornir menn vissu, að út af jafnmikilli kauphækkun og varð í sumar hlyti gengislækkun að vera óhjákvæmileg. Síðan sagði hæstv. ráðh.: Ég skal ekki fara lengra út í það. — Þetta voru rök hæstv. ráðh., ef rök skyldi kalla. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. kinoki sér við að fara lengra út í það. En hjá því verður alls ekki komizt, að út í það verði lengra farið.

Ég vil í þessu sambandi endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta, og óska eftir því, að hæstv. forsrh. hnekki þeim rökum, ef hann treystir sér til. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að þrátt fyrir kauphækkun þá, sem varð s. l. sumar, hækkaði verð á síldarafurðum, bæði í bræðslu og salt, þrátt fyrir kauphækkunina. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að kauphækkun hjá sjómönnum kom fram í byrjun vertíðar s. l. vetur og var því komin inn í dæmið, þegar samið var um fiskverð á þeirri vertíð og fyrir s. l. ár. Þá vil ég rifja upp, að kaupgjaldskostnaður í frystihúsunum, fiskiðjuverunum, er a. m. k. að meðaltali ekki yfir 20% af útflutningsverðinu, samkv. alveg óyggjandi gögnum, sem ég hef haft í höndum um það mál síðustu mánuðina. Og er þessu gersamlega ómótmælt, enda ekki hægt að mótmæla því. Það þýðir, að kauphækkun sú, sem varð s. l. sumar umfram það, sem hæstv. ríkisstj. sagði að efnahagskerfið þyldi, gat aldrei numið meira en sem svaraði 1—2% verðlagsbreytingum á útfluttum sjávarafurðum. Samkvæmt sams konar gögnum, sem ég hef um verðlagsútreikninga í frystihúsum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, er augljóst, að þau samtök telja vaxtakostnaðinn við vinnsluna um 40—45% af vinnulaunakostnaðinum. Þetta þýðir, að ef vextirnir hefðu verið lækkaðir um ¼, eins og tillögur hafa verið gerðar um hvað eftir annað af framsóknarmönnum, eða ofan í það sama sem þeir voru, áður en viðreisnin kom til, þá hefði verið hægt með því einu að bæta fiskvinnslustöðvunum upp nær því alla kauphækkunina, sem varð s. l. sumar. Samkvæmt athugun, sem fram fór á iðnrekstri landsins, eftir að gengislækkunin varð, kom í ljós, að nær undantekningarlaust gátu iðnaðarfyrirtækin í landinu borið þá kauphækkun, sem varð s. l. sumar, án þess að fá nokkra verðhækkun á vörum sínum á móti. Í skýrslu, sem iðnrekendur munu hafa staðið að og birt var í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, þ. e. a. s. stjórnarblöðunum, var áherzla lögð á, að aðeins tvö fyrirtæki af öllum þeim fjölda, sem komið hefði til athugunar, hefðu þurft að fá einhvern hluta — og aðeins einhvern hluta af kauphækkuninni tekinn inn í verðlagið til hækkunar. Öll hin höfðu verið úrskurðuð þannig, að þau gætu og ættu að bera kauphækkunina sjálf, en verðhækkunin, sem þau fengju, væri eingöngu vegna gengislækkunarinnar sjálfrar, — vegna hækkunar á hráefniskostnaði og öðrum kostnaði við reksturinn vegna gengislækkunarinnar sjálfrar.

Þetta sýnir, að ef vextirnir hefðu verið lækkaðir um ¼, eða ofan í það, sem þeir voru fyrir viðreisnina, þá hefði iðnaðarvarningur í landinu, framleiddur innanlands, yfirleitt getað lækkað sem því svaraði hjá langflestum iðnaðarfyrirtækjum. Hér við bætist, að ef hæstv. ríkisstj. hefði tekið þá stefnu að stöðva verðlagshækkanir í landinu í stað þess að grípa til nýrrar gengislækkunar, hefðu viðskipti yfir höfuð aukizt nokkuð frá því, sem þau verða nú, og tekjur ríkissjóðs hefðu farið stórvaxandi, vegna þess að búið er að hauga tollum svo á aðfluttar neyzluvörur og einnig sölusköttum, að bróðurparturinn eða a. m. k. mikið af þeirri kauphækkun, sem varð, hefði skilað sér inn í ríkissjóðinn. Tekjur ríkissjóðs hefðu því vaxið mjög verulega á síðari hluta ársins, og þannig hefði skapazt möguleiki fyrir ríkisstj. til þess að nota eitthvað af því fjármagni til að koma í veg fyrir, að nauðsynleg hækkun á landbúnaðarafurðum kæmi fram í smásöluverðlagi þeirra til fulls. Enn fremur hefði þá ríkisstj. fengið möguleika til þess að nota eitthvert fjármagn til þess að greiða niður vátryggingariðgjöld bátaflotans. En ég geri ráð fyrir því, að bátaflotinn hafi verið þannig staddur á þessu ári, að hann hafi þurft og þurfi á því að halda, að þau iðgjöld séu greidd af opinberu fé. Ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað notfæra sér þessa möguleika, hefði auðvitað engin gengislækkun getað komið til greina, enda átti hún alls ekki að koma til greina samkvæmt þeim rökum, sem ég nú þegar hef fært fram. Það er gersamlega ómögulegt fyrir hæstv. ríkisstj. að komast fram hjá þessum rökum. Þetta eru pottþétt rök fyrir því, að gengislækkunin er gerð að ófyrirsynju.

Til viðbótar þessum rökum, sem áður voru komin fram og ég endurtek hér, kemur svo þetta frv., sem sýnir það enn alveg svart á hvítu, að gengislækkunin á sér allt aðrar rætur en þær að koma í veg fyrir stöðvun framleiðsluatvinnuveganna vegna kauphækkananna. Eða hvað sýnir þetta frv. og þær umr., sem hafa

farið fram í sambandi við það? Frv. sýnir, að fram á þennan dag hefur bátaútvegurinn t. d. ekki fengið eins eyris hækkun á tekjum sínum vegna gengislækkunarinnar, nema þá þeir aðeins örfáu bátar, sem hafa siglt með afla sinn á erlendan markað. Bátaútvegurinn yfir höfuð hefur ekki fengið eins eyris hækkun á tekjum sínum vegna gengislækkunarinnar, en útgjöld bátaútvegsins hafa vaxið stórkostlega nú undanfarið vegna gengislækkunarinnar. Svo vill hæstv. forsrh. fræða okkur á því, að þessar ráðstafanir, gengisbreytingin, hafi verið gerðar til þess að koma í veg fyrir stöðvun framleiðsluatvinnuveganna, sem hafi verið fram undan vegna kauphækkananna í sumar. Til viðbótar kemur svo, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér með þessu frv. að leggja gífurlega þunga skatta á sjávarafurðirnar á næstunni og gerir þess vegna alls ekki ráð fyrir því, að rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna njóti nema að sáralitlu leyti þess hagræðis, sem þessi fyrirtæki hefðu nú getað haft af gengislækkuninni, þegar fram í sótti, ef þessi löggjöf hæstv. ríkisstj. hefði ekki komið til.

Með þessu sýnir ríkisstj. enn, að hún er ekki að gera þessar ráðstafanir til hagsbóta fyrir framleiðsluna eða fyrir sjávarútveginn. Það er síður en svo. Gengislækkunin er gerð í fyrsta lagi sem hefndarráðstöfun gegn launasamtökunum í landinu fyrir að leysa launamálin nokkuð öðruvísi en stjórnin vildi og til þess að skjóta þessum samtökum skelk í bringu í næstu framtíð. Enn fremur er gengislækkunin gerð til þess að hækka verðlag á erlendum vörum, þeim sem fólk þarf að kaupa sér til lífsframfæris, og til þess að standa undir framkvæmdum og til þess þannig að bæta gjaldeyrisstöðuna út á við, vegna þess að hæstv. ríkisstj. sér aldrei neitt annað úrræði til þess að sjá landinu borgið út á við en að hækka sífellt verðlagið á erlendum vörum, sem keyptar eru til landsins. Það hvarflar á hinn bóginn aldrei að hæstv. ríkisstj. að reyna að gera myndarlegt átak til þess að skjóta fótum undir aukna framleiðslu í landinu. Loks er þriðja ástæðan, sem líka hefur vakað fyrir hæstv. ríkisstj., og hún er sú að moka peningum inn í ríkissjóð. Það sýnir sú skattlagning á sjávarútveginn, sem látin er fylgja gengislækkuninni. 120—140 millj. af andvirði þeirra sjávarvörubirgða, sem liggja í landinu, á að skófla inn í ríkissjóðinn, og síðan á að skófla þangað líka þeirri hækkun, sem verður á tollum og aðflutningsgjöldum vegna sjálfrar gengislækkunarinnar. Allt þetta sýnir, svo að ekki verður einu sinni um deilt, að það, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram um gengislækkunina, er rétt og ríkisstj. hefur hreinlega unnið skemmdarverk á efnahagskerfinu í pólitísku augnamiði. Í baráttu sinni við stéttasamtökin í landinu hefur hæstv. ríkisstj. gripið til þessa vopns. En slíkt er auðvitað með öllu óafsakanlegt og óheimilt.

Það er einmitt af því, að gengislækkunin er til komin með svona annarlegum og undarlegum hætti, að við sjáum frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, — annað eins fyrirbrigði. Ef þessi gengislækkun hefði verið hugsuð og undirbúin á sama hátt og aðrar gengisbreytingar hafa verið á undanförnum áratugum, hefði verið reynt að finna út samvizkusamlega, hvers útflutningsatvinnuvegirnir þurftu með, og miða breytinguna á genginu við það. Þetta hefur ævinlega verið gert. Allar gengislækkanir hafa verið rökstuddar með brýnni þörf atvinnuveganna, útflutningsatvinnuveganna, lagðar fram skýrslur og dæmi um, hvað væri það minnsta, sem útflutningsatvinnuvegirnir gætu komizt af með, og þau færð fram sem knýjandi rök fyrir því óyndisúrræði að þurfa að breyta gengi íslenzku krónunnar.

En nú eru engar slíkar skýrslur á ferðinni. Nú er ekki reynt að sýna fram á, að gengislækkunin hafi þurft að vera 13% vegna þess, að útflutningsatvinnuvegirnir þyrftu á því að halda, eða lagðar fram skýrslur og dæmi um þetta. Nei, málið er tekið frá allt annarri hlið. Það er bara tekið frá þeirri hlið, að nú þurfi að lækka krónuna til þess að hræða stéttasamtökin og hækka verðlag í landinu nægilega mikið til að hafa áhrif á gjaldeyrisjöfnuðinn. Það er reiknað á hné sér, að gengislækkunin megi ekki minni vera en þetta og þetta til þess að hafa áhrif á fólkið, til þess að hafa áhrif á verðið, svo að menn finni fyrir henni. Hún varð að vera það mikil, að menn fyndu fyrir henni, að menn fyndu afleiðingarnar á kroppnum á sér svo að segja. Þess vegna var ekki hægt að reikna hana eftir þörf atvinnuveganna. Hún er ákveðin eftir sjónhendingu og miðuð við þetta sjónarmið.

Þetta er skýringin á því, hvers vegna gengislækkunin er svona furðulega mikil, jafnvel frá sjónarmiði þeirra, sem hefðu getað hugsað sér, að það þyrfti einhverja litla gengislækkun vegna kauphækkunarinnar, sem þó ekki var, eins og margsinnis er búið að sýna fram á. Og þegar búið var að ákveða, hvað gengislækkunin þyrfti að vera mikil, til þess að menn fyndu hana á kroppnum á sér, þá kom í ljós frá sjónarmiði þeirra, sem hér að standa, að hún var orðin svo mikil, að það þurfti að taka aftur til baka frá útflutningsatvinnuvegunum bróðurpartinn af því fjármagni, sem þessi gengislækkun hefði annars þangað fært.

Af þessum ástæðum kemur jafnfurðulegt fóstur inn á þingið og þetta fylgifrv., þessi gengislækkunarkálfur, sem við köllum í gamni og verið er að ræða hér í dag. Það er verið að hala inn aftur, því að þetta er ekki miðað við þarfir útflutningsatvinnuveganna. Þetta er sönnun fyrir því. Hún er miðuð við allt annað. Hún er miðuð við að gera nógu kröftuga verðhækkun, sem menn finni fyrir og á að setja beyg í fólkið, og þá þurfti hún að vera þetta mikil, enda hefur aldrei nokkur maður botnað í, hvernig mönnunum datt þessi tala í hug, 13% hækkun á gjaldeyri, út af kauplækkun, sem svaraði til 2—3% af útflutningsverði hjá fiskiðnaðarfyrirtækjum. Hvernig gat mönnum dottið í hug svona gengislækkun í sambandi við þetta? Það er eftir þessum hugsanagangi, sem ég hef verið að lýsa. Og það er af þessari rót, sem allt þetta furðuspil er sprottið og þessi undarlegu plögg koma nú fram hér á hv. Alþingi.

Og einmitt af því, að þetta er svona í pottinn búið, verður hæstv. forsrh. að standa hér í því,

— og er sannast að segja ekkert öfundsverður af því, enda sýnilega heldur daufur í dálkinn, — verður forsrh. að standa hér í að færa rök fyrir því, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að leggja 4½% útflutningsgjald á allar afurðir sjávarútvegsins, — verður að standa í því að reyna að rökstyðja þetta hér: íslenzkur sjávarútvegur verði að bera hærra útflutningsgjald en þekkist nokkurs staðar annars staðar í heiminum, að lagt sé á nokkra útflutningsvöru. En þetta er ástæðan fyrir þessu furðulega frv. og þessum furðulegu tiltektum öllum saman.

Ég vil nú beina því til hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj., að hún geri tilraun til þess að sýna fram á, að þessi gengisbreyting hafi verið knýjandi nauðsyn frá sjónarmiði atvinnuveganna.

Hæstv. forsrh. minntist á það hér í dag, að mönnum hætti við að deila stundum á aðra fyrir það, sem þeir hefðu gert sjálfir. Það má vel vera, að þetta sé rétt hjá hæstv. ráðh., að það geti komið einhvern tíma fyrir okkur alla. En í þessu sambandi vil ég alveg sérstaklega benda á það, sem raunar hefur verið tekið fram áður hér í umr., að ég veit ekki betur en sú verðhækkun á útflutningsbirgðum, sem áður hefur verið tekin í sambandi við gengislækkanir, hafi runnið í útflutningsuppbætur, hafi runnið beina leið í útflutningsuppbætur, eða, eins og hæstv. ráðh. kom að, til að standa undir kostnaði við ríkisábyrgð á útflutningsverði fisks, sem í eðli sínu er alveg það sama. Ég veit ekki betur en þannig hafi verið farið að undanfarið.

Ég kannast ekki við fordæmi fyrir því, og þau munu ekki vera til, að verðhækkun á útflutningsvörum hafi verið tekin eignarnámi, eins og hér er gert, og látin renna í ríkissjóð. Það er ekkert annað, sem hér er verið að gera, en láta þetta fjármagn frá útflytjendunum renna beint í ríkissjóð. Það er ekkert annað en orðaleikur og tyllirök að tala um ríkisábyrgðir í því sambandi, því að á fjárlögunum er veitt fé til þess að standa undir töpum af ríkisábyrgðum, og auk þess eru horfur um afkomu ríkissjóðs þannig, að hann getur staðið án þessarar skattlagningar undir þeim töpum, sem koma til greina á ríkisábyrgðum. Það er því ekkert annað en orðaleikur að tala um ríkisábyrgðir í þessu sambandi. Hér er hreinlega um það að ræða að taka þetta fé og láta það renna í ríkissjóð.

Hæstv. forsrh. gengur erfiðlega að viðurkenna, að það sé byrjað á uppbótakerfi í þessu frv. og þeim ráðstöfunum, sem áður hafa verið gerðar með greiðslu vátryggingaiðgjalda fyrir bátaflotann. En ég held, að hæstv. ráðh., jafnglöggur maður og hann er, sjái betur en hann lætur. Hvað er það annað en uppbótagreiðsla eða uppbótakerfi að taka með almennu útflutningsgjaldi af sjávarafurðum einhverja fúlgu, og hún er tekin af öllum sjávarafurðum, og taka svo aftur af þeirri fúlgu til að greiða vátryggingaiðgjöld fyrir öll fiskiskip? Þetta er vitanlega nýtt uppbótakerfi. Þetta er almenn tekjuöflun af útflutningsvörunum og síðan notað til þess að greiða vátryggingaiðgjöld fyrir hvern einstakan. M. a. kemur þetta þannig út, að hlutarsjómenn verða að greiða þennan skatt eða þetta útflutningsgjald, en þeir þurfa ekki að greiða nein vátryggingaiðgjöld af fiskiskipum. Hér er því alveg augljóslega um almenna skattheimtu að ræða, ekki bara á útgerðarfyrirtækin, heldur alla hlutarsjómenn og alla, sem eignast fisk. Og fjármununum er svo aftur varið til þess að greiða vátryggingaiðgjöld af bátum og skipum. Það eru ekki einu sinni sömu aðilarnir, sem eiga hlut að máli, að nærri því öllu leyti, hvað þá heldur að hver aðili um sig greiði jafnmikið inn í þennan sjóð og hann fær út aftur til að greiða vátryggingaiðgjöld. Hér er hreinlega um uppbótagreiðslur að ræða í þessu formi.

Eins og þetta liggur fyrir núna, er gengið lækkað, síðan er tekinn hluti af gengislækkuninni og lagður í sjóð til að greiða vátryggingaiðgjöld fiskiskipa. 1960 voru líka greidd vátryggingaiðgjöld af opinberu fé.

Þetta stangast vitanlega gersamlega við þá meginhugsun, sem sögð var liggja til grundvallar sjálfri viðreisninni, því að meginhugsunin, sem lá til grundvallar sjálfri viðreisninni, var sú, að það yrði hvert fyrirtæki og hver einstaklingur algerlega að standa á eigin fótum og njóta þeirra tekna, sem hann gæti aflað sér, og standa að öllu leyti undir sínum eigin útgjöldum. Allar millifærslur voru fordæmdar og allar ráðstafanir til að mismuna, eins og hagfræðingarnir kalla það, — allar ráðstafanir til að mismuna í kerfinu voru taldar óalandi og óferjandi. En vitanlega er það hreinlega ráðstöfun til að mismuna og því brot á þessari meginstefnu að innheimta fé með almennum skatti á sjávarafurðir og verja því sama fé til að greiða einn tiltekinn kostnaðarlið við útgerð togara og báta. Þetta er auðvitað beint brot á þessari meginstefnu, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, enda hefur sú stefna alls ekki staðizt yfirleitt að neinu leyti, sem ég þó skal ekki fara út í nú. Það er ekki aðeins í þessu atriði, sem hæstv. ríkisstj. hefur neyðzt til þess að ganga frá þessari stefnu.

Ég var að lýsa því áðan, hvernig þessi gengislækkun væri hugsuð og til komin. Það liggur nú alltaf ljósara og ljósara fyrir. Og einmitt vegna þess, hvernig hún er til komin, kemur þetta furðulega frv. um gífurlega skatta, sem á að leggja á sjávarútveginn sérstaklega. Samhengið er þetta: Til þess að gengislækkunarhöggið gæti orðið nógu þungt fyrir almenning, var gengislækkunin höfð svona mikil. Hæstv. ríkisstj. fannst þá allt í einu sjávarútvegurinn fá allt of mikið, það yrði að hala bróðurpartinn af því inn aftur og leggja í ýmiss konar sjóði, eins og er greint í þessu frv., og sumu ætti svo að ráðstafa með löggjöf síðar, eins og hæstv. ráðh. orðaði það hér áðan. Ráðherra sagði, að menn skyldu ekkert vera að fjargviðrast um það núna, hvernig þetta fé yrði notað, það gætu menn hugsað um síðar. Á þessu sjá menn líka, hvernig þessi fjáraustur frá sjávarútveginum er til kominn. Þeir urðu að finna einhver ráð, fannst þeim, til þess að taka þetta fé til baka og setja það einhvers staðar á einhvers konar hálfgerða biðreikninga til að byrja með. Svo mætti ákveða síðar, hvernig þessu yrði varið. Þetta sýnir glöggt, hvernig þetta er allt saman

til komið. Þetta er ekki til komið fyrir knýjandi þörf atvinnuveganna, heldur er gengislækkunin hugsuð allt öðruvísi. Hún er hugsuð sem vopn í hinni pólitísku baráttu, eins og ég var að lýsa áðan. Þess vegna þarf að hala þetta fjármagn inn aftur frá útveginum, finnst þeim, og setja inn á einhvers konar biðreikninga, eftir því sem hæstv. forsrh. túlkar þetta nú. En verulegur hluti af þessu fjármagni er a. m. k. í bili sagður eiga að renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins.

Hæstv. forsrh. er með þessu settur í þann vanda að færa rök fyrir því, að þetta sé skynsamlegt og heppilegt, því að hina sönnu ástæðu fyrir þessu málefni má nefnilega ekki nefna, sem sé þá, sem ég hef verið að greina frá: hvernig gengislækkunin er til komin. Hún gat ekki orðið nógu þung með öðru móti en því, að þarna sköpuðust „afgangar", frá sjónarmiði stjórnarinnar, sem þá varð að ráðstafa eða a. m. k. geyma. Þetta getur hæstv. forsrh. ekki sagt, þó að allir sjái þetta nú orðið, og þess vegna verður hann að reyna að finna aðrar ástæður, önnur rök fyrir þessu. Og þá verða rökin þau, að menn verði að skilja það, að vegna þess, hvað sjávarútvegurinn sé stórfelldur atvinnuvegur á Íslandi, verði hann að leggja til fjármagnið handa sér sjálfur, t. d. í stofnlánabanka sína. Vegna þess, hve sjávarútvegurinn sé stórkostlegur atvinnuvegur á Íslandi, sé það ekki aðeins réttlætanlegt, heldur bókstaflega nauðsynlegt að afla fjár í stofnlán handa honum með útflutningsgjaldi á hann sjálfan, með skattgjaldi á rekstur útgerðarfyrirtækja.

En hvernig heldur hæstv. forsrh., að íslenzkum sjávarútvegi muni ganga að keppa við sjávarútveg annarra landa með svona löguðum vinnubrögðum, þegar svona langt er gengið í því að leggja á hann útflutningsgjöld? Sjávarútvegur annarra landa er ekki þjakaður af slíkum álögum, heldur er hann í mörgu tilliti beinlínis studdur með beinum framlögum af hálfu ríkisvaldsins. Þetta er eitt atriði, sem sýnir, að þessi stefna að ætla sér að byggja upp lánasjóði með þungum útflutningsgjöldum, sem koma niður sem skattur á rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna árlega, — þessi stefna er algerlega dauðadæmd, stenzt ekki, enda er þetta til komið af annarlegum ástæðum og stenzt því ekki stundinni lengur.

Það er kannske hægt að gera eitthvað að þessu og þá mjög í hófi, eins og gert hefur verið undanfarið, á meðan uppgripin í sjávarútveginum eru stórkostleg. En til lengdar getur þetta áreiðanlega ekki staðizt og sízt ef samkeppni íslenzks sjávarútvegs við sjávarútveg annarra landa fer harðnandi, eins og helzt er útlit fyrir. Fæstum mundi hafa dottið í hug, að það kæmi til mála, að hæstv. ríkisstj. færi nú allt í einu að moka á sjávarútveginn nýjum útflutningsgjöldum í þessu skyni. Það hefur áreiðanlega engan órað fyrir slíku, enda er þetta, eins og ég sagði, allt saman til komið á þennan undarlega hátt. Það er verið að finna þarna leiðir til að taka fjármagnið til baka í bili á biðreikninga, og allt þetta annarlega tal í þessu sambandi stafar af því, hvað þetta er til komið með óheilbrigðum hætti.

En ef þetta fær nú ekki staðizt, eins og ég hef verið að segja, að láta sjávarútveginn greiða með sköttum sjálfan beint árlega stórfé til að leggja í stofnlánadeildir sjávarútvegsins, hvernig á þá að afla fjár í þessar stofnlánadeildir? Ég held, að það sé yfir höfuð ekki flókið að skilja, að sjávarútvegurinn, þýðingarmesti atvinnuvegur landsmanna, hlýtur að eiga rétt á því, að einhver verulegur hluti af þeim almenna sparnaði, sem verður í landinu, af þeirri almennu fjármagnsmyndun, sem verður í landinu, gangi í stofnlánadeildir hans og stofnlánasjóði. Hverjum dettur eiginlega annað í hug en það hljóti að vera aðalúrræði fyrir sjávarútveginn, eins og aðra uppbyggingu í landinu og aðra fjárfestingu, að fjárfestingarlánin komi af þeirri almennu fjármagnsmyndun, sem verður í landinu, í bönkum landsins og annars staðar? Og enn fremur hlýtur sjávarútvegurinn að eiga að fá sinn hluta af þeim erlendu lánum, sem tekin eru til uppbyggingar. En eins og við vitum, hafa verið tekin mikil lán til uppbyggingar í landinu á undanförnum árum, og verða vafalaust á næstu árum tekin veruleg erlend lán og varið til uppbyggingar. Sjávarútvegurinn á alveg tvímælalaust fyllstu kröfu á því að fá í sinn hlut mikið af því fjármagni, sem safnast almennt fyrir í landinu og gengur inn í útlánakerfið, og enn fremur af þeim erlendu lánum, sem tekin eru.

Það eru engin frambærileg rök til fyrir því, að sjávarútvegurinn eigi umfram aðrar atvinnugreinar, eins og nú er komið, að greiða inn í sínar lánastofnanir stórfé með sköttum á rekstur sjávarfyrirtækjanna árlega. Þessi aðferð hefur nokkuð verið notuð á undanförnum árum út úr neyð. Hún hefur alltaf verið hæpin, og alveg keyrir um þverbak, að nú leggur hæstv. ríkisstj. til, að hert sé á þessari skattheimtu um allan helming með þessu frv., enda veit ég, að inn á sér finnur hæstv. ríkisstj. þetta. Hún veit, að ákvæði þessa frv., eins og þau eru núna, fá ekki staðizt stundinni lengur. Þessu verður breytt. Þetta fjármagn hlýtur að verða að renna aftur út í sjávarútveginn strax. Þetta getur ekki staðizt. Og þetta er í raun og veru nokkurs konar biðreikningur, sem settur er upp, þó að hæstv. ríkisstj. vilji ekki segja það. Það er feimnismál. Það má ekki segja, að þetta stafi allt af því, að hæstv. ríkisstj. fannst, að það mætti ekki slá lausara en slegið var með gengislækkuninni.

Ég læt svo þessar athugasemdir nægja.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér fyrr á dagskrá, gerði ég það nokkuð að umtalsefni og benti á, að það væri einkum þrjú meginatriði að finna í þessu frv., sem veruleg áhrif hefðu í sambandi við efnahagsmálin í landinu.

Þessi þrjú atriði, sem ég gerði aðallega að umtalsefni, voru þau, að með frv. er ákveðið, að ríkissjóður fái allan þann hagnað, sem til fellur af gengisbreytingunni og fram kemur af þeim útflutningsbirgðum, sem í landinu voru, þegar gengisbreytingin var samþykkt í ágúst í sumar. Og ég taldi, að þessi hagnaður, sem ríkið þarna ætlar að slá eignarhaldi sínu á,

mundi verða í kringum 120—140 millj. kr. Það er nú þegar upplýst í þessum umr. af hæstv. forsrh., að það sé reiknað með því, að þessi hagnaður vegna birgðanna muni verða í kringum 120 millj. kr.

Annað atriði, sem ég gerði hér að umtalsefni, voru hinir gífurlega háu útflutningsskattar á sjávarafurðum, sem lagðir eru á samkvæmt þessu frv., þar sem hin almennu útflutningsgjöld af sjávarafurðum eru hækkuð úr 2.9% upp í 7.4% og á útfluttum síldarafurðum verður þá útflutningsgjaldið 9.4%.

Og í þriðja lagi ræddi ég svo nokkuð um þá *stefnubreytingu, sem ákveðin er með þessu* frv. á störfum hlutatryggingasjóðs, þar sem nú er gert ráð fyrir því að taka upp þann hátt að skattleggja bátaflotann í landinu, jafnt þorskveiðabátana sem síldveiða, til þess að greiða með styrki til togaraútgerðarinnar í landinu.

Það voru þessi þrjú atriði, sem ég gerði hér aðallega að umtalsefni. Nú hefur hæstv. forsrh. nokkuð vikið að þessum atriðum og ýmsum fleirum, sem hér bar á góma, og liggja nú fyrir nokkrar skýringar frá hans hálfu, þó að ég verði að segja, að mér fannst skýringar hans vera heldur í knappara lagi. Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum enn að þessum meginatriðum, sem ég vildi ræða hér, og svo þeim skýringum, sem hæstv. forsrh. hefur látið koma fram varðandi þessi atriði.

Það er þá fyrst spurningin um gengishagnaðinn af útflutningsbirgðunum, sem í landinu voru, þegar gengisbreytingin var ákveðin í ágústbyrjun í sumar. Ég taldi, að það væri mjög óeðlilegt að ákveða, að þessi gengishagnaður rynni í ríkissjóð, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., *og engin fordæmi til þess áður*, þegar kringumstæður væru eitthvað svipaðar og nú. Hverjar voru skýringar hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þessa ráðstöfun? Jú, aðeins það, að hann telur, að ríkissjóður hafi haft svo mikil útgjöld vegna ýmissa ríkisábyrgða, sem atvinnuvegir landsins hafa haft á undanförnum árum, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkissjóður fái nokkuð af þessum gengishagnaði vegna þeirra greiðslna, sem ríkissjóður hefur þurft að inna af höndum fyrir atvinnuvegina. En það er í fyrsta lagi, að ríkissjóður hefur fengið við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum tiltekna tekjustofna til þess að standa undir þessum greiðslum. Það er búið með almennri skattlagningu á landsmenn að innkalla tekjur í ríkissjóð til að standa undir þessum greiðslum. Á undanförnum árum hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkið þyrfti að fá tekjur til að standa undir þessum útgjöldum, frá 20 og upp í 40 millj. kr. á ári í þessu skyni. Að ætla að taka þennan gengishagnað af birgðunum er því að innheimta af landsmönnum a. m. k. tvisvar upp í þessi sömu útgjöld. Og þó er því lýst yfir, að þeir aðilar, sem standa í vanskilum við ríkissjóð vegna ríkisábyrgðagreiðslnanna, eigi áfram að standa skuldugir við ríkissjóð, og ríkissjóður getur krafið upphæðirnar inn frá þeim, þótt síðar verði. Enda verð ég að segja það, að það er afar hæpið að ætla að strika út með öllu þessi ríkisábyrgðavanskil, þó að ríkið taki nú til sín þennan gengishagnað, vegna þess að hér er alls ekki um sömu aðilana að ræða nema að litlu leyti.

Nei, ég verð að segja, að mér fannst, að hæstv. forsrh. hefði heldur litlar skýringar á þessu atriði að gefa. Að vísu kom hér eitt fram í ræðu hans, sem ég vil fyrir mitt leyti vekja athygli á. Ég hafði bent hér lítillega á það, að ýmsir framleiðendur yrðu af þessum ástæðum fyrir nokkrum skakkaföllum á þann hátt, að þó að útflutningsvörubirgðir þeirra lægju hér til í landinu í ágústbyrjun, þegar gengislækkunin var ákveðin, þá hagar því nú svo til, að þessar vörur, sem almennt eru þó taldar vera til í landinu *sem birgðir*, voru ekki að fullu framleiddar sem útflutningsvörur, þegar gengisbreytingin var gerð. Það átti og á enn eftir að vinna við þessar vörur í ýmsum greinum, og það á t. d. enn eftir að greiða flutningsgjöld *á erlenda* markaði fyrir þessar vörubirgðir. Og það er enginn vafi á því, að þessir aðilar, sem svona stendur á um, verða fyrir beinum halla fyrir þessi ákvæði. En hæstv. forsrh. sagði, að hann teldi, að ríkisstj. gæti haft þetta mál nokkuð í sinni hendi, þar sem í 6. gr. frv. væri talað um, að það skyldi að vísu gefa upp á gamla genginu þær útflutningsvörur, sem framleiddar eru fyrir 31. júlí 1961, en þar sem svona standi á, séu þessar vörur ekki að fullu framleiddar, og það sé því á valdi ríkisstj. að taka nokkurt tillit til þess við framkvæmd laganna. Ég tók svo eftir, að hæstv. forsrh. segði ekkert beint eða bindandi um þessi efni. En hann lét þó orð falla á þá lund, að ég tel, að nokkur von sé til þess, að þarna verði tekið sanngjarnt tillit til þess við framkvæmd laganna, að þeir, sem fá á sig aukaútgjöld í þessum tilfellum, fái þetta bætt af *gengishagnaðinum*. Og það teldi ég mjög eðlilegt og sanngjarnt og vona það einmitt, að orð forsrh. í þessum efnum bendi til þess, að þannig sé meining hans að taka á málinu. Slíkt væri vitanlega til bóta. En ástæðan til þess, að ég hafði einmitt hagað mínum orðum svona um þessi atriði, er sú, að sams konar orðalag hefur verið notað áður um þetta, og yfirleitt er það svo, að vörurnar hafa verið taldar framleiddar, þær sem komnar hafa verið á land, í þessum efnum og taldar sem birgðir, þó að þær hafi ekki að fullu verið tilbúnar sem útflutningsvörur. En sumarið 1958 var uppbótakerfið enn í gildi, og þá var hins vegar ákveðið að hafa þennan hátt á um framkvæmdina, sem ég minntist á núna, að taka nokkurt tillit til þess, hvort varan var að fullu tilbúin til útflutnings eða ekki.

Varðandi þennan fyrsta lið, sem ég hafði gert hér að umtalsefni, stendur þá það, að það er sem sagt viðurkennt, að ríkissjóður ætlar sér að fá aukatekjur af gengishagnaði á útflutningsvörubirgðum, sem í landinu voru, þegar gengislækkunin var ákveðin í ágúst í sumar, sem nemur í kringum 120—140 millj. kr.

Þá var annað atriðið. Það var varðandi hin háu útflutningsgjöld. Enn þá hélt hæstv. forsrh. sér við það, að þessi háu útflutningsgjöld, sem ákveðin eru með þessu frv., megi ekki telja sem beina skattlagningu á útgerðina, vegna þess að hækkun útgjaldanna eigi að renna í ýmsa sjóði, sem komi útflutningsframleiðslunni til gagns,

þótt síðar verði. Ég trúi því varla, að hæstv. forsrh. átti sig ekki betur á þessu, ef hann skyggnist dálítið dýpra í þetta mál. Hann hlýtur að komast að raun um það, eins og allir þeir, sem við þetta eiga að búa, að þessi hækkuðu útflutningsgjöld hvíla sem algerlega bein útgjöld á rekstri viðkomandi árs. Viðkomandi framleiðslutæki verður að borga gjöldin og fær þetta ekki sem tekjur á árinu, en verður hins vegar á þessu ári að standa undir sínum lögskyldu útgjöldum, þó að þetta hafi verið tekið af tekjunum. Þetta leiðir því til hallarekstrar í mörgum tilfellum. Hitt er svo í rauninni allt annað mál, hvort það er verið með þessu að leggja fé til hliðar og byggja upp sjóði fyrir framtíðina, sem síðan er hægt að lána út sem bein stofnlán, sem auðvitað er borgað fyrir fullu verði, þegar þau lán úr þessum sjóðum eru tekin. Nei, á því er vitanlega enginn vafi, að ef íslenzkur sjávarútvegur þarf að borga útflutningsgjöld í ýmsa sjóði, sem nema 7.4%, á sama tíma sem útgerð í nálægum löndum, t. d. eins og í Noregi, þarf ekki að borga nein útflutningsgjöld eða útflutningsgjöld innan við 1%, þá er auðvitað alveg augljóst mál, að það er engin leið að öllu öðru jöfnu að halda uppi jafnháu fiskverði hér eins og þar. Framleiðendurnir verða þá að búa hér við lægra fiskverð eða lakari útkomu. Öðruvísi getur þetta ekki komið út. Rekstrarlega séð nú á næstu árum a. m. k. koma þessi gjöld út nákvæmlega eins, hvort sem þau renna í þessa væntanlegu stofnlánasjóði sjávarútvegsins eða hvort þetta rynni beint í ríkissjóð. Á því er enginn munur. Afkoma útgerðarfyrirtækjanna í landinu kæmi út alveg eins í báðum tilfellum.

Á það er svo líka að líta, að sá háttur hafði verið á hér um langan tíma að skattleggja íslenzkan sjávarútveg til síns stofnlánasjóðs og það allrösklega, eins og reglurnar stóðu áður. Tekjur fiskveiðasjóðs munu hafa verið af útflutningsgjaldi komnar upp í um það bil 50 millj. á ári. En samkvæmt þessu frv. á nú um það bil að tvöfalda þetta, þannig að það á að skattleggja sjávarútveginn, sem nemur hartnær 100 millj. kr. á ári í fast framlag í þessa lánasjóði. Þetta vitanlega hvílir með ógurlegum þunga á rekstri þessara ára. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. þurfi að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og hún þurfi að átta sig betur á því en hæstv. forsrh. virðist hafa gert enn þá, hvernig þetta raunverulega kemur út og að þessu þarf að breyta. Það er heldur engin tilviljun, að útgerðarmenn í landinu eru sammála um það í samþykktum sínum nú að mótmæla þessum háu gjöldum og óska eftir því, að þessi útflutningsgjöld verði lækkuð. Þeir líta ekki svona á þetta, eins og hæstv. forsrh., að hér sé ekki um nein ný útgjöld á útgerðina að ræða. Þeir eru að óska eftir því, að útflutningsgjöldin verði lækkuð, af því að þeir vita, að þetta hvílir á rekstrinum sem bein útgjöld. Í þessum efnum er óhjákvæmilegt að hafa það í huga, að eins og núv. hæstv. ríkisstj. einmitt hefur búið að útflutningsframleiðslunni í þessum efnum, þá er verið að búa íslenzkri útgerð allt aðra rekstraraðstöðu en útgerð hefur hér í nálægum löndum. Það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að íslenzk útgerð þarf að borga um það bil þrisvar sinnum hærri vexti en t. d. útgerðin í Noregi þarf að borga. Og þegar útflutningsgjöldin eru orðin svona margfalt hærri hér en þar, þá sjá menn, til hvers þetta leiðir. Auk þess fær svo norsk útgerð verulegan rekstrarstyrk beint úr norska ríkissjóðnum, og hún þarf ekki heldur að standa undir neinum sköttum, sem eiga að mynda hennar stofnlánasjóði. Stofnlánasjóðir hennar eru myndaðir þar á sama hátt og hjá öðrum atvinnugreinum. Nei, þetta leiðir vitanlega til þess, að það verður alveg ósambærilegt að gera út á Íslandi og t. d. í Noregi. Og hér er ekki aðeins um samanburð við Noreg að ræða. Þessu er svona háttað í öðrum samkeppnislöndum okkar líka. Í Bretlandi eru greiddar með útgerðinni stórkostlegar fjárfúlgur á hverju ári sem beinir rekstrarstyrkir. Og þar er verulegur hluti af stofnkostnaði nýrra fiskiskipa gefinn hreinlega eftir. Um 25% af stofnverði skipanna, miðað við ákveðna stærð, er hreinlega gefið eftir strax í upphafi, og hið opinbera stendur undir þessu. En þessu er vitanlega allt öðruvísi varið hér hjá okkur. Sama er að segja um útgerðina í Vestur-Þýzkalandi. Hún hefur notið margvíslegra beinna ríkisstyrkja á undanförnum árum.

En svo þegar það kemur aftur á daginn, að okkar sjávarútvegur á við nokkra örðugleika að etja, þá er hafinn miskunnarlaus áróður í okkar landi fyrir því, að við þurfum í rauninni að gefa okkar sjávarútveg upp á bátinn og við þurfum að leita að einhverjum nýjum atvinnugreinum, m. a. þeim, sem hæstv. forsrh. gerði hér lítillega að umtalsefni, þó að hann talaði ekki þannig, að hann vildi afskrifa íslenzkan sjávarútveg, hreint ekki, — að við þurfum að leita að einhverjum nýjum atvinnugreinum eins og stóriðju, sem við Íslendingar getum auðvitað ekki byggt upp sjálfir, heldur verða það að vera erlendir aðilar, sem eiga að leggja fé til þess að byggja upp þessa nýju atvinnuvegi.

Erfiðleikarnir, sem okkar útgerð á við að stríða, eru meira og minna á þennan hátt, sem ég hef verið að lýsa, heimatilbúnir. Þeir stafa af því, að við látum okkar útgerð borga margfalt hærri vexti en aðrir láta sína útgerð borga. Þeir stafa af því, að við höfum hér margfalt hærri útflutningsgjöld en greidd eru í nálægum löndum. Og þeir stafa af því, að við erum að leggja sérstakan rekstrarskatt á okkar útgerð til þess að safna í almenna stofnlánasjóði. Og margt annað kemur hér auðvitað til í sambandi við samanburð á rekstraraðstöðu íslenzkrar útgerðar og útgerðar í nálægum löndum, sem hið opinbera gæti auðvitað lagað til fyrir okkar útgerð með. Erfiðleikar íslenzkrar útgerðar stafa m. a. af svona heimatilbúnum atriðum, en þetta er síðan notað til að veikja trú almennings í landinu á okkar aðalatvinnuvegi, og þess í stað er farið að tala um það, hvernig við þurfum að byggja upp alveg nýja atvinnuvegi, sem eigi síðan að frelsa þjóðina. En ég er sannfærður um það, að fái íslenzkur sjávarútvegur að búa við hliðstæð kjör og sjávarútvegur nálægra landa, þá mun það sýna sig, að hann hefur mjög góða afkomumöguleika og okkar

þjóð getur ekki fengið meiri tekjur af neinum öðrum atvinnuvegi en íslenzkum sjávarútvegi.

Þá var það þriðja atriðið, sem ég hafði gert að nokkru umræðuefni, en það var sú stefnubreyting, sem virðist vera ákveðin um hlutatryggingasjóð. Því atriði svaraði hæstv. forsrh. ekki nema þá á mjög óbeinan hátt. Hann gerði að vísu allmikið að umtalsefni rekstur íslenzku togaraútgerðarinnar, og eitt sagði hann varðandi það mál, sem ég er honum fullkomlega sammála um og ég gleðst yfir að heyra frá hans hálfu, vegna þess að mér hefur fundizt, að úr herbúðum stjórnarinnar andi fremur öðru, þegar það mál hefur borið á góma að undanförnu, en það var um framtíð íslenzkrar togaraútgerðar. Ég er honum sammála um, að það væri alrangt að ætla að leggja niður íslenzka togaraútgerð þrátt fyrir þá erfiðleika, sem hún á við að búa nú. Ég álít, að við höfum ekki efni á slíku. Ég álít, að það væri rangt. Ég álít, að við eigum að takast á við þau vandamál, sem þar er við að eiga. En ég er hins vegar hæstv. forsrh. algerlega ósammála um það, hvernig eigi að því að vinna, ef ég hef þá skilið orð hans rétt varðandi þetta mál.

Hæstv. forsrh. ræddi allmikið um það, að íslenzku togararnir hefðu orðið fyrir allmiklum skakkaföllum við útfærslu fiskveiðimarkanna. Og ég skildi hann svo, að hann teldi, að erfiðleikar togaranna nú stöfuðu að verulegu leyti af því, hvað þeir fengju að njóta lítilla réttinda innan fiskveiðilandhelginnar. Og ég tók eftir, að hann segði eitthvað á þá leið, að það yrði varla um það að ræða, að hægt yrði að bæta hag togaraútgerðarinnar, án þess þá að það yrði að vera á kostnað bátaútgerðarinnar í landinu. Svona álít ég ekki, að þessi mál liggi. Það er mín skoðun, að íslenzka togaraútgerðin hafi orðið fyrir tiltölulega mjög litlum áföllum við það að verða að fiska að mestu fyrir utan 12 mílna mörkin. Ég tel, að á meðan íslenzku togararnir voru frjálsir að því að veiða upp að 4 mílna mörkunum, hafi þeir tekið yfirgnæfandi hluta af afla sínum allan þann tíma fyrir utan 12 mílna mörkin. Þann tíma, sem ég stjórnaði togaraútgerð, gerði ég á þessu nokkra athugun eitt árið í samráði við þá skipstjóra, sem á skipunum voru, og þá taldist okkur til, að á þeim skipum hefði þetta verið svo, að um 85% af afla skipanna á því ári hefði verið tekið fyrir utan 12 mílna mörkin, — ekki meira en 15% af afla skipanna, þegar þau voru frjáls svo að segja, hvar þau veiddu, hafi þá verið tekin fyrir innan mörkin. Nú þýða þessar tölur auðvitað ekki það, að skipin hafi með þessu tapað 15% af sínum afla, því að það er enginn vafi á því, að ef þau hefðu stundað veiðar fyrir utan 12 mílna mörkin þann tíma, sem þau stunduðu veiðar fyrir innan þau, þá hefðu þau vissulega veitt eitthvað, þótt þau hefðu kannske ekki veitt eins mikið á þeim tíma og þau veiddu fyrir innan. Það er því mín skoðun, að þessar breytingar hafi ekki kostað íslenzku togaraútgerðina verulega mikið, en nokkuð þó. Ég veit hins vegar, að ýmsir togaraeigendur og togaraskipstjórar vilja gera miklum mun meira úr þessu, og það er ákaflega mannlegt, að þeir reyni að gera það. En ég er þeirrar trúar, að þó að nú yrði farið inn á þá braut að hleypa íslenzku togurunum í auknum mæli inn í fiskveiðilandhelgina, þá mundu þeir ekki bæta fjárhag sinn frá því, sem nú er, nema að sáralitlu leyti. En hins vegar er ég alveg viss um það, að þeir mundu valda miklu tjóni á veiðarfærum bátanna og aðstöðu bátaflotans til þess að fiska á þessum slóðum innan fiskveiðilandhelginnar. Svo mikil hefur útþenslan verið á síðustu árum á netaveiðum bátanna og í rauninni stækkunin hjá bátaflotanum hefur verið svo mikil, að það er afar erfitt að ætla að koma því fyrir, svo að vel sé, að togararnir geti veitt á þeim tíma, sem þeir sækjast helzt eftir að vera innan 12 mílna markanna, á þeim slóðum, þar sem bátarnir yfirleitt taka sinn fisk. Ég held því, að þegar litið er á heildina, þá yrði þetta til tjóns fyrir þjóðarbúið og til lítils hagnaðar fyrir íslenzka togaraútgerð.

Það var greinilegt á orðum hæstv. forsrh., að hann og ríkisstj. eru að hugleiða þessa möguleika a. m. k. að hleypa íslenzkum togurum í auknum mæli inn í fiskveiðilandhelgina. Og ég hef það fyrir satt, að það hafi að undanförnu starfað nefnd á vegum ríkisstj., sem sé að athuga um þessi mál, og ég veit, að fram eru komnar tillögur frá a. m. k. sumum aðilum í nefndinni um að gerbreyta til í þessum efnum. Ég vil nú segja það í tilefni af þessu og alveg sérstaklega í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér, þeim hugleiðingum, sem hann hafði hér í frammi um þessi mál, að ég vil alvarlega skora á ríkisstj. að flana ekki að neinu í þessum efnum og fara ekki út í það að hleypa íslenzku togurunum frekar inn í fiskveiðilandhelgina en orðið er. Þegar það er líka haft í huga, að það er greinilegt, að útlendingar virðast mjög komast einmitt í það að fá að njóta þess í okkar fiskveiðilandhelgi, sem íslenzku togararnir fá að njóta, þá sjáum við, hvað gæti leitt af slíku að hleypa íslenzku togurunum lengra inn í landhelgina en nú er orðið. Ég held, að það sé þá veruleg hætta á því, að erlendi togaraflotinn flyti þar á eftir með tilheyrandi stórerfiðleikum fyrir okkar bátaútveg og hættu fyrir okkar grunnmið öll. Ég lýsi sem sagt andstöðu minni við þá hugsun að ætla að leysa vandmál togaraflotans nú á þann hátt að gefa honum meira svigrúm innan fiskveiðilandhelginnar. Það held ég, að sé röng stefna og hættuleg og hæstv. ríkisstj. ætti ekki að hníga að því ráði.

En e. t. v. hefur mátt taka þessar hugleiðingar hæstv. forsrh. um togaraútgerðina og erfiðleika hennar sem svar við aths. mínum um breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir á starfsemi hlutatryggingasjóðs. En þar hafði ég einmitt fundið sérstaklega að því, að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að auka allverulega skattaálögurnar á bátaútveginum til hlutatryggingasjóðs og taka þann tekjuauka, sem koma á fram í sjóðnum, til þess að styðja togaraútgerðina. Þó að það sé ekki orðað beinum orðum, þá held ég, að það sé enginn vafi á því, enda hefur enginn reynt að mótmæla því, að það er ætlazt til þess að taka tekjuauka sjóðsins til þess að styrkja með togaraútgerðina núna. Ég hafði varað við þessu, og ég tel, að hér sé stefnt í algerlega

ranga átt. Það er hættulegt að ætla að innheimta nokkrar millj. kr. á ári af síldveiðiflota okkar, af bátaflotanum og allt niður í trillubáta, sem veiða víða í kringum landið, og taka þá fjárhæð og veita hana sem stuðning til togaraútgerðar. Maður veit satt að segja ekki, hvar maður stendur, ef maður fer út á slíka braut sem þessa. Og ég held, að ríkisstj. ætti að snúa til baka af þessari braut, hún sé hættuleg, og ég efast um, að ríkisstj. haldist það uppi til lengdar að gera þetta. En eins og ég hafði sagt áður í þessum umr., tel ég hins vegar alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að taka vandamál togaraútgerðarinnar fyrir til sérstakrar athugunar. Þar þarf margt að gera til þess að bæta hag togaranna, og ég álít, að það sé hægt að gera þar ýmislegt, sem að gagni mætti koma, án þess að það þurfi að koma sem bein greiðsla eða óbein greiðsla frá bátaútvegi landsmanna. Ég fer ekki út í það neitt frekar í þessum umr. að koma fram með mínar hugmyndir í þeim efnum. En ég álít, að ýmislegt af því, sem hefur komið fram meðal þeirra, sem um þessi mál hafa rætt nokkuð og hugleitt þau, gæti orðið rekstri togaranna verulega til bóta. Auk þess tel ég ekki óeðlilegt, þegar ein atvinnugrein eins og togaraútgerð verður fyrir verulegum áföllum, þó að hið opinbera þurfi að einhverju leyti að veita henni nokkurn stuðning á stuttu tímabili. En ég tel mjög óeðlilegt að ætla að fara að skattleggja aðrar greinar sjávarútvegsins, eins og bátaútveginn í landinu, til að standa undir fjárhagsvandamálum togaranna.

Að öðru leyti en með þessum almennu umr. vék hæstv. forsrh. ekki að þessari auknu tekjuöflun til hlutatryggingasjóðs og þeirri breyttu starfsemi, sem gert er ráð fyrir að verði hjá hlutatryggingasjóði samkv. þessu frv.

Ég hafði minnzt á það áður í þessum umr., að þessi gengisbreyting væri sérstæð að því leyti til, að samkv. henni hækkar verð á öllum innfluttum vörum til landsins um það, sem gengisbreytingunni nemur, þ. e. 13.15%, og mun þó yfirleitt í útsölu hér verða meira. Þannig hækka allar innfluttar rekstrarvörur bátaútvegsins sem þessu nemur. Hins vegar er gengið frá því þannig með þessum aukaráðstöfunum, sem fylgja gengisbreytingunni, að útflutningurinn getur aldrei fengið jafnmikla hækkun á útfluttum vörum. Innfluttu rekstrarvörurnar hækka um 13.15%, en eins og ég sagði, útfluttar vörur geta brúttó ekki hækkað um meira en ca. 8%, vegna þess að mismunurinn, sem liggur hér á milli, er tekinn nú og lagður til hliðar í þar til greinda sjóði. Á þennan hátt verður það, að fiskkaupendur í landinu, þeir sem verka fiskinn til útflutnings, eins og frystihúsin og aðrir þeir, sem annast fiskverkun, þeir geta í mesta lagi fengið sem auknar tekjur, eftir að gengisbreytingin gengur í gildi, sem brúttóaukningu á sínum tekjum, 8%, en þeir verða hins vegar að borga sín rekstrarútgjöld í mjög mörgum tilfellum með hækkun, sem nemur 13—16%. Þetta hefur leitt til þess, að þessir aðilar segja: Við getum ekki hækkað hráefnisverðið til bátaflotans neitt þrátt fyrir þessa gengisbreytingu. — Þeir hafa þegar gert samþykktir um það, frystihúsaeigendur í landinu, að þeir geti ekki t. d. nú frá næstu áramótum að telja mætt óskum útgerðarmanna bátanna um neina fiskverðshækkun. Þetta bætist svo ofan á þá staðreynd, að bátaflotinn t. d. hefur ekki fengið neina hækkun á sínu fiskverði frá 3. ágúst í sumar, þegar gengisbreytingin var ákveðin, og út allt árið, og frá þeim tíma hækkuðu síldarafurðirnar ekki heldur um einn einasta eyri, ekki til veiðiskipanna. Og eins og ég sagði, það sem verra er, að þessir fiskkaupendur halda því fram, að gengisbreytingin komi þannig út fyrir þá, að þeir geti ekki heldur eftir áramót hækkað fiskverðið um einn einasta eyri. Það var af þessum ástæðum, sem ég spurði hæstv. ríkisstj. um það fyrr í umr.: Hvað hefur hún hugsað sér að gera til að tryggja það, að þessi gengisbreyting, sem hún hefur rökstutt með því að hafi verið gerð til þess að bjarga sjávarútvegi landsmanna, — hvað hefur hún hugsað sér að gera til þess að sjá um, að t. d. fiskverðið til veiðiskipanna hækki, a. m. k. til samræmis við hækkuð rekstrargjöld? Ríkisstj. hefur séð það eins og aðrir í landinu, að fiskverðið, frá því að gengisbreytingin var ákveðin, hefur ekki hækkað neitt, en útgjöld flotans hafa hins vegar hækkað. Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. sér að gera til þess að sjá um, að fiskverðið geti hækkað? Ætlar hún að telja sér það óviðkomandi og horfa á þetta öllu lengur en hún er búin að gera? Það er m. a. af þessum ástæðum, sem ég hef sagt, að á því sé enginn vafi, að þessi gengisbreyting, eins og hún var gerð á s. l. sumri, hefur ekki komið sjávarútveginum til góða. Hún hefur ekki orðið til þess að bæta rekstur sjávarútvegsins í landinu. Bátaútvegurinn t. d. hefur haft beinlínis tap af þessari breytingu, allt fram að þessum tíma a. m. k.

Um þetta mál hafa nú orðið hér alllangar umr. En málið á eftir að fara til nefndar og verða þar athugað. Það er vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur þegar gefið samtökum útvegsmanna loforð um að standa nokkuð öðruvísi að framkvæmd þessara mála en segir í brbl. og þessu frv., eins og ég hef vikið hér að áður í þessum umr. Ég tel því alveg víst og einnig með tilliti til þess, sem hæstv. forsrh. hefur sagt í þessum umr., að það sé ætlunin að breyta þessu frv. að verulegu leyti. Nú reynir á það, hve miklar þessar breytingar verða. Ég tel, að hér þurfi að verða á stórbreytingar, ef framkvæmdin á gengisbreytingunni á ekki að verða sjávarútveginum stórkostlega til tjóns.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Austf. veit það af gömlu samstarfi okkar, að ég á bágt með að láta menn synjandi frá mér fara og hafna þeim manni, sem biður mig jafnvel og hann gerði í ræðu sinni áðan. Ég verð þó að bregða af venju minni og get ekki orðið við þeirri beiðni, sem hann bar hér fram um einhverjar nýjar yfirlýsingar af minni hálfu vegna fiskveiðiréttinda togara innan fiskveiðilögsögunnar. Og sú synjun kemur af því, að ástæðurnar, sem hann færði fram fyrir beiðni sinni, voru gersamlega tilhæfulausar. Hv. þm. sagði, að ég hefði við fyrri hluta umr. gefið yfirlýsingar, sem hefðu vakið mikla

athygli og skapað ugg í þessum efnum, og þyrfti nú að leiðrétta eitthvað af því, sem ég þá sagði. Mér þykir mjög furðulegt, ef þessar yfirlýsingar hafa verið jafnuggvænlegar og hv. þm. nú vill vera láta, að Tíminn hefur hvorki í gær né í dag vikið að þessum ógnaryfirlýsingum einu orði, hvað þá krafið mig reikningsskapar á einhverjum hneykslisummælum, sem ég hafi hér viðhaft. Með leyfi hæstv. forseta, þá rekur Tíminn það, sem ég sagði á miðvikudaginn um þetta efni, með þessum orðum:

„Þá sagði forsætisráðherra, að með stækkun fiskveiðilögsögunnar hefði bátaútvegurinn fengið miklar hagsbætur á kostnað togaraútgerðarinnar. Togararnir njóti ekki eins mikils góðs af útfærslunni og bátarnir. Meðan togararnir njóta jafnlítilla réttinda innan fiskveiðilögsögunnar og nú er, er ekki nema von, að þröngt sé fyrir dyrum hjá þeim. Togaraútgerðin hefur orðið þjóðinni til mikils gagns og er fráleitt að afskrifa hana, þótt við bráðabirgðaörðugleika sé að etja."

Þetta segir Tíminn eftir mér um þetta efni. Og aldrei þessu vant, þá fer blaðið þarna rétt með. Það rekur meginatriði þess, sem ég sagði, án þess að afbaka það á nokkurn veg og finnst auðsjáanlega þarna ekki koma annað fram en það, sem eðlilegt hafi verið að sagt væri, a. m. k. var hvorki vakin athygli á því í fyrirsögn né hefur Tíminn brugðið við til að setja ofan í við mig, sem ég veit að hann er annars ekki ófús til, ef hann telur sérstakt tilefni vera.

Hins vegar sá ég, að í Þjóðviljanum var mjög ranghermt það, sem ég hafði sagt, og á þann veg, sem hv. 1. þm. Austf. vildi vera láta, að mín orð hefðu fallið. Og ég sé það, að hv. þm. trúir betur Þjóðviljanum en Tímanum og sínum eigin eyrum. (**EystJ**: Ég studdist við Morgunblaðið og mín eigin eyru.) Já, ég hef hér mína ræðu. Ég vil ekki þreyta þm. á að lesa hana upp að nýju, en hv. þm. er velkomið að sjá hana, og í henni er ekki sagt eitt einasta orð, sem ég vildi hafa aftur tekið, né þarf ég þar neinu við að bæta um yfirlýsingar. Ég vakti að gefnu tilefni, einkanlega frá hv. 5. þm. Norðurl. v., athygli á því, hver fásinna það væri, ef ætti að leggja íslenzka togaraútgerð niður vegna þeirra bráðabirgðaörðugleika, sem hún á við að etja.

Ég skal ekki lesa allt það, sem ég sagði um þetta, en niðurstaðan, sem ég komst að eftir mínar bollaleggingar, var, með leyfi hæstv. forseta, þessi:

„Ef menn — og ég segi: ef — ef menn telja óráðlegt að víkka veiðiheimildir togaranna innan fiskveiðilögsögunnar, þá hlýtur mjög að koma til íhugunar, hvernig á annan hátt sé hægt að bæta þeirra hlut. Ég veit ósköp vel, að það er ekki vinsælt að segja, að annað hvort sé eðlilegt, að þeir fái rýmri fiskveiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar eða þeir fái einhverjar fjárbætur, á meðan þeir komast ekki af og hægt er að rekja að verulegu leyti þeirra erfiðleika til skerðingar á veiðiréttindum þeirra. Ég veit ósköp vel, að margir mundu segja: Er ekki einhver þriðja leið til örðugleikalaus, sem við engan komi, til þess að bæta hag þeirra manna, ekki aðeins útvegsmanna, heldur einnig sjómanna og landverkafólks og þar með þjóðarheildarinnar, — bæta það skakkafall, sem allir þessir aðilar verða fyrir af þessum sökum? Ég hef ekki enn heyrt þau úrræði, og ég er hræddur við, að hér eins og ella fari svo, að ef á að bæta hlut annars, þá verði það að vera gert á kostnað hins, að það verði ekki jöfnuð metin, nema tekið sé frá einhverjum öðrum til þess að jafna metin. Ég er ekki kominn til þess í dag að segja, hver úrræði eigi í þessu að velja, en ég tel fyllilega tímabært að vekja sérstaka athygli á þessu vandamáli, bæði vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Austf."

Það er óumdeilanlegt og viðurkennt, meira að segja af hv. 4. þm. Austf., að togararnir hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna forréttinda bátanna innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu. Það má deila um, hversu mikið það skakkafall sé. Það er athugunaratriði og matsatriði. En það er viðurkennt af öllum, að þeir hafa orðið fyrir tjóni. Þegar þeir eiga mjög í vök að verjast, togararnir, þá er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að það sé íhugað, hvernig eigi að bæta þeirra hlut, hvort það sé fært að veita þeim aukin réttindi innan fiskveiðilögsögunnar eða hvort hitt sé ráðlegra, að bæta þeim það upp með fjárbótum, eins og ég kemst að orði. Og ég vek athygli á því, að í minni ræðu vék ég ekki einu orði að því, hvaðan þær fjárbætur eigi að koma. Ég bendi einungis á, að það séu þessi tvö úrræði, sem til álita komi, og menn verði að íhuga og síðan meta, hvorn kostinn þeir fremur kjósi. Það er svo enn annað atriði, ef menn velja fjárbæturnar, hvort þá er sanngjarnt eða fært að leggja þær eingöngu á bátaútvegsmenn eða er hitt sanngjarnara, að það sé lagt úr sameiginlegum sjóði landsmanna á einn eða annan veg. Þetta er úrlausnarefnið, og í ræðu minni gerði ég ekkert annað en vekja athygli á vandamálinu, benda á þær leiðir, sem einar gætu komið til greina varðandi lausn vandans, ef menn vildu ekki fylgja gamanmáli hv. 5. þm. Norðurl. v. að leggja togaraútgerðina einfaldlega niður.

Vandinn verður ekki leystur með því að loka augunum fyrir því, að hann sé til. Hann verður ekki heldur leystur með því að neita að gera sér grein fyrir orsökunum. En þótt menn geri sér grein fyrir orsökunum, er ekki þar með sagt, að það sé fært að leggja eingöngu á þann, sem hagnazt hefur, að borga kostnaðinn af því að bæta hinum upp.

Ég endurtek það, sem ég sagði, að ég hef ekki gert upp minn hug né hefur ríkisstj. gert um það, hvernig þetta vandamál eigi að leysa. En það er furðulegt, að hv. 1. þm. Austf. skuli vera orðinn svo trúaður á Þjóðviljann umfram sín eigin eyru og umfram Tímann, að hann skuli gera sig að fífli á Alþingi til þess að skemmta — ég skal ekki segja hverjum. (**EystJ**: Það er ráðh., sem sagði þetta.)

Þá kvartaði hv. þm. yfir því, að ég hefði ekki farið að ræða um gengislækkunina almennt. Það er búið að ræða það mál mjög ýtarlega á Alþingi. Ég veit ekki, hversu oft ég er búinn að heyra þennan hv. þm. flytja þá ræðu, sem hann gerði nú í dag, a. m. k. við 1. umr. fjárl., við vantrauststill. og við 1. umr. um gengisskráningarfrv. Mér þykir að vísu oft gaman að

hlusta á hv. þm., en of mikið má af öllu fá, og það er óþarft fyrir hann að taka upp enn þá einu sinni það, sem hann er margoft búinn að segja áður, og til of mikils ætlazt, að þm. nenni að fara að þræta við hann um það efni, sem er margbúið að svara honum um áður.

Hv. þm. vék að því og þótti auðsjáanlega hart, að ég skyldi segja, að allir skynibornir menn hefðu vitað fyrir fram og vissu eftir á, að gengislækkun hefði verið óhjákvæmileg eftir svo háar almennar kauphækkanir eins og gerðar voru. Ég skal játa, að þegar ég notaði þessi orð, hafði ég sérstaklega í huga Jakob Frímannsson, einn helzta samvinnufrömuð á landinu, formann SÍS, að því er ég hygg. Í umr. um gengisskráningarfrv. minntist ég á það hér í þessum stól, að þessi ágæti og mjög skyniborni maður hefði sagt það fyrir í vor, að ef almennar kauphækkanir yrðu, mundu þær leiða til gengislækkunar. Hv. 1. þm. Austf. spurði mig þá að því, hvar eða hvenær Jakob Frímannsson hefði viðhaft þessi ummæli, og hv. þm. vildi þar með gefa í skyn, að rangt væri eftir haft. En í ræðu, sem hv. þm. hélt mér til andsvara, varð hann að viðurkenna, að Jakob Frímannsson hefði látið ummælt á þann veg, sem ég hafði eftir honum haft, en bar það eitt fram til afsökunar, að Jakob hefði sagt þetta fyrir kauphækkanirnar, en ekki eftir. En einmitt það var meginatriði míns máls, að ég vitnaði til Jakobs Frímannssonar til sönnunar því, að skynibornir menn eins og hann vissu ofur vel, hvað þeir voru að gera, þegar þeir beittu sér fyrir almennri kauphækkun í landinu, og er þó e. t. v. rangt að orði komizt að segja, að Jakob Frímannsson hafi beitt sér fyrir þessari kauphækkun. Hann hefur vafalaust undir niðri verið á móti henni. Það hafa verið honum ráðameiri og hrekkvísari menn, sem hafa knúið hann til þess að vinna verk, sem hann sjálfur vissi að hlutu að leiða til ófarnaðar, sömu mennirnir, sem síðan standa æ ofan í æ upp á Alþingi og tala um skemmdarverk, þegar gert var það, sem hinn skynibornasti maður í þeirra hópi hafði sagt fyrir að yrði óhjákvæmileg afleiðing af því, sem þessir hrekkjalómar beittu sér fyrir. (**EystJ**: Þetta sagði hann aldrei.)

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 4. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Um það bil, er fundartíma var að ljúka á síðasta fundi, sem þetta mál ræddi, á fimmtudaginn var, að ég ætla, komu fram ýmsar þær orðræður í garð togaranna og útgerðar á þeim, sem ég vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum og ekki láta a. m. k. ómótmælt.

Það vita allir, hverja þýðingu íslenzk togaraútgerð hefur haft fyrir afkomu þessarar þjóðar, síðan hún hófst hér á fyrsta og öðrum tug þessarar aldar fyrir alvöru a. m. k. Það má segja, að hún hafi verið einn sterkasti burðarásinn í íslenzku efnahagslífi alveg fram undir styrjaldarlokin síðari. En úr því fer að halla undan fæti og hefur hvert óhappið rekið annað fyrir þessa atvinnustarfsemi hér á okkar landi. Það er í fyrsta lagi, sem ég vil nefna, að um langt árabil var togaraútgerðinni mismunað í verði á fiskafla, þannig að hún fékk minna verð fyrir sama fisk og raunverulega jafnverðmætan fisk heldur en önnur útgerð í landinu fékk. Það getur hver og einn sagt sér sjálfur, hvílíkar afleiðingar þetta hefur, þegar verulegur verðmunur er gerður á framleiðsluvöru þessarar veiðiaðferðar og hjá öðrum veiðiskipum. Annað, sem ég vil nefna til, er löndunarbannið, sem sett var á togarana í Bretlandi upp úr fiskveiðitakmarkaútfærslunni 1952, þegar við færðum þessi fiskveiðitakmörk úr þremur og út í fjórar mílur. Í Bretlandi hafði verið einn bezti markaður fyrir íslenzkan togarafisk, sem seldur var beint ísaður til útlanda, sem til var, og er þess vegna auðskilið mál, hversu mikið áfall það hefur verið fyrir togaraútgerðina, að þessi markaður lokaðist, óbeinlínis að segja má fyrir aðgerðir ríkisvaldsins í okkar landhelgismálum. Þriðja höggið, sem þessum atvinnuvegi er svo greitt, er gert um leið og fiskveiðitakmörkin eru færð út úr 4 í 12 mílur 1. sept. 1958. Þannig hefur verið vegið þrisvar sinnum í þennan sama knérunn og með þeim árangri, að hann virðist a. m. k. í augnablikinu eiga afar erfitt uppdráttar og yfirleitt vera rekinn með miklum halla.

Það, sem sérstaklega kom mér til að segja hér nokkur orð, var, að einmitt á þessum fundi, sem ég nefndi í upphafi míns máls, s. l. fimmtudag, var því haldið fram eða látið liggja að því a. m. k., að aflarýrnunin hjá togurunum við það að vera fluttir út fyrir 12 mílurnar hefði ekki orðið svo mikil, að það væri neitt afgerandi í þessu máli. Hv. 4. þm. Austf. sagði, að hann og skipstjóri á þeim togara eða togurum, sem hann hefði haft með að gera, hefðu borið saman bækurnar um þetta efni og komizt að raun um, að hér væri ekki um mjög mikið tap að ræða, því að einungis 15%, ætla ég að hann hafi sagt, af aflamagninu á heimamiðunum væri tekið fyrir innan 12 mílna takmörkin. Hann hélt því fram, að 85% af veiðimagninu væri tekið fyrir utan og aðeins 15% fyrir innan. Nú er það náttúrlega svo, að þó að það geti vel verið, að einn togari eða kannske tveir hafi þetta hlutfall í sínum aflabrögðum, þá má ekki draga af því þá almennu ályktun, að þetta sé svo hjá öllum. Það er vitanlega dálítið mismunandi, hvert þetta hlutfall er hjá hinum ýmsu skipum, og alveg fráleitt að draga þá ályktun, að þó að það væri rétt, að eitt skip tæki ekki nema 15% af sínum afla fyrir innan 12 mílurnar, þá gerðu þau það öll. Og í nál., sem mér hefur nýlega borizt í hendur frá nefnd, sem sett var s. l. vor til þess að athuga um hag og rekstur togaraútgerðarinnar, kemur það líka í ljós, að nefndin telur, að um 37% af afla togaranna, sem tekinn er á heimamiðum, sé tekið fyrir innan 12 mílna takmörkin að meðaltali, svo að það má náttúrlega strax sjá af þeirri tölu, hversu geysilega þýðingu það hefur haft fyrir togarana að vera fluttir út fyrir þessi mörk. Náttúrlega er rétt, að þeir geta unnið sér upp nokkuð af því tapi, sem þeir verða fyrir við að vera fluttir út fyrir 12 mílna mörkin, með veiðum á öðrum stöðum. En eftir nákvæmt uppgjör eða eins nákvæmt og nefndin hefur getað aflað sér telur hún, að þessi

flutningur út fyrir 12 mílna mörkin kosti togarana nettó á ári að meðaltali um 600 tonn af fiski. Það er sú niðurstaða, sem nefndin kemst að og byggir sínar tillögur á.

Ég veit, að það er öllum hv. alþm. ljóst, að þegar þannig hefur verið að togaraútgerðinni búið, eins og ég hef nú lýst, og með þeim áföllum, sem hún hefur orðið fyrir á s. l. áratug sérstaklega, í þrennu lagi, bæði verðmismunurinn á afla, löndunarbanninu í Bretlandi og brottreksturinn út fyrir 12 mílurnar hér heima, þá hlýtur það að setja spor í afkomu þessa atvinnuvegar, enda hefur það gert það og það svo, eins og ég sagði áðan, að það heldur við stöðvun hjá nærri því öllum togaraútgerðarmönnum á þessu landi.

Nú mætti kannske spyrja, hvort það væri þá nauðsynlegt, að við ræktum þessa starfsemi, að við hefðum togarana gangandi og flyttum ekki alla okkar útgerðarstarfsemi yfir á annars konar skip, sem gætu þá veitt innan 12 mílna takmarkanna. En ég held, að það verði langt þangað til við getum gert það upp við okkur að vera alveg án þess verðmætis, sem togaraflotinn ber að landi. Það hefur á undanförnum árum reynzt mjög drjúgt, sem hann hefur flutt að landi, en af þessum ástæðum, sem ég hef nefnt, hefur það því miður verið að minnka mjög verulega á undanförnum síðustu árum. Ég get t. d. getið þess, að aflinn 1960 er ekki nema um ⅔ hlutar af því, sem hann var 1958. Að vísu var óvenjulega gott ár það ár, en þó hlýtur það að segja til sín, þegar aflinn er kominn niður í ⅔ hluta af því, sem hann var aðeins tveimur árum á undan. Og ef við höldum áfram lengra og tökum árið í fyrra og árið í ár til 1. sept., en nýrri skýrslur hef ég ekki um það mál, þá er aflinn á togurunum núna til 1. sept. ekki nema ⅔ af því, sem hann var á sama tíma í fyrra. Þannig hefur þetta alltaf sigið meir og meir á ógæfuhlið og er enn að síga á ógæfuhliðina. Það er þess vegna ekkert undarlegt, að það sé velt vöngum yfir því, hvað mögulegt sé að gera til þess að rétta hag þessa atvinnuvegar. Og án þess að nokkur ákvörðun hafi um það verið tekin, þá vil ég aðeins minna á þá möguleika, sem staðnæmzt hefur verið við til þess að reyna að koma hér lagi á.

Í fyrsta lagi er náttúrlega það að athuga möguleikana á því, hvort hægt sé að hleypa togurunum íslenzku aftur inn fyrir 12 mílna takmörkin að einhverju takmörkuðu eða verulegu leyti. Þetta mál er nú til athugunar hjá sérstakri nefnd, sem um það fjallar, og er að vænta þess, að hún skili áliti um það mjög bráðlega. En á það vil ég minna, að þegar reglugerðin um útfærslu fiskveiðilandhelginnar var sett 1. sept. 1958, þá lá fyrir umsögn bæði frá fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélaginu, sem bæði töldu, að það væri án skaða hægt að hleypa íslenzku togurunum einum inn fyrir þessi fiskveiðitakmörk, þannig að þeir aðilar, sem bezt eiga til að þekkja, voru þeirrar skoðunar, að þetta væri alls ekki útilokuð leið. Og náttúrlega munar meira um það, þegar mörg hundruð erlendir togarar eru fluttir út fyrir landhelgina, heldur en þó að okkar ca. 40 togarar séu látnir vera þar áfram. En engin ákvörðun hefur sem sagt um þetta verið tekin, og það er beðið eftir endanlegu áliti um það mál.

Þá er það, sem gæti komið í staðinn fyrir þessa fyrirgreiðslu. Það væri þá einhver fjárhagslegur stuðningur, og maður getur hugsað sér, að þessi fjárhagslegi stuðningur gæti þá komið á tvennan hátt: annaðhvort þannig, að hann kæmi frá þeim sjóðum, sem með einmitt þessu frv. er verið að stofna til eða auka, eins og t. d. hlutatryggingasjóði, að einhverju leyti og kannske einnig á annan hátt, eða þessar fjárhagsbætur gætu verið greiddar beint úr ríkissjóði.

Þessar þrjár leiðir finnst mér vera þær, sem til greina koma, þegar um það er að ræða, á hvern hátt skuli leitast við að bæta hag togaraútgerðarinnar, þ. e. a. s. í fyrsta lagi að athuga möguleikana á því að veita þeim að einhverju leyti veiðileyfi fyrir innan 12 mílna takmörkin, að veita þeim fyrirgreiðslu úr þeim sjóðum, sem hér hefur verið stofnað til og er verið að mynda eða auka, og í þriðja lagi, hvort ríkissjóður þá treystir sér til þess eða gæti verið þess umkominn að greiða það, sem þetta kostaði, úr sínum eigin sjóði.

Í nál. togaranefndarinnar, sem eins og ég sagði hefur skilað áliti nú fyrir mjög stuttu um hag og rekstur togaraútgerðarinnar, er talið, að til þess að bæta togurunum upp þann skaða, sem þeir hafa orðið fyrir við það að missa veiðiréttinn fyrir innan 12 mílurnar, þurfi, ef það er umreiknað í peninga, 1.2 millj. á ári, og mundi það nánast verða sú upphæð, sem þyrfti til þess að ná rekstrarjöfnuði hjá togurunum, ef þeim væri ekki hleypt inn fyrir 12 mílna takmörkin.

Hver leiðin af þessum þremur verður farin, skal ég engan dóm á leggja, — um það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun enn, — en mér fannst, sérstaklega hjá hv. 4. þm. Austf., anda köldu til togaraútgerðarinnar hvað þetta snertir, og það svo köldu, að hann vildi gera sem allra minnst úr því tjóni, sem togararnir hefðu orðið fyrir af þessum sökum. En ég er sannfærður um það, að ef togaraútgerð á Íslandi á ekki að leggjast niður, þá verður eitthvað að gera, til þess að koma henni til hjálpar, og ég hef ekki komið auga á aðrar leiðir en þessar þrjár, sem ég nefndi, annaðhvort einhverja eða allar kannske að meira eða minna leyti.

En þá skal ég aðeins með nokkrum orðum minnast á útflutningsgjaldið, sem hér hefur verið gagnrýnt, að hækkað hefur verið úr 2% upp í 6%, eins og kemur fram í þessu frv. Þessu útflutningsgjaldi er nú varið, eins og í frv. kemur fram, til þess í fyrsta lagi að greiða vátryggingaiðgjöld fiskiskipanna, eða 32% af útflutningsgjaldinu, til þess að leggja í fiskveiðasjóð, eða um 30%, og til þess að leggja til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem er nýtt og eru líka 30%. Þá hefur hlutatryggingasjóðsgjaldið einnig verið hækkað, og mun ég koma að því síðar.

Það hefur verið talið og kom fram hjá þeim ræðumönnum, sem ég heyrði um þetta mál tala, að þetta gjald, sem tekið er af sjávarútveginum, væri allt of hátt og það væri engin ástæða til þess að gera það, því að þetta væri gjaldaliður á þeirra árlega rekstrarreikningi, sem þeir yrðu

að svara út, en þessi sjóðatillög, sem þarna væri stofnað til, kæmu þeim ekki að gagni á sama hátt tekjumegin, vegna þess að þetta væri lagt fyrir í fjárfestingarsjóði að verulegu leyti og þyrfti þess vegna ekki að reikna með, að það kæmi til tekna á því hinu sama ári, heldur yrði það á annan hátt til þess að greiða fyrir þessum atvinnurekstri. Hækkunin á þessu útflutningsgjaldi fer raunverulega í tvo staði. Hún fer annars vegar til þess að greiða vátryggingagjaldið, sem er 30% af útflutningsgjaldinu, og stofnlánadeildartillagið, sem er sama upphæð. Hækkunin á útflutningsgjaldinu er raunverulega fólgin í þessum tveimur framlögum. Út af vátryggingaiðgjöldunum skal ég segja það, að í fyrra, þegar ákveðið var, að niður skyldu falla framlög hins opinbera til vátryggingastarfseminnar, barst mér frá Landssambandi ísl. útvegsmanna bréf, þar sem beinlínis var óskað eftir því, að útflutningsgjaldið yrði hækkað um 2½% til þess að nota það til að greiða þetta vátryggingaiðgjald. Frá þessu var að vísu horfið þá í bili, en þessi hugsun hefur verið vakandi og verður sjálfsagt vakandi, þangað til vátryggingamálum útvegsins verður komið í betra horf en nú er, því að þau eru sannast sagna ekki í góðu lagi, að mér finnst, og þess vegna finnst mér, að þessi hluti hækkunar útflutningsgjaldsins, sem til vátryggingastarfseminnar gengur, sé beinlínis til kominn eftir óskum útgerðarmannanna sjálfra.

Hv. ræðumenn sögðu líka, að þetta útflutningsgjald væri svo hátt, að útgerðarmenn mundu yfirleitt óska eftir því, að það væri lækkað mjög verulega. Nú hef ég engan heyrt fetta fingur út í það, hvorki fyrr né síðar, að þetta 2% gjald, sem tekið var að mestu leyti handa fiskveiðasjóði, yrði látið halda áfram. Ég held, að það sé sameiginlegt álit allra, sem þessi mál þekkja og hafa kynnt sér, að það gagn, sem fiskveiðasjóður hefur gert, sé svo mikið, að það telji enginn eftir þennan hluta af útflutningsgjaldinu, sem til fiskveiðasjóðs hefur runnið. En á það má benda einmitt í sambandi við fiskveiðasjóðinn, að hans hafa togararnir aldrei notið, sem neinu nemur. Lánamöguleikar fiskveiðasjóðs hafa ekki verið meiri en það, að hans útlán hafa að langmestu leyti gengið til bátanna og að örlitlu leyti í viðbót, en varla teljandi, til fiskvinnslustöðva. Þarna hafa togararnir verið skattlagðir til fiskveiðasjóðs öll þau ár, sem fiskveiðasjóður hefur starfað, án þess að þeir nytu nokkurs stuðnings frá fiskveiðasjóði til þess að bæta úr sinni lánsfjárþörf, eins og bátarnir hafa fengið. M. ö. o.: þarna hefur verið einn bagginn enn, sem togaraútgerðinni hefur verið bundinn með því að láta hana eins og aðra, sem fluttu út vörur, greiða til fiskveiðasjóðsins án þess að taka nokkurt gjald á móti, Til þess að jafna þessi met var hugsunin sú, að nokkuð af útflutningsgjaldinu gengi til stofnlánadeildarinnar, sem þá gæti veitt togurunum eitthvað svipaða fyrirgreiðslu að sínu leyti og þó náttúrlega langt frá því eins mikla og fiskveiðasjóður veitir bátunum. Þannig er stofnlánadeildarframlagið komið inn í þessi lög. Nú hefur það sýnt sig, að meðlimir Landssambands ísl. útvegsmanna telja, og það er náttúrlega rétt, að á árinu 1961 nægi framlagið til greiðslu vátryggingaiðgjaldanna ekki til að leysa það mál að fullu, vegna þess að þetta útflutningsgjald er ekki innheimt nema síðustu fimm mánuði ársins, og verði þess vegna einhverju við að bæta, ef þessi iðgjaldaupphæð öll eigi að greiðast að fullu. Og fram hefur komið ósk um það frá útvegsmönnunum, að í bili yrði tekið eitthvað af þessu stofnlánadeildarframlagi og flutt yfir til greiðslu vátryggingaiðgjaldanna. Þetta tel ég vel geta komið til álita um stuttan tíma af þessum orsökum, að tekjurnar af útflutningsgjaldinu eru ekki teknar nema fimm síðustu mánuði ársins og munu þess vegna ekki nægja fyrir vátryggingaiðgjöldunum, eins og þau sennilega verða fyrir 1961.

Ég tel þess vegna að þetta útflutningsgjald, sem tekið er, sé tekið af fullri þörf og komi útvegsmönnum að fullu gagni, öll aukningin, sem kemur til framkvæmda nú. Ef stofnlánadeildarframlagið í bili verður flutt yfir í vátryggingarnar, þá verður aukningin á útflutningsgjaldinu nokkurn veginn nákvæmlega öll flutt yfir á vátryggingastarfsemina og útvegsmönnunum þannig endurgreitt þetta samstundis að heita má í þessu ákveðna augnamiði. Ef síðan verður hægt að leggja stofnlánadeildinni fé til í þessu skyni, sem upphaflega var ætlað, þá er það vitanlega sjálfsagt.

Ég vil undirstrika, að það hafa ekki komið fram, ekki a. m. k. til mín, neinar óskir um, að þetta gjald verði fellt niður, heldur einasta um, að það verði nú í ár a. m. k. tilflutningur á stofnlánadeildarframlaginu yfir til vátrygginganna, þangað til hið nýja vátryggingakerfi getur tekið til starfa. Þessu er ekki búið að ganga frá, en verður væntanlega gert innan tíðar, því að ég tel rétt og sjálfsagt, að þeir, sem þetta fé leggja fram, fái að ráða því að verulegu leyti, hvernig því verður ráðstafað, enda frá þeim sjálfum tekið, og hefur verið yfirlýst, að þeir yrðu hafðir með í ráðum um það, hvernig þessu gjaldi yrði ráðstafað. Framlagið til hlutatryggingasjóðs hefur verið hækkað, og ég vil segja, að það er sízt að ófyrirsynju. Hlutatryggingasjóðurinn kemur til hjálpar, þegar almennur aflabrestur er, þannig að ef aflamagnið í einhverri veiðistöð fer niður úr ákveðnum hundraðshluta af meðalveiði undanfarinna ára, þá er greitt framlag til þess að styrkja þá, sem fyrir þessum óhöppum hafa orðið, úr hlutatryggingasjóði. Hlutatryggingasjóðurinn hefur mörgum hjálpað á þennan hátt og hans starfsemi komið að mjög góðum notum, að ég tel. En nú er hagur hans þannig, að honum er skipt í tvær deildir, almennu deildina og síldveiðideildina. Síldveiðideildin skuldar í augnablikinu um 12½ millj. kr. Þessa upphæð hefur hún að vísu ekki fengið að láni hjá ríkissjóði og ekki fengið að láni hjá bönkum, heldur hefur henni verið lánað úr almennu deildinni, sem hefur ekki orðið eins illa úti og síldveiðideildin, þannig að almenna deildin á nú í eignum um 11 millj. kr. og þessa inneign sína hjá síldveiðideild að auki. En eigi að síður tel ég mjög þarft og nauðsynlegt að styrkja síldveiðideildina og almennu deildina raunar líka, svo að þær geti betur mætt þeim áföllum, sem þær kunna að verða fyrir.

Togararnir koma nú inn í hlutatryggingasjóðinn í fyrsta sinn, og er það vegna þess, að þeir hafa ekki áður verið með í kerfinu og einskis styrks úr sjóðnum notið. En með því að taka nú upp greiðslur af þeirra afla eins og bátaaflanum er ætlazt til þess, að þeir geti notið fyrirgreiðslu úr sjóðnum eins og aðrir, og er einmitt þessi þáttur starfsemi hlutatryggingasjóðs hugsaður sem úrbót handa hinum illa stæðu togaraeigendum. Þetta er eiginlega rekstrartrygging fyrir útveginn, sem ég tel að mjög mikla þýðingu hafi og þess vegna sé nauðsynlegt að efla, til þess að hann geti mætt tímabundnum erfiðleikum, sem við er að fást, eins og segir í þessu frv.

Í 8. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta, að hlutverkið sé að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstökum tímabundnum áföllum vegna aflabrests eða annarra utanaðkomandi orsaka, og á það vissulega við og einmitt alveg sérstaklega við um togarana.

Raunar er ekki miklu meira, sem ég þarf að segja í sambandi við þetta mál. En ég get ekki stillt mig um að minnast lítillega á þær fullyrðingar, sem ég hef heyrt um það, að gengisbreytingin, sem gerð var s. l. sumar, hafi raunverulega verið alveg óþörf og komi ekki að neinu gagni.

Ég vil í því sambandi benda á, að launahækkanirnar, sem samið var um hér á s. l. sumri, nema í heild á milli 5 og 6 hundruð millj. kr.. og ég vildi nú í upphafi spyrja: Hvar ætti að taka þetta fé? Eða var þessi afgangur fyrir hendi hjá atvinnurekendum í landinu? Græddu þeir virkilega svo mikið áður, og var fjárhagur ríkissjóðs svo góður áður, en hann á 130 millj. af þessum 5—6 hundruð millj. í hækkun, að þessi hækkun væri möguleg án þess, að til neinna aðgerða þyrfti að koma? Ég held, að allir, sem leiða hugann að þessu í alvöru, sjái, að þessar 5—6 hundruð millj. kr. er ekki hægt að taka, nema þær séu teknar einhvers staðar frá, og atvinnureksturinn gat áreiðanlega ekki látið þær í té, því að hann hafði þessa upphæð ekki til sem afgang.

Þá vil ég rétt geta þess í þessu sambandi, þó að á það hafi verið minnzt hér áður, að forsvarsmaður Sambands ísl. samvinnufélaga lét þess getið, þegar þetta mál var á dagskrá eða þegar um það var rætt á aðalfundi hans félags í vor eða sumar, að þetta væri ekki hægt, nema það hefði hinar stórkostlegustu afleiðingar. Og greinilegt var það af reikningum hans félags, að tekjuafgangur félagsins var miklu minni en sú launaaukning, sem um var samið, hvernig svo sem átti að jafna þau met. Og eitt vildi ég líka minna á í þessu sambandi, sem mér þykir vera furðulega sláandi, að þegar launajafnréttismál kvenna var til umræðu hér á þinginu í vetur, þá var frv. sent til umsagnar atvinnurekendum í landinu, bæði Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Vinnumálasambandi Sambandsins. Hækkunin, sem í því frv. fólst fyrir konurnar, var sú, að á sex árum ætti kaupið að færast upp í það að vera jafnhátt karlakaupinu, en það þýddi, að kaup kvenna mundi þá hækka um ca. 4% á ári. En viti menn, Vinnumálasamband samvinnufélaganna taldi þá ekki, að atvinnureksturinn í landinu gæti staðið undir 4% hækkun handa íslenzkum konum. En nokkrum mánuðum seinna telur þetta sama samband, að það sé hægt að hækka laun kvennanna, ekki um 4%, heldur um 20%. Menn sjá gerla, hvað í þessu felst og hvað hér hefur gerzt. Þeir varkáru forsvarsmenn Vinnumálasambandsins, Kaupfélags Eyfirðinga og Sambandsins, sem samvinnusamtökunum stjórna, sjá það og vita, að vinnulaunahækkun eins og sú, sem hér átti sér stað í vor, getur ekki gerzt nema með einhverjum mótaðgerðum, og þessi hugur þeirra hefur komið fram í vetur, þegar launajafnréttismálið var hér til umræðu, og í sumar, þegar forsvarsmaður Kaupfélags Eyfirðinga gaf þá yfirlýsingu, sem hefur verið margvitnað til hér á hv. Alþingi. Sá áróður, sem hafður hefur verið uppi um það, að engra aðgerða hafi verið þörf og að sérstaklega samvinnuhreyfingin hafi þarna gengið fram fyrir skjöldu og sýnt, að hún hafi verið megnug að gera þetta, án þess að til neinnar aðstoðar þyrfti að koma, stangast algerlega við þær fullyrðingar, sem framámenn þessara fyrirtækja höfðu látið frá sér fara, ýmist nokkrum vikum áður en þetta gerðist eða nokkrum dögum, og svo í vetur, þegar launajafnréttismálið var til umræðu og ekki var einu sinni hægt að hækka laun kvennanna um 4% á ári.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess, að ég fari um þetta mál fleiri orðum að sinni. Það, sem gaf mér sérstaklega tilefni til þess að segja þessi fáu orð, var, að ég taldi, að það hefði í umræðunum, sem hafa farið fram að undanförnu um þetta mál, andað svo köldu að togaraútgerðinni, að því mætti ekki láta ómótmælt, og þær fullyrðingar, sem komið hafa fram í því sambandi, t. d. um aflabrögð togaranna, fái ekki staðizt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Frv. það á þskj. 13, sem hér liggur til 1. umr., verður væntanlega sent til hv. fjhn. þessarar hv. deildar, þar sem ég þá fæ tækifæri sem einn nefndarmaður til að athuga greinar þess og frv. í heild, og væri af þeim ástæðum eigi þörf fyrir mig að taka hér til máls við 1. umr., þar sem ég fæ tækifæri til að láta í ljós álit mitt um frv. En hér hafa komið fram ummæli, sem ég tel að ekki megi láta ómótmælt í sambandi við þessi mál, og er það eina ástæðan fyrir því, að ég tek til máls að þessu sinni.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) ræddi nokkuð um þessi mál og af lítilli þekkingu. Til þess að ég fari ekki rangt með þau ummæli, sem hann hafði og ég geri hér að umtalsefni, vildi ég mega leyfa mér að lesa þau upp hér úr ræðu hans, með leyfi hæstv. forseta. Hv. þm. segir:

„Ég hygg nú, eins og horfir, að þá séu frekar litlar líkur til, að þeir togarar, sem við eigum, beri sig. Það er dálítið leiðinlegt með þessi síðustu togarakaup, að þeim hefur verið hagað þannig, gerð togaranna er þannig, að þeir eru nokkrum tugum ára á eftir tímanum. Það er dálítið erfitt og ósanngjarnt að láta bátaútvegsmenn greiða fyrir það, þó að einhverjar vitleysur séu gerðar í innflutningi skipa, því að

þeir fá engu að ráða um, hvernig honum er hagað. Það er ríkisstj. og hennar sérfræðingar, sem því ráða. Ég hygg því, að það sé ekki að ósekju, að þetta gjald verði dálítið óvinsælt meðal útvegsmanna.“

Ég vildi nú spyrja hv. þingmann, sem leyfir sér að halda þessu fram: Hvaðan hefur hann vitneskju um það, sem hann fullyrðir í þessum ummælum sínum, að þessi innflutningur þeirra skipa, sem hér um ræðir, sé svo sem hann segir? Eru þetta slúðursögur, sem honum hafa verið bornar? Vildi ég gjarnan, að hann gerði nokkru betri grein fyrir þessum ummælum sínum, áður en þessari umr. lýkur. Til upplýsingar fyrir hv. þingmenn og fyrir hv. 5. þm. Norðurl. v. sérstaklega skal ég rekja nokkuð byggingarsögu togaranna yfirleitt, því að ég hygg, að það séu fáir menn hér á þingi, sem þekkja hana betur en ég.

Ef við lítum til baka yfir þróunarsögu togaranna, er fyrsti togarinn, sem hingað er fluttur og smíðaður er fyrir Íslendinga eftir þeirra fyrirsögn, árið 1907, togarinn Jón forseti. Hann var þá keyptur af félaginu Alliance, og fyrir því félagi stóðu þá hinir mætu menn Thor Jensen, Jón Ólafsson, Magnús Magnússon og einkum Halldór Þorsteinsson skipstjóri, sem réð öllu um verklýsingu togarans, smíði hans og byggingu að öllu leyti. En þegar sá togari kom til hafnar í Grimsby í fyrsta skipti, hópuðust menn alls staðar frá austurströnd Englands til þess að skoða þetta skip, sem bar langt af þeim togaraskipum, sem þá þekktust í Englandi. Svo mikil viðsýni var hjá þeim mönnum, sem stóðu að þeirri byggingu. Árið 1910—12 eru einnig byggðir togararnir Baldur og Bragi, og er nákvæmlega sama um þá að segja, þeir voru langt framar því, sem þá var byggt af togurum í Bretlandi, og 1913 Njörður og Skúli fógeti, sem enn stóðu miklu framar í byggingu en nokkur brezkur togari á þeim tíma. 1914 og 1915 voru svo byggð fyrir Íslendinga skipin Gylfi og Egill Skallagrímsson, sem enn tóku langt fram nokkrum þeim skipum, sem byggð höfðu verið í Bretlandi eða Þýzkalandi. 1920 komu svo þeir Skalla-Grímur og Þórólfur og sá flokkur skipa allur, sem þá var byggður, og enn skeði það sama, að stærð og allur útbúnaður þeirra skipa var langt framar því, sem annars staðar þekktist í togarabyggingu. 1925 eru svo smíðaðir Hannes Hafstein, Júpíter og Gyllir, og þar endurtekur sagan sig enn, að þar er farið langt fram úr því, sem annars staðar þekktist, m. a. var hér enn að verki hinn ágæti maður Halldór Þorsteinsson, sem mestu réð um byggingu Hannesar ráðherra, sem mátti segja á þeim tímum að væri drottning hafsins hér í norðurhöfum sem togari. 1930 koma svo bæði Venus og Garðar, og enn endurtekur sig sagan, að brezkir útgerðarmenn hópast til þess að skoða þessi skip, taka upp þær nýjungar, sem þar komu fram, og notfæra þær sér síðar. Öll þessi skip voru byggð fyrir Íslendinga eftir þeirra fyrirsögn, undir þeirra eftirliti, og gerð þeirra og útbúnaður í samræmi við kröfur okkar við veiðar, sem voru miklu meiri en kröfur Englendinga á sama tíma.

Árin 1930—46 eru engir togarar byggðir fyrir Ísland, og þekkjum við ástæðurnar fyrir því. Það voru kreppuár fram að stríðinu, eins og kunnugt er, og á stríðstímunum var ekki hægt að fá byggða nýja togara, svo að þá stöðvast togarabygging okkar Íslendinga. Það er fyrst á þeim árum, frá 1933 til 1935, að aðrar þjóðir byggja stærri og meiri togara en Íslendingar, hina svokölluðu „sáputogara“, sem byggðir voru í Þýzkalandi fyrir innifrosið fé, sem Englendingar áttu þar á þeim tíma. Og það er, eins og ég tók fram áðan, fyrsta sporið, sem stigið er, sem er stigið stærra og meira en íslenzkir útgerðarmenn höfðu gert í togarabyggingu.

Á þessum árum er einnig byggður dísiltogari fyrir Þjóðverja, sem engir þýzkir útgerðarmenn treystu sér til þess að ráðast í að kaupa, en þýzka ríkið varð að byggja til tilrauna og mistókst gersamlega. Á þessum árum eru líka byggðir tveir 1500 smál. togarar fyrir Spánverja. Voru þeir byggðir í Sunderland og voru með dísilvélum, og það tekst einnig svo, að það varð að selja þessi skip, sem voru aldrei tekin út úr skipastöðinni af eigendum, á opinberu uppboði fyrir hér um bil 10% af því verði, sem þau kostuðu, vegna þess að allur útbúnaður þessara dísiltogara hafði fullkomlega mistekizt. Þessi mistök höfðu þau áhrif, að um langan tíma fengust ekki erlendir útgerðarmenn til að gera neinar tilraunir til bygginga dísiltogara.

Skal þá skýrt frá undirbúningi að endurbyggingu íslenzka togaraflotans, sem gerður var á árunum 1943—46. Hann hófst með því, að Samtrygging íslenzkra botnvörpunga auglýsti eftir verklýsingu og teikningum af framtíðartogurum Íslendinga. Hygg ég, að þessi forsjálni hafi orðið til þess að vekja þjóðina mjög til þess að gera togara okkar enn betur úr garði en við höfðum þó gert áður. Til Samtryggingarinnar komu þrjár tillögur og allar um dísiltogara, og ein af þessum tillögum var um tveggja þilfara dísiltogara, sem var fyrsta tillaga, sem komið hafði fram nokkurs staðar í heiminum um tveggja þilfara togara, eftir því sem ég veit bezt. Í þessari tillögu voru mjög margar nýjungar og það svo, að dómnefndin, sem skipuð var mest skipstjórum, taldi sig ekki færa um að dæma um það, hvort hægt væri yfirleitt að kalla þetta togara eða notfæra sér allar þær nýjungar, sem komu fram í þessum uppástungum. En allar þessar uppástungur urðu til þess, að hinn nýi floti, sem samið var um að byggja, skyldi gerður miklu betur úr garði en ella hefði verið. Og af þeim 33 togurum, sem þá er samið um, er samið um 3 dísiltogara, og það eru í raun og veru fyrstu dísiltogarar í heiminum, sem hafa ekki mistekizt. Þær tilraunir tókust svo vel, eins og kunnugt er, að þeir, sem byggðir voru 1948, eins og Hallveig Fróðadóttir, starfa hér enn. Og það voru þeir togarar, m. a. sú gerð, sem varð til þess, að aðrar þjóðir tóku að byggja með nákvæmlega sama útbúnaði. Hins vegar höfðu Íslendingar ekki þorað að fara út í það að byggja tveggja þilfara togara, þótt Alþingi hefði á sínum tíma samþykkt að láta undirbúa slíka byggingu, sem ekkert varð af, vegna þess að ekki var veitt fé til þess á fjárlögum. Þegar leitað var tilboða í 33 skip, sem samið var um að byggja 1945, gáfu 5 skipa-

smíðastöðvar í Englandi tilboð um þá beztu gerð togara, sem þeir þekktu, og sögðu m. a., að þeir hefðu staðið að togarabyggingum í 60 ár og þeirra skip væru svo þekkt, að þau þyrftu engra umbóta við. Þegar þessi tilboð og lýsing kom til Íslands, var þeim öllum kastað. Það þóttu engan veginn nægilega útbúin eða nægilega hentug skip fyrir Íslendinga, engan veginn nægilega góður útbúnaður á þeim og engan veginn nægilega mikil framsýni í byggingunni. Þeirra tilboð var 74 þús. pund, en þegar Íslendingar voru búnir að fara höndum um þessar lýsingar, fór verðið upp í 98 þús. pund, sem sýnir, hversu miklu meiri kröfur þeir gerðu en Englendingar á þeim tímum.

Ég minnist þess, að þegar rætt var um þessar togarabyggingar hér á Alþingi á þeim tíma, þá var það einn af vel þekktum baráttumönnum Framsfl., sem átti sæti hér á þingi, hann kallaði allan þennan togaraflota „gumsið", sem væri verið að flytja inn fyrir okkur Íslendinga, eins og hann komst að orði, og sýndi það, hvaða hug Framsfl. þá bar til uppbyggingar togaraflotans. Þetta „gums" hefur nú gefið Íslandi nokkur hundruð milljónir í útflutningi, frá því að það kom fyrst til landsins, og a. m. k. fyrstu árin mátti segja, að það væri aðalhyrningarsteinninn undir útflutningi landsmanna. En ég skal ekki fara út í það nánar.

1949 eru svo enn byggðir 10 togarar, þar af 8 eimskip og 2 dísiltogarar, og öll þessi skip hafa reynzt prýðilega.

1956—57 er svo byggður togarinn Gerpir og togarinn Þormóður. Enn voru Íslendingar langt á undan í togarabyggingum og það svo, að það fyrirtæki, sem byggði þessi skip, sem var A. G. Weser, sagði beinlínis, þegar óskað var eftir tilboði, að þeir létu ekki þessa byggingu frá sér fara, því að þeir vildu gjarnan láta nöfn skipasmíðastöðva sinna standa á togurum, sem væru svo mjög fremri togurum nokkurra annarra manna í heiminum.

1960 eru svo byggðir síðustu togararnir, Maí, Narfi, Freyr, Sigurður og Víkingur, og ég geri ráð fyrir, að það séu þá helzt þessi skip, sem hv. þm. minntist á að mistök hefðu orðið í. Ég geri ráð fyrir því, án þess að hann segði neitt sérstaklega um það.

En við skulum nú athuga, hvað liggur til grundvallar því, þegar ákveðið er t. d. að byggja bæði togarann Gerpi, — hv. 4. þm. Austf. leiðréttir mig, ef ég fer þar rangt með, og eins togarann Maí, sem báðir voru gerðir miklu stærri og betur útbúnir en nokkrir aðrir togarar höfðu verið gerðir þá. Og það er fyrst og fremst það, að vitað er, að það stendur barátta um að flytja út landhelgislínu Íslendinga og togararnir verði að vera við því búnir, að hún verði flutt út, og þess vegna verði þeir að sækja á fjarlægari mið. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að tekin er þessi stærð skipa. Ég átti persónulega samræður t. d. við hv. 4. þm. Austf. um þessi mál á sínum tíma, því að hann var þá sá, sem réð því, hvernig það skip yrði útbúið, og ég held, að það hafi verið hans hugsun þá, og veit, að það var svo, að stærðin og sá verðmunur, sem henni fylgdi, mundi tvímælalaust koma aftur í þeim meiri möguleikum, sem það skip hefði til veiða fram yfir þau skip, sem hingað til höfðu áður verið keypt. Og nákvæmlega sama ástæða var, þegar gerður var samningur um Maí, nema þar við bættist þó, að þegar hin minni skip sóttu í misjöfnum veðrum á fjarlægari mið til Grænlands, þá misstum við þar eitt skipið með manni og mús, og önnur skip þar nærri fóru nærri því sömu leið. Það þótti því sjálfsagt að útbúa þessi skip, sem áttu þá fyrst og fremst að sækja á fjarlægari mið, enn betur, bæði að stærð, hraða og öllu öryggi, heldur en áður hefði þekkzt. Og ef það er fyrir þetta, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. er að ásaka, þá er bezt, að það komi alveg ákveðið fram, því að þetta er meginástæðan fyrir þeirri stærð, sem þá var ákveðin á þessum skipum, sem ég hef hér lýst.

Ég skal ekki segja um, hvort hv. þm. hefur aðeins átt við þá smærri togara, sem í tíð vinstri stjórnarinnar var samið um í Austur-Þýzkalandi. En ef það hefði verið, hefði hann þurft að haga öðruvísi orðum sínum. Ég þekki ekki, hvernig þau hafa reynzt. Ég veit, að þau eru miklu minni en aðrir togarar, sem hingað hafa verið fengnir í seinni tíð. En þeim er líka ætlað allt annað verkefni, og skal ég ekkert ræða um, hvernig það hefur tekizt, enda hygg ég, að orð hans hafi ekki átt við þau skip eingöngu og kannske ekkert hugsað um, að sá flokkur fylgdi með, þegar hann gerði þessar ásakanir á útgerðina. Mér er t. d. kunnugt um, að Íslendingar voru fyrstir manna til þess að útbúa svo lestar fiskiskipa sinna með alúmíníumfóðringu, að hægt væri að geyma þar lengur og betur fisk en með hinu gamla fyrirkomulagi. Og það voru aðrar þjóðir, sem tóku þetta upp eftir Íslendingum, svo að þeir verða ekki ásakaðir fyrir að hafa verið í þeim efnum á eftir tímanum.

Árið 1960, eftir að búið er að semja um síðustu togarabyggingu Íslendinga, kemur fyrst skriður á að byggja tveggja þilfara togara eða þá togara, sem við köllum skuttogara og mjög hafa verið byggðir nú á síðustu tíð. En almennt voru þessi skip ekki byggð fyrr en eftir þann tíma. Þó er vitað, að einstaka skip hafa verið byggð í Þýzkalandi áður, einkum fyrir Rússland, og reynzt vel. En Íslendingar treystu sér þá ekki til þess að fara út í að kaupa slík skip vegna verðmismunar, og ekki hafði fengizt til þess aðstoð frá Alþingi, eins og ég hef getið um. En ég þekki nokkuð til þessara skipa, og ég get fullyrt, að ef ætti að gera út skuttogara á Íslandi í dag, þá mundi afkoma hans ekki verða betri en á þeim nýju togurum, sem við höfum keypt til landsins á síðustu tímum, svo að fjárhagslega mundi það ekki hafa breytt neinu fyrir útgerðina, þó að svo hefði verið. Það var hins vegar meira öryggi og meiri þægindi fyrir fólkið. En fjárhagsgrundvöllurinn hefði ekkert verið traustari, þótt byggð hefði verið sú tegund fiskiskipa. Þar er gerð tilraun til betri nýtingar á aflanum en áður, þannig að einn hlutinn er saltaður, annar hlutinn er frystur og þriðji hlutinn er geymdur á hillum, og allur úrgangur er einnig gerður að mjöli um borð í skipinu. En hvort þetta verður þannig í framtíðinni, er óvíst enn. Þessi skip fara venjulega miklu lengri

ferðir, allt upp í 8—10 vikur, og það hefur einmitt verið einn af erfiðleikum íslenzkrar útgerðar, að hún hefur ekki fengið fólkið til þess að vera úti svo lengi og þess vegna ekki getað sent sín skip af þeim ástæðum eins mikið á fjarlæg mið og hún hefði viljað.

Ég hygg, að þessar upplýsingar, sem ég hef gefið hér, ættu að nægja til þess að ómerkja ummæli hv. 5. þm. Norðurl. v. um þann þátt útgerðarmanna, sem hann vítti svo mjög í sinni ræðu.

Þá skal ég koma nokkuð að öðrum ummælum, sem hann hafði um útgerðina. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða, ef togararnir eru reknir með tapi, að bátaútvegsmenn einir fari að greiða þann halla að mestu eða öllu leyti. Auk þess er ekki nein búmennska í því að vera að fóðra kýr, sem mjólka ekki. Það gera hyggnir bændur ekki. Ef þeir geta ekki einu sinni borið uppi reksturinn, þessir blessaðir togarar, hvað þá heldur vexti og afborganir, þá er sjálfsagt að lofa þeim að liggja og leggja áherzlu á þær greinar útvegsins, sem betur borga sig, sem er a. m. k. eins og nú stendur bátaútvegurinn, því að hann hefði getað borið sig og það vel í ár, ef það hefði verið skaplega að honum búið.“

Tillögur hans, eftir þessu að dæma, verða ekki skildar öðruvísi en það eigi að hætta að gera út togara á Íslandi og færa veiðarnar yfir á smábátaútveginn. En við skulum nú fletta nokkrum blöðum sögu togaraútgerðarinnar og sjá, hvort þetta væri skynsamlegt og frambærilegt að framkvæma slíkar tillögur.

Ég held, að upphaf togaraútgerðar á Íslandi hafi orðið nokkru eftir aldamótin, þegar sýnt var, að brezkir togarar fóru hér upp undir ströndina, sópuðu burt fiski og veiðarfærum manna og smábátarnir dugðu ekki lengur til þess að afla þjóðinni nægilegs fisks. Fyrst byrjaði úthafsútgerðin hér með skútunum, eins og kunnugt er, en síðan tóku við togveiðarnar og hófust með þeim togurum, sem ég hef hér lýst, Jóni forseta og öðrum, sem komu síðar. Og mér er alveg óhætt að fullyrða, að það fór saman, a. m. k. hér við Faxaflóa, uppbygging togaraflotans og aukning hans og uppbygging Reykjavíkur. Og ég held, að Reykjavík hefði aldrei verið byggð upp, eins og hún er, né efnahagskerfi Íslendinga, eins og það var byggt upp á árunum milli 1904 og 1914, svo að maður fari ekki lengra, ef ekki hefði verið togaraútgerð frá bænum. Og mér er kunnugt um það, að einu sinni var sá mælikvarði lagður á dugnað þingmanna, ekki einungis hér nálægt Reykjavík, heldur jafnvel um allt land, hve duglegir þeir væru að koma annaðhvort bóndanum sjálfum, vinnumanni hans eða hvorum tveggja í togarapláss. Svo mikils virði þóttu togararnir þá hér á Íslandi. Og ég fullyrði, að á þessu tímabili hefðu ekki sveitirnar verið byggðar upp eins og gert var, ef þær hefðu ekki notið tekna frá togaraútgerðinni á margvíslegan hátt. Ég held, að það sé alveg fullvíst, að með togaraútgerðinni jókst allt efnahagslíf hér í landinu, svo að enginn annar útvegur á þeim tíma hefði getað komizt í neinn námunda við það að afla þess fjár, sem kom ríkissjóði til tekna, eins og kom frá togurunum.

Þá skulum við athuga, hvaða gildi togaraflotinn hafði í tveimur styrjöldum fyrir Ísland. Hefðum við þolað þau áföll, sem styrjaldirnar veittu þessari þjóð, þau högg, sem hún reiddi henni, ef við hefðum ekki haft togarana? Hefðum við staðizt þá innilokun, sem var 1914—1918, ef við hefðum ekki haft togarana til þess að hætta sér með aflann í gegnum tundurduflabeltin og afla þjóðinni fjár, svo að við gætum keypt matvörur og aðrar nauðsynjavörur frá öðrum löndum? Og endurtók það sig ekki eins á árunum 1939—1945? Þeir menn þekkja ekki mikið atvinnusögu Íslendinga, sem þekkja ekki þessar staðreyndir, og án þessa flota hefðum við orðið að þola margvíslegar hörmungar. En þetta vill hv. 5. þm. Norðurl. v. ekki taka með í reikninginn, vill láta leggja þessa atvinnugrein niður, og er það kannske í þeirri von, að aldrei verði styrjaldir aftur í veröldinni.

Það hafa verið örðugleikar hjá togaraflotanum á ýmsum tímum, eins og öðrum atvinnuvegum, en þeir hafa stundum stafað meira af því, að kröfurnar hafa verið gerðar meiri en hægt hefur verið að standa undir og það ekki hvað síst frá því opinbera, bæði bæjum og ríkissjóði. Hin síðari ár, allt frá 1921, var farið dýpra ofan í vasa togaraútgerðarinnar, bæði frá ríkissjóði og frá sveitarsjóðunum, en hún þoldi og viturlegt var, og þeim raunverulega aldrei leyft að byggja sig upp fjárhagslega. Og þetta gekk svo langt, að útgerðarmenn fóru að draga sig í hlé, vildu ekki lengur standa undir því að vinna eingöngu fyrir ríkissjóð og bæjarsjóði og hafa ekkert sjálfir til þess að greiða áföllin með. Og þá var það, að farið var út í bæjarútgerðir, til þess að þurfa ekki að leggja niður þennan bezta atvinnuveg þjóðarinnar. Þá var og farið út í samvinnuútgerðir, sem reyndust vera þannig, að enginn vildi við þær vera. En bæirnir tóku að sér þetta hlutverk og þó sérstaklega Hafnarfjarðarbær og hefur haldið því síðan. En það er staðreynd, að á öllum þessum árum var það engin önnur grein sjávarútvegsins, sem fólkið vann við, sem gaf betri kjör en togaraútvegurinn, þótt það séu orðin nú umskipti á því sviði.

Þegar togaraflotinn var endurbyggður aftur árið 1945, skeður það, að mjög fáir af útgerðarmönnunum vilja fara í það að byggja hin nýju skip. Og meginástæðan fyrir því er sú, sem ég hef lýst, að þeir höfðu enga tryggingu fyrir því, að ekki væri farið svo djúpt ofan í þeirra vasa, ef um einhverjar tekjur væri að ræða, að þeir fengju ekki að halda neinu eftir, eins og reynsla þeirra undanfarin ár hafði sýnt. Þá er það einmitt Reykjavíkurbær, sem veit, að það er svo mikið atriði fyrir bæjarfélagið, að ekki sé lögð niður togaraútgerð, að forráðamenn hans gera kröfu um það, að þeim sé úthlutað svo og svo mörgum skipum af þeim flota, sem átti að byggja, og að þeir sjálfir ráði því síðan, hverjir aðrir fái skipin, og hefja þá sjálfir bæjarútgerð einmitt af þessum sömu ástæðum, sem ég hef lýst, að þeir vissu, að það var stórkostlegt áfall fyrir bæjarfélagið, ef togaraútgerðin yrði lögð niður. 1948 er svo byrjað á því, eins og hæstv. sjútvmrh. benti á, að gera upp á milli

þeirra fríðinda, sem togaraútgerðin hafði og bátaútvegurinn. Þá fær bátaútvegurinn strax meiri fríðindi í sambandi við verð á aflanum, og það stendur yfir allt til 1958 og munar á sumum þessum árum hvorki meira né minna en yfir 30 aurum á hvert kg. Það voru ekki ráð togaraútgerðarmanna, að þannig skyldi í þetta farið. Það voru aðrir, sem réðu því. Það var Alþingi og ríkisstjórnir, sem réðu því, að svona skyldi fara með þessi mál og togurunum skammtað hér lakara verð fyrir aflann en annarri útgerð. Ef miðað er við meðalafla á þessum árum, sem var um 5000 tonn á hvern togara, og reiknað með 30 aurum á hvert kg, þá er það hvorki meira né minna en hálf önnur milljón, sem hér er ranglega tekin af hverju skipi, og ég verð að segja, að ef togaraflotinn hefði fengið að halda því fé í sérstökum sjóði, þá hefði kannske ekki þurft að stöðva flotann nú, eins og raun ber vitni um, vegna þess að hann hefur ekki haft neitt fé yfir að ráða.

Alþingi hefur ávallt þurft að taka ákvarðanir um ýmsan vanda, sem að höndum hefur borið á hverjum tíma, og jafnan tekinn sá kosturinn, sem beztur hefur þótt fyrir alþjóð, hvort sem um hefur verið að ræða aflatöp útvegsins, óþurrka sveitanna eða einhverja aðra ördugleika, sem að höndum ber. Við, sem höfum átt sæti á þingi í mörg ár, þekkjum þetta. Hér hefur m. a. orðið að veita óþurrkalán tli bænda og ekki talið eftir. Það hefur verið talið sjálfsagt. Ég veit, að í ráðherratíð hv. 1. þm. Austf. þótti honum ekkert óeðlilegt, þótt ríkissjóður yrði að greiða allverulegar upphæðir með togurum, sem gerðir voru út frá Austurlandi, því að hann taldi það vera nauðsyn og meiri hluti Alþingis hafði fallizt á þær tillögur. En það var áreiðanlega ekkert meiri nauðsyn að gera það þá en það er nú að hjálpa togaraútveginum. Og það er víst í fyrsta skipti, sem sú rödd hefur heyrzt hér á Alþingi, á þeim tíma, sem ég hef verið hér, að nú sé sjálfsagt, að allir skuli sjá um sig sjálfir, ekki einungis togararnir, heldur yfirleitt allir aðrir aðilar í landinu. Þeir skuli fara á hausinn, sem hafa ekki vit eða þrek til að standa óstuddir og þola sjálfir öll áföll. Jafnvel félagsmálalöggjöf eins og almannatryggingar á að afnema, eftir því sem hv. þm. ræddi hér um áðan. Það ætti að taka hér upp þá stefnu, að hver yrði að sjá um sig, og láta það hrynja, sem gæti ekki staðizt. Nú ætti að taka upp þá stefnu að láta menn sjá um sig sjálfa að öllu leyti. Hann sagðist að vísu vera að lýsa hér sinni persónulegu skoðun, en hvort þetta væri skoðun Framsfl., það vildi hann ekkert segja um. En þetta væri hans skoðun, að það ætti að sigla sinn sjó, sem ekki gæti sjálft bjargað sér án aðstoðar annarra. En hvað væri þá um þá aðstoð, sem veitt er til landbúnaðarins með því að greiða fullu verði það kjöt, sem flutt er út á erlendan markað? Er það skoðun hv. þm., að það sé rangt fyrir ríkissjóðinn að vera að greiða þessar uppbætur, að maður nú ekki tali um niðurgreiðslur á innlenda markaðinum o. fl., o. fl.? Ég verð að segja, að þetta mál, sem er mikið vandamál, verður að ræðast á Alþingi af meiri vizku og meiri sanngirni en kom fram hér í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. um daginn. Það verður að ræðast með hliðsjón af því, hvort reynsla undanfarinna ára hafi sýnt það, að togaraútgerð þurfi og eigi að vera á Íslandi. Sé það skoðun meiri hluta þings, að togaraútgerðin eigi sér ekki hér neinn rétt, þá er sjálfsagt, að hún sé lögð niður. En ég hygg, að það verði búið að segja mörg orð hér á þingi, áður en menn verða sammála um það. Það er sjálfsagt vinsælt nú í Austur-Húnavatnssýslu og e. t. v. viðar að mæla gegn nauðsynlegum stuðningi við togaraútgerð, þar sem það kostar ríkissjóðinn töluvert fé. En það var líka vinsælt í Austur-Húnavatnssýslu vorið 1959 að telja sig fylgjandi hugsjónum og stefnu Sjálfstfl., þótt maður byði sig fram fyrir Framsfl. **(Gripið fram í:** Hefur sá flokkur hugsjón?) Hann hefur áreiðanlega miklu meiri hugsjónir en þessi hv. þm. hefur enn öðlazt, því að hann sýnist ekki enn hafa öðlazt neina aðra hugsjón en þá að bera kápuna á báðum öxlum. Það sýnist ekki, eftir því sem hann hefur talað hér. En það að mæla þannig og bera kápuna á báðum öxlum, það er hvorki stórmannlegt né drengilegt, þegar um vandamál er að ræða. Og fulltrúi, sem starfar í slíkum anda, kemur aldrei til þess að velta þungum björgum erfiðleikanna úr vegi í sambandi við atvinnumálin, til þess þarf miklu meiri manndómsmenn.

Meginorsök erfiðleikanna, sem steðja að togaraútgerðinni í dag, er skefjalaus ágengni þess opinbera um mörg undanfarin ár. Það er ein meginástæðan fyrir því, að þeir eru komnir í fjárhagserfiðleika, og þar á hv. 1. þm. Austf., sem lengi var fjmrh., ekki litla sök á. Hann var náttúrlega ekki einn um það, en hann lagði þar á sitt lóð og það mjög vendilega. Önnur meginástæðan er röskun á hlutfalli á skiptingu aflans á milli skipverja og skipshafnar. Þetta er einn af mjög miklum erfiðleikum, sem útvegurinn á við. Allt að árinu 1939 er skiptingin á afla togaranna þannig, að útgerðin fær 70% og mannskapurinn aðeins 30%, og þeir, sem þekkja hér síldarútveginn frá þeim tímum, vita vel, að skipshafnir voru ráðnar venjulega upp á 33%. En hvernig er þetta nú? Nú er svo komið, að útgerðin fær ekki nema 49% á togurunum. 51% fer til fólksins í einni eða annarri mynd. Og það er alveg sama, hve mikla veiði togari hefur, hann getur aldrei skilað arði með slíkum skiptum. Það er alveg nákvæmlega sama, hvað mikla veiði hann hefur, það kostar alltaf svo og svo mikið að afla hverrar smálestar, sem veidd er, að það er útilokað, að hann geti farið með hag af slíkum skiptum. Og ef togaraútgerðin á að lifa á Íslandi áfram, er það eitt m. a., sem þarf að taka til athugunar, á hvaða hátt er hægt að breyta hlutaskiptunum, svo að sé hægt við að una fyrir báða parta.

Ég skal ekki ræða mikið efnislega það mál, sem fyrir liggur hér, en vegna þeirra ummæla hæstv. ráðh., sem hann hafði hér áðan, vildi ég þó mega segja um það mál aðeins nokkur orð. Hann skýrði frá því, að nefnd sú, sem hefði athugað ástand togaraútgerðarinnar, hefði aðallega bent á þrjár leiðir — eða eiginlega ekki nema tvær leiðir. Og mér skildist á honum, að hann væri þeirrar skoðunar, að það væri tæplega um annað að ræða en annaðhvort að

hleypa togurunum inn fyrir landhelgina eða veita þeim fjárhagslegan stuðning, sem svaraði 1.5 millj. kr. á ári, sem ætti þá að koma fyrir það, að þeir hefðu verið reknir brott úr landhelginni. Ég ætla ekki hér í þessum fáu orðum að ræða þessar tillögur. Þær verða sjálfsagt ræddar bæði af hæstv. ríkisstj. og á þingi. En vegna þess að hæstv. ráðh. gat þess, að hann sæi ekki neinar aðrar leiðir, þá vildi ég spyrja, hvort hann sæi sér fært að taka til athugunar nokkrar aðrar ábendingar og það einmitt á því stigi málsins, áður en málið kemur fyrir þingið. Ég hef einnig hugsað nokkuð um þessi mál, og mér er ljóst, að það geti vel komið til athugunar, — ég er ekki að segja, að það séu þær einu leiðir, en ég gæti hugsað mér, að það gæti vel komið til athugunar, að allur togaraflotinn yrði metinn upp að nýju á sanngjörnu söluverði á íslenzkum eða erlendum markaði, því að það er vitað, að í dag er þessum skipum haldið í bókum og þau eru vátryggð fyrir miklu meira fé en mögulegt er að selja þau fyrir, það sé síðan tekið eitt allsherjarlán til þess að standa undir þeim mismun, sem yrði að greiða frá bókuðu eignarverði skipanna, eins og það er í dag hjá hverju fyrir sig, og því verði, sem metið er. Síðan yrði öll vátrygging skipanna færð niður, þannig að aðeins væri miðað við að vátryggja skipin fyrir matsverðið og matsverðið þá náttúrlega ekki ákvarðað hærra en mögulegt væri að starfrækja skipin á. Það er greitt fyrir sum af þessum skipum allt að 1 millj. kr. í iðgjöld, og meðan þessu er ekki hægt að koma fyrir betur en gert er, þá er engin von til þess, að það sé hægt að reka útveginn á eðlilegum grundvelli. Ein meginástæðan fyrir því, að iðgjaldahækkun hefur orðið, sem raun ber vitni um, er sú, að það hefur verið ráðizt inn í raðir útgerðarmanna sjálfra. Þeir áttu sjálfir vátryggingu, þar sem þeir vátryggðu sinn flota, og náðu beztu kjörum á því tímabili, sem öll skipin voru þar í, og það allt upp í 3%. Síðan komu ýmsir og brutust inn í þennan hring, m. a. Samvinnutryggingar og Sjóvátryggingafélag Íslands, ekki með undirboðum á iðgjaldi, heldur með alls konar fríðindum, m. a. með lánum, sem hafa orðið til þess, að skipin eru vátryggð hingað og þangað og útilokað að ná beztu kjörum. Með því að sameina þetta allt aftur, ef ekki undir þeirra eigin botnvörpungatryggingar, þá annaðhvort ríkið sjálft eða einhvern annan aðila, með því að sameina þetta aftur og semja um allan flotann í einu og færa skipin niður í eðlilegt verð, þætti mér ekkert ólíklegt, að það væri hægt að lækka iðgjöldin um 50%. Auk þess hefur verið hlaðið á útgerðina í seinni tíð mörgum gjöldum, m. a. í lífeyrissjóð togaranna. Það hefði verið ekkert við því að segja, þó að lífeyrissjóði togaramanna hefði verið komið á stofn fyrir 25 árum, á meðan engar tryggingar voru hér. En eftir að búið er að skylda fólkið til þess að kaupa sér lífeyri, eins og gert er með almannatryggingum og slysatryggingum o. fl., þá sýnist það að vera að bera í bakkafullan lækinn að setja hér upp slíkan útgjaldalið fyrir togarana, á meðan þeir geta ekki staðið undir öðrum rekstrargjöldum. Nú er eitt ákvæði togaralöggjafarinnar þannig, að ef sjómaður, sem hefur verið á togara og hefur greitt sjálfur ákveðinn hlut í togaralífeyrissjóðinn, á móti lýsir því yfir, að hann ætli sér ekki að vera lengur á togara, getur hann fengið allt framlag sitt greitt út úr sjóðnum. En útgerðin situr eftir og getur ekki fengið út þann hluta, sem hún hefur greitt fyrir þennan sama mann, sem hefur lýst því yfir, að hann kæmi aldrei á togara aftur. Þetta er einn mjög þungur baggi fyrir togaraútgerðina í dag.

Annar mjög þungur baggi fyrir togaraútgerðina í dag eru iðgjöldin í atvinnuleysistryggingasjóði. Ég veit ekki, hvort það væri nokkur goðgá að létta þeim gjöldum af útgerðinni, á meðan útgerðin, sem á að greiða í sjóðinn, getur ekki undir neinum kringumstæðum staðið undir því, en sjóðurinn safnar milljónum, á þeim tíma, sem hver maður hefur nægilega atvinnu í landinu og verður svo að segja að yfirkaupa hvern mann til vinnu, hvar sem er hringinn í kringum allt land. Ég er ekki að segja, að það eigi að afnema atvinnuleysistryggingarnar, síður en svo, en hvort ekki sé hægt að fresta greiðslu til atvinnuleysistryggingsanna frá þeim útvegi eða frá þeirri atvinnugrein, sem auðsýnilega þolir lakast að greiða til þeirra á þessum tíma.

Þá vil ég einnig benda á, að eins og nú er komið, þar sem aflamagn togaranna hefur stórkostlega lækkað, þá er ekki snefill af ástæðu til þess að þvinga útgerðarmenn til þess að hafa 32 menn um borð. Við sýndum fram á það í mþn. í sjávarútvegsmálum á sínum tíma, að þá var meðalafli togaranna um 5000 tonn á ári. Mestu afköst eins togara voru þá rúmlega 900 kg á dag, sem hver háseti gat afkastað, þ. e. gert að og þvegið og látið niður til geymslu í lestunum. En meðaltalið var ekki nema rúml. 400 kg. Það sýnir, sérstaklega þegar maður sér nú, að veiðin er komin kannske niður í 3000 tonn eða minna, að það er ekki nein vinna fyrir allt þetta fólk. Og hvers vegna þarf endilega að halda þeirri reglu í togara, en í engum öðrum skipum, hvorki á Íslandi né annars staðar, að menn séu ekki skyldugir til þess að vinna fyrir ákveðin laun ákveðna tíma, en fái svo eftirvinnu fyrir þann hlutann, sem þeir vinna fram yfir? Ég sé ekki, að það sé neins staðar bannað með lögum, t. d. í strandferðaskipunum, að láta vinna á höfnum á næturnar, en það þarf bara að greiða fólkinu eftir því, sem það vinnur. Nefndin, sem athugaði þessi mál, komst að þeirri niðurstöðu, að þetta gæti verið stórkostlegur hagur bæði fyrir háseta og líka fyrir útgerðina. Með þessu móti gætum við komizt með áhöfn niður í 24 í staðinn fyrir 32 og verið stórkostlegur rekstrarhagnaður fyrir báða aðila. Ég vil aðeins láta þetta koma fram hér. Auk þess er náttúrlega mögulegt að lækka tolla á ýmsum rekstrarvörum togaranna, sem kæmi í sama stað niður og láta beinan styrk úr ríkissjóði til þeirra. Ég hef aðeins sett þetta fram, ekki sem gagnrýni á tillögur þær, sem hæstv. ráðh. kom með, og ekki heldur til þess að álykta, að þetta væri til þess að leysa erfiðleikana, en vildi aðeins benda á, hvort hæstv. ráðh. vildi taka þessi mál til athugunar og sjá, hvort hann

að fengnum þeim athugunum gæti fundið fjórðu leiðina til lausnar þessum vanda.

Í umr. um þetta mál af hálfu hv. 1. þm. Austf. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í sambandi við frv., sem liggur hér fyrir til umræðu:

„Hún (þ. e. gengislækkunin) var í fyrsta lagi gerð sem hefndarráðstöfun gegn verkalýðsfélögum og launasamtökum í landinu, vegna þess að kaupgjaldsmálin voru leyst nokkuð öðruvísi en stjórnin vildi.“

Ég vil nú spyrja þennan þaulæfða hv. þm., sem lengi hefur verið ráðh., í mörg ár: Er það virkilega skoðun hans, að nokkur ríkisstj. hagi sér þannig að ákveða svo alvarlegt mál eins og gengislækkun sem hefndarráðstöfun? Sjálfur hefur hann verið í samvinnu við alla þessa menn. Hann hefur verið í samvinnu við Sjálfstfl., hann hefur verið í samvinnu við Alþfl., og hann hefur verið í samvinnu við kommúnistaflokkinn. Hefur hann þekkt hjá nokkrum þessum mönnum tilhneigingu til þess að fá samþykkt nokkur lög sem hefndarráðstöfun fyrir, að eitthvað annað hafi verið gert? Og er það yfirleitt sæmilegt af manni, sem er búinn að sitja svo lengi á þingi og sjálfur kom hér um daginn og undirstrikaði það, að reynt skyldi að hafa í heiðri Alþingi Íslendinga, — er það sæmilegt yfirleitt að bera slíkar ásakanir á fyrrv. samstarfsmenn sína og núv. samstarfsmenn sína í Alþingi? Hvað liggur yfirleitt á bak við hjá manni, sem lætur sér detta í hug að koma með svona lagaða vitleysu? Eru það hrein rökþrot, þegar hann hafði ekkert annað getað sagt um þetta mál?

Hann segir enn fremur:

„Og enn fremur var þessi gengislækkun gerð til þess að hækka verðlag á erlendum vörum fyrir neytendur og þá, sem þurftu að leggja í nýja fjárfestingu, til þess að styðja þannig samdráttarstefnuna.“

Ég verð að segja, að þegar maður eins og fyrrv. hv. fjmrh. leyfir sér að segja svona lagað og birtir þetta fyrir þjóðinni, hvað álítur þjóðin, að þessi stofnun sé? Og hvað álítur þjóðin, að ríkisstj. sé, sem leyfir sér að fella gengi beinlínis til hefndarráðstafana annars vegar og beinlínis til þess að hækka erlendar vörur og hins vegar enginn annar tilgangur?

Og enn er sagt:

„Og loks var þessi gengislækkun gerð til þess að moka nýju fjármagni inn í ríkissjóðinn.“

Hver hefur betur mokað fjármunum inn í ríkissjóðinn en hv. 1. þm. Austf., og hvenær þótti honum nóg mokað inn í ríkissjóðinn? Og nokkuð stangast þetta á, þegar hann hefur verið að halda því fram við fjárlagaumr., að ríkissjóður væri alveg á hausnum og það væri nú allt annað en þegar hann hefði stjórnað ríkissjóðnum, hefði getað skilað svo og svo mörgum milljónum, en nú væri fyrst og fremst engu skilað og niðurstöðutölurnar væru meira og minna blekkingar o. s. frv. Nei, ég held, að þeir menn, sem hlusta á slíkar ræður, verði að álíta, að þeir, sem þær flytja, hafi ekki lengur snefil af rökum fyrir máli sínu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þið vitið það allir, hv. þm., ef maður þarf að hafa leiðsögumann, sem oft er áríðandi, þá vill maður, að hann horfi fram fyrir sig, en ekki aftur fyrir sig. Mér datt í hug, þegar hv. 1. þm. Vestf. var að halda hér ræðu, að það væri yfirsjónin hjá þessum hv. þm., að hann horfði alltaf aftur fyrir sig, en ekki fram á við. Hann lét og orð falla þannig, að fáir menn á þingi þekktu betur en hann til togaraútgerðar. Ég skal ekkert dæma um það. En hitt veit ég, að það er ákaflega hættulegur hugsunarháttur að þykjast hafa vit á öllu. Ég hef alltaf haft það fyrir reglu í lífinu, og er ég ekki vitmaður, að ef ég ætla að fara að gera eitthvað, sem ég hef ekki reynslu fyrir, þá hef ég alltaf farið til þeirra, sem ég hef álitið að hefðu bezt vit á viðkomandi atriði, og reynt að komast eins vel inn í málið og ég hef getað. Ég hef aldrei ímyndað mér, að ég hefði bezt vit á því, sem ég hef tiltölulega litla reynslu í. Þetta er það hættulega hjá þessum hv. þm. Hann hefur verið að nokkru leyti trúnaðarmaður viðvíkjandi útvegun á togurum, og ef sá, sem á að sjá um þetta, er algerlega sannfærður um, að hann viti allt, þurfi ekki að fá upplýsingar, þurfi ekki að horfa fram á leið, þurfi ekki að fylgjast með tímanum, þá er það hættulegast af öllu. Það væri t. d. ekki nein búmennska hjá mér, þó að ég stæði hér uppi í pontunni og væri að útlista það, að afi minn hefði selt sauði fyrir gull. Á þeim tímum var ágætt að eiga sauði, og það fékkst ekki gull nema fyrir sauði í nokkur ár. Þetta út af fyrir sig var á þeim tíma hyggilegt. En þetta er í raun og veru hliðstætt og að rekja hér togarasögu 20—30 ár aftur í tímann. Það kemur ekki málinu við. Við eigum að taka hlutina eins og þeir eru nú og horfa fram á við. Aðalatriðið er, hvort togaraútgerð ber sig betur en eða jafnvel og bátaútgerð. Ef bátaútgerðin ber sig betur, er hagkvæmari fyrir þjóðarheildina og þjóðarbúið, þá eigum við að leggja áherzlu á hana og efla hana, en láta togaraútgerðina dragast saman.

Viðvíkjandi því, að orð féllu hjá mér um það, að okkar togarar mundu ekki vera fyrir framtíðina, þá stend ég við það. Ef þetta væru framtíðarskip, þá hlýtur að vera ákaflega auðvelt fyrir þennan hv. þm. að selja þessa togara, sem hann átti víst einhvern hlut í að velja, — selja þá fyrir a. m. k. kostnaðarverð. Ég heyrði sagt, að einhver hefði verið að reyna að selja þennan eina, sem liggur bundinn síðan hann kom, og það hafi ekki tekizt. Af hverju tekst það ekki? Það er af því, að þetta er ekki skip fyrir framtíðina. Við vitum það, að togaraútgerðin er að fara inn á það svið, að kröfurnar verða meiri til gæða matvælanna. Það þarf að vinna aflann, um leið og hann kemur úr sjónum, þannig að þetta sé fyrsta flokks vara, sem fólkinu er boðin. En það er engin fyrsta flokks vara, sem er geymd í ís í hálfan mánuð. Það er ekki sú vara, sem verður nothæf í framtíðinni. Menn máttu vita það, þegar landhelgin var færð út, að þá breyttist öll aðstaða til fiskveiða hér á landi. Hún varð hagstæðari fyrir bátana, en óhagstæðari fyrir togarana. Þetta hefðu þessir góðu menn átt að sjá. Þeir einblíndu á karfamiðin, en vitanlega gátu þau brugðizt. Það er satt, að það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. En staðreyndin er, að þarna var yfirsjón

gerð. Framtíðarhorfurnar voru ekki athugaðar nægilega mikið. Það var horft of mikið aftur fyrir sig. Ég skal ekki fara út í það að rekja tæknilegar yfirsjónir á þessum togurum. Það má lengi um það deila. Það er t. d. álit margra, að það hefði verið heppilegra með togarana, sem keyptir voru eftir síðara stríðið, að kaupa dísiltogara, en ekki gufutogara. Kunnugir menn hafa sagt mér, að í nýrri togurunum sé vélaklabbið allt of mikið, það sé allt of margbrotið og allt of fyrirferðarmikið, lestarrúmið tiltölulega lítið og þeir séu þess vegna ekki hentugir sem flutningaskip. Ég fór til þess manns, sem bezt hefur tekizt að reka togaraútgerð hér á landi og á víst flesta togara, og spurði hann um það, hvað honum fyndist mest að. Það fyrsta, sem hann sagði mér, var: Það á að létta útgjöldunum af togurunum. — Hann sagðist hafa orðið að borga margar milljónir í útgjöld, t. d. s. l. 3. ár, meðan togaraútgerðin bar sig verst hjá honum, og hann sagði: Það var aðeins árið í fyrra, sem ég tapaði á togaraútgerðinni. — Það er þess vegna ekki sama, hvernig togarar eru reknir, og undirstaða undir því að láta skip bera sig er að hafa alla hluti í lagi. En þeir, sem eru algerlega fjárvana, geta ekki haft hlutina í lagi. En sá, sem ekki getur haft hlutina í lagi, getur ekki fengið góða útkomu. Og ég veit, að margir togaraeigendur hér á landi eru það fjárvana, að þeir hafa enga aðstöðu til þess að hafa allt í lagi. Mér skildist á þessum togaraeiganda, að tapið hefði ekki verið neitt stórkostlegt s. l. ár. Togararnir veiddu á s. l. ári 113 þús. lestir af eitthvað 500 þús. rúmum, sem veiddust í heild, sem sagt, þeir hafa veitt eitthvað um 20%. Það eru 48 togarar í landinu. Ég efast ekki um, að sumir þeirra hafi veitt sama og ekki neitt, þeir hafa legið sennilega. Ég hef ekki nákvæma skýrslu um, hve margir hafa verið að veiðum, en ef allir hefðu verið að, þá væru það rúmar 2000 lestir á togara. En 75 tonna vélbátur, sem ég hef rekið, veiddi um 2000 lestir í ár, þar af helmingur síld. Hvort haldið þið, að borgi sig betur? Ég skal segja ykkur, að það var togari að veiða fyrir Norðurlandi í sumar, og hann hitti bát, sem var á færum. Þeir fóru að spjalla saman, og þegar þeir reiknuðu út, hvor fiskaði meira, þá varð þessum manni, sem var á færunum, það að orði, að þeir skyldu bara allir fara á færi, af því að hann fiskaði meira en hver einstaklingur á togara. Mér er sagt, að þeir hafi haft 300 tonn af saltfiski í 3 mánuði á Grænlandsmiðum í sumar. Þetta svarar til svona 240 tonna á mánuði af nýjum fiski upp úr sjó. Og þarna eru 40 menn og þá eru 6 tonn á mann á mánuði. Ætli nokkur hefði verið ánægður að hafa það á færum? Ég hygg ekki. Það er vegna þessa, sem ég segi, að eins og horfir nú ber togaraútgerðin sig verr en bátaútvegurinn. Þess vegna eigum við að leggja áherzlu á að efla bátaútveginn, en draga þá heldur úr togaraútgerðinni. Ég er engan veginn að ráðast á það, sem liðið er, eða vanþakka þeim mönnum, sem hafa að þessu unnið áður. Ég játa, að togararnir hafa oft borið mikinn afla á land, og held því ekki fram, að við eigum að leggja þeim öllum. Það er sjálfsagt að lofa þeim að reka sína togara, sem geta það.

Það var ýmislegt, sem núv. ríkisstj. ætlaði vel að gera, þegar hún tók við völdum. M. a. lýsti hún því yfir, að allir hlutir ættu að bera sig, og annað það, að hún lýsti því yfir, að kaupgjaldsmál væru ekki hennar mál, það væri mál atvinnurekenda og verkamanna, þeir ættu að semja um það sín á milli. Ég hef aldrei haldið því fram, að það hafi ekki ýmislegt verið rétt, sem þessi ríkisstj. hefur sagt og gert, þó að ég hafi ekki verið henni sammála um alla hluti. Og það voru þessi tvö atriði, sem ég var henni sammála um. Ég áleit hana fella gengið of mikið, og ég áleit hana hafa vextina of háa. Ég býst við, að vaxtahugmyndin sé innflutt. En það horfir allt öðruvísi við í þeim löndum, sem gáfu okkur þessar ráðleggingar, vegna þess að aðalatvinnuvegur okkar er sjávarútvegurinn, og það er ómögulegt að komast af án þess að hafa mikið rekstrarfé í hann. Það er ekki hægt að komast af án þess. En í iðnaðarlöndunum er vitanlega hægt að ráða við fjárfestingu með því að hækka vexti. Það horfir allt öðruvísi við. Þess vegna á það ekki alltaf við að flytja inn hugmyndir eða varning. Það á sitt við í hverjum stað.

Það var þetta, sem ég var í raun og veru sammála ríkisstj. um, að það er eðlilegast, að allir hlutir beri sig, og það er eðlilegast, að verkamenn og vinnuveitendur semji um kjaramálin. Þetta var ég henni sammála um. En nú ætlar bara þessi hæstv. ríkisstj. að hverfa frá þessu atriði. Það á að fara að styrkja togarana með framlögum, sem einhvers staðar verður að taka. Það má deila um, hvort það á að taka það af bátaútveginum eða hvort á að taka það af þjóðarheildinni. Það er í sjálfu sér ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er hitt, að ríkisstj. heldur því fram, að það verði að hjálpa togurunum fjárhagslega. Sem sagt, það á að aðstoða atvinnuveg, sem getur ekki borið sig í bili a. m. k. Það má vera, að það sé hyggilegt að gera þetta, ef um stutt tímabil væri að ræða, þess vegna væri þetta út af fyrir sig reynandi. En óheilbrigt er það til lengdar.

En nú vildi ég benda hæstv. ríkisstj. á, að það eru til fleiri leiðir en að safna í einhverja sjóði og borga svo úr þeim sjóðum. Það er hægt að aðstoða togaraútgerðina á annan hátt, og ég tók svo eftir hjá hæstv. sjútvmrh., að hann teldi, að hver togari þyrfti 1200 þús. um árið, ég er ekki viss um, að ég hafi tekið rétt eftir því, en mér heyrðist það a. m. k. En ef það eru 1200 þús., þá vildi ég benda á það, að togari, sem veiðir 3000 lestir, veiðir fyrir ca. 8.4 millj., og í útflutningsgjöld, þ. e. til fiskimálasjóðs, til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, til fiskveiðasjóðs og til hlutatryggingasjóðs, er tekið 5.15% af fob-verði. Það svarar til rúmlega 10% af fiskverðinu upp úr sjó, því að fiskvinnslustöðvarnar þurfa að hafa sitt, og verðið tvöfaldast um það bil, miðað við hráefnið upp úr sjó, þangað til það er flutt út. Og þá gerir þetta allt að 840 þús. kr. á togara. Ef hæstv. ríkisstj. vildi gefa togurunum þetta, sleppa þeim við þetta, þá kæmu þarna 840 þús. Ef hæstv. ríkisstj. hlutaðist þar að auki til um, að þeim væri hlíft við útgjöldum, veltuskatti og atvinnuleysistryggingum, — það er alveg rétt athugað hjá hv. 1. þm. Vestf., að

það virðist vera óþarft að sópa 1% af vinnulaununum inn í atvinnuleysistryggingasjóð, þegar hann safnar tugmilljónum eða getur haft svo að tugmilljónum skiptir á ári bara í vexti og þarf engin útgjöld að greiða, það virðist vera óþarft að pína atvinnuvegina þannig, — og ef útgjöldunum væri létt af togurunum til bæjarfélaganna, það standa þau vel við, því að togararnir skapa mikla vinnu, koma með fisk á land og það skapar atvinnu, þannig að óbeinu tekjurnar hafa orðið miklar fyrir bæjarfélögin, þá hygg ég, að það væri hægt að skrapa þarna saman upp undir 1200 þús., þannig að hæstv. ríkisstj. gæti staðið við orð sín að vera ekki með beina styrki til atvinnuveganna.

En aðalatriðið er þetta: Við verðum að fylgjast með tímanum, við verðum að horfa fram á leið. En það þýðir ekkert að horfa aftur á bak, því að við förum ekki þá götu á morgun, sem við fórum í gær. Það er aðalatriðið.

Það er búið að minnast hér á ýmsa hluti. Ég veit ekki, hversu ýtarlega ég á að fara út í það. En hæstv. sjútvmrh. minntist hér á gengið. Ég ætlaði mér satt að segja ekki að fara út í það. En hann var að spyrja, hvar ætti að taka þessar 500 eða 600 millj., sem vinnulaun hefðu hækkað í landinu. Þessu er slegið fram að órannsökuðu máli, hve mikið vinnulaunin hefðu hækkað. En ég skal segja mína skoðun með nokkrum orðum.

Við vitum, að vegna bænda þurfti ekki að lækka gengið. Þeir fengu hærra fyrir afurðirnar við kauphækkunina, ofur lítið hærra. Það hefði að nokkru leyti étið sig upp aftur í auknum kostnaði við ýmsa þjónustu og annað fleira, en vegna þeirra þurfti ekki að lækka gengið.

Vegna iðnaðarmanna þurfti ekki að lækka gengið, vegna þess að við vitum, að mörg iðnaðarfyrirtækjanna hafa stórgrætt og safna ef til vill hvað mestum auði. Það er annaðhvort, að ekki hefur verið nægilegt eftirlit eða þeir hafa getað talið verðgæzlunni trú um hluti, sem voru ekki raunhæfir. Þeir hafa grætt óeðlilega mikið, og það hefur fólkið orðið að borga. Ég er ekki að segja, að öll iðnfyrirtæki hafi gert þetta, en það voru tiltölulega fá iðnfyrirtæki, sem hefði þurft að hækka að mun vörur hjá vegna kauphækkananna. Og ef það þurfti, þá greiddi fólkið sjálft þá hækkun, og þá var það bara fært á milli stétta. Það var ekki keyptur erlendur varningur fyrir það, og það var ekki heldur keyptur erlendur varningur fyrir það, sem landbúnaðarvörurnar hækkuðu.

Þá er það verzlunin. Það er eins með hana og iðnaðinn. Ef kaupmenn og kaupfélög þurftu að borga hærra kaup, þá vitanlega tóku þeir það af vörunni og það hækkaði vöruna til fólksins, og þar með var tekið ofur lítið af þeirri kauphækkun, sem fólkið fékk. Það voru ekki keyptar erlendar vörur fyrir það, það eyddi ekki erlendum gjaldeyri.

Og þá erum við komnir að sjávarútveginum, sem er aðalvandamálið. Vegna síldarsöltunar og síldarbræðslu þurfti ekki að fella gengið. Síldarsaltendur hafa aldrei grætt meira en í ár, s. m. k. um margra ára bil, og afkoma síldarbræðslnanna er betri en verið hefur, jafnvel þó að lýsið hafi lækkað í verði, vegna þess að hráefnið var meira og betra. Þegar samið var um verð á saltsíld og bræðslusíld, munu þeir hafa haft vaðið fyrir neðan sig og miðað við það hráefnismagn, sem var undanfarin ár.

Þá erum við komnir að fiskvinnslustöðvunum, og það er sá liður, sem erfiðast er við að fást, því að ég hygg, að fiskvinnslustöðvarnar hefðu ekki getað hækkað kaupið án þess að fá fé einhvers staðar annars staðar að. Og þá erum við komnir að þeim eina hnút, sem þarf að leysa. Það var ekki hægt að leysa hann á annan hátt en þann að lækka fiskinn upp úr sjó, nema verðlag hækkaði ytra, sem ekki er fullvíst að verði. Og þá er að líta á það, hvort betra var að lækka fiskverðið til bátanna eða fella gengið. Það er um það bil ¼ af fob-verði fisksins, sem eru vinnulaun. 16% kauphækkun þýðir 4% hækkun á útflutningsverðmæti. Þess vegna skulum við reikna með, að frystihúsin hefðu þurft að fá 4% hækkun á fob-verði fiskafurða til þess að vinna upp launahækkunina. Þessi launahækkun kom ekki öll fram á s. l. ári, en við skulum reikna með hækkuninni, sem verður 1962. Og þá svarar það til 4%, og ef verðlag er óbreytt ytra, þurfti fiskurinn upp úr sjó að lækka um 8%, ef frystihúsin áttu að sleppa við kauphækkunina. Þá er bara að gera dæmið upp. Var betra fyrir bátaútveginn að lækka fiskverðið um 8% eða fá gengislækkunina? Það er búið að taka 13% af tekjum bátaútvegsmanna og sjómanna, en þurfti ekki að taka nema 8%, ef öll kauphækkun er látin koma fram á þeim.

Það var eins og alltaf er, þegar gengi er lækkað. Það er tilfærsla á eignum og tilfærsla á tekjum innanlands. Við fáum ekkert meira fyrir framleiðslu okkar til annarra landa. Gengislækkun verkar ævinlega þannig. Þeir fátæku eru gerðir fátækari, þeir ríku ríkari. Það er komið aftan að launþegum landsins, tekinn nokkur hluti af kaupi þeirra. Það er komið aftan að sparifjáreigendum og tekinn nokkur hluti af sparifjáreign þeirra. Það er ekki fíflskaparmál að lækka gengið. Það er beinlínis verið að taka af eignum og tekjum manna. Það er ekkert annað, sem verið er að gera. Við fáum ekkert meira raunverulega fyrir okkar framleiðsluvörur, þó að við lækkum krónuna. Þetta er bara tilfærsla innanlands, og hún er ranglát í flestum tilfellum. Og það er aldrei heilbrigt fjármálalíf í landi, þar sem þarf alltaf að vera að breyta gengi, því að það eru svik gagnvart borgurum hvers lands. Það, sem þurfti að gera, var að lækka fiskverðið til bátanna um sem svaraði 8%, og þá var að gera það upp, hvort hagkvæmara var að fara þannig að eða gera það, sem gert hefur verið. Það er ekkert annað, sem fyrir liggur. Nú er búið að taka 13% tekjur bæði af sjómönnum og útvegsmönnum. Það hækkar allt, sem bátarnir þurfa að kaupa, allur útgerðarkostnaður. Það eru tekin af kaupi sjómanna 13%. Þetta er staðreynd. Og það eru ekki líkur til með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert, að neitt af þessu fáist aftur. Ef útflutningsgjaldið er hækkað þetta mikið, sem gert er ráð fyrir, fá þessir aðilar ekkert af því aftur. Frystihúsin fá 13% meira, skulum við segja, í fob-verð, eða útflutningsverð hækkar um 13% í krónutölu eftir gengislækkunina. Þar

af fara 4% í kaup. Svo eru milli 15 og 20%, sem miðast við erlendar gjaldeyrisvörur, sem hækka til frystihúsanna. Það er viðhald á vélum og ýmislegir hlutir fleiri. Ég er búinn að reikna þetta út, og það eru allt að því 3%, þannig að þarna eru komin 7%. Og svo er útflutningsgjaldið hækkað um 4½%, þannig að það eru milli 11 og 12%, sem útgjöld eru aukin um af þessari 13% hækkun, þannig að í mesta lagi gæti fiskurinn til bátanna hækkað um 3%. Og þá er tapið 10%, en yrði ekki nema 8%, ef þeir hefðu verið látnir taka á sig alla gengisfellinguna. Það var verjandi að hækka útflutningsgjöldin til áramóta til að láta síldarsaltendur, síldarbræðslur og frystihúsin ekki stinga gengishagnaðinum af hráefninu, þegar það hækkaði ekki til bátanna, í sinn vasa. En þá átti bara að endurgreiða bátaútveginum það aftur, eins og ég talaði um um daginn og skal ekki endurtaka hér.

Þá er komið að öðru atriði hjá hæstv. ríkisstj., sem hún leggur mest upp úr af öllu, og það er það, að þetta hefði gert gjaldeyrisstöðuna lakari hjá okkur. Í grg. ríkisstj. er talið, að það séu 300 millj., sem gjaldeyrisstaðan mundi hafa orðið lakari, ef gengið hefði ekki verið lækkað. Ég verð að segja, að þessi grg. er fyrir neðan allar hellur. Því er slegið t. d. fram, að kauphækkun vegna millifærslu í launaflokkum og vegna þess, að fólkinu fjölgi í landinu, verði um 300 millj. og kauphækkun vegna samninganna verði 500—600 millj., þannig að heildarlaunahækkanir í landinu verði allt að því 900 millj. En þetta er bara út í loftið. Þetta er ekki rökstutt. Og annað það: Hvernig í ósköpunum á að blanda því inn í gengislækkunina, þó að einhverjir færist á milli launaflokka eða þó að fólkinu fjölgi í landinu? Þetta kemur málinu ekkert við. Eða ætlar ríkisstj. í framtíðinni að fara að fella gengið vegna þess, að fólki fjölgar í landinu og fólk færist milli launaflokka? Þið getið lesið þetta í grg. ríkisstj. Og svo er því í lokin slegið föstu, að gjaldeyriseyðslan muni aukast um 300 millj. En þetta er allt órökstutt, gersamlega, því að ef við athugum það, þá færist í fyrsta lagi meginið af þessum auknu launatekjum á milli hinna einstöku stétta. Bændurnir fá dálítið. Það hækkar öll þjónusta í landinu, og þetta færist á milli einstaklinga og stétta. Dæmið liggur ekki heldur þannig fyrir, heldur það, hvort atvinnuvegirnir bera sig, og þeir hefðu gert það með því að lækka hráefnisverð fisksins. Þá á allt að vera í lagi. Það á að vera hægt að hafa það í hendi sinni, hvort gjaldeyrisstaðan verður jákvæð eða neikvæð. Það er aðalatriðið, að atvinnuvegirnir beri sig, því að ef það er, þá hefur fólkið ekki ráð á að kaupa meira en það vinnur fyrir. En að slá hinu fram, að þetta muni 300 millj. í gjaldeyri, það er bara út í loftið. Það er ekki hægt að fullyrða, hvað mikið það hefði verið, en sú staðhæfing er algerlega út í loftið.

Við vitum, að þetta er tilfærsla á milli atvinnugreina og einstaklinga, sem gengislækkunin hefur áhrif á. Eru líkur til, að þeir einstaklingar, sem hafa fjármagnið nú, þegar búið er að fella gengið, eyði ekki sínum tekjum og sínum gróða fyrir gjaldeyri, ekki síður en þó að það hefði dreifzt á almenning? Það er þetta, sem við þurfum að fá svar við. Nú hafa síldarsaltendur t. d. grætt. Eru ekki líkur til, að þeir eyði miklu af því fyrir erlendan gjaldeyri? Það eru alls staðar að þjóta upp síldarsöltunarstöðvar. Það er ágætt að hafa síldarsöltunarstöðvar, þær þurfa að vera, en þær geta ef til vill orðið of margar, og það getur ef til vill verið óhagsýni í að láta þá elta hver annan og byggja miklu fleiri á hverjum stað en þörf er fyrir og miklu stærri í einhverri heimskulegri samkeppni. Það er margt í okkar sjávarútvegi, sem er ekki nógu vel skipulagt, og þar á meðal síldarsöltunarstöðvarnar. Það er óþarfi, að allir séu að byggja á sama stað. Ég hef bent á þessi atriði vegna þess, að þetta er eitt af höfuðatriðunum í okkar fjármálalífi. Ég ætlaði að tala um þetta við annað tækifæri, en sjútvmrh. minntist á þetta.

Ég get sagt ykkur það, að hjá útgerðarmönnum er orðin breyting á hugarfari. Þeir eru farnir að skilja, að þeir geta ekki grætt á gengislækkun. Það er ekki hægt fyrir útvegsmenn að græða á gengislækkun, ef kaup sjómanna er miðað við prósentur af brúttóafla, það er útilokað, vegna þess að hinn hlutinn er bundinn við gengið. Kostnaðurinn eykst að krónutölu, eftir því sem hver króna verður verðminni, og útgerðarmönnum er orðið þetta ljóst. Það var þess vegna, sem þeir vildu ekki þakka hæstv. ríkisstj. fyrir, að hún hefði fellt gengið. Fyrir utan það var tekinn af þeim sá mögulegi hagnaður í krónutölu, sem þeir gátu haft af því, að gengið var fellt. En það er þetta, sem liggur til grundvallar. Það er þetta, sem ríkisstj. er, held ég, ekki búin að skilja enn þá fullkomlega. Það er eins og Sókrates sálugi sagði. Það vildi honum til óláns einu sinni, að það varð einum manni það á að spyrja guðinn í Delfí að því, hvort það væri nokkur maður vitrari en Sókrates, og hann fékk það svar, veslings maðurinn, að það væri enginn vitrari en Sókrates, og hann sagði Sókratesi þetta. Sókrates varð alveg hissa, því að hann hélt, að hann væri ekki vitur, stóð í þeirri meiningu. Þá fer karlinn að taka upp á því, að hann fer að tala við alla menn til að prófa, hvort þeir séu ekki vitrari en hann. Greindir strákar höfðu gaman af þessu, eins og Plató og fleiri, og eltu Sókrates til að hlusta á þetta. Það fóru venjulega þannig leikar, að Sókrates fann út, að sá, sem hann átti tal við, væri ekkert vitrari en hann og jafnvel heimskari. Og hann fann aðra speki út, og það var það, sem mér datt í hug, þegar hv. 1. þm. Vestf. var að tala. Það var það, að þeir, sem þóttust vera allra vitrastir, voru í flestum tilfellum heimskastir, en aftur menn, sem voru ekki sannfærðir um vizku sína meira en í meðallagi, voru vitrari en þeir þóttust vera, að Sókratesi fannst a. m. k. En Sókrates varð illa liðinn af þessu, og Grikkir urðu leiðir á honum og gáfu honum inn eitur. En það skipti hann litlu máli, hann var orðinn gamall þá, blessaður karlinn. Ég hef oft hugsað út í það, að þetta er bara nokkuð algengt í lífinu. Það er langt síðan ég las varnarræðu Sókratesar. Ég las hana aftur í sumar, og þá datt mér fyrst í hug hagfræðingarnir, þar næst ríkisstj. og síðast útgerðarmennirnir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd, sem ég hef hér að gera, enda hef ég þegar talað tvisvar sinnum í málinu. Það var í tilefni af orðum þeim, sem féllu í dag frá hæstv. sjútvmrh., þar sem hann vék að því, sem ég hafði sagt áður í umr. um þetta mál. Hæstv. ráðherra sagði nokkrum sinnum, að honum hefði fundizt, að frá minni hálfu hefði andað heldur köldu í garð togaraútgerðarinnar íslenzku. Ég verð að segja, að mér finnast þessi orð hæstv. ráðherra ómakleg í minn garð. Ég tel ekki, að það hafi verið hægt að skilja orð mín þannig. Að því leyti til sem ég ræddi um íslenzka togaraútgerð, sagði ég, að ég væri algerlega mótfallinn þeim hugmyndum, sem fram hefðu komið um það að leggja niður íslenzka togaraútgerð eða láta togarana eftir í reiðileysi, eins og þeir væru margir hverjir nú. Ég lagði á það áherzlu, að ég teldi, að það ætti einmitt að takast á við vandamálið og reyna að rétta þeim hjálparhönd, en hins vegar lýsti ég því yfir, að ég væri andvígur þeim leiðum til þess að rétta togurunum hjálparhönd, sem hér hefðu komið fram, að ætla að skattleggja bátaútgerðina í landinu til stuðnings við togarana. Ég taldi, að ég væri á móti þeirri leið, — og svo einnig hitt, að ég taldi það líka ranga leið að ætla að hjálpa íslenzkri togaraútgerð nú út úr sínum fjárhagserfiðleikum með því að heimila henni rýmra veiðisvæði innan fiskveiðilandhelginnar en hún hefði nú. Þetta var það, sem ég sagði um þetta atriði, fyrst og fremst.

Það er ekki tími til að fara í þessum umræðum út í nánari hugleiðingar um það, hvað í rauninni ætti að gera til þess að aðstoða íslenzka togaraútgerð, eins og nú er ástatt. En ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, að það er hægt að gera mikið til þess að styðja íslenzka togaraútgerð og gera hana rekstrarhæfa eftir öðrum leiðum en hæstv. sjútvmrh. minntist á í umræðunum. M. a. kemur til greina til stuðnings við íslenzka togaraútgerð ýmislegt af því, sem hv. 1. þm. Vestf. minntist hér á, og margt annað fleira, sem stefnir að því að lækka rekstrarútgjöld togaranna, en ég tel, að það sé vel hægt að koma því við, ef réttilega er á málinu tekið.

Svo var hitt atriðið, að ég hafði varpað því hér fram, að það væri mín skoðun og ýmissa fleiri, að togararnir töpuðu raunverulega ekki eins miklu og margir togaraútgerðarmenn og reyndar ýmsir togaraskipstjórar af eðlilegum ástæðum vildu telja að togararnir töpuðu við það, að þeir voru settir út fyrir 12 mílna mörkin, og ég nefndi þá tölu í þessum efnum, að það hefði komið út úr athugun, sem ég hefði m. a. látið gera, að þeir hefðu, á meðan þeir voru frjálsir að veiða upp að fjögurra mílna mörkunum, veitt á svæðinu milli 12 og 4 mílna markanna varla meira en 15% af heildarveiði togaranna, — ekki af þeirri veiði, sem þeir veiða hér á Íslandsmiðum, heldur af heildarafla þeirra. En hæstv. sjútvmrh., hann taldi, að nefnd sú, sem nú hefur verið að vinna á vegum ríkisstj. að því að athuga um rekstrarhag togaranna, hefði komizt að annarri niðurstöðu eða þeirri, að togararnir mundu tapa í kringum 37% við það að vera fyrir utan 12 mílna mörkin af þeim afla, sem þeir höfðu haft hér á Íslandsmiðum. Ég skal nefna það í þessum efnum, að einmitt þegar sú ákvörðun var tekin, að íslenzku togararnir skyldu vera fyrir utan 12 mílna mörkin, þá var allfjölmenn nefnd látin athuga þessi mál, og togaraútgerðarmenn sendu þá inn skýrslu til ríkisstj. um sína athugun á þessu atriði, og það voru allir á þeirri skoðun aðrir en togaraútgerðarmenn, að þeir vildu gera miklu meira úr þessum skaða, sem þeir yrðu fyrir, með því að þeim væri stjakað út fyrir, en þeir komust þá, fulltrúar togaraútgerðarmanna, að þeirri niðurstöðu, að miðað við útgerðina 1956 og 1957, eða árið áður en landhelgismörkin voru færð út í 12 mílur, hefðu íslenzku togararnir tapað við það að verða að fara út fyrir, — árið 1957 hefðu þeir tapað 20.99%, en árið 1956 23.05%.

Þetta var sú niðurstaða, sem fjölmenn nefnd togaraeigenda og togaraskipstjóra komst að, eins og þeir settu dæmið upp. En eins og ég sagði, sú athugun, sem ég hafði látið fara fram, benti til þess, að togararnir hefðu ekki tekið nema í kringum 15% af heildarafla sínum innan við 12 mílna mörkin. Ég var satt að segja ekki hissa á þessum mismun, sem þarna kom fram, því að það voru flestir á þeirri skoðun, að togaraeigendur og togaraskipstjórar gerðu fremur meira úr þessu en minna. En þegar þeir reiknuðu þetta út, að árið 1957 hefði munað um 21% og árið 1956 um 23%, þá tóku þeir ekkert tillit til þess, hvaða afla skipin mundu hafa fengið utan 12 mílna markanna á þeim tíma, sem þau hefðu þá veitt þar, í stað þess að eyða sínum tíma áður fyrir innan. Þegar þetta allt er metið, þá hygg ég, að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að það er ekki ýkjamikill hluti af heildarafla íslenzku togaranna, sem tekinn hefur verið fyrir innan 12 mílna mörkin, og ég býst því við, að það færi svo, eins og ég sagði, að það kæmi lítil björgun út úr því fyrir togarana, þó að þeim væri hleypt þarna inn fyrir, eða miklu minni en ókunnugir vilja halda í fyrstu, miðað við það rekstrarlag, sem hefur verið á íslenzku togurunum. Hins vegar held ég, að það sé enginn vafi á því, að veiðar þeirra á miðum bátanna mundu valda bátaútgerðinni miklu tjóni.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvmrh. nefndi hér aðallega þrjár leiðir til þess að veita togurunum stuðning: Í fyrsta lagi að veita þeim aukin veiðileyfi innan fiskveiðilandhelginnar. Í öðru lagi að veita þeim fjárhagslega aðstoð, t. d. eftir þeim leiðum, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frv., þ. e. með auknum fjárframlögum frá hlutatryggingasjóði. Og svo í þriðja lagi með beinum fjárgreiðslum úr ríkissjóði.

Ég get ekki varizt að segja það, að mér fannst hæstv. sjútvmrh. tala þannig um þessi mál, að hugur hans hneigðist allmikið, eins og ég veit að hugur margra togaraútgerðarmanna hneigist, að fyrstu leiðinni, að veita íslenzku togurunum aukna veiðiheimild innan fiskveiðilandhelginnar. Í tilefni af þessu vildi ég nú spyrja hæstv. sjútvmrh. varðandi allt það, sem um þetta mál hefur verið sagt hér: Er það ekki rétt, að það hafi verið starfandi og sé enn starfandi nefnd manna á vegum ríkisstj. til þess að athuga sérstaklega um að heimila íslenzkum tog-

urum aukin veiðiréttindi frá því, sem verið hefur, innan fiskveiðilandhelginnar, og hvaða fulltrúar eru starfandi í þessari nefnd?

Er ekki ástæða til þess að fara varlega í sambandi við breytingar á veiðirétti togaranna í þessum efnum, og er ekki ástæða til þess að hafa samráð bæði við Alþingi varðandi þessi mál, því að Alþingi hefur ekki enn sett neina nefnd til þess að athuga um þetta, og einnig að hafa fullnægjandi samband við samtök bátaútgerðarmanna í landinu, þannig að sjónarmið þeirra komi almennt fram, ekki aðeins forustumanna í samtökunum, þeirra manna, sem búsettir eru hér á takmörkuðu svæði á suðvesturhorni landsins og þekkja skiljanlega mjög takmarkað til um veiðiaðstöðu víða annars staðar við landið. Þegar ákveðið var árið 1958 að heimila íslenzkum togurum takmarkaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nýju, var sett nefnd, skipuð 13 mönnum, og nefndin var valin þannig með sérstakri aðstoð frá samtökum Fiskifélags Íslands, að nokkrir fulltrúar voru úr öllum landshlutum í þessari nefnd, þannig að tryggt var, að öll sjónarmið kæmu fram viðvíkjandi jafnvandasömu máli og það er að ætla að hleypa togurunum inn á fiskveiðisvæði bátanna.

Eftir því sem ég bezt veit, hefur ekki verið kallað eftir samstarfi við fulltrúa úr landshlutunum í þessum efnum. En heyrt hef ég um starf þessarar nefndar, sem ég minntist hér á. Ég vona, að hæstv. ráðherra svari mér því, hvort slík nefnd sem þessi er starfandi og hver meining hæstv. ríkisstj. er í þeim efnum, varðandi þennan hugsanlega möguleika að hleypa togurunum inn í fiskveiðilandhelgina, hvort hún hugsar sér að hafa samráð við Alþingi, þegar að því kemur að ákveða slíkt, eða ekki.

Þá minntist hæstv. sjútvmrh. á sérstaka togaranefnd, sem hefur verið starfandi síðan í vor og hefur verið að athuga um rekstrarafkomu togaraútgerðar, og hann sagði, að þessi nefnd hefði fyrir stuttu skilað áliti til ríkisstj. Ég vildi nú spyrjast fyrir um það, hverjir voru fulltrúar í þessari nefnd, sem fjallar um jafnmikilvægt málefni sem þetta. Og hugsar ekki hæstv. ríkisstj. sér að gera Alþingi grein fyrir því, að hvaða niðurstöðum þessi nefnd hefur komizt um rekstrarafkomu togaraflotans, þannig að það megi heita tryggt, að það komi þó fram öll sjónarmið varðandi þetta vandamál, um það, hvernig á að leysa vandamál íslenzku togaraútgerðarinnar nú í dag?

Ég verð að öðru leyti að segja það, að mér finnst, að hæstv. ríkisstj. hafi í þessum efnum valið hina óæskilegu leið að skipa nefnd manna til þess að athuga með rekstrarafkomu togaranna án samráðs við flokkana og án samstarfs við Alþingi, því að hér er um stórt mál að ræða, sem hlýtur fyrr eða síðar að koma fyrir Alþingi. Sömuleiðis tel ég það ekki heppilegt, að um jafnviðkvæmt og vandasamt mál og veiðiréttindi íslenzkra togara innan fiskveiðilandhelginnar séu starfandi nefndir án þess að vinna í beinu samstarfi eða samráði við Alþingi.

Ég vænti, að hæstv. ráðh. svari þessum fyrirspurnum mínum, en að öðru leyti skal ég ekki fara út í umræður um málið, þar sem ég hef líka fullnotað ræðutíma minn áður.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Síðan ég talaði um daginn hafa tveir hæstv. ráðherrar haldið langar ræður um þessi málefni, en ég get ekki komið mikið inn á það í stuttri athugasemd. Ég vil aðeins drepa á, að þegar hæstv. ríkisstj. vill gera grein fyrir gengislækkuninni s. l. sumar, skortir rök fyrir henni eins og áður. Báðir hæstv. ráðherrar, sem hér hafa talað, hafa á hinn bóginn minnzt á það, sem virðist vera uppáhaldsatriði þeirra í þessu sambandi, í stjórnarherbúðunum, að Jakob Frímannsson, formaður Sambandsins, hafi lýst því yfir s. l. sumar, að þessi kauphækkun hlyti að hafa í för með sér gengislækkun. Þeir hafa í því sambandi vitnað í ummæli, sem Jakob Frímannsson hafði á aðalfundi Kaupfélags Eyfirðinga, og orðrétt eru þau ummæli þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hætt er við, að þær kaupdeilur eigi eftir að hrinda af stað nýrri skriðu dýrtíðar og verðbólgu, sem leiðir af sér gengisfellingu og enn minnkandi verðgildi íslenzku krónunnar."

Þegar Jakob Frímannsson sagði þessi orð, var hann að segja frá þeim kröfum, sem verkalýðsfélögin höfðu lagt fram þá um vorið, — kröfum, sem voru margfaldar á við það, sem kauphækkunin nam, þegar samið var. Það er um þetta, sem Jakob Frímannsson er að ræða á aðalfundi Kaupfélagsins, ekki um samninginn, sem gerður var. Það var um þær kröfur, sem lagðar voru fram. En hæstv. ráðherrar eru það vandir að virðingu sinni — eða hitt þó heldur, að þeir nota þetta sí og æ sem rökstuðning fyrir því, að jafnvel formaður Sambandsins hafi lýst því yfir, að kauphækkunarsamningarnir, sem urðu s. l. vor, kjarasamningarnir, hlytu að hafa í för með sér lækkun íslenzku krónunnar. Það er hvergi neitt að finna frá Jakob Frímannssyni í þá átt, hvað þá meira, að kjarasamningarnir, sem gerðir voru s. l. sumar, mundu, hvað þá þyrftu að leiða til gengislækkunar. En það sýnir ofur lítið, hvernig sá málstaður er, sem hér er til meðferðar, og að dómi þeirra, sem fyrir honum standa, þarf á svona röksemdafærslu að halda.

Ég minntist á það um daginn, að hæstv. forsrh. lét þess getið hér alveg ótilkvaddur, að ríkisstj. hefði það til athugunar, hvort ætti að leyfa íslenzku togurunum að veiða meira í landhelginni en nú er, auka réttindi þeirra til þess að veiða í landhelginni.

Frá þessum ummælum ráðherra var að sjálfsögðu sagt í útvarpi, eins og öðrum þingfréttum, og ég fullyrði, að þau vöktu gífurlega athygli víðs vegar um landið og kvíða, eins og ég sagði. Ég fór fram á það við hæstv. ráðherra af þessu tilefni, vegna þess, hve þessi ummæli hefðu vakið mikla athygli og yllu víða kvíða, að hann vildi lýsa yfir því, að ríkisstj. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi ekki verða gert, því að ráðherrann fullyrti ekkert um þetta. Hann sagði, að þetta væri til athugunar. Ég rökstuddi ósk mína þannig, að ef hæstv. ríkisstj. væri komin að þeirri niðurstöðu að hleypa togurunum ekki inn, þá væri bezt að segja frá því strax til þess að forða mönnum frá ástæðulausum ótta um þetta. Þá fór ég enn fremur fram á það við hæstv. ráðherra, að hann lýsti

yfir því, að þetta málefni yrði lagt fyrir Alþingi, þar sem það nú á setu.

Það væri eðlilegt, að um þetta mál væri fjallað hér og ráðherrann hefði fært þetta mál inn í þingið með ummælum sínum um það. Hér væri um svo stórt mál að ræða, að það væri alveg eðlilegt, að um það væri fjallað á Alþingi, þó að ríkisstj. hefði formlega vald til þess að skipa þessum málum með reglugerð.

Þessu vildi hæstv. ráðherra ekki lýsa yfir. Hann svaraði ekki þessari spurningu, og þykir mér það miður. Mér hefði fundizt betra, ef hann hefði viljað lýsa því yfir að um þetta mál yrði fjallað á Alþingi. Vil ég nú biðja hæstv. sjútvmrh., sem hér er staddur, að athuga, hvort hann treystir sér ekki til þess að lýsa yfir því, að um þetta mál verði fjallað á Alþingi, það verði lagt fyrir Alþingi, áður en því verði ráðið til lykta.

Loks beindi ég því til hæstv. forsrh., hvort hann vildi ekki lýsa yfir því, að í þetta mál yrði skipuð nefnd, fjölmenn nefnd, hliðstæð þeirri, sem skipuð var 1958, þegar fjallað var um sams konar mál. En í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar frá togaraútveginum og einnig fulltrúar, sem sérstaklega voru kosnir af bátaútvegsmönnum og sjómönnum. Ég hygg, að þeir hafi verið kosnir af deildunum í Fiskifélagi Íslands, og það átti að tryggja það, að hér kæmu öll sjónarmið til greina. En þessu vildi hæstv. ráðh. ekki heldur lýsa yfir. Ég vil því endurtaka þetta og biðja hæstv. sjútvmrh. að lýsa yfir því, að málið fái a. m. k. þessa meðferð. Málið verði einnig borið undir nefnd, sem skipuð verði fulltrúum frá öllum flokkum, en það var líka gert 1958. Í þessu sambandi vil ég einnig taka undir þá beiðni hv. 4. þm. Austf., að hæstv. ráðherra upplýsi, hvaða nefnd það er, sem hann talaði um í þessu sambandi. Hann talaði eins og hún væri að athuga þetta mál sérstaklega, því hann talaði um nefndina í sambandi við þessar hugleiðingar um aukinn rétt til togaranna og talaði um nefndina með ákveðnum greini, eins og hún væri þegar til. Þá er spurningin: Hvaða nefnd er það, hverjir eru í þeirri nefnd?

Hæstv. forsrh. virtist vera mjög viðkvæmur fyrir þessu máli um daginn, hann svaraði þessum fyrirspurnum frá mér, mjög svo hógværum fsp. mjög ókurteislega, með ljótum og óvirðulegum orðum, sem voru ekki honum samboðin. En ég skal ekki fara lengra út í það. Málinu var hreyft hér af mér af beinu tilefni frá hæstv. forsrh. Vitanlega gat hæstv. forsrh. ekki búizt við því, að þingmenn hlustuðu steinþegjandi á það í stólum sínum, að hann steig fram og lýsti því yfir, að það væri til athugunar í ríkisstj., hvort ætti að hleypa íslenzka togaraflotanum inn á fiskimið bátanna í landhelginni.

Hæstv. forsrh. gat ekki búizt við því, að þingmenn hlustuðu á þetta þegjandi. Þeir hlutu að fara fram á upplýsingar. Það er því ósæmilegt af hans hendi að kasta fram ókurteisum og ljótum orðum í sambandi við þetta. Það voru engar getsakir gerðar neinum í þessu sambandi. Það var ekki fullyrt, að nein niðurstaða væri fengin á einn eða annan hátt. Það eitt var gert að mæla nokkrum almennum varnaðarorðum um þetta mjög svo þýðingarmikla mál og biðja um yfirlýsingar. En upplýsingar fengust engar og yfirlýsingar engar, því miður.

Nú væri það mjög til bóta, ef hæstv. sjútvmrh. vildi taka undir þessi atriði og beita sér fyrir því að efna til viðtækrar samvinnu um málið, og má það þá auðvitað vera algerlega gleymt, sem mönnum kann að hafa orðið á í orðalagi í þessu sambandi. Það er mín persónulega skoðun, að togararnir eigi inni hjá þjóðarbúinu. Aðstaða þeirra hefur verið þannig, að ég tel þá eiga miklu fremur inni hjá þjóðarbúinu en hitt og að það sé mjög nauðsynlegt, að hlaupið sé undir bagga með þeim, eins og nú er ástatt, og þá í þeirri von, að um tímabundna erfiðleika sé að ræða, a. m. k. að mjög verulegu leyti. En ég vil enn mjög eindregið vara við því, að það sé gert með þeim hætti að auka veiðar togaranna í landhelginni, eins og ég fyrir mitt leyti færði nokkur rök fyrir um daginn. Ég vil mjög eindregið vara við því enn á ný.

Ég vil einnig alveg eindregið mótmæla því, að það sé sérstaklega bátaútvegsins að standa undir hjálp til togaraútgerðarinnar. Ég álít, að þjóðin öll verði að sameinast um að láta af sínum sameiginlegu sjóðum eitthvert fjármagn til að hlaupa undir bagga með togaraútgerðinni. Hún er stödd nú á mjög erfiðum tímamótum, og við skulum vona, að það verði hægt að breyta ýmislega til og aðstæður breytist þannig, að togaraútgerð verði hér framvegis. Það eru gífurlega miklir erfiðleikar, eins og nú standa sakir. Fram úr þeim þarf að greiða, og það álít ég, að þjóðin verði að gera með sameiginlegu átaki, og ég vona, að það verði niðurstaðan af athugunum hæstv. ríkisstjórnar á því máli.

Þórarinn Þórarinsson: Háttv. forseti. Ég hafði vænzt þess, að hæstv. ráðherrar væru hér viðstaddir, vegna þess að sum þau atriði, sem ég hafði ætlað mér að minnast á, snerta það, sem þeir hafa sagt, og eins hefði ég viljað beina til þeirra nokkrum fyrirspurnum. En það mun e. t. v. gefast tækifæri til þess að gera það seinna, svo að ég skal ekki vera að tefja málið að þessu sinni með því að æskja þess, að hæstv. ráðh. séu mættir. En hitt verð ég hins vegar að láta í ljós, að mér finnst það óviðkunnanlegt af hæstv. ríkisstj. að efna til kvöldfunda um mál sem þessi, þegar enginn málsvari af hennar hálfu er hins vegar mættur og enginn til þess að gefa upplýsingar um fyrirspurnir, sem kynni að verða beint til stjórnarinnar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir. (**Forseti:** Ég vil láta þess getið út af ummælum hv. þm., að ef hann óskar þess, mun málinu verða frestað nú um stund. Hæstv. ráðh., sem framsögu hafði fyrir þessu máli, er væntanlegur hér á fundinn innan stundar, og ef þess er óskað, er velkomið að verða við því að fresta málinu nokkra stund.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir hans ummæli, og mér finnst, að það sé þinglegri meðferð, að málinu verði frestað, þangað til einhver af ráðherrunum getur verið viðstaddur. [Frh.]

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Þórarinn Þórarinsson [frh.]: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál allmjög hér í d., og ég sé ekki ástæðu til þess að rifja þær umr. upp, sem hér hafa farið fram, eða minnast neitt sérstaklega á þau atriði, sem mest hefur borið á góma. Þó vildi ég aðeins vekja athygli á 6. gr. frv., sem allmikið hefur verið rætt um, en hún fjallar um ráðstöfun á þeim gengisgróða, sem kemur fram á birgðum útflutningsvara vegna gengislækkunarinnar. Því hefur verið haldið hér fram og það allákveðið, að hér væri raunverulega um eignatöku að ræða, sem bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Ég er ekki löglærður maður og skal ekki um það dæma, hvort þetta muni vera rétt eða ekki, en hins vegar finnst mér af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að þetta geti verið mjög umdeilanlegt atriði. Og ég álít, að það sé skylda Alþingis að vanda þannig til lagasetningar sinnar hverju sinni, að ekki sé í lögum, sem sett eru, ákvæði, sem kunna að brjóta gegn stjórnarskrá ríkisins. Þess vegna álít ég, að þetta atriði, sem hér um ræðir í 6. gr. frv., þurfi nánari athugunar við, áður en Alþingi gengur endanlega frá því. Og ég álít, að það ætti alveg sérstaklega að vera verkefni hæstv. forsrh., sem hefur mælt fyrir þessu frv. hér í d., og þess flokks, sem hann stendur að, að vanda alveg sérstaklega til lagasetningar slíkrar sem þessarar, að það fyrirfinnist ekki í þeim nein ákvæði, sem feli í sér raunverulega eignatöku. Hæstv. forsrh. og flokkur hans leggja mikla áherzlu á það að halda uppi friðhelgi eignarréttarins og standa vörð um það, að ekki sé á eignarréttinn gengið, og þess vegna ber þeim að sjálfsögðu alveg sérstök skylda til að sjá um, að svo sé. Ég mundi þess vegna álíta, að það væri eðlilegt, að þegar þetta mál kemur í hv. fjhn., verði þetta atriði tekið alveg sérstaklega til athugunar og t. d. leitað umsagnar lagadeildar háskólans eða hæstaréttar um þetta ákvæði, hvort það brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, sem mæla gegn eignatöku. Ég minnist þess, að á seinasta þingi, þegar landhelgismálið var hér sérstaklega til umr., var einu umdeildu atriði skotið til umsagnar lagadeildar háskólans, sem brást mjög fljótt við og felldi úrskurð um það atriði eða lýsti áliti sínu á því atriði. Ég teldi þess vegna eðlilegt, að sami háttur væri á hafður um þetta atriði, að það væri leitað annaðhvort til lagadeildarinnar eða hæstaréttar af hv. fjhn., þegar hún fær málið til athugunar, og reynt að fá þannig skýrlega úr því skorið, hvort hér sé um eignatöku að ræða eða ekki. Ég vil trúa því, að þetta verði gert, vegna þess að ég veit, að hv. formaður fjhn., — ég hygg, að það sé rétt hjá mér, að það sé hv. 1. þm. Vestf. (Gripið fram í.) 6. landsk. Hv. 1. þm. Vestf. á þá a. m. k. sæti í n., og það kannske kemur þá út á eitt, vegna þess að hv. 1. þm. Vestf. er kunnur fyrir sinn dugnað. Og vegna þess, að hann hlýðir hér á mál mitt sennilega einn af nm. í hv. fjhn., og vegna þess, að ég hef það álit á honum, að hann vilji standa vörð um friðhelgi eignarréttarins, þá beini ég þessari aths. minni alveg sérstaklega til hans, að hv. fjhn. leiti eftir því við þá aðila, annaðhvort annan hvorn eða báða, sem ég hef nefnt, um þetta deiluatriði, svo að þingið þurfi ekki að vera í neinum vafa um, hvað það gerir, þegar það tekur þetta mál til endanlegrar afgreiðslu.

Ég skal svo ekki ræða öllu meira um efni sjálfs frv., vegna þess, eins og ég minntist á áðan, að það má heita þrautrætt hér í hv. d. En mér finnst ástæða til að minnast hér nokkrum orðum á mál, sem allmikið hefur verið rætt hér í hv. d. í sambandi við þetta mál, en ekki snertir það þó beinlínis, en það er afkoma togaranna.

Menn hafa verið að minnast á ýmis atriði, sem væru þess valdandi, hve bág afkoma togaranna væri. En ég held, að á eitt atriði hafi ekki verið minnzt, sem skiptir þó áreiðanlega mjög veigamiklu máli. Hér á ég við það, að tvímælalaust er ein af ástæðunum og e. t. v. meginástæðan til aflabrests þess, sem orðið hefur hjá togurunum, sú, að það er um að ræða of mikla veiði erlendra togara á landgrunninu utan 12 mílna markanna. Þess vegna væri það einhver eðlilegasta lausnin á þessu máli, sem bæri að stefna að, að auka friðun fyrir erlendum veiðiskipum í landgrunninu utan 12 mílna markanna. Ég hygg, að flestum eða öllum muni finnast, að það væru miklu eðlilegri viðbrögð til að bæta úr vanda togaranna að vinna að því að friða landgrunnið fyrir utan 12 mílna mörkin fyrir veiðum erlendra skipa en að beina íslenzku togurunum meira inn í sjálfa íslenzku fiskveiðilandhelgina.

En þá er þess að minnast, að hér komum við til með að reka okkur á óþægilegan vegg vegna þeirra samninga, sem gerðir voru við Breta á þessu ári og samþykktir voru hér á seinasta þingi. Hér sjáum við strax eitt merki þess, hve óheppilegir þessir samningar voru. Með þeim var felldur niður einhliða réttur, sem Íslendingar hafa haft til útfærslu á fiskveiðilandhelginni, og Bretum a. m. k. gefið neitunarvald í þeim efnum, sem þeirra sjútvmrh. lét svo um mælt að jafngilti því, að Íslendingar gætu ekki fært út sína fiskveiðilandhelgi næstu 25 árin. Og það mun líka sýna sig, því miður, að þessir samningar eiga eftir að gera það að verkum, að okkur verður miklu óhægara um vik í þessum efnum en ella mundi hafa orðið, og þetta mál varðandi togarana, sem nú liggur fyrir, sá aflabrestur, sem hjá þeim hefur verið og m. a. leiðir af því, að það er of mikil veiði erlendra togara á landgrunninu fyrir utan 12 mílna mörkin, sýnir okkur ekki sízt, hve óheppilegir og ég vil segja hættulegir þeir samningar voru, sem gerðir voru um landhelgismálið við brezku ríkisstj. í fyrra.

Annað atriði mætti einnig benda á í þessu sambandi og í tilefni af því, að nú er verið að ræða um að veita íslenzku togurunum aukin veiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar. Að sjálfsögðu er það miklu örðugra að veita íslenzkum togurum öll slík aukin réttindi vegna þess, að erlendum togurum var veittur réttur til þess með umræddum samningi að fiska á stórum svæðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands og þar með var þrengt verulega að bátaflotanum. Þess vegna er að sjálfsögðu enn þá síður hægt núna að auka veiðiréttindi íslenzkra togara innan fiskveiðilandhelginnar og þrengja þannig enn meira að bátaflotanum. Það hefði

e. t. v. — ég segi: e. t. v. — getað komið til greina að veita íslenzkum togurum einhver frekari veiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar, ef erlendu togararnir hefðu ekki fengið þá undanþágu, sem þeim var veitt á fyrri hluta þessa árs og þeir njóta nú. Þess vegna álít ég, að þessi samningur, sem gerður var í fyrra við Breta um landhelgismálið, sé ein af aðalástæðunum fyrir því, að það sé alls ekki hægt að veita íslenzkum togurum nein meiri veiðiréttindi innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi en þeir hafa nú.

Varðandi það atriði, sem allmjög hefur verið rætt um hér, hvernig eigi að bæta úr erfiðleikum togaranna, hvort eigi að gera það með því að auka veiðiréttindi þeirra innan fiskveiðilandhelginnar eða veita þeim beinan fjárstyrk úr ríkissjóði, eins og hæstv. sjútvmrh. hefur minnzt á, þá vil ég aðeins segja það, að ég hallast langhelzt að þeirri leið, sem hv. 1. þm. Vestf. gat um og einnig kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., sem sé að reyna að draga úr útgjöldum togaranna og leysa vandamál þeirra á þann hátt. Þær leiðir, sem þar koma til greina, álít ég miklu heppilegri og æskilegri til lausnar þessu máli en fara að auka veiðiréttindi togaranna innan fiskveiðilandhelginnar eða fara að veita þeim beina fjárstyrki úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum. Ég held þess vegna, að það hafi verið orð í tíma töluð, sem hv. 1. þm. Vestf. lét hér falla í ræðu sinni um það, að þetta mál ætti fyrst og fremst að reyna að leysa með því að draga úr rekstrarútgjöldum togaranna, og hann benti einnig á ýmsar leiðir, sem að sjálfsögðu koma til athugunar í því sambandi, þó að ég telji mig hins vegar ekki dómbæran, — ég skal játa það, að ég tel mig ekki dómbæran til þess að kveða á um það, að hve miklu leyti þær eru framkvæmanlegar og þær geti komið að verulegum notum. En að sjálfsögðu er hér um leiðir að ræða, sem ber að athuga, og þá ber ekki síður að athuga það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. minntist á, að fella niður ýmis gjöld, sem á togurunum hvíla, eins og t. d. útflutningsgjöldin, og m. a. gjöld, sem felast í þessu frv.

Ég gæti vel trúað því, að það sé rétt hjá þessum tveimur þingmönnum, að ef þetta allt væri vandlega athugað, sem þeir hafa bent á, mætti leysa vandamál útgerðarinnar, án þess að það þyrfti að veita togurunum aukin veiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar eða þeir þyrftu að fá beina fjárstyrki úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum. A. m. k. virðist alveg sjálfsagt mál, að þessar leiðir verði athugaðar til þrautar, áður en horfið verði að hinum tveimur leiðunum, sem hæstv. sjútvmrh. minntist sérstaklega á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða öllu frekar um það mál sjálft, sem hér liggur fyrir, eða þau atriði, sem felast í þessu frv., eða þau atriði, sem sérstaklega hafa verið rædd í þessum umræðum. En það, sem ég vildi sérstaklega minnast á og var orsök þess, að ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál, er það, sem mér finnst vanta í þetta frv., og það, sem mér finnst þetta frv. hefði fyrst og fremst átt að fjalla um.

Þetta frv. er frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvarðana Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Í þessu frv. ættu samkvæmt þessu að felast ýmiss konar ráðstafanir, sem gerðar væru eða rétt hefði þótt að gera vegna gengislækkunarinnar. Og þá finnst mér það koma fyrst og fremst til athugunar, hverjir það eru, sem hafa orðið mest fyrir barðinu á gengislækkuninni. Ef lagt væri fyrir þingið frv. um ráðstafanir vegna lækkunar á gengi íslenzkrar krónu, ætti að mínum dómi að vera eitt aðalatriðið í slíku frv. að bæta hlut þeirra, sem yrðu einna mest fyrir barðinu á gengislækkuninni, en öll slík ákvæði vantar fullkomlega í þetta frv. Ég held, að það sé ekki hægt að finna ákvæði, sem miðar að því að bæta kjör eða aðstöðu þeirra, sem gengislækkunin leikur einna harðast, en þeir, sem að sjálfsögðu verða einna harðast fyrir barðinu á gengislækkuninni, eru launþegarnir og þó sérstaklega þeir launþegar sem minnst bera úr býtum. Nú er þannig komið, að gengislækkunin og ýmsar ráðstafanir, sem henni hafa fylgt, hafa étið upp að fullu og jafnvel meira en það þá kauphækkun, sem launþegar fengu á s. l. sumri, og var þó mjög í hóf stillt og nauðsynlegt til að bæta þeirra hag vegna þeirrar miklu kjaraskerðingar, sem þeir höfðu orðið fyrir af völdum viðreisnarinnar. En þessar kauphækkanir eða þessa kjarabót, sem launþegarnir fengu á s. l. sumri, er nú búið að éta upp að mestu eða öllu leyti með gengislækkuninni og öðrum ráðstöfunum, sem hafa fylgt henni. Ég vil í því sambandi vitna sérstaklega til upplýsinga, sem hæstv. viðskmrh. gaf hér á Alþingi fyrir nokkru um áhrif gengislækkunarinnar og fleiri hækkunarráðstafana á framfærsluvísitöluna. Hæstv. viðskmrh. upplýsti, að miðað við 1. júlí s. l. mundi framfærsluvísitalan hækka um ein 15 stig, eða m. ö. o., að framfærslukostnaðurinn mundi hækka um 15%.

Þetta er miklu meira en sú kauphækkun, sem margir launþegar hafa fengið, og það einmitt þeir launþegar, sem lakast eru staddir. Ég minni í þessu sambandi alveg sérstaklega á Dagsbrúnarmenn og aðra daglaunamenn í landinu. Þeir fengu ekki nema 10% kauphækkun, ef miðað er við daglaunavinnuna eina saman. Síðan þeir fengu þessa 10% kauphækkun, hefur framleiðslukostnaður í landinu samkvæmt upplýsingum hæstv. viðskmrh. aukizt um 15% eða 15 vísitölustig, og það sést á því, að þessir launþegar eru þess vegna miklu lakar staddir nú en þeir voru, áður en þeir fengu kjarabótina á s. l. sumri, vegna gengislækkunarinnar og þeirra áhrifa, sem hún hefur haft. En hæstv. viðskmrh. greindi frá því í þeim upplýsingum, sem hann gaf þinginu um þetta efni, að vísitalan hefði hækkað um 6 stig vegna sjálfrar gengislækkunarinnar og um önnur 4 stig vegna ýmissa annarra ráðstafana, sem annaðhvort leiddi af gengislækkuninni eða sjálfri viðreisninni. Aðeins 5 vísitölustig leiddi beint af sjálfri kauphækkuninni, þannig að t. d. þeir launþegar, sem hafa fengið um 13.7% kaupbót, eins og opinberir starfsmenn, og þó að þar hefðu komið til frádráttar þær verðhækkanir, sem hlotizt hafa beint af kauphækkununum, sem eru 5% eða 5 vísitölustig, þá mundi raunveruleg kjarabót þessara launþega, þeirra sem hafa fengið t. d. 13.7% kauphækkun, hafa orðið 13.7% mín-

us þessi 5% eða m. ö. o. í kringum 8—9% raunveruleg kjarabót, ef ekki hefðu komið til aðrar hækkanir en þær, sem leiðir beint af sjálfri kauphækkuninni. Nú er hins vegar dæmið orðið þannig, að þessir launþegar, sem hafa fengið 13.7% kauphækkun, eins og t. d. opinberir starfsmenn, hafa nú fengið á sig nýja dýrtíð, sem nemur 15 vísitölustigum, eða 15% hækkun á framfærslukostnaðinum, þar með, að þeirra hlutur er raunverulega verri í dag en hann var fyrir þessa kjarabót, í stað þess að ef gengislækkunin og þær ráðstafanir, sem henni fylgdu, hefðu ekki komið til sögunnar, þá hefði raunveruleg kjarabót hjá þeim átt að verða 8—9%.

Þess er að sjálfsögðu rétt að geta, að á móti þessari 15% almennu hækkun framfærslukostnaðarins, sem orðið hefur síðan 1. júlí í sumar, kemur hjá þeim, sem fá fjölskylduuppbætur, uppbót, sem nemur 1½ vísitölustigi, að því er hæstv. viðskmrh. upplýsti, og auk þess kemur einhver lækkun líka vegna þeirra tollalækkana, sem nýlega voru framkvæmdar. En þó mun vera almennt talið, að áhrifin af tollalækkuninni verði aldrei meiri en hálft vísitölustig til lækkunar og jafnvel minna en það, svo að hér er vissulega um mjög litlar aðgerðir að ræða til lækkunar á dýrtíðinni til að bæta mönnum upp þá miklu hækkun, sem orðið hefur á henni, og hún er sáralítil eða engin hjá öðrum en þeim, sem taka fjölskyldubætur, en vitanlega eru það fjöldamargir launþegar, sem njóta ekki fjölskyldubótanna.

Ég vil þess vegna halda því fram samkvæmt því, sem ég hef nú rakið, að ég álít, að það hefði átt að vera eitt af helztu atriðunum í þessu frv., sem er um ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar, að bæta hlut þeirra manna, sem verða harðast úti vegna gengislækkunarinnar, þar sem eru launþegarnir og sérstaklega þeir launþegar, sem lakast eru settir. En um þetta mál er ekki að finna eitt einasta atriði í þessu frv., og það gefur bezt til kynna, hversu mjög þessi stóra stétt í landinu, launþegarnir, er gleymd af hæstv. ríkisstj. og hversu mjög hún ber aðra meira fyrir brjósti en þá, og þá eru það að sjálfsögðu þeir ríku, sem hún ber fyrst og fremst fyrir brjósti, því að eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. benti á í þeirri ræðu, sem hann flutti hér í dag, þá eru það þeir ríku, sem fyrst og fremst hagnast á gengislækkuninni, en hinir fátæku, sem tapa. Og fyrir þessa fáu ríku er gengislækkunin líka gerð. Hinum er algerlega gleymt, eins og þetta frv. sýnir ljóslega.

Ég kvaddi mér sérstaklega hljóðs til að láta í ljós andúð mína á þeirri málsmeðferð hæstv. ríkisstj., að í frv. sem þessu, sem fjallar um ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar, skuli ekki vera eitt hið einasta atriði um að bæta hag þeirra, sem harðast verða úti vegna gengislækkunarinnar. Það mun kannske verða bent á það í þessu sambandi, að í öðru máli, sem þingið hefur afgreitt, er um að ræða vissa hækkun til þeirra, sem njóta trygginga, og eins hafa fjölskyldubætur nokkuð verið hækkaðar, eins og ég hef þegar sagt frá. En þessar hækkanir á tryggingum og fjölskyldubótum eru hins vegar svo litlar, að þær nægja ekki til að mæta þeirri 15% hækkun dýrtíðarinnar, sem orðið hefur síðan 1. júlí í sumar, og þess vegna er ekki hægt að segja, að þar sé á raunhæfan hátt mætt þeim áhrifum, sem verða af gengislækkuninni, vegna þess að umræddir aðilar verða heldur verr staddir eftir en áður, þó að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar. En það, sem að sjálfsögðu átti að stefna að, var að tryggja það, að menn fengju einhverja raunverulega kjarabót, eins og líka hægt var á grundvelli þeirra samninga, sem gerðir voru á s. l. sumri, ef gengislækkun hefði ekki komið til sögunnar. En eins og ég nú hef rakið, mundu t. d. opinberir starfsmenn hafa getað fengið 8—9% raunverulega kjarabót, ef gengislækkunin hefði ekki komið til sögunnar, en með gengislækkuninni er þessi kjarabót tekin af þeim, án þess að nokkuð sé látið koma í staðinn. Þá má minna á það, og er ekki síst ástæða til að minna á það, hve grálega þeir eru leiknir, sem standa nú í byggingum, og þar er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða unga fólkið, sem er að reyna að eignast eigin íbúðir. Þetta fólk er mjög grálega leikið með gengislækkuninni og þeim ráðstöfunum, sem fylgja henni, án þess að nokkuð sé gert í staðinn til að bæta aðstöðu þess, sem vel hefði þó verið hægt að gera. Ef rétt hefði verið að þessum málum unnið, hefði t. d. í því frv., sem hér liggur fyrir, sem fjallar um ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar, átt að vera ákvæði um að bæta alveg sérstaklega hlut þess unga fólks, sem nú stendur í íbúðabyggingum, sem ég hygg að flestir hv. þm. telji að sé þjóðfélagslega rétt og nauðsynlegt, að hver fjölskylda geti eignazt sína eigin íbúð. Ef rétt hefði verið á haldið, hefði t. d. átt að felast í þessu frv. ákvæði um að lækka vexti á íbúðabyggingalánum. Þá hefðu átt að felast ákvæði um það að hækka lánshámarkið, sem byggingarsjóður ríkisins veitir, í samræmi við þann aukna byggingarkostnað, sem orðið hefur að undanförnu. Þá hefði einnig mátt felast ákvæði í þessu frv. um að lækka eitthvað innflutningstolla á byggingarvörum, vegna þess að þær hækka verulega af sjálfu sér vegna gengislækkunarinnar. Og þá hefði gjarnan mátt t. d. vera ákvæði í þessu frv. um að vinna að því, að innkaup á byggingarvörum yrðu hagkvæmari en þau eru nú. En það er vitanlegt, að það er stór þáttur í byggingarkostnaðinum, hve óhagstæð innkaup á mörgum byggingarvörum eru. Viðskiptastefnan er ekki sú að kaupa byggingarefni eða byggingarvörur fyrst og fremst frá þeim löndum, þar sem þær eru beztar og ódýrastar, heldur einmitt unnið að því að beina innkaupum á þessum vörum að verulegu leyti til annarra landa, þar sem verðlð er óhagstæðara og vörurnar jafnvel lélegri. Ef það hefði falizt í þessu frv. að leiðrétta þetta og vinna að því að gera byggingarvöruinnkaupin hagstæðari en þau hafa verið, þá hefði að sjálfsögðu verið stigið verulegt spor í þá átt að draga úr þeim álögum, sem gengislækkunin leggur á herðar þess unga fólks, sem stendur í byggingum. Og þannig mætti rekja þetta áfram, og í þessa stefnu hefði þetta frv. líka gengið, ef hæstv. ríkisstj. hefði haft einhvern áhuga á því að bæta hag og hlut þeirra, sem verða harðast fyrir barðinu á gengislækkuninni.

En í þessu frv. felst ekki eitt einasta ákvæði um það, og það sýnir betur en nokkuð annað, hver er stefna hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Það er að þrengja að hinum mörgu, draga úr sjálfsbjargarviðleitni hinna mörgu, en skapa hinum ríku betri og bætta aðstöðu frá því, sem verið hefur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 5. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:6 atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í umr. þeim, sem fóru fram hér alveg nýlega, um frv. til laga um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, lét hæstv. sjútvmrh. þess getið, að það starfaði sérstök nefnd að því að athuga, hvort veita ætti íslenzkum togurum aukin réttindi til að veiða innan fiskveiðilandhelginnar. Hæstv. ráðh. var spurður um það í umr., hvernig þessi nefnd væri skipuð, hvaða félög eða aðilar ættu fulltrúa í henni og hverjir í henni væru. En ég varð ekki var við, að hæstv. ráðh. svaraði þessu. Mun það hafa fallið niður, því að það var margt annað, sem rætt var í sambandi við það mál. Mig langaði því til að spyrja hæstv. sjútvmrh. um þetta núna. Vill hann ekki gefa upplýsingar um, hverjir eru í þessari nefnd og frá hvaða félagssamtökum?

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. 1. þm. Austf. hlýtur að muna, var fundartíma lokið, þegar hann bar fram þessa fsp., og ég gat ekki svarað þá þegar, vegna þess að fundartíminn leyfði þá ekki frekari umræður. Um kvöldið var fundinum slitið, áður en ég komst á hann, — umr. urðu þá ekki lengri en það. En mér er ánægja að því að gefa þessar upplýsingar. Formaður þessarar nefndar er fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson, og í henni eru með honum einn fulltrúi frá togaraeigendum, sem ég ætla að sé Vilhjálmur Árnason fyrrv. togaraskipstjóri, og einn fulltrúi frá L. Í. Ú. eða fulltrúi bátaeigenda, sem ég ætla að muni vera Tómas Þorvaldsson frá Grindavík.

Eysteinn Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar. Ég vil í þessu sambandi ítreka þá bendingu, sem líka kom fram áður í umr., hvort hann sæi sér ekki fært að stækka þessa nefnd verulega og þá t. d. þannig, að tilnefndir yrðu í nefndina fulltrúar frá deildum Fiskifélagsins úti um land, eins og gert var 1958, þegar hliðstætt mál var til athugunar, og þá e. t. v. einhverjum fleiri fulltrúum bætt við annars staðar frá. En fyrst og fremst finnst mér eðlilegt, að fulltrúar frá samtökum víðs vegar um landið fái að segja sínar skoðanir á þessu máli eins og 1958. Enn fremur vil ég beina því til hæstv. ráðh. að bæta í þessa nefnd fulltrúum frá þingflokkunum öllum eða skipa sérstaka nefnd með fulltrúum frá þingflokkunum til að vera stjórninni til ráðuneytis um þetta vandamál, eins og gert var, þegar landhelgismálið sjálft var til meðferðar 1958. Þessu vildi ég beina til hæstv. ráðherra.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 456, 487 og 491).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. sumri, eins og kunnugt er, og sigldu í kjölfarið á gengisbreytingu þeirri, sem þá var ákveðin samkv. brbl., sem gefin voru út rétt á undan. Þetta mál var hér til allýtarlegrar umr. við 1. umr. þess fyrir þinghléið. Þá var reyndar ljóst og kom fram í umr., að ríkisstj. mundi e. t. v. óska eftir einhverjum breytingum á brbl. eða frv., og síðan var það, að ríkisstj. lét fjhn. í té brtt., sem hún óskaði eftir að nefndin flytti við frv. Um þessar brtt. varð ekki samkomulag í fjhn., en meiri hl. n. féllst á að flytja þessar brtt. að ósk ríkisstj., og eru þær fluttar á þskj. 456. Á þessu þskj. eru nokkrar athugasemdir við þessar brtt. með það fyrir augum að gera það sem ljósast fyrir hv. þm., hvað í brtt. felst, en ég skal nú með nokkrum orðum gera nánari grein fyrir þessum brtt. og öðrum skyldum efnum í sambandi við þær til viðbótar því, sem fram kemur á þessu nál.

1. brtt. á þskj. 456 er við 6. gr. frv., og felast í þeirri brtt. eiginlega þrjú atriði til breytinga: Í fyrsta lagi, að það skuli enn fremur greiða hluta útflutningsgjalds og hlutatryggingasjóðsgjalds af sjávarvörum framleiddum á því tiltekna tímabili, sem þar er. Í frv. eða brbl. var aðeins kveðið á um, að greiða skyldi hluta útflutningsgjaldsins, en það, sem kemur til viðbótar þarna, er einnig hlutatryggingasjóðsgjald, sem kveðið er á um í 8. gr. Eins og brbl. voru og frv., þegar það var flutt til staðfestingar þeim, var svo ákveðið, að þegar væri búið að inna af hendi þær tilteknu greiðslur, sem kveðið er á um í 6. gr., skyldi fé að öðru leyti af þessum reikningi, sem þar um ræðir, notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna, eins og þar stendur. En í brtt. er gert ráð fyrir, að að öðru leyti skuli fé þetta renna til ríkisábyrgðasjóðs, og er það í samræmi við ráðagerðir um stofnun sérstaks ríkisábyrgðasjóðs samkv. frv., sem nú liggur fyrir þinginu og er til meðferðar í Ed. Og loks er svo þriðja atriðið, að það sé heimilt að nota allt að 13 millj. kr. til þess að greiða það, sem á vantar, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu vátryggingagjalda fiskiskipa árið 1960. En í l. nr. 84 frá 1960, um breyt. á l. nr. 4 frá 1960, um efnahagsmál, var svo ákveðið, að fé það, sem afgangs yrði í útflutningssjóði, þegar hann hefði innt af hendi greiðslur, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, staflíðum b, e og f, skyldi afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gengi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Vátryggingariðgjöld þessi námu 84 millj. kr. eða liðlega það, og af þessari upphæð gat útflutningssjóður greitt rúmlega 71 millj.

kr. Það er mismunur á þessum tveimur upphæðum, þær 13 millj. kr., sem hér er lagt til að megi greiða af þeim sjóði, sem myndast samkv. 1. og 6. gr. frv. Og eins og fram kemur í aths. í nál., var það í sambandi við aðalfund L. Í. Ú. á s. l. hausti, að ríkisstj. hafði lofað að gera ráðstafanir til, að greitt yrði það, sem á vantaði, að eftirstöðvar útflutningsgjaldsins hrykkju til greiðslu vátryggingariðgjaldanna 1960.

Þá vil ég víkja að 2. brtt., sem er við 7. gr. frv. og er um útflutningsgjaldið. Þar er um að ræða þá breytingu frá frv., að í stað þess, að 30% gjaldsins skyldu renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, þá er í brtt. nú svo ákveðið, að 62% af útflutningsgjaldinu skuli á árunum 1961 og 1962 ganga til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, þ. e. a. s. þau 32%, sem í brbl. var ákveðið, að ganga skyldu til greiðslu á þessum iðgjöldum, að viðbættum þeim 30%, sem samkv. frv. eða brbl. var ætlað að renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Síðan er gert ráð fyrir því, að þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár, 1961 og 1962, séu greidd, skuli þessi 32% útflutningsgjaldsins renna til tryggingar fiskiskipa samkv. ákvörðun sjútvmrn. og 30% til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstj.

Í sambandi við fyrra atriðið, að 32% útflutningsgjaldsins skuli eftir árslok 1962 renna til tryggingar fiskiskipa, þá er á það að minna, að þau mál eru til athugunar og endurskoðunar hjá hæstv. ríkisstj., eins og fram kom af hálfu forsrh. við framsögu þessa máls. Í því sambandi er á það að líta, að tryggingar fiskiskipanna hafa á undanförnum árum orðið mjög kostnaðarsamar og dýrar hér á landi, þannig að athugun, sem fram hefur farið á því, hefur leitt í ljós, að iðgjöldin hafa komizt upp í það að vera allt að 200% hærri en hjá öðrum nágrannalöndum, sem ætla mætti að ættu ekki að vera óhliðstæð, svo að það er full ástæða til að ætla, að við endurskoðun þessara mála sé hægt að koma tryggingakerfinu í mun ódýrara horf en verið hefur á undanförnum árum, og kynni þá svo að fara, að þessi 32% útflutningsgjaldsins mundu að verulegu leyti nægja til að rísa undir iðgjöldunum af vátryggingunum, þó að hins vegar sé of snemmt að spá nokkru um það. Það liggja fyrir tillögur, en þó ekki samhljóða, um endurskoðun þessara mála, en verður væntanlega skammt að bíða, að þau mál geti komið til úrlausnar Alþingis.

Þá er gert ráð fyrir því í brtt., að 30% skuli renna til stofnlánasjóða sjávarútvegsins, og er á því sú breyting frá ákvæðunum í brbl. og frv., eins og það liggur fyrir, að þessum 30% var ætlað að renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, þ. e. a. s. stofnlánadeildarinnar í Seðlabankanum. Meginefni þessa máls er það sama í brtt. og í frv. að ætla vissa hluta af útflutningsgjaldi sjávarafurða til þess að byggja upp stofnlánasjóði sjávarútvegsins. Það hefur skort mjög á á undanförnum árum, að það væru til nægjanlega sterkir sjóðir til að standa undir stofnlánaþörf sjávarútvegsins, og m. a. kom þetta mjög greinilega í ljós á s. l. ári, þegar komu til framkvæmda lögin um að breyta stuttum lánum sjávarútvegsins í lengri lán. Höfuðröksemdirnar fyrir því, að það þurfti að gera, voru eðlilega þær, að sjávarútvegurinn hefði á undanförnum árum ekki notið nægjanlega mikilla stofnlána og tekið út úr rekstrinum til fjárfestingarframkvæmda of mikið fé, þannig að á hann hefðu safnazt óhæfilega háar óumsamdar lausaskuldir. Það var þess vegna ljóst, að eitt af því, sem var bráðnauðsynlegt í sambandi við framkvæmd þessara laga um breytingu stuttra lána í löng lán fyrir útveginn, var að sjá honum um leið fyrir auknum stofnlánum, til þess að ekki hnigi aftur að því sama, að útvegurinn safnaði á sig stuttum lausaskuldum af þeim sökum, að eðlileg eða nægjanleg stofnlán væru ekki fyrir hendi. Í brtt. er hins vegar ekki kveðið á um það, í hvaða stofnlánasjóði útvegsins þetta gjald skuli renna, þar eð her er aðallega um að ræða, eins og nú standa sakir, tvo sjóði, Fiskveiðasjóð Íslands annars vegar og svo stofnlánadeildina. En stofnlánadeildin er grein úr Seðlabankanum, og þegar lögin um Seðlabanka Íslands voru sett á s. l. þingi, held ég, að það hafi í raun og veru ekki verið ágreiningur um það, að eðli málsins samkv. ætti stofnlánadeildin fremur heima í viðskiptabanka en í seðlabanka. En einmitt vegna þeirra ráðagerða, sem þá voru um, að stofnlánadeildinni yrði fengið það verkefni m. a. að breyta styttri lánum útvegsins í viðskiptabönkunum í lengri lán, þá varð það þó engu að síður að ráði, að stofnlánadeildin hélt áfram að vera í Seðlabankanum. Hún hefur hins vegar, eins og kunnugt er, verið lokuð að því leyti, að ný lán hafa ekki verið frá henni veitt, og þau lán, sem veitt voru á s. l. ári til þess að breyta styttri lánum í löng, eru öllsömun í sambandi við viðskiptabankana og viðskiptabankarnir bera fulla ábyrgð á greiðslum þeirra lána gagnvart stofnlánadeildinni, svo að það má með vissu segja, að eins og hún er, þá sé hún í raun og veru lokuð deild. En með því að ætla henni nýtt útflutningsgjald, sem miðað við sæmilegan sjávarafla gæti numið allt að 50 millj. kr. á ári, mundi auðvitað á skömmum tíma safnast þarna nýtt fjármagn inn í stofnlánadeildina, sem eðlilega ætti þá að rísa undir þeirri þörf að sjá útveginum fyrir nýjum stofnlánum. Fyrir mitt leyti gerði ég grein fyrir því í fjhn., að ég teldi óeðlilegt, að stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem er í Seðlabankanum, yrði á þennan hátt aftur opnuð, þannig að seðlabankastjórarnir yrðu í vissum skilningi viðskiptabankastjórar á ný, og væri verið með því að taka að vissu leyti skref aftur á bak frá því, sem gert var, þegar Seðlabankinn var stofnaður sem sjálfstæð stofnun. Að sjálfsögðu gæti komið til greina eitthvert sérstakt fyrirkomulag slíkrar lánveitingar, sem væri að einhverju leyti með öðrum hætti en í viðskiptabanka. En þegar á allt er litið, sýndist mér fyrir mitt leyti, að miklu eðlilegra væri, að þessi hluti útflutningsgjaldsins rynni í fiskveiðasjóð og þá til viðbótar þeim 30%, sem fiskveiðasjóður fær af útflutningsgjaldinu. Nú er það kunnugt, að fiskveiðasjóður hefur að undanförnu að langmestu leyti sinnt bátabyggingunum og endurnýjun bátaflotans í landinu. Að hann hefur ekki sinnt

nema að litlu leyti öðrum greinum sjávarútvegsins eða stofnlánum til sjávarútvegsins, stafar fyrst og fremst af fjárskorti fiskveiðasjóðs og einnig ráðagerðum, sem rétt er að minnast á að uppi voru hér, þegar lögin um fiskveiðasjóð voru endurskoðuð síðast, 1954 eða 1955, að hinum stærri verkefnum á þessu sviði mundi verða sinnt af Framkvæmdabankanum, þó að á því hafi hins vegar orðið nokkrar breytingar frá því, sem ráðgert var, og stofnlánaskortur verið mikill í sjávarútveginum. Það er ekki nema til þess að gera lítið, sem fiskveiðasjóðurinn hefur getað lánað fiskvinnslustöðvunum, stærri frystihúsum, og langsamlega mestum hluta af lánunum hefur þess vegna verið varið til bátakaupa erlendis, bátasmíða innanlands og viðgerðar og viðhalds á bátaflotanum. En allt er þetta hins vegar í verkahring fiskveiðasjóðs, og með því að geta hans væri aukin eða tekjur hans auknar og möguleikar auknir til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, yrði náttúrlega eðlilegt, að það mál yrði athugað af hálfu sjóðsins í heild, á hvern hátt lánveitingamöguleikinn mundi skiptast á hinar einstöku greinar sjávarútvegsins. En það eru, eins og ég sagði, einkum og sér í lagi hin stærri verkefni, sem fiskveiðasjóður hefur ekki getað sinnt, og svo ýmsar tilteknar greinar, eins og síldarsöltunarplön og annað, sem sama og ekkert hefur verið veitt af lánum til, þó að sótt hafi verið um lánin og þótt það falli undir verkefni fiskveiðasjóðs.

Mönnum kann að sýnast, og ég veit, að sumum finnst, að hér sé um allhátt gjald á útflutningnum að ræða, og eru því uppi raddir um það hjá sumum, að það sé nokkuð langt gengið. En að svo miklu leyti sem niðurstaðan yrði, að það útflutningsgjald, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sé á lagt, þá var það skoðun mín, að það væri eðlilegra, að það gengi beint til fiskveiðasjóðs, en ekki í stofnlánadeildina á þann hátt, sem upphaflega var ráðgert. En síðan hefur orðið samkomulag um það á milli okkar, sem í fjhn. erum, og ríkisstj. að orða þetta eins og gert er í brtt. og bíða svo nánari athugunar og ákvörðunar ríkisstj., hvaða hátt hún telji eðlilegast á þessu að hafa. Getur þá að sjálfsögðu komið eitthvað fleira til athugunar en ég nú hef rakið.

Útflutningsgjaldið var áður 2¼%, en er með brbl. og frv., sem hér liggur fyrir, hækkað upp í 6%. Skiptingin á útflutningsgjaldinu mundi verða sem ég skal nú greina til frekari upplýsingar fyrir hv. þm., ef miðað væri við útflutning að verðmæti 2830 millj. kr., sem væri kannske ekki fjarri lagi. Þá eru ætluð til fiskveiðasjóðsins 30%, og þá væri það áætlað nærri 51 millj., til fiskimálasjóðs 8.49 millj. kr., til hafrannsóknarskips 2.21 millj. kr., til rannsóknarstofu sjávarútvegsins 1.7 millj. kr., til Landssambands ísl. útvegsmanna 1 millj. 190 þús. kr. og svo til tryggingakerfisins 32%, sem væri með þessu áætlað 54 millj. 330 þús., og 30% til viðbótar fram til ársloka 1962 eða 62% alls, og það væru 50 millj. 940 þús. kr. eða samtals til tryggingakerfisins 105 millj. kr. En eftir 1962 færu, ef þessar brtt. yrðu samþ., 50 millj. kr. til stofnlánasjóða sjávarútvegsins með einum eða öðrum hætti og 55 millj. kr. tæpar til tryggingakerfisins, og þó eru þessar tölur allar að sjálfsögðu hreyfanlegar eftir því, hvert útflutningsverðmætið mundi verða. Það er til þessara tveggja síðustu liða tryggingakerfisins fyrst í stað og síðan tryggingakerfis og stofnlánasjóða, sem tekjuaukningin samkv. þessu frv. af útflutningsgjaldinu fer. Og þar við bætist það, sem ætlað er til hlutatryggingasjóðs og mun vera rúmar 20 millj. kr. í hækkun, þannig að ný álög þarna eru um 127.5 millj. kr. eða hækkun útflutningsgjaldsins, sem skiptist á þessa þrjá liði.

Eins og fram kemur í aths. við 9. gr. frv. um aflatryggingasjóð, sem fyrir liggur, er áætlað, að miðað við 2800 millj. kr. útflutningsverðmæti muni 35 millj. kr. renna til aflatryggingasjóðsins, sem svo á að heita. Áður var gjaldið ekki tekið af togaraafurðum, en var af síldarafurðum ¾% og af öðrum afurðum bátaflotans ½%, og miðað við heildarútflutningsverðmæti um 2800 millj. hefðu tekjur samkv. því, sem áður gilti, orðið eitthvað innan við 14 millj. kr., svo að hækkunin er þarna um 21 millj. Það er rétt að vekja athygli í þessu sambandi á því, að framlag ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs árin 1961 og 1962 á eftir 3. brtt. ekki að vera hærra en ákveðið er í fjárlögum þessara ára, og það eru 8½ millj. í fjárlögum 1962, en hins vegar eftir ákvæðum í frv. um aflatryggingasjóðinn á ríkisframlagið að vera helmingur af tekjum sjóðsins, og miðað við þetta útflutningsverðmæti, sem ég nefndi áðan, og tekjur upp á 35 millj. kr. mundi framlag ríkissjóðs á móti því eiga að vera 17½ millj. kr.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk við þennan lið, víkja nokkuð að fiskveiðasjóðnum og í því sambandi vekja athygli á því, að ef tekjur fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu yrðu ekkert hækkaðar, þá blasir það við, að fiskveiðasjóður muni verða í verulega mikilli fjárþröng til þess að sinna þeim verkefnum, sem hann einkum hefur sinnt fram að þessu og ég gerði grein fyrir áður. Forstjóri sjóðsins hefur gert þá áætlun til sjóðsstjórnarinnar og ráðh. um þetta atriði, að greiddar afborganir á þessu ári, ef miðað væri við, að þær væru 22% hærri en á s. l. ári, yrðu 33.4 millj. kr., innheimtir vextir 1961 voru 15.4 og hækki einnig um 22% upp í 18.8 millj. kr., og útflutningsgjaldið, sem sjóðnum muni falla til að óbreyttu á árinu, telur hann eðlilegast, miðað við fengna reynslu, að yrði um 41.4 millj. kr. Svo er fast framlag, eins og hv. þm. vita, frá ríkissjóði, 2 millj. kr. Þá mundu sjóðnum falla til þarna 95 millj. 600 þús., og yrðu þá ekki til nýrra útlána nema 23.5 millj. kr. En miðað við þarfirnar, sem fram undan eru, er ekki að ófyrirsynju, að þörfin væri um 60 millj. kr., og samkv. þessum útreikningi mundi fiskveiðasjóð skorta um 36.5 millj. kr. á þessu ári til þess að sinna þeim verkefnum, sem hann hefur sinnt fram að þessu, að óbreyttum tekjum. Við þetta bætist svo, að það er lögð mjög mikil áherzla á af skipasmíðastöðvunum innanlands, að það sé hægt að halda hér áfram og auka skipasmíðarnar innanlands, en það mundi að óbreyttum aðstæðum leggja miklu þyngri byrðar á fiskveiðasjóð en nú er,

ef þær ykjust hlutfallslega, um leið og erlenda skipasmíðin minnkaði. Þetta byggist á því, að skipakaupin erlendis frá hafa yfirleitt ekki verið leyfð að undanförnu, nema a. m. k. hafi verið tryggð 7 ára lán til skipakaupanna erlendis, og þannig, að lánið til þessara skipa yrði eins og önnur lán fiskveiðasjóðs til 15 ára, en þá tekur þessi 7 ára lánveiting erlendis frá verulega mikið álag af fiskveiðasjóði. Auk þess eru lánaðir aðeins ⅔ út á erlendu skipasmíðina, en ¾ af innlendu skipasmíðinni. Að svo miklu leyti sem hún ætti að aukast að óbreyttum kringumstæðum, mundi það leggja fiskveiðasjóði mjög miklar nýjar og þungar byrðar á herðar, en auðvitað held ég, að menn greini ekki á um það, að mjög æskilegt væri og það æskilegasta, að skipasmíðin hjá okkur gæti sem allra fyrst komizt á innlendar hendur.

Það hefur verið gerður nokkur samanburður á þessu álagi, sem þarna mundi lenda á fiskveiðasjóði sem stofnlánasjóði til bátabygginga, hvort um er að ræða byggingar erlendis eða hérlendis. Hefur þar verið borið saman 120 rúmlesta eikarskip smíðað innanlands, og það er talið, að það muni kosta, eftir að öll aðflutningsgjöld eru endurgreidd, um 7.6 millj. kr., og fyrsta veðréttar lán yrði þá ¾ af þessari upphæð eða 5.7 millj. kr., og ef þetta er borið saman við stálskip smíðað erlendis, stærra skip að vísu, en kannske ekki miklu burðarmeira, 180 rúmlestir, þá er talið, að það muni kosta nálægt 8.5 millj. ísl. kr. og af því er svo lán ⅔ eða 5.7 millj. kr., það sama og í fyrra tilfellinu, og útborgast á 7 árum. Ef tekin væru 10 svona skip, leggur það á herðar fiskveiðasjóðs í fyrra tilfellinu í útlánum á innlendu smíðina fyrsta árið 5.7 millj. á skip og það tíu sinnum eða 57 millj. kr., en ekkert fyrsta árið, ef smíðin er erlend. Annað árið er útborgun á innlendu smíðinni 53.2, og þá er fjárfestingin orðin 110 millj. kr. á tveimur árum í innlendri smíð, en við erlendu smíðina með 7 ára láninu þar er útborgun á öðru ári 4.3 millj. kr. og fjárfestingin 4.3. Síðan heldur þetta áfram að nálgast, þannig að á sjöunda árinu, þegar erlendu lánin eiga að vera greidd upp, er orðin sama upphæð í útborgunum á innlendu smíðinni og útborgunum vegna erlendu smíðinnar, eða 30.4 millj. kr. á ári. En þá er fjárfestingin orðin í árslok á sjöunda ári 319 millj. kr. í innlendu smíðinni á móti 91 millj. kr. í erlendu smíðinni og í lok áttunda ársins 349.6 millj. kr. á móti fjárfestingu upp á 121 millj. kr. í erlendu smíðinni. Þessu hef ég viljað vekja athygli á, því að ef ætti að gera verulega gangskör að því að auka innlendu smíðina, þá þarf að sjá fyrir gífurlega miklu meira fjármagni til útlána en gert hefur verið fram til þessa. Það má sjálfsagt um það deila, hvernig þess fjár ætti að afla, en ef litið er yfir þróunarsögu fiskveiðasjóðsins, sem stofnaður var 1905, hafa tekjur sjóðsins frá þessum tíma verið eins og nú skal greina, að allan tímann hefur framlag ríkissjóðs verið bein ríkissjóðsframlög, sem stundum voru í upphafi og síðan felld niður og hafa svo verið tekin inn aftur og eru nú 2 millj. kr. á fjárlögum, en heildarframlögin úr ríkissjóði hafa verið 33 millj. 250 þús. kr., en tekjurnar af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum 215 054 552.05 kr. Vaxtatekjur sjóðsins eru á sama tíma 52 312 727.56 kr. og aðrar tekjur ýmsar 2 113 494.33. Af þessum heildartekjum á þessu tímabili, sem sagt frá stofnun sjóðsins, sem nema 302.7 millj. kr., er langsamlega mestur hlutinn útflutningsgjald af sjávarafurðum eða 215 millj. kr., þannig að þessi sjóður er að langmestu leyti byggður upp með framlögum frá útveginum sjálfum og í vaxandi mæli síðari árin, vegna þess að tekjur sjóðsins hafa hlutfallslega aukizt svo mikið af útflutningsgjaldinu á s. l. árum, eftir bæði efnahagsráðstafanirnar 1960 eða gengisbreytinguna, sem þá varð, og svo gengisbreytinguna frá í sumar, en við þetta hefur útflutningsverðmætið aukizt mjög mikið að krónutali a. m. k.

Ég skal nú víkja að 3. brtt., sem er við 8. gr. og snertir hlutatryggingasjóðsgjaldið, en í brbl. var kveðið svo á í 6. gr., að útflytjendur skyldu fá greidda af gengishagnaðarreikningi ⅔ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960, þegar gengisbreytingin átti sér stað þá, og til 31. júlí 1961. Þetta ákvæði kemur til af því, að útflytjendur fá afurðir framleiddar á áðurnefndu tímabili greiddar á eldra gengi, en ekki á því gengi, sem tók gildi 4. ágúst. Þar af leiðandi þótti ekki réttmætt, að þeir greiddu hækkun útflutningsgjaldanna af þessum afurðum, en sú hækkun nemur um ⅔ hlutum útflutningsgjaldsins, eins og það er ákveðið í lögunum. En sama máli og um útflutningsgjaldið getur gegnt um hækkun hlutatryggingasjóðsgjalds af vörum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, og er eðlilegt, að þessi hækkun greiðist einnig af gengishagnaðarreikningnum, en um það voru ekki ákvæði í brbl., en kemur inn með 3. brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur. Hækkunin, sem endurgreiða á, nemur 47% fyrir síldarafurðir og 65% fyrir aðrar gjaldskyldar afurðir. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að þar sem hér sé um endurgreiðslu að ræða á fé, sem útflytjendur þegar hafa greitt, sé nauðsynlegt, að þeir sæki um greiðsluna, eins og gert er ráð fyrir í brtt.

4. brtt. á ekki að þurfa neinna sérstakra skýringa við. Hún stefnir að því að ljúka uppgjöri útflutningssjóðsins og miðar þar við tiltekin tímamörk, 1. júlí 1962.

Fjhn. fékk ýmsar upplýsingar hjá ríkisstj. í sambandi við þetta mál, bæði í sambandi við uppgjör á gengistapinu eða gengisuppgjörið bæði 1960 og 1961 og einnig áætlun um, hver gengishagnaðurinn vegna gengisbreytingarinnar 1961 af útfluttum afurðum mundi verða. Seðlabankinn hefur áætlað, að ógreiddur útflutningur 1. ágúst 1961, þar er umboðssala Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum undanskilin að vísu, sé 194 millj. kr. að verðmæti og birgðir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum og innistæða hjá Coldwater 1. ágúst 220 millj., eða samtals 414 millj. kr., og gengishagnaður 13% af þessu eða 57 millj. kr. Síðan er gengishagnaður af birgðum sjávarafurða í landinu, sem eru yfir 900 millj. kr., áætlaður 92 millj. kr. og gengishagnaður af birgðum landbúnaðarvara áætlaður 1.4 millj. kr., eða gengishagnaðurinn alls á þessum út-

flutningsbirgðum 150 millj. kr. eða sem næst því. Það er náttúrlega með fyrirvara um, að verð birgða í landinu 1. ágúst sé ekki oftalið, þó að verð birgða Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum breytist ekki verulega.

Í sambandi við gengisuppgjörið er í raun og veru aðeins eitt atriði, sem mér finnst ástæða til að komi hér fram, en það hefur verið talað um það bæði í umr. í þinginu og einnig í ályktunum, komið fram í blöðum og á opinberum vettvangi, að viðskiptabönkunum sérstaklega, eins og þar hefur verið að orði komizt, hafi verið bætt upp gengistap við gengisbreytingu 1960 og 1961. Þetta er á misskilningi byggt, því að þeir viðskiptabankar, sem hér fara með gjaldeyrismálin, Landsbankinn og Útvegsbankinn, urðu báðir af verulegum gengishagnaði við þessar gengisbreytingar, en þeim var gert að greiða gengishagnað, sem þeir kynnu að hljóta, inn á gengisreikningasjóð í Seðlabankanum. Þetta nam samtals 38½ millj. kr. 1960 og 6.4 millj. kr. við gengisbreytinguna á s. l. sumri.

Ég hef með þessum orðum reynt að gera nánari grein fyrir brtt. þeim, sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 456 að beiðni ríkisstj., og vona ég að það sé fullljóst með þessu. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar á þessu stigi.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar brbl., er út voru gefin 3. ágúst árið sem leið. Þetta er í samhengi við næsta mál á undan á dagskrá þessa fundar, frv. um breytingu á seðlabankalögunum. Þetta er einn þáttur í gengismálinu. Brbl. um breytingu á seðlabankalögunum, þ. e. a. s. tilfærslu á gengisskráningarvaldinu, voru gefin út 1. ágúst. Ég hef nýlega í nál. um það mál og ræðu um það við 2. umr. þess lýst því, að ég teldi, að það hefði verið heimildarlaust með öllu að gefa út þau brbl. Ég hef einnig sýnt fram á, að gengislækkunin, sem fylgdi í kjölfar þeirra laga, hafi ekki átt rétt á sér. Ég hef því lagt til, að frv. um breyt. á seðlabankalögunum verði fellt, og legg þá að sjálfsögðu einnig til, að þetta fylgifrv. þess verði fellt.

Ég hef skilað nál. um þetta frv. á þskj. 487, sem nú var verið að útbýta. Verði fallizt á mínar tillögur um að fella þessi frumvörp, sé ég ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það hefur þá sinn dóm með sér eins og aðrir dauðir, en eins og segir síðast í nál. mínu, mun ég hins vegar, ef ekki verður fallizt á þessar tillögur mínar og frv. verður látið ganga áfram, flytja brtt. við þetta frv. Þær mundu þá koma fram annaðhvort síðar við þessa umr. eða við 3. umr. málsins.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um málið nú að þessu sinni, en geyma rétt minn til að ræða um mitt nál. og málið yfirleitt, um leið og ég lýsi þeim brtt., sem ég flyt, ef til þess kemur, að þær verði bornar fram.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Nál. frá minni hálfu í þessu máli hefur ekki enn þá verið útbýtt, en mun vera á leiðinni, og vænti ég, að þó að það sé ekki komið hér fram, sé mér heimilt að víkja að því, sem þar kemur fram.

Ég tel, að frv. þetta, sem hér liggur nú fyrir til umr., beri í rauninni glögglega með sér, að það hefur ekki verið þörf á þeirri gengislækkun, sem hæstv. ríkisstj. lét ákveða á s. l. sumri. Í þessu frv. er raunverulega um að ræða fjögur meginatriði til breytinga frá gildandi lögum eða reglum. Í fyrsta lagi er það efnisatriði í þessu frv. að ákveða að taka þann gengishagnað, sem til fellur við hina nýju skráningu á genginu, og leggja gengishagnaðinn í ríkissjóð. Og í öðru lagi er það atriði að ákveða að hækka útflutningsgjöld á sjávarafurðum úr 2.9%, sem þau voru samtals, upp í 7.4%, eða sem nemur um það bil á ári 135 millj. kr. Og í þriðja lagi er svo ákveðið, að hækkun útflutningsgjaldanna skuli renna í stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann, í væntanlegan vátryggingasjóð fyrir nýtt vátryggingakerfi og í hlutatryggingasjóð. Og svo er í fjórða lagi í þessu frv. lagt til að gerbreyta grundvelli hlutatryggingasjóðs og starfsemi. Þetta tel ég vera aðalbreytingarnar, sem brbl., sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á, fólu í sér.

Fyrsta atriðið, um það að taka gengishagnaðinn og leggja hann í ríkissjóð, þýðir í raun og veru, að ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt að taka gengishagnað, sem nemur í kringum 150 millj. kr. og að réttu lagi átti að falla til þeirra, sem áttu útflutningsbirgðirnar, sem þá voru í landinu, þegar gengislækkunin var gerð, — að ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt að taka þessa fjárhæð, 150 millj. kr., frá útflutningsaðilum og leggja þessa upphæð í ríkissjóð. Það er augljóst mál, að með þessu atriði er ríkisstj. að viðurkenna það, að hún telur, að gengislækkunin hafi verið gerð með þeim hætti, að hætta hafi verið á, að sjávarútvegurinn, sem átti fyrst og fremst þessar útflutningsvörur, fengi þarna 150 millj. kr. meiri fjárhæð en hann þurfti á að halda. Því voru sett sérstök brbl. um að taka þessa fúlgu af sjávarútveginum og leggja hana í ríkissjóð. Slík ráðstöfun hefur aldrei verið gerð áður, þegar gengisbreyting hefur farið fram, svo að mér sé kunnugt, því að sá hagnaður, sem til hefur fallið af óútfluttum birgðum, sem legið hafa í landinu, þegar gengislækkun er gerð, hefur ævinlega verið látinn renna til sjávarútvegsins með einum eða öðrum hætti aftur, þ. e. a. s. beint í reksturinn, en ekki tekið á neinn hátt og lagt til hliðar. En nú sem sagt þótti ríkisstj. nauðsynlegt að sjá til þess, að þessi fjárfúlga færi ekki til sjávarútvegsins, hún yrði tekin og gerð að eign ríkissjóðs. Þetta sýnir alveg ljóslega að mínum dómi, að ríkisstj. með þessu viðurkennir það, að gengislækkunin var óþarflega mikil. Hún þurfti ekki að vera svona mikil, eins og hún var framkvæmd. Það er svo auðvitað málefni út af fyrir sig, hversu sanngjarnt þetta er. Á því er auðvitað enginn vafi, að útgerðin í landinu t. d. hefur auðvitað orðið fyrir allþungum áföllum vegna framkvæmdar gengislækkunarinnar á ýmsum sviðum. Þannig var það t. d., að meginið af þeim bátum, sem hafði verið keypt til landsins á síðustu árum, var keypt með þeim kjörum,

að verulegur hluti af stofnverði bátanna varð að vera eftir í erlendum gjaldeyri, eigendurnir hér heima fengu ekki gjaldeyri til að greiða andvirði bátanna. Þegar gengið var skráð að nýju s. l. sumar, urðu auðvitað eigendur þessara báta fyrir verulegu gengistapi í þessum efnum. Þetta fá þeir ekki samkv. reglum laganna bætt, heldur urðu að taka á sig töpin í þessum efnum. En hins vegar þar sem gengishagnaður kom fram af eigum þessara sömu manna, þá kemur ríkisstj. og tekur gengishagnaðinn og leggur hann í sinn sjóð.

Sama er að segja um hið annað atriði, sem ég minntist á að felst í þessum brbl. og því frv., sem hér liggur fyrir, en það er að hækka útflutningsgjöldin svo mikið sem raun var á. Þar er um viðbótarskattlagningu að ræða á sjávarútveginn, sem nemur 135 millj. kr. á ári, með því að hækka útflutningsgjöldin úr 2.9% upp í 7.4%. Það skiptir hér litlu máli, þó að sagt sé, að ætlunin hafi verið að leggja þennan nýja skatt í lánasjóði, sem sjávarútvegurinn mundi geta fengið lán úr í framtíðinni. Eigi að síður hvíla þessi hækkuðu gjöld á rekstrinum á viðkomandi ári sem bein útgjöld, hvað sem líður sjóðastofnun fyrir framtíðina. Og þessi skattur er auðvitað ekki lagður á sjávarútveginn í þessu tilfelli nema vegna þess, að ríkisstj. hefur litið svo á, að sjávarútvegurinn þyldi að greiða þessi gjöld af sínum árlegu tekjum.

Ég tel því, að í þessum tveimur meginliðum í frv. komi fram viðurkenning hæstv. ríkisstj. um það, að gengislækkunin var framkvæmd með þeim hætti, að það var hægt að taka af sjávarútveginum 150 millj. kr. af gengishagnaði, sem sjávarútvegurinn raunverulega átti, og stinga þeirri upphæð í ríkissjóð, og hægt var að hækka sérstök útgjöld á sjávarútveginum um 135 millj. í hækkuðum útflutningsgjöldum. Þetta sýnir auðvitað, að þessi brbl., sem fylgdu með gengislækkuninni, eða gengislækkunin var ekki ákveðin sem sérstakt stuðningsatriði við sjávarútveginn í landinu. Það voru aðrar ástæður, sem réðu meira um það, að ráðizt var í gengislækkun.

Það atriði svo, að ákveðið er í þessu frv. að taka þessi nýju gjöld af sjávarútveginum og leggja í tiltekna sjóði, um það má svo ýmislegt segja auk þessa meginatriðis, sem ég hef þegar minnzt á. Þessar tillögur miða að því að leggja á ári hverju í stofnlánadeild sjávarútvegsins á milli 50 og 60 millj. kr. á ári. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér, hv. 5. þm. Reykv., að raunverulega er það svo, að stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur verið og er lokuð lánastofnun. Hún hefur raunverulega ekki veitt nein bein lán á undanförnum árum til sjávarútvegsins. Það virðist því hafa verið meining hæstv. ríkisstj. með þessu ákvæði að safna í þennan lokaða sjóð 50—60 millj. kr. á ári með aukaskattlagningu á útgerðina og þá einna helzt að binda þetta fé á svipaðan hátt og hluti af sparifénu er bundinn nú árlega. A. m. k. fylgdu engin ákvæði um, að það ætti að opna þessa deild að nýju og veita úr henni lán til stuðnings við sjávarútveg landsmanna, Enda er líka alveg rétt, að hefði þessi upphæð raunverulega verið ætluð til þess að lána hana fljótlega út aftur til uppbyggingar í sjávarútveginum, þá átti þessi upphæð frá upphafi að vera ætluð Fiskveiðasjóði Íslands, sem hefur það hlutverk að lána út slík lán og er stofnun, sem er í fullum gangi.

Þá er með þessu frv. einnig ákveðið að leggja svipaða upphæð á ári hverju, 50—60 millj., í sérstakan sjóð, sem á að standa undir væntanlegu vátryggingakerfi fiskiskipaflotans. En nú hefur enn ekkert verið ákveðið um þetta vátryggingakerfi, enda hefur líka komið í ljós, þegar hæstv. ríkisstj. fór að ræða þessi mál við sjávarútvegsmenn, að þá varð hún að hopa frá þessu og taka upp allt önnur vinnubrögð og breyta fyrirætlunum sínum í þessum efnum.

Í þriðja lagi leggur svo ríkisstj. til í þessum ákvæðum að hækka verulega gjöld sjávarútvegsins til hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins eða um það bil um helming frá því, sem áður var, og taka á þann hátt upp raunverulega skattlagningu á bátaflotann í landinu, til þess að hægt sé að veita togaraútgerð landsmanna sérstakan fjárhagsstuðning. Ég tel, að þetta ákvæði hafi frá upphafi verið mjög vanhugsað, það hafi verið óeðlilegt að hækka gjöldin á sjávarútvegi til hlutatryggingasjóðs í þessu skyni. Ég viðurkenni þörfina á því að veita togaraútgerð landsmanna ákveðinn fjárhagsstuðning, en ég tel, að það hafi verið algerlega röng leið að auka álögur á bátaútveginum til að afla þannig fjármuna til að styrkja togaraútveginn. Nú hefur komið í ljós, að hæstv. ríkisstj. hefur neyðzt til þess að breyta þessum fyrirætlunum sínum um ráðstöfun á þessu fé í verulegum atriðum. Hún hefur í fyrsta lagi fallizt á að taka af gengishagnaðinum, þessum 150 millj. kr., sem hún hafði hugsað sér að taka af sjávarútveginum og leggja í ríkissjóð, — hún hefur fallizt á að taka af þessari upphæð 13 millj. kr. og afhenda sjávarútveginum þessa upphæð í því formi að greiða upp að fullu eftirstöðvar af vátryggingaiðgjöldum fiskiskipaflotans fyrir árið 1960. Búið var að greiða um 71 millj. kr. af vátryggingaiðgjöldum fiskiskipaflotans fyrir árið 1960 úr útflutningssjóði, og þá vantar í kringum 13 millj. kr., til þess að iðgjöld bæði báta og togara fyrir það ár væru greidd að fullu. Og nú hefur hæstv. ríkisstj. fallizt á að breyta fyrri fyrirætlunum sínum í þessum efnum og taka 13 millj. kr. af gengishagnaðinum og verja þeirri upphæð til að greiða að fullu vátryggingaiðgjöldin fyrir 1960. Og í öðru lagi hefur svo ríkisstj. fallizt á að leggja ekki hinn hækkaða skatt, sem lagður var á útgerðina í formi hækkaðra útflutningsgjalda, í hinn nýja vátryggingasjóð, sem átti að standa undir nýju vátryggingakerfi, og ekki heldur fyrst um sinn í stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann, en þess í stað að taka hin hækkuðu útflutningsgjöld og greiða með þeim vátryggingaiðgjöld fiskiskipa fyrir árið 1961 og árið 1962. Í þessu er auðvitað gífurlega mikil breyting frá því, sem ríkisstj. hafði hugsað sér í upphafi.

Það mun láta nærri, að vátryggingaiðgjöld fiskiskipaflotans fyrir árið 1961 muni verða eitthvað yfir 100 millj. kr. Það hefur verið talið, að þau mundu verða í kringum 110 millj. kr. En búast má þó við, að sú upphæð geti lækkað

eitthvað, vegna þess að alltaf liggur nokkuð af skipunum, og þá er um endurgreiðslu að ræða. Og fyrir árið 1962 má búast við enn þá hærri upphæð, sem greiða þarf í vátryggingaiðgjöld fyrir allan fiskiskipaflotann. Það er hægt að segja það að vísu, að með þessu lagi fær rekstur báta og togara að njóta þessara gjalda á árunum 1961 og 1962. En eigi að síður verð ég að segja það, að ég tel, að þetta greiðsluform sé mjög óeðlilegt. Ástæðan er m. a. sú, að það fyrirkomulag, sem nú er í gildi með vátryggingaiðgjöld, er þannig, að það er í rauninni ekki fært að halda því áfram öllu lengur með óbreyttu fyrirkomulagi. Og það er mjög óeðlilegt að leggja á alla útgerð landsmanna jafnt útflutningsgjald og safna á þann hátt fjármunum til þess að borga úr einni og sameiginlegri fúlgu vátryggingaiðgjöld jafnt togara og báta. Á þennan hátt er verið að færa verulega fjármuni á milli hinna einstöku rekstrargreina, og það er óeðlilegt. Ég hygg t. d., að þegar vátryggingaiðgjöldin árið 1960 voru samtals um 84 millj. kr. fyrir fiskiskipaflotann sem heild, hafi iðgjöld togaraflotans það ár verið rétt í kringum 40 millj. eða hartnær helmingur iðgjaldanna. Hins vegar er augljóst mál, að bátafloti landsmanna lagði til í formi útflutningsgjaldanna mikinn meiri hluta af þeim peningum, sem fór til greiðslu gjaldanna. Þannig er þetta þá hugsað einnig á árinu 1961 og 1962, og ég tel það mjög óheppilegt. Þá er einnig þess að gæta, að tryggingakjörin eru mjög mismunandi á milli t. d. togara og báta og reyndar á milli bátanna innbyrðis, þannig að sumir bátar búa við miklu hagstæðari tryggingasamninga, þ. e. a. s. þeirra trygging nær miklu víðara en tryggingin hjá öðrum bátum. En samt er öll útgerðin látin borga eina og sömu útflutningsprósentu í þennan sameiginlega sjóð, og þannig má segja, að það sé verið að mismuna einni grein útgerðarinnar á kostnað annarrar.

Hæstv. sjútvmrh. hefur getið þess í umr. á Alþingi áður, að hann teldi, að hægt væri með því að breyta um vátryggingafyrirkomulag, að færa niður vátryggingakostnaðinn í landinu til mikilla muna. En með því að ganga frá þessum málum á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv., er lokað fyrir þann möguleika að breyta til a. m. k. út allt þetta ár, og ég tel, að það hafi verið léleg ráðstöfun að ganga þannig frá málunum.

Með því að taka vátryggingaiðgjöld fiskiskipaflotans á þann hátt, af brúttó-aflamagni, eins og lagt er til í þeim brtt., er hér liggja fyrir, er líka verið að raska þeim grundvelli, sem um hafði verið samið á milli skipshafna og útgerðar um skiptingu á aflaverðmæti. Þessi hækkuðu útflutningsgjöld leiða auðvitað til þess, að það verður að skrá fiskverðið í landinu lægra en annars hefði verið hægt. Sjómenn fá sinn aflahlut reiknaðan út úr lægra fiskverði en þeir áttu samkv. réttum reglum, og það er hætt við því, að slíkt fyrirkomulag sem þetta leiði fyrr eða síðar einmitt til átaka um það að breyta á nýjan leik skiptareglunum á milli skipshafnar og útgerðar.

Auðvitað sjá allir, að það er ekki hægt að búa við það til lengdar að halda uppi slíkum útflutningsgjöldum og búið er að ákveða með brbl. frá því í sumar. Að ætla sér að taka gjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, sem nemur 7.4%, það er vitanlega alveg óframkvæmanlegt, nema þá að skila gjaldinu beinlínis aftur til þeirra sömu aðila, sem greiddu gjaldið, og það strax á sama ári eða svo að segja. En þá er vitanlega innheimta hins háa gjalds þýðingarlaus nema þá til þess að nota það til óbeinnar millifærslu á milli hinna einstöku aðila.

Ég vil vekja athygli á því, að á það hefur verið bent af einum kunnum útgerðarmanni í landinu, að svo sé raunverulega komið með sérstök gjöld á útflutningi okkar, eftir að þetta nýja og háa útflutningsgjald var ákveðið, að þá sé raunverulega tekið í kringum 24—25% af hinu raunverulega útflutningsverði á t. d. útfluttum sjávarafurðum, sé raunverulega tekið af framleiðendunum til örfárra aðila. Í fyrsta lagi er tekið í beint útflutningsgjald 7.4%. Í öðru lagi má reikna með því, að greitt sé af þessari framleiðslu í beina vexti í kringum 10%. Í þriðja lagi taka öll sölufélögin, sem annast umboðssölu fyrir framleiðendur, 2% og mörg þar til viðbótar í ýmsum tilfellum 4% vegna erlendra umboðslauna. Og enn þarf svo að greiða í vátryggingagjöld af þessu í kringum 1%. Er þá komið í kringum 24.4%, sem beinlínis er tekið af hinu skráða útflutningsverði strax á borðinu, áður en það kemur raunverulega í hendur framleiðandans sjálfs.

Slík gjöld sem þetta þekkjast vitanlega ekki hjá neinni annarri þjóð, sem keppir við okkur á erlendum mörkuðum með sjávarafurðir. Það þarf engin önnur þjóð að borga í útflutningsgjöld af útflutningsvörum sínum 7.4%. Upplýst hefur verið, að í Noregi séu útflutningsgjöld ekki 1%, heldur 0.075%, en hér eru þau 7.4%. Vextirnir eru hér margfalt hærri en þeir eru t. d. þar, og svipað er að segja um ýmis önnur gjöld, sem þannig hvíla á framleiðslunni. Ég tel, að slík hækkun á útflutningsgjöldum, eins og hæstv. ríkisstj. ákvað með þessum brbl. frá s. l. sumri, sé ekki lögð á nema af þeim, sem telur sig vera fullvissan um það, að útflutningurinn þurfi ekki á öllum þessum tekjum að halda, það sé hægt að skattleggja hann sérstaklega, vegna þess að hann búi við slíka afkomu. Þetta er því raunverulega viðurkenning á því, að gengislækkunin hafi verið of mikil, sem samþ. var s. l. sumar.

Ég hef bent á það í umr. um þessi mál áður, að ég tel, að það sé enginn vafi á því, að aðalástæðurnar til þess, að hæstv. ríkisstj. réðst í gengislækkunina á s. l. sumri og fylgdi henni á eftir með þessum breytingum, sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar, voru, að ríkisstj. var í hefndarhug gagnvart verkalýðshreyfingunni í landinu. Hún taldi, að verkalýðssamtökin hefðu náð of mikilli kauphækkun í samningum sínum við atvinnurekendur, og hún vildi eyðileggja þessa samninga. Og í öðru lagi er enginn vafi á því frá mínu sjónarmiði, að ríkisstj. hafði hug á því að bæta hag ríkissjóðs með því að eignast álitlega upphæð af gengishagnaðinum og með því að láta ríkissjóð raunverulega fá stórhækkaðar tekjur af innflutningstollum og af söluskatti síðari hluta ársins. Ég álít, að þetta

hafi verið meginástæðurnar til þess að hæstv. ríkisstj. greip til þess óyndisúrræðis að lækka gengið jafnmikið og hún gerði í byrjun ágústmánaðar á s. l. sumri. Hún var áreiðanlega ekki að gera þetta til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Og ég tel, að einmitt það frv., sem hér liggur fyrir nú, sýni bezt, að hún taldi hag útflutningsframleiðslunnar vera þannig, að það væri jafnvel hægt að skattleggja hana og það væri réttmætt að taka af henni verulegar fjárfúlgur, sem útflutningsframleiðslan þó átti.

Ég hef lagt til í nál. mínu, að þetta frv. verði fellt. Ég hef ekki séð ástæðu til þess við þessa umr. málsins að flytja sérstakar brtt. við hin ýmsu ákvæði frv. Ég tel enda, að þau séu með þeim hætti, að þó að vissulega megi hugsa sér að lagfæra þau nokkuð, þá séu þau að eðli til þannig, að eina rétta leiðin sé að fella þau að fullu og öllu. Þó að ég fyrir mitt leyti telji miklu réttlátara, ef á að taka af sjávarútveginum 50 millj. kr. í aukaskatt á ári og leggja í stofnlánasjóði, að leggja slíka upphæð í Fiskveiðasjóð Íslands fremur en í lokaðan lánasjóð geymdan hjá Landsbankanum, þá er ég eigi að síður á móti því að skattleggja rekstur báta og togara í landinu umfram það, sem gert hefur verið, til þess að leggja í slíka sjóði eins og stofnlánasjóði sjávarútvegsins. Það er engin leið að ætla að taka svo að hundruðum millj. kr. skiptir af rekstri ársins og safna í sjóði framtíðarinnar. Slíkt vitanlega verður rekstrinum allt of þungbært. Og auðvitað á sjávarútvegurinn rétt á því að fá sinn réttláta hlut af fjármunum þjóðarheildarinnar sem stofnlán sér til handa. Sjávarútvegurinn á sinn hluta af sparifjármynduninni í landinu og á að fá réttlátan hluta af því fé, sem þannig safnast, til sinna þarfa. En það á ekki að þurfa að skattleggja sjávarútveginn, ekki a. m. k. stórkostlega, árlega til að leggja í slíka sjóði. Ég álít, að sú skattlagning, sem var í gildi, áður en þessar nýju ráðstafanir ríkisstj. voru gerðar á s. l. sumri, hafi verið fyllilega nægilega mikil og ekki verið á bætandi í þessum efnum. Það er auðvitað rétt, að stofnlánasjóðir sjávarútvegsins þurfa á miklu fé að halda. Fiskveiðasjóður hefur mörgum verkefnum að sinna. En eins og hv. frsm. meiri hl. gat um í sinni ræðu, er nú svo komið, að fiskveiðasjóður mun hafa nokkuð yfir 90 millj. kr. í tekjur á ári, og hann hefur fyrst og fremst verið byggður upp af beinum framlögum frá sjávarútveginum í landinu. Ég tel, að þegar sjávarútvegurinn leggur þetta mikið fram, sem hann gerir samkv. lögum, til fiskveiðasjóðsins og þegar tekjur sjóðsins eru samtals orðnar svona miklar á ári, þá sé ekki óeðlilegt, að það, sem upp á vantar, fái fiskveiðasjóður að láni með sanngjörnum kjörum af annarri fjármunamyndun í landinu.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál nú að sinni, en vil benda hæstv. forseta á, að nál. mínu hefur ekki enn verið útbýtt, og ég vænti, að það takist að útbýta því, áður en málið gengur undir atkvæði.

Björn Pálsson: Herra forseti. Árið 1961 hefur verið óvenjulega gott fyrir okkur Íslendinga. Tekjurnar hafa verið meiri en sennilega nokkurn tíma áður. Aflaverðmæti sjávarafurða mun hafa verið um 3000 millj. kr., en varð á árinu á undan með tilsvarandi gengi ekki nema 2 626 millj. kr. Auk þess gefur Seðlabankinn það upp, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla að sé rangt, að birgðir útflutningsafurða hafi aukizt mjög mikið á árinu eða á annað hundrað millj. kr. Hinar miklu tekjur hafa komið af því, að tæknin hefur aukizt og síldargöngur hafa verið meiri og hagstæðari en undanfarin ár, en það er fyrst og fremst aukinni veiðitækni að þakka, því að svo að segja öll aukningin og jafnvel meira en aukningunni nemur eru síldarafurðir. Þetta hefur komið sér vel fyrir þjóðarbúið, eins og eðlilegt er. Það er nú þannig, þó að ríkisstjórnum sé kennt ýmislegt og þakkað ýmislegt, þá er það ákaflega takmarkað, sem þær geta ráðið við. Þær geta ráðið við það, á hvern hátt er farið með það fjármagn, sem þjóðin aflar, en vitanlega geta þær ekki ráðið aflabrögðum, tíðarfari eða öðru slíku, en það á drýgstan þátt í atvinnulífi okkar Íslendinga. Við erum svo háðir tíðarfarinu og fiskigöngunum. Það ber því oft við, að ríkisstj. er kennt um hluti, sem hún raunverulega á ekki skilið, og þetta hefur sennilega verið svona á öllum tímum. Það var þannig í Noregi fyrr á árum. Þegar Eiríkssynir réðu þar ríkjum, var illt árferði, og bændur kenndu þeim um. Þegar Hákon góði var kóngur, var gott árferði. Bændurnir þökkuðu honum það. Það er oft ranglega kastað steini að stjórnendum hvað þetta snertir. Það er því hvorki að kenna né þakka ríkisstj., hvort aflast mikið eða lítið. Það eru allt aðrar orsakir, sem því valda. En hvað sem því líður, hefur þetta gengið þannig, að s. l. ár hefur verið okkur hagstætt. Við skyldum ætla, að í svona hagstæðu ári þyrfti ekki endilega að vera að fella gengi krónunnar. En þetta hefur nú skeð. Og ég held, að það hljóti öllum að koma saman um, að þegar þarf að gera slíkar ráðstafanir í árferði eins og þessu, þá hljóti eitthvað að vera athugunarvert á einhverju sviði, það geti ekki hjá því farið.

Íslendingar ætla að leysa öll sín efnahagsmál með sífelldum gengislækkunum. Það er verið að fella krónuna svo að segja árlega s. l. 20 ár. Þetta virðist ekki duga, alltaf þarf að fella hana aftur og aftur. Raunar var það vísitöluskrúfan, sem átti sinn þátt í að fella hana, meðan hún var, en eftir að hún var tekin úr sambandi, hefði átt að vera auðvelt að halda genginu stöðugu, en það hefur ekki verið gert. Ég held, að það hljóti öllum að koma saman um, að þegar tekjur þjóðarinnar eru meiri en þær hafa nokkurn tíma verið, hljóti að vera einhver klaufaskapur að geta ekki haldið gjaldmiðlinum stöðugum.

Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt höfuðáherzlu á þetta. Þjóðverjum datt ekki í hug að sleppa markinu lausu nú eftir síðasta stríð. Þeir festu það strax og halda því stöðugu. Þegar de Gaulle tekur við völdum, eykur hann verðgildi frankans. Undirstaða undir öllu heilbrigðu efnahagslífi er að hafa stöðugt gengi. Þegar svona hlutir eru gerðir, er ekki óeðlilegt, að spurt sé, hvað það er, sem veldur því, að þetta er gert. Einhver klaufaskapur hlýtur þetta að vera. Nú er

það oft svo, að ef tveir deila, þá er ekki allt öðrum að kenna, og má vera, að svo sé í þessu tilfelli líka.

Ríkisstj. gaf út grg. s. l. sumar, sem átti að gera grein fyrir því, hvers vegna hún hefði fellt gengið. Þar var því haldið fram, að kauphækkanirnar s. l. sumar mundu hafa valdið tekjuaukningu hjá launþegum um 800—900 millj., og þess var látið getið, að af þessum 800—900 millj. væru um 300 millj. kr. tekjuaukning hjá launþegum, vegna þess að fólk flyttist milli launaflokka og fólkinu fjölgaði í landinu. Nú gefur auga leið, að það nær engri átt að ætla að fara að fella gengið fyrir það, að fólki fjölgi í landinu eða einhverjir færist milli launaflokka, því að það á sér alltaf stað, alveg án tillits til þess, hvort fara fram einhverjir nýir kaupsamningar eða ekki. Það er út af fyrir sig hrein endileysa að taka það með í þessa tekjuaukningu. Svo er því einnig haldið fram, að gjaldeyriseyðslan mundi hafa orðið 300 millj. kr. meiri vegna kauphækkananna, ef gengið yrði ekki fellt. En þetta var alls ekki rökstutt. Ég hef reynt að gera mér dálitla grein fyrir því, hvað launahækkanirnar muni hafa orðið miklar. Í landbúnaði mun heildarkaup vera 450—480 millj., í fiskiðnaði um 450 millj., í öðrum iðnaði um 600 millj., í byggingum og vegagerð um 450 millj., í verzlun 500 millj., — þetta eru heildarlaunin, sem hver iðngrein greiðir, — í samgöngum 250 millj. og ýmiss konar þjónustu 650 millj. kr. Þessar heildarlaunatekjur þessara atvinnugreina yrðu þá 3350 millj., og ef við reiknuðum með 12% kauphækkunum, mundu launatekjur fólks alls hafa aukizt um 12% af 3350 millj. eða í kringum 400 millj. En hvað getur fólkið keypt mikið af erlendum gjaldeyri fyrir þetta? Ég hygg, að það sé ekki nema fyrir örlítið brot af þessum 400 millj., sem tekjurnar hefðu aukizt. Við sjáum með landbúnaðinn, að tekjur bændanna aukast á því, að launþegarnir kaupa af þeim afurðirnar, þannig að það færist á milli stétta. Það er tekið af tekjuaukningu launþeganna, sem kaupa landbúnaðarafurðirnar. Í fiskiðnaðinum eru launin 450 millj. á að gizka, og 12% af því gera rúmar 40 millj. Ef reiknað væri aftur með 16%, tekið tillit til kauphækkunarinnar, sem verður væntanlega á næsta sumri, þá er það í kringum 60 millj. Og þetta er sú atvinnugreinin, sem átti langerfiðast með að taka á móti kauphækkunum og gat það tæpast nema fá það einhvers staðar annars staðar frá, annaðhvort í hækkuðu afurðaverði ytra eða lækkuðu innkaupsverði hér. Svo kemur byggingar- og vegavinna, verzlun og samgöngur og ýmiss konar þjónusta. En þetta er að miklu leyti tilfærsla á milli stétta innanlands. Og hvaða líkur eru fyrir því, að það yrðu keyptar miklu meiri erlendar vörur, þó að tekjur launþega ykjust eitthvað? Mundu þeir ekki hafa þörf fyrir að greiða niður skuldir sínar að einhverju leyti eða þá leggja eitthvað í sparisjóðsbækur? Að slá því föstu, að gjaldeyriseyðslan út á við mundi aukast um 300 millj. við þessar kauphækkanir, er hrein vitleysa. Það liggur ekkert fyrir um það. Það er ekki hægt að fullyrða nema hún hefði eitthvað ofur lítið aukizt, en það liggur ekkert fyrir um það.

Svo er annað atriði, sem kemur líka til greina, og það er það, að ef þjóðin fær þessar tekjur, þá náttúrlega fær einhver tekjurnar, og það er engin sönnun fyrir því, þó að launþegarnir hefðu fengið þessar 400 millj. kr. auknu tekjur, að þeir hefðu haldið verr á þeim fjármunum en þeir, sem hafa fengið þá nú, því að vitanlega hafa þessar tekjur lent í vasa einhverra. Það er því bara um skiptinguna að tala innbyrðis, hvort hún er heilbrigð og hvort hún er réttlát. En það liggur ekkert fyrir um það, að þessir launþegar hafi eytt meira til að kaupa vörur fyrir erlendan gjaldeyri en þeir, sem hafa þessa peninga handa milli nú. Þess vegna er þessi grg. ríkisstj. algerlega órökstudd og út í loftið.

Ég skal aðeins minnast á fiskiðnaðinn frekar, vegna þess að það var sá liðurinn, sem átti langerfiðast með að standa undir þessu hækkaða kaupi, og 16% kauphækkun hjá fiskiðnaðinum, miðað við, að fiskurinn sé frystur, svarar til þess, að sá, sem kaupir fiskinn, þurfi að fá 4% hækkun á fob-verði fisksins. Það fer um ¼ af kostnaði í umbúðir og viðhald véla o. fl., ¼ fer í kaupgjald, en um helmingur fer í hráefni. Þá mundi 16% kauphækkun þýða það, að fob-verð vörunnar yrði að hækka um 4% eða þá að fiskverðið yrði að lækka um 4%. Nú var hægt að gera ýmislegt til að greiða fyrir því, að frystihúsin gætu tekið á sig þessar auknu byrðar, annað en fella gengið. Það var hægt að lækka vexti eitthvað. 2% vaxtalækkun hefði þýtt 1% hækkun á fob-verði. Ég vil ekki vera að ásaka þessa ríkisstj. fyrir það, sem ekki er ástæða til að ásaka hana fyrir, og ég hef hlerað það, að jafnvel þó að ríkisstj. hefði viljað lækka vextina, hafi henni ekki verið leyft það af þeim aðilum, sem hún þarf að fá yfirdráttarlán hjá erlendis. Nú skal ég ekki segja, hvort þetta er rétt, og ekki heldur fullyrða um, hvort hún var nauðbeygð til að sæta því. Um það skal ég ekki fullyrða, en hitt get ég fullyrt, að það mátti gera eitthvað til þess að lækka ýmsa aðra liði, eins og farmgjöld og vátryggingagjöld o. fl. Svo kom annað til greina, sem er enn betur komið í ljós nú og ríkisstj. vissi þó um þá, og það er, að fiskverðið hefur farið hækkandi erlendis. Það er t. d. búinn að hækka mikið fiskur á rússneska markaðinum, og hann hefur jafnt og þétt haldið áfram að hækka á Ameríkumarkaðinum, og það er þessi fiskhækkun, sem gerir mögulegt að greiða bátunum hærra verð fyrir fiskinn nú, því að ef um enga hækkun hefði verið að ræða erlendis, gat bátaútvegurinn ekki fengið meiri hækkun á fiskverði en 2% í mesta lagi, vegna þess að þessi gengislækkun fór í hækkaðan kostnað við reksturinn, í umbúðakostnað, kostnað við vélar og annað í frystihúsunum 2½%, um 4% fór í kauphækkun og hitt fór í hækkun útflutningsgjalda, þannig að hagur frystihúsanna batnaði eiginlega ekkert og skapaði þeim enga möguleika til að borga neitt að ráði hærra fyrir fiskinn eða í mesta lagi 2—4%.

Það, sem gerir það, að hægt er að borga hærra fyrir fiskinn, er hækkandi verð ytra, og þó að þessi kauphækkun hefði verið framkvæmd án þess að fella gengið, hefðu sjómenn og útgerðarmenn ekki þurft að fá neitt lægra verð fyrir

fiskinn nú — ekkert lægra verð. Hann hefur ábyggilega hækkað um meira en sem nemur þessum 4% á fob-verði, því að í Rússlandi mun hann hafa hækkað úr 128 pundum tonnið í 140—145, minna í Ameríku, en hann hefur þó verið að hækka þar.

Hitt má svo um deila, hvort kaupgjaldssamningurinn í sumar var að öllu leyti skynsamlegur eða réttlátur. Ég var áhorfandi að þessum samningum og réð þar ekki. Ég taldi ekki hyggilegt að hækka eftirvinnukaupið, breyta þeim hlutföllum. Ég áleit, að það væri ekki hyggilegt vegna vinnslustöðvanna að hækka það úr 50% og upp í 60%. Ég álít líka, að það sé dálítið varhugaverð leið þetta 1%. Það er ekki aðalatriðið þetta 1%, sem samið er um, heldur hitt, að þegar er búið að semja um 1%, er alveg eins hægt að fara fram á, að það sé samið um 2% og 3%. Sjúkratryggingum á að koma fyrir á annan hátt. Ég er sannfærður um, að sú kauphækkun, sem fór fram í sumar, hin beina kauphækkun, að atvinnuvegirnir hefðu þolað hana, frystihúsin hefðu getað sætt sig við hana, vegna þess að fiskverðið hefur farið hækkandi ytra, og ef það hefði ekki farið hækkandi ytra, hefðu frystihúsin orðið að fá fiskinn fyrir lægra verð. Þá var alveg eins gott fyrir sjómenn og útgerðarmenn að selja fiskinn nokkrum aurum lægra hvert kíló og hver króna væri 13% meira virði en hún er nú.

Svo eru það ráðstafanir með gengismismuninn, sem þetta frv. fjallar um og rétt er þess vegna að tala um, og það er um það, að ríkissjóður hirðir gengismismuninn. Einhvers staðar er hann tekinn. Það myndast engin verðmæti, nema þau séu tekin frá einhverjum, og þau eru vitanlega tekin af sjávarútveginum. Það er ekkert annað, sem skeður þarna, en það er tekið 13% af því, sem búið er að lofa sjómönnum og útgerðarmönnum fyrir aflann frá áramótum og til ágústbyrjunar. Það er ekkert annað, sem skeður. Af því eru raunar 4% tekin til trygginga, en 9% eru hreinlega tekin í ríkissjóðinn af allri framleiðslunni. Það er ekki staðið við gerða samninga gagnvart sjómönnum og útgerðarmönnum. Það er ekkert annað, sem þarna gerist. Það þarf enginn að halda, að þessir peningar detti ofan úr himninum. Viðvíkjandi tryggingunum býst ég við, að útgerðarmenn séu ekki óánægðir. Það hefur verið gert í samráði við þá. Þeir telja, að þeim sé frekar kleift að borga tryggingarnar á þann hátt, að það sé tekið sameiginlega, heldur en að hver og einn eigi að sjá um sínar greiðslur, vegna þess að sumir þeirra hafa átt örðugt með að greiða þær. Um það skal ég þess vegna ekki deila. En það, sem um er að deila, er, hvort það er réttlátt að taka 140 millj. og verja þeim til að greiða ábyrgðir fyrir ríkissjóð. Það er það, sem um er að deila. Ég álít, að það sé ekki réttlátt. Ég álít, að þetta eigi þeir réttu eigendur að fá. Það eru fyrst og fremst útgerðarmenn og sjómenn og jafnvel frystihúsin að einhverju leyti. Annars var þannig um hnútana búið, að frystihúsin sluppu nokkurn veginn við þessar ráðstafanir, voru hvorki betur né verr stæð á eftir. Ég reiknaði þetta út. Þetta er í raun og veru allt tekið af sjómönnum og útgerðarmönnum.

Þá kem ég að öðru atriði, og það er hin mikla hækkun á útflutningsgjöldunum, sem er framkvæmd nú. Það er ekki síður ástæða til að athuga þau útgjöld heldur en það, að atvinnurekendur fari að greiða 1% til verkalýðsfélaganna, því að það er vitanlega alveg sama fyrir pyngju framleiðendanna, hvort þeir greiða til verkamanna í einhver tryggingagjöld eða hvort þeir greiða það í skatt til banka. Þetta verður alls um 7.4%, og þetta er lagt á fob-verð. Hráefnið er hvað fisk snertir ekki nema helmingur af fob-verðinu, þannig að þetta verður um 14—15% af því aflaverðmæti, sem útgerðarmaðurinn og sjómaðurinn draga úr hafinu. Það er hvorki meira né minna. Af því skulum við segja, að um 7% fari til trygginganna s. l. ár, en þá fara milli 7 og 8% af því aflaverðmæti, sem sjómaðurinn og útgerðarmaðurinn afla úr sjónum, til stofnana, sem ríkið á. Þetta er ekkert annað en skattur. Þetta er skattur til fiskveiðasjóðs, og það er skattur til hlutatryggingasjóðs og fiskimálasjóðs. Við skulum segja, að þetta eigi að vera til hagsbóta að því leyti til fyrir atvinnuveginn, að þessar stofnanir geti lánað meira. En þá er bara þetta: Er það leiðin, sem á að fara, að skattleggja atvinnuvegina nær ótakmarkað til þess að geta svo lánað þeim aftur, sem sagt að taka eignir manna, gera þetta eign ríkisins og lána þeim það svo aftur? Vitanlega er hægt að halda áfram. Það er hægt að taka launþega yfirleitt og taka vissar prósentur af kaupinu þeirra, lána þeim það svo aftur til að byggja íbúðir o. fl. Það er hægt að fara hringinn. Það er náttúrlega hægt að taka blessaða prestana líka, taka eitthvað af laununum þeirra og segja svo: Þið getið byggt yfir ykkur embættisbústaðina. — Það er hægt að fara þessa leið alls staðar. Þá er bara það, sem við þurfum að gera upp við okkur: Er þetta skynsamlega leiðin eða á að nota sameiginlegt sparifé landsmanna til þess að lána til atvinnuveganna í landinu? Ég skal játa það, að í árferði eins og nú hefur verið hefur sparifjáreign landsmanna aukizt. Það er ekki nema eðlilegt og meira en það. Þó að Seðlabankinn loki ekki seðlana niðri í skúffu, er það vitanlegt, að hann á miklar innstæður erlendis nú og fær ekki af þeim háa vexti. Það er ágætt að eiga eitthvert fé erlendis og nauðsynlegt, en það má deila um, hvað langt á að ganga í því að eiga peninga erlendis fyrir mjög lága vexti, en okra svo á atvinnuvegunum hér með geysilega háum vöxtum. Það eru takmörk fyrir því, hvað skynsamlegt er að ganga langt í þeim málum. Vitanlega hefur Seðlabankinn möguleika til þess að lána fiskveiðasjóði og öðrum stofnunum, sem annast lán til atvinnuveganna. Annars hafa útgerðarmenn ekki verið verulega óánægðir yfir því, þó að þeir legðu eitthvað fram í fiskveiðasjóð, en hækkunin er bara of mikil, vegna þess að á meðan útflutningssjóður var, þá var þetta gjald ekki tekið af útflutningsuppbótunum, heldur bara af frumverðinu ytra, þannig að hækkunin er orðin gífurleg síðan gengisbreytingin varð í ársbyrjun 1960. Þar við bætist hlutatryggingasjóðsgjaldið, úr 0.5 og 0.75 í 1.25. Og þegar þetta er lagt á vöru eins og t. d. síldina, þegar það er tekið 7.5% af síldartunnu, sem

kostar 900 kr., þá er slíkt meira en lítill skattur, og ég efast um, að það þekkist mörg dæmi þess, að útflutningsatvinnuvegum sé gert jafnerfitt fyrir, að þeir séu jafnstórkostlega skattlagðir og hér á að gera. Ég fyrir mitt leyti er því á móti því, að þessi útflutningsgjöld séu hækkuð. Það er nóg hækkun að hafa þau eins og þau voru. Ef fiskveiðasjóð vantar fé, þá hlýtur Seðlabankinn að geta lánað honum fé til að endurlána til útgerðarinnar. En það verður ekki eign. Það verður að borga vexti af því. Það er ákaflega þægilegt fyrir ríkisstj. að geta skattlagt atvinnuvegina svona. En ég álít, að það sé mjög varhugaverð leið, og það sýnir sig þarna, að þegar byrjað er að fara þessa leið, þá er fikrað sig áfram og tekið meira og meira. Nú á að fara að greiða með togurunum af þessum útflutningsgjöldum, og það kemur þó hreinlega í bága við yfirlýsingar ríkisstj., því að hún lýsti því yfir, þegar ráðstafanirnar voru gerðar í ársbyrjun 1960, að nú ættu allar atvinnugreinar að standa undir sér, nú ætti að þurrka allt út, sem óheppilegt væri og vitlaust í fjármálakerfinu. En með því að gera þetta var tekin upp gamla stefnan að styrkja og bæta upp, þar sem er álitið, að þess sé brýnust þörf. Þess vegna er þessi leið dálítið varasöm og eðlilegt, að bátaeigendur séu óánægðir yfir því að eiga að standa að öllu leyti undir því að bera hallann af togararekstrinum.

Ég er því á móti því, að útflutningsgjöldin hækki frá því, sem var. Ég er á móti því, að hlutatryggingasjóðsgjaldið hækki. Ég álít, að það sé nóg og meira en það að greiða það, sem fyrir var. Ég skal játa, að á fundinum hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna í haust var annað hljóð í mönnum en næst áður. Það var miklu betra. En hitt er ég viss um, að ef ekki hefði verið þessi mikla síldveiði í sumar, þá hefði það verið sízt betra og jafnvel verra en það var árið áður. Þessi óvenjulega síldveiði í sumar breytti alveg aðstöðunni. Ég átti tal við marga útgerðarmenn, sem höfðu þessa nýju báta, og þeir töldu að endarnir hefðu rétt náð saman hjá sér. Þeir hefðu getað staðið í skilum, afskrifað dálítið, en margir þeirra ekki nærri nóg. En ef þeir hefðu fengið meðalsíldarár, hefðu ekki náð saman endarnir hjá þeim, þannig að við þurfum að fara varlega að þrengja ekki allt of mikið að þessum atvinnuvegi, til þess að endarnir hætti ekki að ná saman.

Þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar, varaði ég strax við því og benti á, að rekstrarfjárskorturinn mundi verða svo mikill, að menn mundu ekki geta staðið í skilum. Síðan efnahagsráðstafanirnar voru gerðar, hefur orðið að gera nokkurs konar kreppuráðstafanir gagnvart bátaútveginum, því að í fyrra var hann í algeru greiðsluþroti og það varð að lána í gegnum stofnlánadeildina upp undir 300 millj. Svo hefur orðið að taka landbúnaðinn, þá menn, sem voru að gera framkvæmdir. Þeir hafa ekki getað ráðið við þær. Og nú þarf að taka togarana og leggja þeim, svo að skiptir jafnvel milljónum á ári, hverjum togara. Þetta hefur allt saman skeð. Gengislækkunin í sumar jók rekstrarfjárskortinn til mikilla muna. Það var ekki nóg með, að það þyrfti fleiri krónur, heldur gerði ríkisstj. líka ráðstafanir til þess, að það yrðu ekki lánaðar fleiri krónur, þannig að útgerðarmenn eða fiskvinnslustöðvar fengu um það bil 75% út á fyrsta og annan veðrétt í fiskinum áður, en eftir að gengið féll, lækkaði þetta ofan í 65%, og rekstrarfjárskorturinn varð enn meiri.

Ég hef selt dálítið af fiski og síld, og það er ómögulegt að innheimta þetta fyrr en seint og síðar meir, og sumt fær maður kannske aldrei. Þannig er rekstrarfjárskorturinn hjá fiskvinnslustöðvunum. Og þetta var strax augljóst, því að með gengislækkuninni myndaðist svo mikil verðþensla, að menn höfðu enga möguleika til að fá næga peninga til að standa undir rekstrinum. Þetta er ekki af pólitískum áróðri. Þetta kom fram hjá hinum dyggustu þjónum þessarar ríkisstj. á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, því að þar komu bæði umkvartanir um rekstrarfjárskort og háa vexti. Þeir menn kvarta ekki, fyrr en þeir mega til. Þetta er staðreynd, rekstrarfjárskorturinn er svo mikill hjá fiskvinnslustöðvunum og þeim, sem þurfa á miklu rekstrarfé að halda, að þeim er ómögulegt að standa í skilum. Bátarnir hafa getað sætt sig við þetta í ár, vegna þess að þeir veiddu svo vel, og þó í mörgum tilfellum eiga þeir mjög erfitt með það.

Ég vil ekki halda því fram, að þessi ríkisstj. hafi ekki gert ýmislegt vel. En það, sem hún hefur ábyggilega ekki gert vel, það er að fella tvisvar sinnum gengið, því að úr því að hún tók vísitöluna úr sambandi, var hún alls ekki nauðbeygð til þess að ganga lengra en festa gengið, þar sem það raunverulega var, þegar hún tók við. Ef hún hefði gert það, hefðu margir verið henni þakklátir, sem eru henni ekki þakklátir nú.

Við skulum vona, að gangi vel með atvinnureksturinn á komandi ári. Það er undirstaðan, að vel aflist. Og ég skal játa það, að útlitið er miklu betra en það hefur oft verið áður. Það er fyrst og fremst aukin tækni, sem gerir, að aðstaða okkar verður allt önnur en hún hefur áður verið. Við eigum ekki víst, að það gangi jafnvel á þessu ári og 1961, en bregðist það, verður ábyggilega þröngt fyrir dyrum hjá útgerðinni, jafnvel þó að sú fyrirgreiðsla sé framkvæmd, sem þegar er búið að gera og er verið að gera gagnvart togurunum. Það má engu muna, að þetta geti gengið.

Gengislækkun hefur alltaf rangindi í för með sér, og það sýnir alltaf veikleikamerki í fjármálakerfi hvers einasta lands að þurfa að vera að fella gengið. Og ranglætið er margþætt. Ég hygg, að ýmsir menn hafi búizt við því, þegar gengið var fellt 1960, að þá gætu þeir vænzt þess, að það yrði stöðugt gengi í framtíðinni. Ég heyrði þetta á ýmsum mönnum, og ég er sannfærður um, að þeir menn urðu fyrir miklum vonbrigðum í sumar, þegar gengið var aftur fellt. Ríkisstj. hafði þrjár leiðir um að velja, þegar samið var um kaupið í sumar, og ég skal játa, að persónulega er ég á móti því, ef menn eru ekki húsbændur á einhverju heimili, að þeir séu að gera sig þar að húsbændum. Það er langeðlilegast, ef menn búa til einhvern

hnút, að þeir leysi hann sjálfir. Um þetta má sem sagt deila. Það er mín persónulega skoðun, að það sé réttast að lofa hverjum manni að leysa sinn hnút sjálfum. Og það er bezt að lofa þeim, sem eru kosnir til að vera húsbændur, að vera húsbændur. Svo er bezt að deila réttlátlega og sanngjarnlega á þá fyrir það, sem mönnum finnst þeir gera illa, og svo á þjóðin að dæma um kostina. Þannig álít ég, að það eigi að ganga.

Nú var samið af öðrum aðilum upphaflega en ríkisstj., og um það geta verið skiptar skoðanir. En úr því sem komið var, hafði ríkisstj. um þrennt að velja. Það var að skipta sér ekkert af málinu, eins og hún var búin að lýsa yfir, að hún ætlaði að gera. Ríkisstj. var búin að lýsa því yfir, að hún ætlaði ekki að skipta sér af kjaradeilum. En svo gerði hún það. Og ríkisstj. var byrjuð á því áður, því að í fyrra voru sett lög um kauphækkanir kvenna. Það er að skipta sér af samningum. Með lagaákvæði var kaupið hækkað, og þetta var prinsipbrot miðað við yfirlýsingar ríkisstj. í byrjun. Með lögþvingunum var farið að hækka kaup. Við höfum vafalaust skiptar skoðanir um, hvort það er rétt að borga stúlkum 16—20 ára, sem lítið eru vanar við verk, eins og vönum verkamönnum. Það má deila um það. En þetta var bara gert, og þetta var brot á þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. var búin að gefa. Og þetta var kauphækkun, þó að hún eigi ekki að koma öll í einu. Það var eðlilegt, að aðrir, sem voru óánægðir, sem var búið að lækka mikið kaup hjá, álitu, að þeim væri óhætt að stíga annað skrefið, fyrst ríkisstj. var svona fús að stíga ótilkvödd fyrsta skrefið. Það má deila um, hvort það var rétt af kaupfélögum norður í landi að semja. Það getur verið deilumál. Ég fyrir mitt leyti hefði ekki gert það. En ríkisstj. hafði um þrennt að velja, þegar búið var að semja. Og það var að skipta sér ekkert af þessu. Í öðru lagi varð að festa kaupið með lögum. Og í þriðja lagi að gera það, sem hún gerði, að fella gengið, og það álít ég hafa verið það lakasta.

Þeir, sem hafa átt erfiðast undir stjórn þessarar ríkisstj., eru þeir, sem eru að mynda heimili, þeir, sem eru að hefja búskap, byggja sér hús og reyna að koma sér upp atvinnutækjum í einhverri mynd. Það eru þessir menn, sem hafa liðið mest við þessar ráðstafanir. Þeir, sem eru búnir að koma sér vel fyrir, eins og ég og mínir líkar og yfirleitt meira en miðaldra menn, hafa frekar grætt en tapað á þessu öllu saman. Yfirleitt er það þannig. Meira að segja SÍS hefur aldrei blómgazt betur, því að þeir gleymdu því, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, að SÍS var bara einn af feitu sauðunum. En fátæku kaupfélögin hafa horazt niður og eru í basli. Með þessari gengislækkun er sagan endurtekin. Því fólki, sem hefur átt erfiðast, er gert enn erfiðara fyrir. Það þarf enn fleiri krónur til að byggja hús, enn fleiri krónur til að kaupa vélar og enn fleiri krónur til að kaupa bát. Rangindin eru gagnvart þeim mönnum, sem hafa verið að kaupa báta og ekki fengið að borga þá strax, jafnvel þótt þeir ættu íslenzka peninga, skulda ytra, og svo er alltaf hækkun ofan á hækkun og jafnvel sæmilega stæðir menn eru orðnir öreigar á þessum kúnstum. Þetta eru rangindin. Og svo eru erfiðleikarnir auknir fyrir þessu fólki og alveg að þarflausu, því að vitanlega gat ríkisstj. alveg eins fest kaupið eins og lækkað gengið. Þeir lýsa því yfir, að þeir ætli ekkert að skipta sér af neinum kjaramálum, en strax og búið er að semja, þá er kauphækkunin tekin aftur. Það er vitanlega miklu hreinlegra að segja við fólkið: Ef þið semjið um þetta, þá fellum við gengið, — segja það fyrir fram, en ekki lýsa yfir: Við ætlum ekkert að skipta okkur af þessum hlutum, — en svo, þegar búið er að semja, þá er kauphækkunin tekin aftur, og það er bara blekking að halda, að það sé ekki að skipta sér af kaupsamningum og kaupgjaldsmálum að lækka gengið vegna þess, að kaupið er hækkað í krónutölu. Þarna álít ég, að ríkisstj. hafi tekið þá leiðina, sem lökust var, bæði fyrir hana og fólkið, því miður.

Ég hef verið að lesa þær kröfur, sem Alþýðusamband Íslands hefur verið að bera fram, og þær eru svo vitlausar, að ég lái ríkisstj. ekki að geta ekki gengið að þeim. En það, sem Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélögin eiga að fara fram á, er, að gengið sé hækkað aftur um það, sem það lækkaði í sumar. Það er ekkert annað, sem verkalýður Íslands á að fara fram á. En það eru ýmsar kröfur, sem Alþýðusambandið setur fram, sem ekki er hægt fyrir ríkisstj. að ganga að, það er óframkvæmanlegt. En þetta er ósköp einfalt. Það er bara að fá gengið hækkað um það, sem það lækkaði í sumar, og jafnvel þó að útgerðarmönnum væri ekki endurgreiddur nema einhver hluti af því, sem rænt er í gengismismuninum, þá væri það þakkarvert. Það er þetta, sem fólkið á að fara fram á. Ef ríkisstj. telur, að það sé ekki hægt að fullnægja því að öllu leyti, þá að einhverju leyti. Og náttúrlega er viðhorfið bjartara fyrir ríkisstj. að gera þetta nú en í sumar, vegna þess að sala afurðanna hefur gengið betur en menn þorðu að vona í sumar. Raunar hefur síldarlýsið farið lækkandi, en síldarmjöl og fiskur og jafnvel saltsíld, allt hefur þetta selzt vel og aflinn orðið meiri og betri en búizt var við jafnvel í sumar. Það gat vel verið, og ég býst við því, að ríkisstj. hafi í einlægni verið dálítið hrædd í sumar, að þetta væri of mikil kauphækkun. Ég vil ekki gera hennar hlut verri en er. En nú er öllu bjartara yfir en þá. Annars er miklu betra að bíða og sjá hvað setur heldur en hlaupa í að gera ráðstafanir, áður en endanlega er séð fyrir, hvernig árferðið verður, eins og gert var í sumar. Án þess að ég vilji vera að ætla þessari ríkisstj. illt, er ég satt að segja sannfærður um það, að fyrst og fremst voru ráðstafanirnar gerðar í sumar, gengið fellt, til þess að andstöðuflokkarnir gætu ekki þakkað sér neitt, réttara sagt, að fólkið gæti ekki þakkað þeim neitt. Svo munu þeir aftur hækka kaupið fyrir næstu kosningar, en þeir vilja bara gera það sjálfir, en ekki láta aðra gera það. Þeir eru góðu húsbændurnir, sem vilja ekki láta börnin sín taka mat-

inn, þeir vilja rétta hann, þegar þeim þóknast. Fólkið á bara að vera hlýðnu börnin.

Persónulega er ég sannfærður um, að það, sem kom fyrst og fremst ríkisstj. til að fella gengið, var, að hún óttaðist, að það yrði pólitískur ávinningur fyrir stjórnarandstöðuna, þessi kauphækkun, og þá varð að koma í veg fyrir það, hvað sem það kostaði. Ég skal svo ekki fullyrða um hitt, hvort það var fært fyrir hana að festa kaupgjaldið með lögum. Má vera, að það hafi ekki orðið samkomulag innan stjórnarflokkanna, en þá ber ríkisstj. ábyrgð á því ósamkomulagi. Það var þar fyrir betri leið. Það er eins og með vinstri stjórnina. Vitanlega þurftu þeir aldrei að vera að hlaupa sitt í hverja áttina, ef þeir hefðu getað komið sér saman um skynsamlega hluti, en ósamkomulagið var ástæðan. Það er alltaf slæmt, betri leið var að festa kaupið en fella gengið. En e. t. v. hefði þó verið allra bezt að skipta sér ekki af þessu, og það var í samræmi við það, sem ríkisstj. var búin að lýsa yfir, — skipta sér hreinlega ekkert af kaupgjaldinu. Við getum reitt okkur á það, að frystihúsaeigendur hefðu ekki ofkeypt fiskinn lengi. Hann hefði lækkað til sjómanna og útgerðarmanna. Það var eins gott fyrir útgerðarmenn að fá heldur færri krónur og verðmeiri krónur, en sjómennirnir hefðu e. t. v. ofur lítið lækkað með kaup hlutfallslega við aðra. En það var ekki nema sanngjarnt að því leyti til, að það eru þeir, sem eru langhæst launaðir, einkum fyrir það, að aflinn hefur verið miklu meiri s. l. tvö ár en mörg undanfarin ár þar áður, og með auknum síldarafla munu kjör sjómanna stórbatna og hafa verið mun betri en landverkamanna s. l. eitt eða tvö ár.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Í 6. gr. þess frv., sem fyrir liggur, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 6. febr. 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstj. kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurður." Síðan segir: „Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkv. 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum."

Þar fara á eftir ákvæði um það, hvernig þessum gengishagnaði skuli varið, og segir þar m. a., að af fé á þessum reikningi skuli greiða ⅝ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961.

Í brtt. hv. meiri hl. fjhn. er enn fremur lagt til, að af fé á þessum reikningi, þ. e. a. s. á gengishagnaðarreikningnum, skuli greiða hlutatryggingasjóðsgjald af sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, og er gert ráð fyrir í 2. gr. eða réttara sagt 2. brtt., að þessi endurgreiðsla á hlutatryggingasjóðsgjaldi nemi 47% greidds gjalds af síldarafurðum og 65% greidds gjalds af öðrum gjaldskyldum sjávarafurðum.

Ég geri ráð fyrir, að það liggi nú fyrir eða hafi a. m. k. verið gerðar áætlanir um það, hvað þessi endurgreiðsla af gengishagnaði á ⅝ útflutningsgjalds og 47 og 65% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds muni nema hárri upphæð, að það annaðhvort liggi fyrir eða hafi verið gerð áætlun um það a. m. k. í sambandi við þá brtt., sem nú er borin fram. Hv. frsm. meiri hl. gerði ekki grein fyrir slíkri áætlun og hefur e. t. v. ekki haft í höndum upplýsingar til að geta gert það. En ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. eða þess ráðh., sem þetta mál heyrir undir, hvort áætlun hafi ekki verið gerð um það, hve mikilli upphæð þessar endurgreiðslur á hlutatryggingasjóðsgjaldi og útflutningssjóðsgjaldi nemi. Mér virðist skipta máli, að þetta liggi fyrir við meðferð málsins, þar sem um það er að ræða að afgreiða tillögur um þessa ráðstöfun á gengishagnaðinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:12 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 19:13 atkv.

Brtt. 456,1 samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JP, JR, SvE, ÓTh, DÓ, SÁ, US, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, JKs, GÞG, RH.

nei: HV.

IG, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, MS, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, DÁ greiddu ekki atkv.

4 þm. (JSk, GÍG, GunnG, HÁ) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 456,2 samþ. með 20:3 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 456,3 samþ. með 20:1 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.

9.—12. gr. samþ. með 19:10 atkv.

Brtt. 456,4 (ný 13. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

14.—15. gr. samþ. með 20:5 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:14 atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A 503).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Þingdeildin hefur nú tekið þann kostinn, sem verri var, að samþykkja frv. um breyt. á lögum um Seðlabankann, og þeir, sem það gerðu, ætlast sjáanlega til þess, að þetta fylgifrv. verði einnig samþykkt. Ég skýrði frá því í dag, þegar ég frestaði minni framsöguræðu, að ég mundi, ef ekki yrði á það fallizt að samþykkja mína till. um að fella frv., síðar leggja fram við það brtt., en tími hefur verið mjög lítill til að ganga frá brtt., því að hér hafa verið fundir stöðugt í dag, svo að ég verð að leggja þær fram skriflega.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði um það, að sú hækkun, sem verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna breytingarinnar á genginu, skuli færð á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þetta ákvæði er alveg samhljóða fyrirmælum, sem sett voru í lögin um efnahagsmál í febrúar 1960, þegar stóra gengisbreytingin var gerð. Ég óskaði upplýsinga um það í fjhn., þegar þetta mál lá þar fyrir, hvað hefði verið fært á þennan reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, bæði samkv. efnahagsfrv. frá 1960 og samkv. þessum brbl. frá s. l. ári. Af þeirri skýrslu, sem nefndin fékk frá Seðlabankanum, kemur fram, að hallinn á þessum reikningi hefur orðið um 190 millj. kr. Er það allt vegna gengisbreytingarinnar í febrúar 1960. Aftur á móti hafa innstæður í erlendum gjaldeyri verið nokkru meiri en skuldirnar, þegar genginu var breytt í sumar, og kom þar fram gengishagnaður um 2 millj., þegar það var upp gert. Í ársskýrslu Seðlabankans fyrir s. l. ár er skýrt frá því, hvernig hafi farið með þessa skuld, þessar 190 millj., sem söfnuðust vegna gengistapsins í sambandi við breytingu á genginu. Til þess að greiða þessa skuld hafa verið teknar innstæður á tveim reikningum í Seðlabankanum, sem voru búnar að vera þar árum saman, innstæður í mótvirðissjóði og á svokölluðum skuldagreiðslureikningi, og nam þetta hvort tveggja 112.5 millj. Síðan hefur bankinn afskrifað 37.6 millj. af tapinu árið sem leið, en fært á gengistapsreikning 40 millj. Eru þær óafskrifaðar um síðustu áramót.

En samkv. efnahagsreikningi Seðlabankans fyrir næstliðið ár hefur myndazt innstæða á árinu sem leið í nýjum mótvirðissjóðsreikningi hjá bankanum, sem nemur 75,3 millj. kr. um það bil. Og um þetta segir svo í ársskýrslu bankans:

„Þar er um að ræða 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar. Í árslok höfðu verið notaðar tæplega 2 millj. dollara af þessari fjárveitingu."

Samkv. þessu má gera ráð fyrir og er raunar alveg víst, að inn á þennan reikning kemur mikið til viðbótar, þannig að þessi fjárhæð, sem komin var um áramótin, a. m. k. þrefaldast, því að bankinn segir, að það sé tæplega þriðji partur af heildarframlaginu kominn. Það verður því töluvert á þriðja hundrað millj. íslenzkra króna, sem kemur inn á þennan reikning, sennilega áður en langt líður. Einmitt með hliðsjón af því, að þarna er að myndast stór inneign hjá Seðlabankanum í mótvirðissjóði, tel ég rétt að leggja til, að gengistap, sem fram hefur komið vegna gengisbreytinganna síðustu tvö árin hjá þremur lánasjóðum, Ræktunarsjóði Íslands, Byggingarsjóði sveitabæja og fiskveiðasjóði, verði fært á nýjan reikning í Seðlabankanum á nafni ríkissjóðs, og mætti þá síðar nota hið nýja mótvirðisfé, ef ástæða þætti til, til greiðslu á skuld, sem myndast á þeim reikningi. Það er talið, að gengishallinn á lánum ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs í Búnaðarbankanum muni nema alls um 123 millj. Er þá talið gengistapið, sem kom fram við gengisfellinguna 1960 og einnig á s. l. ári. Og ég hef fengið þær upplýsingar viðkomandi Fiskveiðasjóði Íslands, að gengistap í sambandi við gengisfellingarnar á erlendum skuldum sjóðsins muni vera 37—38 millj. kr.

Þessir sjóðir eru allt stofnanir, sem ríkið ber ábyrgð á og eru ríkisstofnanir. Það hafa verið tekin lán handa þeim í erlendum gjaldeyri, og þess vegna koma fram þessi gengistöp. Ég tel mjög eðlilegt og raunar alveg sjálfsagt, að það verði farið á sama hátt með gengistöp þessara sjóða og með gengistöp ríkissjóðs og Seðlabankans vegna annarra erlendra lána, sem tekin höfðu verið til að mæta lánsfjárþörf þjóðarinnar. Mér sýnist það svo eðlileg og sanngjörn krafa, að um þetta ætti ekki að geta verið ágreiningur. Þessir sjóðir allir þurfa að losna við þessi töp. Þeir eru allir þannig settir, að þá vantar meira fé til útlána í framtíðinni, og þeir geta ekki borið þennan halla, enda engin sanngirni í því. Og fráleitast af öllu tel ég það, sem till. hefur komið fram um nýlega, að leggja sérstakan skatt á bændastéttina, m. a. til þess að greiða gengistöp hjá sjóðum Búnaðarbankans. Það þótti ekki koma til mála, þegar þessi lán voru tekin handa sjóðunum, að lána féð út aftur til landbúnaðarins með þeim skilyrðum, að lántakendur greiddu gengistöp, ef þau kynnu að koma fram, og það hefur enginn talið, að slíkt hefði verið eðlilegt, fyrr en þá nú, þegar þessi till. kemur fram um að láta bændur borga þetta með þeim hætti að leggja á þá sérstakan launaskatt.

Ég flyt því brtt. við 1. gr. frv. um þetta mál. Till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að við 1. gr. bætist ný mgr., þannig:

„Hækkun á erlendum skuldum Ræktunarsjóðs Íslands, Byggingarsjóðs sveitabæja og Fiskveiðasjóðs Íslands vegna breytinga, sem orðið hafa á gengi íslenzkrar krónu eftir 1. jan. 1960, skal færð á sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Fjmrn. og Seðlabankanum er heimilt að semja um það sín á milli, að fé úr mótvirðissjóði í vörzlum bankans verði varið til greiðslu á þeirri skuld, er myndast samkv. ákvæði 1. málsl. þessarar mgr."

Þarna er tekið upp heimildarákvæði efnislega eins og ákvæði til bráðabirgða í lögum um Seðlabanka Íslands frá 1961, og hefur það þegar verið notað og samið á grundvelli þess lagaákvæðis um greiðslu á því gengistapi, sem fram kom árið 1960, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Næsta brtt. mín er við 6. gr. frv. og er um það, að greinin falli niður. Samkv. 6. gr. á að taka eignarnámi hluta af andvirði útfluttra afurða, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, ef greiðsla fyrir þessar vörur hefur ekki verið komin fyrir 1. ágúst 1961. Samkv. greininni á þetta að gerast með þeim hætti, að þegar útflytjendur skila til banka gjaldeyri fyrir þessar afurðir, þá fá þeir hann greiddan á því gengi, sem gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ég tel mjög óréttmætt að taka þannig af útflytjendum hluta af verði útflutningsvörunnar, og ég tel mjög varhugavert og raunar mjög hæpið, að það sé nokkur heimild

til þess samkv. stjórnarskránni að framkvæma slíkt eignarnám, án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Engar tillögur hefur hæstv. stjórn flutt um það að selja þeim mönnum erlendan gjaldeyri á gamla genginu, sem höfðu flutt til landsins vörur, fengið andvirðið lánað, en menn hafa verið mjög hvattir til þess síðustu tvö árin að nota möguleika til að fá vörulán erlendis. Þeir, sem hafa fengið lán erlendis til vörukaupa og skulduðu þess vegna, þegar genginu var breytt í sumar, verða að kaupa gjaldeyri með nýja genginu til greiðslu á þessum skuldum. En ef þessir sömu menn eða sömu fyrirtæki, sem þannig verða fyrir gengistapi, vegna þess að þau skulda erlendis, eiga útflutningsvörur ógreiddar, þá fá þau greiðslu fyrir þær samkv. gamla genginu, þ. e. a. s. það er heimtaður af þeim gjaldeyrir fyrir þessar útflutningsvörur og reiknaður á lægra gengi en nú gildir. Þetta verður þannig í mörgum tilfellum, að sömu mennirnir eða sömu fyrirtækin, sem skulda erlendis og þurfa að borga 43 kr. fyrir dollarinn, þegar þau borga þær skuldir, fá á sama tíma aðeins 38 kr. fyrir hvern þann dollar, sem þau skila fyrir útflutningsvörur. Mér sýnist vera mjög fráleitt að fara þannig að, menn séu þarna miklum rangindum beittir. Þetta bitnar fyrst og fremst á útgerðarmönnum, því að útflutningsvörurnar eru að mestu leyti frá sjávarútveginum. Margir þeirra skulda erlendis fyrir báta eða skip, sem þeir hafa keypt að undanförnu, og þurfa að borga til útlanda bæði vexti og afborganir af þeim skuldum. Þá kemur þetta vitanlega mjög illa við þá og þeir eru þarna rangindum beittir. Það eru mörg dæmi, sem hægt er að nefna um þetta, hvað þetta er óréttmætt. Þeir, sem framleiddu útflutningsvörur t. d. í júlímánuði í sumar, verða að skila gjaldeyri fyrir þær á gamla genginu, en þeir, sem framleiddu útflutningsvörur í ágústmánuði, eiginlega með alveg nákvæmlega sama kostnaði og var í júlí, því að breyting á kaupgjaldinu varð í júnímánuði, fá aftur hærra verð fyrir sinn gjaldeyri. Náttúrlega er þetta í fullkomnu ósamræmi við það, sem ríkisstj. sagðist ætla að stefna að, þegar hún kom til valda. Nú áttu atvinnuvegirnir að standa á eigin fótum. Það átti að hverfa frá öllum uppbótum. Og það var sagt einnig, að menn yrðu að búa við hið skráða gengi, eins og það væri á hverjum tíma. Þetta framferði er vitanlega í æpandi ósamræmi við þær yfirlýsingar.

Till. mín er því sú, að þessi grein falli niður.

Þá flyt ég loks brtt. við 7. gr. Þeirri grein hefur nú verið breytt nokkuð eftir tillögum frá meiri hl. hv. fjhn. Greinin er um það að hækka ákaflega útflutningsgjald af sjávarafurðum, og þessari hækkun er ætlunin að verja þannig, að um það bil helmingur af henni fari til þess að greiða vátryggingargjöld fyrir fiskiskip, en hinn helmingurinn eða því sem næst á að fara í lánsstofnun fyrir sjávarútveginn. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að þessi hluti færi til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en samkv. frv., eins og það er nú eftir 2. umr., á þessi hluti af hækkuninni að fara til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstj. Ég tel alrangt að hækka gjöld á sjávarútveginum í því skyni að afla fjár til lánastofnana. Sjávarútvegurinn á eins og aðrir atvinnuvegir — og ekki síður en aðrir — að fá nauðsynlegt rekstrarfé úr bönkum og lánasjóðum þjóðfélagsins af því sparifé og öðru lausu fé, sem til er til útlána, en það er engin sanngirni í því að leggja á hann sérstaka skatta til þess að afla fjár til lánveitinga. Að vísu hefur það verið svo um alllangan tíma, að nokkurt gjald hefur verið lagt á útfluttar sjávarafurðir og það runnið til fiskveiðasjóðs. En þó að svo hafi verið, tel ég rangt að hækka álögur á sjávarútveginn í þessu skyni. Till. mín er því um það, að síðasti málsl. 4. mgr. 7. gr. verði umorðaður og orðist svo:

„Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal útflutningsgjaldið lækkað um 30% og framlögin til trygginganna minnka sem því svarar."

En ákvæðið er þannig nú í frv., að fyrst um sinn eiga 62% af útflutningsgjaldinu að fara til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962 samkv. reglu, sem sjútvmrn. setur, en síðan segir: „Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til trygginga fiskiskipa samkv. ákvörðun sjútvmrn. og 30% til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstj." Samkv. þessu eiga framlögin til trygginganna að lækka úr 62% niður í 32, þegar lokið er greiðslum á vátryggingariðgjöldum fyrir árin 1961 og 1962, en 32% að fara til stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Ég legg hins vegar til, að framlögin til trygginganna verði 32%, eins og gert er ráð fyrir í frv., eftir að lokið er greiðslum tryggingariðgjalda fyrir þessi tvö ár, en þá verði útflutningsgjaldið lækkað um 30% í stað þess að láta það haldast óbreytt og greiða þessi 30% til stofnlánasjóðanna. Um þetta er mín brtt.

Það er ýmislegt í þessu frv., sem ástæða hefði verið til að ræða um meira en gert hefur verið, en ég mun þó sleppa því að mestu. Þó eru hér ákvæði í 6. og 7. gr., sem ég vildi leyfa mér að óska upplýsinga um.

Í 1. mgr. 6. gr. segir: „Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961." Og síðan segir: „Ríkisstj. kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir." Mér sýnist í upphafi greinarinnar, að til þess sé ætlazt, að gjaldeyrir fyrir allar afurðir verði greiddur með þessum hætti. Ég vildi gjarnan fá á þessu nánari skýringar frá hæstv. stjórn, — það er hæstv. forsrh., sem stóð að útgáfu þessara brbl., — hvort gert sé ráð fyrir því, að einhverjar af útfluttum afurðum verði þarna undanþegnar og þá hverjar.

Þá er það 7. gr., en hún er um útflutningsgjaldið af sjávarafurðunum. Í 1. og 2. mgr. eru þau ákvæði, að útflutningsgjaldið skuli frá gildistöku laganna nema 6% af fob-verði afurða reiknað á nýju gengi, og síðan segir í 2. mgr. um útflutningsgjald af niðursoðnum sjáv-

arvörum og afurðum frá selveiðum, að það skuli vera 2%. En síðan segir í 3. mgr.: „Ríkisstj. kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. mgr.“ Í 1. mgr. segir, að útflutningsgjald af sjávarafurðum, þ. á m. hvalafurðum, skuli vera eins og þar greinir, en í 3. mgr., að ríkisstj. kveði nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæðin. Getur verið nokkur vafi á því, hvað séu sjávarafurðir? Hvernig ber að skilja þetta í 3. mgr., að ríkisstj. eigi að kveða nánar á um þetta? Ég sé ekki betur en það sé alveg undantekningarlaust, ákvæðið í 1. mgr. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að frátöldum þeim, sem taldar eru í 2. mgr., sem koma þarna í lægri gjaldstiga. Ég fæ þess vegna ekki skilið, hvernig stendur á þessu ákvæði 3. mgr. um ákvörðunarvald ríkisstj. í þessu efni, og vildi fá á því skýringar.

Ég mun, hæstv. forseti, geta afhent mínar skriflegu brtt. innan mjög lítillar stundar.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Hæstv. forseti. Ég taldi miður ráðið að taka þetta mál nú til 3. umr., svo seint á þessum fundi, og hefði talið rétt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar. Ég held, að það eigi ekki að þurfa að tefja málið hér neitt að ráði í afgreiðslu og það sé ekki líklegt, að umr. þurfi að verða ýkjamiklar um málið, úr því sem komið er. En hér eru á ferðinni margslungnar og nokkuð flóknar tillögur um stórmál. Sumar þessara tillagna eru nú að koma fram, og þær gætu gefið tilefni til þess, að aðrar brtt. einnig við þær kæmu fram, en það er ekki gott að átta sig á því á síðasta stigi málsins og eins og þetta ber allt saman að.

Þá vil ég einnig benda á, að ég held, að það séu þeir ágallar á frv., eins og það er, að það sé hætt við því, að ríkisstj. spari sér engan tíma á því að ætla að ljúka umr. nú í nótt. Ég vil benda á það t. d., að í 8. gr. frv., eins og hún er nú, hefur verið gerð breyting frá því, sem sagði í brbl., sem sett voru um þetta mál í sumar, og þar er gert ráð fyrir því, að ákveðin endurgreiðsla komi nú til greina á þeirri hækkun, sem verður á hlutatryggingasjóðsgjaldinu, því að það hafði komið í ljós, að ákvæði, sem voru í 7. gr., dugðu ekki í þessum efnum. Ef þau ein hefðu staðið, þá hefði þetta leitt til frekari hækkunar á útflutningsgjaldi á eldri birgðunum en ætlazt hafði verið til. En sú breyting, sem nú hefur verið gerð frá brbl., er þannig orðuð, að hún nær ábyggilega ekki tilgangi sínum. En í 2. mgr. 8. gr. frv. segir nú á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurgreiða skal útflytjendum samkv. umsóknum þeirra 47% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á síldarafurðum og 65% greidds hlutatryggingasjóðsgjalds á öðrum gjaldskyldum sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961,“ en svo er bætt við: „útfluttum eftir gildistöku þessara laga.“

Þessi endurgreiðsla, sem þarna er verið að gera ráð fyrir, þarf og á að koma einnig á þær vörur, sem framleiddar höfðu verið á þessum tíma, en hafa verið fluttar út, frá því að brbl. voru sett í sumar og þangað til þessi lög verða sett. En þetta ákvæði, sem hér er, nær ekki út yfir þetta. Brbl. eru í fullu gildi, þar til þessi lög taka við, og það þarf að umorða þetta.

Það var ekki ætlun mín að fara að hefja hér miklar umr., en ég vildi aðeins skjóta því til hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj., hvort ekki gæti orðið samkomulag um að fresta málinu nú og taka það aftur fyrir á nýjum fundi á morgun, ljúka sem sagt ekki umr., þannig að opið standi að flytja brtt. og tala fyrir þeim, þar sem málið liggur svona fyrir, eins og ég hef nokkuð drepið á. Í von um það, að við þessari ósk minni verði orðið, mun ég ekki ræða frekar um málið.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 503, 505, 506).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að láta það koma fram, áður en umr. lýkur, að síðan rætt var um þetta mál á fundi d. í gærkvöld, hef ég fengið nýjar upplýsingar um eitt atriði í frv. Það er um þann gengismun, sem á að gera upptækan samkvæmt 6. gr. frv.

Þegar málið var í fjhn., óskaði ég eftir upplýsingum um það, hvað þessi gengismunur mundi verða mikill alls, og n. fékk áætlun um það frá Seðlabanka Íslands, sem er dags. 7. des. 1961. Þar er áætlað, að gengishagnaðurinn muni alls nema um 150 millj. kr. Ég óskaði síðar eftir vitneskju um það, hvað mikið af þessu fé mundi fara til að endurgreiða hluta af útflutningsgjaldi samkvæmt ákvæðum í frumvarpsgr. og hvað mikið mundi fara til ríkisins. Nú fékk ég í morgun þær upplýsingar, að þessi áætlun Seðlabankans sýndi þann gengishagnað, sem verða mundi, eftir að búið væri að greiða hluta af útflutningsgjaldinu. Þar kemur fram, að gert er ráð fyrir, að þessar 150 millj. fari til ríkissjóðs, þó að frádregnum 13 millj., sem segir í gr., eins og hún nú er, að heimilt sé að nota til að greiða það, sem á vantar, til þess að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu vátryggingagjalda fiskiskipa árið 1960.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram. Þetta er að heita má að öllu leyti skattur á sjávarútveginn, því að þarna er nær eingöngu um sjávarafurðir að ræða, framleiddar fyrir 1. ágúst s. l.

Það hefur verið sýnt fram á í umr. um gengislækkunina, að vegna atvinnuveganna var engin þörf að breyta genginu, þrátt fyrir þær kauphækkanir, sem urðu í júnímánuði. Það skýrist um leið æ betur fyrir mönnum, að það eru aðrar ástæður, sem liggja hér á bak við. Hæstv. ríkisstj. hefur notað þessa aðferð, lækkun íslenzku krónunnar, til þess að ná peningum inn í ríkissjóðinn, miklum peningum. Menn segja svo til um það, þegar þeir greiða atkv. um 2. brtt. mína á þskj. 505 um að fella þessa 6. gr. niður, hvort þeir telja það sanngjarnt og sæmilegt að taka með ákvæðum þessarar frumvarpsgr. mikið á annað hundrað millj. af sjávarútveginum inn í ríkissjóðinn, bæta því við aðrar kvaðir ýmsar, sem á atvinnurekstrinum hvíla.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Í umr. hér í gær innti hv. 3. þm. Norðurl. e. eftir því, hvort hægt væri að gefa upplýsingar um, hve miklu mundi nema að krónutölu útflutningsgjaldið, ⅝ hlutar, af framleiddum sjávarafurðum frá því í febr. 1960 og þar til gengisbreytingin varð á s. l. sumri, sem ætti að endurgreiða, og þá einnig hlutatryggingasjóðsgjald af sömu vörum, en eins og fram kemur í frv., eru þetta ⅝ af útflutningsgjaldinu.

Eftir upplýsingum Seðlabankans frá því í desember voru birgðir sjávarafurða í landinu 31. ágúst s. l. 937 millj. kr., og það er á þessar birgðir, sem kemur 6% útflutningsgjald, en ⅝ af því eiga að endurgreiðast. Það eru sem sagt 4% af þessari upphæð, og það eru nálægt 37 millj. kr., sem þá mundu endurgreiðast af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum framleiddum á þessum tíma og líklega eitthvað á milli 6 og 8 millj. kr. hækkun, sem á að fara í hlutatryggingasjóðinn, útflutningsgjaldið, sem þangað á að renna.

Þá kom fram í umr. í gærkvöld aths. við 8. gr., sem á rökum var reist, að þar þyrfti að gera á breytingu, og það er í prentun brtt. til leiðréttingar þar. Í 2. mgr. er talað um endurgreiðslu til útflytjenda á greiddum hlutatryggingasjóðsgjöldum af síldarafurðum og öðrum gjaldskyldum sjávarafurðum, framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, en útfluttum eftir gildistöku þessara laga, þar er átt við útfluttum eftir gildistöku brbl. sennilegast. Þessi ruglingur hefur komið inn vegna ákvæðis 7. gr., sem er að vissu leyti hliðstætt, þar sem talað er um, að allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skuli greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim, um leið og útflutningsgjöld eru afgreidd, o. s. frv. En það ákvæði var í brbl. og er til staðfestingar á brbl. Hins vegar kemur þetta ákvæði um endurgreiðslu til útflytjenda vegna gjalds til hlutatryggingasjóðs inn sem nýmæli eða breyting, sem fjhn. flutti að beiðni ríkisstj., og mundi þess vegna verða frá gildistöku þessara laga, eins og þar stendur, og þá mundi þetta ekki koma til framkvæmda fyrr en frv., sem nú liggur fyrir, yrði að lögum, en það á auðvitað við um allan tímann, frá því að brbl. tóku gildi. Brtt. er þess vegna um það, að í stað þessara orða: „en útfluttum eftir gildistöku þessara laga," í 8. gr. komi: en útfluttum eftir 3. ágúst 1961, þ. e. frá þeim degi, sem brbl. tóku gildi. Þessari brtt. verður útbýtt hér innan stundar.

Um brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. á þskj. 505 skal ég ekki fjölyrða. Ég vil þó aðeins segja það, að mér finnst það óviðkomandi þeirri gengisbreytingu, sem átti sér stað í sumar, og ráðstöfunum vegna hennar að taka inn ákvæði um greiðslu gengishalla, sem tilteknir stofnlánasjóðir hafa orðið fyrir eftir 1. jan. 1960. Það hefði þá sannarlega átt heima í gengisbreytingalögunum, sem afgreidd voru í febrúarmánuði 1960. Þegar þar við bætist varðandi landbúnaðarsjóðina, að til meðferðar er hér í þinginu frv., sem leysir þeirra vanda miklu betur að mínum dómi en þetta eitt, þó að gengishallinn yrði borgaður af þeim reikningi, sem hér er um að ræða, því að það er séð fyrir framtíðarþörfum þessara sjóða, þá finnst mér af þessum ástæðum, að þessi brtt. eigi engan rétt á sér.

Um hinar brtt. skal ég ekki fjölyrða. Það er ósköp eðlilegt, að það séu nokkuð skiptar skoðanir um það, sem þar um ræðir, og um hæð útflutningssjóðsgjaldsins. Ég vék að því í minni framsöguræðu og held, að það sé ekki fleira á þessu stigi málsins, sem ég þarf að taka fram.

Björn Pálsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði hér nokkur orð í gær, spurðist fyrir um það, hvort við vildum sætta okkur við, að bændur fengju hliðstætt verð og gerist í nágrannalöndum okkar, ef þeir hefðu svipuð láns- og vaxtakjör og þar gerðust. Las hann upp máli sínu til sönnunar nokkur atriði viðvíkjandi verðlagi í Danmörku og hér. Það er rétt að taka það fram, að verðlag á landbúnaðarafurðum er sérstaklega lágt í Danmörku. Og í öðru lagi virtist hæstv. ráðh. einkum nefna verð á þeim vörutegundum, þar sem er tiltölulega óhagstætt verð á íslenzkum vörum í samanburði við danskar.

Ég er nú búinn að fá þetta verðlag upp síðan í gær, og þá er t. d. verð á fyrsta flokks nautgripakjöti í heildsölu hér kr. 24.85, en í Danmörku er það á fyrsta flokks nautgripakjöti kr. 27.36, þannig að það er lægra hjá okkur. Á kjöti af fullorðnum kúm er það 20.40 hér, en 19,90 í Danmörku. Á kjöti af nautum er það 22.70 í Danmörku, en 23.40 hér, þannig að nautgripakjötið er á mjög svipuðu verði. Kjöt af hrossum í Danmörku, og er það lakara hrossakjöt en við höfum, er 23 kr., 13.45 hér í heildsölu. Og kjöt af dilkum, sem er okkar aðalframleiðsluvara, er 35.75 í heildsölu í Danmörku, en 29.45 hér. Svo er smásöluverðið hérna 37 eða 38, en það fer í smásölukostnaðinn. Heildsalan er 29.45, þannig að dilkakjötið er mun lægra hérna. Í Danmörku var mjólkin 1. okt. í haust 85 aurar danskir, og það gerir 5.32, þetta er útsöluverð, en hér var hún á 6.88, þegar niðurgreiðslunum er bætt við útsöluverðið. Þetta er danska verðið á þeim vörum, sem eru okkar aðalmarkaðsvörur. Verðmunur á eggjum er talsverður og eins á smjöri. Viðvíkjandi eggjunum eru það ekkert frekar bændur en kaupstaðabúar, sem framleiða þau. Ef það yrði frjáls innflutningur á smjöri, má búast við, að það lækkaði hér. Svo fékk ég verð á norsku kjöti. Það er í heildsölu 7.27 á fyrsta flokks nautgripakjöti, en það þýðir 37.81 kr. í Noregi, en á Íslandi 24.85, þannig að það er rúmlega þriðjungi dýrara þar. Kýrkjötið er í Noregi 36.36, en hér 20.40 kr. Lambakjötið er í Noregi í heildsölu 43.86, en hér 29.45, og smásöluverð á lambakjötinu í Noregi er 62 kr., enda fær norski bóndinn miklu meira fyrir dilkinn en íslenzki bóndinn. Hrossakjötið er í Noregi 28.88 og er þó miklu verra en okkar hrossakjöt, en hjá okkur, eins og ég las upp áðan, 13.45. Ég held því, að við þyrftum ekki að kvíða þessum verðsamanburði. Noregur er á margan hátt líkari Íslandi en Danmörk. Mjólkin í Noregi er nú — hún er heldur lægri sumarmánuðina, en nú er hún 5.53, en hér, eins og ég las upp áðan, 6.88.

Þetta er verðið á okkar aðallandbúnaðarvörum, á kjötinu og mjólkinni, hjá okkur og hjá Norðmönnum og Dönum. Það munar miklu í Noregi, hvað það er óhagstæðara en hér, sérstaklega kjötið. Íslenzkir bændur hafa jafnan unnið fyrir frekar lítið kaup, kjör þeirra voru harla bágborin, þar til sala landbúnaðarvara var skipulögð. Ég er einn af þeim, sem alltaf hafa haldið því fram við bændur, að við yrðum að stilla okkar kröfum í hóf, vegna þess að það er takmörkuð kaupgeta hjá fólkinu í kaupstöðunum, en þar fyrir skal ég viðurkenna það, að bóndinn fær allt of lítið fyrir sína vinnu miðað við það, sem hann þarf að borga, því að viðhald á vélum og öllu slíku er orðið svo óstjórnlega dýrt. Það er ekkert gert til að gera þetta skaplegt. Ég þurfti t. d. örlítið að láta gera við mjaltavélamótor, og smávarastykki kostuðu á annað þús. kr. Svona eru allir hlutir, sem bóndinn þarf að kaupa. Það er skattlagt bæði með söluskatti og innflutningstollum og ekkert tekið tillit til þess, þó að eigi að nota það til atvinnurekstrar. Danir láta sína bændur hafa lán til 70—80 ára með 2 og 3% vöxtum, meðan íslenzkir bændur hafa 15—20 ára lán með 6½% og jafnvel upp í 10% vexti. Það er þess vegna ekkert líkt, hvað slíkir bændur eiga hægara með að framleiða ódýrar vörur. Danir halda m. a. verðlaginu niðri á sínum landbúnaðarvörum með því að útvega bændum hagstæð lánskjör. Þetta gætum við vitanlega líka. Í verðlagningu afurðanna er tekið tillit til vaxtanna. Það, sem er lakast við þetta allt saman, eru mismunandi vextir, mismunandi kjör bænda, þannig að við, sem erum búnir að gera hlutina og fá hagstæð lán, höfum tiltölulega góða aðstöðu, en þeir, sem eru að byrja, hafa vonda aðstöðu. Eftir því sem lánskjör bændanna verða lakari, eykst tilkostnaðurinn við framleiðsluna, og þá verður verðið að hækka til neytendanna. Það er óhjákvæmilegt.

Ég held satt að segja, að það þurfi ekki að fárast yfir því, hvað bændur fái mikið fyrir sínar afurðir, miðað við þau lánskjör, sem þeir verða að búa við, eins og nú er komið. Og satt að segja eru þessar framkvæmdir gagnvart unga fólkinu, sem er að hefja framkvæmdir í landinu, svipaðar og hjá bónda, sem ber áburðinn á túnið, sem er nokkurn veginn fullsprottið og vel ræktað, en lætur þá hluta túnsins, sem skortir áburð og eru að byrja að spretta, vera áburðarlausa. Þeim er hjálpað, sem bezt hafa kjörin, en þeim er minnst hjálpað, sem erfiðasta hafa aðstöðuna og eru að hefja framkvæmdir. — Svo ekki meira um þessi landbúnaðarmál í bili, það verður víst tækifæri til þess seinna.

En viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá álít ég, að allar brtt. hafi í sjálfu sér ekkert að þýða, úr því sem komið er. Það eina, sem hægt er að gera, er að vera á móti þessu rangláta frv. Ég sýndi fram á það í gær, að gengislækkunin var ónauðsynleg vegna fiskvinnslustöðvanna, og það var sá aðilinn, sem erfiðast átti með að hækka kaupið.

Það, sem aðallega er borið við í grg. ríkisstj., er, að þetta mundi auka kaupmáttinn, þannig að gjaldeyrisjöfnuðurinn yrði óhagstæður. Ríkisstj. hafði nóg ráð til að hindra þetta, ef um það var að ræða. Og m. a. gat hún lækkað bæði niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og hún gat einnig lækkað tryggingarnar. Þannig gat hún dregið úr kaupmættinum, ef hann var of mikill. Þetta hafði hún alveg í hendi sér. Þess vegna þurfti ekki að lækka gengið vegna greiðslujafnaðarins út á við. En það var lækkað í fyrsta lagi til þess, að stjórnarandstaðan gæti ekkert þakkað sér, og í öðru lagi af því, að ríkisstj. þurfti að fá peninga í ríkissjóðinn.

Það eru teknar um 150 millj. í gengismismuninum af útveginum, eins og ég sýndi fram á í gær. Og það er gert meira, í leiðinni er útvegurinn stórkostlega skattlagður. Á fundi í L. Í. Ú. í fyrra urðu miklar umr. um þetta, og ég sýndi fram á, hversu gífurlega við værum skattlagðir. Og þá var send nefnd til ríkisstj. Hún ræddi við ríkisstj. um að breyta framlaginu til stofnlánadeildarinnar þannig, að sú upphæð fengi að ganga til tryggingarnna. Þetta er 1.8% af útflutningsverðmæti fob., sem þýðir 3.6% af verðmæti fisks upp úr sjó. Ríkisstj. tók þessu ekki illa, og þegar þessi nefnd kom aftur, sagði hún okkur, að þessu fé mundi verða varið til tryggingarnna, og það datt engum manni í hug annað en ríkisstj. væri fullkomlega búin að hverfa frá því að taka þetta til lánastofnananna. Hvorki ég né aðrir létu sér detta í hug, að þetta yrði tekið til lánastofnananna eftir næstu áramót, eins og kemur fram í þessu frv. Enn fremur var farið fram á það við ríkisstj., að hún lækkaði vextina. Og þessi nefnd, sem fór fyrir útgerðarmenn á fund ríkisstj., gaf það fyllilega í skyn, að vextirnir mundu verða lækkaðir um næstu áramót. Satt að segja hafði ég ekki trú á, að það yrði. Ég sagði, að ég hefði ekki trú á vaxtalækkuninni. En ég trúði því, að þessi afturganga viðvíkjandi framlaginu í stofnlánadeildina mundi ekki koma aftur. En samkv. þessu frv. er hugmyndin, að þetta skattgjald komi til framkvæmda eftir næstu áramót.

Það, sem lagt er á útgerðina, er því í fyrsta lagi til fiskveiðasjóðs 1.8% af fob-verði vörunnar. Áður en efnahagsráðstafanirnar voru gerðar í ársbyrjun 1960, svaraði þetta til 1%, vegna þess að við þurftum ekki að borga útflutningsgjald af framlaginu úr útflutningssjóði. Svo kemur framlag til stofnlánadeildarinnar, sem eftir því, sem var að heyra á hv. frsm., mun e. t. v. verða látið ganga til fiskveiðasjóðs. Satt að segja er ég honum sammála um að vilja það frekar og finnst það eðlilegt. En þá kemur til það framlag, sem á að koma til framkvæmda eftir næstu áramót, 1.8% líka. Og svo er lagt til hlutatryggingasjóðs 1.25% og til fiskimálasjóðs 0.3%. Þetta er því til fiskveiðasjóðs 1.8%, til stofnlánadeildarinnar 1.8%, til fiskimálasjóðs 0.3% og til hlutatryggingasjóðs 1.25%. Samtals er þetta 5.15% af fob-verði allrar útfluttrar vöru og þar með af tunnunum og vinnunni við síldina. Þetta þýðir um það bil 10.30% af aflaverðmætinu, og vitanlega hlýtur þetta allt að koma við útgerðarmenn og sjómenn. Við vitum, að söltunarstöðvar og fiskvinnslustöðvar sjá um sig. Hugsið ykkur þessar gífurlegu álögur, sem á að leggja á útveginn. Og svo er

ætlazt til, að útvegsmenn steinþegi yfir þessu.

Svo á að halda áfram, svo á að fitja upp á því að flytja þennan skatt yfir á bændurna, taka vissa prósentu af því, sem þeir vinna fyrir, og það á að gera það í skjóli þess, að vissir aðilar fyrir þeirra hönd hafi gert vitleysu með því að fara að leiða asnann í herbúðirnar viðvíkjandi þessari blessaðri bændahöll. En það er ekki nóg fyrir þessa hv. stjórnarflokka að gera vitleysur í skjóli þess, að einhverjir flokkar áður eða einhverjir menn hafi gert einhverjar vitleysur, sem eru þó e. t. v. miklu minni. Ég skal játa, að ég hef alltaf verið á móti því að innleiða þetta skattgjald vegna bændahallarinnar. En það er ekki til að bæta úr því að bæta viðbótargjöldum við, þannig að í heild verði tekið um 2% af brúttótekjum bóndans. Það þýðir milli 4 og 5% af kaupi hans. Ég skal játa, að það er tiltölulega betra en gagnvart útveginum, en þessar álögur gagnvart útveginum eru gersamlega óþolandi. Og ég er sannfærður um, að útgerðarmenn munu ekki þola þær. Með einhverju móti í gegnum samtök sín munu þeir brjóta þessa kúgunarskatta af sér. Ég veit, að rekstrarfjárþörfin er mikil. En það eru ekki útgerðarmenn og það eru ekki bændur, sem bera ábyrgð á hinni sívaxandi rekstrarfjárþörf, heldur er það ríkisvaldið og þeir, sem hafa stjórnað, vegna þess að það hefur stöðugt verið að lækka gengið og þótt sparifé hafi myndazt, hefur verðþenslan eða réttara sagt minnkandi verðgildi íslenzkrar krónu gert meira en gleypa þetta, svo að það minnkar ekkert rekstrarfjárskorturinn, jafnvel vex.

Útgerðarmenn og bændur eiga ekki sök á því, að gengið var fellt í ársbyrjun 1960 meira en þurfti, og þeir eiga ekki sök á því, að gengið var lækkað í sumar. Aðeins kostnaðinn við að byggja einn bát í kringum 100 rúmlestir og kaupa veiðarfæri til þess að geta gert hann út eykur gengislækkunin í sumar um 13%. Miðað við, að báturinn kosti 8—9 millj., eykur það útgjöld þess manns, sem þarf að kaupa bátinn, um ca. 1200 þús. kr. Af þessari upphæð þarf hann að borga vexti og afborganir. Það, sem er því verið að framkvæma hér, er, að það á að taka 10% af brúttótekjum sjómanna og útgerðarmanna og leggja í lánastofnanir, sem ríkið á og útgerðarmennirnir fá ekki að ráða yfir, og þeir fá einu sinni ekkert að segja um það, hvað vextir eiga að vera. Þingið fær ekki einu sinni neitt að segja um, hvað vextirnir eiga að vera. Sem sagt, það á að taka þarna nokkurs konar eignarnámi jafnvel svo að skiptir hundruðum millj. Þetta verður sennilega í heild um 150 millj. kr. á ári. Það á að taka þetta fé, og svo á að lána útgerðarmönnum þetta aftur með 6½% vöxtum, sem ég vil kalla allt að því okurvexti, þegar um eigið fé er að ræða. Þeir fá ekki að ráða yfir þessu, — enginn nema Seðlabankinn og ríkisstj. Ég hef átt tal um þetta við lögfræðing, og hann leit svo á, að þetta væri ekki löglegt, ríkisstj. hefði vald til að leggja á skatta fyrir ríkið, en ekki að skattleggja menn svona til lánsstofnana. Ég hef verið að hugsa um, hvort það væri ekki rétt að láta fara fram prófmál um þessa hluti, hvort þetta væri löglegt. Við viljum allir efla fiskveiðasjóð og höfum viljað honum vel, en það verður að vera eitthvert hóf á þessu. Þarna er gengið of langt.

Gengismismunurinn um 150 millj. er tekinn, og það eru greiddar með honum ríkisábyrgðir, og það er búið að greiða fyrir togaraflotann, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti hér um daginn, um 130 millj. kr. í ábyrgðir. Og hvað er svo gert til þess að innheimta þessar ábyrgðir? Ég veit ekki betur en það sé verið að verzla með 250 tonna togarana, það sé verið að selja þá fyrir þetta eina og tvær milljónir auk þess, sem er ógreitt hjá ríkinu. 1/10 hluti af verði þeirra upphaflega var greiddur, svo hefur enginn borgað neitt, hvorki vexti né afborganir, og það er ekkert hugsað um að innheimta þetta. Það liggur við, að það sé farið að braska með þessi skip þannig, að þeir, sem kaupa þau, reikni með að þurfa aldrei að borga þessa upphæð. Ég veit ekki til, að það hafi verið farið þannig að við bátana. Það, sem kaupendurnir geta ekki fengið að láni í fiskveiðasjóði út á fyrsta veðrétt, hafa þeir orðið að ábyrgjast persónulega, og ríkið þarf ekki að borga þar ábyrgðir. Það er ekkert vit í þessu, að fyrir vissa tegund af skipum gangi ríkið í ábyrgð og einstaklingar og fyrirtæki kaupi þessi dýru tæki með það fyrir augum að borga þau ekki, nema um verulegan gróða af þeim sé að ræða.

Ég veit, að þessar ábyrgðir fyrir togarana eru ekki allar þessari ríkisstj. að kenna. Á sínum tíma mun þingið í heild hafa samþykkt þessi lög, sem eru ákaflega ógætileg vægast sagt. Ég tala nú ekki um þessa dýrari togara, sem keyptir voru 1959 og 1960 og ríkið verður sennilega að borga að öllu leyti. En úr því sem komið er, þá er ekki hægt að skjóta sér undan þessum ábyrgðum. Það á bara að ganga fram í að innheimta það, sem innheimtandi er. Og það á að ganga jafnt yfir togara og aðra aðila. Það er þá miklu betra að gera þessi skip upp, eins og 250 tonna togarana, og menn viti, fyrir hvað þeir eru að kaupa, ef þeir kaupa þá, að það sé gert hreint og skipin séu svo seld hæstbjóðanda, komist þá í hendur þeirra manna, sem kunna að reka þau.

Það má vel vera, að ríkið hafi haft þörf fyrir þessa peninga, þennan gengismismun. En ég vil ætla, að það væri minna smyglað til landsins og e. t. v. minna svindlað á tollgreiðslum af ýmsum innlendum iðnaðarvörum. Ég vil ætla, að það hefði verið eðlilegra, að ríkið hefði litið betur eftir því, heldur en hirða þennan gengismun af útgerðarmönnum, sem sannarlega höfðu brýna þörf fyrir hann. Þetta fjármagn hefði vitanlega verið hægt að nota til að greiða niður skuldir bæði fiskiðjuveranna og útgerðarmannanna, ef þeir hefðu fengið þessa peninga, þannig að þetta hefði komið inn í bankana. Það er ekki eins og þetta fé sé algerlega sparað. Þetta er bara tekið af þessum aðilum, tekið af útvegsmönnunum, þannig að þeir geti ekki greitt skuldir sínar. Í ár eru sennilega teknar með þessum lánasköttum öllum saman og gengismismuninum milli 200 og 300 millj. af útvegsmönnum. Þeir riða ekki beinlínis í ár, vegna

þess að þetta er sennilega bezta ár fyrir útgerðarmenn, sem komið hefur. En ef um meðalár hefði verið að ræða, þá hefði það orðið erfitt. Ég held því, að það, sem þurfi að gera viðvíkjandi þessum ábyrgðum hjá þessum togurum, sé að ganga hreint til verks og gera þetta upp. Og ef menn geta ekki borgað t. d. þessa 250 tonna togara, þá þýðir ekkert annað en selja hæstbjóðanda þá og láta þá komast í hendurnar á þeim mönnum, sem eru hæfastir að reka þá, og hver verði að bera ábyrgð á sínum verkum, en ekki kaupa og kaupa í einhverju ábyrgðarleysi.

Það er sama sagan viðvíkjandi þessum gengislækkunum hvað Búnaðarbankann snertir. Dollarinn hefur lækkað úr 16 í 43 kr. á tiltölulega stuttum tíma. Þetta er stórfé, og það er náttúrlega ríkisvaldið, sem ber ábyrgð á þessu öllu saman.

Ég segi ekki, að núv. stjórn beri alla ábyrgðina. Það er ekki hægt annað en viðurkenna, að fyrrv. stjórn átti að taka vísitöluna úr sambandi. En núv. ríkisstj. ber óneitanlega mikla ábyrgð, því að gengið hefur raunverulega fallið um sem svarar 40% vegna ráðstafana, sem hún hefur gert, en ekki var brýn þörf á að gera. Það er þannig bæði með bændur og útgerðarmenn, að þeir eru menn rólyndir og vilja vel. Ég er einn í þeirra hópi og vil helzt leysa málin með friði. En ég er satt að segja dálítið hissa, ef ríkisstj. ímyndar sér, að hún geti framkvæmt þetta á þann hátt, sem gert hefur verið. Í raun og veru var launafólkið með gengislækkuninni tekið algeru steinbítstaki. Það var búið að gera samninga, og svo var allt tekið aftur. Mér er sagt, að kennarastéttin sé búin að segja upp, ætli að segja lausum stöðum sínum í vor, þannig að það hlýtur að fara að verða dálítið almenn óánægja yfir þessum aðförum að lækka gengi að óþörfu, að hirða gengismuninn, að auka rekstrarfjárskortinn með því að lækka gengið, þannig að hann gleypir algerlega sparifjármyndunina. Þó að sparifjármyndunin sé meiri í krónutölu, hverfur það allt inn í aukna rekstrarfjárþörf vegna gengislækkunarinnar. Með því að þjappa bændum saman á móti þessum nýju álögum og útvegsmönnum, þessum óhemjuálögum, sem á þá eru lagðar, þá sé ég ekki annað en ríkisstj. hljóti að veikja aðstöðu sína. Ég skal ekki segja, hvað atkv. segja, en ég er alveg sannfærður um það, að stéttasamtökin hljóta að taka til sinna ráða. Þessir útgerðarmenn eru ekki háskólaborgarar. Þeir hafa flestir byrjað af litlum efnum, jafnvel á árabátum, en það eru duglegir menn, og þeir eru með hjartað á réttum stað og þekkja lífið. Ég hef enga trú á því, að það séu ekki takmörk fyrir því, hvað hægt er að taka af þeim mikið með aðferðum, sem eru a. m. k. vafasamar, svo að ekki sé meira sagt. Ég trúi ekki öðru en þessar stéttir fari að mynda samtök. Það er hægt að taka menn steinbítstaki, en einhvern tíma verður að sleppa því. Þá verður ríkisstj. að gera sér það ljóst, að hún verður að vera fær um að taka afleiðingunum. Eina ráðið, álít ég, sem hægt er að finna núna til þess að gera fólkið ánægt, er að minnka rekstrarfjárþörfina með því að hækka gengið a. m. k. um það, sem það lækkaði um í sumar, og bæta kjör fólksins á þann hátt að gera verðgildi peninganna meira. Á þann hátt er helzt hægt að laga þetta, bæði hvað snertir kjör fólksins og rekstrarfjárskortinn, því að þessi rekstrarfjárskortur er að miklu leyti tilbúinn vegna hinna óeðlilega miklu gengislækkana. Þess vegna get ég ekki annað gert gagnvart þessu frv. en að mótmæla því og greiða atkv. á móti því.

Ég skal játa, að mér finnst útvegsmenn eiga hér furðulega fáa forsvarsmenn. Það eru e. t. v. margir, sem ekki eru kunnugir þeirra málum og þeirra atvinnurekstri. Sumir eru kunnugir því, en af einhverjum ástæðum segja þeir ekki neitt.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessar umr. verulega, úr því sem komið er. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa frv., hef bent á það, að höfuðatriði frv. er um að taka af útflutningsaðilum í landinu 150 millj. kr. í gengishagnaði og leggja í ríkissjóð, að hækka sérstök útflutningsgjöld á sjávarafurðum um 135 millj. kr. á ári og í þriðja lagi að viðhalda um óákveðinn tíma mjög ranglátu og hættulegu fyrirkomulagi, sem ríkt hefur um greiðslu vátryggingargjalda. Og ég álít, að kominn sé meira en tími til þess að breyta hér um. Og svo er það í fjórða lagi, að þetta frv. gerir ráð fyrir því að kollsteypa í rauninni því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um uppbyggingu og rekstur hlutatryggingasjóðs, og ég er andvígur þeirri breytingu líka. Ég tel því, að mín afstaða til þessa frv. komi skýrast og bezt fram þannig, að ég er á móti öllum þessum meginatriðum frv. og vil því, að frv. verði fellt. Ég hef því fáar brtt. flutt, en ég hef hugsað mér að flytja hér eina brtt., sem verður að koma fram skriflega, úr því sem komið er, og gera þá með því tilraun til þess að fá lítils háttar leiðréttingu á einu af þeim atriðum, sem frv. fjallar um. Ég hef sem sagt ásamt hv. 6. þm. Sunnl. leyft mér að flytja svo hljóðandi brtt. við 6. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Við 6. gr. bætist:

Þá er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að greiða af þessu fé gengistöp þau, sem framleiðendur útflutningsvara urðu fyrir við lækkun gengis íslenzkrar krónu þann 3. ágúst 1961, að því leyti sem þau töp hafa orðið vegna kaupa á framleiðslutækjum þeirra.“

Það, sem hér er um að ræða, er það, að með þessari tillögu er þó gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi heimild til að greiða af þeim gengishagnaði, sem ráðgert er að leggja í þennan sérstaka ríkisábyrgðasjóð, þau töp útflutningsaðila í landinu, sem þeir hafa sannanlega orðið fyrir vegna gengislækkunarinnar á s. l. sumri vegna kaupa þeirra á framleiðslutækjum. Því verður ekki neitað, að það er hart, ef framkvæma á lög með þeim hætti að gera upptækan þann gengishagnað, sem verður á tilteknum vörum vissra aðila í landinu, en ætla þeim sömu aðilum að taka á sig gengistöp af beinum tækjakaupum til þess að framleiða þessa vöru. Ég

álít, að það sé svo mikið óréttlæti í því, ef lögin yrðu framkvæmd á þennan hátt, að ég tel, að það minnsta, sem hér ætti að gera, væri að samþykkja þessa brtt. okkar um það, að ríkisstj. hefði heimild til að greiða af þessum gengishagnaði þessi töp þessara aðila.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en tel, að meginatriði frv. séu mjög ósanngjörn og óeðlileg, og því hefði verið eðlilegast að fella frv., en mér fyndist þó, að nokkur bót yrði á því, sem í frv. er sagt, ef þessi brtt. yrði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 516) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 505,1 felld með 19:11 atkv.
— 505,2 felld með 19:14 atkv.
— 516 felld með 19:14 atkv.
— 505,3 felld með 17:14 atkv.
— 506 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:15 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Sþ., 28. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 517).

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, SÓÓ.

HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, GGuðbj, BjörnJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GTh, FRV, EggÞ) fjarstaddir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi ísl. krónu, sem hér er til umr., er borið fram til staðfestingar brbl., sem voru gefin út 3. ágúst s. l. Þetta frv. hefur verið mjög mikið rætt í Nd. við þrjár umr., og kjarninn úr þeim umr. hefur birzt í öllum dagblöðum bæjarins a. m. k. og sjálfsagt blöðum úti á landi líka og í útvarpi. Ég hygg því, að það sé óhætt að ganga út frá því, að allir hv. þdm. séu kunnugir efni þessa máls, og þess vegna væri í raun og veru óþarfi að skýra það nánar en gert hefur verið. Mér þykir þó líklegt, að það þyki þinglegra að fylgja því úr hlaði með örfáum orðum, og ég mun gera það, en halda mér algerlega við málið sjálft, þó að umr. í Nd. hafi mjög farið á víð og dreif og að sumu leyti kannske líkzt meira eldhúsdagsumr. en umr. um slíkt mál.

Í þessu frv. eru nokkur ákvæði, sem eru eðli málsins samkv. venjuleg í lögum um breytingu á verðmiðlinum, krónunni, og þau ákvæði hygg ég að hafi ekki valdið neinum ágreiningi. Ég nefni þar t. d. ákvæði 1. gr., sem efnislega eru þau, að gjaldeyrisgróði gjaldeyrisbankanna skuli af þeim tekinn og varið til þess að greiða tap ríkissjóðs af skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu. Sams konar ákvæði eru einnig í 2. og einkum 3. gr., en þessi ákvæði tel ég ekki munu valda neinum ágreiningi. Ég hygg, að þær ráðstafanir, sem í 1. gr. eru gerðar til þess að jafna halla ríkissjóðs, hafi að langsamlega mestu leyti nægt til þess, að ríkissjóður verði hallalaus af skuld sinni við Greiðslubandalag Evrópu, en að öðru leyti eru fyrirmæli í 6. gr., sem eru ætluð til að jafna halla, ef einhver verður.

Í þessu frv. eru hins vegar þrenns konar ákvæði, sem hafa valdið ágreiningi, og það eru ákvæði þau, sem eru í 6., 7. og að nokkru leyti í 8. gr. frv. Að þeim ætla ég aðeins að víkja fáum orðum.

6. gr. frv. mælir svo fyrir, að gjaldeyrir fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961 skuli greiddur útflytjendum á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst. Efnislega þýðir þetta það, að þeir, sem áttu útflutningsvörur framleiddar áður en gengisfellingin var, njóta ekki gengishagnaðar, sem þeir hefðu notið, ef engin slík fyrirmæli hefðu verið um það sett. Það er mjög eðlilegt, að þeir menn, sem áttu útflutningsvöruna, hafi óskað þess að mega njóta þess ágóða, sem þeim hefði fallið, ef ekki hefðu verið gerðar um það sérstakar ráðstafanir. En mér vitanlega er þetta ákvæði í fullu samræmi við það, sem áður hefur gilt. Sams konar ákvæði var í lögunum frá 1. febr. 1960 og líka, ef ég man rétt, í lögunum um útflutningssjóð 1958, og mig rekur ekki minni til, að útflytjendur og eigendur útflutningsvöru hafi fengið slíkan ágóða, þegar viðurkennd hefur verið breyting á verðgildi krónunnar. Ég bendi í því sambandi á ákvæði 12. gr. frv., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi."

Með öðrum orðum: þeir, sem áttu vörubirgðir af innlendri framleiðsluvöru eða aðfluttri, aðkeyptri vöru, fengu ekki að hækka sína vöru í verði. En þeir mundu sjálfsagt hafa ætlazt til, ef útflytjendur hefðu fengið ágóðann, sem þeim hefði fallið af framleiðsluvörunni, ef fyrirmæli 6. gr. hefði ekki komið til, að þeir hefðu þá einnig fengið að njóta gróðans, sem þeir hefðu getað orðið aðnjótandi, ef fyrirmæli 12. gr. hefðu ekki verið um það sett.

Í umr. um ríkisábyrgðasjóðinn í þessari hv. d. heyrði ég, að hv. 3. þm. Norðurl. v. setti fram þá skoðun, að hér væri um eignaupptöku að ræða, og dró í efa, að þetta væri leyfilegt. Ég þori ekki mikið að deila við dómarann í þeim efnum. En það var raunar annar góður dómari, sem var þar til svara, og þeir mæltust þá við prófessorarnir fyrrverandi og núv. og voru nokkuð hvor á sínu máli, eins og vant er um lögfræðinga; þeim kemur ekki alltaf saman. En ég halla mér að þeirri skýringunni, sem mér þykir eðlilegri, og held, að hér sé ekki hægt að halda því fram, að óheimilli hendi hafi verið tekið af eigendum útflutningsvöru með þessu ákvæði. Hafi það verið gert, er það a. m. k.

ekki í fyrsta skipti, heldur hefur þetta verið venjan. Þessu fé á svo að verja í samræmi við seinni málsgr. 6. gr., og þar eru aðalatriðin, — ég skal ekki minnast á annað en þau, — að þegar búið er að greiða þær 13 millj. kr., sem á skortir, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til að greiða vátryggingargjöld fiskiskipa árið 1960, þá á afgangurinn að falla ríkisábyrgðasjóði, eins og frv. er núna. Ef ég man rétt, voru vátryggingargjöldin 84 millj. alls á árinu 1960, en ekki handbært fé nema 71 millj., þannig að á skorti 13 millj. Verð ég að telja líklegt, að þeir, sem una því illa, að þetta fé hefur ekki verið látið falla eigendum útflutningsvörunnar, sætti sig þó nokkuð betur við það, þegar þeim er ljóst, að ríkisábyrgðasjóður hreppir hnossið, því að ég hygg, að að verulegu leyti stafi áfallnar ábyrgðir og sú hætta, sem hvílir yfir ríkissjóði í þessum efnum, frá ábyrgðum, sem hafa verið teknar fyrir sjávarútveginn. Ég ætla svo ekki að deila um þetta atriði. Ég læt mér nægja að staðhæfa, að hér sé ekki um óheimila eignaupptöku að ræða, og verð þá að sætta mig við, að aðrir staðhæfi hið gagnstæða, ef þeim þykir það að athuguðu máli rétt vera.

Þá kem ég að 7. gr. Þar er svo fyrir mælt, að hækka skuli útflutningsgjaldið af sjávarafurðum úr 2¼% í 6%. Ég skil mætavel, að þetta ákvæði hafi valdið talsverðum ágreiningi. Í öndverðu var svo fyrir mælt í brbl., að af þessu gjaldi ættu 32% að renna til tryggingasjóðs fiskveiðiskipa, 30% í fiskveiðasjóð og 30% í stofnlánadeild sjávarútvegsins. Af þeim 8%, sem þá eru eftir, áttu 5% að falla í fiskveiðasjóð, 1%, ef ég man rétt, til byggingar á rannsóknarskipi, 1.3% áttu að falla til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins og 0.7% til Landssambands ísl. útvegsmanna. Og ég verð að játa það, eins og ég sagði, að meðan ákvæðin voru þannig, er auðvitað hægt að færa ýmis frambærileg rök fyrir því, að það sé álitamál, hvort rétt hafi verið að leggja þessa þungu byrði á sjávarútveginn. Ég hef þó tilhneigingu til að álíta, að þetta hafi verið rétt ákvörðun, að gera þetta í því trausti, að sjávarútvegurinn með þeim hætti hefði öðlazt aðgang að lánastofnun, sem hefði getað fært honum feng fullkomlega til að bæta þann skaða, sem hann yrði fyrir á hækkuðu útflutningsgjaldi, og raunar margfaldlega það. En hvað sem menn álíta um þetta, hygg ég, að eins og frv. nú liggur fyrir eftir breytingarnar, sem það hefur tekið í hv. Nd., sé ekki ástæða til að rífast um þetta á þessu stigi málsins, því að nú er svo ákveðið, að 62% af öllu útflutningsgjaldinu eigi að greiðast sjávarútveginum svo að segja út í hönd, því að það er ákveðið, að iðgjöld fiskiskipanna á árunum 1961 og 1962 skuli greidd með þessum hætti. Með því fær sjávarútvegurinn alveg fullkomlega það, sem af honum er tekið með hækkuninni. Að sönnu er svo fyrir mælt í 7. gr. einnig, að þegar lokið er að greiða iðgjöldin fyrir árin 1961 og 1962, skuli tekin upp ný regla, að fiskveiðasjóður fái 30%, að 32% renni til vátryggingastofnunar sjávarútvegsins og 30% renni til annarra lánastofnana útvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstj. En ég hygg, að ég geti upplýst það alveg áreiðanlega, að þessum greiðslum verður ekki lokið fyrr en einhvern tíma á árinu 1963, og telji menn, að þessi skipan mála sé ekki rétt, þá er nægur tími að taka það mál upp á haustþinginu eða að vori komanda.

Í greininni er svo fyrirmæli um það að halda þeim skaðlausum, sem verða að una þessu hærra útflutningsgjaldi á afurðir, sem framleiddar eru fyrir gildistöku brbl., þar sem þeir fá ekki hið nýja gengi. Það er auðvitað alveg sjálfsagt og sanngjarnt, og veit ég, að enginn maður mælir því í gegn.

Loks er svo þriðja ákvæðið, sem hefur valdið ágreiningi og er í 8. gr. frv., en það er um breytingu á hlutatryggingasjóði. Eins og menn vita, hefur verið greitt í hlutatryggingasjóð af síldarafurðunum og af bátafiskinum 0.50 og 0.75%, en nú er tilgangurinn sá, að einnig verði greitt af togarafiski og af öllum þessum afurðum verði gjaldið hækkað upp í 1¼% af fobverðinu. Ef ég man rétt, er talið, að hlutatryggingasjóður hagnist á þessu um 21.3 millj. á ári, og er þetta gert í þeim tilgangi, að auðið verði að veita togurunum aðgang að hlutatryggingasjóðnum eins og öðrum veiðiskipum landsmanna. Ég veit, að þetta hefur valdið ágreiningi. Ég hef heyrt þau ummæli, að það sé ekki réttlátt að láta bátana greiða í þennan sjóð og togara aftur fá fé úr honum, því að bátarnir muni greiða hlutfallslega meira í sjóðinn en togararnir. Þetta má vel vera, ef miðað er við daginn í dag. Hins vegar getur enginn staðhæft, hvernig þetta verður í framtíðinni. Það má líka alveg eins segja, að þessi vélbátur greiði mikið í hlutatryggingasjóðinn og margfalt meira en hinn vélbáturinn og fái svo margfalt minna úr sjóðnum. Spurningin er bara, hvort menn geta ekki aðhyllzt þá skoðun, sem mér finnst eðlileg, að láta alla sitja við sama borð í þessum efnum, hvort sem skipið veiðir með einu veiðarfæri eða öðru. Og ég endurtek það, að mér finnst ekki rétt af mönnum að miða þetta bara við daginn í dag, heldur við framtíðina, eins og hún kann að verða, eða þá fortíðina, eins og hún hefur verið.

Ég held ekki, að í þessu frv. sé annað, sem veldur ágreiningi, en það, sem ég nú hef greint, og með því að ég ætla mér ekki frekar nú en í hv. Nd. að taka upp almennar umr. um allt það, sem sagt hefur verið í sambandi við þetta frv., læt ég nægja þessi fáu orð, sem ég hef um þetta mælt. Ég tel auðvitað sjálfsagt, ef hv. nefnd, sem þetta mál fer til, óskar eftir tölum og upplýsingum um eitt eða annað í þessu sambandi, þá eigi hún aðgang að þeim upplýsingum. Ég gef fyrirheit um það, ef sú ósk verður borin fram, en sé ekki, að ég bæti sérstaklega við þann fróðleik, sem menn þegar hafa um málið, þó að ég fari hér að tilgreina fleiri tölur en ég þegar hef gert.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta frv. að þessu sinni. Þetta frv. er fylgifiskur þess gengislækk-

unarfrv., sem hér var nokkuð rætt í gær og verður væntanlega haldið áfram að ræða hér á eftir, og þegar hæstv. viðskmrh. fylgdi því frv. úr hlaði í gær, gaf hann tilefni til þess, að málin væru rædd nokkuð almennt í sambandi við það mál. Hins vegar fylgdi hæstv. forsrh. þessu frv. úr hlaði málefnalega og án málalenginga, og ég skal þess vegna í sambandi við þetta mál halda mig við þau atriði, sem hann drap á.

Ég vil aðeins á þessu stigi láta það koma fram, sem reyndar öllum er kunnugt, að Framsfl. er andvígur þeirri gengislækkun, sem framkvæmd var á s. l. sumri. Hann lítur svo á, að það hafi ekki verið þörf á þeirri gengislækkun. Þar af leiðandi eru framsóknarmenn einnig andvígir þessu frv., sem hér liggur fyrir. Að vísu má segja, eins og hæstv. forsrh. benti á, að sum þeirra ákvæða, sem þetta frv. hefur að geyma, séu sjálfsögð og eðlileg afleiðing af gengislækkun, ef hún er framkvæmd á annað borð, og væri út af fyrir sig ekki ástæða til að fjölyrða um þau, enda skal ég ekki gera það, heldur víkja með örfáum orðum að þeim atriðum, sem út af fyrir sig geta verið ágreiningsefni.

Þá er það fyrst ákvæði 6. gr. þessa frv. eða þeirra brbl., sem því er ætlað að staðfesta. Í þessu ákvæði er svo fyrir mælt, að verðhækkun á útflutningsafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, þ. e. a. s. á vörum framleiddum fyrir 1. ágúst s. l. ár, skuli renna til ríkissjóðs eftir þeim reglum, sem nánar eru greindar í 2. málsgr. þessarar gr., eða m. ö. o., að vörurnar, sem framleiddar eru fyrir þennan tíma, skuli greiddar á hinu fyrra gengi. Ég hef rætt um þetta ákvæði áður í sambandi við annað mál, hinn svokallaða ríkisábyrgðasjóð, og ég hef þar leyft mér að vefengja, að þessi upptaka eigna fengi staðizt, af því að ég hef ekki getað litið á þetta sem venjulega skattheimtu, þar sem hér er í raun og veru verðmæti eða eign tekin af einstökum framleiðendum — ekki öðrum — og hún gerð upptæk og henni varið í þarfir, sem geta a. m. k. verið alls óskyldar þeim atvinnuvegi, sem þetta er tekið af. Og ég hef enn fremur leyft mér að efast um réttmæti þessarar ráðstöfunar vegna þess, að gengislækkunin var aðallega rökstudd með því, að hún væri nauðsynleg vegna þeirra kauphækkana, sem áttu sér stað, en þær kauphækkanir voru komnar til nokkru áður en þessi gengisskerðing kom til framkvæmda. Ýmsir þeir, sem höfðu framleitt vörur á þessu tímabili, fyrir 1. ágúst 1961, höfðu því haft af undirbúningi þeirrar framleiðslu og af þeirri framleiðslu sama kostnað eða svipaðan kostnað og þeir, sem framleiða vörurnar eftir 1. ágúst 1961.

Ég hef í sambandi við þetta haft sérstaklega í huga aðstöðuna við síldveiðar og síldarsöltunina, og ég hef ekki getað betur séð en þetta ákvæði leiddi til óeðlilegrar mismununar, vegna þess að t. d. síldarsaltendur, sem hafa framleitt sína vöru fyrir 1. ágúst, hafa að öllu verulegu leyti haft sama tilkostnað við þá framleiðslu og þeir síldarsaltendur, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki framleitt sína vöru fyrr en eftir 1. ágúst. En þeir fyrrnefndu, sem búnir voru að verka sína vöru fyrir 1. ágúst, eiga ekki að njóta þeirrar verðhækkunar, sem varð á þeirri vöru vegna breytingar á verðgildi krónunnar, en hinir, sem framleiða vöruna eftir 1. ágúst, eiga að njóta þessarar verðhækkunar. Ég álít, að þetta komi í ýmsum tilfellum ranglátlega niður, og mér er kunnugt um ýmis dæmi þess, t. d. frá Norðurlandi, þar sem er litið á þessa ráðstöfun sem mjög óeðlilega og talið, að hún leiði í ýmsum tilfellum til ranglátrar niðurstöðu. Ég veit, að það getur hljómað vel í eyrum nokkurra manna, að menn eigi ekki að njóta hagnaðar í sambandi við þessar ráðstafanir, og að það getur hljómað vel að tala um það, að gengishagnaður skuli upptækur ger og látinn renna í ríkissjóð og til annarra þarfa. En ég held samt, að þegar á málið er litið frá þeirri hlið, sem ég hef horft á það, fari ekki hjá því, að menn verði að játa, að þetta er ekki svo einfalt sem sumir kunna að vilja vera láta. Og ef það er túlkað sem eitthvert réttlæti að gera upptækan þennan gengishagnað, þá sýnist mér, að hann eigi að renna til þeirra manna, sem sérstaklega hafa unnið að því að framleiða þessa vöru, og dreifast þá til þeirra, en ekki renna til annarra, sem ekkert hafa hér nálægt komið, t. d. til þess að greiða ríkisábyrgðarskuldir vegna framkvæmda, sem standa ekki í neinu sambandi við þær atvinnugreinar, sem leggja þetta fé til. Ég held, að það séu ekki bein fordæmi fyrir því, að það hafi verið farið að áður á þennan hátt. Það er að vísu rétt, eins og hæstv. forsrh. sagði, að um þetta voru nokkur sérstök ákvæði í lögunum um efnahagsmál, en þau ákvæði voru þó að ýmsu leyti á allt aðra lund og verða ekki talin sambærileg við þessi ákvæði, sem hér er um að ræða. Að vísu átti þá, ef ég man rétt, að reikna á hinu fyrra gengi, en þeir hinir sömu, sem fyrir því urðu, áttu að njóta þeirra útflutningsuppbóta, þess gjalds, sem áður hafði verið greitt, að mig minnir. En við fyrri gengisbreytingar held ég, að ekki sé hægt að finna ákvæði, sem sambærileg séu við þetta ákvæði, hvorki í gengislækkunarlögunum frá 1950 né í eldri gengislækkunarlögum. Hitt er allt annað mál og allt annars eðlis, sem alltaf eða oft a. m. k. hefur verið í gengisbreytingarlögum, að tekinn hefur verið gjaldeyrishagnaður, sem hefur orðið hjá bönkum, sem verzla með gjaldeyri. Það er allt annað mál, þessu óskylt.

Þá er það annað atriði þessa frv., sem hefur verið og er sérstakt ágreiningsefni og við framsóknarmenn erum andvígir. Það er sú hin mikla hækkun á útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem í þessu frv. felst. Ein aðalrökin fyrir gengislækkuninni s. l. sumar voru, eins og ég áðan drap á, þau, að hún væri nauðsynleg vegna þess, að útflutningsatvinnuvegirnir fengju ella ekki staðið undir þeirri kauphækkun, sem átt hafði sér stað og um hafði verið samið s. l. vor, og gengislækkunin því talin framkvæmd einmitt sérstaklega vegna þessara útflutningsatvinnuvega. Þegar þessar röksemdir eru hafðar í huga, virðist mér skjóta nokkuð skökku við að taka

svo af þessum sömu útflutningsatvinnuvegum, sem gengisbreytingin átti að vera til styrktar og vegna hverra hún var talin nauðsynleg, mjög verulegar fjárfúlgur. Það er ekki hægt að segja annað en þarna sé um mjög verulega hækkun útflutningsgjalds að ræða og um mjög stóra heildarfjárhæð að tefla. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að það er meira en lítið gjald, sem lagt er á útflutninginn, þegar gert er ráð fyrir því að taka af honum meira en 7% samanlagt, og úr því að það þykir fært að taka af sjávarútveginum slíkt gjald, hlýtur sú spurning að vakna, hvort gengislækkunarinnar hafi verið þörf. Mér sýnist vera alger mótsögn í þessu hvoru tveggja. Það er að vísu rétt, að þessu útflutningsgjaldi á, a. m. k. nú eftir þá breytingu, sem gerð var á frv. í hv. Nd., að verja til fyrirgreiðslu fyrir sjávarútveginn á ýmsan hátt og eftir allsundurliðuðum skiptingarreglum, sem greindar eru í 7. gr. og ég skal ekki fara út í. En þetta virðist ákaflega einkennileg stefna, að taka útflutningsgjöld af sjávarútveginum — vörunum — og leggja það svo í sjóð til þess að lána sjávarútveginum aftur eða til þess að greiða iðgjöld fyrir sjávarútveginn. Er þetta ekki nokkuð óþörf krókaleið? Og mundi sjávarútvegurinn ekki vera eins vel kominn að greiða ekki þessi útflutningsgjöld, enda þótt það væri þá látið vera að ráðstafa fé til einhverra þeirra þarfa, sem þarna eru nefndar, en ýmsar eða a. m. k. sumar þeirra þarfa eru þess háttar, að það væri að mínum dómi eðlilegra, að fjár til þeirra væri aflað af þjóðfélagsþegnunum almennt. Það eru þess konar þarfir, sem þarna er verið að fullnægja, eins og t. d. rannsóknarstarfsemi o. fl., og sama má náttúrlega segja um greiðslur til lánasjóða. Sem sagt, ég skal ekki vera að fjölyrða um þetta atriði frekar á þessu stigi, heldur læt mér nægja að lýsa andstöðu við það. En síðar verður tækifæri til að gera nánari grein fyrir málinu, þegar það kemur hingað aftur til umr., eftir að það hefur verið athugað í nefnd.

Loks er það þriðja atriðið, sem hæstv. forsrh. minntist á, sú breyting á hlutatryggingasjóði, sem gert er ráð fyrir eftir þessu frv., að togararnir verði teknir jafnframt þar inn í og þeir fái síðan bætur úr þeim sjóði svo sem bátar, en hún leiðir til þess, eins og hæstv. forsrh. réttilega tók fram, að bátarnir verða að nokkru leyti með þessum hætti látnir taka á sig byrðar vegna togaranna. Það er að vísu rétt, eins og öllum er kunnugt, að togararnir eiga við sérstök vandkvæði að búa nú og hafa átt um skeið við sérstaka rekstrarerfiðleika að etja. En þau vandkvæði verður að mínum dómi að leysa með öðrum hætti en láta bátaútgerðarmenn og þá, sem að útvegi standa, taka á sig þær byrðar. Togaraútgerðin á allt gott skilið, vil ég segja, en hennar vandkvæði og vandamál verður að leysa með tilstyrk þjóðarinnar allrar, þjóðfélagsþegnanna allra, en ekki leggja þær byrðar, sem á þeim hvíla nú þyngst, yfir á bök bátaútgerðarmanna.

Af þessum ástæðum, sem ég hef tekið fram í örstuttu máli, er Framsfl., eins og kunnugt er, andvígur þessu frv., og raunar einnig af hinni ástæðunni, sem ég drap á í upphafi, að hann er andvígur þeirri grundvallarákvörðun, sem frv. er byggt á, gengisbreytingunni frá s. l. sumri, sem hann telur hafa verið gerða að ófyrirsynju.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:6 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 517, n. 574, 577 og 578).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, og eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki getað átt samleið um afgreiðslu málsins, þannig að við þrír, sem að meirihlutanál. stöndum, mælum með því, að það verði samþ. óbreytt, en fulltrúar hv. stjórnarandstöðuflokka eru frv. andvígir og leggja til, að það verði fellt.

Ég álít, að ekki sé þörf langrar framsögu um þetta mál. Hæstv. forsrh. gerði í stuttu máli grein fyrir meginefni þess í framsöguræðu sinni við 1. umr., og hef ég í rauninni litlu sem engu við það að bæta.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. forsrh., eru ákvæði þau, sem aðallega er um deilt í sambandi við frv., í fyrsta lagi ákvæðið um það, að gengishagnaði vegna verðhækkana á vörubirgðum sjávarútvegsins skuli ráðstafað á þann hátt, sem 6. gr. frv. gerir ráð fyrir. En í öðru lagi er ágreiningur um það, hvort leggja beri á útflutningsgjald það, sem frv. gerir ráð fyrir. Hvað fyrra atriðið snertir hefur m. a. hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) jafnvel látið að því liggja, að ákvæði frv. væru brot á ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttarins. Ég skal síður en svo ámæla hv. þm. fyrir það að vilja standa vörð um stjórnarskrá landsins og þá m. a. þau ákvæði hennar, sem fjalla um friðhelgi eignarréttarins. Það er mjög eðlilegt, ekki sízt af manni í hans stöðu. Og víst er um það, að það er hægt með skattaálögum og eignaupptöku að gera ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins að engu, og ber að mínu áliti vissulega að vera á verði gagnvart slíku, og væri betur, að sömu umhyggju fyrir eignarréttinum hefði alltaf gætt, þegar tilefni til slíks var meira en það er að mínu áliti nú, en í því sambandi má nefna stóreignaskattinn, sem lagður var á, eins og kunnugt er, fyrir nokkrum árum hér á Alþ. En sú löggjöf var hv. Alþ. að mínu áliti til lítils sóma, þótt ekki skuli það rakið hér, enda átti hv. 3. þm. Norðurl. v. raunar ekki fast sæti á Alþ. þá.

Hvað sem þessu líður, þá er að mínu áliti munur á því, hvort eignir manna eru undir venjulegum kringumstæðum stórskertar með sköttum eða gerðar upptækar eða hvort meiri

eða minni hluti verðhækkana á eignum, sem orðið hafa vegna sérstakra aðgerða hins opinbera, er látinn renna til opinberra aðila. Ég veit, að um það eru mýmörg dæmi, að þegar þannig hefur staðið á, að verðhækkun hefur orðið á eignum vegna sérstakra ráðstafana, sem gerðar hafa verið af opinberri hálfu, hefur ekki þótt neitt athugavert við það, þó að þessi verðhækkun rynni að einhverju eða jafnvel öllu leyti til hins opinbera, enda hefur það oft verið þannig, þótt svo hafi e. t. v. ekki alltaf verið, þegar fyrri gengislækkanir hafa verið ákveðnar, að sett hafa verið ákvæði, sem ganga í svipaða átt og nú er.

Í öðru lagi má nefna það, að það hefur jafnan þótt sjálfsögð regla, þegar um gengisbreytingar hefur verið að ræða eða aðrar ráðstafanir, sem hafa haft í för með sér verðhækkanir á innfluttum vörubirgðum, að gera eigendum þessara birgða innfluttrar vöru að selja þær á óbreyttu verði. Ég fæ ekki annað séð en hér sé um algera hliðstæðu að ræða. Þessar vörubirgðir eru eign innflytjendanna alveg á sama hátt og birgðir útfluttrar sjávarvöru eru eign útflytjendanna, og sé það óviðurkvæmileg skerðing á eignarréttinum að gera ráð fyrir því, að gengishagnaður vegna verðhækkana á vörubirgðum sjávarútvegsins renni til hins opinbera, þá er það alveg jafnmikil skerðing á eignarréttinum að gera innflytjendum að selja þær vörubirgðir, sem þeir eiga, á óbreyttu verði. Mér vitanlega hafa slíkar ráðstafanir ekki verið gagnrýndar og sízt af hálfu þeirra, sem hv. stjórnarandstöðu skipa nú.

Þá má í þessu sambandi benda á stóreignaskattinn, sem lagður var á skv. gengisbreytingarlögunum frá 1950, en það sjónarmið lá þeim skatti að baki, að vegna þeirra verðhækkana á eignum, sem urðu vegna gengisbreytingarinnar, væri sanngjarnt að leggja slíkan skatt á. Stóð hv. Framsfl. að þeirri ráðstöfun með Sjálfstfl., eins og kunnugt er, og ég vænti ekki, að neinn beri á móti því. Og eftir því sem ég man bezt, vildu hv. framsóknarmenn jafnvel ganga lengra í því að leggja slíkan skatt á en gert var, eða hafi þeir að einhverju leyti haft sérstöðu í því efni, þá hefur hún ábyggilega verið á þann veginn. Enn fremur mætti e. t. v. í þessu sambandi nefna hina á sínum tíma mjög umdeildu 17. gr. jarðræktarlaganna, sem nú hefur að vísu verið afnumin, þar sem ákveðið var, að verðhækkun þeirra jarðeigna, sem nutu jarðabótastyrks, skyldi skoðast sem eins konar fylgifé jarðarinnar og í rauninni tilheyra hinu opinbera. Hugsunarhátturinn, sem lá því að baki, var sá, að þessi verðhækkun væri til komin vegna sérstakra fjárframlaga frá ríkinu og þess vegna væri hún eign ríkisins. Ég man ekki betur en hv. framsóknarmenn vildu mjög lengi halda í þetta ákvæði, þótt miður væri það vinsælt af bændum, þó að þeir að vísu hyrfu að lokum frá því. Þetta er eitt af fleiri dæmum, sem að mínu áliti má nefna til sönnunar því, að það hefur ekki verið talin skerðing á eignarréttinum, þó að slíkar verðhækkanir, sem eru til komnar vegna sérstakra ráðstafana af hálfu hins opinbera, rynnu til þess.

Hvað útflutningsgjaldið snertir, eins og hæstv. forsrh. benti á, þá gera núv. ákvæði frv. ráð fyrir því, að 62% af því renni beint til útvegsins. En afgangurinn kemur útveginum einnig til góða, þar sem honum er varið til að styrkja ýmiss konar stofnanir og rannsóknarstarfsemi á vegum útvegsins.

Ég sé raunar ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vil aðeins leyfa mér að benda á, að það er að mínu áliti töluvert ósamræmi í því að halda því fram annars vegar, að útgerðinni hafi ekki verið nein vorkunn að bera þær kauphækkanir, sem urðu á s. l. sumri, en hins vegar að halda því fram, að hún megi ekki við því að missa neitt af þeirri hækkun fiskverðsins, sem af gengisbreytingunni stafaði, þó að þeim peningum sé beint og óbeint öllum ráðstafað í þágu útvegsins.

Ég sé, að hv. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjhn. hafa skilað alllöngum álitum, þar sem aðallega er ráðizt á gengisbreytinguna. Þar er hins vegar ekki um að ræða, nema þá að mjög litlu leyti, gagnrýni á því, að þær ráðstafanir væru gerðar, sem hér eru til umræðu. Hvað það atriði snertir, hvort nauðsyn hafi verið að framkvæma gengisbreytinguna eða ekki, þá leitaðist ég við að gera því allýtarleg skil í þeirri framsöguræðu fyrir seðlabankafrv., sem ég flutti í gær, og sé ekki ástæðu til að orðlengja meira um það atriði að sinni. Komi hins vegar eitthvað nýtt fram í framsöguræðum hv. minnihlutamanna, gefst tilefni til að svara því síðar.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. í Nd. kölluðu þetta frv. kálf, og ef maður lítur á það sem kálf, þá virðist mér megi segja um það, að kálfsi sé heldur ótótlegur og ekki vænlegur til að setja hann á. Það hefur verið mikið rætt um hættur af innflutningi búfjár hér í þessari hv. d. rétt nýlega, og þess vegna finnst mér ástæða til þess að láta sér detta í hug, hvort ekki sé rétt að athuga kálfinn eitthvað með tilliti til þess, hvort ekki gæti skeð, að móðir hans hefði sýkzt af erlendum sjúkdómi og kálfsi væri ekki heilbrigður heldur.

Annars skal ég nú ekki gera meira gamanmál hér til að tefja tímann. Frv. er um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar, sem hæstv. ríkisstj. lét Seðlabankann gera fyrstu daga ágústmánaðar s. l. sumar. Ástæðurnar fyrir gengisfellingunni taldi ríkisstj. kaupgjaldshækkun, sem átti sér stað með nýjum kjarasamningum s. l. sumar. Þá kjarasamninga kallaði blaðakostur hæstv. ríkisstj. oft og einatt svikasamninga. Vegna hvers? Vegna þess, að liðsoddum hæstv. ríkisstj. þótti landslýður ekki lúta sér og stefnu sinni með þessari samningagerð. En hvers vegna var samið? Það var samið af því, að sýnt var, að kaupgjald var orðið svo lágt, að almennur verkamaður t. d. hafði ekki skilyrði til þess að lifa af því sómasamlegu lífi, ef hann var þá ekki maður, sem gat lifað á eignum sínum eða hafði sérástæður. Mánaðarkaup Dagsbrúnarverkamanns, miðað við 8 stunda vinnu, er ekki nema 4100 kr., og kaupmáttur launanna hafði lækkað stórkostlega við efnahagsráðstaf-

anir hæstv. ríkisstj. frá því í febrúar 1960. Verkalýðssamtökin höfðu árangurslaust beðið um leiðréttingu. Þau höfðu gengið fyrir ríkisstj. og farið fram á efnahagsmálaleiðréttingar, er réttu við kaupmáttinn og jafngiltu kauphækkun. En þau höfðu beðið árangurslaust. Hæstv. ríkisstj. vitnaði í yfirlýsingu sína frá deginum, þegar hún tók við völdum, að hún blandaði sér ekki í kjarasamninga verkalýðsins og vinnuveitenda, þeir væru málefni milli verkalýðsins og vinnuveitendanna sjálfra. Vinnuveitendurnir yrðu sjálfir að bera ábyrgð á því, ef þeir gerðu nýja samninga.

Komið var sumar og hábjargræðistími. Síldveiðar að hefjast fyrir Norður- og Austurlandi. Fiskur á miðum. Það vildi enginn neita því, að kröfur verkalýðsins um bætt kjör væru af fullu tilefni gerðar. Spurningin var: Átti að synja þeim um eðlilegar leiðréttingar og eyða sumrinu í verkföll og vinnustyrjaldir? Eða átti að semja um breytingar á kjörunum?

Samvinnumenn svöruðu með því að semja fyrstir um sanngjarna lausn. Aðrir komu svo á eftir. Vinnufriðurinn var tryggður, þjóðarbúinu bjargað úr bráðum háska og stjórn ríkisins í raun og veru gerður mikill greiði. Ekki stenzt það bú, — ekki ríkisbúið heldur, — sem ekki er unnið á. En hvernig brást hæstv. ríkisstj. við? Ég lít svo á, að hún hafi misskilið hlutverk sitt og aðstöðu og í stað þess að þakka greiðann, fagna niðurstöðunum og gera sitt til, að þær mættu bera sem heillaríkastan árangur, taldi ríkisstj. þetta vera „tilræði" við efnahagslífið í landinu og gerði gagnráðstafanir með því að fella í annað sinn skráð gengi íslenzku krónunnar og nú um 11.6%, en það þýðir 13.1% hækkun á erlendum gjaldeyri.

Vinnuveitendur höfðu ætlað að bera ábyrgð á samningum. Ekki datt t. d. samvinnumönnum annað í hug en þeir yrðu að gera það. En nú var það hæstv. ríkisstj., sem braut þau boðorð, sem hún hafði yfir lýst að hún ætlaði að fylgja. Hún eyðilagði hina nýju samninga með því að fella gengi krónunnar og hækka erlendan gjaldeyri. Með því kippti hún svo rækilega fótum undan kjarabótum þeim, sem verkamenn höfðu öðlazt með samningunum, að kaupmáttur launa Dagsbrúnarverkamanns er nú, að talið er, orðinn enn þá minni en áður var, þegar samningarnir hófust.

Það má nú fyrr rota en dauðrota — líka í þessu sambandi. Hvers vegna braut hæstv. ríkisstj. hin sjálfsettu boðorð? Hvers vegna greip hún til þeirra harkalegu aðgerða að fella gengið í annað sinn, rétt eins og gengið sé hrókur á borði hennar og megi leika honum að vild? Þetta finnst mér torskilið. Ég átti alls ekki von á því.

Um einn fornkonung er sagt, að hann hafi viljað gera gott úr öllu og umfram allt vera samtaka þjóð sinni. Áreiðanlega átti þetta ekki við um hæstv. ríkisstj. í kaupgjalds- og kjarabótamálinu s. l. sumar. Þá reyndi hún sannarlega ekki að gera gott úr málum eins og hún hefði vel getað gert. Hún var ekki samtaka þjóðinni og reyndi ekki að vera það, heldur hið gagnstæða. Menn telja og það má telja, að gengisfellingin hafi verið skjótráðin, og sumir segja, að hún hafi verið hefndarráðstöfun og til þess gerð að sýna vald. Það er dýr hefnd og óviturleg valdbeiting.

Hæstv. ríkisstj. taldi sér henta að vitna í hagfræðilega nauðsyn, þegar hún réðst, eins og kalla má, á móti þjóðinni s. l. sumar, og hún bjó sér til hagfræðilegan grundvöll, að hún taldi. Þennan grundvöll birti hún í grg. í Morgunblaðinu 14. sept. Mestu máli þótti skipta, svo sem rétt er, þegar um gengisskráningu krónunnar er að ræða, hvernig horfði með framleiðslu sjávarafurða, sem eru aðalútflutningsvörur þjóðarinnar. Horfurnar voru góðar. Landhelgisútfærslan, sem núv. stjórnarflokkar voru dragbítar á að fengist, skilar víðs vegar á landinu stórkostlega auknum afla. Veiðitæknin nýja, sem færist í aukana með ári hverju, gerir þetta sömuleiðis. Með því reiknar fólkið og með því átti hæstv. ríkisstj. að reikna, ef hún vildi vinna með fólkinu, eins og hinn sögufrægi þjóðhöfðingi, og það gat hún vel gert: Áætlað réttar en hún gerði, en auk þess lækkað vexti og dregið úr lánsfjárkreppunni til þess að framkalla framleiðslufjör. En í stað þess sló hún lömunarhögg með gengisfellingu enn á ný.

Í grg., sem ég nefndi áðan, segir hæstv. ríkisstj., að framleiðsluverðmæti sjávarafurða, miðað við, að gengi sé eins og það var áður, þ. e. a. s. 38 kr. dollarinn, komi þannig út, að árið 1959 hafi afurðirnar verið samtals 2511.6 millj. kr., árið 1960 2325.6 millj., en árið 1961 muni þær verða 2431.3 millj. Þessi tala fyrir 1961 er áætlunartala ríkisstj. En hún fær ekki staðizt, því að í hana vantar eðlilega bjartsýni og viljann til þess að vinna með þjóðinni. Hún fær ekki staðizt, vegna þess að framleiðsluverðmæti sjávarafurða var rúmlega 14% meira 1961 en 1960, og þó mun sú tala verða í reynd nokkru hærri en Seðlabankinn hefur gert ráð fyrir, eftir því sem segir í skýrslum Fiskifélagsins, sem verið er að gera. Í skýrslu Seðlabankans, sem ég var að nefna, þann 20. febr. nú í vetur, segir, að ef reiknað sé með nýju gengi, sé framleiðsluverðmæti sjávarafurða árið 1959 2838 millj. kr., 1960 2628 millj. kr. og 1961 um 3000 millj. kr., en ætla má samkvæmt áðurnefndum heimildum frá Fiskifélaginu, að reynast kunni betur.

Aukning gjaldeyristeknanna 1961 frá því, sem þær voru 1960, nemur, þegar tölurnar, sem eru í skýrslu Seðlabankans, eru lagðar til grundvallar, 372 millj. kr., ef miðað er við sjávarafurðirnar einar. Munurinn á aukningu gjaldeyrisverðmæta annars vegar og hækkun peningatekna hins vegar er áreiðanlega svo lítill, að hann réttlætir engan veginn gengisfellinguna s. l. sumar. Hinn hagfræðilegi grundvöllur, sem ríkisstj. bjó sjálfri sér í hendur til að byggja gengisfellinguna á, er því gersamlega brostinn. Reynslan, virkileikinn sjálfur hefur eyðilagt áætlanirnar og sannað, að gengisfellingin var röng athöfn, sem skaðar almenning.

Hins vegar hefur gengisfellingin orðið drjúg tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Tolltekjurnar hafa vitanlega aukizt vegna hækkaðs verðs á innflutningi í ísl. krónum. Útfluttar afurðir fram-

leiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961 eru greiddar útflytjendum á því gengi, sem gilti fyrir 4. ágúst 1961, þó að síðar séu fluttar út. Með þessu er freklega gengið á hlut þessara aðila, svo að nálgast eignarnám, þegar litið er til þeirra, sem eru búnir að losna við vörur sínar seint á tímabilinu. Réttara hefði verið að gera klippt og skorið við 1. ágúst eða skipta gengishagnaðinum. Sérstaklega er þetta óréttlátt í samanburði milli aðila, af því að ekki er alveg frjálst, hvenær út er flutt. Þar lúta framleiðendurnir fyrirsögnum um það, í hvaða röð þeir megi flytja út. Ósanngjarnt er líka hið mjög hækkaða útflutningsgjald sjávarafurða. Gengistekjurnar, sem koma fram vegna þess, að afurðir, sem búið var að framleiða, en ekki flytja út, falla undir hið gamla gengi, eiga að renna í sérstakan reikning hjá ríkissjóði í Seðlabankanum, og talið er, að í honum muni verða afgangur allt að 150 millj. kr. Þetta varð svo mikið, að hæstv. ríkisstj. mun hafa þótt óþægilegt að leggja það beint í ríkiskassann. Og þess vegna fór henni eins og bónda, sem heyjar miklu meira en hann hafði búizt við og byggir sérstaka hlöðu yfir heyfenginn. Yfir þessar óvæntu, misreiknuðu tekjur af gengisfellingunni, — því að af misreikningi í áætlun stafa þær, — byggði hún hlöðu, sem hún kallar ríkisábyrgðasjóð. Sjóður þessi gengur vitanlega til þess að létta gjöldum af ríkissjóði vegna ríkisábyrgða miklu meira en áætlað hefur verið og um nokkra hríð fram í tímann.

Gengisfellingin átti þar af leiðandi ekki rétt á sér og framkvæmdareglur hennar, sem eru í þessu frv., sem við erum nú að ræða, eru út af fyrir sig mjög gallaðar.

Þing þetta má að mínu áliti gjarnan fara að enda. Ég vil hlynna að því, að svo megi verða. Ég sé ekki, að þýðingu hafi að tala langt mál um þetta frv. við 2. umr. eða 3. umr. í seinni d. þingsins. Mér skilst, að enginn vafi sé á því, að stjórnarstuðningsmenn hafi gert sig rökhelda í málinu. Þetta er að vísu fremur óhugnanlegt ástand, en staðreynd eigi að síður, sem ekki er til neins annað en reikna með og taka eins og hún er. Allar brtt. stjórnarandstöðunnar voru felldar í Nd. Ég leyfi mér að vitna til brtt. þeirra, er framsóknarmenn fluttu þar, og þær sýndu afstöðu flokksins til nokkurra galla þessa frv. Ég veit, að ekki verða frekar til greina teknar brtt. af meiri hl. hálfu hér í seinni d. þingsins, enda hef ég fengið neitun á samþykki brtt. í hv. fjhn.

Hv. stjórnarstuðningsmenn virðast hafa svarið sig saman í máli þessu fyrir fram. Ég er svo bjartsýnn á menn, að mér þykir ósennilegt, að þetta hefði getað gerzt í svona vöxnu máli nema utan Alþ. við einhliða málstúlkun og fljótlega. Það er í mínum augum dæmi um, að bráðabirgðalagasetning getur verið mjög viðsjárverð og hana á sem mest að takmarka. Eftir á, þegar menn hafa milli þinga tekið ákvörðun sem þessa, eiga þeir bágt með að víkja frá henni. Gert er gert og komið er sem komið er.

Af því að ég kæri mig ekki um að lengja þingið, tala ég bæði stutt og flyt ekki brtt., sem þó er vitanlega meira en nóg efni í.

Afstaða mín til frv. er sú, að ég legg til, að það verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er annað frv., sem flutt er til staðfestingar á gengisfellingaraðgerðum hæstv. ríkisstj. á s. l. sumri.

Efni frv. er, eins og fram hefur komið, það aðallega að lögfesta mjög stórfelldar nýjar álögur á sjávarútveginn og ákveða, hvernig því fé, sem þannig er af þessari atvinnugrein tekið, skuli varið.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða það, að verðhækkun vegna gengisfellingarinnar á útfluttum sjávarafurðum, sem framleiddar voru á tímabilinu frá fyrri gengisfellingunni til 31. júlí s. l., sem talin er munu nema 150.4 millj. kr. eftir áætlunum, sem Seðlabankinn hefur gert, skuli gerð upptæk til ríkissjóðs. Af þessu fé eiga 13 millj. kr. að renna til greiðslu á þeim hluta tryggingargjalda af fiskiskipum, sem ríkisstj. hafði áður lofað útvegsmönnum að þeim yrðu greiddar, en fé útflutningssjóðs hrökk ekki til að greiða, en eftirstöðvum þessarar upphæðar, a. m. k. 137 millj. kr., á samkv. frv. að verja til þeirra ríkisþarfa, sem leiðir af ábyrgðartöpum, og renna í svokallaðan ríkisábyrgðasjóð, sem fyrirhugað er að stofna.

Í öðru lagi er svo um það að ræða, að samanlögð útflutningsgjöld af sjávarafurðum eru hækkuð úr 2.9% í 7.4% af útflutningsverðmæti, og nemur sú gjaldahækkun, sem af þessu leiðir, 130—140 millj. kr. á ári, en þessari upphæð á að skipta eftir þar að lútandi reglum milli lánastarfsemi í þágu útvegsins og vátryggingarstarfsemi og hluta- og aflatryggingasjóðs.

Þessar ráðstafanir í kjölfar gengisfellingarinnar verða að sjálfsögðu að skoðast í ljósi þeirra fullyrðinga þeirra, sem stóðu að gengisfellingunni, að hún hafi verið gerð til þess að bjarga sjávarútveginum frá fyrirsjáanlegum hallarekstri og jafnvel rekstrarstöðvun, sem aftur hefði leitt af sér atvinnuleysi og jafnvel neyðarástand, því að þetta hefur verið frá upphafi sögð önnur aðalástæðan fyrir gengisfellingunni og sú, sem jafnan hefur fyrst verið nefnd. En hin ástæðan hefur aftur á móti verið talin sú, að ef verkafólk hefði fengið að halda því kaupgjaldi, sem það samdi um við atvinnurekendur á s. l. sumri, hefði af því leitt hallarekstur í utanríkisviðskiptum og gjaldeyrisskort.

Ég vil reyna að taka ofur lítið til meðferðar, hvernig gengisfellingin að viðbættum nýju álögunum hefur verkað á afkomu sjávarútvegsins og hvernig fullyrðingarnar um það, að verið sé að bjarga afkomu hans, fá staðizt.

Það er öllum kunnugt, að rekstur bátaflotans er ein aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun okkar, og mikilvægi þessa rekstrar í heildarframleiðslunni hefur stöðugt farið vaxandi með hverju ári, sem liðið hefur. Það er því ákaflega þýðingarmikið að gera sér grein fyrir áhrifum gengisfellingarinnar á rekstur þessarar starfsgreinar, og maður hlýtur þá fyrst að spyrja: Hvaða hagnað hefur bátaútvegurinn haft af þessum aðgerðum? Afkoma bátaflotans

er að sjálfsögðu annars vegar komin undir fiskverðinu og hins vegar undir rekstrarkostnaðinum. Og hvað skyldi líða áhrifum gengisfellingarinnar á þessa tvenna undirstöðu afkomunnar? Hefur fiskverðið hækkað meira en rekstrarkostnaðurinn? Ef svo reynist ekki, þá er líka útilokað, að afkoman hafi batnað vegna aðgerðanna. Þegar gengisfellingunni var skellt yfir, var fiskverði til bátanna og um leið sjómanna haldið algerlega óbreyttu þar til nú í byrjun vetrarvertíðar eða í fast að því hálft ár, frá því að gengisfellingin gekk í gildi. Tekjur útgerðarmanna og sjómanna uxu því ekkert á þessu tímabili vegna gengisfellingarinnar. En á sama tíma urðu útgerðarmenn að bera algerlega bótalausa alla þá gífurlegu hækkun á rekstrarkostnaði, sem gengisfellingin hafði orsakað. Í byrjun vetrarvertíðar var fiskverðið svo hækkað um 9.2% að meðaltali skv. útreikningum verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Málin standa því þannig, að bátaflotinn fékk engar bætur eða hagnað í neinu formi á árinu 1961 vegna gengisfellingarinnar, en varð hins vegar að þola algerlega bótalausan þann kostnaðarauka, sem á rekstrinum varð á því ári. Það er því ekki fyrr en á þessu ári, sem fiskverðið er hækkað og þá aðeins um þessi áður nefndu 9.2%, og enn er þess að gæta, að aðeins hluta af þessari fiskverðshækkun er að rekja til gengisfellingarinnar, því að mjög verulegar verðhækkanir á útfluttum sjávarafurðum hafa þar einnig komið til, og er það öllum kunnara en frá þurfi að segja. En það er samt fróðlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hver útkoman verður úr því reikningsdæmi, hvaða hagsbætur bátaflotinn fengi á heilu ári, sem þessi verðhækkun öll væri í gildi, jafnvel þó að hún væri öll rakin til gengisfellingarinnar.

Miðað við aðgengilega útreikninga, sem fyrir hendi eru frá 1959 og færðir hafa verið til verðlags og gengis 1960, var verðmæti bátaaflans það ár komins að landi 819.3 millj. kr. Af því er hlutur sjómanna og kostnaður vegna mannahalds 316.2 millj. kr., og verður þá eftir hlutur útgerðarinnar af afla, sem dreginn er að landi, 503.1 millj. kr. Þessar tölur ætla ég, að ekki verði vefengdar. Eftir upplýsingum Fiskifélags Íslands eru 27% af öllum útgerðarkostnaði báta, sem gerðir eru út bæði á línu og net, algerlega háð gengi, ef ekki er reiknað með afskriftum og vöxtum af stofnfé, en sé það reiknað með, eru það 38% af heildarútgerðarkostnaðinum, sem eru algerlega háð genginu. Samsvarandi tölur fyrir báta, sem gerðir eru eingöngu út á línu, eru 24.8% og 36.5%, ef reiknað er með afskriftum af stofnfé og vöxtum. En fyrir togara eru samsvarandi tölur 36.5% og 46.5%, eða nær því helmingur af öllum útgerðarkostnaði, sem er algerlega háður genginu.

Við gengisfellinguna hækkar þess vegna útgerðarkostnaður bátaflotans, eins og hann var 1959, en auðvitað meira nú, þar sem skipin eru mun fleiri, um rúmar 40 millj., ef reiknað er með útgerð bæði á net og línu og afskriftir og vextir af stofnfé reiknaðir með. Þá hækkar heildarútgerðarkostnaðurinn um þetta. En fiskverðshækkunin um 9.2%, sem reiknuð væri yfir heilt ár, mundi hins vegar nema 46 millj. kr. miðað við sömu tölu frá 1959. 9.2% hækkunin og hækkunin á útgerðarkostnaðinum mundi sem næst algerlega standa í járnum, og þá væri reiknað með, að öll fiskverðshækkunin væri vegna gengisfellingarinnar. En þegar þess er gætt í fyrsta lagi, að vinna þarf upp það tjón, sem bátaflotinn varð fyrir, vegna þess að hann fékk engar hækkanir á árinu 1961 þrátt fyrir gengisfellinguna, og hins vegar þess, að fiskverðshækkunin er ekki nema að nokkru leyti og jafnvel litlu leyti til komin vegna gengisfellingarinnar, sést glöggt, að þótt aðeins sé tekinn hinn beini rekstrarkostnaður, þá er um stórtjón að ræða fyrir bátaflotann.

Niðurstaða og athugun á rekstri svokallaðs vísitölubáts, sem verðlagsráð sjávarútvegsins byggir á, gefur sízt glæsilegri mynd af þessu. Þar kemur í ljós, að ef borinn er saman rekstur þessa báts 1962 og 1961, miðað við sama afla, hækkar rekstrarkostnaðurinn um 292 þús. kr., en fiskverðshækkunin gefur aðeins 255 þús. kr., þ. e. a. s. afkoman versnar um milli 30 og 40 þús. á hvern bát. En í aðalatriðum ber útkomunni saman, hvor leiðin sem valin er til að reikna þetta dæmi.

En hér er ekki sögð öll sagan. Það hefur ekki verið tekið nema að nokkru leyti og að litlu leyti tillit til þeirra miklu erlendu lána, sem á útgerðinni hvíla og hafa stórhækkað við gengisfellinguna. Aðeins fyrsta veðréttar lán ein, sem hvíla á bátaflotanum, eru 800—900 millj. kr., og mikill hluti þessara lána er háður gengisákvæðum. Sérstaklega kemur þetta hart niður á þeim, sem hafa nýlega keypt skip, en ætla má, að skuldaraukning af þessum sökum sé ekki undir 60—70 millj. kr. Ekki hefur heldur verið reiknað með nema broti af þeim birgðum, sem aukinn endurnýjunarkostnaður hefur í för með sér. Allur fiskiskipafloti okkar er nú um 75 þús. lestir eða jafnvel þar yfir, og hefur endurnýjunarverð hans miðað við ný skip verið áætlað að vera um 3.5 milljarðar fyrir gengisfellinguna. Við gengisfellinguna hækkar endurnýjunarverðið um nálægt 450 millj. kr. Algert lágmark aðeins til þess að halda þessum flota við er að reikna með fullri endurnýjun á 15 árum á skipum og vélum, og er það þó trúlega of lítið, þegar þess er gætt, að meðalaldur skipanna er 17—18 ár. Árlegur kostnaðarauki vegna skipastólsins í heild til endurnýjunar er því varla undir 30—40 millj. kr. á ári vegna gengisfellingarinnar, þó að ekki sé reiknað með neinni aukningu eða nauðsyn þess að kaupa dýrari tæki í samræmi við nýjar tæknikröfur, og allan þennan aukna kostnað verður bátaútvegurinn í raun réttri að bera einn, þar sem um enga endurnýjun er að ræða í togaraflotanum og hefur ekki verið um mörg ár.

Ég ætla, að samkvæmt því, sem ég hef nú sagt, sé mjög varlega reiknað, að óhjákvæmilegur árlegur kostnaðarauki bátaflotans eins vegna gengisfellingarinnar sé 70—90 millj. kr. eða 14—18% af því aflaverðmæti, sem til útgerðarinnar sjálfrar fellur, og er þá miðað við fyrirliggjandi tölur frá 1959. En þessi kostnað-

arauki er vafalaust meiri nú vegna stækkunar flotans og sífellt aukinna krafna tímans í tækniútbúnaði og endurnýjun.

Þegar þess er gætt, að kostnaður bátaflotans hefur þannig vaxið um 14—18% af aflaverðmæti *sjálfrar útgerðarinnar, en fiskverðið hins vegar* aðeins hækkað um 9.2%, fer sú staðreynd að verða skiljanleg, að útvegsmenn hafa yfirleitt fordæmt gengisfellinguna og talið hana hafa stórskaðað bátaútveginn. Kom þetta t. d. mjög greinilega fram á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna á s. l. vetri, þegar yfirgnæfandi meiri hluti bátaútvegsmanna felldi tillögu um það að lýsa að nokkru samþykki sínu við gengisfellinguna og þær ráðstafanir, sem í sambandi við hana voru gerðar.

Ef litið er svo á útveginn í heild, þ. e. a. s. bæði rekstur báta- og togaraflotans og fiskvinnslustöðvanna, sjáum við að vísu, að í krónutölu hefur verðhækkun orðið, sem þessar atvinnugreinar samanlagt hafa fengið, 320—350 millj. kr., miðað við heilt ár og aflaverðmæti eins og það var á s. l. ári. En það blasir líka við, að *frá þessari hækkun verður að draga í fyrsta* lagi upptöku gengishagnaðarins, 150 millj., í öðru lagi ný útflutningsgjöld upp á 130—140 millj. kr. á hverju ári, í þriðja lagi rúmlega 13% hækkun á öllum erlendum rekstrarkostnaði, olíu, veiðarfærum, salti, hafnargjöldum í erlendum höfnum, farmgjöldum, vélaviðhaldi o. s. frv., eða á a. m. k. 25—30% af öllum útgerðarkostnaði, í fjórða lagi um það bil 25% hækkun á *rekstrarkostnaði vinnslustöðvanna* og á allri endurnýjun í fiskiðnaði og útgerð og á erlendum lánum, sem á útgerðinni og fiskiðnaðinum hvíla. Ég álít, að þegar þetta allt er réttilega vegið á móti krónutöluhækkuninni á útflutningsverðmætinu, komi í ljós, að sjávarútvegurinn í heild haldi litlu eða jafnvel minna en engu eftir af þeirri hækkun, sem orðið hefur á útflutningsverðmætinu vegna *gengisfellingarinnar*. Og það er a. m. k. mjög athyglisvert, að hæstv. ríkisstj. hefur enga minnstu tilraun gert til að sýna tölulega fram á, að gengisfellingin hafi bætt að nokkru fyrir sjávarútveginum í heild. Ég minnist þess ekki, og ég held, að það sé áreiðanlegt, að hún hafi ekki gert það. En það verður þá a. m. k. leiðrétt af hæstv. forsrh., ef ég fer þar með rangt mál. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki heldur gert neina tilraun til að sýna það með tölulegum rökum, hver áhrif kauphækkanirnar á s. l. sumri raunverulega höfðu á hag útvegsins, heldur aðeins þrástagazt á þeirri fullyrðingu, að kauphækkun hefði riðið útveginum að fullu. Ég spyr: Hvers vegna hafa gögnin, ef þau hafa einhver verið um þessi efni, ekki verið lögð á borðið? Var e. t. v. eitthvað gruggugt við útreikningana? Voru fullyrðingarnar kannske illskárri en það að láta sannazt, hverjar staðreyndirnar voru?

Samkvæmt áætlunum norska sérfræðingsins, prófessors Gerhardsens, sem starfað hefur fyrir ríkisstj. að athugun á sjávarútvegi okkar, — en áætlanir sínar hefur prófessorinn byggt á reikningum nokkurra frystihúsa og vafalaust á öðrum öruggum heimildum, sem hæstv. ríkisstj. og stofnanir hennar hafa látið honum í té, — er áætlað, að vinnulaun í öllum frystihúsum landsins á árinu 1959 nemi 171.8 millj. kr. eða 16.8% af útflutningsverðinu, fob-verðinu, það ár, en það varð rúmlega 1000 millj. miðað við gengið 1960. *Samkvæmt sömu áætlun voru* verkalaun við framleiðslu saltsíldar 47 millj. kr. eða 16.6% af útflutningsverðmæti, og við verkun saltfisks voru verkalaun 7—8% af útflutningsverðmæti. Samkvæmt þessu sýnist mér, að það sé mjög varlegt að áætla, að vinnulaun séu ekki yfir 15% að meðaltali af fob-útflutningsverðmæti sjávarafurða og þó sennilega nokkru minni, miðað við væntanlegt söluverð afurðanna. Öll verkalaun í landi við sjávarútveginn, en það eru þau einu verkalaun, sem hér ber að reikna með, hafa því ekki getað verið yfir 450 millj. kr. á s. l. ári. Og þó að teknar séu þær tölur, sem hv. stjórnarsinnar vilja reikna með, þegar um kauphækkun er rætt, og talið, að hún hafi numið 12—14%, þá kemur í ljós, að öll kauphækkunin hefur ekki numið meira en 54—63 millj. kr. fyrir sjávarútveginn í *heild eða rétt um 2% af útflutningsverðmætinu*, eins og það var á s. l. ári. Ef eitthvað er skakkt við þessa útreikninga, er ekki skekkjan fólgin hjá mér, heldur hjá þeim, sem lagt hafa þessar tölur upp í hendur okkar alþm. Á sama tíma og kauphækkunin lagði þessar byrðar upp á 50—60 millj. kr. í hæsta lagi á sjávarútveginn, skeði það svo, að útflutningsverðmætið óx um 400 millj. frá árinu 1960 og um 200 millj. frá árinu 1959, þ. e. a. s. *útvegurinn þurfti* aðeins að verja rösklega ¼ hluta af aukinni framleiðslu sinni frá 1959 til kauphækkananna og ekki nema röskum ⅛ hluta af aukningunni frá árinu á undan, árinu 1960, en hefði þá sloppið við alla þá gífurlegu útgjaldaaukningu og nýju álögur, sem af gengisfellingunni leiddi fyrir hann.

Þetta var vissulega mjög vel kleift og fullkomin *fjarstæða að halda því fram*, að slík kauphækkun við þau skilyrði, sem hér voru fyrir hendi, hefði leitt af sér hallarekstur og atvinnuleysi, eins og hv. stjórnarsinnar streitast við að fullyrða án þess þó að gera minnstu tilraunir til að finna orðum sínum stað eða sannanir. Það er fyrirsláttur, sem við minna en ekkert hefur að styðjast, að gengisfellingin hafi verið gerð til þess að bjarga sjávarútveginum, því að hann gat betur borið þau laun, sem um var samið s. l. sumar, heldur en þau, sem hann áður þurfti að greiða, eins og ég hef hér sýnt fram á.

En þá stendur hin meginástæðan eftir, sem sögð er hafa verið fyrir gengisfellingunni, þ. e. a. s. sú, að kauphækkunin hefði leitt af sér svo mikla eftirspurn eftir gjaldeyri, að til neyðarástands hefði horft í þeim efnum, ef hún hefði ekki verið tekin aftur af verkafólki með gengisfellingunni.

Staðreyndin er auðvitað sú, að það aukna verðmæti útflutningsins og þar með gjaldeyristeknanna, sem varð á s. l. ári, réttlætti það fullkomlega, að launafólki væri með kauphækkun gerð kleif meiri gjaldeyrisnotkun en áður, án þess að nokkur bagi væri að, enda er nú

ekki státað meira af öðru í herbúðum hv. stjórnarsinna en því, að verulegar upphæðir hafi safnazt í gjaldeyrissjóði. En hitt er líka skiljanlegt, að gengisfellingin hvorki skapaði neinar gjaldeyristekjur né hindraði heldur, að aðrir en verkafólk fengju raunverulega ávísun á hinn aukna gjaldeyri. Og það verður að telja mjög ósennilegt, að tekjutilfærslan í þjóðfélaginu frá verkafólki og til annarra aðila í þjóðfélaginu hafi verkað sérstaklega í þá átt að draga úr gjaldeyriseftirspurninni. Ég ætla t. d., svo að maður taki einfalt dæmi, að þegar læknar hækka sín laun um 70% og við þurfum að borga þeim mun meira fyrir læknishjálpina, hafi ekki við það dregið neitt úr gjaldeyriseftirspurn. Þeir peningar, sem áður voru í hendi sjúklingsins, eru eftir aðgerðina í hendi læknisins, og hann hefur fengið sína ávísun á sinn gjaldeyri. Það þarf vissulega enga prófessora til að skilja svo einfalda hluti. En það er líka harla eftirtektarvert, að einmitt undir lok ársins og síðan hefur hæstv. ríkisstj. tekið sig til og gert sérstakar ráðstafanir til þess að örva gjaldeyrisnotkun í þeim tilgangi að fá ríkissjóði auknar tekjur, og þær ráðstafanir benda óneitanlega ekki til þess, að í því gjaldeyrislega góðæri, sem s. l. ár var vegna aukningar aflans, hafi ríkisstj. í raun og veru verið svo óttaslegin um gjaldeyrisafkomuna sem hún vill vera láta.

Hitt er líka auðsætt, sem ég hef áður sagt hér, að vel mátti hugsa sér aðrar leiðir og heppilegri til þess að ná gjaldeyrisjöfnuði en þær að lækka kaupið, ef til þess var brýn þörf, sem ég tel ekki hafa verið. Ég fyrir mitt leyti óttast ekki frýjunarorð manna um það, að með því að halda þessu fram séum við að gerast málsvarar nýrra innflutningshafta. Ég álít, að takmörkun á notkun erlends gjaldeyris, skynsamleg takmörkun á honum, sé betra skömmtunarfyrirkomulag en að láta fátæktina og skortinn skammta, en slíkt virðist vera algert trúaratriði hjá þeim, sem standa að hæstv. ríkisstj.

Ég ætla, að það sé nú orðið flestum ljóst, að þær tvær meginástæður, sem hæstv. ríkisstj. hefur fært fram fyrir gengisfellingunni, séu tylliástæður einar, en hinar raunverulegu ástæður hafi verið allt aðrar og miklu ógöfugri en þær, sem hún vill vera láta.

Þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hét hún því mjög hátíðlega, að hún skyldi engin afskipti hafa af kaupgjaldssamningum atvinnurekenda og verkalýðsfélaga. Jafnframt og síðan við mörg tækifæri hefur hún látið í ljós, að 3—4% árleg raunhæf kauphækkun væri eðlileg og framkvæmanleg, en samkvæmt því ætti kaupgjald að hafa hækkað um 10—12%, frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En reyndin er hins vegar, að kaupið hefur lækkað raunverulega um eða yfir 20%. Efndir þessara loforða hafa því verið nokkuð á annan veg en vænta hefði mátt, því að í fyrsta lagi hefur aldrei nein ríkisstj. blandað sér freklegar inn í viðskipti atvinnurekenda og launþega en núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert. Lögmæt verkföll hafa verið bönnuð með brbl. Löglegum og rétt gerðum samningum hefur verið rift með löggjöf. Mikilvægasta samningsatriði lægst launuðu stéttanna til verndar kaupmættinum, þ. e. a. s. verðlagsbætur eftir vísitölu, hefur verið afnumið með lögum og bannað að semja um það framvegis eða um nokkra aðra hliðstæða vernd til handa þeim, sem minnst bera úr býtum. Og enn hefur kaup verið ákveðið beint með lögum. Allt þetta hefur sú ríkisstj. gert, sem hét því, þegar hún tók við völdum, að hún skyldi aldrei hafa nein afskipti af samningum atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, það væri þeirra mál, sem þeir yrðu að bera ábyrgð á. En þannig hefur það gerzt í síauknum mæli, að ríkisvaldið hefur hrifsað til sín valdið yfir sjálfum launakjörunum, og þetta hefur vissulega ekki verið gert til þess að tryggja þær árlegu og raunhæfu kjarabætur, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur talið sig vera sérstakan málsvara fyrir, heldur hafa afskiptin reynzt verða á borði árlegar árásir á lífskjör vinnustéttanna og á samninga- og samtakafrelsi þeirra.

Ég hef áður rakið það hér í hv. deild, hvernig hin beina valdbeiting ríkisstj. gagnvart verkalýðshreyfingunni hefur leitt til þess, að kaupmáttur hefur lækkað um full 17% eftir opinberum útreikningum, frá því að viðreisnin hófst, og hann er nú lægri en nokkru sinni áður á s. l. 16—17 árum og fer enn hraðminnkandi. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þessa þróun, en hún er vitanlega fullkomin sönnun þess, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur misbeitt valdi sínu og svikið öll fyrirheit sín um að leiða þjóðina inn á braut bættra lífskjara. Gengisfellingin s. l. sumar átti sér, eins og ég hef nokkuð rakið, engar frambærilegar efnahagslegar forsendur. En það er þó ekki þar með sagt, að til hennar hafi ekki legið neinar efnahagslegar orsakir, því að vissulega er það svo, að það hafa ekki allir skaðazt á gengisfellingunni. Sú innlend auðmannastétt, sem lifað hefur undanfarna áratugi hátt á því fjármagni, sem þjóðin á sameiginlega í lánastofnunum sínum, hefur fengið skuldir sínar afskrifaðar um það, sem gengisfellingunni nam, og þannig náð til sín drjúgum hluta af fjármagni þjóðarinnar, á sama tíma sem sparifjáreigendur og aðrir hafa beðið hliðstætt tjón. Þessi þróun var vitanlega þóknanleg fyrir ríkisstjórn, sem hefur sett sér það takmark öllu öðru fremur að skapa hér voldugt einkafjármagn, sem öllu geti ráðið í okkar efnahagslífi, og til þess að því marki verði náð, þarf kaupgjaldið líka að vera lágt. Verzlunarauðvaldið hefur líka farið með drjúgan skerf frá borði eftir gengisfellingaraðgerðirnar. Og síðast, en ekki sízt eru þeir útlendu húsbændur, sem segja hæstv. ríkisstj. fyrir verkum í efnahagsmálum og gefa henni einkunnir eftir því, hvernig hún stendur sig, eins og nú alveg nýlega hefur komið fram, og eru að undirbúa ásamt henni jarðveginn fyrir flóð erlends fjármagns inn í landið. Þeir hafa líka áhuga á því, að vinnuafli sé haldið hér í lágu verði og að kaup á íslenzku vinnuafli verði því sem hagstæðust, þegar til þarf að taka. Allt hefur þetta að sjálfsögðu stutt að ákvörðuninni um gengisfellingu. En ég tel þó ekki vafa á hinu, að valdstreita og hreinn

hefndarhugur í garð verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar hafi átt einna ríkastan þátt í því, að ríkisstj. tók sína ógæfuákvörðun eftir vinnudeilurnar á s. l. sumri.

Þegar það varð séð, að engu viti varð komið fyrir ríkisstj. og þau atvinnurekendasambönd, sem hlíta hennar forsjá í einu og öllu, gerðist það, að verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin tóku höndum saman um að bjarga atvinnuvegunum úr þeim ógöngum, sem kauplækkunarstefnan var að festa þá í. Þessi tvenn hagsmunasamtök almennings gerðu sér ljósan þann voða, sem allri afkomu þjóðarinnar stafaði af stöðvun alls atvinnulífsins yfir háþjargræðistímann á s. l. sumri, glötun síldarvertíðarinnar og lömun flestra annarra atvinnugreina. Og þessi hagsmunasamtök fólksins sjálfs mótuðu réttláta, hóflega og varanlega lausn kjaradeilunnar á þann hátt, að Vinnuveitendasamband Íslands og ríkisstj. þorðu ekki annað en samþykkja þá lausn að lokum, að vísu ekki fyrr en þau höfðu unnið þriggja vikna skemmdarstarf á atvinnurekstrinum og gert tilraunir til að svelta verkafólk til hlýðni. Með þessari lausn á vinnudeilunum sýndu þessi samtök bæði það, hvert vald þau eru í þjóðfélaginu, og hæfni sína til lausnar á miklum vanda, sem stjórnarstefnan hafði skapað. Það var þessi staðreynd, sem öllu öðru fremur umturnaði svo ástandinu á stjórnarheimilinu, sem verkin sanna. Óttinn um það, að hér væri að skapast víðtækt samstarf stærstu hagsmunasamtaka almennings, hvors öðru til styrktar í lífsbaráttunni, samstarf, sem hefði að baki sér mikinn meiri hluta þjóðarinnar, fyllti hæstv. ríkisstj. hefndarhug og ótta, og nú þótti ekki lengur í það horfandi að beita alla launamenn í landinu hinum harkalegustu aðgerðum til þess að eyðileggja árangur þessa samstarfs þegar í upphafi, til þess að það þætti síður fýsilegt í framtíðinni og til þess að sanna verkalýðshreyfingunni, að hún mundi jafnan hafa verra af, ef hún þyldi ekki möglunarlaust þær kjaraskerðingaraðgerðir, sem ríkisstj. þóknaðist að leiða yfir hana á hverjum tíma. Þannig átti að skapa vonleysi í röðum verkalýðshreyfingarinnar og reyna að gera hana óhæfa til að gegna frumskyldum sínum, þeim að verja og bæta launakjörin. Enn kom það svo til, að viðreisnin í skattamálum, sem eins og allir vita hefur verið fólgin í því að tengja allar tekjur ríkissjóðs beint við neyzluna, hafði leitt af sér fyrirsjáanlegan hallarekstur ríkissjóðs vegna kjaraskerðinganna og minnkandi neyzlu, minnkandi kaupgetu. Með gengisfellingunni var reynt að stórauka þessa skattheimtu og bjarga stjórnarstefnunni í bili frá því áfalli, sem hallarekstur ríkissjóðs hefði leitt af sér.

Ekki verður fram hjá því gengið, þegar gengisfellingin er metin, að hún hefur auðvitað mótað þau viðhorf, sem nú eru í kaupgjaldsmálum í landinu. Það hefur nefnilega sannazt, að hún hefur ekki náð þeim tilgangi sínum að slá launamenn niður í eitt skipti fyrir öll, eins og tilætlunin var og kjörorðið hljómaði á s. l. sumri. Afleiðingar gengisfellingarinnar herða með hverjum degi fastar að afkomu launafólks og þó alveg sérstaklega að hinum lægst launuðu. Ný kauphækkunarbarátta af hálfu hinna verst launuðu í þjóðfélaginu er óumflýjanleg og óhjákvæmileg, eftir að þeim, sem við þau kjör eiga að búa, hefur verið synjað um allar úrbætur eftir stjórnarfarslegum leiðum. Meðal opinberra starfsmanna og þeirra stétta, sem betur eru launaðar, eru launamálin í hreinni upplausn. Uppsagnir heilla stétta frá störfum eru fyrirhugaðar, hálaunastéttir setja taxta og ákveða sér sjálfar laun, án þess að ríkisvaldið fái nokkra rönd við reist. Trú launamanna almennt á gildi rétt gerðra samninga, allra sízt til nokkurs verulegs tíma, er þrotin með öllu. Gagnvart þessu ástandi stendur sú ríkisstj., sem eftir kjarasamningana á s. l. sumri átti kost á fullri tryggingu fyrir tveggja ára vinnufriði, ef hún hefði látið þá samninga í friði, en ekki rift þeim með valdbeitingu, algerlega úrræðalaus að öðru en því, að hún er ákveðin í að streitast með öllum ráðum gegn því, að þeir lægst launuðu fái nokkra bót á sínum kjörum. Launastéttunum var sagt stríð á hendur með gengisfellingunni, og afleiðingin er orðin sú, að engin stétt launamanna mun sitja hjá í þeirri launabaráttu, sem fram undan er, og því stríði, sem hæstv. ríkisstj. hefur efnt til með gerræði sínu.

Afgreiðsla hinna tveggja gengislækkunarfrv. hér á hv. Alþingi bíður því síðasta tækifæris til þess að rifta þeim gerræðisaðgerðum, sem ég hef hér lýst, og koma þannig í veg fyrir, að meiri óheill en þegar er orðin stafi af þeim. Það er sjálfsagt of mikil bjartsýni að gera sér vonir um, að þetta síðasta tækifæri verði notað hér af þeim meiri hluta, sem hlýðir í einu og öllu hæstv. ríkisstj., verði notað eins og vera bæri. En afleiðingarnar af því að láta þetta síðasta tækifæri ganga úr greipum verða þá líka allar að skrifast á reikning þess meiri hluta, sem það gerir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2.—15. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

38. Málflytjendur.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. l. nr. 25 16. febr. 1953** [177. mál] (stjfrv., A. 388).

Á 64. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 441).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur er stjfrv., og í því felast fyrst og fremst þrjár breytingar á þeim lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til, að ákvæðum gildandi laga um óflekkað mannorð í lögum um málflytjendur verði breytt til samræmis við lagabreytingar um óflekkað mannorð í öðrum samböndum, sem gerðar hafa verið, bæði á þessu þingi og hinu síðasta, og hv. þdm. munu kannast við.

Í öðru lagi er lagt til, að breytt verði lítið eitt prófi hæstaréttarlögmanna. Nú er það ákvæði í lögum, að próf hæstaréttarlögmanna er í því fólgið, að þeir flytja þrjú mál fyrir hæstarétti og sé eitt þeirra opinbert mál. Í frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að þeir, sem taka próf hæstaréttarlögmanna, þurfi ekki að flytja opinbert mál, heldur skipti ekki máli, þótt öll prófmálin séu einkamál. Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að þegar breytt var lögum um ákæruvaldið og embætti saksóknara ríkisins var stofnað, þá var þar með ákveðið, að saksóknari ríkisins skyldi vera sækjandi í öllum opinberum hæstaréttarmálum. Af því leiðir það, að miklu meiri erfiðleikum verður bundið fyrir lögmenn að fá opinber mál sem prófmál, og það þykir ekki skipta það miklu máli, að ástæða sé til að halda því við, og er því lagt til, að ákvæði um, að eitt mál skuli vera opinbert mál, verði fellt niður.

Þriðja breytingin, sem felst í þessu frv., fjallar um búsetu hæstaréttarlögmanna. Nú eru lagaákvæði þannig, að hæstaréttarlögmenn skulu hafa opna skrifstofu í Reykjavík. Þetta ákvæði hefur á sínum tíma verið eðlilegt og sjálfsagt, þegar samgöngur voru ekki jafngóðar og nú eru, en þykir ekki lengur eiga rétt á sér. Hins vegar hefur það hingað til ekki komið mikið að sök, vegna þess að hæstaréttarlögmenn hafa, að ég ætla allir, allt fram að síðustu tímum verið búsettir í Reykjavík eða í grennd við Reykjavík. Nú er hins vegar a. m. k. einn hæstaréttarlögmaður nýbúinn að taka próf, sem búsettur er úti á landi, og fær hann ekki réttindi samkv. gildandi lögum nema hafa opna skrifstofu í Reykjavík, en ekki þykir ástæða til að viðhalda því ákvæði lengur sökum þess, hve samgöngur eru orðnar greiðari og auðveldari en áður var.

Allshn. hefur fjallað um þetta frv., og hún hefur rætt um það við tvo stjórnendur úr Lögmannafélaginu. Það kom í ljós, að efni frv. var í samræmi við óskir, sem Lögmannafélagið hafði borið fram við hæstv. dómsmrh. um breytingar á lögum um málflytjendur, og höfðu því þessir stjórnarmenn ekkert við þetta frv. að athuga og voru því fullkomlega samþykkir. Allshn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 9. þm. Reykv., var fjarstaddur, þegar nefndin fjallaði um frv. og afgreiddi það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði reyndar ætlað mér að flytja brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, gera það við 2. umr. málsins. Með því að það stóð þannig á, að umræðan var í gærkvöld á kvöldfundi og orðið nokkuð áliðið, þá kunni ég ekki við að vera að tefja störfin og taldi því réttara að geyma þetta mál til 3. umr.

Um þær breytingar, sem felast í því frv., sem hér er til umr., um breyt. á l. um málflytjendur, þá er ég yfirleitt samþykkur þeim breytingum og ætla ekki að fara að fjölyrða neitt um þær út af fyrir sig, en mér þykir á skorta, að það hafi verið breytt þeim ákvæðum í málflytjendalögunum, sem ég tel ástæðu til, og þess vegna ætla ég mér að leggja hér fram eina tillögu til breytingar, viðauka við það frv., sem hér um ræðir.

Í 9. gr. laga um málflytjendur er ákvæði um hæstaréttarlögmenn. Réttindi til þess að flytja mál fyrir hæstarétti eru samkvæmt þeirri lagagrein tvenns konar. Það eru annars vegar réttindi, sem héraðsdómslögmenn hafa, sem hafa starfað að málflutningi í fimm ár og flutt á þeim tíma fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega. Þeir geta fengið leyfi til þess að flytja fyrir hæstarétti þau mál ein, sem þeir sjálfir hafa flutt fyrir undirrétti. Þetta eru hin minni réttindi, ef svo má að orði komast. Hæstaréttarlögmannsréttindin, sem venjulega er talað um og eru full réttindi til þess að flytja mál fyrir hæstarétti, eru hins vegar að sjálfsögðu fólgin í því, að viðkomandi maður, sem þau réttindi fær, hefur leyfi til þess að flytja öll mál fyrir hæstarétti, hvort sem hann sjálfur hefur flutt þau fyrir undirrétti eða ekki.

Í þessari 9. gr. laganna eru eðlilega sett nokkuð mismunandi skilyrði til þess að fá hin meiri réttindi og hin minni réttindi. En samt er sá annmarki á, að undir vissum kringumstæðum

og það jafnvel æðioft, þá má segja, að það séu gerðar meiri kröfur til þess að fá minni réttindin heldur en meiri réttindin. Sá, sem fær full hæstaréttarlögmannsréttindi, þarf að flytja hin svokölluðu prófmál fyrir hæstarétti, sem eru þrjú mál, og rétturinn þarf að taka hans málflutning góðan og gildan til þess að veita honum þessi réttindi.

Ég ætla ekki að fara út af fyrir sig að tala hér um þessa prófraun, en í mínum augum er í sjálfu sér ekki mjög mikið leggjandi upp úr þessu, þó að ég ætli ekki að fara að gera hér neinar tillögur um breytingar á þeim hætti, sem hafður hefur verið. Prófraun væri í raun og veru að mínum dómi þá fyrst fullgild, ef um einhvers konar próf væri að ræða, sem umsækjandinn tæki fyrir hæstarétti, en ekki flutning prófmála, vegna þess að í raun og veru er lítill vandi á höndum í flestum tilfellum fyrir þann, sem flytur slíkt prófmál fyrir hæstarétti. Það er aðeins að flytja þar eina ræðu eða stundum tvær, það er lítið gert að því að flytja svarræður oft og tíðum, og þessa ræðu gæti umsækjandinn í raun og veru samið heima og gæti vel gert það með aðstoð annarra manna eða látið aðra semja ræðuna fyrir sig, þannig að þetta er í raun og veru próf, þar sem maðurinn þarf ekki endilega í raun og veru að ganga undir það sjálfur, hann aðeins flytur ræðuna, en hann getur í raun og veru farið í smiðju hvert sem er til þess að láta taka þetta saman, sem hann segir fyrir réttinum.

Nú er ég í sjálfu sér ekki að halda því fram, að þeir, sem hafa gert þetta, hafi yfirleitt gerzt sekir um þetta, þótt að sjálfsögðu sé æskilegt, að menn kynni sér allar hliðar mála, sem þeir eiga að flytja, og leiti til annarra færari manna um ýmsar leiðbeiningar. Það er í sjálfu sér ekkert athugavert við það. Ég er fyrst og fremst að benda á þetta til þess að sýna, að flutningur prófmáls er engin óyggjandi sönnun fyrir því, að maðurinn sé hæfur til þess að flytja mál fyrir hæstarétti. En það er sá annmarki á þessu að mínum dómi, þar sem þarna er gerð sú krafa, að flutt séu prófmál, að þá eru gerðar mjög litlar kröfur um undirstöðureynslu eða starfsferil, og það liggur í því, að sá, sem flytur prófmál, þarf að hafa réttindi sem héraðsdómslögmaður, en réttindi sem héraðsdómslögmaður er í raun og veru hægt að fá samkvæmt lögum við það að gegna margs konar störfum, t. d. að vera fulltrúi í stjórnarráði eða í ýmsum störfum, sem lögfræðimenntun þarf til, án þess að hafa nokkurn tíma stundað málflutning. Það er þess vegna vel hugsanlegt, að maður, sem flytur prófmál fyrir hæstarétti og fær réttindi sem hæstaréttarlögmaður, hafi í rauninni aldrei á ævi sinni flutt mál áður, og það er a. m. k. orðið ákaflega algengt núna, að menn, sem alls ekki hafa atvinnu af málflutningi og aldrei hafa haft það og hafa ekki í hyggju að gera það, fá prófmál og öðlast hæstaréttarlögmannsréttindi, og þetta eru sérstaklega ýmsir fulltrúar í stjórnarráðinu. Þessi öfugþróun, vil ég leyfa mér að segja, er líka að nokkru leyti sprottin af því, að ríkið á oft í málaferlum, málum, sem eru kannske lögfræðilega erfið og vandasöm og eru því viðurkennd sem prófmál, og þessir fulltrúar eiga oft betri aðgang að því að fá mál, sem eru viðurkennd sem prófmál, heldur en hinn almenni málflutningsmaður.

Þess vegna er það, að ég vil leggja til, að gerð verði breyting á skilyrðum fyrir því, að menn verði fullgildir hæstaréttarlögmenn. Í 6. tölul. 9. gr. l. segir, að það eitt sé skilyrði til þess að fá leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, að hann hafi verið héraðsdómslögmaður í þrjú ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til. En ég álít, að það sé ekki í raun og veru fyrst og fremst nema um tvennt að ræða, sem gefur lögfræðingi nægilega reynslu og undirbúning til þess að geta tekið að sér að vera hæstaréttarlögmaður, og það er, að hann hafi stundað annaðhvort málflutningsstörf eða dómarastörf í einkamálum og kveðið þar upp dóma. Að vísu kunna að vera frá þessu einstaka undantekningar, við skulum segja eins og með fræðimenn, menn, sem væru t. d. mjög lærðir í lögfræði og hefðu leitað sér menntunar erlendis. En um þá mundi fyrst og fremst gilda undantekningarákvæði, þar sem hæstiréttur getur leyst þá undan prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dómurunum er kunnugt af lögfræðistörfum manns, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

Ég álít, eins og ég sagði áðan, að það sé undirstöðuatriði raunverulega, að þessir menn hafi annaðhvort gegnt dómarastörfum og dæmt í einkamálum eða þá að þeir hafi stundað málflutningsstörf, og þess vegna vildi ég leyfa mér að leggja fram brtt. á þá leið, að aftan við 6. tölulið, þennan, sem ég vitnaði til áðan, í 9. gr. l. um málflytjendur bættust orðin: og hefur flutt að minnsta kosti 40 mál munnlega eða kveðið upp dóma í 40 munnlega fluttum einkamálum. — Nú skal ég að vísu játa, að þessi brtt. er samin í nokkrum flýti, og það er á margt að líta, þegar svona breytingar eru gerðar. Mér fyndist að vissu leyti æskilegt, að n., sem hefur þetta mál til meðferðar, tæki þessa tillögu mína til athugunar og að þessari umr. yrði þá frestað, þó að ég geri það ekki að úrslitaskilyrði, að þannig verði með þetta farið, af því að ég kom ekki brtt. fyrr á framfæri. En þetta mál hefur verið afgr. hér með nokkuð miklum hraða í d. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa tillögu og fá þá afbrigði fyrir henni, ef hún yrði borin upp núna, en annars þætti mér æskilegt, að umr. um málið yrði frestað og nefndin tæki þessa tillögu til athugunar.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 388, 463).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Við upphaf 3. umr. um mál þetta flutti hv. 9. landsk. þm. (JÞ) brtt. á þskj. 463 við

þetta frv., og fjallar sú brtt. um próf hæstaréttarlögmanna, sem annars er fjallað um í 9. gr. laganna. Til þess að fá heimild til að taka próf hæstaréttarlögmanna og fá réttindi sem hæstaréttarlögmenn þurfa menn að fullnægja ýmsum skilyrðum, t. d. vissum aldri, vera lögráða, hafa íslenzkan ríkisborgararétt, embættispróf í lögfræði og hafa verið héraðsdómslögmenn í þrjú ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til. Hv. 9. landsk. þm. leggur til í brtt. á þskj. 463, að hér við bætist það skilyrði, að próftaki hafi flutt a. m. k. 40 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða kveðið upp dóma í 40 munnlega fluttum einkamálum. Hv. þm. færði rök fyrir þessari till. sinni, sem ég mun ekki endurtaka, þau eru hv. þdm. væntanlega í fersku minni.

Till. þessi var rædd á fundi í allshn. Nefndin var á einu máli um það, að rök hv. tillögumanns ættu talsverðan rétt á sér og ekki væri ástæðulaust að hreyfa þessu máli. Hins vegar var það samhljóða álit nm., að till. gengi of langt og mál þetta þyrfti rækilegri athugunar við, áður en breyting yrði á gerð. Hv. 9. landsk. viðurkenndi og í ræðu sinni, sem hann flutti um mál þetta á sínum tíma, að till. væri raunar samin í nokkrum flýti. N. treystir sér því ekki til að gera till. að sinni till. eða mæla með því, að hún verði samþ., og voru allir nm. á einu máli þar um.

ATKVGR.
Brtt. 463 felld með 10:1 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og menn muna, var á síðasta þingi gerð sú breyting um skilyrði fyrir ýmiss konar störfum, að fellt var niður skilyrðið um óflekkað mannorð, heldur ætti að meta það eftir atvikum hverju sinni, hvort ástæða væri til þess, að aðili væri sviptur réttindum, og þá hvenær hann fengi þau aftur. Það þykir viðeigandi, að sams konar reglur gildi um málflytjendur, eins og hin almenna lagaregla segir til, og er það ein breytingin, sem í þessu frv. felst.

Þá er annað, að áður fyrr var það skilyrði fyrir að geta orðið hæstaréttarmálaflutningsmaður, að maður hefði skrifstofu hér í Reykjavík og búsetu hér eða í grennd við borgina. Vegna breyttra aðstæðna og samgangna þykir þetta skilyrði ekki eiga lengur við, og er lagt til, að það verði fellt niður.

Loks þykir rétt að breyta ákvæðunum um fjölda opinberra mála, sem hæstaréttarlögmaður þurfi að flytja, vegna þess að nú er flutningur opinberra mála eða saksókn að verulegu leyti fyrir hæstarétti í hendi saksóknara ríkisins, svo að fyrri ákvæði eiga ekki við að þessu leyti.

Þær breytingar, sem ég hef nú gert grein fyrir, eru efni þessa frv., sem þegar hefur verið afgr. í Ed. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 630).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar um nokkurn tíma og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur hérna fyrir. Einn nm., hv. 11. landsk., hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. að því er varðar lögin, sem frv. fjallar um, en það eru lög um málflytjendur.

Það er ekki ástæða til að hafa langa framsögu um þetta mál. Þó vil ég aðeins geta lítillega þeirra atriða, sem frv. er ætlað að breyta í lögum um málflytjendur.

Þá er það í fyrsta lagi, að eins og löggjöf er háttað nú, reynist mjög erfitt fyrir héraðsdómslögmenn að fá opinber mál til flutnings fyrir hæstarétti, sem lögin kveða á um, og það er talið til undantekninga, ef slíkir, þ. e. a. s. lögmenn, sem eru að þreyta próf fyrir hæstarétti, fá slík mál fyrr en eftir dúk og disk. Það þykir því rétt, með hliðsjón af þessu og eins því, að nú er sú breyting á orðin, að því er varðar sækjanda í opinberum málum fyrir hæstarétti, að nú er lögákveðið, að saksóknari ríkisins sæki yfirleitt að öllu slík mál fyrir hæstarétti, og er gert ráð fyrir því í frv., að niður falli sú prófskylda, að flutt sé eitt opinbert mál. Eftir verða þá þrjú prófmál, sem héraðsdómslögmenn skulu flytja í prófskyni fyrir hæstarétti, allt einkamál. Má telja þessa breytingu mjög til bóta, eins og á stendur og ég hef lítillega að vikið.

Í öðru lagi: Í 12. gr. laga um málflytjendur er svo fyrir mælt, að hæstaréttarlögmenn skuli hafa skrifstofu í Reykjavík og búsetu þar eða í grennd við borgina. Þegar til þess er litið, að samgöngur eru greiðari nú en áður hefur verið, þykir ekki ástæða til þess að binda við Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur búsetu eða skrifstofuhald þessarar stéttar manna, og er því lagt til í þessu frv., að búsetuskilyrðið að þessu leyti falli niður.

Þá er lagt til, að ákvæðum þessara laga um málflytjendur um óflekkað mannorð verði breytt, og er það í samræmi við löggjöf að þessu lútandi, sem gengið var frá hér á Alþingi í fyrra, þannig að það er ekki gert að skilyrði, að fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða málflutningsmaður hafi sem kallað er óflekkað mannorð, og verður þá farið eftir öðrum reglum þar um með líkri niðurstöðu.

Það eru aðallega þessi þrjú atriði, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að breytt verði í lögum um málflytjendur. Og eins og ég sagði í upphafi, þá er allshn. einhuga um, að þetta frv. nái fram að ganga, en einn nm., hv. 11. landsk., hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. um frekari breytingar á lögunum um málflytjendur. Þegar málið var afgr. í

allshn., var einn nm. fjarstaddur, hv. 8. landsk. þm.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

---

39. Hjúkrunarskóli Íslands.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um Hjúkrunarskóla Íslands** [119. mál] (stjfrv., A. 224).

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Þetta frv. er undirbúið af skólanefnd Hjúkrunarkvennaskóla Íslands í samráði við landlækni. Þetta er breyting á eldri lögum um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands frá 1944.

Það má segja, að það séu ekki miklar efnisbreytingar í þessari löggjöf. Hún er færð í eðlilegra form og endurbætt í samræmi við reynslu þá, sem fengizt hefur af starfrækslu Hjúkrunarkvennaskólans.

Það er m. a. heiti þessa frv. og skólans samkv. því, að hann heiti Hjúkrunarskóli Íslands, en ekki Hjúkrunarkvennaskóli. Þetta leiðir af því, að karlmenn hafa sótt til karlréttinda hér á landi á þessu sviði og tekið til við hjúkrun, sem áður var eingöngu í höndum kvenna, og skólinn hefur verið kallaður Hjúkrunarskóli Íslands undanfarin ár, eftir að karlmenn tóku að stunda hjúkrun líka, eins og fram kemur í grg. fyrir frv. Það er gert ráð fyrir að reka þennan skóla sem heimavistarskóla, sem eðlilegt er, og var haft í huga, þegar byggt var nálægt Landsspítalanum. Skólabyggingin er staðsett, eins og kunnugt er, á landsspítalalóðinni, og fylgir því auk þess margvíslegt hagræði, að hjúkrunarnemarnir séu í sem mestum námunda við a. m. k. þetta stærsta sjúkrahús landsins.

Þá er í 2. gr. gert ráð fyrir, að skólinn heyri undir menntmrn. Það er í samræmi við þróun undanfarinna ára, að sérskólarnir skuli koma inn í skólakerfið í heild, en ekki lúta hinum einstöku ráðh., þó að það sé að vísu svo enn, að landbúnaðarskólarnir heyri undir landbrh. Það segir að vísu svo í aths. við 2. gr., að það virðist eðlilegt, að málum skólans sé bezt skipað undir stjórn menntmrh., og það sé betri aðstaða fyrir hendi til þess að búa svo að skólanum, að hann geti orðið við sívaxandi kröfum tímans sem menntastofnun. Ég fyrir mitt leyti hefði álitið, að það væri vel hægt að búa sæmilega að honum í heilbrmrn., en hef ekki viljað fara í neinn meting við menntmrn. um þetta. Eins og ég sagði áðan, er það í samræmi við það, sem lögfest hefur verið á undanförnum árum, og telst nú að öllu leyti hagkvæmara, og stjórnendur skólans hafa óskað eftir, að svo mætti vera. Ég vil aðeins vona, að þetta frv. verði til styrktar þessari stofnun, sem er hin merkasta og ástæða til að búa að henni á sem beztan hátt.

Ég vil svo leyfa mér að svo mæltu að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 224, n. 404).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Hæstv. forseti. Frv. þetta um Hjúkrunarskóla Íslands felur m. a. í sér breytingu á nafni þess skóla, sem menntað hefur hjúkrunarfólk. Hann hefur til þessa heitið Hjúkrunarkvennaskóli Íslands. En þar sem karlmenn stunda nú orðið einnig nám í þessum skóla, þótti eðlilegra, að breytt yrði um nafn hans og hann ekki kenndur við kvenfólk eitt, en nefndur Hjúkrunarskóli Íslands.

Þess má geta, að skólinn hefur útskrifað tvo karlmenn til þessa. Nú er í honum einn karlmaður, þannig að enn þá virðist ekki vera ös af karlfólki í stofnuninni, en væntanlega getur orðið á þessu breyting, þar sem skortur er mikill á hjúkrunarfólki í landinu.

Þá er sú breyting ráðgerð með frv., að skólinn er lagður undir stjórn menntmrh., í stað þess að hann hefur áður heyrt undir heilbrmrn. Þykir það eðlilegra, þar sem læknadeildin og menntun lækna almennt heyrir undir menntmrh., að þessi skóli hjúkrunarfólks heyri undir sama ráðh. Um þetta atriði var þó nokkur ágreiningur í heilbr.- og félmn., en n. mælti þó í heild með samþykkt frv., en einn hv. þm. hafði fyrirvara um þetta atriði.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í frv., að stytta heildarnámstíma skólans nokkuð, er reynt að bæta nokkuð úr þeim mikla skorti á hjúkrunarliði, sem nú ríkir í landinu. Þess má geta, að nemendur í hjúkrunarskólanum í vetur hafa verið 115 talsins. Það er talið, að þeim þurfi að fjölga verulega, til þess að þörfinni verði fullnægt fyrir hjúkrunarmenntað fólk,

og er það von þeirra, sem að þessum breyt. standa, er í þessu frv. greinir, að þær megi stuðla að því, að fleira fólk telji sér kleift að hefja nám í skólanum og ljúka þaðan prófi.

Nefndin leggur til, að þrjár smávægilegar breytingar verði gerðar á frv. Við 10. gr., að fyrir orðið „geðfræði" í 1. málsgr. komi: geðsjúkdómafræði. Í öðru lagi, að í 12. gr. komi fyrir orðið „framhaldsnám" í 1. málsgr.: framhaldsmenntun. Og loks í þriðja lagi við 14. gr. Fyrir orðið „bæjarsjúkrahússins" komi: borgarsjúkrahússins.

Þessar brtt. skýra sig allar sjálfar og þarf því ekki að fara um þær eða frv. í heild fleiri orðum. Heilbr.- og félmn. mælir í heild með því, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum og vísað til 3. umr.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Það er aðeins um eitt atriði þessa frv., sem ég gerði fyrirvara. Ég er samþykkur frv. að öllu öðru leyti og þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á því í nefndinni. Þetta atriði, sem ég geri fyrirvara um, er það, að í frv. er lagt til, að Hjúkrunarskóli Íslands heyri framvegis undir menntmrn., en ekki eins og hingað til hefur verið undir heilbrmrn. Ég tel hér vera um að ræða undirbúning undir starf í þjónustu heilbrigðismálanna, og í raun og veru má segja, að hinn verklegi þáttur námsins í Hjúkrunarskóla Íslands fari fram í landsspítalanum, undir stjórn og í samstarfi við læknana þar.

Það hefur nokkrum sinnum áður verið til umr. hér á Alþingi, hvort ætti að færa yfirstjórn allra skóla undir menntmrn., en fram að þessu hefur ekki verið þingmeirihluti fyrir því. Svo sem kunnugt er, heyra bændaskólarnir báðir undir landbrn., sjómannaskólinn heyrir undir sjútvmrn. og vélstjóraskólinn sömuleiðis. Þannig heyra þessir sérgreinaskólar í þjónustu ákveðinna atvinnugreina undir ráðuneyti viðkomandi atvinnugreina. Það er í raun og veru enn þá regla, að sérskólarnir heyri undir viðkomandi ráðuneyti. Iðnskólar hafa a. m. k. fram að þessu, ef ég man rétt, einnig heyrt undir iðnmrn., en ekki undir menntmrn. Ég hef ekki heyrt færð nein rök fyrir því, að þetta væri óheppilegt, og a. m. k. tel ég, að það sé ekki ástæða til að færa einn skóla fremur en annan undan yfirstjórn þess ráðuneytis, sem hann heyrir eiginlega til, nema þá því aðeins að það verði allsherjarregla, að þingið telji réttara, að bændaskólarnir, sjómannaskólinn, vélstjóraskólinn, iðnskólar o. s. frv. heyri allir undir menntmrn. Ef Alþingi fellst á það, sem það hefur ekki gert fram að þessu, þá fyrst teldi ég eðlilegt, að þessi skóli væri tekinn undan heilbrmrn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
3.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 404,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 404,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 404,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. tli Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd. af hæstv. heilbrmrh., enda heyra þessi mál nú undir heilbrmrn. Hjúkrunarkvennaskólinn starfar á vegum heilbrmrn. En þar eð hæstv. heilbrmrh. er staddur erlendis og getur því ekki mælt fyrir frv. í þessari hv. d., hefur það orðið að ráði, að ég legði það fyrir hv. d., meðfram af því, að gert er ráð fyrir því í frv., að þessi skóli skuli framvegis lúta yfirstjórn menntmrn.

Þetta frv. er samið af skólanefnd Hjúkrunarkvennaskóla Íslands. Meginbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. á gildandi lögum um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, eru þær, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að skólinn skuli rekinn sem heimavistarskóli, og er það í samræmi við þá reynslu, að langflestir nemendur óska eftir heimavist, enda er það beinlínis nauðsynlegt, einkum fyrir nemendur hjúkrunarkvennaskólans, sem starfa að verulegu leyti við landsspítalann, að þeir eigi kost á heimavist í hjúkrunarskólanum, þar sem vinna nemenda á landsspítalanum er að mjög verulegu leyti háð vaktaskiptum og þess vegna óþægilegt fyrir nemendur að þurfa að búa úti í bæ, þar sem þeir þurfa oft að koma til vinnu sinnar eða fara úr vinnu á þeim tímum, sem hið venjulega samgöngukerfi bæjarins starfar ekki. Það er enn fremur gert ráð fyrir því í frv., að nafni skólans, sem nú heitir Hjúkrunarkvennaskóli Íslands, sé breytt í Hjúkrunarskóla Íslands, og er það í samræmi við það, að karlmenn stunda nú einnig nám í þessum skóla, og er þess skemmst að minnast, að karlmaður hefur nú nýlega lokið prófi úr skólanum.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að yfirstjórn skólans skuli flytjast úr heilbrmrn. í menntmrn., og er það í samræmi við þær breyt., sem gerðar hafa verið undanfarin ár á yfirstjórn ýmissa skóla, sem lotið hafa til skamms tíma yfirstjórn hlutaðeigandi fagráðuneyta, en yfirstjórnin hefur verið flutt yfir í menntmrn. Ég varð þess var, að við umr. í hv. Nd. kom fram sá misskilningur í sambandi við eina ágreininginn, sem varð um málið í þeirri hv. d., — en hann var um það, hvort rétt væri að halda yfirstjórn skólans í heilbrmrn. eða flytja

hana í menntmrn., — þá kom fram sá misskilningur, að flestir sérskólanna lytu yfirstjórn hlutaðeigandi ráðuneytis. Þetta var svo fyrir allmörgum árum, en á því er nú orðin mikil breyting. Það var sérstaklega einn nm. í heilbr.- og félmn. hv. Nd., sem gerði ágreining um þetta atriði. Því var haldið fram, að t. d. iðnskólar heyrðu undir hlutaðeigandi fagráðuneyti, þ. e. a. s. iðnmrn. Þetta var svo áður, en með nýju iðnskólalöggjöfinni var einmitt yfirstjórn iðnskólanna allra flutt yfir í menntmrn. Þau ummæli komu einnig fram af hálfu sama nm., að t. d. vélskólinn og stýrimannaskólinn heyrðu undir atvmrn. Það er rétt, að atvmrn. fer með málefni stýrimannaskólans, en hins vegar hefur menntmrh. yfirstjórn skólans í atvmrn. Það hefur verið ákveðið í starfsskiptingu milli ráðh. við myndun undanfarandi stjórna, að menntmrh. skuli fara með mál stýrimannaskólans, þótt mál hans séu afgreidd í atvmrn., en það er skv. lögum. Stefnan undanfarin ár hefur því ótvírætt verið í þá átt að sameina æðstu stjórn allra skóla í landinu í menntmrn., þó að sú breyt. hafi ekki náð fram að ganga að öllu leyti enn. Er nú svo komið, að einu skólarnir í landinu, sem ekki lúta yfirstjórn menntmrh., eru búnaðarskólarnir og húsmæðraskólar í sveitum. Búnaðarskólarnir og húsmæðraskólar í sveitum lúta yfirstjórn landbrh. Allir aðrir skólar í landinu eru nú undir yfirstjórn menntmrh., þó að atvmrn. afgreiði mál stýrimannaskólans.

Ég hygg því, að óhætt sé að segja, að sú stefna, sem kemur fram í þessu frv. hvað þetta snertir, sé í samræmi við þá þróun, sem verið hefur að gerast undanfarin 8—10 ár í þessum efnum. Hér má og benda á það sérstaklega, að háskólinn og þar með læknadeildin er undir yfirstjórn menntmrh., en um allnáið samstarf milli læknadeildar og læknakennslunnar og starfs hjúkrunarskólans hlýtur að vera að ræða.

Að því er snertir stjórn skólans er sú breyt. gerð á núgildandi skipan, að gert er ráð fyrir, að Læknafélag Íslands tilnefni þann skólanefndarmann, sem áður var valinn af sjúkrahúsum, sem vistuðu nemendur við nám. Þau eru nú orðin svo mörg, að það gæti verið erfitt fyrir þau að koma sér saman um fulltrúa, og þess vegna eðlilegra, að Læknafélag Íslands tilnefni þennan skólanefndarmann.

Að öðru leyti er ekki um að ræða neinar meginbreytingar á starfsemi skólans. Ákvæðin um inntökuskilyrði, námstíma, námsefni, próf og framhaldsnám eru gerð nokkru ýtarlegri en þau voru í eldri lögum, en um grundvallarbreytingar er þar ekki að ræða.

Hv. Nd. gerði smávægilegar breytingar á frv. tæknilegs eðlis, en að öðru leyti var hv. Nd. sammála um málið, að því undanskildu, sem ég gat um áðan, að till. kom fram um, að skólinn skyldi áfram lúta stjórn heilbrmrn. En hún náði ekki fram að ganga í hv. Nd.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. á þessu stigi málsins. Ég ætla ekki heldur að gera neinar aths. við ræðu hæstv. menntmrh. Hann gat þeirrar breyt., sem í frv. felst, að skólinn eigi nú að hafa húsbóndaskipti og eftirleiðis að lúta yfirstjórn menntmrn. í stað heilbrmrn. Við þá breyt. hef ég í raun og veru ekkert að athuga.

Þær breytingar, sem í þessu frv. felast, eru yfirleitt heldur smávægilegar. Sumar af þeim eru að vísu nauðsynlegar og óhjákvæmilegar, eins og um heiti skólans. Fyrir tveimur árum flutti ég frv. um svipað efni og felst í breyt. þeim, sem hér eru á ferðinni nú. Það náði ekki samþykkt þingsins þá, en m. a. fólst í mínum till. þessi breyting á nafni skólans. En ég stend ekki hér upp til þess að tala um þessa hluti, heldur um hitt, sem mér finnst vanta í þetta frv.

Eins og allir vita og um hefur verið rætt hér á hinu háa Alþingi áður, er mikill hjúkrunarkvennaskortur í landinu. Þessi skortur á hjúkrunarkonum er ekki neitt einstæður fyrir okkar land, heldur gerir hann víða vart við sig. Spurningin er þessi: Er á nokkurn hátt hægt að bæta úr hjúkrunarkvennaskortinum í framtíðinni með breyt. á lögum um hjúkrunarnám? Mér er það ljóst, að ekki verður að öllu leyti bætt úr þeim skorti með breyt. á lögunum einum, en mér er jafnljóst, að nokkuð má gera í þá átt að bæta úr hjúkrunarkvennaskortinum með breyt. á lögunum.

Ég ræði þetta ekki ýtarlega nú, en vil þó minnast á eitt eða tvö atriði.

Annað atriðið, sem ég geri að umræðuefni, minntist hæstv. menntmrh. á, að þessi skóli á að vera áfram heimavistarskóli eins og hann hefur verið. Mér heyrðist á hæstv. ráðh., að hann legði á þetta töluvert mikla áherzlu og teldi það kost. Að mínum dómi er þetta einn stærsti ókosturinn á skólanum í dag, og ein mesta og brýnasta þörf á breyt. í þessum lögum er sú, að þetta ákvæði verði afnumið. Hvað sýnir reynslan? Fyrir nokkrum árum var byggt myndarlegt skólahús á landsspítalalóðinni fyrir hjúkrunarkvennaskólann. Vegna fjárskorts var ekki hægt að ljúka þeirri byggingu. Það var metið mest að byggja heimavistarhluta skólans, en hitt geymt til síðari tíma, að byggja kennslustofur. Fyrir þetta líður skólinn tilfinnanlega í dag. Það vantar kennslustofur, en heimavistin er nægileg. Það eru þess vegna stórir gallar á því að hafa ákvæði í þessum l. um heimavistarskóla, því ætti að útrýma með öllu. Þetta er úrelt og einskisvert ákvæði. Gallinn er mjög áberandi, sá að takmarka aðgang að skólanum. Það gerir heimavistin. Kostirnir eru sárafáir. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi verið að tala um kosti og tala um óskir nemenda, en kostirnir eru yfirskin eitt, það eru ekki neinir kostir. Ég skal aðeins minnast á einn raunverulegan kost, og hann er sá óneitanlega, að það getur verið þægilegt fyrir nemanda búsettan utan Reykjavíkur að geta átt vísa heimavist í skólanum. En fyrir alla Reykvíkinga og raunar nærsveitarmenn skiptir þetta engu máli. Heimavistarskóli í Reykjavík á yfirleitt ekki neinn rétt á sér og allra sízt ef

heimavistin verður til þess að takmarka möguleika á aðgangi að skólanum. Þetta á sérstaklega við um hjúkrunarskólann vegna þess mikla og tilfinnanlega og vaxandi hjúkrunarkvennaskorts, sem í landinu er. Sá skortur verður miklu tilfinnanlegri þó eftir örfá ár. Eftir þrjú eða fjögur ár tekur til starfa hér í Reykjavík nýr, stór spítali, borgarsjúkrahúsið. Eftir væntanlega ekki allmörg ár tekur til starfa stækkunarviðbót landsspítalans. Þá fyrst tekur í hnúkana um hjúkrunarkvennaskort, þegar þessir spítalar þurfa að fara að ráða starfsfólk. Það er þess vegna sérstök ástæða í sambandi við afgreiðslu þessa máls að athuga þetta gaumgæfilega og eftir því sem unnt er að sníða lögin þannig að auðvelda ungu fólki aðgang að þessum skóla, en torvelda ekki.

Ég sé strax, að það er ástæða til að staldra við 1. gr., þar sem ákveðið er, að ríkið skuli reka heimavistarskóla, og ég er persónulega ekki í neinum vafa um, að því ákvæði þarf að breyta. Annað, sem ég tel að ætti að athuga gaumgæfilega hér á Alþingi, er VI. kaflinn, þar sem rætt er um framhaldsnám og námskeið. Ég held, að þar ætti að ákveða nánar um námskeið fyrir ungt fólk, sem vill stunda slík námskeið, stunda nám í hjúkrunarfræðum, jafnvel þótt það leiði ekki til þess að hljóta fullkomna hjúkrunarmenntun.

Ég hef svo ekki þessi orð fleiri, en vænti þess, að þessi hv. d., ekki síst fyrir það, að hér eiga sæti tveir læknar, athugi þetta frv. einmitt nú með tilliti til þessara brýnu þarfa á að fjölga í stétt hjúkrunarfólks.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 660).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. mun vera samið af landlækni og stjórn hjúkrunarkvennaskólans í samráði við stjórn Hjúkrunarfélags Íslands. Aðalbreytingin, sem í þessu frv. felst, frá því, sem nú gildir, er, að gert er ráð fyrir, að námstíminn sé styttur um 3 mánuði eða því sem næst, en það er ætlunin, að námið verði a. m. k. ekki lakara, heldur er ætlunin, að það verði heldur betra, og það er ætlunin að ná því með því að skipuleggja það betur en gert hefur verið og hafa meiri kennslu í skólanum, áður en nemendurnir fara út í verklega námið, og er búizt við, að þeim notist þannig betur að verklega náminu.

Nefndin ræddi þetta frv. og var sammála um að mæla með að samþykkja það óbreytt, eins og það liggur fyrir. En það var nokkuð rætt um það í n., hvort ástæða væri til að setja inn í frv. ákvæði um það, að halda mætti námskeið í skólanum fyrir aðstoðarfólk á sjúkrahúsum og ljósmæður. Það hefur verið svo mikill skortur á hjúkrunarkonum að undanförnu, að það hefur stundum orðið að notast við ljósmæður og aðstoðarfólk, sem hefur ekki hjúkrunarmenntun, til þess að vinna nokkuð af þeim störfum, sem hjúkrunarkonur annars vinna, og hefur verið reynt að kenna þeim á námskeiðum það, sem nauðsynlegt er til þess að geta annazt þau störf. Það kom til tals í n., að nú á næstunni mundi verða svo mikil þörf á fleiri hjúkrunarkonum en til eru, að nauðsynlegt væri að gera einhverjar ráðstafanir í þessu skyni. En það varð ofan á í n. að geta þessa, að ætlazt væri til, að þörfin yrði leyst með námskeiðum, eins og heimild mun til í lögunum.

Við leggjum sem sagt til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð. — Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram, var eining í n. að mæla með samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir.

Þegar málið kom hér á dagskrá í hv. d., hafði ég orð á því, að möguleiki væri á að gera hér á nokkrar breytingar, sem miðuðu í þá átt að auka möguleika á fjölgun hjúkrunarfólks í landinu. Ég athugaði þetta síðar nánar, og það voru einkum þrjú atriði, sem ég athugaði í þessu sambandi, en féll síðan frá að flytja brtt. um. Það kom í ljós, að það er ekki skortur á umsóknum til þessa skóla. Honum berast fleiri umsóknir árlega en hægt er að verða við. Það, sem er tilfinnanlegast af öllu í sambandi við hjúkrunarskólann, er sumpart skortur á kennurum og sumpart skortur á kennslustofum. Þetta eru atriði, sem ekki verður úr bætt með breytingu á þessu frv., eins og það er. Það var meginástæðan fyrir því, að ég flutti ekki neinar sérstakar till. í n. um breytingu. En eins og hv. frsm. tók fram, er mikill skortur hér í landinu á hjúkrunarfólki, og má búast við, að sá skortur verði enn tilfinnanlegri á næstu árum, einkum þegar þeir nýju stórspítalar, sem nú eru í byggingu í Reykjavík, verða teknir í notkun. Þessi skortur á hjúkrunarfólki er ekki einstæður fyrir Ísland, hann er víðar, því miður. Og sums staðar, a. m. k. í Bretlandi og í Svíþjóð, hefur nokkuð verið farið inn á þá leið að veita ólærðu fólki nokkra tilsögn í hjúkrun, þannig að betur mætti nota þann ólærða starfskraft til hjálpar á heilbrigðisstofnunum, þar sem ónógur kraftur er fullnuma starfsfólks.

Í þessu frv., 6. kafla, er heimild snertandi *námskeið*. Mér hafði dottið í hug, að þörf hefði verið á að gera ákvæðið í 12. gr. nokkru ákveðnara en það er um þessi námskeið, þannig að tekið væri fram, að námskeið skyldu haldin á vegum skólans handa ljósmæðrum og aðstoðarfólki í sjúkrahúsum. En það varð, eins og hv. frsm. n. tók fram, að samkomulagi í n. að breyta ekki þessu heimildarákvæði, en það kæmi skýrt fram frá n. í framsögu, að það væri ósk hennar, að þessi heimild yrði notuð eftir þörfum: að fólki, sem starfar að hjúkrun, en ekki er útlært, verði veitt tækifæri til að sækja námskeið í hjúkrun á vegum Hjúkrunarskóla Íslands.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 695).

40. Læknaskipunarlög.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 16/1955** [124. mál] (stjfrv., A. 249).

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fram af þáv. heilbrmrh., Jóhanni Hafstein, fyrir jólin, þó að það komi nú í minn hlut að tala fyrir því.

Eins og kunnugt er, hafa alllengi verið vandræði út af því, hversu erfitt hefur verið að fá lækna til þess að gegna héraðslæknisstörfum sums staðar úti á landi, og hafa þeir erfiðleikar farið vaxandi, þrátt fyrir það þótt heilbrigðisstjórnin og einkanlega landlæknir hafi ætíð reynt að gera það, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að fá lækna til að gegna þessum mikilvægu störfum.

Á síðasta þingi var svo samþ. þáltill. um ráðstafanir vegna læknaskorts, og varð það til þess, að landlækni var falið að taka þetta mál enn upp til nýrrar íhugunar og athugunar á því, hvað fært væri að gera, eða e. t. v. réttar sagt að halda áfram þeim stöðugu athugunum og íhugunum, sem hann í þessu efni hefur leitazt við að hafa uppi.

Það frv., sem hér er lagt fram, er í samræmi við skýrslu, sem landlæknir sendi ráðuneytinu og er dagsett hinn 30. sept. s. l., þar sem hann gerir grein fyrir héraðslæknaskortinum og þeim helztu úrræðum, sem hann telur að séu til lausnar vandanum, og þar sem hann raunar einnig víkur að þeim úrræðum, sem á var drepið í þeirri þáltill., sem ég nefndi áðan.

Í skýrslunni kemur fram, að þá hafi enginn umsækjandi fengizt um 14 læknishéruð, og segir, að 11 þeirra sé gegnt til bráðabirgða, aðallega af læknakandídötum, en 3 af nágrannahéraðslæknum.

Landlæknir tjáði mér í morgun, að það mundi vera svipað ástand nú og þegar skýrslan var gefin. Hann hafði ekki alveg nákvæmar tölur, en taldi, að þetta væri í mjög svipuðu horfi og verið hefði í haust, og er það mun lakara en var á s. l. þingi, þegar þáltill., sem um var getið, var til meðferðar og hlaut samþykki.

Í þessari skýrslu landlæknis, sem er prentuð sem fskj. með því frv., sem hér liggur fyrir, gerir landlæknir grein fyrir þeim úrræðum, sem hann einkanlega telur koma til greina og vera líkleg til árangurs.

Það eru þá í fyrsta lagi tillögur um breytingar á launakjörum héraðslækna, og fjallar þetta frv. um annan þátt tillagna landlæknis í því efni.

Eins og nú til háttar, má segja, að laun héraðslækna séu hugsuð þannig, að í þeim felist í senn greiðsla fyrir hin föstu embættisstörf og a. m. k. að nokkru leyti greiðsla fyrir þá læknisþjónustu, sem héraðslæknir innir af hendi fyrir þá sjúklinga, sem til hans leita. Í frv. er gerð sú meginbreyting, að lagt er til, að embættislaun héraðslækna skuli greidd fyrir embættisstörfin, og er í 1. tölul. 1. gr. nánar tilgreint, hver þessi embættisstörf skuli vera, og má segja, að það sé fyrst og fremst sú skylda, að héraðslæknir sé ætíð reiðubúinn til þess að gegna kvaðningu, — eins og segir í frumvarpsgreininni: „samfelld gegningarskylda læknis í héraði" — og svo önnur þau störf, sem upp eru talin, þ. e. öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, frárennsli, á húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna. Það fer auðvitað mjög eftir atvikum, hversu umfangsmikil þessi embættisstörf eru. Væntanlega eru þau tiltölulega lítil í minnstu héruðunum, en þangað er einmitt erfiðast að fá læknana.

Nú má segja, að það sé kannske ofrausn að greiða lækni full embættislaun fyrir það að vera einungis reiðubúinn til kvaðningar. En þá er á það að líta, að þróunin hefur hin síðari ár, t. d. á spítölum bæði hér í bæ og annars staðar, mjög gengið í þá átt, að greiða hefur orðið læknum sérstakt kaup fyrir að vera á vöktum, eins og kallað er, að vera reiðubúnir til að gegna kvaðningu án tillits til þess, hvort til þeirra er kallað eða ekki, enda verður að játa, að mennirnir eru auðvitað bundnir, þeir geta ekki ráðstafað sínum tíma, er ekki mögulegt að fara frá, geta ekki tekið að sér önnur störf, sem verði bindandi, úr því að þessi kvöð hvílir á þeim.

Fyrir önnur störf, sem læknar inna af hendi, — og þá er fyrst og fremst miðað við læknisstörf fyrir einstaklinga, fyrir þá sjúklinga, sem til þeirra leita, — er ráðgert, að þeir fái sérstaka greiðslu. Þeir hafa að vísu átt rétt á slíkri greiðslu hingað til, en hún hefur ekki verið fullkomin eða nokkuð til jafns við það, sem þeir læknar hafa hlotið, sem gegna ekki embættisstörfum. Þeir hafa í þeim efnum orðið að fara eftir gjaldskrá, sem sett var þó nokkru fyrir seinni heimsstyrjöldina og að vísu hefur verið hækkuð síðan, eitthvað sexfölduð, en var lág, miðað við það, sem aðrir læknar fengu, þegar hún var sett, og hefur auðvitað ekki, eins og sú tala sýnir, sem ég nefndi, hækkað neitt sambærilega við það, sem önnur laun hafa hækkað í landinu á sama tíma.

Nú er ráðgert, að þessi þóknun verði ákveðin með samkomulagi milli samtaka lækna annars vegar og sjúkrasamlaga eða Tryggingastofnunar hins vegar, nema þeir gegni störfum fyrir þá, sem ekki eru í tryggingu, eða fyrir utanhéraðsmenn, þá er ætlazt til þess, að þeir geti tekið greiðslu samkvæmt taxta, er stéttarfélög lækna hafi sett og birt almenningi. Ef slíkar reglur hafa ekki verið settar, má ekki krefjast hærri greiðslu en þeirrar, sem almannatryggingar mundu þurfa að greiða, ef þær ættu hlut að máli.

Ef samkomulag næst ekki milli þeirra aðila, sem ég hef getið um, þá er ráðgert, að landlæknir setji héraðslæknum gjaldskrá fyrir læknisverk, er síðan hljóti staðfestingu ráðh.

Í stuttu máli er sú meginbreyting í þessu frv., að læknar, sem gegna héraðslæknisstörfum, eigi fyrir sín einstöku læknisverk að fá samsvarandi greiðslur og embættislausir læknar. Ótvírætt er, að þetta mundi bæta verulega kjör héraðslækna og þar með gera fýsilegra fyrir menn að sækja eftir að komast í þá stöðu.

Landlæknir telur hins vegar, að þetta eitt muni ekki nægja til þess að fá menn í þau héruð, sem minnst eru eftirsótt, og segir þess vegna í skýrslu sinni, að hann telji óhjákvæmilegt að taka upp staðaruppbót í nokkrum héruðum. Í minnstu héruðunum á hún að verða slík, að nemi 50% fastra launa, en í öðrum á staðaruppbótin að nema 33⅓% fastra launa.

Í skýrslunni gerir landlæknir grein fyrir, hver þessi læknishéruð séu, sem hann telur þörf á að taka staðaruppbót upp í. En ríkisstj. hefur ekki enn tekið ákvörðun um, hvort hún fellst á þessa till. landlæknis. Það mál er enn í athugun. Okkur hefur sýnzt, að læknar mundu fá svo verulega launahækkun eða tekjuhækkun með frv., eins og það liggur fyrir, að betur þurfi að skoða, hvort menn telji fært og hvort þörf sé á að lögfesta staðaruppbótina til viðbótar. Verður þó að játa, að þetta frv. kemur auðvitað þeim læknum að minnstu haldi, sem í fámennustu héruðunum eru, og er það meginástæðan til þess, að ekki er hægt fyrir fram að fordæma staðaruppbótina, heldur er það mál, sem þarf að skoða betur. Það verða töluverð útgjöld fyrir ríkissjóð samfara slíkri staðaruppbót. Er það þó sök sér, ef menn gætu þá verið vissir um, að með því yrði ekki talið skapað fordæmi, hvort aðrir héraðslæknar og aðrir embættismenn teldu með slíkri staðaruppbót ekki skapað fordæmi, sem yrði til þess að ýta undir almenna kröfugerð um launahækkun. Það er í raun og veru það meginatriði, sem íhuga þarf, áður en tekin er afstaða til þess, hvort menn geta fallizt á staðaruppbótina, eins og landlæknir leggur til, eða ekki. A. m. k. er ljóst, að með þessu frv. eru kjörin verulega bætt frá því, sem verið hefur, og því ekki óeðlilegt, að reynt sé á, hvort það hrökkvi til.

Þá leggur landlæknir enn fremur til, að hraðað verði byggingu læknisbústaða, og gerir grein fyrir, hvar hann telji mesta þörf á nýjum byggingum. Í þeim tölum, sem hann þar tilfærir, miðar hann við fjárlögin 1961. Í fjárl. 1962 hefur þessi tala þegar verið hækkuð, að vísu ekki sundurgreint þar sérstaklega, hvað eigi að fara til læknisbústaða, eins og landlæknir leggur til. En þó er ljóst, að hin rýmkaða fjárhæð gerir einnig mögulegt að verja nokkru meira fé til læknisbústaða en verið hefur, svo að segja má, að varðandi þann lið sé þegar nokkuð komið til móts við tillögur landlæknis.

Enn leggur landlæknir til, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir um útvegun lækningatækja, lyfjaforða og einföldustu húsgagna í fámennustu héruðin. Landlæknir hugsar sér, að það séu fyrst og fremst héruðin sjálf, sem taki á sig þessa fyrirgreiðslu, og atbeini ríkisins verði ekki annar en sá annaðhvort að gefa eftir toll af nauðsynlegum lækningatækjum eða greiða styrk, sem samsvari þeim tollum, er á þessi lækningatæki er lagður. Ég hef ekki aflað mér upplýsinga um, hversu háar fjárhæðir hér sé um að ræða, en þetta er vissulega til athugunar. En landlæknir skýrði mér frá því í morgun, að nokkur héruð, að vísu ekki mörg, væru nú þegar byrjuð á að framkvæma þessa till. hans, að því leyti sem til þeirra tekur, og er það, svo langt sem það nær, í rétta átt.

Þá leggur landlæknir loks til, að lögunum um læknaskipun verði breytt, og þó ekki meir en svo, að Flateyjarhérað á Breiðafirði verði lagt niður og skipt á milli nágrannalæknisumdæmanna og nokkur breyting verði gerð á Austurlandi, þó ekki lagt niður hérað, að því er mér skilst, heldur um annan aðsetursstað. En á þessu stigi hefur ekki þótt rétt að flytja till. til breyt. á læknishéraðaskipuninni, vegna þess að það mál er mjög háð því, hvað verður um staðaruppbótina. Ef staðaruppbót verður greidd, er ekkert því til fyrirstöðu að leggja niður a. m. k. Flateyjarhérað. En ef hún verður ekki greidd, má segja, að eins og nú háttar til séu læknislaunin fyrir Flateyjarhérað eins konar staðaruppbót a. m. k. til héraðslæknisins á Reykhólum, svo að það er greinilegt, að þetta tvennt er í nánu samhengi hvort við annað.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um frv. að svo stöddu. Hér er um mikið vandamál að ræða. Það er vandamál, sem ekki er bundið við Ísland eitt. Ég sá það á dögunum, þegar ég var staddur í Danmörku, að þar var verið að skrifa greinar um það, að danskir læknar þyrptust, svo að til vandræða horfði, yfir til Svíþjóðar, svipað og íslenzkir læknar hafa raunar einnig gert. Í ensku blaði, sem ég fékk um hádegisbilið, var greinargerð um það, að læknar frá Írlandi og Stóra-Bretlandi sjálfu færu til Norður-Ameríku meira að segja í svo stórum stíl, að því er þar var fullyrt, að einn þriðji hluti þeirra, sem lykju læknaprófi í Stóra-Bretlandi, hyrfi úr landi til Norður-Ameríku og kæmi ekki aftur. Úr þessu er nokkuð bætt þar, vegna þess að menn koma víðs vegar að til Englands til náms og dveljast þar nokkurt árabil, og þess vegna eru vandræðin ekki eins mögnuð og hér. En ég vík að þessu vegna þess, að hér er um eins konar alþjóðleg vandamál að ræða og í sjálfu sér skiljanlegt, að okkur með okkar launakerfi, til a. m. k. hinna svokölluðu hærri launaflokka miklu lægra en þekkist í öllum öðrum löndum, — það er eðlilegt, að okkur reynist

erfitt að halda í þessa menn, sem miklu hafa kostað til síns náms, þegar stórþjóð eins og Bretar og jafnefnuð þjóð og Danir eiga fullt í fangi með að halda sínum mönnum.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um þetta frv., áður en það fer til nefndar, vegna þess að ég vil gjarnan vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við frv. til athugunar fyrir þá hv. nefnd, sem fær það til meðferðar.

Eins og tekið er fram af hæstv. ráðh., er það aðaltilgangur þessa frv., að gerð verði tilraun til þess að ráða bót á læknaskortinum eða skorti á héraðslæknum í hinum fámennari læknishéruðum. Það mál var til umr. á síðasta Alþingi, og var þá samþykkt í því ályktun hinn 29. marz s. l. En um afgreiðslu þeirrar ályktunar var, ef ég man rétt, farið eftir tillögum allshn. í Sþ., og ætla ég, að nefndin hafi orðið sammála um afgreiðslu till. Í till. stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi (þ. e. a. s. í sambandi við læknaskortinn) sé athugað, hvort tiltækilegt sé eða líklegt til árangurs: 1) að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis; 2) að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum; 3) að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða; 4) að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum; 5) að breyta skipun læknishéraða. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræðinnar til þess að setjast að á stöðum utan Reykjavíkur og nágrennis eða starfa í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin, eftir því sem framast eru tök á og bezt þykir henta.“ — Þessi síðasta mgr. ályktunarinnar var, ef ég man rétt, samþykkt þannig samkv. brtt. frá hv. 4. þm. Norðurl. e., sem mig minnir að allshn. tæki upp, a. m. k. varð n. sammála um þessa ályktun.

Eins og fram kemur í þeirri skýrslu frá landlækni, sem fylgir frv. eða grg. þess, á bls. 2 á þskj., hefur landlæknir tekið ýmis þessi atriði til athugunar, sem bent var á í ályktun Alþingis, og um a. m. k. sum af þeim atriðum er farið nokkrum orðum í þessari skýrslu landlæknis og gerðar tillögur um sumt, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan í ræðu sinni. En þetta frv. fjallar ekki um neitt af þeim atriðum, sem Alþ. benti á í ályktun sinni 29. marz 1961, heldur um nýtt atriði, þar sem gert er ráð fyrir því, að störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna verði aðgreind í tvennt, í almenn læknisstörf, sem er nánar gerð grein fyrir í frv., sem greidd verði með embættislaununum, og í öðru lagi það, sem kallað er venjulega praxis læknanna, sem greiddur verði á sama hátt og störf praktiserandi lækna, samið við sjúkrasamlög í héruðunum.

Nú ætla ég ekki að leggja neinn dóm á það, hvort þetta mundi vera heppilegt fyrirkomulag. Má vel vera, að svo sé. En ég vil leyfa mér að benda á það, eins og reyndar hæstv. ráðh. vakti athygli á, að ávinningur lækna af samþykkt þessa frv. mundi verða minnstur í þeim héruðum, þar sem helzt er hætta á læknaskortinum. Ávinningur héraðslæknis við samþykkt þessa frv. yrði minnstur, þar sem minnst er starfað við lækningar, þar sem minnstur praxis er, en mestur þar sem mest er að gera. Þess vegna óttast ég, að frv., þó að það kunni að vera réttmætt að öðru leyti, nái ekki þessum tilgangi, að læknar fáist í fámennustu héruðin, þar sem minnstur er praxisinn. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. n. á þessu og benda á það, að mér sýnist, að nefndin þyrfti að taka til athugunar í sambandi við þetta frv. fleiri atriði og þau engu síður en það atriði, sem frv. fjallar um, bæði í tillögum landlæknis, sem getið er um í skýrslunni, sem fylgir grg., og þau atriði, sem felast í ályktun Alþingis frá 29. marz. Ef þau atriði eru tekin til athugunar, þarf það auðvitað alveg sérstaklega að koma til athugunar í því sambandi, þegar um er að ræða að leggja nýjan kostnað á læknishéruðin, þessi fámennu héruð, hvort það væri þá ekki nauðsynlegt, að þjóðfélagið tæki þátt, meiri eða minni, í þeim kostnaði.

Ég tek eftir því, að þar sem talin eru skyldustörf læknis í héraði, sem gert er ráð fyrir að séu greidd með embættislaununum, þá er m. a. minnzt á hina samfelldu gegningarskyldu læknis, skyldu héraðslæknis til þess að vera jafnan á verði og gegna læknisstörfum, hvenær sem á þeim þarf að halda. Þetta hefur tíðkazt hér á landi frá öndverðu. Héraðslækninum bar skylda til að sinna kalli, hvort sem var að nóttu eða degi og hvar sem hans var þörf, og þurfti það auðvitað að vera svo og gat ekki á annan hátt verið. Nú vitum við það samt, að á okkar tímum, þegar það almennt tíðkast, að allir opinberir starfsmenn fái sumarleyfi eða einhvern leyfistíma á árinu, þá þykir þessum mönnum, héraðslæknunum, að sjálfsögðu hart að mega aldrei um frjálst höfuð strjúka, ef svo mætti segja. Þessari skyldu er að sjálfsögðu ekki hægt að breyta eða ákvæðunum um hana, nema því aðeins að ráðstafanir væru þá gerðar til þess, að þjónusta fáist í héruðunum þann tíma, sem læknirinn yrði að hverfa frá. En ég held, að það væri kannske eitt af þeim ráðum, sem alveg nauðsynlega þyrfti að athuga í sambandi við læknaskortinn, hvort ekki er hægt að koma því svo fyrir, að héraðslæknarnir geti fengið einhvern frítíma ár hvert, séu leystir af af öðrum læknum, sem hið opinbera hefði þá í þjónustu sinni til þess að inna það starf af hendi. Á þetta vil ég leyfa mér að benda einmitt í sambandi við gegningarskylduna, sem hér er vikið að í frv.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, vil aðeins benda hv. nefnd á það, að mér sýnist ástæða til þess, að hún athugi frv. á breiðari grundvelli en í því sjálfu er lagður.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur fram komið í sambandi við þessar umr., að hér er fjallað um þýð-

ingarmikið mál. Það er vissulega alvarlegt vandamál, að það skuli vera svo, að það vantar a. m. k. 14 lækna í læknishéruð landsins og það um langan tíma. Og eftir því sem hér kom fram í ræðu hæstv. heilbrmrh., þá virðist svo, að þetta alvarlega ástand fari sízt batnandi, jafnvel fremur versnandi en hitt. Frv. þetta eða öllu heldur sú grg., sem fylgir með því frá landlækni, ber með sér, að landlæknir telur líka, að hér sé um mikið alvörumál að ræða, mikið vandamál að ræða, og hann gerir hér allmargar tillögur til úrbóta. En því miður hefur þannig tekizt til, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að taka upp nema eina af tillögum landlæknis, en þær eru a. m. k. 4, aðaltillögur hans, sem mér sýnist vera, en ríkisstj. hefur hinar allar áfram til frekari athugunar. Ég verð að segja, að mér sýnist, að sú till., sem hæstv. ríkisstj. tekur upp, sé ekki líkleg til þess að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma. Það er að vísu líklegt, að laun héraðslækna muni hækka nokkuð frá því, sem þau hafa verið, eftir að frv. væri orðið að lögum. En sú hækkun yrði aðallega í þeim læknishéruðum, þar sem ekki hefur verið um neinn teljandi vanda að ræða í þessum efnum, þar sem hafa allajafna verið fáanlegir læknar. Í hinum héruðunum er nokkurn veginn augljóst, að launabreytingin yrði ekki veruleg. Ég vil við þessa 1. umr. láta koma fram það sjónarmið mitt með ósk um, að sú nefnd, sem fær málið til frekari meðferðar, athugi það.

Ég tel, að það verði ekki komizt hjá því, þegar reynt er að leysa þetta vandasama mál, að taka tillit til annarra tillagna landlæknis varðandi skipun læknishéraðanna í landinu. Ég held, að það þýði ekkert að víkja sér undan þeim vanda, að þar þarf að gera breytingu á frá því gamla skipulagi, sem þar hefur verið ríkjandi. Það verður mjög erfitt að ætla að leysa þessi mál, að tryggja héruðunum læknisþjónustu, að óbreyttri skipun læknishéraðanna. Vissulega eru launakjörin þýðingarmikið atriði og þó alveg sérstaklega það, sem varðar sérstöðuna varðandi launakjör í afskekktustu héruðunum og fámennustu héruðunum. Það er alveg óhjákvæmilegt að taka á því máli eins og það er, að það verður að greiða einhvers konar aukalaunabætur til þeirra lækna, sem eru í afskekktustu og erfiðustu héruðunum. Það verður ekki hægt að leysa launavandamál þeirra aðeins með því að breyta eitthvað lítillega hinum almennu eða nokkuð almennu töxtum, sem í gildi eru fyrir beina læknisþjónustu. Ég held, að það verði að taka fyrir þetta atriði, sem snýr að sérstöðu læknanna í afskekktustu læknishéruðunum.

Og þá er eitt atriði enn, sem líka er alveg óhjákvæmilegt að mínum dómi að leysa í fylgd með því, sem þetta frv. fjallar um, en það er varðandi aðbúnað læknanna í ýmsum læknishéruðum landsins. Það er auðvitað alveg vonlaust með öllu, eins og nú er komið, að fá lækna í þau læknishéruð, þar sem enginn viðunandi læknisbústaður er til. Og því er það alveg rétt, sem landlæknir drepur á í þeim efnum, að það þarf að ætla sérstaka fjárveitingu á hverju ári í fjárlögum til byggingar læknisbústaða og það þarf að ganga rakleitt í það að leysa þetta vandamál. Öðruvísi tekst ekki að tryggja þessum læknishéruðum lækna til neinnar frambúðar.

Ég vildi við þessa umr. láta það koma fram sem mína skoðun, að ég tel, að það atriði, sem er góðra gjalda vert, sem þetta frv. fjallar um, það eina atriði úr tillögum landlæknis, sé með öllu ófullnægjandi til þess að leysa þann vanda, sem hér átti að leysa, og því sé í rauninni nauðsynlegt, að nefnd sú í þinginu, sem fær þetta mál til frekari meðferðar, athugi um aðrar tillögur landlæknis og þá aðrar tillögur, sem fram hafa komið hér, þegar þessi mál hafa verið rædd, sem gætu leitt til frekari lausnar á vandanum en þetta frv. felur raunverulega í sér.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki tefja mikið 1. umr. þessa máls. En vegna þess að tveir hv. þm. hafa talað um, að það sé lítill vandi leystur með þessu frv. í sambandi við þetta mikla vandamál um skort héraðslækna, sem við er að glíma, og þurfi að athuga það á breiðara grundvelli og fleira og fleira, þá vil ég segja það, að þeir hv. þm. verða að gera sér ljóst, að það var aldrei meiningin með þessu eina frv. að leysa allan þennan vanda. Og það kemur fyllilega í ljós í skýrslu landlæknis, sem er látin fylgja þessu frv. og fjallar um fleiri atriði og skýrt hefur verið frá nú af hæstv. heilbrmrh., að enn séu til athugunar hjá ríkisstj., svo sem ákvæðin um staðaruppbótina eða sérstöðu þeirra lækna, sem í hinum minnstu læknishéruðum búa, og hefur einmitt verið gert hér að sérstöku atriði, að þetta frv. mundi lítið bæta úr. Annað frv. eða næsta mál á dagskránni, sem ég skal ekki víkja að núna, er líka einn þáttur þessara mála og bætir úr launakjörum lækna, þar sem læknar á öðru verðlagssvæði eiga nú að búa við sömu kjör samkvæmt því eins og á fyrsta verðlagssvæði og hafa heimild til eftir nánari ákvæðum, sem sett eru í reglugerð, en ekki tiltekin í frv., að taka visst gjald af sjúklingum, eins og tíðkazt hefur á fyrsta verðlagssvæði, sem ætti að bæta aðstöðu einmitt héraðslæknanna og kjör þeirra. Ég lagði áherzlu á það, að þessi tvö mál yrðu lögð fram fyrir jólin, þannig að það mætti strax byrja að taka þau til athugunar og meðferðar í nefnd, meðan aðrir þættir þessara mála væru til athugunar, því að ég held, að það sé augljóst, að okkur þm. sé flestum ljóst eða öllum, að hér er um mikið vandamál að ræða, og sjálfsagt fær sú nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, mikið verkefni við að glíma, og er ekki nema vel, að frá henni kæmu viðbótartillögur til úrbóta í þessu mikla vandamáli.

Varðandi aðra þætti, sem koma fram í skýrslunni, þá heyra þeir ekki allir til sérstakri löggjöf eða breytingu á lögum, heldur fjárlögum, og það hefur einnig verið vikið að því. Ég hygg, að það sé rétt, að það sé þannig á þeim málum haldið nú í sambandi við læknisbústaðina, sem síðasti hv. ræðumaður vék að, að það sé nokkurn veginn, — það fer náttúrlega fjarri því, að það sé fyllilega, — séð fyrir þörfum í þessu sam-

bandi miðað við ákveðna áætlun, sem landlæknir hefur gert í því efni, að fylgt verði á næstu árum um byggingu læknabústaða, hvað margir séu í smíðum á hverjum tíma og hve mörgum þar með lokið á hverju ári.

Athugun á staðaruppbótinni, sem vikið er að í skýrslunni og mundi hafa einmitt mesta þýðingu fyrir þá, sem eru í minnstu héruðunum, — athugun á því máli fellur saman við ráðagerðir um breytingu á héraðslæknaskipuninni, því að þarna kemur tvennt til álita: einnig að stækka læknishéruðin mikið frá því, sem verið hefur, eins og fram kemur í grg. landlæknis. En hann telur sig sjálfan hafa orðið fyrir mikilli andspyrnu eða menn séu mjög mótfallnir því í héruðunum, og hann vitnar einnig til þess, að sama hugsunarháttar telji hann hafa gætt í viðræðu við þingmenn. Hins vegar er um það að ræða að bæta aðstöðu þeirra í fámennustu héruðunum með því að gefa þeim einhver sérstök kjör með staðaruppbót. Og einnig kæmi til athugunar vegna breyttra samgangna og breyttrar tækni á síðari árum að stækka mjög læknishéruðin, bæta þannig aðstöðu læknisins með betri launum og betri kjörum. En þá kemur þetta: menn eru fastheldnir við fornar venjur hér á landi og vilja ekki missa sína gömlu læknishéraðaskipun, og ég hef sterkan grun um, að það sé rétt hjá landlækni, að það sé töluverð andstaða gegn því, bæði hjá fólkinu úti á landinu og umboðsmönnum þess hér á þingi.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum atriðum, þannig að það væri enginn í vafa um, að með þessu eina frv., sem nú er til umr., er ekki gerð nein tilraun til þess að leysa þetta mikla vandamál, heldur er það aðeins einn angi af því, og annað frv. hér á dagskránni snertir einnig sama vandamál. Önnur eru til athugunar innan ríkisstj., og eins og ég sagði, þá verður það auðvitað mikið verkefni fyrir þá nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, og hún mundi að sjálfsögðu í þeim efnum geta haft og ætti máske að hafa gott samráð við landlækni nú eins og fyrr, þegar slík mál hafa verið á döfinni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem hv. síðasti ræðumaður tók fram og liggur í augum uppi, hefur það aldrei verið ætlun stjórnarinnar eða ímyndun, að þetta vandamál væri leyst með þessu frv. einu, og einmitt vegna þess, að málið er margþættara, þá er skýrsla landlæknis prentuð hér sem heild, en ekki einungis sá hluti hennar, sem er grg. fyrir efni þessa frv. En ég vil þó vekja athygli á, að með afgreiðslu fjárlaga fyrir 1962 er, eins og fram hefur verið tekið, gengið til móts við óskir eða ráðleggingar landlæknis varðandi aukinn hraða á byggingu læknisbústaða, enda er það mál, sem var í höndum þingsins og ekki stjórnarinnar einnar. Eins er nú þegar byrjuð framkvæmd á þeirri tillögu um útvegun lækningatækja, lyfjaforða og einföldustu húsgagna í fámennustu héruðunum. Frá þessu skýrði ég áðan, svo að því fer fjarri, að ekkert hafi verið gert í þeim öðrum tillögum landlæknis heldur en þeirri, sem þetta frv. fjallar um. Hitt er svo rétt, að eftir er að gera sér grein fyrir, hvort menn telja sér fært að taka upp staðaruppbót og hvort menn telja ástæðu til og fært að breyta héraðslæknaskipuninni. En mér skildist á hv. 4. þm. Austf., að hann teldi ástæðu til þess og þá væntanlega að stækka læknishéruðin frá því, sem verið hefur. Ef þetta er almennur þingvilji, er auðvitað mun minni ástæða til þess að taka upp staðaruppbætur heldur en ella. Þá virðist ekki muni þurfa á þeim að halda. Þess vegna er nauðsynlegt, að nefndin og ríkisstj. kynni sér, hvort það er í raun og veru möguleiki til að fá það samþykkt að stækka læknishéruð og leggja þau minnstu þeirra niður. Ég er sammála landlækni um það, að þó að ýmis rök hnígi í þá átt, þá verður vafalaust erfitt að fá samkomulag og jafnvel meiri hluta á Alþingi fyrir ákvörðunum í þá átt. En það er nauðsynlegt, að þetta sé athugað nú, meðan málið er til meðferðar í þinginu, vegna þess, eins og ég segi, að ákvörðunin um staðaruppbót er nátengd þessu atriði.

Hitt er mjög eðlilegt, að menn bendi á, að þetta frv. leysi ekki allan vandann, því að það er alveg rétt og óumdeilanlegt, að það gerir það ekki. Það þarf aðrar og frekari ráðstafanir til, og vafasamt meira að segja, að nokkrar ráðstafanir verði fundnar, sem leysi þennan vanda til hlítar, vegna þess að hér er ýmislegt fleira óviðráðanlegt, sem kemur til greina, eins og ég vék lítillega að í orðum mínum áðan.

Bending hv. 3. þm. Norðurl. e. um, að héraðslæknar þyrftu að fá frí svipað og aðrir menn nú á dögum flestir fá, er vissulega mjög athyglisverð. En rétt er að skýra frá því, að það hefur mjög farið vaxandi, að héraðslæknar hafi fengið slík leyfi frá störfum, og heilbrmrn. hefur gert það, sem í þess valdi hefur staðið, til þess að þeir gætu fengið a. m. k. mánaðarleyfi, og reynt að útvega menn út í héruðin á þann veg, að ríkissjóður greiddi þeirra laun þann tíma, sem læknarnir hafa verið í leyfi. Þetta hefur að nokkru leyti til þessa strandað á því, að menn hafa ekki fengizt til þess að gegna þessu, en eftir því er stöðugt leitað að verða læknunum að liði í þessum efnum, því að það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. tók fram, að það er mjög eðlilegt, að þessir menn eins og aðrir þurfi öðru hvoru að létta af sér þeim skyldum, sem á þeim hvíla.

Ég vona, að hv. n. taki allar þær leiðbeiningar til athugunar, sem hér koma fram, og einmitt athugi málið á sem breiðustum grundvelli, hafi samráð við ríkisstj. um það, hvort hún telur ráðlegt eða ráðlegra að greiða staðaruppbót eða breyta læknaskipuninni. Er nauðsynlegt, að það atriði sé sérstaklega íhugað, en fyrr en menn kanna nokkuð betur hugi þm., er ástæðulaust að flytja frv. í aðra hvora áttina, en það mál er til athugunar nú þegar hjá stjórninni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það vel farið, að hæstv. ráðherra og aðrir, sem að þessu frv. standa, hafa í huga fleiri úrræði en fram koma í þessu frv. og gera ráð fyrir því,

að þau komi til greina. En út af því, sem hér hefur aðeins verið nefnt og nú síðast af hæstv. ráðherra, hvort til greina mundi koma að fækka læknishéruðum, þannig að sameinuð væru hin fámennustu og minnstu héruð, sameinuð innbyrðis eða sameinuð öðrum héruðum, þá geri ég ráð fyrir því, að það mál þurfi mjög nákvæmrar athugunar við, áður en ákvörðun í því yrði tekin, og ekki mundi ég vera reiðubúinn til þess að svo stöddu að taka undir það sem reglu um úrbót í þessu efni að fækka læknishéruðum, þó að ég hins vegar vilji engu spá um það, hvað rannsókn kann að leiða í ljós í því efni um vilja manna eða önnur rök, sem gætu stutt þá ráðstöfun. Hitt er annað mál, að það getur að sjálfsögðu komið til greina á einhverjum stöðum að breyta takmörkum læknishéraðanna, án þess að það sé beinlínis um að ræða fækkunarráðstöfun.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan, að þetta frv. leysti auðvitað ekki allan vandann í þessu máli, og undir það get ég fyllilega tekið. En ég mundi vilja ganga lengra í því og segja, að það sé vafamál, að þetta frv. út af fyrir sig leysi nokkurn vanda á því sviði, sem hér er um að ræða. Það er vegna þess, að mér sýnist, að frv., ef að lögum verður, muni í raun og veru auka aðstöðumuninn, sem er á milli læknanna í fjölmennu héruðunum og læknanna í fámennu héruðunum. Það þarf ekki að þýða það, að frv. út af fyrir sig sé óréttmætt, það getur verið fyllilega réttmætt, en ég held, að það leysi ekki þann vanda, sem við erum hér að glíma við að koma í veg fyrir, að fámennustu héruðin séu læknislaus. Og einmitt þess vegna vil ég leggja áherzlu á það, að samhliða því, sem um þetta frv. er fjallað, þá séu hin önnur úrræði einnig tekin með þar og ákvörðun tekin í þeim málum alveg jafnhliða því, sem menn taka afstöðu til þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ef þetta frv. eitt út af fyrir sig væri samþykkt og ekki annað gert, þá veit ég ekki, hvort við erum miklu nær um það að ráða fram úr þeim vanda, sem frv. á að leysa og menn vilja leysa, þ. e. a. s. vanda fámennu læknishéraðanna, vanda héraðanna, sem er viðfangsefni okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 249, n. 408 og 413, 409, 430, 518).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Hæstv. forseti. Á síðasta þingi var samþ. till. til þál. um ráðstafanir vegna læknaskorts, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera í samráði við landlækni hverjar þær ráðstafanir sem mögulegar eru til þess að útvega lækna í þau læknishéruð landsins, sem nú eru læknislaus, og stuðla að því með öðrum hætti að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þessara héraða á við að búa í heilbrigðismálum. Í því sambandi sé athugað, hvort tiltækilegt sé eða líklegt til árangurs: 1) að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis; 2) að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum; 3) að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða; 4) að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum; 5) að breyta skipun læknishéraða. — Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræðinnar til þess að setjast að á stöðum utan Reykjavíkur og nágrennis eða starfa í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin, eftir því sem framast eru tök á og bezt þykir henta."

Þessa þáltill. sendi hæstv. heilbrmrh. landlækni til álits og umsagnar á s. l. vori. Landlæknir ritar heilbrmrn. síðan hinn 30. sept. og gerir ákveðnar tillögur í þessu máli. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr. og heilbr.- og félmn. d. hefur fjallað um, er árangur af þessum till. landlæknis. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp fyrstu tillögu hans og leggur til, að hún verði lögfest. En það felst fyrst og fremst í henni, að embættislaun héraðslækna skulu greiðast fyrir embættisstörf og fyrir gegningarskyldu, fyrir lækningar beri héraðslæknum hins vegar sú greiðsla, sem miðuð er við greiðslu starfandi lækna, sem ekki eru sérfræðingar.

Heilbr.- og félmn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., og enn fremur hefur nefndin á síðara stigi málsins, í samráði við hæstv. félmrh., flutt tillögu um annað atriði, sem landlæknir hefur einnig gert tillögu um og minnzt er á í þáltill. frá í fyrra. Það er um, að á eftir 8. gr. l. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu."

Þessi till. felur það með öðrum orðum í sér, að lagt er til, að ríkissjóður og læknishéruð leggi héraðslækninum til nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu í hinum fámennustu læknishéruðum.

Það hafa sem sagt þá verið tekin upp í þetta frv. tvö þeirra atriða, sem landlæknir sendi tillögur um til hæstv. ríkisstj. Önnur þau atriði, sem um ræðir í álitsgerð hans, telur hæstv. ríkisstj. sig þurfa að athuga nánar, og meiri hl. n. hefur fallizt á, að það sé ekki óeðlilegt sjónarmið, sérstaklega þegar á það er litið, að töluverðar úrbætur hafa orðið á þeim mikla læknaskorti, sem ríkti hér á s. l. ári og einnig nokkuð fram á þetta ár. Allmargir ungir læknar hafa útskrifazt og síðan farið út í héruð, þannig að nú mun aðeins vanta lækni í tvö eða þrjú héruð eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá landlækni.

Ég tel ekki þörf á að fara miklu fleiri orðum um þetta mál. Tveir hv. þm. úr heilbr.- og félmn. hafa flutt nokkrar brtt., sem ganga lengra en þetta frv. og sú till., sem heilbr.- og félmn. hef-

ur orðið sammála um og flytur í samráði við hæstv. heilbrmrh.

Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, láta í ljós þá skoðun mína persónulega, að mér þykir ekki ólíklegt, þó að nokkru betur horfi í þessum læknamálum nú í bili en gert hefur s. l. ár, að nauðsyn muni bera til þess að gera frekari ráðstafanir til þess að bæta úr læknaskortinum í strjálbýlinu í framtíðinni. Mér þykir líklegt, að nauðsyn muni bera til þess að taka upp staðaruppbót á laun lækna í fámennustu læknishéruðunum, svipað og landlæknir minnist á í sinni grg. Enn fremur er áreiðanlega óhjákvæmilegt að gera miklar umbætur á þeim læknisbústöðum, sem til eru, og jafnframt að byggja nýja í sumum héruðum, þar sem mjög ófullkomin eða jafnvel engin húsakynni eru til fyrir lækni. Í þriðja lagi tel ég, að nauðsynlegt mundi verða í framtíðinni að sjá héraðslæknum í fámennustu læknishéruðunum fyrir farartækjum og þá fyrst og fremst bifreiðum. Ungir læknar, sem koma beint frá prófborði efnalausir og margir skuldugir, hafa ekki efni á því að kaupa sér þessi nauðsynlegu samgöngutæki, og án þeirra geta þeir ekki verið. Ég geri því ráð fyrir, að upp af athugun hæstv. ríkisstj. muni spretta frekari aðgerðir í þessum efnum. En ég tel ekki óeðlilegt, sérstaklega eftir nokkuð breytt viðhorf í þessum læknamálum, að hæstv. ríkisstj. vilji athuga tillögur landlæknis nánar en þegar hefur gefizt tóm til. Ég leyfi mér svo að vænta þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Þetta mál er stjórnarfrv., og mun hæstv. fyrrv. heilbrmrh., Jóhann Hafstein, hafa undirbúið málið og ráðið þannig gerð þessa frv.

Þetta mál hefur verið rætt mjög mikið í heilbr.- og félmn. og er búið að vera lengi hjá nefndinni. Það var sent henni snemma á þingi, og það þótti ástæða til að ræða málið við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og við landlækni, með því að hér var gripið á því máli, sem mjög hefur verið til umr. og þótt hið mesta alvöru- og vandamál á undanförnum árum, sem sé læknaskortinum í hinum fámennari læknishéruðum landsins.

Forstjóri Tryggingastofnunarinnar mætti á fundi með nefndinni ásamt tveimur eða þremur sérfræðingum sínum, og landlæknir mætti einnig á nefndarfundi ásamt ráðunautum sínum, og við þá var einkum rætt um læknaskortinn í hinum fámennari læknishéruðum. Landlæknir vitnaði mjög til sinna tillagna til þess að bæta úr þessu vandamáli. Hann hafði sem sérstakur ráðunautur ríkisstj. í öllum heilbrigðismálum verið til þess kvaddur að gera tillögur til úrbóta að því er snertir læknaskortinn í hinum fámennari héruðum. En mjög mörg — mismunandi mörg að vísu — læknishéruð hafa verið læknislaus nú um árabil. Og eins og hv. frsm. meiri hl. minntist á áðan í sinni framsöguræðu, hafði landlæknir sérstaklega fengið þetta mál til meðferðar og athugunar vegna þáltill., sem borin var fram á síðasta þingi, upphaflega af þeim hv. þm. Sjálfstfl., Sigurði Bjarnasyni, Gísla Jónssyni, Sigurði Ágústssyni, Gunnari Gíslasyni og Bjartmar Guðmundssyni. Og var sú tillaga á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við landlækni hverjar þær ráðstafanir sem mögulegar eru til þess að útvega lækna í þau læknishéruð landsins, sem nú eru læknislaus, og stuðla að því með öðrum hætti að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þessara héraða á við að búa í heilbrigðismálum. M. a. verði athugaðir möguleikar á að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslækna."

Flm. sögðu í grg. m. a., að þeir teldu, að einskis mætti láta ófreistað til þess að ráða fram úr þessu vandamáli. Og meðal þeirra úrræða, sem þeir töldu að til greina gætu komið í þeim efnum, væru hagstæðari kjör lækna í hinum afskekktari og fámennustu héruðum landsins, þ. e. a. s. bætt launakjör. Þegar þessi þáltill., sem ég nú hef lesið, var rædd í allshn. Sþ. í fyrra, að höfðu ýtarlegu samráði við landlækni, þá var talið, að það væri ástæða til að breyta till., gera hana ýtarlegri og benda ákveðnar á, hvað til úrræða mætti verða í þessu máli. Allir voru sammála um það, að upphaf till. gæti staðið eins og það væri, en síðan kæmi í framhaldi af því sem ákveðin úrræði: 1) að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, sem gegni jafnframt störfum héraðslæknis; 2) að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum; 3) að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða; 4) að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum; 5) (það er náttúrlega hin stóra framtíðarlausn) að breyta skipun læknishéraða.

Till. í þessu formi voru samþykkir á síðasta þingi Benedikt Gröndal, formaður, Gísli Jónsson, frsm., Jón Pálmason, sem þá var fundaskr., Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson, Gísli Guðmundsson og Pétur Sigurðsson. Nú er formaður heilbrmn., þegar þetta mál er til meðferðar hér, hv. 1. flm. þessarar þáltill., Sigurður Bjarnason, og einnig situr hér nú um þessar mundir sem till. er til meðferðar Jón Kjartansson, sá sem mælti með till. svona breyttri í fyrra, mælti með því, að tekin skyldi upp staðaruppbót á laun lækna í fámennum héruðum, og enn fremur, að æskilegt væri, að hið opinbera ætti nauðsynleg lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum. En enn fremur er þess að geta, að fyrir n. liggja nú m. a. till. frá landlækni, sem hefur verið fengið það vandaverk að athuga þetta mál og reyna að koma með till. til úrbóta, — liggja fyrir okkur till. hans um að taka upp, eins og í till. frá fyrra þingi segir, staðaruppbót handa læknum í fámennustu héruðum og enn fremur till. frá honum um, að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki í þessum sömu læknishéruðum, fámennu og oft læknislausu. Það var ekkert um að villast, að landlæknir var enn þá þeirrar sömu skoðunar, að þetta væru þær till., sem

helzt gætu að gagni komið í þessu máli til þess að tryggja hinum fámennustu héruðum læknisþjónustu, að því fráskildu náttúrlega, ef fengist fram aðaltillaga hans, breyting á læknaskipuninni sjálfri. En af öllum öðrum bráðabirgðaúrræðum væru þessi líklegust til þess að greiða eitthvað fyrir málinu, það væri að taka upp staðaruppbót og að hið opinbera ætti hin nauðsynlegustu lækningatæki í fámennustu héruðunum.

Nú liggja fyrir þessu þingi frv. til laga um kjör lækna, fleiri en eitt. Það er í fyrsta lagi verið að afgreiða hér lög, sem eiga að bæta tekjumöguleika lækna í Reykjavík og hinum fjölmennustu læknishéruðum, og það er gert með því að heimila þeim að taka 10 kr. greiðslu fyrir hvert viðtal og 25 kr. greiðslu fyrir hverja vitjun, og mun þetta vera þeim allmikil tekjubót, einkanlega hér í Reykjavík. Það hefur því verið komið til móts við læknana í fjölbýlinu. Í annan stað hefur landlæknir upplýst, að í kaupstöðunum almennt, þ. e. a. s. í næstfjölmennustu héruðunum, sé komið í framkvæmd, að læknarnir megi vinna sín aukastörf — ekki samkvæmt hinum áður ákveðna og lægri taxta héraðslækna, heldur í samræmi við taxta praktíserandi lækna. Þannig eru þeir búnir að fá nokkra launabót. Þetta frv. tekur svo á því verkefni að þrengja embættisskyldu héraðslæknanna og heimila þeim síðan að taka gjald samkvæmt gjaldskrá praktíserandi lækna fyrir störf sín að öðru leyti, þ. e. að bæta kjör þeirra líka. Og þá eru eftir fámennustu læknishéruðin, þar sem landlæknir gerir till. um staðaruppbót og að þeir gætu gengið þar að nokkrum lækningatækjum, sem hið opinbera ætti, en það voru till. landlæknis til þess að bæta úr einmitt í þessum héruðum, sem löngum og löngum hafa staðið læknislaus, og var náttúrlega brennandi spursmálið í þessu máli öllu saman, því að alltaf þegar menn hafa verið að tala á undanförnum árum um læknavandræðin, þá hafa menn fyrst og fremst staðnæmzt við það sem höfuðvandamálið, að ekki fengjust læknar, að það væri engin örugg læknisþjónusta í hinum fámennustu héruðum.

Ég hef sagt það í n., að ég held, að almenningur hljóti að æpa á vinnubrögð Alþingis, ef sú verður niðurstaðan, að það séu afgreidd lög eftir lög frá Alþingi um að bæta kjör lækna alls staðar annars staðar en í fámennustu héruðunum, þar sem læknar hafa ekki fengizt og þar sem fólkið hefur orðið að búa við læknisleysi mánuðum og stundum árum saman. Mér finnst þetta vera slík afturfótafæðing, að ég get ekki fundið, að það sé nokkuð eðlilegt við þetta. Mér finnst þetta vera algerlega óeðlileg vinnubrögð. Ég tel, að það, sem hefði auðvitað átt að byrja á, það hefði verið að finna hin líklegustu ráð beztu manna, — og þar getur maður varla ímyndað sér, að aðrir viti betur en landlæknir, — til þess að reyna að ráða bót á læknaskortinum í hinum fámennustu héruðum. Síðan var að athuga, hvað hefði verið hægt að gera að öðru leyti, en það tel ég að hafi verið hin mest aðkallandi úrlausnarefni í þessum málum.

Ég á því afar erfitt með að sætta mig við að hafa tekið þátt í afgreiðslu hinna málanna í von um, að smáu héruðunum og fámennu yrði þá ekki gleymt heldur, en þreifa síðan á því í lokin, að þá er ætlunin í raun og veru að gera lítið sem ekkert fyrir þau, því að hækkunin á gjaldstiga héraðslæknanna í samræmi við gjaldstiga praktíserandi lækna hefur ákaflega litla tekjubót í för með sér fyrir læknana í fámennustu héruðunum, það verða allir að viðurkenna, þó að það séu stórtekjur, sem velti inn vegna þessara ákvæða í fjölmennustu læknishéruðunum. Það verður því ekki til þess að greiða fyrir því, að það fáist læknar í fámennustu héruðin. Ég hygg, að það sé alrangt að ímynda sér, að það sé búið að ráða varanlega fram úr læknaskortinum í hinum fámennustu héruðum, þó að svo hafi viljað til nú á þessu vori, að það útskrifuðust 16 ungir menn sem læknar nú fyrir fáum vikum og þannig hefur tekizt að fá þá til sinnar sex mánaða skyldubjónustu út í öll læknishéruðin, sem lækna vantaði í, nema tvö. Þetta er aðeins lausn núna í eitt missiri, aðeins lausn núna í sex mánuði. Þegar þeir mánuðir eru liðnir, má búast við, að þetta vandkvæði blasi við manni með enn þá meiri alvöruþunga en fyrr, því að nú er talið, að það verði tiltölulega fáir ungir læknar, sem útskrifist á næstunni, einmitt vegna þess, hvað þessi árgangur var stór.

Málið er því óleyst og þurfti að fá lausn á þessu þingi, og ég fæ ekki séð, að það hefði verið neitt stórkostlegt fjárhagsmál, þannig að það væri ekki vel leysanlegt að taka upp till. landlæknis um staðaruppbót í hinum fámennustu héruðum.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl., þeir hv. 1. þm. Vestf. (SB), hv. 5. þm. Vestf. (BF) og hv. 3. þm. Sunnl. (JKs), leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, þ. e. a. s. að af þessu máli verði eingöngu tekinn þessi þáttur að heimila héraðslæknum að taka taxta praktíserandi lækna fyrir sín aukastörf, en að skylda þeirra til embættisstarfa þrengist eins og segir í 1. gr. frv. Þetta teljum við í minni hl. n., hv. 4. þm. Reykn. og ég, algerlega ófullnægjandi lausn á málinu og viljum því aðeins afgreiða það, að upp fáist teknar tvær till. landlæknis, sem báðar hníga sérstaklega að því að gera tilraun til að bæta úr læknaskortinum í hinum fámennustu héruðum.

Í grg. landlæknis, sem fylgir með stjfrv., segir, þegar hann fer að ræða um staðaruppbótina, með leyfi hæstv. forseta:

„Hina svonefndu staðaruppbót tel ég óhjákvæmilegt að taka upp," — og það hefur verið feitletrað í grg., — „hina svonefndu staðaruppbót tel ég óhjákvæmilegt að taka upp, á meðan ekki verður fallizt á till. um að steypa saman minni læknishéruðum og gera embættin á þann hátt lífvænlegri. Leyfi ég mér því að leggja til, að á næsta Alþingi verði eftirfarandi breyting gerð á lögum um laun starfsmanna ríkisins (lög nr. 92 frá 1955): Á eftir 12. gr. III., 6. lið komi ný svo hljóðandi viðbótargrein: Í mannfæstu læknishéruðunum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, samkvæmt eftirfarandi reglum: a) Héraðslæknar í héruðum

með færri en 600 íbúa“ — það eru þau allra fámennustu — „hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa. b) Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa. Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður.“

Eins og heyra má af þessu orðalagi, leggur landlæknir mjög þunga áherzlu á það, að komið sé til móts við fámennustu læknishéruðin með því að bæta nokkuð launakjör þeirra með því að taka upp hina svokölluðu staðaruppbót frá 33⅓% til 50% af föstum launum. En um þetta hefur ekki fengizt samkomulag í hv. heilbr.- og félmn., og verð ég að segja, að ég harma það. Ég veit ekkert, hvað veldur. Ég held, að það sé einhver beygur út af því, að þetta verði kannske talin áberandi launahækkun, 50% hækkun á tekjum læknanna í fámennustu héruðunum, og aðrar stéttir færu kannske að taka þetta til fyrirmyndar. En ég held, að þetta sé alveg ástæðulaus hjartveiki. Ég held, að það yrði fyrst og fremst litið á þessa staðaruppbót til læknanna í fámennustu héruðunum sem öryggisráðstöfun fyrir fólkið í þessum héruðum, og þannig hefur málið alltaf verið flutt, en ekki sem neitt launamál almennt. Og þetta mál er ekkert annað en öryggismál fólksins, þó að það kosti það, að það verður að verja einhverju fé til þess, að ungir læknar vilji leggja sig í það að vera í þessum héruðum, því að það, sem þeir raunar fráfælast mest, er starfsleysið. Starfsleysið er ekki góður skóli fyrir ungan lækni, og þess vegna er það, að það verður að launa lækna sæmilega, til þess að þeir fáist til að vera þarna til að byrja með við ákaflega léleg skilyrði til þjálfunar í sínu starfi. Þeir mundu gjarnan una þar betur og sækja þangað meira, ef þar væru meiri möguleikar til starfa í læknisfaginu, og það er í raun og veru það, sem þeir fráfælast mest. Og menn kunna ekki önnur ráð fremur til þess að fá þá þó til að fara út í héruðin heldur en að þeir bæru sæmilegt úr býtum fyrir dvöl sína þar. Auk þess hefur það svo verið þannig, að helzta úrræðið til þess að fá lækna út í hin fámennustu læknishéruð hefur verið að skylda kandídatana í læknisfræði til þess að fara í sex mánaða þjónustu út í fámennustu héruðin, þegar þeir kæmu frá prófborðinu, en þá hefur ekki verið fýsilegra fyrir þá að komast út í þessi héruð en svo, að þeir hafa orðið að byrja með því að kaupa sér nauðsynleg lækningatæki og búa þannig um sig, að þeir gætu starfað, og telja menn, að þetta hafi kostað þá a. m. k. nú seinni árin um 100 þús. kr., sem þeir hafa auðvitað orðið að bæta ofan á sínar námsskuldir. Af þessu leiðir svo það, að landlæknir telur, að önnur nærtækasta leiðin til þess að fá ungu læknana út í héruðin væri sú að gera þeim auðveldara um að setjast þar að, með því að hið opinbera ætti hin nauðsynlegustu lækningatæki. Landlæknir kveðst hafa tekið sjálfur saman skrá yfir þessi nauðsynlegustu tæki, og það væri sjálfsagt samkvæmt ákvörðun landlæknis, sem hinu opinbera væri gert að skyldu, ef till. landlæknis væri samþ., að kaupa og eiga þau, svo að læknarnir þyrftu ekki að taka á sig þennan stóra útgjaldalið hver um sig, þegar þeir í fyrsta sinn fara út í hérað.

Það eru þessar tvær till. landlæknis, sem ég og hv. 4. þm. Reykn. töldum rétt að taka upp alveg óbreyttar, svo að þær væru nákvæmlega í því formi, sem landlæknir eftir nákvæma yfirvegun hefur lagt til að yrði samþ. sem helztu úrræði til að bæta úr læknaskortinum í fámennustu héruðunum, sem lengstum og oftast hafa verið læknislaus á undanförnum árum.

Ég veit ekki, hvað getur valdið því, að hv. þm., sem fyrir nokkrum mánuðum, rétt áður en síðasta Alþingi lauk störfum, gengu frá því sem sinni till. í samráði við landlækni, en starfa nú í n., standa gegn þessu. Málið er óleyst, og þessir sömu menn, sem breyttu till. í ákveðið form í fyrra, ganga nú gegn þeim atriðum, sem þeir þá tóku upp í sínar till. En svona er þetta. Þetta er staðreyndin. Menn, sem árum saman hafa talað um, að þeir berðust fyrir því máli með hnúum og hnefum að reyna að draga úr öryggisleysi fólksins úti um byggðirnar og reyna að útvega því þangað lækna, með hvaða úrræðum sem möguleg væru, eins og þeir sögðu í grg. í fyrra, fást nú ekki til að fylgja till. landlæknis, sem var til kvaddur til þess að gefa góð ráð um lausn málsins, og ekki einu sinni þeim till., sem þeir tóku sjálfir upp í sína eigin þáltill. á síðasta þingi. Ég verð að segja það, að þetta er hörmulega lítil staðfesta og heitir: að fara í gegnum sjálfan sig.

Málinu var frestað hvað eftir annað til þess að athuga um það, hvort ekki fyndust neinar leiðir til þess, að n. yrði sammála um lausn málsins. Og ég verð að segja það, að það var hinn fyllsti samkomulags- og samstarfsvilji í n., því að öllum var alvara málsins ljós og menn vildu teygja sig langt til þess, að um þetta fengjust sameiginlegar till. Formaður n., hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), sem starfaði framan af í n. og stjórnaði störfum hennar, var og með ýmsar hugmyndir um það, hvernig hægt væri að leysa þetta til bráðabirgða, t. d. kvaðst hann mundu ræða það við heilbrmrh., hvort ekki væri hugsanlegt, að ríkisstj. vildi verja einhverri ákveðinni fúlgu, t. d. sem svaraði hálfum læknislaunum í þeim læknishéruðum, sem læknislaus hafa verið, til greiðslu í einhverju öðru formi þá heldur en staðaruppbót til þess að tryggja þangað lækna með sérstökum ráðningarsamningi um aukagreiðslur, — að það mætti verja sem sé allt að þeim hálfu læknislaunum, sem nú eru yfirleitt borguð lækninum í nágrannahéraði fyrir að hafa gegningarskyldu í læknislausa héraðinu. Þetta sýnist í raun og veru ekki vera annað en að borga beint, velja heldur þann kostinn að borga beint manni, sem sitji í hinu fámenna læknishéraði, heldur en að verja því, eins og nú er gert, til viðbótargreiðslu ofan á læknislaun þess, sem situr í nágrannahéraði og hefur gegningarskylduna, en getur þó aldrei komið að fullu gagni í læknislausa héraðinu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur rætt þetta við heilbrmrh., en hann kom aldrei til baka með vitneskju um það, að þetta

þætti úrræði, sem gæti komið til greina. Við, sem nú skipum minni hl., vorum hlustandi eftir öllum slíkum till., sem gætu leitt til þess, að málið fengi einhverja úrlausn, sem gæti talizt viðunandi fyrir fámennustu læknishéruðin. En þegar svo formannsskipti urðu í n. og þar var kominn maður, sem hafði borið fram þessa till. á síðasta þingi, þá taldi ég enn ástæðu til að doka við með afgreiðslu þessa máls og gefa hinum nýja formanni nægilegt tóm til að ræða við heilbrmrh. um það, hvort þessar till. gætu ekki fengið fram að ganga, sem hann hafði borið fram í till. sinni í fyrra og þá mælt fast með sem úrlausn á málinu. Ég sagði við minn gamla og góða vin — ekki flokksbróður, en stríðsbróður að fornu og nýju, að enginn maður á Íslandi hefði aðra eins aðstöðu og hann til að segja við hæstv. ráðh.: Ég get ekki látið bjóða mér það að greiða nú atkvæði, rétta höndina nú á loft á móti till. minni frá í fyrra. — Og hann hefði getað bætt því við: Ráðh. má ekki bjóða mér þetta, því að það er að misbjóða. Og sannleikurinn er sá, að hér er ekki um þau fjárútlát að ræða af ríkisins hendi, að það væri ekki gerandi í eitt ár, því að menn eru að þreifa fyrir sér með varanlegar leiðir í þessu máli til þess að prófa, hvort takist að draga nokkuð úr læknaskortinum í fámennustu héruðunum með þessu úrræði, að borga þeim t. d. staðaruppbót eða viðlíka aukagreiðslu fyrir að vera þar í fásinninu. — En ekki veit ég, hvort minn ágæti þingbróðir, Sigurður Bjarnason, hefur beitt sér gagnvart ráðh. í þessu efni, sem mér fannst hann hafa hina ágætustu aðstöðu til, hafandi auk þess barizt árum saman fyrir þessu máli, nema árangurinn virðist vera enginn. Hv. 1. þm. Vestf. (SB) hefur hér komið fram fyrir deildina og lýst sig samþykkan málinu óbreyttu, frv. óbreyttu, að því viðbættu, að hann fékk í gær heimild ráðh. til, að það mætti verja úr ríkissjóði *fé til þess að greiða að hálfu nauðsynlegustu lækningatæki* í hinum allra fámennustu héruðum, ef viðkomandi læknishérað legði fram hinn helminginn. Þetta er vissulega ofur lítið til bóta, en það er ekki stórt, það er ekki tekið af stórhug á málinu, þannig að nokkrar líkur séu til þess, að læknaskorturinn leysist við þessa aðgerð. En það er þó til bóta. Það er mín skoðun, að með þeim vinnubrögðum, sem beitt hefur verið í læknamálunum á þessu þingi, hafi verið byrjað á öfugum enda og aðaláherzlu hefði átt að leggja á að bæta úr læknisleysi hinna fámennustu læknishéraða. En það er ekki gert með þessari afgreiðslu. Það er mest gert nú á þessu þingi fyrir læknana í fjölbýlinu og tekjur þeirra auknar verulega, en smáskornastar eru tillögurnar að öllu leyti til úrbóta, þar sem þörfin var mest í fámennustu læknishéruðunum.

Ég og hv. 4. þm. Reykn. höfum borið fram okkar tillögur og nál. á þskj. 413 og eru breytingar okkar þar á þá leið, að við viljum, að á undan 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, er verði svo hljóðandi:

„Á eftir 4. gr. l. komi ný grein, svo hljóðandi:
Í mannfæstu læknishéruðunum skal greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, samkv. eftirfarandi reglum: a. Héraðslæknar í héruðum með færri en 600 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 50% fastra launa. b. Héraðslæknar í héruðum með 600—800 íbúa hljóti staðaruppbót, er nemi 33⅓% fastra launa. Gegni héraðslæknir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, fellur staðaruppbót niður."

Þetta er, eins og hv. þingmenn heyra, ef þeir hafa hlustað á, þegar ég las tillögur landlæknis í upphafi míns máls, nákvæmlega frá orði til orðs till. landlæknis og nákvæmlega orði til orðs samhljóða þeirri breytingu, sem samþykkt var á till. Sigurðar Bjarnasonar og fleiri á síðasta þingi um ráðstafanir vegna læknaskorts. Þar var önnur tillagan um að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum. Fámennustu læknishéruðin, sem undir þessa liði heyra, þ. e. a. s. með íbúatölu allt upp að 800, eru þau, sem nú skal greina: Flateyjarhérað, Djúpavíkurhérað, Reykhólahérað, Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað, Bakkagerðishérað, Bíldudalshérað, Grenivíkurhérað, Súðavíkurhérað, Flateyrarhérað, Þingeyrarhérað, Höfðahérað, Kirkjubæjarhérað, Vopnafjarðarhérað, Kópaskershérað og Egilsstaðahérað eystra. Þessi 16 læknishéruð eru öll með íbúatölu fyrir neðan 800. En staðaruppbótin ætti samkv. tillögu okkar að renna til þeirra héraða, sem eru með færri íbúa en 800, lægri þó til héraðanna, sem eru á bilinu frá 600 til 800 íbúa.

En önnur till. okkar, sem minni hl. skipum í heilbr.- og félmn., er á þessa leið:

„Á eftir 8. gr. l. komi ný gr., svo hljóðandi:
Læknishéruð með færri en 600 íbúa skulu sjálf útvega og kaupa nauðsynlegustu lækningatæki, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu. Skal slík útvegun tækja gerð í fullu samráði við heilbrigðisstjórnina hverju sinni. Enn fremur kaupi sömu héruð húsgögn í lækningastofu og í sem svarar 2—3 herbergja læknisíbúð. Húsgögnin skulu vera af einföldustu gerð og þannig valin, að auðvelt sé að geyma þau tímum saman án skemmda. Lyfjaforði í þessi héruð skal keyptur af héraðslækni og er hans eign sem og í öðrum héruðum, en heimilt er Lyfjaverzlun ríkisins að veita honum allt að 4 mánaða greiðslufrest á andvirði lyfjanna."

Þessar tillögur eru einnig samhljóða tillögum landlæknis, og játa ég þó, að þær ganga fullskammt. En við töldum líklegast, að Alþingi mundi vilja fallast á óbreyttar tillögur landlæknis, þess manns, sem er aðalráðgjafi ríkisins í heilbrigðismálum og hefur sérþekkingu og reynslu við að styðjast öllum öðrum fremur. Þess vegna fannst okkur vænlegra að flytja hans tillögur algerlega óbreyttar og taka þar ekki nema tvær megintillögur hans, sem alveg sérstaklega lutu að því að bæta úr læknaskortinum í fámennustu héruðunum. Læknisbústaðirnir eru alls staðar á landinu nema í einu læknishéraði eign viðkomandi læknishéraðs, byggðir með styrk frá ríkinu, en eru eign héraðanna. Þess vegna taldi ég nokkuð eðlilegt samkv. till. landlæknis einnig, að lækningatækin, sem keypt væru í læknishéraðið, væru á hendi sama aðila, sem á læknisbústaðinn, því að þau mundu

fylgja honum, og einnig húsgögnin, sem keypt væru í læknisbústaðinn. Hins vegar sé ég, að það eru hér þm., sem telja, að hér sé of skammt gengið, og gæti ég vel efnislega fallizt á þeirra tillögu, að heilbrigðisstjórnin legði á kostnað ríkissjóðs fámennum læknishéruðum til einu sinni fyrir allt nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða, sem héraðslæknir þarfnast í starfi sínu, og einnig nauðsynlegan útbúnað í lækningastofu ásamt einföldum og óhjákvæmilegum húsgögnum í læknisíbúð. En þá væri sem sé ríkið eigandi að þessum tækjum, lækningatækjunum og útbúnaði á lækningastofu, en læknishéraðið hins vegar að sjálfri fasteigninni. Þetta væri auðvitað nokkru meiri hjálp en felst í tillögum okkar, sem skipum minni hl. heilbr.- og félmn., og væri þannig e. t. v. betri lausn á málinu. En aðalatriðið fannst mér vera það, að þessi greiðslubyrði þyrfti ekki að hvíla á herðum hinna ungu lækna, sem skuldum vafðir eru að koma frá prófborðinu og þannig lítt megnugir þess að bæta þessum stóru útgjaldaliðum á sig. Kaupin hins vegar á lyfjum, það er í raun og veru verzlunarvara, sem þeir annast svo sölu á, og því eðlilegt nokkuð, að þeir eigi þau, og er það lagt til í tillögu landlæknis, og við höfum tekið hana þannig upp, en aðeins reynt að tryggja það, að þeir fengju greiðslufrest, svo að þeir þyrftu ekki að snara út andvirði lyfjanna, þegar þeir væru að kaupa þau og búa sig af stað í læknishéraðið, heldur væru búnir að vera ⅔ af skyldutímanum, þegar að gjalddaga væri komið og þeim bæri að greiða lyfin.

Ég býst við því, að það sé fullreynt, að það fáist ekki samkomulag um að samþykkja þessar tvær brtt. okkar og þar með tillögur landlæknis. Ég geri ráð fyrir, að formenn heilbr.- og félmn. og yfirleitt þeir í meiri hl. þar séu búnir að fullreyna það við hæstv. heilbrmrh. að fá þessar tillögur fram, en hann af einhverjum ástæðum ekki talið fært að ganga inn á það, og þykir mér það miklu miður. Það getur enginn að vísu fullyrt, að hægt sé að ráða fulla bót á þessu vandamáli með samþykkt allra tillagna landlæknis, þó að það hefði verið gert. En það eru nokkrar líkur til þess, og önnur líklegri ráð hafa mönnum ekki enn þá dottið í hug til að leysa þennan vanda. Ég hefði því talið, að það bæri að fá dóm reynslunnar á það, hvort ekki gengi betur að fá lækna út í fámennustu héruðin, ef launakjör þeirra væru bætt og gert aðgengilegra fyrir þá að koma sér þar fyrir, meðan þeir eiga í mestum fjárhagslegum erfiðleikum nýkomnir frá námi, úr því að það hafa nú einmitt orðið þeir, ungu kandídatarnir, sem hafa árum saman leyst þennan vanda fyrir heilbrigðisstjórnina og fyrir fólkið í landinu þrátt fyrir alla erfiðleika á því. Ég hefði talið, ef menn vildu ekkert tengja þetta launakjörum læknanna, þá hefði ekkert verið fráleitt að taka t. d. eina millj. kr. eða svo, sem heilbrigðisstjórnin mátti verja til þess að ná samningum við lækna um að taka að sér þjónustu við fámennustu héruðin, þó að það væri ekkert tengt við launakjör þeirra, heldur heilbrigðisstjórninni falið alveg frjálst að semja við ungu læknana um kjarabætur fyrir að fara í þetta eða hitt héraðið og þá e. t. v. mismunandi eftir því, hversu lítið fýsilegt þætti að fara þangað. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það sé nokkuð góður skóli fyrir ungan lækni að fara í hérað, þar sem hann getur, vegna þess að annríki er ekki mjög mikið, lært að kynnast gaumgæfilega alþýðustéttum landsins við hin fábreyttu, en nauðsynlegu störf, sem þar eru unnin, og þannig komizt betur inn í anda þjóðlífsins en t. d. þeir ungu menntamenn eiga kost á að kynnast þessum hlutum, ef þeir eru t. d. kaupstaðarbörn frá fæðingu og að uppeldi og hafa aldrei lifað í sveitum landsins eða með alþýðufólkinu í landinu og deilt lífskjörum við það. En samt sem áður, það er reynsla komin á það, að ungu læknarnir forðast fyrst og fremst fámennu héruðin vegna þess, hvað lítið reynir á þar, hversu sjaldan gefst tækifæri til, að þeir reyni á sig sem lækna og iðki sig í sinni mennt, og það er hlutur, sem ekki er hægt að bæta úr nema með stækkun læknishéraðanna, sem er raunar sjálfsagt að taka til yfirvegunar. En meðan það er ekki gert og á það ekki fallizt að leysa málið á þann hátt að stækka læknishéruðin og fækka þeim, þá er varla um annað að ræða en það, sem felst í tillögum landlæknis, að taka upp annaðhvort staðaruppbót eða að greiða þeim í einhverju formi meira fyrir veru sína í hinu fámenna héraði og gera þeim aðkomuna þar í upphafi auðveldari.

Ég skal nú ljúka máli mínu, en læt aðeins í ljós þá ósk, að gert verði allt, sem hægt er, til þess að leysa þetta mál, sem er þýðingarmikið mál fyrir fámennu læknishéruðin, mál, sem er mikið öryggismál fyrir fólkið, sem þar býr, og því mikið vandamál, sem þjóðfélaginu ber skylda til að leysa. Og það er enn möguleiki til þess að leita að samkomulagsleiðum, því að það mætti e. t. v. takast, ef vel væri eftir leitað, nú milli 2. og 3. umr. í þessari hv. deild. En mér finnst nálega ósæmilegt af Alþingi að hafa leyst nokkuð kjaramál lækna í Reykjavík, lækna í öllum kaupstöðum landsins, lækna samkv. þessu frv. í hinum miðlungsstóru héruðum, en ganga nálega algerlega fram hjá vandamálum fámennustu héraðanna, sem allir hafa talið vera höfuðatriði, þegar menn hafa verið að tala um læknaskortinn sem þjóðfélagsvandamál. Fyrir öllum hefur þá vakað það að finna úrræði, sem mættu tryggja, að fólkið í strjálbýlinu þyrfti ekki að búa við læknisleysi. Ég trúi því naumast enn, að þeir, sem lögðu til í fyrra í samráði við landlækni, að tekin skyldi upp staðaruppbót og að hið opinbera skyldi verða eigandi að nauðsynlegustu læknistækjum í fámennustu héruðum, gangi frá þeim tillögum og rétti höndina upp á móti þeim. Ég á erfitt með að trúa því. Ég tel, að þingheimur hljóti að verða sjálfum sér samþykkari frá ári til árs í máli eins og þessu heldur en fram kæmi í slíkri afstöðu. Og þó að meiri hl. nefndar hafi nú lagt til, að þetta frv. sé samþykkt, þá er það

ekkert guðsorð til hv. deildar, deildin gæti vel leyft sér að taka fram fyrir hendur meiri hl. og fylgja tillögum minni hl., því að þær ganga ekki á neinn hátt feti framar en landlæknir hefur lagt til sem nauðsyn og hefur undirstrikað að væri óumflýjanlegt að gera í sambandi við lausn þessa máls. Læt ég svo máli mínu lokið að sinni.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Samkv. ósk íbúa Hjaltastaðaþinghár í Norður-Múlasýslu höfum við þm. Austf. í þessari hv. þd. leyft okkur að bera fram þá breytingu á læknaskipunarlögunum frá 1955, sem um ræðir á þskj. 409. Samkv. tillögu þáv. landlæknis var með breyt. þeirri, sem gerð var á læknaskipunarlögunum 1955, svo ákveðið, að íbúar Hjaltastaðaþinghár skyldu tilheyra Borgarfjarðarlæknishéraði í stað þess, að þeir höfðu áður tilheyrt Egilsstaðalæknishéraði eystra. Var ætlun þáv. landlæknis að gera með þessu Borgarfjarðarlæknishérað fjölmennara og því aðgengilegra fyrir lækni. En jafnhliða var svo frá gengið, að íbúar Hjaltastaðaþinghár áttu síður en svo að búa við meiri erfiðleika en áður um að leita til læknis, þar sem þeir áttu framvegis að eiga jafnan rétt til þjónustu af hendi læknis á Egilsstöðum og í Borgarfirði. En frá upphafi féll íbúum Hjaltastaðaþinghár þessi ráðstöfun illa, þar sem þeir höfðu stofnað til samstarfs með öðrum héraðshreppum um læknisbústað og sjúkraskýli að Egilsstöðum. Vegna staðhátta varð reynslan líka sú, að þeir leituðu áfram meira til læknisins, sem þjónar Austur-Egilsstaðalæknishéraði, eins og þeir líka áttu rétt til, en kvörtuðu jafnframt undan því, að í framkvæmd væri það svo, að læknirinn þar léti þá frekar sitja á hakanum, þegar annríki hans var mikið, og vísaði þeim á Borgarfjarðarlækni, sem þá var ekki ætíð auðvelt og stundum illmögulegt að ná til. Og síðan læknislaust varð í Borgarfirði, hefur auðvitað ekki verið fyrir íbúa Hjaltastaðaþinghár til annars læknis að leita en að Egilsstöðum. Þegar svo var komið, þótti núverandi landlækni einsætt að mæla með þeirri breytingu, sem við leggjum til að gerð verði, enda er hér ekki um að ræða neina raunverulega breytingu á læknaskipunarlögunum, heldur aðeins viðurkenning á þeirri staðreynd, að þessi tilraun fyrrv. landlæknis til framdráttar Borgarfjarðarlæknishéraði hefur mistekizt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa hér um fleiri orð, en vísa til ummæla landlæknis um þetta efni í kaflanum um breytta læknaskipun í skýrslu hans, sem prentuð er sem fskj. með frv. ríkisstj. um breytingar á læknaskipunarlögunum frá 1955, sem hér er til umr.

Ég vil svo aðeins geta þess, að ef hv. heilbr.- og félmn. telur æskilegt að athuga þessa till. í samráði við landlækni, þá munum við flm. fúsir að taka till. aftur til 3. umr.

En jafnframt því að mæla fram með brtt. okkar þm. Austf. vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. hæstv. ríkisstj., sem hér er til meðferðar. Með tilliti til málavaxta og þess, sem á undan er gengið, og þá ekki síst ef það er skoðað með hliðsjón af þeirri þáltill., sem hv. Alþingi samþykkti á s. l. vetri, og einnig með hliðsjón af till. landlæknis, þá held ég, að megi fullyrða, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. hafi valdið öllum vonbrigðum, sem þekkja til hins óviðunandi ástands, sem ríkir í heilbrigðismálum víðs vegar um landið, og þá knýjandi þörf, sem er fyrir því, að hið opinbera hlutist til um með raunhæfum aðgerðum, að ráðin sé þar á einhver veruleg bót. Með tilliti til vandans, sem við er að etja, tel ég, að frv. hæstv. ríkisstj. sé hvorki fugl né fiskur, ef nota má það gamla orðtak. Og segja má, að það nálgist lítið þá alhliða umbótatillögu, sem síðasta hv. Alþingi fól hæstv. ríkisstj. að koma fram með. Það ber vitanlega að harma, hvað hæstv. ríkisstj. hefur brugðizt vilja Alþingis í þessu máli. Og því fráleitara er þetta, þar sem Alþingi hefur bent á leiðir, sem fara ætti, og landlæknir í öllum mikilvægustu atriðum fallizt á þær, sbr. umsögn hans og tillögur.

Í upphafi þáltill. þeirrar, sem samþykkt var á Alþingi 29. marz s. l. um ráðstafanir vegna læknaskorts, var skorað á hæstv. ríkisstj. að gera í samráði við landlækni þær ráðstafanir, sem mögulegar eru, til þess að útvega lækna í þau læknishéruð, sem nú eru læknislaus, og stuðla þar með að því að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þeirra héraða á við að búa í heilbrigðismálum. Eftirtaldar ábendingar hv. Alþingis til hæstv. ríkisstj. tel ég að hafi verið raunhæfar og líklegar til umbóta í þessu efni: Að greiða læknum í fámennari læknishéruðum staðaruppbót. Að hraða byggingu og endurbótum á læknabústöðum. Og að það opinbera leggi til nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennari læknishéruðum. Undir þetta sjónarmið og áskorun til hæstv. ríkisstj. tók allur þingheimur einróma, og í öllum meginatriðum tekur landlæknir í sama streng í grg. sinni um málið til hæstv. ríkisstj. Hitt er svo annað mál, að landlæknir bætir við atriðum í umsögn sinni, sbr. fskj. með frv., þar sem hann með meiru leggur til að bæta almennt launakjör héraðslækna með stórhækkuðum greiðslum frá fólkinu fyrir veitta læknishjálp. Það er augljóst, að hann telur þetta ekki almenn bjargráð með tilliti til læknaskortsins, heldur fyrst og fremst nauðsynlega bót á launum héraðslækna í miðlungs og jafnvel stærri læknishéruðum. En á aðstæðurnar í þeim héruðum telur landlæknir einnig þörf að líta, um leið og reynt er að gera gagngerðar ráðstafanir vegna minni og strjálbýlli læknishéraðanna.

Ég dreg ekki í efa, að ástæður séu fyrir áhyggjum landlæknis um læknaskort í miðlungs og stærri læknishéruðum úti á landi. Hann er í því efni manna kunnugastur og líklegur til að vilja leita eftir lausn á þessum vandkvæðum. Vel má vera, að eðlilegt sé, að fólkið úti á landi greiði eitthvað meira en nú er fyrir veitta læknisþjónustu. En þó að svo kunni að vera, þá eru vissulega takmörk fyrir, hvað eðlilegt og

sanngjarnt er að hafa slík gjöld há. E. t. v. sýnist ráðamönnum sjálfsagt að láta fólk úti á landi inna svipaðar greiðslur af höndum til læknisins og fólk þarf að gera t. d. hér í Reykjavík. En bæði er á það að líta, að fólkið í dreifbýlinu hefur yfirleitt ekki til annars að leita en síns héraðslæknis, sem fær verulegan hluta af launum sínum greiddan af opinberu fé og ætti því að geta veitt eitthvað ódýrari þjónustu en praktíserandi læknar, og ekki er síður réttmætt að hafa það í huga, að aðstaða fólksins í dreifbýlinu er, hvað kostnaði af völdum veikinda við kemur, ekki sambærileg við þá aðstöðu, sem fólkið í stærri bæjunum hefur, því að fólkið í dreifbýlinu þarf yfirleitt að verja miklu fé og tíma til að leita til fjarlægra staða eftir sjúkrahúsvist og sérfræðingum. Hækkun á greiðslu fólksins til héraðslæknis síns er því hvimleið og vafasöm leið. En hófleg gjaldahækkun gæti þó e. t. v. verið álitamál, þar sem slíkt getur leyst vandann í sambandi við læknaskortinn. Ég get vissulega ekki um það dæmt, hvort í þessu felst lausn, þegar um miðlungs og stærri læknishéruð er að ræða. En það þarf engan sérfræðing í þessum málum til að sjá, að það er fjarri öllu lagi, að mesti vandinn í þessu efni, sem er nú þegar fyrir hendi í minni læknishéruðunum, leysist með auknum álögum á fólkið. Vandi þeirra minnkar ekki að mínum dómi, heldur vex, með þeirri aðgerð einni. Það ætti ekki að þurfa að rökstyðja þetta.

En þótt svo sé, að landlæknir geri sér nokkra von um, að hækkun á greiðslum frá fólkinu til héraðslækna í miðlungs og stærri læknishéruðum muni gera þau héruð fýsilegri og læknar fáist því frekar þangað, þá er hins vegar alveg víst, að um slíka tekjuvon er ekki að ræða í fámennari læknishéruðunum. Og því má búast við, að þau verði í hugum lækna enn ófýsilegri en áður, miðað við miðlungs og stærri héruð. Niðurstaðan hlýtur því að verða sú, að enn síður sé að vænta læknis í fámennustu læknishéruðin, ef þetta frv. nær óbreytt fram að ganga.

Landlæknir gerir sér fyllilega grein fyrir þessu og leggur því áherzlu á alveg sérstakar ráðstafanir vegna lökustu læknishéraðanna, þær sömu og hv. Alþingi hafði bent á. En svo kemur hæstv. ríkisstj. með þessar tillögur um lausn í læknavandamálinu og segir, að frv. sé flutt samkv. tillögu landlæknis. Mér finnst, að hér sé um að ræða vafasaman málflutning af hendi hæstv. ríkisstj. Hún gengur alveg fram hjá till. síðasta Alþingis og virðist í því sambandi vilja afsaka sig með því að skjóta sér á bak við landlækni, en verður að gera það með því að slíta tillögur hans úr sambandi og taka þá einu upp, sem gerir jafnvel aðstöðu verst setta fólksins verri en áður.

Þetta frv. er vissulega köld kveðja frá hæstv. ríkisstj. til hins nauðstadda fólks í dreifbýlinu. Hún leggur það eitt til að hækka á þessu sviði fjárhagslegar byrðar þess, án þess að nokkur líkindi séu til, að með því leysist vandi þeirra, sem verst eru settir. Það vita allir, sem vita vilja, að læknisleysið í dreifbýlinu verður ekki leyst nema með nokkru fjárhagslegu framlagi af hálfu þess opinbera. Og um leið er um að ræða kröfu um öryggi, sem þjóðfélaginu er skylt að veita, hvar sem menn eru búsettir í landinu. Þá er hér einnig á ferðinni eitt af undirstöðuatriðum í sambandi við jafnvægi í byggð landsins. Um rökstuðning fyrir því tel ég óþarfa að fjölyrða, en vil í því sambandi vísa til umr. um þetta efni á síðasta Alþingi og þar á meðal tillagna, sem hv. 1. þm. Vestf. flutti í tilefni af málinu, þegar það var þá til umr. hér.

Með hliðsjón af þeim alvarlega vanda, sem læknisleysið veldur, tel ég skylt og aðkallandi að afgreiða þetta mál þannig, að ríkið taki á sig í fyrsta lagi að greiða staðaruppbót á laun héraðslækna í fámennari læknishéruðum, og er það atriði vissulega mest um vert. Í öðru lagi, að ríkið leggi læknishéruðunum til nauðsynlegustu lækningatæki og búnað í lækningastofur ásamt einföldum og nauðsynlegum húsbúnaði í læknisbústaði. Þetta eru þau atriði, sem að mínum dómi þarf að lögfesta með þessu frv., og er þetta sjónarmið í aðalatriðum í samræmi við það, sem landlæknir telur að gera þurfi. Um byggingu og endurbót á læknisbústöðum, þar sem þörf krefur, ætti ekki að þurfa nýtt lagaákvæði, heldur meiri framkvæmd í skjóli þeirra laga, sem þar um gilda.

Það er alvarlegt mál og illt til þess að vita, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki koma fram með raunhæfar tillögur í þessu máli. Og það er síður en svo geðfellt, ef hún hefur horft í að láta ríkissjóð leggja fram dálitla fjárhæð til að tryggja fólkinu í dreifbýlinu viðunandi læknishjálp. En ekki tekur miklu betra við, þegar til kasta hv. heilbr.- og félmn. kemur. Nú er þetta að dómi frsm. meiri hl. nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., ekki orðið stórt vandamál, og skal ég ekki fjölyrða um það meir, því að hv. 4. landsk. þm. gerði því sjónarmiði greinileg og góð skil. En sem sagt, meiri hl. n. leggur fyrst til, að frv. ríkisstj. verði samþykkt óbreytt, en kemur svo á síðustu stundu fram með atriði, sem er að vísu þakkarverð bót í málinu, en ekki er nú reisnin þar meiri en svo, að aðeins er lagt til, að það opinbera leggi fram að hálfu fé vegna læknisáhalda, meðala og annars slíks, og ganga tillögurnar alveg fram hjá þessu stærsta atriði, staðaruppbót til læknanna í fámennustu læknishéruðunum. Þó munu allir þeir, sem skipa meiri hl. hv. heilbr.- og félmn., hafa einhuga staðið að þeim tillögum, sem hv. Alþingi samþykkti í þessu máli 29. marz á fyrra ári. En frá því sjónarmiði, sem þessir hv. þm. höfðu þá, virðast þeir nú ætla að víkja. Nú er því aðeins eftir síðasta prófraunin, þ. e. hvort meiri hl. hv. þdm. ætlar að gera það sama. En það kemur í ljós við atkvgr. um brtt. minni hl. n. og brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hann mun nú væntanlega mæla fyrir.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að d. er í fámennara lagi og ekki fýsilegt að mæla fyrir brtt. Vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann reyndi að freista þess að fá þm.

til að hlýða á það, sem fram fer. (**Forseti**: Það var til þessa fundar boðað á venjulegan hátt, og ég hygg, að hér séu fleiri þm. í húsinu en eru inni í salnum.)

Við 1. umr. þessa máls leyfði ég mér að fara nokkrum orðum um það frv. um breytingu á læknaskipunarlögum, sem fyrir liggur. Ég gat þess þá, að ég óttaðist, að þau úrræði, sem í þessu frv. felast, hrykkju skammt til þess að ráða bót á læknaskortinum í hinum fámennu læknishéruðum. En efni þessa frv. er að skapa möguleika til að auka greiðslur héraðslækna fyrir læknisstörf, og er það auðvitað, ef fram gengur, fyrst og fremst tekjuaukning fyrir héraðslækna í nokkuð fjölmennum héruðum — og tekjuauki, sem almenningur, sem lækninganna *nýtur, greiðir. Ég vakti þá einnig athygli* á því, að í þessu frv. væri ekki að neinu leyti tekið tillit til þeirra ábendinga til hæstv. ríkisstj., sem felast í ályktun Alþingis frá 29. marz s. l. Ég skal leyfa mér að endurtaka, hverjar þessar ábendingar voru. Alþingi samþykkti, að athugað væri sérstaklega, hvort tiltækilegt sé eða líklegt til árangurs í fyrsta lagi að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslæknis, í öðru lagi að greiða staðaruppbót á laun í fámennum héruðum, í þriðja lagi að hraða byggingu eða endurnýjun læknisbústaða, í fjórða lagi, að hið opinbera eigi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum, og í fimmta lagi að breyta skipun læknishéraða. Ekkert þessara atriða er tekið til meðferðar í því frv., sem hér liggur fyrir. Og get ég reyndar getið þess, að þó að á þetta sé bent, þá hef ég ekki sömu trú á öllum þessum úrræðum, sem þarna voru nefnd, en a. m. k. flest þeirra tel ég, að hafi verið ástæða til þess að taka til ýtarlegrar athugunar, og hefði átt að taka tillit til þess við samningu þessa frv.

Samkv. lögum eru í landinu 57 læknishéruð. Þessi læknishéruð eru mjög mismunandi að fólksfjölda. Samkv. upplýsingum, sem ég hef *fengið um fólksfjölda einstakra læknishéraða á* árinu 1960, má skipta læknishéruðunum í flokka eftir fjölmenni á þann hátt, sem nú skal greint: Í 12 læknishéruðum voru árið 1960 2000 íbúar o. fl. Þetta eru þau læknishéruð, sem mundi mega kalla hin fjölmennu læknishéruð. 8 læknishéruð höfðu 1500—2000 íbúa, og 13 læknishéruð höfðu 1000—1500 íbúa. Þessi læknishéruð með 1500—2000 íbúa og 1000—1500 íbúa mætti e. t. v. kalla miðlungshéruð eða meðalstór héruð, og þau eru þá 21 talsins, sem hafa frá 1000—2000 íbúa. Þá eru eftir 24 læknishéruð, sem hafa færri íbúa en 1000, og þar af 5, sem hafa innan við 500 íbúa. Þetta eru þau héruð, sem telja verður fámenn. Og þetta eru þau héruð, sem alltaf öðru hverju eru læknislaus, a. m. k. sum þeirra.

Í tilefni af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að eitthvað hefði raknað úr í þessum efnum víða nú í vetur, *þannig að fengizt hefðu* læknar í nokkur héruð, sem höfðu verið læknislaus, þá er það svo, að það má ekki gera of mikið úr þessu og það má ekki binda of miklar vonir við þetta, þó að til bráðabirgða hafi verið bætt úr þörf nokkurra læknishéraðanna í vetur. Þetta stafar af því, að úr læknadeildinni útskrifuðust nú eftir nýárið óvenjulega margir kandídatar. Og það er skilyrði til þess að geta fengið lækningaleyfi að hafa verið 6 mánuði í læknishéraði. Þessir ungu kandídatar, sem nú hafa farið til starfa í læknislausu héruðin, eiga í raun og veru eftir hluta af námi sínu, þegar þeir koma úr héruðunum. Þeir eiga eftir kandídatsárið eða 13 mánaða starf sem eins konar aðstoðarlæknar á spítölum. Og það er náttúrlega engan veginn fullnægjandi lausn fyrir þessi héruð, þó að það sé mikil bót að því að fá þessa menn til starfa og illt, ef þannig er ástatt um sum héruð, að þau geti aldrei fengið öðruvísi *læknishjálp en þessara ungu manna.* Þeir hafa ekki hlotið fulla menntun, ekki fulla verklega menntun, sem af þeim er krafizt. Þeir eiga eftir að vera starfandi aðstoðarlæknar 13 mánuði á spítölum, áður en þeir eru fullgildir læknar. Þess vegna verður að gera sér grein fyrir því, að sérstakar ástæður eru fyrir því, að hægt hefur verið að bæta úr læknisleysinu nú í vetur á allmörgum stöðum, þessi óvenjulegi fjöldi kandídata frá læknadeildinni í vetur. Þessir menn hafa ekki lokið námi sínu.

Hv. nefnd hefur nú afgreitt þetta mál fyrir nokkru. Hv. meiri hl. lagði til, að frv., eins og það var lagt fyrir deildina, yrði samþykkt óbreytt, og er álit meiri hl. n. dagsett 15. marz. Tveim dögum síðar kom svo álit hv. minni hl. n., dags. 17. marz. Síðan þessum álitum var útbýtt, höfum við hv. 2. þm. Austf. leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 430, vegna þess að við teljum frv., eins og það hefur legið fyrir, ófullnægjandi og vegna þess að við felldum okkur ekki fullkomlega við þær tillögur, sem hv. minni hl. bar fram, þó að þær séu til bóta. Þessar brtt. okkar eru í tveim liðum, og ég skal leyfa mér að gera grein fyrir hvorum liðnum fyrir sig.

Við leggjum til, að í frv. verði teknar upp tvær nýjar greinar. Fyrri greinin mundi vera orðuð svo samkv. tillögum okkar, að í fámennum læknishéruðum skuli greiða álag á föst laun, er nefnist staðaruppbót, allt að 50% fastra launa, samkv. reglum, sem heilbrigðisstjórnin setur, og að héraðslæknir, sem gegnir í héraði, er staðaruppbótar nýtur, öðru héraði ásamt sínu, skuli ekki fá greidda staðaruppbót. Það er skoðun okkar, eins og hv. meðflm. minn gerði grein fyrir áðan, að greiðsla slíkrar staðaruppbótar mundi orka nokkru í þá átt að gera það fýsilegra að gegna læknisembætti í hinum fámennu héruðum, þó að það verði að segja, eins og aðrir hafa sagt hér áður, að það er ekki hægt að fullyrða neitt með vissu um árangur af slíkum ráðstöfunum. Við höfum lagt til, að staðaruppbótin yrði allt að 50% fastra launa. Við höfum ekki talið ástæðu til þess að orða þetta *nákvæmar og viljum hafa það á* valdi heilbrigðisstjórnarinnar sjálfrar, hversu mikla staðaruppbót hún teldi reynandi að greiða á hverjum stað, og þá miðað við það, hvernig gengur að fá lækna til að sækja um héruð. En það er auðvitað engin fullnægjandi lausn á málum þessara héraða önnur en sú, að

einhverjir fáist til þess að sækja um þau og vera þar að staðaldri eða a. m. k. nokkurn tíma, nokkur ár. Við höfum ekki séð ástæðu til þess að tilgreina þetta nánar, og við höfum notað orðalagið: fámenn læknishéruð, en ekki tilteknar tölur. Það höfum við yfirleitt ekki treyst okkur til að gera, teljum, að það sé réttara, að heilbrigðisstjórnin meti það, hvers konar mörk þarna eigi að setja, og ekki víst, að þar eigi endilega tölur öllu að ráða, því að vissulega kemur fleira til greina en tölurnar einar. Ég býst við, að það út af fyrir sig segi ekki svo mjög mikið til um það, hvort fýsilegt sé að gerast læknir í héraði, hvort það hefur 799 íbúa eða 801, þannig að það megi ekki rígbinda sig svo við slíka reglu.

Hinn liður brtt. eða sú nýja grein, sem þar er gert ráð fyrir, er þess efnis, að heilbrigðisstjórnin leggi á kostnað ríkissjóðs fámennum læknishéruðum til í eitt skipti fyrir öll eftirfarandi, samkv. reglum, sem hún setur um það efni: Í fyrsta lagi nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða, er héraðslæknir þarfnast í starfi sínu, og í öðru lagi nauðsynlegan útbúnað í lækningastofu ásamt einföldum og óhjákvæmilegum húsgögnum í læknisíbúð. Alþingi taldi í fyrra, að það mundi vera vænlegt til árangurs í þessu efni, að hið opinbera ætti nauðsynlegustu lækningatæki og lyfjaforða í fámennum héruðum. Eins og hér var glögglega gerð grein fyrir í dag af hv. frsm. minni hl. n., verður læknir, sem tekur til starfa í héraði og hefur ekki starfað áður, að festa kaup á lækningatækjum, sem kosta mikið fé og alltaf meira og meira fé, því að þeim tækjum fer sennilega fjölgandi, sem læknar telja sér nauðsynlegt að hafa, og mörg af þeim mjög dýr. En hann þarf einnig að festa kaup á lyfjum, á dálitlu apóteki með nauðsynlegustu lyfjum, og það eru nokkuð margar tegundir af lyfjum, sem teljast nauðsynlegar til lækningastarfa. Þetta kostar líka mikið fé. Nú er þess að geta, að okkur hefur verið sagt, flm., að læknar, sem hafa verið að byrja á starfi í héraði, hafi átt þess kost að fá lyf lánuð í Lyfjaverzlun ríkisins, þ. e. a. s. nokkurn greiðslufrest, en sá greiðslufrestur mun vera mjög stuttur, og ég hygg, að það sé fremur ófullnægjandi úrbót. Við flm. teljum rétt, að ríkið, heilbrigðisstjórnin leggi í eitt skipti fyrir öll fram fé til þess að kaupa þessi nauðsynlegustu lækningatæki fyrir hvert læknishérað og nauðsynlegasta lyfjaforða, sem læknir taki við og afhendi svo eftirmanni sínum, og yrði þá að taka út bæði tækin og lyfjaforðann við læknaskipti, til þess að þar væri ekki um rýrnun að ræða eða hún væri þá bætt, ef hún hefði orðið. Á þann hátt yrði þessum tækjum og þessum lyfjaforða haldið við, sem einu sinni er keypt og lagt til af heilbrigðisstjórninni. Mér er kunnugt um, að til eru læknishéruð eða aðilar heima fyrir í læknishéraði, sem hafa reynt þessa leið, að kaupa, þegar hætta var á læknisleysi, slík tæki og slíkan lyfjaforða og láta lækninum í té á þennan hátt, og sýnir það, að menn hafa þar heima fyrir haft auga fyrir því, að þarna kreppti skórinn að og að þarna var úrbót líkleg til árangurs. En hingað til mun fremur hafa verið um tilraunir að ræða en fasta starfsemi, og við teljum, flm. brtt., að það eigi ekki að leggja á héruðin að leggja fram þennan stofnkostnað. Þau eru mörg þessi fámennu læknishéruð lítils um komin í fjármálum og mega ekki við því að leggja fram mikið fé í einu til þessa eða annars, og við teljum, að það yrði ekki mjög tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð, þó að hann legði í þennan kostnað í eitt skipti fyrir öll í þeim héruðum, þar sem reynzt hefur erfitt að fá lækni til að sækja um embætti. En alveg eins og í fyrri lið brtt. eru engin ákvæði í þessum lið frá okkar hendi um það, hvaða héruð þetta skuli vera. Þessi till. er ekki bundin við ákveðna íbúatölu og það af sömu ástæðum sem ég nefndi áðan. Við teljum heppilegast, að það sé einnig á valdi heilbrigðisstjórnar að meta þetta, og treystum því, að ef hún hefði slíka heimild, mundi hún nota hana með æskilegum árangri.

Síðan við hv. 2. þm. Austf. lögðum fram brtt. okkar á þskj. 430, hefur heilbr.- og félmn. borið fram nýja till., sem hefur verið gerð að umræðuefni hér í umr. Er í þessari nýju brtt. nokkurt tillit tekið til okkar till. á þskj. 430, þ. e. a. s. varðandi lækningatækin og útbúnað í lækningastofu. En í þessari brtt. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu. Það er þá sýnilega gert ráð fyrir því í brtt., að um þetta semjist milli læknishéraðs og heilbrigðisstjórnarinnar, þannig að héraðið taki að sér að leggja fram helming kostnaðar og fái þá jafnframt háa greiðslu á móti frá heilbrigðisstjórninni. Ég skal viðurkenna, að þessi tillaga sýnir viðleitni og þar er komið til móts við okkar sjónarmið, flm., í þessu máli. En bæði er það, að þarna er ekki komið til móts við okkar sjónarmið nema að nokkru leyti, þar sem hér er ekki að neinu leyti tekið tillit til okkar tillögu um staðaruppbótina, ekki heldur neitt tillit tekið til okkar tillögu varðandi lyfjaforðann, sem við teljum mikilsverða, og að því leyti sem komið er til móts við brtt. okkar, þá er þar skemmra gengið en við teljum að eigi að gera. Við viðurkennum þá viðleitni, sem felst í þessari brtt., og höfum ástæðu til að þakka það, að tillaga okkar hefur á þennan hátt verið tekin til athugunar, en viljum samt freista þess að fá úr því skorið, hvort hv. deild getur ekki á okkar tillögur fallizt. Og ég þykist nú hafa talið fram hin helztu rök, sem við teljum okkur hafa fyrir því að bera fram þessa brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 409 tekin aftur til 3. umr.
— 430,a felld með 20:13 atkv.
— 413,a felld með 20:13 atkv.
— 430,b felld með 20:13 atkv.
— 413,b felld með 20:13 atkv.

Brtt. 518 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 561, 409, 590, 596).

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Lagt er til, að gerðar verði eftirfarandi nauðsynlegar breytingar á frv.:
1) Við 2. gr. a) Töluliður 2 orðist svo: Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðh. staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar. b) Töluliður 5 falli niður.
2) Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við lögin bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá samkv. 2. tölul. 2. málsgr. 10. gr. l., skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga.
Þessar brtt., sem eru á þskj. 596, eru bornar fram af heilbr.- og félmn. samkv. ósk og í samráði við Tryggingastofnun ríkisins, sem telur nauðsynlegt, að þetta verði sett inn í lögin, til þess að enginn ágreiningur verði um þessi atriði.
Þá höfum við nokkrir þm. borið fram aðra brtt. á þskj. 590, sem hljóðar svo:
Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Aftan við lögin bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.
Við töldum að athuguðu máli, að þrátt fyrir þær umbætur, sem gerðar voru á frv. í sambandi við læknaþjónustu í þeim héruðum, sem erfiðast eiga, sé nauðsynlegt að veita frekari aðstoð, og hefur þessi brtt. verið borin fram og hún rædd við hæstv. ríkisstj., sem hefur fallizt á, að þessari brtt. verði bætt inn í lögin. Við væntum þess, að frv. verði samþ. þannig, þá bætir það að verulegu leyti úr þeim erfiðleikum, sem héruðin úti á landi eiga við að búa í sambandi við heilbrigðisþjónustuna.

ATKVGR.
Brtt. 409 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 596,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 596,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 590 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 628).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hefur í vaxandi mæli reynzt erfitt að útvega héraðslækna í ýmis læknishéruð úti á landi. Þetta varð til þess, að síðasta hv. Alþingi samþ. þáltill., áskorun til ríkisstj. um að reyna að bæta úr þessu, og benti á nokkur atriði, sem Alþingi taldi sérstaklega geta orðið til bóta. Málið var síðan til umsagnar hjá landlækni, og hann lagði sínar till. fyrir ríkisstj., og þetta frv. var lagt fram á Alþingi laust fyrir jólafrí í vetur af hæstv. þáv. heilbrmrh., Jóhanni Hafstein.
Í Nd. var nokkur ágreiningur um frv., ekki vegna þess, að þm. væru út af fyrir sig andvígir því, sem lagt var til í frv., heldur töldu sumir, að það gengi of skammt.
En á það er að líta, að töluverð breyting hefur orðið í þessum efnum nú síðustu mánuðina. Vegna þess að nú hafa útskrifazt fleiri kandídatar í læknisfræði en áður, sem eftir gildandi reglum þurfa að gegna læknisþjónustu úti í héruðum, þá stendur í bili svo, að það eru einungis þrjú héruð, sem læknar eru ekki í, og má segja a. m. k. um eitt þeirra, að vonlaust er, að þangað fáist læknir, vegna þess, hversu verkefnið er lítið, þ. e. Flatey, eftir dómi landlæknis. Aftur á móti eru hin héruðin, sem menn hafa ekki fengizt í, Árneshérað á Ströndum og svo Bakkagerði. Menn hafa ekki fengizt í þessi tvö héruð, sem ég nefndi, bæði vegna þess að þau eru fámenn og eins vegna þess að skortur er þar á heppilegu húsnæði. Það er þó talið líklegt, að hægt sé að fá menn þangað til sumardvalar, en erfiðara að fá þá til vetrardvalar, en einmitt þá er mest þörfin á sérstökum lækni, einkanlega í Bakkagerðishéraði, — talið, að það geti nokkurn veginn bjargazt að sumri til að hafa þar ekki sérstakan lækni, en mjög bagalegt og slæmt að vetri til. Á Ströndum er það svo, að þar er þörf á manni allt árið, en þó auðveldara um ferðir að sumri til, þegar líklegra er, að sérstakur læknir fáist, en erfiðara að fá mann til vetrarsetu. Að vísu er svo, að þessi læknafjöldi, sem fyrir hendi er nú, er sennilega eingöngu bráðabirgðafyrirbæri, þannig að það er ekki líklegt, að það endist nema eitt eða tvö ár, að því að mér er tjáð, að slíkt framboð sé. En það gefur þó færi á að átta sig betur á málinu og íhuga nánar, hvaða framtíðarráðstafanir þurfi að gera.
Málið er þess vegna ekki eins aðkallandi rétt í bili og það var, en engu að síður er sennilegt, að ákvæði þessa frv. séu til bóta, svo langt sem þau ná. Ég vil sérstaklega vekja athygli á viðbótarákvæði, sem sett var til bráðabirgða, þar sem segir: „Ríkisstj. er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.“ Með þessu ákvæði

var mjög gengið til móts við skoðanir þeirra, sem töldu, að frv. að öðru leyti væri ekki fullnægjandi. Þeir deildu einkanlega á frv. af þeim sökum, að þar vantaði fyrirmæli um staðaruppbót, sem er flókið mál og getur leitt til slíkra afleiðinga, að ekki þótti rétt að setja um þau efni löggjöf þegar í stað. En með þessari fjárveitingu, sem þarna er veitt, er hægt að koma á móti til aðstoðar á ýmsa vegu. Hægt er að verja auknu fé til þess að bæta læknisbústaði, ef þarf. Hægt er að hjálpa til um þær ráðstafanir aðrar, sem í 3. gr. eru taldar, umfram það, sem þar er ráðgert, ef þarf. Einnig er þá hægt að borga læknum, ef sérstaklega stendur á, hærra kaup en lög annars standa til, ef það dæmist vera heppilegasta ráðið til þess að bæta úr brýnni þörf.

Ég vonast þess vegna til, að í því formi, sem frv. er nú eftir meðferð hv. Nd., geti það eftir atvikum talizt viðunandi lausn þessa vandamáls, eins og sakir standa. Hitt er mér ljóst, að það er ekki frambúðarlausn, en miðað við það ástand, sem er í dag, hygg ég að það ætti að duga og gengið sé til móts við þá gagnrýni, sem um upphaflega frv. var sett fram. Ég legg því til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 628, n. 658, 657).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir núna, en hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e. leggja þó fram brtt. um staðaruppbót.

Eins og hv. þm. vita, eru í þessu frv. tillögur landlæknis og nokkurra annarra manna, sem um þessi mál hafa hugsað, um læknaskortinn, sem verið hefur í dreifbýlinu undanfarið — till. til úrbóta í því efni. En till. landlæknis voru, eins og hæstv. heilbrmrh. tók fram, þegar þetta mál var fyrst lagt fyrir, fyllri en þetta. M. a. var í þeim lagt til, að staðaruppbót væri sett á í sumum héruðum, sem fámennust eru og erfiðast hefur reynzt undanfarið að fá lækna í. Það varð þó að ráði að svo stöddu, að það væri ekki sett inn í frv. Í stað þess hefur verið, eins og hæstv. heilbrmrh. gat um hér við 1. umr., sett inn ákvæði til bráðabirgða, þar sem ríkisstj. er heimiluð veruleg aukagreiðsla úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir því, að hægt sé að skipa þessi héruð, 300 þús. kr. greiðsla á ári, og auk þess, eins og segir í 2. gr., heimild til þess að greiða hluta í lækningatækjum fyrir þessi héruð. En það kom fram í áliti landlæknis, að það torveldaði að nokkru skipun í þessi héruð, að þeir menn, sem helzt væru fáanlegir til þess að fara þangað, væru nýútskrifaðir læknar, sem ættu ekki lækningatæki og væri það um megn að afla sér þeirra, eins dýr og þau nú eru orðin, og það gæti og hefði orðið til þess að torvelda að fá þessi héruð skipuð.

Meiri hl. n. telur, að með þessum breyt., sem þarna hafa verið gerðar á frv., muni það nægja til þess að bæta í svipinn úr læknaskortinum, að svo miklu leyti sem unnt er með opinberum aðgerðum, en telur, að staðaruppbót sé ekki rétt að taka upp að svo stöddu, það muni þurfa frekari athugunar við. Ég vil að vísu geta þess, að það er mín skoðun, að staðaruppbót hafi um mörg undanfarin ár verið til, þótt það hafi ekki verið kallað það. Það hefur komið fram í því, að fámenn héruð hafa verið í hæsta launaflokki, en fjölmennustu héruðin í lægsta launaflokki. Og ef maður hefur í huga venju við skipun embætta, þá er það þannig, að menn fara venjulega fyrst í þau héruð, sem eru fámennust, og með vaxandi embættisframa fara þeir svo í fjölmennari héruðin, og þá er það alveg óvenjuleg framkvæmd, að menn fari þá til lægri launa frá hærri launum. En þetta hefur nú verið svo með lækna og byggist blátt áfram á því, að það hefur verið þarna eins konar staðaruppbót í gildi um mörg undanfarin ár, þótt það hafi ekki verið kallað það.

N. leggur sem sagt til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, en meiri hl. n. er að svo stöddu á móti samþykkt brtt., sem er flutt af hv. 9. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. e.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eitt af því, sem gerir fólki í strjálbýli sums staðar dvölina óviðunanlega, er vöntun læknisþjónustu. Læknar fást ekki í fámenn héruð og erfið umferðar, og ekkert getur úr þessu bætt, nema ef helzt væri: betri launakjör og svo vitanlega bættar samgöngur og betri húsakostur fyrir læknana og aðstaða til sjúkraskýlis. Um þetta er svo mikið búið að ræða hér á hinu háa Alþingi, að ég ætla, að það sé óþarft að fara um það miklu fleiri orðum.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, tli læknaskipunarlaga, er, eins og það nú er orðið, tvímælalaust til bóta fyrir læknastéttina. En það er samt ekki nóg að gert, til þess að læknar fáist út í erfiðustu og ófýsilegustu héruðin og vilji hafa þar viðdvöl. Bráðabirgðaákvæðið um, að ríkisstj. sé heimilt að greiða allt að 300 þús. kr. til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis, er vissulega þar spor í rétta átt. En hvers vegna að stíga svona stutt skref og óákveðið í átt, sem þarf þó að fara? Hvers vegna að stikla þannig í málum? Því ekki að fara að till. þess manns, sem hefur mesta yfirsýn í þessum efnum, landlæknisins, og ákveða staðaruppbót, svo að fólkið í héruðunum viti, að tillit er til þess tekið, og læknarnir viti, að hverju er að ganga í hverju héraði sem kjarabót til nokkurrar frambúðar? Eftir hverju er verið að bíða með athafnir í þessum efnum? Eiga fleiri en orðið er að flýja héruð vegna áhættunnar af læknisleysi?

Við hv. 9. þm. Reykv. erum fylgjandi þessu frv., það sem það nær, en við viljum, að betur sé gert og ákveðnara strax. Við höfum því gert till. landlæknis um staðaruppbót að till. okkar

á þskj. 657. Till. þessa, sem landlæknir hefur samið sem brtt. við lög um laun starfsmanna ríkisins, má alveg eins fella inn í læknaskipunarlögin, eins og við leggjum til. Af tillitssemi við fjárl. þessa árs, sem sjálfsagt er að hafa, leggjum við til, að ákvæði till. komi ekki til framkvæmda fyrr en með næsta ári.

Ég leyfi mér að vænta, að hv. þm. geti fallizt á till. Þetta er afar mikilsvert mál. Þetta er stórt atriði, að því er snertir að geta viðhaldið jafnvægi í byggð landsins.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann talaði um, að það væri illt að stíga skrefið ekki nema til hálfs með því að setja þetta bráðabirgðaákvæði í staðinn fyrir staðaruppbót. En í því sambandi vil ég upplýsa það, að þessum málum er nokkuð öðruvísi háttað en var, þegar landlæknir samdi sínar till. Það hefur breytzt þó nokkuð aðstaðan til þess að fá þessi héruð skipuð frá því, sem þá var um að ræða. Það hefur tekizt nú, að ég hygg, að fá skipuð, a. m. k. um sinn, öll læknishéruð á landinu nema þrjú, og eru líkur til þess, að svo verði á næstunni. En um bráðabirgðaákvæðið og staðaruppbótina vil ég segja það, að staðaruppbótin var eingöngu hugsuð sem launauppbót til þeirra lækna, sem færu í þessi héruð, bæði þau allra fámennustu og raunar í miðlungshéruðin líka, sem hafði reynzt örðugt að fá skipuð nú undanfarið. En það hefur rætzt nokkuð úr því nú í svip vegna fjölgunar lækna. En ég er ekki alveg sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. að því leyti, að ég tel, að þessi bráðabirgðaheimild, sem felst í frv. núna, sé rýmri en staðaruppbótin. Það getur verið svo háttað og er svo háttað í sumum þessum héruðum, sem nú hafa ekki fengizt skipuð, að það er fleira en bara launin ein, sem gerir það að verkum, að ekki er hægt að fá þangað lækna. Það er ófullnægjandi húsnæði og ýmislegt annað, sem getur verið þörf á að greiða fyrir í svip, og þessi heimild að veita sérstaka upphæð til þess að greiða úr í þessum efnum er að því leyti rýmri, að það er hægt að nota hana til hvers þess, sem má verða til þess að fá skipuð þessi héruð, sem ekki hafa fengizt læknar í undanfarið.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Erfiðleikar í fámennustu læknishéruðum landsins voru mjög til umr. í Sþ. í fyrra, og þá var samþykkt ályktun eða áskorun til ríkisstj. um að gera úrbætur.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er stjfrv., á að vera spor í þá átt að bæta úr læknaskortinum í fámennustu og verst settu héruðum landsins. Landlæknir hefur upplýst, að í marzmánuði 1961 voru 10 læknishéruð, sem enginn umsækjandi fékkst um. Í sept. 1961 var þessi tala komin upp í 14. Ég veit ekki, hver hún er í dag. Landlæknir hefur gert mjög ýtarlegar till. um úrbætur í þessu efni og lagt till. sínar fyrir hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. tekur síðan eina af till. landlæknis upp og flytur hér á Alþingi sem frv. Allar aðrar till. landlæknis lét hún liggja.

Ég skal viðurkenna, að ég er mjög fylgjandi stjfrv., eins og það var lagt fyrir í Nd. Það felur í sér mjög miklar kjarabætur til handa allri héraðslæknastétt landsins. En ég skal taka það fram um leið, að í því felast ekki neinar sérstakar kjarabætur handa þeim héraðslæknum, sem sitja í lökustu héruðunum. Og þetta er stór galli, þegar um það er að ræða að bæta úr ástandinu í fámennustu héruðum landsins. Að þessu leyti var þetta vindhögg hjá hæstv. ríkisstj. Þótt hennar frv. hefði orðið að lögum óbreytt, hefði það ekki bætt hætishót úr skortinum, þar sem hann er sárastur, í fámennustu og afskekktustu héruðunum. Hæstv. ríkisstj. vildi ekki flytja að svo stöddu aðrar af till. landlæknis en þessa einu, en hæstv. ríkisstj. segir, að það séu önnur atriði í skýrslu landlæknis, sem hún hafi enn ekki tekið afstöðu til.

Í hv. Nd. voru gerðar breyt. á frv., breyt., sem eru mjög til bóta. En ég tel, að enn sé ekki nóg að gert, eigi frv. að ná þeim tilgangi að bæta úr læknaskortinum í fámennustu héruðunum. Og það er undarlegt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið það upp í sitt frv., sem langmestu máli skipti í þessu efni, og það var staðaruppbótin. Jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. hefði ekkert tekið annað upp en staðaruppbót í sitt frv. og lagt það þannig fyrir Alþingi, var ekki hægt að neita því, að hér var verið að hugsa um fámennustu héruðin fyrst og fremst eða eingöngu. En hæstv. ríkisstj. bar ekki gæfu til þess að þessu sinni, og þetta tel ég aðalágallann á frv., eins og það er jafnvel enn í dag, að það er ekki gert nóg fyrir þau héruð, sem í vandræðum eru. Hins vegar er gert nokkuð fyrir þau, en einkum fyrir þau læknishéruð, sem ekki eru í vandræðum. Að sjálfsögðu fylgi ég frv., eftir sem áður, því að mér er annt um allar kjarabætur til handa læknastétt landsins.

Það er auðséð á grg. landlæknis, að hann leggur megináherzlu á staðaruppbótina. Hann segir orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hina svonefndu staðaruppbót tel ég óhjákvæmilegt að taka upp," — undirstrikað — „á meðan ekki verður fallizt á tillögur um að steypa saman minni læknishéruðum og gera embættin á þann hátt lífvænlegri."

Á þetta atriði leggur landlæknir megináherzlu sem úrbót og hjálp handa fámennustu héruðunum, og ég er honum algerlega sammála í þessu atriði. Hæstv. ríkisstj. lagði frv. fram, en lýsti því yfir, að hún hefði ekki tekið afstöðu til ýmissa annarra tillagna landlæknis. Hv. Nd. gerði endurbætur á frv., og nú er mér spurn: Er ekki mögulegt fyrir hv. Ed. að bæta hér enn um? Og ég tel mikið fengið og nálega allt fengið, sem hægt er að gera í bili, ef staðaruppbótin kæmi, uppbót á laun héraðslækna, sem skipa fámennustu og lökustu héruðin. Ég tel það ekki úr vegi, að hæstv. ríkisstj. mundi vilja fallast á það að verða við óskum hv. Ed. í þessu efni, eins og hún varð við óskum hv. Nd. Ég vil a. m. k. mælast til þess, sérstaklega við hv. formann heilbr.- og félmn., að hann athugi það við sína hæstv. ríkisstj., hvort ekki væri mögulegt að koma þessu á enn.

Ég ætla að hlusta á, hvort hv. formaður heilbr.- og félmn. vill nú ekki verða við þessu, því að ef hann lýsir því yfir hér, að hann vilji gjarnan athuga málið betur hvað staðaruppbótina snertir, þá hygg ég, að við flm. tillögunnar um staðaruppbót værum fúsir til að draga hana til baka til 3. umr. í þeirri von, að þessi viðbót fengist samþykkt hér í hv. Ed. Ef hann hins vegar treystir sér ekki til að verða við þessum tilmælum að athuga málið betur við sína hæstv. ríkisstj., þá tel ég ekki ástæðu til annars en bera till. upp nú við þessa umræðu.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. 9. þm. Reykv. Hann lýsti því nú hér mjög, hvað illa hefði verið ástatt um skipun læknishéraða á árinu 1961. Eins og ég skýrði frá áðan og eins og hæstv. heilbrmrh. skýrði frá við 1. umr. málsins, er miklu betur ástatt um þetta nú. Það er þannig, að nú eru aðeins þrjú héruð óskipuð og þar af eitt hérað, sem ekki eru líkur til að fáist skipað, vegna þess að það er orðið svo fámennt, það eru ekki nema rúmlega 100 manns í því, og það eru ekki líkur til þess, að það fáist neinn til þess að vera þar, blátt áfram af því, að það er svo lítið að gera þar. Það er Flateyjarhérað.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði mikið um frv. eins og hæstv. ríkisstj. lagði það fyrir. Hann drap að vísu í lokin aðeins á, að það hefðu orðið nokkrar bætur á því í Nd., og það er alveg rétt. Ég tel frv. miklu betra, eins og það kemur frá Nd., heldur en eins og það var lagt fyrir og að sumu leyti betra og svara betur þeim kröfum, sem þarf að gera til þess núna, heldur en þó að staðaruppbótin hefði verið samþykkt, eins og ég skýrði frá hér áðan. Miðlungshéruðin, sem áttu að vísu að fá nokkra staðaruppbót, eru núna skipuð, og það er ekki vandamál eins og er. En fámennustu héruðin fá með þessari fjárveitingu, sem er heimilt að veita til þeirra, meira en þau hefðu fengið með staðaruppbót. Það er hærri upphæð, sem heimilt er að veita til þessara fámennustu héraða núna, sem eru óskipuð, heldur en staðaruppbótin hefði numið til þessara sömu héraða. Það ætti að vera hægt, og hæstv. ráðh. skýrði frá því hér við 1. umr., að ætlunin væri, ef ekki fengist með öðru móti læknir til þess að sinna þessum héruðum, m. a. að veita þeim aukatekjur eða meiri tekjur, eins og næmi staðaruppbót. Og auk þess ætti að vera nokkur afgangur, sem ætti að vera hægt að nota til þess að greiða fyrir því með öðrum hætti, að þessi héruð fáist skipuð. (**AGl:** Vill formaður verða við þessum tilmælum mínum?) Ég hef nú orðað þetta við hana, sé ekki ástæðu til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 657 felld með 10:8 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

---

41. Samvinnubanki Íslands.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um Samvinnubanka Íslands h/f** [210. mál] (stjfrv., A. 520).

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við 60 ára afmæli Sambands ísl. samvinnufélaga beindi Sambandið þeim tilmælum til ríkisstj., að hún flytti frv. á Alþingi, er heimilaði breytingu Samvinnusparisjóðsins í Samvinnubanka, er væri hlutafélag. Ríkisstj. samþykkti einum rómi að verða við þessum tilmælum. Viðskmrn. hefur síðan í samráði við forráðamenn Samvinnusparisjóðsins undirbúið frv., sem hér liggur fyrir.

Það er gamalt mál innan samvinnusamtakanna, að gagnlegt væri að koma á fót Samvinnubanka. Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga árið 1922 var mikið rætt um stofnun Samvinnubanka og talin brýn þörf á að koma upp öflugri lánastofnun, er starfaði í þágu samvinnuhreyfingarinnar. Slíkar óskir hafa oft síðan komið fram og verið ræddar á aðalfundum, einkum nú á síðustu árum. Í nágrannalöndum, þar sem samvinnuhreyfingin er öflug og stendur með miklum blóma, svo sem á Norðurlöndum, eru slíkar stofnanir starfandi og hafa verið um langt árabil.

Til skamms tíma störfuðu ekki aðrar peningastofnanir á vegum samvinnuhreyfingarinnar en innlánsdeildir kaupfélaganna. En starfsemi þeirra er bundin við einstök félög. Þess vegna kom fram hugmyndin um að koma á fót sparisjóði í Reykjavík og skyldi hann starfa í þágu samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Stofnfundur Samvinnusparisjóðsins var haldinn 28. júní 1954, og tók sparisjóðurinn til starfa þá um haustið. Stofnendur hans voru 54 ábyrgðarmenn úr Reykjavík og ábyrgðarfé samtals 27 þús. kr. Í lok fyrsta starfsárs sparisjóðsins námu innstæður samtals 9,2 millj. kr., en á þeim árum, sem liðin eru síðan sjóðurinn var stofnaður, hefur hann aukizt jafnt og þétt, og námu innstæður í sparisjóðnum um s. l. áramót 75,2 millj. kr. Af þeirri upphæð voru 54,7 millj. kr. spariinnlán, en veltiinnlán námu 20½ millj. kr. Innstæðueigendum hefur einnig fjölgað mjög verulega frá stofnun sparisjóðsins, og voru þeir um s. l. áramót tæplega 5 þús. talsins, sem áttu sparisjóðs- og sparisjóðsávísana-

reikninga, en auk þessa voru 120 hlaupareikningar við sparisjóðinn. Um s. l. áramót nam höfuðstóll sparisjóðsins 939 þús. kr. að meðtöldu ábyrgðarfé. Bundin innstæða í Seðlabanka Íslands nam 7,5 millj. kr. um s. l. áramót, en ógreitt var þó framlag fyrir síðasta ársfjórðung ársins 1961. Hinn 19. marz s. l. voru innstæður samtals 78,7 millj. kr.

Rekstur sparisjóðsins er nú orðinn svo umfangsmikill, að sparisjóðsformið hentar að ýmsu leyti illa þeim rekstri. Þess vegna hefur þess verið óskað, að heimilað verði að breyta sparisjóðnum í hlutabanka, og fellst ríkisstj. á, að sparisjóðsformið henti ekki lengur þeim rekstri, sem hér er um að ræða, og leggur því til, að heimiluð sé bankastofnun, er taki við rekstri Samvinnusparisjóðsins.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að bankanum verði valið hlutafélagsform, enda er það formið, sem valið hefur verið einkabönkum hér. Gert er ráð fyrir, að hlutafé félagsins nemi eigi lægri fjárhæð en 10 millj. kr., en ákvæði verði í samþykktum um hugsanlega aukningu hlutafjár. Þá er í frv. ákvæði um það, hvernig haga skuli hlutafjársöfnun, og um forgangsrétt ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins til þess að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu. Gert er ráð fyrir því, að Samband ísl. samvinnufélaga skuli safna innan vébanda sinna og leggja fram sem hlutafé 10 millj. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skuli hafa rétt til þess að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núv. hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins, Ef þessir aðilar hafa ekki tök eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé innan níu mánaða frá gildistöku laganna, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

Heimili og varnarþing bankans skal vera í Reykjavík, en stjórn félagsins heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

Gert er ráð fyrir því, að Samvinnubanki Íslands h/f komi að öllu leyti í stað Samvinnusparisjóðsins. Honum er m. a. ætlað að taka við einstökum sjóðum sparisjóðsins, að meðtalinni inneign í tryggingasjóði sparisjóða og innstæðu í Seðlabankanum. Ákvæði er í frv. um það, að nægilegt sé, að meiri hl. ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki eignayfirfærsluna. Samþykktir hlutafélagsins og reglugerð bankans skulu háðar staðfestingu viðskmrh.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankann, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu. Þykir rétt, að þessi ákvæði séu í lögum um bankann til aukningar á tryggingu innstæðueigenda.

Um hlutverk bankans er það að segja, að samkv. frv. er ráð fyrir því gert, að hann annist öll venjuleg bankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kynni að vera talið eðlilegt.

Til samræmis við það, sem ákveðið er í annarri íslenzkri bankalöggjöf, er gert ráð fyrir því, að bankinn skuli eiga a. m. k. 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum bréfum. Skal hækka verðbréfaeign þessa upp í allt að 20%, ef viðskmrh. að fengnum tillögum stjórnar bankans telur þess þörf.

Yfirleitt má segja, að ákvæði þessa frv. séu, eftir því sem við á, hliðstæð ákvæðum þeim, sem gilda um Verzlunarbanka Íslands h/f.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa stuðningi mínum við þetta mál og ánægju yfir því, að það skuli vera fram komið á vegum hæstv. ríkisstj. Þegar Verzlunarbankinn var stofnaður, urðu allir sammála um það mál og að eðlilegt væri, að hann yrði settur á fót. Þá var því einnig lýst yfir af hálfu þingflokkanna, að það væri talið eðlilegt, að ef hliðstæð samtök eins og samvinnusamtökin hefðu tök á að koma upp hliðstæðri stofnun, þá væri rétt að greiða fyrir því. Nú hefur hæstv. ríkisstj. flutt þetta mál, sem er alveg hliðstætt, eins og hæstv. viðskmrh. hefur gert glögga grein fyrir, og sniðið alveg eins og sú löggjöf, sem fyrir er um Verzlunarbankann. Vil ég vona, að það geti orðið samkomulag um að styðja þetta eins og það mál á sinni tíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjhn. með 33 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 520, n. 580).

Frsm. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt það á einum fundi. Hún hefur borið það saman við lög um Verzlunarbanka Íslands, sem fjalla um svipað efni, og sýnist þetta frv. vera í meginatriðum sama eðlis.

N. hefur á þessu þingi og áður haft nokkur frv. til meðferðar frá ríkisstj. um bankamál og um sum þeirra orðið ágreiningur, en um þetta frv., eins og um Verzlunarbankann, hefur orðið algert samkomulag. Nm. sýnist svo, að verksvið Samvinnusparisjóðsins sé orðið svo víðtækt, að bankaformið henti þar betur, bæði þær fjárhæðir, sem þar fara í gegnum, og sömuleiðis eðli þeirra viðskipta, svo að n. er á einu máli um að mæla með því, að þetta verði samþykkt, og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að mæla gegn þessu frv. Ég er samþykkur því, að Samvinnusparisjóðnum verði breytt í banka með lögum. Um hitt langaði mig til þess að spyrjast fyrir, hvort það væri að ósk samvinnuhreyfingarinn-

ar, að þessum banka er valið hlutafélagsform. Ég hefði talið æskilegast, ef það hefði talizt geta hentað bankastarfseminni, að þessi banki samvinnuhreyfingarinnar væri samvinnufélag eða sjálfseignarstofnun samvinnumanna, án þess að honum væri valið hlutafélagsform. Ef þetta er að ósk samvinnuhreyfingarinnar og það form þykir betur henta bankastarfseminni, þá set ég það ekki fyrir mig, en langaði samt til að vita, hvort þetta hefði breytzt í meðförum eða hvort þetta form væri valið að vilja samvinnuhreyfingarinnar.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins taka fram, vegna þess að mér er málið kunnugt, að frv. er flutt nákvæmlega eins og Samband ísl. samvinnufélaga eða réttara sagt stjórn sparisjóðsins óskaði eftir. Ég held, að það hafi ekki verið stafkrók breytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið samþ. í hv. Nd. Það hlaut meðmæli hv. fjhn. d. samhljóða og var samþ. með shlj. atkv. í hv. Nd.

Efni frv. er það, að heimilt skuli að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h/f, og skal Samvinnubankinn koma í stað Samvinnusparisjóðsins, sem um nokkurra ára skeið hefur starfað hér í Reykjavík.

Hinn 14. febr. s.l. ritaði stjórn Samvinnusparisjóðsins í Reykjavík ríkisstj. bréf, þar sem þess var farið á leit, að ríkisstj. flytti frv. til laga um, að sparisjóðnum verði breytt í banka. Það er gamalt mál innan samvinnusamtakanna, að gagnlegt væri að koma á fót Samvinnubanka. Þegar árið 1922 var á aðalfundi Sambandsins mikið rætt um stofnun Samvinnubanka og talið nauðsynlegt að koma upp lánastofnun er starfaði í þágu samvinnuhreyfingarinnar. Á aðalfundum Sambandsins hefur síðan oft verið rætt um þetta mál, enda eru slíkar lánastofnanir starfandi í öðrum löndum, þar sem samvinnuhreyfingin stendur með blóma, svo sem á Norðurlöndum.

Til skamms tíma hafa ekki aðrar peningastofnanir starfað á vegum samvinnuhreyfingarinnar en innlánsdeildir kaupfélaganna, en þeirra starfsemi er algerlega bundin við einstök félög. Það var þess vegna, sem hugmyndin um stofnun sparisjóðs í Reykjavík kom fram til þess að starfa í þágu samvinnuhreyfingarinnar. Var sparisjóðurinn stofnaður í júní 1954 og tók til starfa þá um haustið. Voru stofnendur hans 54 ábyrgðarmenn og ábyrgðarfé samtals 27 þús. kr. Þegar í lok fyrsta starfsársins námu innstæður Samvinnusparisjóðsins samtals 9,2 millj. kr. Á þeim hálfum öðrum áratug, sem síðan er liðinn, hefur sparisjóðnum vaxið mjög fiskur um hrygg, og námu innstæður í honum um s. l. áramót 75,2 millj. kr. Af þeirri upphæð voru 54.7 millj. spariinnlán, en veltiinnlán námu 20.5 millj. kr. Innstæðueigendum hefur og fjölgað mjög verulega frá stofnun sparisjóðsins. Þeir voru um s. l. áramót u. þ. b. 5 þús., sem áttu sparisjóðs- og sparisjóðstékkareikninga, en auk þess voru um 120 hlaupareikningar við sjóðinn. Höfuðstóll Samvinnusparisjóðsins nam um s. l. áramót 939 þús. kr. að meðtöldu ábyrgðarfé. Hinn 19. marz s. l. námu heildarinnstæður í sparisjóðnum 78.7 millj. kr.

Svo sem fram kemur af þessum tölum, er rekstur sparisjóðsins nú orðinn svo umfangsmikill, að sparisjóðsformið hentar orðið að ýmsu leyti mjög illa slíkum rekstri, og það er þess vegna, sem ráðamenn Samvinnusparisjóðsins hafa óskað þess, að löggjöf yrði sett, er heimili að breyta Samvinnusparisjóðnum í hlutafélag, og hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti fallizt á þau rök, sem fyrir því hafa verið færð, og því lagt þetta frv. fyrir hið háa Alþ.

Frv. gerir ráð fyrir því, að bankanum verði valið hlutafélagsform, enda það formið, sem einkabönkum hér hefur verið valið. Hlutafé má ekki nema minni upphæð en 10 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins hafi forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu og að Samband ísl. samvinnufélaga skuli safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. kr. Ábyrgðarmennirnir eiga að hafa heimild til að skrifa sig fyrir allt að tífaldri upphæð núv. hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins.

Heimili og varnarþing bankans á að vera í Reykjavík, en stjórn félagsins skal vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

Samvinnubankinn á að koma að öllu leyti í stað Samvinnusparisjóðsins og taka við einstökum sjóðum hans, að meðtalinni inneign í tryggingasjóði sparisjóða og innstæðu í Seðlabankanum. Í frv. er gert ráð fyrir því, að nægilegt sé, að meiri hl. ábyrgðarmanna Sparisjóðsins samþ. eignayfirfærsluna. Samþykktir og reglugerð skulu háðar staðfestingu viðskmrh.

Því aðeins má greiða arð af hlutafé, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Er því marki hefur verið náð, er hins vegar gert ráð fyrir því, að ekki megi greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af

innlánsfénu. Þessi ákvæði eru sett til aukinnar tryggingar fyrir innstæðueigendur.

Bankanum er ætlað að hafa með höndum öll venjuleg bankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kann að vera talið eðlilegt.

Gert er ráð fyrir því, að bankinn eigi a. m. k. sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum bréfum. Er þetta í samræmi við það, sem tíðkast að öðru leyti í íslenzkri bankalöggjöf. Þessa upphæð skal hækka upp í 20%, ef viðskmrh. að fengnum till. stjórnar bankans telur þess þörf.

Frv. er í öllum meginatriðum samið með hliðsjón af gildandi lögum um Verzlunarbanka Íslands, sem eðlilegt þótti að hafa sem fyrirmynd að löggjöf um einkabanka sem þennan.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Sem samvinnumanni finnst mér satt að segja dálítið óviðfelldið, að Samvinnubanki Íslands skuli eiga að vera hlutafélag. Ég vildi þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. bankamálaráðh., sem hér hafði framsögu í þessu máli, hvort það hafi ekki komið fram neinar óskir af hálfu forráðamanna Samvinnusparisjóðsins um það, að reynt yrði að hafa bankann í samvinnufélagsformi. Nú skilst mér, að þetta hlutafélagsform sé valið eftir óskum forráðamannanna. En ég vildi sérstaklega óska eftir að fá vitneskju um, hvort það hefðu ekki áður komið fram óskir um að hafa þetta samvinnufélag og hvort hefði farið fram athugun á því, hvort það væri mögulegt, og þá hvort sú athugun hafi leitt í ljós, að samvinnuformið hentaði ekki við bankastarfsemi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við samningu þessa frv. í viðskmrn. voru höfð full samráð við forráðamenn Samvinnusparisjóðsins, og það varð sammæli þeirra, embættismanna í viðskmrn. og forráðamanna Samvinnusparisjóðsins, að þetta form, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði valið fyrir bankann. Það var beinlínis gert ráð fyrir því af hálfu forráðamanna Samvinnusparisjóðsins, að hlutafélagsformið væri valið til samræmis við það, sem nú á sér stað um þá aðra einkabanka, sem hér eru starfandi, þ. e. Verzlunarbankann og Iðnaðarbankann. Það mun hafa komið í ljós við athugun, að samvinnufélagsformið hentar að ýmsu leyti ekki bankarekstri, ekki gert ráð fyrir því í samvinnulögum, eins og þau eru, að þessi viðskiptarekstur sé stundaður í samvinnufélagsformi. Aðalatriði málsins er, að það er í fullu samráði við forráðamenn Samvinnusparisjóðsins, sem bankanum hefur verið valið það form, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 662).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. fjhn. fól mér að lýsa afstöðu sinni til þessa frv., sem hér liggur fyrir um Samvinnubanka Íslands h/f. Þetta er mjög létt verk, því að nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir, svo sem nál. ber með sér.

Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins, hvers vegna hæstv. ríkisstj. flytur frv. Enn fremur drap hann þá á helztu efnisatriði þess og gat þess, að ákvæði þess væru að flestu leyti hliðstæð þeim lagaboðum, sem gilda um Verzlunarbanka Íslands h/f. Og af því að þetta mál virðist alls ekki neitt ágreiningsmál, sýnist mér ónauðsynlegt að rekja efni þess og einstakar greinar meira en hæstv. viðskmrh. gerði, og leyfi ég mér að skírskota til ræðu hans.

Ég minnist þess, frá því að ég var ungur að árum, að ég heyrði frumherja samvinnuhreyfingarinnar í mínu héraði tala um stofnun Samvinnubanka sem fjarlægt takmark. Nú er þetta takmark að nást og raunar fyrr en varði. Auðvitað er þetta þó aðeins í samræmi við þróun bankamála í landi okkar. Mér finnst sögulega vel til hagað, að löggjöf um bankann verði sett á því ári, sem elzta samvinnufélagið er 80 ára og samband samvinnufélaganna 60 ára. Ég vil sem samvinnumaður leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj., að hún tók þetta mál til flutnings og greiðir vel götu þess í gegnum annasamt þing.

Að svo mæltu endurtek ég, að fjhn. mælir shlj. með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

42. Atvinnubótasjóður.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um atvinnubótasjóð [35. mál] (stjfrv., A. 38).

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Forseti. Á nokkrum undanförnum þingum hafa verið lögð fram á Alþingi ýmis frv. um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs, ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og hvernig því fé skyldi úthlutað. Þessi frv. hafa ekki náð fram að ganga, heldur hefur verið látið við það sitja að veita á hverju ári nú um alllangt árabil nokkurt fé til úthlutunar í þessu skyni til atvinnuaukningar víðs vegar um landið. En á síðasta Alþingi var samþ. ályktun, þar sem skorað var á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til ráðstafana í þessu sambandi, og það er þetta frv., sem ég hef hér leyft mér að bera fram um atvinnubótasjóð. Nöfnin á frv., sem borin hafa verið fram áður, hafa að vísu verið ýmis, en hvort sjóðurinn heitir eitt eða annað, er ekki neitt aðalatriði, heldur hitt, hvað út úr þessu kann að koma til ráðstöfunar fyrir atvinnuvegina víðs vegar í kringum land og til uppbyggingar atvinnu, þar sem þörf er fyrir atvinnu, meiri en til er á staðnum. Framlögin, sem veitt hafa verið á undanförnum árum í þessu skyni, hafa verið þó nokkur, því að á árunum frá 1951 til 1961, að báðum árum meðtöldum, hafa verið veittar í þessu skyni rúmar 100 millj. kr., eða nánar tiltekið 101 761 883 kr.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sjóður, sem hafi tvenns konar hlutverki að gegna: Í fyrsta lagi að veita lán eða styrki til þess að auka atvinnu og framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, m. ö. o. að bæta úr atvinnuþörf, þar sem atvinna telst of lítil. Og í öðru lagi að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu yfirleitt, hvort sem ástandið á þeim stað beinlínis kallar á aðstoð vegna atvinnuleysis eða ekki. Þessi sjóður er ákveðinn með 1. að eiga að vera 100 millj. kr., sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, og verði veitt til þess fé á fjárlögum. Síðan er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins verði kosin á Alþingi með hlutfallskosningu, 5 menn, sem starfi hvert kjörtímabil, og jafnmargir varamenn. Að undanförnu hefur það verið svo, að það hefur verið kosin á hverju þingi nefnd til að annast um úthlutun þess fjár, sem veitt hefur verið, en hins vegar ekki, að því er ég tel, verið fylgzt eins með og skyldi að sjá um, hvernig þetta fé væri aftur innheimt, það sem lánað hefur verið, því að nokkur hluti hefur verið veittur sem lán, — yfirgnæfandi meiri hluti hefur verið veittur sem lán, — þó að nokkuð hafi verið veitt sem styrkur. En með því að hafa fasta stjórn, sem starfi hvert kjörtímabil, á meðan það Alþingi situr, sem kaus hana, þá ætti að vera hægt að gera ráð fyrir því, að öll stjórn þessara mála kæmist í fastari og betri skorður en nú er. Þessi stjórn sjóðsins tekur svo ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum, og annast um hans fjárreiður, bæði úthlutun lána og styrkja og líka um samningagerðir og greiðslutíma lánanna, innheimtu þeirra og fleira. Auk þessara 10 millj. kr. á ári er gert ráð fyrir því, að sjóðnum verði fengnar þær upphæðir, sem veittar hafa verið til atvinnuaukningar á undanförnum árum, þ. e. a. s. það, sem ekki hefur verið veitt sem styrkur, og það, sem ekki kann þegar að hafa verið greitt, m. ö. o. eftirstöðvarnar af þeim lánum, sem veitt hafa verið á undanförnum árum í þessu skyni.

Síðan eru í frv. nokkur ákvæði tæknísks eðlis, hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir, þegar lán er veitt, ákvæði um vexti og annað þess háttar. Það er gert ráð fyrir því í 9. gr., að atvinnubótasjóður skuli vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu, og út af fyrir sig er það eðlilegt, að varzla sjóðsins verði í höndum einhverrar bankastofnunar. Ég tel ófullnægjandi, eins og verið hefur, að það sé gert í félmrn., og mætti ná betri og fastari árangri, ef það væri fengið banka í hendur. Hins vegar skal ég taka hér fram, að það getur orkað tvímælis og kannske mjög tvímælis, hvort það sé rétt að fela þetta Framkvæmdabanka Íslands, og vildi ég áskilja mér rétt til þess að koma fram með breytingu um það síðar, ef heppilegra þætti að fela vörzlu sjóðsins annarri stofnun. Í Framkvæmdabankanum er ekki sams konar dagleg afgreiðsla og í viðskiptabönkunum, og þess vegna gæti komið til mála að fela þeim vörzlu sjóðsins eins og Framkvæmdabankanum.

Ég tel, að það þurfi svo ekki að ræða málið af minni hálfu öllu frekar. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel rétt að fara um þetta frv. nokkrum orðum, áður en því verður vísað til n., og hreyfa nokkrum atriðum, sem ég vona að hv. nefnd taki til athugunar í sambandi við þetta mál.

Hæstv. ráðh. lét þess getið í framsöguræðu sinni, eins og raunar er tekið fram í grg. frv., að frv. sé flutt sem framkvæmd á þáltill., sem afgreidd var frá Alþ. 29. marz s. l. En í þessari þáltill. ályktaði Alþ. að skora á ríkisstj. að „undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs, ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár.“ Enn fremur segir svo í till: „Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.“

Ætla mátti, að allmikið stæði til með flutningi þessarar till. á síðasta þingi, því að hún var flutt af 7 hv. alþm. úr öðrum stjórnarflokknum og það þeim flokknum, sem stærri er. Og hér var um mikið málefni að ræða, sem mikið hefur verið rætt um undanfarin ár. Í umr., sem fram fóru um þessa till., leyfði ég mér samt að koma fram með þá tilgátu, að þessi till. væri a. m. k. öðrum þræði flutt sem eins konar dagskrártillaga í Sþ. til þess að afla raka til að fresta um sinn afgreiðslu máls af þessu tagi, sem þá lá fyrir hv. Ed. Við þrír minnihlutamenn í allshn. Sþ. bárum þá fram brtt. við þáltill. þá, sem flutt hafði verið, og lögð-

um til, að till. yrði afgreidd þannig, að skorað yrði á ríkisstj. að „leggja fyrir næsta Alþ. frv. til laga um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem í meginatriðum verði sniðið eftir frv. því, sem nú liggur fyrir Ed. á þskj. 65.“ Það er frv. það, sem ég nefndi áðan. Með því að bera fram þessa brtt. vildum við minnihlutamenn í allshn. í fyrra reyna að koma því til vegar, að Alþ. gerði gleggri grein fyrir því en gert var í þáltill. þeirri, sem samþ. var, hvers efnis það frv. ætti að vera, sem ríkisstj. byggi undir og legði fyrir Alþ. það, sem nú er saman komið. Þess vegna lögðum við til, að hið væntanlega stjórnarfrv. yrði í meginatriðum sniðið eftir því frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem þá, eins og ég nefndi áðan, lá fyrir hv. Ed. og hefur legið fyrir þeirri hv. d. á tveim síðustu þingum, en frv. þetta var flutt af nokkrum þm. úr Framsfl. Hv. alþm. höfðu um þetta leyti, eftir að frv. hafði legið fyrir á tveim þingum, haft gott ráðrúm til að kynna sér efni þess og gera sér grein fyrir því, enda fylgdi því ýtarleg grg., og fyllri grg. hafði komið fram í framsögu á tveimur þingum í röð. Við ætluðumst vitanlega ekki til þess, þessir þrír minnihlutamenn í allshn., að ríkisstj. tæki þetta frv. upp óbreytt í öllum atriðum. En við ætluðumst til þess t. d. og vildum láta það koma fram, að ekki væri í væntanlegu stjfrv. skemmra gengið, að því leyti sem fjármagn varðar, heldur en gert var í því frv., sem fyrir Ed. lá. En meiri hl. Alþ. felldi þessa brtt. okkar minnihlutamanna, og það virðist raunar fram komið nú, hvers vegna sú till. var felld, því að í því frv., sem hér liggur nú fyrir frá hæstv. ríkisstj. um atvinnubótasjóð, er miklu skemmra gengið í því að ákveða fjárframlög til þess sjóðs, sem ætlað er það hlutverk að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, heldur en við vildum gera ráð fyrir í okkar tillögu.

Þessum sjóði, sem í frv. er nefndur atvinnubótasjóður, eða því fé, sem hann á að hafa til umráða, er, eins og fram kemur í grg. og hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir, ætlað að koma í stað hins svonefnda atvinnuaukningarfjár á 20. gr. fjárlaga, og aðaltilgangur þessa frv. virðist vera sá að leggja þetta fé í sérstakan sjóð, kjósa yfir hann fasta stjórn og ákveða svo nánar um það með lögum, hvernig fénu skuli úthlutað, og skal ég ekki lasta þá tilhögun, sem þar er gert ráð fyrir, það sem hún nær, þ. e. a. s. sjálft skipulagið á meðferð fjárins. Þó hefði ég talið það rétt og vil skjóta því til hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, að ég hefði talið það réttara, að formaður sjóðsstjórnarinnar hefði verið tilnefndur á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv., og vil ég koma þeirri skoðun á framfæri.

En mér þykir fjárframlag það, sem sjóðnum er ætlað í 2. gr. frv., allt of lágt. Skal ég nú leyfa mér að rökstyðja það nánar, að í raun og veru er þar ekki um framför að ræða, heldur um afturför, ef frv. verður að lögum óbreytt.

Í grg. frv. á bls. 3 ofarlega er birt skrá um framlagt atvinnuaukningarfé úr ríkissjóði á árunum 1951—1961, þ. e. a. s. hún endar á því ári, sem nú er að líða, og tekur yfir 11 ára tímabil að báðum árum meðtöldum. Samkvæmt þeirri skrá hefur framlagt atvinnuaukningarfé verið að meðaltali á þessum 11 árum, eftir því sem mér sýnist, nokkuð á 10. millj. kr. árlega, og er þess þó að gæta, að fyrsta árið, sem þarna er tilgreint í skýrslunni, þ. e. a. s. á árinu 1951, eru ekki lagðar fram nema tæpar 2 millj. kr. Hæst var þetta framlag árið 1957 og var þá rúmlega 15 millj. kr., eða nánar til tekið um 15.3 millj. kr. En þrátt fyrir þetta, þó að atvinnuaukningarféð undanfarin 11 ár hafi numið nokkuð á 10 millj. kr. að meðaltali á ári og þó að það hafi, þegar það var hæst, fyrir 4 árum, komizt upp í meira en 15 millj. kr. á einu ári, þá er í þessu frv. ekki ætlazt til, að árlegt framlag verði nema 10 millj. kr., eins og fram kemur í 2. gr. frv., þar sem framlagið er ákveðið 100 millj. kr., sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum. Nú er það alkunna og þarf ekki mikið um það að ræða, að allur framkvæmdakostnaður hefur hækkað mjög mikið síðan farið var að leggja fram þetta fé og á því tímabili, sem skýrslan nær yfir, og hefur meira að segja stórhækkað síðan þetta framlag var hæst, þ. e. a. s. árið 1957, og komst upp í 15 millj. kr. Hér er í rauninni verið að lögbjóða næsta áratug mjög verulega lækkun á atvinnuaukningarfénu frá því, sem það var fyrir nokkrum árum, og áreiðanlega mjög mikla lækkun frá því, sem það hefur verið að meðaltali undanfarin ár. Á þetta er óhjákvæmilegt að benda nú þegar. Í því frv., sem í fyrra lá fyrir Ed. og ég áður hef vitnað til og flutt var af þm. úr Framsfl., var gert ráð fyrir 20 millj. kr. árlegu framlagi í 10 ár. Og sannast að segja gerir sú upphæð nú í ár sennilega ekki meira eða a. m. k. ekki miklu meira en svara til 15 millj. kr. árið 1957. En sú upphæð var þá, eins og ég sagði áðan, veitt á fjárlögum í þessu skyni. Í þessu frv. er þá, ef gengið er út frá því, að til 15 millj. kr. á árinu 1957 svari 20 millj. nú, verið að lækka upphæð atvinnuaukningarfjárins um a. m. k. helming frá því, sem atvinnuaukningarfjárupphæðin var 1957.

Þetta er það, sem ég vildi nú sérstaklega vekja athygli á í sambandi við þetta frv. Og ég vil vonast til þess, að hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta frv., taki frv. til gagngerrar endurskoðunar eða athugunar út frá þessu sjónarmiði. Ef það er svo, að þetta frv. á að vera flutt hér sem framkvæmd þál. um aukið átak til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verður það að vera öðruvísi úr garði gert en það er nú, þegar það verður afgreitt frá hinu háa Alþingi, ef svo á að vera.

Ég vil nefna það til viðbótar, að í áðurnefndu frv., sem framsóknarmenn fluttu í Ed., var gert ráð fyrir, að sjóðurinn, sem þar var nefndur framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður, eignaðist það fé, sem ríkissjóður þá átti útistandandi eða gert var ráð fyrir að hann ætti útistandandi við gildistöku laganna vegna vangreiddra ríkisábyrgða, að svo miklu leyti sem það fé innheimtist. Ég vil benda á það, að þarna get-

ur sennilega verið um nokkurt fé að ræða, þó að vafalaust verði vanhöld á innheimtu ríkisábyrgðanna. En ákvæði af þessu tagi er ekki tekið upp í þetta stjfrv., og einnig að því leyti, sem og í fleiri atriðum, er þetta frv. mjög á annan veg en það frv., sem við, minnihlutamenn í allshn. Sþ., gerðum ráð fyrir að yrði árangurinn af þáltill.

Ég verð að segja það, að mér þykir það mjög miður nú, eins og mér þótti það reyndar miður þá, að brtt. okkar við þál. í fyrra skyldi ekki vera samþykkt, því að ef hún hefði verið samþ., hefði hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu haft nánari fyrirmæli eða nánari vitneskju um vilja Alþ. í þessu efni og þá væntanlega eftir því farið. En eins og ég sagði áðan, verð ég að segja það því miður, að ég tel, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé a. m. k. að sumu leyti spor aftur á bak, ef það verður samþykkt óbreytt, eins og það nú hefur verið lagt fyrir. Það er spor aftur á bak frá fyrri ákvörðunum Alþ. um fjárframlög til framleiðslu- og atvinnuaukningar, þar sem hennar er mest þörf, og þó enn stærra spor aftur á bak frá þeim tillögum, sem hv. Ed. hafði til meðferðar á Alþ. 1959—60. Nú er það svo, að þær tillögur náðu að vísu ekki fram að ganga, en þar var sett markmið, sem hefði ekki átt að hvika frá hér á Alþ. Ef stuðla á að jafnvægi í byggð landsins, þarf áreiðanlega til þess mikið átak af hálfu þjóðfélagsins, og það hefði ekki mátt draga úr þeim tillögum, sem uppi hafa verið hér á þingi um það efni.

Mér kemur það í hug í sambandi við þetta mál, að hæstv. ríkisstj. hefur nú undanfarið, sem kunnugt er, verið að leita ráða hjá frændum okkar Norðmönnum um lausn ýmissa vandamála hér á landi og fengið hingað fróða menn úr því landi til ráðuneytis um ýmislegt. Í því sambandi finnst mér, að það hefði verið rétt af hæstv. stjórn að kynna sér það, sem Norðmenn hafa gert í sínum jafnvægismálum. Það er margt líkt um Norðmenn og Íslendinga og þau tvö lönd, sem þessar tvær þjóðir byggja, og þá m. a. það, að Noregur er, eins og Ísland, mjög misjafnlega þéttbýll. Á hinu forna Hálogalandi og á Finnmörk, sem eru til samans meira en þriðjungur Noregs, búa ekki nema um 12% af norsku þjóðinni. En náttúruauður er mikill í Norður-Noregi, m. a. gnægð virkjanlegra fallvatna. Rétt um það leyti, sem hér á Íslandi var byrjað að veita fé til framleiðslu- og atvinnuaukningar úti um land, gerðu norsk stjórnarvöld og Stórþingið hina svonefndu Norður-Noregsáætlun um uppbyggingu atvinnulífs á Hálogalandi og Finnmörk, og er framkvæmd þessarar áætlunar nú nýlokið. Sú áætlun tók yfir tímabilið 1952—60. Í upphafi þessa áætlunartímabils stofnuðu Norðmenn sinn framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð fyrir Norður-Noreg og lögðu til hans hvorki meira né minna en 1200 millj. ísl. kr. miðað við núverandi gengisskráningu. En til samanburðar á þessu fjármagni og því fjármagni, sem jafnvægissjóðnum samkv. þessu frv. er ætlað, má m. a. hafa í huga, að Norður-Noregur er, eins og ég sagði áðan, svipaður Íslandi að stærð eða litlu stærri, og mannfjöldi var þar fyrir 8—9 árum um 400 þús. Á sama tíma, þ. e. a. s. á 8 ára áætlunartímabilinu, námu auk þess sérstakar fjárveitingar af ríkisfé, þ. á m. af mótvirðisfé, sem Norðmenn fengu vegna Marshallaðstoðarinnar, öðrum 1200—1300 millj. ísl. kr. til ýmiss konar framkvæmda í Norður-Noregi, auk sjóðsins og auk venjulegra fjárveitinga til þessa landshluta. En auk þess hefur á ýmsan annan hátt verið stuðlað að fjárflutningi í stórum stíl til Norður-Noregs á þessu tímabili, og skal það ekki nánar rakið hér, en um það liggja nú fyrir mjög merkilegar og athyglisverðar skýrslur. Árangurinn er líka sá á þessu átta ára tímabili Norður-Noregs-áætlunarinnar, að Norður-Noregur hefur haldið eðlilegri fólksfjölgun sinni að mestu. Fólksfjöldi Norður-Noregs var um 12.3% af fólksfjölda Noregs rétt eftir 1950 og er einnig 12.3% á árinu 1960, þannig að þar hefur ekki fækkað hlutfallslega. Landshlutinn hefur haldið sinni fjölgun, a. m. k. að mestu leyti, og er það meira en hægt er að segja um stóran hluta strjálbýlisins hér á Íslandi á þessum tíma. Raforka í Norður-Noregi hefur nálega þrefaldazt á þessum 8 árum, iðnaðurinn stóraukizt og vélvæðing landbúnaðarins er þar nú margföld á við það, sem hún var í byrjun áætlunartímabilsins.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að það væri mikil ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. og raunar fyrir hið háa Alþ. að kynna sér þessa löggjöf og þessar framkvæmdir Norðmanna, sem að því miða að stuðla að jafnvægi í þeirra landi, og þann árangur, sem af því hefur orðið, og hvernig sá árangur hefur náðst. Hjá þeirri þjóð, þ. e. a. s. Norðmönnum, hefur sýnilega verið litið á það verkefni í fullri alvöru að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Menn hafa þar ekki látið sér nægja lagafrv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Ég skal taka það fram, mér er kunnugt um það, að um leið og Norður-Noregs-áætluninni nú er lokið, hefur Stórþingið og norsk stjórnarvöld gert nýja jafnvægisáætlun, sem er á breiðari grundvelli en Norður-Noregs-áætlunin var og mun verða framkvæmd á næsta hálfum eða heilum áratug. Ég veit ekki nákvæmlega, hvort heldur er. Sú áætlun tekur ekki eingöngu yfir Norður-Noreg, heldur eftir því sem mér skilst yfir hinn strjálbýlli hluta landsins yfirleitt eða þá hluta landsins, sem talið er að skorti atvinnutæki, séu skemmra á veg komnir en æskilegt væri í atvinnumálum. En það er athyglisvert samt, að það mun vera alveg sérstaklega fram tekið í þessari nýju löggjöf Norðmanna og áætluninni nýju, að Norður-Noregur skuli, þó að áætlunin færist yfir á breiðari grundvöll, ekki missa neins í frá því, sem hann hefur haft undanfarin 8 ár í sambandi við fjárframlög þangað og framkvæmdir þar.

Mér fannst ástæða til þess, áður en ég lauk máli mínu, að benda á þetta og skýra frá því, sem ég hef aflað mér vitneskju um í sambandi við þetta mál í Noregi, til þess að það megi ljóst vera hér á Alþ., að það er ekki nein sérvizka, sem fundin hefur verið upp hér á Íslandi, að gera sérstakar ráðstafanir og að þjóðfélagið leggi nokkuð á sig til að stuðla að jafnvægi í byggðinni, heldur hefur það einnig gerzt með

öðrum þjóðum og hjá þeirri þjóð, sem okkur er um margt líkust og býr í landi, sem er að mörgu leyti líkt okkar landi.

Ég vil svo mega vænta þess, að hv. n., sem málið fær til meðferðar, taki til athugunar þau atriði, sem ég hef nú bent á, og þá alveg sérstaklega möguleikana á því að hækka það fjármagn, sem ákveðið verður að atvinnubótasjóðnum verði lagt til úr ríkissjóði á næstu áratugum. Þó að þessi lága upphæð hafi verið sett í frv., þá er auðvitað ekki útilokað, að henni verði breytt. Og ég vil vænta þess, að hv. þm. sannfærist um það, að ef hér á að gera eitthvert átak í þessum málum, þá þýðir ekki að samþ. frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Þetta frv. getur falið í sér bætta skipan á útvegun þess atvinnuaukningarfjár, sem gert er ráð fyrir að veita skv. fjárlagafrumvarpi því, sem fyrir liggur, en í því felst ekki nein framtíðarumbót, ekkert nýtt átak, engin stór framtíðarlausn í þessum málum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af þeirri ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) flutti hér áðan í sambandi við þetta frv. Aths. sú, sem hann hafði að gera, var raunar aðeins ein, þ. e. a. s. sú, að fjárframlag úr ríkissjóði væri hér áætlað allt of lítið og raunar væri hér um afturför að ræða frá því, sem áður hefði verið. Ég vil nú segja það, að við samningu frumvarps eins og þessa getur það jafnan orkað tvímælis, hverju gera skuli ráð fyrir í framlögum, hvort sem um er að ræða í þeim tilgangi, sem hér er ætlað, eða til annars, sem ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um, hvað þörfin sé mikil. Það er oft og tíðum erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað mikið þá eigi að áætla. Ég held nú, að ef ætti að gera eitthvað verulega stórt fyrir þetta fé, þá væri alveg sama, hvort það væru nefndar 10 eða 20 millj., það er augsýnilega algert aukaatriði, því að ef með þessum sjóði ætti að fullnægja þörfunum, þá væri hvort tveggja langt of lítið. Þessi sjóður, skilst mér að sé til uppfyllingar og aðstoðar við aðra möguleika, sem hljóta að vera til og verða notaðir til uppbyggingar úti á landsbyggðinni, bæði til þess að hagnýta framleiðslumöguleika, sem þar eru fyrir hendi og ekki hafa verið nýttir, og til aðstoðar í atvinnuaukningarskyni. Og þó vildi ég segja, að þar sem fé er kannske ekki fullnægjandi, eins og ég skal vel ganga inn á að sé ekki í þessu frv., ef stórt á að gera, þá væri náttúrlega helzta hlutverk þessa frv. eða þeirra laga, sem sett yrðu í framhaldi af þessu frv., að hjálpa til á þeim stöðum, þar sem um atvinnuleysi væri að ræða, og gæti það náttúrlega orðið nokkur styrkur.

Hins vegar verð ég að segja það, að þegar hv. þm. talaði um, að hér væri um afturför að ræða, þá er það nú ekki, þegar litið er til þeirra talna, sem liggja fyrir um árin 1951—1961, vegna þess að meðaltal þeirra ára er innan við 10 milljónirnar, sem lagt er til að hér verði veittar. En þar við er svo því að bæta, að í frv. er gert ráð fyrir, að endurgreiðsla fáist á þeim upphæðum, sem veittar eru sem lán og áreiðanlega er nokkur upphæð, sem einnig gengur til sjóðsins, þannig að ég ætla, að ef þessi lán verða innheimt eins og önnur lán, sem veitt eru, þá muni koma til sjóðsins samtals á ári talsvert hærri upphæð en sú hæsta, sem veitt hefur verið á undanförnum árum, þ. e. a. s. hærri en 15 milljónirnar, sem veittar voru árið 1957. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að tala hér um afturför, heldur miklu frekar hið gagnstæða, því að upphæðin, sem þarna á að geta orðið til ráðstöfunar, á fyrst og fremst að geta orðið hærri en hún var hæst, — eitt ár komst hún upp í 15 millj., — og svo hitt, að með því að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að veittar skuli 100 millj. í þessu skyni, sem greiðist með jöfnum greiðslum á 10 árum, þá er ekki hægt að fara með þetta atvinnuaukningarframlag á fjárlögum upp og niður, það verður að halda því, eins og lögin gera ráð fyrir. Það er m. ö. o. búið að slá því föstu, að þessi fjárhæð skuli greidd og þetta há, en ekki 2 millj. eitt árið eða 15 millj. hitt, eins og komið hefur fyrir á þessum s. l. áratugum, svo að ég tel, að í því felist einnig nokkurt öryggi um framtíð sjóðsins og um möguleikana til þess að ná þeim tilgangi, sem frv. stefnir að. Hitt skal ég manna fúsastur játa, að sjálfsagt hefði verið æskilegt, að þessi upphæð hefði orðið hærri — og þá raunverulega miklu hærri, ef hún hefði átt að vera grundvöllur undir einhverjar stórfelldar framfarir úti um landsbyggðina. Það er ekki það, sem þessum sjóði er ætlað að gera, heldur eru það frekar smáar framkvæmdir, sem eru kannske lítt viðráðanlegar fyrir þá einstaklinga, sem í þeim standa, nema með aðstoð, en ekki til hinna stóru átaka, því að stór átök þurfa áreiðanlega að afla sér fjár á annan hátt og koma ekki til með að njóta þeirrar aðstoðar, sem hér er gert ráð fyrir. Enda hefur það verið svo, og mér hefur verið vel kunnugt um það í úthlutunarstarfi síðastliðinna ára, því að ég hef átt sæti í þeirri nefnd, sem úthlutað hefur þessum atvinnuaukningarfjármunum, að það hefur verið stefnan að hjálpa mörgum smáum um tiltölulega smáar upphæðir, heldur en að leggja grundvöllinn að nokkru stóru, því að þá þyrftu upphæðirnar að vera svo miklu, miklu hærri. Og eins og ég sagði áðan, hvort þarna eru nefndar 10 eða 20 millj. á ári, það sker í mínum augum ekki úr, heldur hitt, að þarna sé föst upphæð, sem hægt sé að grípa til. Báðar eru ónógar, ef um stór átök er að ræða, en báðar geta komið til hjálpar — og náttúrlega réttilega því meir sem upphæðin er stærri, það skal viðurkennt, einnig þegar um smærri hluti er að ræða.

Hv. þm. minntist á Noreg og varð tíðrætt um það, sem frændur vorir Norðmenn hefðu veitt í þessu skyni, og ég skal sízt andmæla því. Það hefur verið gert þar myndarlegt átak til uppbyggingar N.-Noregs og veitt í það miklum fjármunum. En ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á þann mikla mun, sem er á okkur og N.-Noregi þau s. l. 10 ár, sem hv. þm. minntist á. Noregur var í styrjöld, og megnið af öllum mannvirkjum í N.-Noregi hafði verið eyðilagt í styrjöldinni, þannig að þetta var eiginlega uppbygging á því, sem eyðilagt hafði þá verið, fyrst

og fremst og varð að byggja frá grunni. Hjá okkur er sem betur fer þannig komið, að við eigum víða úti um land orðið talsvert mikil atvinnutæki, sem geta verið góður stofn undir framtíðarþróun. Ég held þess vegna, að ástandið hjá okkur og ástandið í N.-Noregi eftir styrjöldina sé mjög ósambærilegt og sé ekki rétt að bera það saman.

Það var ekki annað í ræðu hv. þm., sem ég hef aths. að gera við eða ræði frekar.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Ég var einn af þeim, sem endanlega gengu frá orðalagi á þáltill. þeirri, sem samþykkt var á Alþ. þann 29. marz 1961, þar sem skorað var á ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á næsta Alþ. frv. til *laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og* jafnvægi í byggð landsins, eins og stendur í þáltill., m. a. með stofnun jafnvægissjóðs og ákveðnum framlögum til hans. Skyldi tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Ég verð að segja, að það urðu mér allmikil vonbrigði, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 38, skuli ganga fram hjá þessu meginatriði, að stofna jafnvægissjóð og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna vildi ég segja hér nokkur orð við þessa umr. og beina þá nokkrum spurningum til hæstv. ráðh., m. a. vegna þess, að ég á sæti í þeirri n., sem fær málið væntanlega til athugunar, en lagt hefur verið til að vísa frv. til fjhn. Vil ég þá fyrst leyfa mér að benda á, að í a-lið 1. gr. frv. stendur, að hlutverk sjóðsins sé að veita lán eða styrki til þess að auka atvinnu og framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust. Þetta þarf ekkert að fara saman við það að halda jafnvægi í byggð landsins. Og þess vegna spyr ég hæstv. ráðh.: Hefði hann nokkuð á móti því, að sett verði beinlínis inn til viðbótar í gr.: „og að stuðla að jafnvægi í byggð landsins", eins og ætlazt var til í þáltill., og þá jafnframt, að það sé tekið fram, að hér sé um „atvinnubóta- og jafnvægissjóð" að ræða? Ég skal m. a. koma með dæmi, sem sýnir glöggt, að það er vafasamt, hvort hægt er að veita fé úr sjóðnum í þessu skyni, ef frv. yrði samþ. óbreytt, einkum ef stjórnendur sjóðsins væru andstæðir jafnvægi í byggð landsins. Í dag er sjálfsagt ekkert atvinnuleysi í Grunnavík, þar er ekki orðið eftir, að ég hygg, nema eitt heimili, sem baslast við það að búa við nokkrar kindur og nokkrar kýr, en það er enginn vafi á því, að það er stórkostlegur óhagur fyrir þjóðina að leggja þá byggð í eyði. Og þannig getur verið um marga aðra hreppa í landinu. Það gæti hins vegar risið upp töluvert atvinnuleysi í Hafnarfirði. Og það ástand gæti komið, að þar þyrfti að auka atvinnu. Það ætti þá að velja á milli þess, hvort fé mætti fara til að auka atvinnu á fjölmennum stað eins og við Faxaflóa, þar sem atvinnuleysi væri, eða byggja upp atvinnu í byggð landsins, þar sem byggð hefur farið í eyði, vegna þess að skilyrðin hafa verið svo erfið, að fólkið hefur orðið að flýja þaðan, t. d. til Hafnarfjarðar eða í aðra fjölmenna staði, og stuðlað þar að atvinnuleysi. En eins og ákvæði frv. eru nú, mundi ekki vera heimilt að veita fé til uppbyggingar í dreifbýlinu, ef þar væri ekkert atvinnuleysi, og taka það frá þeim stöðum, þar sem fullt væri af fólki og lítið um atvinnu. En það hefur alltaf verið höfuðmarkmið okkar, sem höfum verið hlynntir þessu máli, að það fé, sem ætti að fara í jafnvægissjóðinn, verði beinlínis notað til þess að stöðva fólksflóttann úr sveitum landsins í þéttbýlið. En þetta frv., eins og það liggur fyrir hér, sýnist ekki marka þá stefnu.

Ég skal m. a. benda á, að það er nú að fara í eyði við Arnarfjörð einn hreppur, þar sem er ekki orðið meira en milli 40 og 50 manns, en um aldamót voru þar um 300 manns. Einn hluti þessa hrepps er eign ríkissjóðs, stórbýlið Selárdalur *og allar þær hjáleigur, sem honum fylgja.* Þarna væru mjög miklir möguleikar til útgerðar. Og ný útgerðarstöð þar mundi gersamlega bjarga hreppnum, þannig að fólk færi að flytjast inn í hann aftur og eign ríkissjóðs mundi aukast í verði. Ég teldi ekki, að eins og frv. er nú, væri heimilt að veita svo og svo mikið fé til að koma þar upp atvinnutækjum, þó að það gæti orðið til þess að stöðva flóttann og skapa þar lífvænleg kjör. En ef það er eins og hæstv. ráðh. segir, þá er bezt að setja það beint inn í lögin, svo að um það yrði enginn ágreiningur síðar. Það er þess vegna, sem ég vildi hafa spurt hæstv. ráðh. um: Hefur hann nokkuð á móti því, að ákvæði séu sett inn í frv., er nái tilgangi þáltill., eins og var gengið frá henni á s. l. þingi?

Ég hef lagt allmikinn tíma í að kynna mér þessi mál, allt síðan ég var í mþn. með hv. 3. þm. Norðurl. e., og þekki þar af leiðandi nokkuð, hvar skórinn kreppir að, auk þess sem ég hef nokkuð kynnt mér þessi mál síðar á ferðalögum um landið. Mín bjargföst trú er sú, að það sé ekki einungis landinu öllu, heldur einnig þéttbýlinu nauðsynlegt, að fólkið flytjist ekki of ört úr sveitunum í þéttbýlið. Það er mín bjargföst skoðun, að það sé nauðsynlegt að stöðva þann flótta þegar og hefði átt að gerast fyrr, því að eins og ástand er nú, þarf a. m. k. einnar milljón króna fjárfestingu hér við Faxaflóa fyrir hverja fjölskyldu, sem flytur í burtu utan af landinu og skilur þar eftir ræktuð tún, nýbyggð hús og sums staðar nýbyggðar raforkustöðvar, — eignir, sem verða einskis virði, þegar búið er að flytja frá þeim, en gætu verið í fullu verðmæti, ef haldið væri áfram að búa þar og starfrækja, en fólkið verður að flýja frá, vegna þess að það er ekki mætt nauðsynlegustu kröfum þess. Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að sumar af þessum sveitum gefa enn þá þeim mönnum, sem þar búa, allt að 20—25 þús. kr. framtalstekjur á hverju ári á hvert mannsbarn, sem þar er. Er það heppileg stefna að sinna ekki nauðsynlegum þörfum og kröfum þessa fólks og neyða það til að flytjast til þéttbýlli staða, þar sem að vísu er nóg atvinna í dag, en vel gæti komið fyrir, að ekki héldist slíkt atvinnuástand um alla eilífð? Og er það rétt stefna að stöðva ekki þann flótta? En sé það viðurkennt af Alþingi, að það sé rétt að stöðva þann flótta, þá teldi ég,

að það væri sjálfsagt að breyta þessu frv. í það horf, að það verði meginverkefni þess sjóðs, sem hér á að stofna, að vinna að því að stöðva flóttann úr sveitunum. Það einkennilegasta við þetta mál er, að hér, eins og kannske í ýmsum öðrum málum, sem fram eru borin á Alþingi, er mikill meiri hl. þingmanna fylgjandi því, að málið nái fram að ganga, og hafa jafnan verið, síðan því var fyrst hreyft, 1954, að ég hygg, þó að aldrei hafi tekizt að fá það samþykkt. Árið 1953 voru fyrst gerðir samningar milli Sjálfstfl. og Framsfl. um að koma þessu máli í framkvæmd, og var það þá lagt fram hér sem stjfrv. á Alþ. og mjög í þá átt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist á áðan. Það mætti þá þeirri andúð hjá ýmsum mönnum, að það var hæðzt að því og kallað „litla gula hænan". En bæði þeim mönnum, sem völdu því það orð, og Framsfl. tókst að slátra þeirri litlu gulu hænu á þinginu 1956, að mér skilst vegna þess, að það hafi verið gert að skilyrði fyrir myndun hinnar ágætu vinstri stjórnar, að sú litla gula hæna fengi ekki að stækka og verpa og veita þjóðinni betri lífskjör.

Ég minnist þess einnig, að á ágætum framboðsfundi, sem ég og núv. hv. 1. þm. Austf. vorum á í Barðastrandarsýslu þá um vorið, lýsti hann því yfir, að þetta mál yrði lögfest á næsta hausti og það væru engin vandræði fyrir kjósendur, hvorki í Barðastrandarsýslu né annars staðar á landinu, að bíða eftir því í nokkra mánuði, að sjóðnum yrði á fót komið, því að það yrði gert eftir kosningarnar. Þessi ágæta stjórn sat nú nær fram til loka ársins 1958. Það komu aldrei fram frv. né neinar framkvæmdir í þessu máli. En svo strax eftir að Framsfl. var laus úr þeim tröllahöndum, sem honum var haldið í á því tímabili, þá vaknaði aftur hjá honum áhugi á málinu og að nú væri nauðsynlegt að koma þessu máli í framkvæmd og það með miklu stærra fjárframlagi en þá var hugsað og nú er hugsað í þessu frv. Málið hefur því átt fylgi í þinginu allan tímann, þó að það af einhverjum sérstökum ástæðum hafi verið stöðvað.

Fyrir mér er það ekki höfuðatriði, — og það vil ég segja hæstv. ráðherra, — hvort ætlaðar eru í þetta á fyrsta stigi málsins 10 millj. eða 20 millj. eða eitthvað annað. Höfuðatriðið er að stofna sjóðinn, láta hann þróast og vaxa eðlilega og láta hann gegna því hlutverki, sem er nauðsynlegt að gegna í sambandi við þessi mál, — það finnst mér vera höfuðatriðið í sambandi við þetta mál.

Ég geri ráð fyrir um ýmsa aðra sjóði, sem voru stofnaðir hér, eins og fiskimálasjóður, jarðræktarsjóðir og aðrir fleiri sjóðir, sem stofnaðir hafa verið og voru smáir á þeim tíma, að það mundi enginn vilja missa slíkar stofnanir nú. Þær hafa þroskazt og vaxið, eftir því sem verkefni hafa aukizt, og fé hefur verið veitt til þeirra á fjárlögum hverju sinni. Og eins mun verða um þennan sjóð hér. En ég mun leggja höfuðáherzlu á það í nefndinni að fá frv. breytt á þann veg, að það sé enginn efi um það, til hvers á að nota féð, þegar sjóðurinn verður stofnaður.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður að neinu ráði, enda ekki ástæða til þess. Það er fram komið, sem mestu máli skiptir á þessu stigi.

Um ræðu hv. 1. þm. Vestf., sem talaði hér áðan, vil ég segja það, að ég get tekið undir margt af því, sem hann ræddi um þetta mál, enda vissi ég það áður, að skoðanir okkar væru að mörgu leyti líkar á þessum hlutum. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það þarf engan veginn að vera það sama eða fara saman að gera ráðstafanir til að draga úr atvinnuleysi og að gera ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er stuðlað að jafnvægi í byggð landsins með atvinnuuppbyggingu, en það er hægt að draga úr atvinnuleysi á ýmsan annan hátt, t. d. með því að gera ráðstafanir til þess, að fólk flytjist burt af stöðum, þar sem atvinnuleysið er, eða láta slíka flutninga gerast. Þá minnkar að sjálfsögðu atvinnuleysið. En þetta er ekki að byggja upp atvinnulífið né stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hitt er svo annað mál, að ég hygg, að vera kunni, að hv. 1. þm. Vestf. hafi ef til vill eitthvað misminnt um sögulegt atriði, enda ekki óeðlilegt, þar sem langt er um liðið. Hann misminnti það t. d., að hann hefði verið flm. að till., sem sjálfstæðismenn fluttu á Alþingi 1960. Hann var ekki á þingi, þegar till. var flutt, heldur var það varamaður hans, sem þá var fyrsti flm. till., og ég er ekkert frá því, að till. hefði orðið á annan veg, ef hv. þm. hefði þá verið á þingi og lagt síðustu hönd á till. eins og hún var flutt. Eins hygg ég, að hann misminni eitthvað um afstöðu framsóknarmanna til frv. þess um jafnvægissjóð, sem flutt var árið 1956, en það skiptir ekki frekar en hitt misminnið miklu máli.

Hæstv. ráðherra vildi nú telja, að það væri ekki rétt athugað hjá mér, að ákvæði þessa frv. um fjárframlög til atvinnubótasjóðs væru spor aftur á bak, sérstaklega ekki frá fyrri ákvörðunum um upphæð atvinnuaukningarfjár. Hann sagði, sem rétt er, að í 2. gr. frv. væri gert ráð fyrir 10 millj. kr. ríkisframlagi á ári og að það væri sama upphæðin sem veitt hefur verið í þessu skyni að jafnaði undanfarin 10 ár eða mjög svipuð upphæð, aðeins hærri, sem líka er rétt. En með þessu er sagan ekki nema hálfsögð. Það er ekki hægt að gera svona samanburð. Þessi samanburður væri í gildi og réttur, ef verðlag framkvæmda hefði verið óbreytt allan þennan tíma. Engum dettur í hug að segja, að tíu milljónir eða tíu hundruð, eða hvað það nú er, sé sama upphæð nú eins og var um aldamót. Allir sjá fljótt, að það er fjarstæða. Og þó að breytingin á framkvæmdakostnaði sé ekki eins mikil á einum áratug og hún hefur orðið á sex áratugum, þá er hún samt mjög mikil. Ég man ekki betur en það væri talið hér á Alþingi á árinu 1960, að kostnaður við vegagerð hækkaði á því eina ári um 25%, og þetta gefur nokkra hugmynd um, hvernig kostnaður við framkvæmdir hefur hækkað. Þess vegna eru þessar 10 millj., sem nú er lagt til að veittar verði í atvinnubótasjóð, miklu minna virði, allt önnur upphæð en meðaltalsupphæðin 10 millj. á undanförnum 11 árum. Og 10 millj. eru nú

sennilega a. m. k. helmingi lægri upphæð raunverulega en 15 millj. á árinu 1957. Þetta er sá rétti samanburður.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikil bót í máli að fá það ákveðið í lögum, að þessi upphæð skyldi lögð árlega í sjóðinn. Þá væri ekki hægt að draga úr henni eitt og eitt ár, þótt fjárveitingarvaldið kynni að hafa tilhneigingu til þess.

Ég er ekki alveg viss um, að þetta sé til bóta. Það er að vísu rétt, að ef þessi upphæð er í lögum, þá verður hún veitt, og segja má, að líkur séu til þess, að hún verði ekki lækkuð. En ég vonast líka til þess, að ekki séu mjög miklar líkur til, að farið verði að lækka atvinnuaukningarféð úr þessu á fjárl. En setning laga um þetta efni mun líka, þar sem þessi upphæð er fastákveðin, lögbundin, heldur draga úr fjárveitingarvaldinu að hækka upphæðina á komandi árum. Lögin geta alveg eins haft þau áhrif. Það getur verið varhugavert að lögbinda lága upphæð til frambúðar eða langs tíma, þar sem menn gjarnan vildu hafa möguleika til að veita hærri upphæð. Þá getur verið betra að hafa hana lausa og óbundna.

Hæstv. ráðh. lét orð falla á þá leið, að það skipti nú kannske ekki svo miklu máli fyrir framkvæmdir til uppbyggingar og jafnvægismyndunar, hvort veittar væru 10 eða 20 millj. á ári. Það getur verið, að þetta verði ekki talið skipta mjög miklu máli. Ég mundi nú telja, að það skipti nokkru máli. Og ef það skiptir ekki máli fyrir uppbygginguna úti um landið, þá skiptir það væntanlega ekki heldur mjög miklu máli fyrir ríkið. Þá vildi ég mjög mælast til þess, að hæstv. ráðh. féllist heldur á að taka hærri upphæðina inn í frv.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En hæstv. ráðh. minntist á N.-Noregs-áætlunina og vildi telja, að þótt Norðmenn hefðu haft ástæðu til þess að vinna að uppbyggingu í Norður-Noregi, þá væri ekki þar með sagt, að við hefðum sömu ástæðu til þess að vinna að uppbyggingu hér úti um land, sem það er kallað. Hann sagði, að N.-Noregur hefði orðið fyrir miklu tjóni í styrjöldinni og að N.-Noregs-áætlunin mundi hafa verið gerð vegna styrjaldartjóns. Ég er nú ekki alveg viss um, að þetta styðjist við staðreyndir fullkomlega. Stríðinu lauk árið 1945, þannig að þegar N.-Noregs-áætlunin var lögfest, voru liðin sjö ár frá stríðslokum. Ég held nú satt að segja, að endurbætur eða uppbygging vegna styrjaldarskemmda hafi þá verið nokkuð verulega á veg komið, a. m. k., ef ég man rétt, var þá m. a. langt komið að bæta úr hinum miklu skemmdum, sem urðu á námu- og iðnaðarmannvirkjum við Varangursfjörð, sem trúlega hafa verið meðal hinna meiri skemmda, sem þar urðu á mannvirkjum atvinnulífsins. Auðvitað urðu einnig skemmdir, nokkuð miklar, á íbúðarhúsum, en til þess mun þessi áætlun ekki hafa tekið fyrst og fremst að bæta þær skemmdir.

Ég geri ráð fyrir, að nokkuð muni hafa verið á það litið, þegar áætlunin var gerð, sem gerðist á stríðsárunum í þessum landshluta, og að því hafi verið beitt sem rökum í þessu máli. En þó hefur mér skilizt það á umr. um málið, sem ég hef kynnt mér nokkuð, að áætlunin hafi fyrst og fremst verið gerð til þess að sporna við fólksflutningi úr N.-Noregi og til þess að hagnýta þann náttúruauð, sem þar er og menn hafa í seinni tíð gert sér ljósara en áður, að til mikils mátti nota, og þá ekki síst vatnsorkuna, sem þar er mjög mikil, eins og í mörgum héruðum hér á landi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. — Ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, að þetta frv. er afturför að því leyti, að það er verið að draga úr fjárveitingum til atvinnubótaaðgerða frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, þegar skást var sinnt því hlutverki. Mér dylst hins vegar ekki, að það má færa rök fyrir því, að það sé réttara að binda þessa starfsemi ríkisins í lögum og koma þessari starfsemi í fast form, þannig að fjárveitingar séu nokkuð jafnar frá ári til árs og þó helzt jafnar að raunverulegu verðmæti, þannig að ekki dragi úr aðstoðinni, sem þarna er hugsað að veita frá ríkisins hendi. Það mun hafa verið ætlazt til þess með þeirri þál., sem hér var samþykkt, að með lagasetningu yrði tryggt, að ríkið gerði sérstakt átak í því að stuðla að aðstoð við þau héruð, sem af einhverjum sérstökum ástæðum standa höllum fæti, því að þannig er þessi aðstoð frá ríkisins hendi fyrst og fremst hugsuð. Og það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. vék að í sinni ræðu áðan, það eru til staðir, sem hafa orðið hart úti vegna þeirrar þróunar, sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum árum og áratugum. Þarf ekki annað en nefna t. d. staði eins og Flatey á Breiðafirði, sem hefur eiginlega komizt úr þjóðleið, og grundvöllur atvinnulífsins og það hlutverk, sem staðurinn innti af hendi áður, er nú brostinn. Af þessum ástæðum er rík þörf á því, að veita fólkinu á slíkum stað aðstoð til þess að komast yfir þá örðugleika, sem skapazt hafa vegna vissrar þjóðfélagsþróunar, og er ég honum alveg hjartanlega sammála um það, að hlutverk þessa sjóðs, sem hér er lagt til að verði bundinn með lögum, sé fyrst og fremst það að koma til hjálpar, veita aðstoð undir slíkum kringumstæðum. Má þar nefna, auk Flateyjar á Breiðafirði, Grunnavíkurhrepp og sjálfsagt mörg byggðarlög á landinu víðs vegar.

Ég er hins vegar samþykkur því, að það sé til bóta í þessu frv. að ætla banka í staðinn fyrir ráðuneyti að annast innheimtu þess fjár, sem frá ári til árs er varið í þessu skyni, og geri ég mér vonir um, að eitthvað af því fé, sem veitt hefur verið fram til þessa til atvinnuaukningar og atvinnubóta, kunni að innheimtast og gæti þannig orðið starfsfé í höndum þessa sjóðs, í viðbót við þá að mínu áliti allt of lágu upphæð, 10 millj. kr., sem sjóðnum er ætluð sem fast starfsfé frá ári til árs á næsta áratug. Að því er að vísu nokkur bót, því að eitthvað af þessu fé má sennilega innheimta, ef eftir því er gengið, þó að sumt hafi alveg frá upphafi verið veitt sem styrkir og flestar þær upphæðir verið veittar eiginlega út frá því sjónarmiði, að þær mundu varla verða endur-

heimtar af ríkinu aftur. Það er því næsta ólíklegt, að nokkuð af þeim endurheimtist að öllu, sízt af öllu með vöxtum, og ýmis þau fyrirtæki, sem aðstoð hafa fengið, eru nú ekki lengur til, og þannig áreiðanlega mjög mikil vanhöld á þessum upphæðum, þó að ríkt verði gengið eftir að innheimta það atvinnubótafé, sem veitt hefur verið.

Fjárframlögin, sem nefnd eru hér í frv., 10 millj. kr. til starfsemi sjóðsins, hafa lækkað í tvennum skilningi. Þau eru lægri að krónutölu heldur en veitt var til þessara mála á vissu árabili, þ. e. a. s. á dögum vinstri stjórnarinnar, því að þá var veitt til þessara mála frá 13 til 15 millj. kr., og það var meira fé en sama upphæð að krónutölu nú, miklu meira, og miðað við það tímabil er því um mikla afturför að ræða og ekki líklegt, að krónutalan yrði einu sinni sú sama, þó að nokkuð ynnist úr hinum áður veittu upphæðum við innheimtu þeirra. Það er sem sé bæði um rýrnun þarna að ræða að því er snertir krónutölu og einnig verðgildi og alveg sérstaklega verðgildi hverrar krónu.

Bæði hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vestf. hafa vikið að því, að þetta frv. sé í raun og veru hið sama að stofni til eins og frv., sem þeir undirbjuggu eitt sinn fyrir löngu fyrir hæstv. ríkisstj. og síðan var hér flutt sem stjórnarfrv., en komst samt ekki í gegnum þingið. Það er líka rétt, að það þótti á svo smáum upphæðum tekið í því frv., að þm. voru margir þeirrar skoðunar, að það mundi lítt koma að gagni, og í gamansemi leyfðu nokkrir þm. sér að kalla frv. „litlu gulu hænuna", eins og hv. 1. þm. Vestf. enn rifjar upp. Mér finnst því, að þetta frv. með 10 millj. kr. upphæðina núna sé „litla gula hænan" afturgengin. Hún er alltaf að ganga aftur og alltaf smærri og smærri í raun og veru, því að upphæðin núna er í raun og veru að kaupmætti jafnvel enn þá minni en upphæðin, sem nefnd var í frv., sem við kölluðum „litlu gulu hænuna" sællar minningar. En að bera saman þessar tölur þá og nú fær mig eiginlega til þess að staðnæmast við það, að það lítur út fyrir, að „litla gula hænan" sé lífseigust allra fugla, e. t. v. að fuglinum fönix undanskildum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 320, 327, 328).

Frsm. (Gísli Jónsson): Háttv. forseti. Frv. það um atvinnubótasjóð á þskj. 38, sem hér er til umr., mun, ef að lögum verður, verða talið eitt hið merkasta mál, er fram líða stundir. Þykir mér því rétt að fara nokkrum orðum um frv. og þann undirbúning, sem málið hefur fengið áður.

Hinn 4. febr. 1953 var samþ. á Alþ. þáltill. um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þáv. hæstv. atvmrh. fól tveimur alþm. að vinna að undirbúningi þessara mála. Söfnuðu þeir margvíslegum skýrslum og upplýsingum frá öllum hreppum landsins, svo og till. frá forráðamönnum í héruðunum. Er í þeim skýrslum að finna mikinn fróðleik um þessi mál öll.

Hinn 11. maí 1955 samþ. Alþ. þáltill. um ráðstafanir til atvinnuaukningar. Þar sem sú þáltill. fjallaði um hliðstætt efni, var sömu þm. falið einnig að vinna að undirbúningi þeirra mála.

Árið 1955 höfðu hinir kjörnu alþm. lokið þessu starfi sínu og sendu þáv. hæstv. ríkisstj. uppkast að frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Var frv. borið fram af þáv. hæstv. ríkisstj. sem stjfrv. Var í því frv. lagt til, að stofnaður yrði jafnvægissjóður, er hefði það verkefni með höndum að veita lán til framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar væru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, svo sem skipum og vélum o. fl. Skyldi ríkissjóður leggja fram árlega 5 millj. kr. til jafnvægissjóðs, en auk þess skyldu honum afhent ákveðin verðbréf, er eigi hefðu verið greidd ríkissjóði á tilsettum gjalddögum. Frv. þetta náði ekki fram að ganga á þinginu 1955—56, eins og þó hafði verið til ætlazt. Á hverju þingi síðan hefur frv. verið endurflutt, að vísu nokkuð breytt, en að meginefni til í samræmi við frv. frá 1955, en jafnan hefur málið dagað uppi og ekki fengið afgreiðslu.

Á s. l. Alþ. var samþ. þáltill. um þetta mál, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til l. um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs, ásamt ákvæðum um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár. Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu."

Á grundvelli þessarar ályktunar hefur hæstv. ríkisstj. látið semja frv. það, sem hér liggur fyrir, og síðan borið það fram í því formi, sem það er á þskj. 38. Fjhn. ræddi málið á nokkrum fundum. Hefur frv. verið borið saman við ákvæði fyrri frv. um sama mál og einnig þáltill. frá 29. marz 1961, er ég þegar hef lesið, og sýnast öll meginatriðin vera tekin upp í frv.

Komu fram um það óskir í n. að taka upp í frv. skýrari ákvæði um aðalhlutverk sjóðsins en þar er gert, einkum hvað snertir það verkefni, sem lýtur að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Miðar brtt. sú, sem n. ber fram á þskj. 320 og er sammála um að samþykkt verði, að því að mæta þessum óskum nm.

Þá komu einnig fram í n. óskir um það að hækka hið árlega framlag ríkissjóðs, en um þá till. varð ekki samkomulag, og þess vegna er ekki borin fram nein sérstök till. um það af n. hálfu.

Skal ég fara hér nokkrum orðum um frv. og greinar þess.

Skv. 1. gr. frv. skal stofna atvinnubótasjóð, er verði eign ríkisins. Hlutverk sjóðsins skal vera að veita lán eða styrk til að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin

er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins — sbr. þó brtt. á þskj. 320 — og að veita lán til að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Að jafnaði skulu lán eða styrkir, sem veittir eru úr sjóðnum til þess að auka framleiðslu í landinu, þar sem þörfin er mest, og stuðla þannig að jafnvægi í byggð landsins, ganga fyrir lánum til annarra framkvæmda, svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Þetta er meginverkefni atvinnubótasjóðs. Vil ég í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að hér er um svo skýr ákvæði að ræða, að ekki sýnist þörf á því að skilgreina það nánar. Með því sýnast öll ákvæði í fyrri frv. og í þáltill. frá síðasta Alþ. vera tekin upp í frv. í meginatriðum. Stjórn sjóðsins, sem sett hefur verið á stofn til þess að sinna jafnvíðtækum verkefnum, verður að sjálfsögðu að hafa nokkuð frjálsar hendur um það, hvaða verkefni hún vill eða telur vera mesta þörf á að leysa á hverjum tíma til þess að bæta hag þeirra byggða, sem við erfiðasta aðstöðu búa, og má ekki sníða henni of þröngan stakk í því efni, enda munu þeir menn, sem til þess verða kjörnir af Alþ., skjótt fá á því fullan skilning, hvar skórinn kreppir mest að, er þeir hafa fengið tækifæri til þess að kynna sér málið, eins og það blasir við á hverjum tíma. Gefst þeim þá og tími til þess að óska breytinga á lögunum, ef það sýnir sig, að þess sé þörf til umbóta, til þess að ná þeim megintilgangi að auka framleiðslu í þeim landshlutum, þar sem atvinnuleysi er mest, og viðhalda þannig jafnvægi í byggð landsins, en það hvort tveggja er höfuðverkefni sjóðsins.

Eins og sést af grg. frv. hefur rúml. hundrað millj. kr. verið varið til atvinnuaukningar í landinu á árunum 1951—61. Mest af þessum upphæðum hefur verið veitt sem lán, og um sum þeirra hefur tæplega verið svo bundið, að telja megi, að þau séu gulltryggð. Jafnvel hefur sú skoðun skotið upp kolli, að þessi lán ætti ekki og þyrfti ekki að endurgreiða. Slíka hugsun þarf og á að kveða niður. Þessar kröfur allar er ætlazt til að sjóðurinn fái framseldar. Er það framlag ríkissjóðs til hans auk þeirra 10 millj., sem honum eru ætlaðar í fjárlögum árlega í næstu 10 ár.

Það verður engu um það spáð, hve mikið af þessum upphæðum má reikna með að fáist endurgreitt, og verður sjálfsagt eitt af fyrstu verkefnum sjóðsstjórnarinnar að kanna það og semja um öruggar endurgreiðslur við viðkomandi skuldunauta, eftir að lögin öðlast gildi. En þegar það er haft í huga, að þetta fé allt á að nota á ný og verður notað á ný, jafnóðum og það er innheimt, til þess að bæta úr atvinnuleysinu og auka framleiðsluna í landinu og bæta þar með kjör fólksins, má gera ráð fyrir því, að skoðun manna breytist almennt um endurgreiðsluskyldu á þessu fé frá því, sem nú er. Tekjur sjóðsins árlega ættu því að verða verulega meiri en þær 10 millj. kr., sem fram skal leggja til sjóðsins árlega úr ríkissjóði, og hann þá jafnframt hafa möguleika til þess að auka lán og aðstoð meira en verið hefur, þegar fram líða stundir.

Ég skal ekki ræða hér sérstaklega aðrar greinar frv., þær skýra sig að mestu leyti sjálfar. Hins vegar vil ég, áður en ég lýk máli mínu, benda á eftirfarandi staðreyndir: Íslendingar eru síður en svo eina þjóðin, sem á við þann vanda að stríða, sem samfara er flótta frá strjálbýlli byggðum til fjölbýlisins. Það er vandamál flestra þjóða og fer vaxandi. Í vaxandi mæli eru tugþúsundir ha. af ræktuðum löndum teknir undir byggingar ýmissa mannvirkja í allri Evrópu og það í svo ríkum mæli, að mörg lönd, sem áður lifðu að mestu á landbúnaði og landbúnaðarframleiðslu, hverfa nú meira og meira frá þeim atvinnuvegi vegna minnkandi ræktunarskilyrða og yfir í stóriðju. Eru öll merki þess á lofti, að þessi lönd kalli í vaxandi mæli á landbúnaðarvörur frá öðrum löndum, sem enn eiga nóg svæði óræktuð og nóg svæði í óbyggðum. Með þeim samgöngubótum, sem orðið hafa á milli landa, og samvinnu um skipulagningu á framleiðslu til fæðu hins vaxandi fólksfjölda, skyldu þjóðirnar ekki loka augunum fyrir því og þeim framtíðarmöguleikum, sem felast í íslenzkri mold í þeim byggðum, sem auðnin enn þá ógnar. Sú stund er ef til vill ekki svo langt undan, að þangað verður leitað til þess að fullnægja eftirspurn eftir afurðum frá nágrannaþjóðum vorum. Þótt flótti frá afurðaframleiðslunni sé jafnan þjóðarböl, þá skapar þó flóttinn til þéttbýlisins engu minni vandræði, einkum ef hann er óeðlilega ör.

Fyrir hverja fimm manna fjölskyldu, sem yfirgefur jarðir og hús, sem þá oft verða verðlítil eða verðlaus, verður að byggja upp og fjárfesta í fjölbýlinu fyrir 1 millj. kr. með núverandi verðlagi. Það eitt er nægilegt til umhugsunar fyrir þá menn, sem með þessi mál fara, ef ekki er hægt að hafa eðlilegar hömlur á tilflutningi fólksins og gera því kleift að vinna og dvelja við mannsæmandi kjör, þar sem það oft — og miklu oftar — kýs sér að starfa og eyða ævi sinni, ef því væri það mögulegt. Um ýmsan annan vanda, sem skapast við röskun jafnvægis í byggð landsins, er öllum ljóst, bæði hvað snertir félagsmál, lögreglumál og geðvernd, og skal það ekki rakið hér, þótt um þau atriði mætti segja margt.

Eitt af þeim verkefnum, sem stjórn atvinnubótasjóðsins fær að sinna, er að kynna sér gaumgæfilega þá staði í landinu, sem fólkið flýr frá, en hafa þó öll skilyrði til þess að búa því ákjósanlegust lífskjör, ef nauðsynlegar umbætur eru látnar í té.

Ég hef af eigin raun kynnzt því á ferðum mínum um Vestfjarðakjördæmi, að víða hafa menn þar á síðustu árum haft meðaltekjur á ári frá 90—130 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, og þó ógnar sú hætta þessu fólki að verða að flýja hérað sitt og leita í þéttbýlið, þar sem tekjurnar eru ekki hærri, en þægindi og öryggi meira. Slíkt verður að stöðva, og það á að vera verkefni atvinnubótasjóðs að vinna að því með skipulögðum aðferðum. En ég hef auk

þess séð marga aðra staði, sem bjóða upp á frá náttúrunnar hendi engu lakari aðstöðu, þar sem skapa má hin æskilegustu skilyrði ágætrar afkomu, en auðnin ein ógnar þeim, ef ekkert er að gert. Fyrir þessu má ekki heldur loka augum. Ég hef ekki minnzt á þessa staði fyrir það eitt, að ég er hér á Alþ. fulltrúi þess fólks, sem þar býr, heldur vegna hins, að ég er þar kunnugastur staðháttum og kunnugri þar staðháttum en í öðrum héruðum. En ég veit með vissu, að sama má segja um marga aðra staði á landinu og þó einkum á Norður- og Austurlandi. Mér er það fyllilega ljóst, að allir íbúar landsins gætu flutzt til þéttbýlli héraðanna og lifað þar við ágæt kjör. En mundi svipur lands og þjóðar verða heilsteyptari og betri, ef horfið yrði að því ráði? Ég fullyrði, að þá mundum við á skömmum tíma sakna sárt margs af því bezta, sem lifir með þjóð vorri og er meginþáttur í menningu hennar.

Vil ég mega vænta þess, að hv. þm. fallist á að samþykkja frv. með þeirri breytingu, sem nefndin leggur til á þskj. 320, og það verði síðan lögfest þannig á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að benda á, að nauðsynlegt verður, að hv. fjhn. athugi nokkuð frv. fyrir 3. umr. Eg sé hins vegar ekki ástæðu til þess að fresta þessari umr. af þeim ástæðum, því að það mun vera óhjákvæmilegt að setja inn í frv. ákvæði til bráðabirgða eitthvað á þessa leið: „Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtímabil hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar kosningar.“ Veit ég, að hv. form. mun taka það til athugunar, áður en málið fer héðan úr deildinni.

Ég skal ekki á þessu stigi ræða þær brtt., sem fram hafa komið. Þær eru í fullu samræmi við þær óskir, sem bornar voru fram við umr. í d. Mér þætti ekki óeðlilegt, að þeir, sem mæla fyrir þeim og flytja þær, taki þær aftur til 3. umr., ef nefndin vildi líta á þær. Annars er það mín skoðun, að flest það, sem kemur fram í brtt., sé tryggt í frv., eins og það er núna, eins og ég hef þegar skýrt frá.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum nefndarmönnum í fjhn. skrifað undir nál. á þskj. 320, þar sem mælt er með því, að frv. þetta verði samþ. En eins og tekið er fram í nál., hef ég talið rétt, að það kæmi enn skýrar fram í sjálfu frv. en nú er, hver megintilgangur laganna er, og enn fremur tel ég nauðsynlegt að hækka hið árlega framlag til sjóðsins. Flyt ég brtt. um þessi atriði á þskj. 328.

Um mörg undanfarin ár hefur ríkið lagt fram svonefnt atvinnuaukningarfé til eflingar atvinnulífi, þar sem þörfin var brýnust. Aðallega hefur þetta fé verið lagt fram sem lán út á síðari veðrétt í skipum, fiskvinnslustöðvum og öðrum atvinnutækjum. Það hefur verið þannig, að uppbyggingarþörfin í einstökum byggðarlögum, einkum sjávarþorpum, hefur verið miklu meiri en getan til að standa straum af framkvæmdunum. Því hefur þótt óhjákvæmilegt, að það opinbera veitti aðstoð með þessum hætti, og hefur verið gert.

Í grg., sem frv. fylgir, er birt yfirlit um það, hvað ríkið hefur lagt fram mikið fé til atvinnuaukningar á árunum 1951—1961, að báðum meðtöldum. Í þeirri skýrslu sést, að mest var þetta framlag árið 1957. Þá var það nokkuð yfir 15 millj. kr. Næstu þrjú árin var það 13½ millj. og 14 rúmlega, en 1961 var þetta fært niður í rösklega 10 millj., og á fjárlögum ársins, sem nú er að líða, mun vera gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi í þessu skyni.

Það er enginn vafi á því, að það hefur orðið mjög mikið gagn að þessum framlögum frá því opinbera. Þau hafa átt mikinn þátt í því að auka framleiðslu og tryggja áframhaldandi atvinnurekstur í byggðarlögum, sem að öðrum kosti var hætta á að legðist niður. En á það er að líta, að síðustu árin hefur framkvæmdakostnaður allur hækkað ákaflega mikið. Eins og ég gat um áðan og fram kemur í grg. með frv., voru lagðar fram rúmar 15 millj. kr. til atvinnuaukningar árið 1957. Hækkun á framkvæmdakostnaði hefur orðið svo mikil síðan, að telja má, að ekki mundi vera hægt að komast af með minna en 25 millj. nú til þess að kaupa fyrir jafnmikið af atvinnutækjum og hægt var að fá fyrir 15 millj. fyrir fimm árum. Ég hef því leyft mér að leggja til í brtt. á þskj. 328, að framlagið til sjóðsins verði aukið verulega. Ég geri þar tillögu um, að það verði þó ekki nema 10 millj. á þessu ári, vegna þess að sú upphæð var tekin á fjárlögin, þegar þau voru afgreidd í vetur. En síðan legg ég til, að ríkið leggi fram til sjóðsins 25 millj. ár hvert, næstu 9 ár þar á eftir. Yrði þetta samþykkt, mundi framlagið úr ríkissjóði á næstu tíu árum verða samtals 235 millj. í staðinn fyrir 100 millj., sem lagt er til í frv.

Aðalverkefni þessa sjóðs á að vera það, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þetta tel ég að þurfi að koma skýrt fram í lögunum. Brtt. þær, sem ég flyt um breytingu á nafni sjóðsins, eru í samræmi við þessa skoðun. Þetta á að vera höfuðhlutverk sjóðsins. Ef fyrir kemur atvinnuleysi vissa tíma á fjölbyggðum stöðum, þar sem annars er mikill atvinnurekstur og mikið af atvinnutækjum, þá er það vandamál að sjálfsögðu, sem þarf að leysa, en það á ekki að vera verkefni þessa sjóðs. Hann á fyrst og fremst að gegna öðru hlutverki. Og benda má á það, eins og reyndar var gert af hv. frsm. fjhn., að þessi skoðun kemur glöggt fram í þeirri þáltill., sem samþykkt var á síðasta þingi, því að í henni segir, að ráðstafanir eigi að gera til framleiðsluaukningar og jafnvægis í byggð landsins, m. a. með stofnun jafnvægissjóðs, ásamt ákvæði um framlög í því skyni og úthlutun þess fjár, og í ályktuninni er sagt, að tilgangur þessarar löggjafar skuli fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Þessu var lýst af hv. frsm., og ég heyrði það á hans ræðu, enda var það kunnugt áður, að honum er það mjög ljóst, hver aðaltilgangurinn á að vera með þessum lögum, sem hér er stofnað til. Ég hef því, eins og áður segir, viljað gera þetta enn ákveðnara í lögunum, m. a. með því að breyta nafninu á

sjóðnum, að í stað þess að nefna hann atvinnubótasjóð, þá verði hann nefndur jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður. Þetta tel ég í fullu samræmi við þann vilja Alþ., sem kom fram á síðasta þingi, þegar samþykkt var ályktun um að undirbúa þessa löggjöf.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég man nú ekki með vissu, hvenær það frv., sem hér liggur fyrir, var til 1. umr. í hv. deild, en það er orðið langt síðan. Það er nú upplýst hér af hv. 1. þm. Norðurl. v., að það hafi verið í október, sem málið var til 1. umr. Síðan þá hefur þingnefnd, hv. fjhn. þessarar d., haft frv. til meðferðar. Og ég er ekki að átelja það, þó að n. hafi ekki afgr. frv. fyrr, síður en svo, því að það, sem mestu máli skiptir í því sambandi, er ekki það, hve langan tíma meðferð máls í n. tekur, ef hann verður ekki svo langur, að afgreiðsla reynist ekki möguleg á því þingi, sem um er að ræða, heldur hitt, hvaða starf n. leysir af hendi og hvað hún leggur til.

Ég talaði nokkur orð við 1. umr. þessa máls og skal ekki endurtaka það nú, sem ég sagði þá. Ég mælti þau orð, sem ég mælti þá, í þeirri von, að n. tæki til athugunar það, sem þar kom fram. En ég verð nú að segja það, að ég hefði kosið, að af starfi nefndarinnar hefði orðið, ef ég svo mætti orða það, meiri árangur en sá, sem fram kemur í því stutta nál. á þskj. 320 og brtt., sem þar er prentuð. En ég vil þó taka undir það, að sú brtt., sem frá nefndinni kemur, er mjög til bóta og ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með henni. Meiri umbætur á frv. felast þó í þeirri breyt., sem einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur flutt á þskj. 328 og hann nú hefur gert grein fyrir. Það er sérstaklega tillaga hans um hækkun framlagsins úr ríkissjóði, sem mundi gera það að verkum, ef samþykkt yrði, að málið breytti mjög um svip frá því, sem það er nú.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. á þskj. 327. Sú brtt. er við 1. gr. frv. Í þeirri gr. segir svo, að hlutverk sjóðsins, sem frv. fjallar um, skuli vera að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. Þetta er í b-lið gr. til viðbótar því, sem áður er sagt í a-lið. Ég hef leyft mér að leggja til, að aftan við þennan lið komi: „og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarið eða íbúafjölgun verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild.“ Ef þessi brtt. mín væri samþ., mundi þessi tölul. hljóða svo: „Að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarið eða íbúafjölgun verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild.“

Ég vil nú leyfa mér að skýra nokkru nánar, við hvað hér er átt og hvað í þessari brtt. felst.

Síðustu tvo áratugina hefur íslenzka þjóðin stækkað mjög ört. Árleg fólksfjölgun í landinu hefur verið um og yfir 2% — eða meiri en í flestum öðrum þjóðlöndum, þar sem glögg manntöl liggja fyrir. En á þessum tíma hefur verið mjög mikill flutningur fólks milli landshluta. Víða hefur fólkstalan beinlínis lækkað á þessum tíma, þó að þjóðinni í heild hafi fjölgað ört, og annars staðar lækkað hlutfallslega, þ. e. a. s. fjölgunin hefur orðið minni og sums staðar miklu minni en íbúafjölgun landsins í heild. Sem dæmi um þessa hlutfallslegu fólksfækkun, sem ég nú nefndi, má t. d. nefna höfuðstað Norðurlands, Akureyri. Menn kynnu að vísu að ætla, að þar væri ekki um fækkun af neinu tagi að ræða, en vissulega er það þó svo. Þar er um hlutfallslega fólksfækkun að ræða, þrátt fyrir það að alltaf sé nokkur innflutningur í bæinn. Á Akureyri hefði fólksfjölgunin samkvæmt meðalfjölgun þjóðarinnar átt að vera a. m. k. 170 manns ár hvert nú undanfarið, þó að ekki sé gert ráð fyrir neinum innflutningi umfram útflutning úr öðrum byggðarlögum. En ég hef athugað það samkvæmt skýrslum, að meðalfólksfjölgun á Akureyri á árunum 1956—60 var ekki nema rúmlega 140 að meðaltali, þannig að þarna er — í sjálfum höfuðstað Norðurlands, sem er þó það fjölmennur sem hann er og þar sem þó sýnilega á sér stað nokkur innflutningur — um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á þessum fimm árum, miðað við fjölgun þjóðarinnar í heild. Fjölgunin á Akureyri hefur ekki náð því, sem fjölgun þjóðarinnar nær á þessum tíma ár hvert að meðaltali. Og á ýmsum öðrum stöðum er svipaða sögu að segja, en þó miklu víðar hina söguna, að þar er beinlínis um fólksfækkun að ræða í tölum. En á litlu landssvæði hér við suðausturhorn Faxaflóa, upp frá svo sem 10—20 km beinni strandlengju, hefur íbúatalan hins vegar hækkað óðfluga á þessum tveimur áratugum. Á þessu svæði, sem hagfróðir menn eru farnir að nefna á prenti Stór-Reykjavík, voru 43 þús. manna árið 1940 samkv. manntali, en í des. 1960 88 þús. manna. Fjölgunin á 20 árum er úr 43 þús. upp í 88 þús. manna. Þetta er meira en 100% fjölgun á þessu litla svæði á 20 árum. Þó að ánægjulegt sé að sjá þær miklu framkvæmdir, sem orðið hafa á þessu litla svæði á þessum tíma, og þó að allir eigi að geta verið sammála um það að stuðla að velferð þessarar nýju borgarbyggðar, þá er samt þróun eins og þessi ekki heppileg, hvorki fyrir Stór-Reykjavík sjálfa né þjóðina í heild. Hún skapar erfið og næstum óleysanleg viðfangsefni fyrir þessa fjölmennu borgarbyggð, samfara töluverðri áhættu í atvinnumálum fólksins, sem þar á heima og þangað flyzt. Og hún veldur hnignun annarra byggða landsins, ef ekki verður hér breyting á. Það er auðvelt að halda áfram að reikna þetta dæmi frá síðustu 20 árum, því að ef gert er ráð fyrir sömu þróun, t. d. næstu 20 eða tvisvar sinnum 20 ár, ef á hverjum tveimur áratugum verður rúmlega 100% fjölgun, þá yrðu um aldamótin, næstu aldamót, eftir 40 ár, a. m. k. 360 þús. manna í Stór-Reykjavík, en í öllum öðrum byggðum landsins samtals 30 þús. manna, miðað við ca. 2% árlega þjóðarfjölgun. Í öllum öðrum hlutum landsins yrðu ca. 30 þús. manna og þar af væntanlega bróðurparturinn hérna sunnar á Reykjanesi, í verstöðvunum þar, og norðan við flóann, þar sem nú er blómleg byggð. Ég veit ekki, hvort menn almennt hugleiða þessa

þróun. Þetta er að vísu ekki nákvæmt reiknað, en það virðist vera nærri lagi, þegar reiknað er með 2% fólksfjölgun, — hún er lítils háttar meiri, — en tilfærslan, sem hér er verið að sýna, er áreiðanlega ekki minni en hér er gert ráð fyrir í útreikningnum.

Ég held nú, að hv. alþm. ættu að gefa alvarlegan gaum að þessari framtíðarmynd af byggð Íslendinga í landi sínu. Og ég held raunar, að þeir reynist ekki mjög margir, sem óska þess, að sú mynd verði að veruleika, og Reykvíkingar og nágrannar þeirra óska þess líklega ekkert frekar en aðrir. Þetta er sameiginlegt vandamál okkar allra, sem eigum þetta land og kærum okkur ekki um, að annarra þjóða menn fari að byggja það með okkur.

Spurningin er þá: Hvernig á að fara að því að sjá um, að landið haldist í byggð og þessi þróun eigi sér ekki stað, sem hefur átt sér stað undanfarandi áratugi og útlit er fyrir að eigi sér stað? Hvernig á að stuðla að því, sem kallað er jafnvægi í byggð landsins? Frumskilyrði til þess, að byggð haldist og íbúatala aukist hvar sem er á landinu, er auðvitað efling og aukning atvinnuveganna á hverjum stað, aukið fjármagn, fleiri atvinnutæki eða framkvæmdir, sem styðja atvinnulífið, meiri framleiðsla til sjávar og sveita. Þetta skildu Norðmenn, þegar þeir gerðu Norður-Noregs-áætlun sína rétt eftir 1950. Ég vék nokkuð að þeirri áætlun við 1. umr. þessa máls og skýrði hér frá ýmsum atriðum í sambandi við hana. Og þetta er hugsunin á bak við það, sem talað hefur verið um og stundum framkvæmt til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Að mínum dómi er hér um að ræða stærsta viðfangsefni þjóðarinnar um þessar mundir og á næstu áratugum. Og margt af því, sem við erum að fást við, þrátta um hér á Alþ. og á ýmsum öðrum vettvangi, eru hreinir smámunir í samanburði við þetta aðkallandi viðfangsefni, sem getur varðað tilveru þjóðarinnar og sjálfstæði. Og ef menn bera ekki gæfu til samþykkis um það, sem í þessu sambandi þarf að gera á komandi árum, þá er hér mál, sem vissulega er þess virði, að fyrir því sé barizt og menn helgi því krafta sína.

Það virðist kannske sumum álíka fjarlægt nú að tryggja eðlilegan vöxt landsbyggðarinnar, eins og það sýndist fjarlægt í lok þjóðfundarins 1851, að Íslendingar fengju stjórnarskrá. Hér er líka um sjálfstæðismál að ræða, og hér má ekki liggja á liði sínu, ef duga skal. Þess vegna þykir mér, eins og ég sagði við 1. umr., og jafnvel eftir þær umbætur, sem hafa verið gerðar eða er verið að gera af hv. fjhn., þetta frv., sem hér liggur fyrir, allt of smátt í sniðum og að sumu leyti ekki rétt sniðið heldur, og veik hv. 1. þm. Norðurl. v. nokkuð að því vansniði, sem á frv. er. Skal ég ekki fara fleiri orðum um það. Það er samt fram komið nú með alllöngum aðdraganda, sem hv. frsm. lýsti m. a. í sinni ræðu áðan, en hann hefur alltaf verið áhugasamur um þessi mál, þó að hann sé nú frsm. þessa frv. Það er fram komið vegna skilnings, sem víða hefur verið fyrir hendi á kjarna málsins, en er þó, eins og einnig hefur verið áður vikið að í umr. um þetta mál, að sumu leyti afturför frá atvinnuaukningarfénu, sem úthlutað hefur verið í 10 ár og komst um skeið upp í 15 millj. kr., eins og lesa má í grg. frv. Og ég hygg einnig, að þetta frv. sé frekar en hitt afturför frá því frv., sem þeir tveir alþm., sem frsm. nefndi áðan, sömdu árið 1956, ef vel er að gáð. Ég hygg, að þetta frv. sé afturför frá því frv., þó að síðan sé langur tími liðinn og maður skyldi ætla, að málinu hefði aukizt fylgi og þeirri hugsun, sem í því felst, hafi vaxið fiskur um hrygg á þessum tíma. En auðvitað á mergur þessa máls að vera sá að koma upp öflugri stofnun til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með dreifingu fjármagns og áætlunargerð nokkuð hliðstætt því, sem Norðmenn hafa gert og gera enn í sínu landi. Og það má geta þess í því sambandi, að núna eftir að N.-Noregs-áætluninni svokölluðu er lokið á árinu sem leið, að ég ætla, eða í árslok 1960, ég man ekki, hvort heldur var, þá hafa þeir sett nýja löggjöf og raunar verið gerð ný áætlun um jafnvægi í byggð Noregs, sem er á breiðari grundvelli en N.-Noregs-áætlunin sjálf var. Og mér finnst, að hæstv. ríkisstj., sem hefur gert töluvert að því að fá norska menn til þess að vinna fyrir sig verk, ætti að gefa gaum að því, sem Norðmenn hafa hafzt að í þessum málum undanfarinn áratug, þeirri starfsemi, sem hófst upp úr 1950 í N.-Noregi og haldið er áfram síðan, og íhuga hvílíkt fjármagn það er, sem búið er að veita inn í N.-Noreg samkv. þessari áætlun. N.-Noregur er landssvæði, sem er kannske álíka stórt og Ísland, og íbúatala þar er að vísu hærri en á Íslandi, en þó hins vegar ekki hærri en svo, að það eru mjög sambærileg þau viðfangsefni, sem þar er um að ræða og hér, og þær fjárupphæðir, sem þar hafa verið veittar í jafnvægi í byggð landsins, og þær fjárupphæðir, sem talað er um að veita samkv. þessu frv. En hvað sem því líður, hvað sem aðrar þjóðir gera, þá á okkur að geta verið ljóst okkar eigið viðfangsefni. Og til þess að eitthvað miði áfram í þessa átt, þarf þetta ríkisframlag samkv. frv. áreiðanlega mjög að hækka, og ég held, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi farið tiltölulega hóflega í sinni brtt. um það efni. B-lið 1. gr. vil ég láta breyta, eins og lagt er til í brtt., sem ég hef áður nefnt, á þskj. 327. Mér finnst, að hér eigi að koma hreint fram og ekki vera með óþarflega loðið orðalag, — koma hreint fram, þannig að það a. m. k. gleymist ekki, að hér sé um jafnvægissjóð að ræða. Það mundu menn a. m. k. í fyrra, þegar þáltill. var afgr., að þetta átti að vera jafnvægissjóður, og þess vegna er eðlilegt, að liðurinn sé svona orðaður, að sjóðurinn eigi að veita lán til að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, sérstaklega eða fyrst og fremst í þeim landshlutum, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarið eða íbúafjölgun verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild, eins og ég hef leyft mér að orða það atriði. Annaðhvort vilja menn eða vilja ekki nota þessa fyrirhuguðu stofnun til þess að reyna að leysa úr þeim vanda, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni. Og menn

mega ekki gleyma því í þessu sambandi, að til eru aðrar lánsstofnanir, sem halda áfram að gegna sínu hlutverki, og hugsanlegt, að þær geti gert það í ríkara mæli en nú er. Hvers vegna þá að vera að gefa það í skyn, að þessi stofnun, sem á að vera stofnuð sérstaklega til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eigi e. t. v. að hafa eitthvert annað hlutverk líka? Hvers vegna endilega að seilast eftir lambi hins fátæka manns í þessu efni? Eða dettur mönnum í hug að nota líka þetta fé, ef svo ber undir, til þess að hjálpa til að efla þá fólksflutninga enn og þá háskalegu þróun, sem ég hef nefnt, og þá landeyðingu, sem virðist vofa yfir eftir nokkra áratugi, ef svo heldur fram sem horfir? Ég vona, að svo sé ekki. Hér er í b-lið 1. gr. frv. talað um hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða — að veita lán til að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu. En um allt Ísland, a. m. k. hinn byggða hluta þess, eru góð framleiðsluskilyrði frá náttúrunnar hendi, í hverri sýslu og í hverri höfn, framleiðsluskilyrði á ýmsum sviðum, sum að einhverju leyti notuð, sum, sem aldrei hafa verið notuð, framleiðsluskilyrði, sem á þessari miklu tækniöld þættu góð í hverju því landi, sem ekki telst vanþróað. Það er fólksins, sem landið byggir, eða samfélagsins að nota þessi skilyrði eins og þjóð, sem vill eiga land sitt og helga sér eignarréttinn með byggð, en ekki eins og farandþjóð, sem safnast saman í einn tjaldstað og fer þaðan til fanga, — nota þau, þessi framleiðsluskilyrði, þar sem þau eru, og tengja örlög sín við landið, sem skóp hana. Það er sitt hvað, þó að Íslendingar vilji eiga myndarlega höfuðborg sem hæfilega miðstöð nýmenningar og gróandi þjóðlífs, og það viljum við öll, eða gera Ísland að borgríki á einu útnesi, svo að notað sé orðalag Landnámabókar. Slíkt ríki fær ekki staðizt fremur en önnur af því tagi fyrr á tímum, og þarf ekki um það að fjölyrða.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir brtt. minni á þskj. 327 og hvers vegna hún er orðuð eins og hún er orðuð.

Nú vék hv. frsm. n. að því áðan í framsöguræðu sinni, að hann teldi eðlilegt eða gerði frekar ráð fyrir, að brtt. yrðu teknar aftur við þessa umr., enda sagði hann, að n. þyrfti að halda fund til að ganga frá ákvæði, sem vantaði í frv. Ég vil mjög gjarnan verða við þessu og taka mína brtt. aftur við þessa umr., þannig að hún komi ekki til meðferðar fyrr en við 3. umr., og vil ég þá mega vænta þess, að hv. fjhn. taki hana til athugunar, þegar hún fjallar um málið.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ef allur þingheimur hefði haft sama skilning á þessu vandamáli þjóðarinnar allt frá 1956 til þessa dags eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., þá væri þessum sjóði löngu komið á. 1956 þótti sumum hv. þm. hér vera farið mjög smátt af stað, þar sem ekki ætti að leggja nema 5 millj. kr. í sjóðinn á hverju ári, eins og þá var tiltekið. En þótt ekki hefði verið farið lengra en það þá, ætti þó sjóðurinn að stofnfé 50 millj. á s. l. 10 árum, auk þess sem alltaf hefði verið tækifæri til þess að auka framlög hans, þegar hann tók til starfa og þegar hann færi að sýna fram á í raunveruleikanum, að skoðanir hv. 3. þm. Norðurl. e. og þeirra, sem eiga samleið með honum í því máli, hefðu átt að vera virtar meira en Alþ. hefur gert. Þá hefði kannske verið auðveldara nú að fá stærri fúlgur til sjóðsins. Þetta sjónarmið vakir fyrir mér enn í dag. Ég tel það höfuðatriði, að sjóðnum sé komið á fót. Ég tel, að það sé ekki æskilegt, að því fé, sem varið er til atvinnubóta nú á hverju ári, sé varið á þann hátt, sem gert hefur verið, og ég tel ekki æskilegt, að sá hugsunarháttur skapist í sambandi við þessar fjárveitingar, sem ég gat um í minni framsöguræðu, þ. e. að þetta væri fé, sem ekki ætti að greiðast aftur. Ég tel því, að það sé nauðsynlegt að koma á sérstakri löggjöf um sjóðinn, svo að hann geti sinnt þeim verkefnum, sem bæði ég og hv. 3. þm. Norðurl. e. höfum svo mjög barizt fyrir öll þessi ár. Mér er því aukaatriði bæði nafn sjóðsins og eins hitt, hversu nákvæmlega er farið út í að skilgreina hinar einstöku greinar. Ég met það ekki eins mikils og hitt, að koma málinu í höfn, og harma, ef þessar umr. um frv. eða brtt., sem fram eru bornar, gætu orðið að einhverju leyti til þess að tefja framgang málsins. En ég vil einmitt benda á, að það voru svona ágreiningsatriði, sem eyðilögðu, að frv. frá 1956 næði fram að ganga, og það einmitt á síðustu stundu. Þá voru settar inn brtt., sem að sjálfsögðu hafa átt mikinn rétt á sér, — það er síður en svo, að ég sé að neita því, — en það varð til þess, að málið náði ekki fram að ganga á því þingi, þar sem þær komu ekki fram fyrr en í þinglok. Hafa þær till. einnig orðið til þess, að menn hafa ekki komið sér saman um að koma löggjöf á um þetta atriði, svo nauðsynlegt sem það þó er.

Nú hefur orðið um það samkomulag að setja um þetta lög á þann hátt, sem sett er fram í frv., sem hér liggur fyrir, og gera á því þær breytingar, sem nefndin leggur til. Og þó að engar aðrar breytingar verði gerðar á frv., þá æski ég þess miklu frekar, að það þannig verði að lögum, heldur en dagi uppi. Og það veit ég, að hv. 3. þm. Norðurl. e. vill einnig, þó að hann hins vegar óski frekar eftir því, að gerðar séu hér á þær breyt., sem hann hefur borið fram. Ég vildi því óska þess, að þessari umr. yrði nú ekki frestað, en brtt. teknar aftur til 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að hv. 3. þm. Norðurl. e. sé því samþykkur. Skal ég sjá um, að till. verði ræddar í n. Hvaða afstöðu nefndin tekur til þeirra, get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt um. Hv. 1. þm. Norðurl. e. á sæti í n. og ég geri ráð fyrir, að hann sé ekkert á móti því að taka sína till. aftur til 3. umr. Hann hafði ekki borið fram till. í n., svo að ég geri ráð fyrir, að hann fallist á að taka hana aftur til 3. umr. og að það þurfi ekki að lengja umr. af þeim ástæðum.

Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að leiðrétta nokkuð það, sem hefur komið fram hér í umr. í sambandi við hið raunverulega fjárframlag, sem lagt hefur verið fram til þessara mála á s. l. 10 árum. Það er rétt, sem stendur í grg. frv., eins og bæði ég og aðrir hafa minnzt

á, að það hafa verið lagðar fram rúmar 100 millj. á þessum árum alls. En raunverulega hefur verið lagt meira til þessara mála, því að á fjárlögunum 1960 var tekinn upp nýr liður, 4 millj. kr. aukaframlag til vegaframkvæmda, sem úthlutað var einnig af þessari sömu n. og beinlínis var gert til þess að mæta óskum og ákvæðum, sem að nokkru leyti voru í frv. frá 1956, því að þar var ákveðið, að einnig mætti veita fé úr þessum sjóði til þess að koma á betri samgöngum við þau héruð úti á landinu, sem erfiðast ættu um samgöngur og vitað var að mundu verða mjög aftur úr í framleiðslu og jafnvel hætta framleiðslu, ef ekki væri hægt að koma til þeirra a. m. k. slíkum vegum, að þangað væri hægt að flytja jarðræktaráhöld og koma þangað jeppabifreiðum, svo að þessar 4 millj. kr., sem hafa verið látnar til þessara framkvæmda árin 1960 og 1961, eiga raunverulega að teljast sem framlag í þennan flokk, vegna þess að þær sinna sama verkefni. Að vísu var þessu fé ekki varið að fullu á þennan hátt á fyrsta árinu, 1960, þar sem meginhlutinn af fénu var tekinn í framkvæmdir á aðalþjóðvegum. Aftur var þessu breytt árið 1961 og því þá miklu meira varið, eins og hugsað var á sínum tíma, til framkvæmda og til atvinnubóta í byggð landsins. Á árinu 1962 var hins vegar þessi liður tekinn í burtu úr atvinnuaukningarfénu og látinn beint inn í vegaframkvæmdirnar og þó gert ráð fyrir því a. m. k. í umr., bæði hér á Alþingi og eins við vegamálastjóra, að þetta fé skyldi sinna þessum sömu verkefnum. Var upphæðin beinlínis hækkuð um 4 millj. kr. af þessum ástæðum, en auk þess látin 1.4 millj. á yfirstandandi ári til þess að leysa sérstök vandræði um samgöngur við þá staði í landinu, sem eiga langmesta erfiðleika við að búa. Skyldi þetta fé jafnt notað til vega- og brúagerðar, þar sem nauðsyn bar til, svo að menn þyrftu ekki að hverfa frá framleiðslu þar beinlínis vegna þessara erfiðleika. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram. Hefur þá raunverulega verið varið til þessara mála rúmlega 100 millj. kr., svo sem kemur fram í skýrslunni. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir því og alls ekki að frv. óbreyttu, að það fé sé endurkræft í sjóðinn eins og sú upphæð, sem um er rætt í grg. frv. En mér þótti hins vegar rétt að láta þetta koma fram í umræðunum.

ATKVGR.
Brtt. 320 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 327 og 328 teknar aftur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar málið var til 2. umr. í þessari hv. deild, var óskað eftir því, að þær tillögur, sem fyrir lægju, væru athugaðar af fjhn. Nefndin hefur ekki haft tækifæri til þess að halda fund um málið. Form. hennar hefur tjáð mér, að hann muni gera það á morgun, og vildi ég óska, að málið yrði tekið út af dagskrá, en hins vegar mætti setja það á dagskrána á morgun, því að þá mundi n. vera búin að athuga tillögurnar.

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 60. fundi í Nd., 6. marz.

Á 61. fundi í Nd., 8. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 336, 327, 328, 349).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur rætt þetta frv., síðan það var hér til umræðu síðast, athugað frv., eins og það er á þskj. 336 eftir 2. umr. í þessari hv. deild, svo og þær brtt., sem fram hafa komið, bæði á þskj. 328 og 327.

Eins og b-liður 6. gr. er nú á þskj. 336, gerir hann ráð fyrir því, að sjóðsstjórnin verði að leita umsagnar sveitarstjórnar um umsóknina og umsagnar Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, eftir því sem við á, ef sótt er um lán samkv. 1. gr. b. Þegar fjhn. fór að athuga þetta ákvæði, þótti henni eðlilegra að leggja ekki þessa kvöð á umsækjanda yfirleitt. Hann hefur að mörgu leyti engan veginn létta aðstöðu til þess að geta aflað sér þessara upplýsinga. Og ef þess utan umsókn hans af einhverjum öðrum ástæðum er ekki tekin til greina, t. d. ef fé væri ekki fyrir hendi í sjóðnum eða önnur verkefni yrðu látin ganga fyrir, þá þykir óeðlilegt að vera að láta viðkomandi hafa af því bæði ónæði og fyrirhöfn að afla slíkra upplýsinga. Fjhn. leggur því til á þskj. 349, að b-liður 6. gr. orðist þannig: „Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástand í sveitarfélagi, þar sem umsækjandi hyggst reka starfsemi þá, sem styrks eða láns er óskað til.“ Það er með öðrum orðum, að hér er aðeins miðað við það, að umsækjandi láti fylgja umsögn frá sveitarfélaginu, þar sem hann hugsar að veita því fé til atvinnuuppbyggingar, sem hann sækir um, og c-liður og d-liður séu felldir saman í einn lið og hann komi til með að hljóða þannig: „Þegar sjóðsstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórnar, Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðarmálastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd.“ N. var sammála um, að þetta væri eðlilegri meðferð á málinu. Hefur þetta verið borið undir hæstv. félmrh., sem hafði fallizt á, að þessi breyt. yrði gerð á frv.

Þá hefur n. einnig lagt til, að á eftir 12. gr. komi bráðabirgðaákvæði, er hljóði svo: „Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtími hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar.“ Er óhjákvæmilegt að hafa slíkt ákvæði, ef frv. verður lögfest nú á þessu þingi, þar sem þá er ekki ætlazt til þess, að kosning stjórnarinnar gildi nema þangað til almennar alþingiskosningar hafa farið fram, sem væntanlega verður 1963.

Það er enginn ágreiningur um þessar breyt., og vænti ég þess, að hv. deild fallist á þær.

Þá hefur n. rætt á ný brtt. frá Skúla Guðmundssyni á þskj. 328. Það er, að í stað „atvinnubótasjóðs“ komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður. N. sá ekki ástæðu til að vera að breyta nafni sjóðsins. Hér er um langt og heldur óþjált orðalag að ræða. Það er ekkert höfuðatriði, hvaða nafn sjóðurinn fær út af fyrir sig, og hefur þetta verið skýrt áður. Meiri hl. leggur því til, að till. undir 1. lið verði ekki samþykkt.

2. till., er við 2. gr., að a-liður orðist þannig: „Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 10 millj. kr. árið 1962 og síðan 25 millj. kr. árlega í næstu 9 ár þar á eftir.“ Þetta atriði hefur n. einnig tekið til athugunar, og getur meiri hl. ekki fallizt á þessa breyt. Það verður að sjálfsögðu samin ákveðin reglugerð af stjórn sjóðsins og ráðherra, hvernig haga skuli vinnubrögðum í sambandi við þetta mál, þegar það hefur verið lögfest. Það verður sjálfsagt fyrsta verkefni þeirrar sjóðsstjórnar að taka til athugunar skipulagðar umbætur eftir ákvörðun frv. Nefndinni er í dag alveg óljóst, hvað slíkar framkvæmdir kynnu að hafa mikið fjárframlag í för með sér. Það kynni líka að vera meira eitt árið en annað, og það er engin ástæða til í dag endilega að binda þessa fjárupphæð við 25 millj. Það fer að sjálfsögðu mikið eftir getu ríkissjóðs annars vegar og þeirri þörf, sem Alþ. á hverjum tíma er sammála um að sé í þessum málum, og sér því meiri hl. n. ekki ástæðu til að breyta þessum a-lið frv. í þetta skipti. Það er sjálfsagt ágætt, ef hægt væri í framtíðinni að auka tekjur sjóðsins verulega, en ég vil í sambandi við þetta einnig benda á, að ef tekst að semja um það fé, sem sjóðurinn á að fá sem stofnfé, bæði um endurgreiðslu á því og vexti, þar til það hefur verið greitt að fullu, þá verður þar einnig um verulegar tekjur að ræða fyrir sjóðinn. Allt er þetta enn í óvissu, og er því ekki ástæða til að raska þessu við afgreiðslu málsins hér á þessu þingi.

Aðrar till., undir 3., 4. og 5. lið, eru leiðréttingar á frv. miðað við, að fyrri till., undir 1. og 2. lið, yrðu samþykktar, og þarf ekki að ræða það nánar.

Þá hefur n. einnig athugað till. frá Gísla Guðmundssyni á þskj. 327 við 1. gr. Það er, að aftan við b-lið gr. komi: „Og þá fyrst og fremst í þeim landshlutum, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarið eða íbúafjölgun verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild.“ En b-liður er nú í frv. á þskj. 336 svohljóðandi: „Að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.“

Ef þessi brtt. yrði samþykkt, ætti fyrst og fremst að snúa sér að því að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu og þá alveg sérstaklega á þeim stöðum, sem um er getið í till. á þskj. 327. Nú kynni þannig að fara, að töluverð þörf væri á að stuðla að slíkri hagnýtingu í öðrum héruðum í þéttbýli og fyrir hendi væri ekki sama verkefni á þeim stöðum, sem till. getur um, og þá væri, eftir að till. væri samþykkt, ekki heimilt að sinna þeim verkefnum, jafnvel þó að ekkert slíkt verkefni væri fyrir hendi á þeim stöðum, sem till. gerir ráð fyrir. Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að benda á eitt dæmi, sem mér er kunnugt um.

Fyrir nokkru var gerð tilraun til þess að útbúa sjálfvirk löndunartæki úr togara til þess sumpart að flýta fyrir löndun og sumpart til þess að spara vinnuafl, einkum og sér í lagi þar sem svo stóð á, að erfitt var að fá vinnuafl til þessara starfa og togararnir urðu að bíða hér stundum tímum og dögum saman til þess að fá fólk. Engir þeir sjóðir, sem fyrir voru, töldu sér skylt að lána fé til þess að gera þessa tilraun. En ef þetta frv. hefði þá verið samþykkt eða orðið að lögum, þá er sýnilegt, að þessum sjóði bar að styrkja þá tilraun, sem þar var gerð, og ef hún hefði tekizt, þá er áreiðanlega uppfyllt það skilyrði, sem hér er rætt um. Þá var stuðlað að góðri hagnýtingu og betri framleiðsluskilyrðum í landinu. Þá hefðu togararnir getað stytt legutíma sinn hér í höfnum, og þá hefði einnig orðið e. t. v. miklu ódýrara að landa fiskinum heldur en landa honum á annan hátt. Þessi áhöld voru reynd, m. a. á Ísafirði, og reyndust ágætlega og leystu á þeim tíma þann vanda, sem steðjaði þar að útgerðinni, og alveg sérstaklega þann vanda að geta ekki fengið fólk til þess að sinna þessum störfum. Ég teldi, að ef þessi till. væri samþykkt, eins og hún liggur hér fyrir, þá væri mjög vafasamt, hvort það mætti raunverulega veita fé til slíkra umbóta, ef það væri ekki á stöðum, sem uppfylltu þau skilyrði, sem till. gerði ráð fyrir. M. a. af þeim ástæðum vill meiri hl. n. ekki leggja til, að till. verði samþykkt.

Í þáltill., sem samþ. var á Alþ. 29. marz 1961, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal tilgangur þessarar löggjafar fyrst og fremst vera sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.“

Einn hv. nm., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur bent á, að það hefði verið eðlilegra að taka þetta upp í frv. og láta því a-lið 1. gr. hljóða meira í samræmi við þáltill., eða m. ö. o. að færa orðin „og jafnvægi í byggð landsins“ fram fyrir „að auka atvinnu“. Þetta telur meiri hl. vera algert aukaatriði. Það er vitað, að þessi sjóður á fyrst og fremst að vinna að því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, auka þar atvinnu, sem mest er þörf. Ég sé því ekki ástæðu til þess að breyta um orðalag af þeim ástæðum frá því, sem er á þskj. 336.

Það hefur einnig verið minnzt á, hvort ekki væri hægt að taka það fé, sem hér væri fyrir hendi, og nota það, ef almennt atvinnuleysi væri á einhverjum stöðum. Í því sambandi vil ég taka fram, að það er skoðun fjhn., að þetta fé eigi ekki undir neinum kringumstæðum að koma í staðinn fyrir verkefni atvinnuleysissjóðs, sem á að sjálfsögðu að standa undir því, ef atvinnuleysi kemur upp í landinu. Þessum sjóði er ekki ætlað að sinna því verkefni.

Með þeim skýringum, sem ég hef gert, legg ég til fyrir hönd allrar n., að till. á þskj. 349 verði samþ. eins og þær liggja fyrir, og fyrir

hönd meiri hl., að hinar tvær till. verði felldar og frv. verði þannig afgr. frá þessari hv. deild.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Áður en gengið verður frá þessu máli í hv. d., langar mig til þess að segja um það nokkur orð.

Eins og menn vita og greint er frá í aths. með frv., er það ekkert nýmæli, að veitt sé fé til atvinnuaukningar í landinu, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Samkv. fjárlögum undanfarin 10 ár — og þó raunar 11 ár — hefur verið veitt fé til atvinnuaukningar á fjárlögum, samtals rúmar 100 millj. kr., sem er mikið fé, þegar þess er gætt, að á þessum árum flestum var allt annað verðlag en nú.

Þetta fé hefur mestmegnis verið lánað einstaklingum og félögum í sjávarplássum landsins til að koma þar á fót atvinnurekstri og auka þann, sem fyrir var. Þetta fé hefur haft þá sérstöðu meðal lána, að það hefur verið lánað með veði á eftir þeim lánum, sem fengizt hafa annars staðar með ríkisábyrgðum eða úr stofnlánadeildum. Hér hefur í reyndinni orðið um eins konar áhættuframlag í mörgum dæmum að ræða af ríkisvaldsins hálfu móti því framlagi, sem eigendurnir hafa getað lagt í fyrirtækin. Ég fullyrði, að þetta fjármagn hefur átt ævintýralegan þátt í því að auka framleiðslu íslenzka þjóðarbúsins á undanförnum árum og stórfelldari þátt í því en flestir gera sér grein fyrir, hversu ánægjulega sjávarplássin mörg hafa byggzt upp undanfarið og stóraukið sína framleiðslu.

Þetta fjármagn hefur orðið til þess að leysa úr læðingi framtak margra dugmikilla einstaklinga, sem að öðrum kosti hefði ekki getað komið til greina að yrðu sjálfstæðir atvinnurekendur. Þannig hafa t. d. fjöldamargir ungir, dugmiklir sjómenn fyrir tilstuðlan þessa fjár getað orðið bátseigendur og sjálfstæðir framleiðendur og moka nú upp fiski og síld fyrir þjóðarbúið, og mætti rekja um þetta glögg dæmi víðs vegar um landið.

Ég efast um, að nokkurt fjármagn, sem ráðstafað hefur verið af opinberri hálfu, hafi komið að meira liði, þegar á heildina er litið, til eflingar framleiðslunni og uppbyggingu sjávarplássanna en þetta fé, einmitt vegna þess að það hefur verið látið til viðbótar öðrum venjulegum lánum og oft riðið baggamuninn að þessu leyti. Uppbyggingin gat því átt sér stað. Og fyrir unga fólkið, sem hefur verið að ryðja sér braut inn í framleiðsluna, hefur þetta fjármagn verið ómetanlegt.

Á árunum 1957—58 var þetta fjármagn hækkað verulega. 1957 var það rúmar 15 millj. og 1958 13½ millj. 1959 var því síðan aftur aðeins þokað upp, í 14.2 millj., og 1960 var þetta fé 14½ millj., þannig að það má segja, að á þessum fjórum árum hafi þetta fé verið frá 13½ millj. upp í rúmar 15 millj. En síðan bregður svo við, að á s. l. ári, 1961, á fyrsta heila ári viðreisnarinnar, er þetta fjármagn skorið niður um nær því þriðjung eða niður í 10 millj. kr., á sama tíma sem stofnkostnaður allur við að koma upp framleiðslutækjum hefur vaxið stórkostlega í öllum greinum.

Eins og ég sagði áðan, hefur atvinnuaukningarstarfsemin verið í góðum gangi, þó að ekki hafi verið um hana sérstök lög, það hefur verið gert samkv. ákvæðum í fjárlögum. En nú er hér frv. til laga um atvinnubótasjóð, og er ekki nema gott um að segja að setja þessari starfsemi ákveðið lagaform. En sá galli er á gjöf Njarðar, að segja má, að aðalatriðið í þessu frv. frá því, sem áður hefur gilt, er að lögfesta lækkun á framlaginu til atvinnuaukningar, lögfesta aðeins 10 millj. kr. framlag til atvinnubótasjóðsins.

Athugum svo, hvað kostnaður við framkvæmdir hefur vaxið, og íhugum, að innkaupsverð á ýmsum þýðingarmiklum vélum hefur hækkað um 90% síðan 1958, að verð á skipum og bátum hefur hækkað um 70—90%, mismunandi nokkuð eftir stærðum og gerðum, síðan 1958, og húsabyggingar hafa hækkað a. m. k. um 26% síðan 1958, eða þessir þýðingarmestu liðir í uppbyggingunni um a. m. k. 67% að meðaltali.

Þegar við athugum þessa miklu byltingu, sem orðið hefur í verðlaginu, og íhugum síðan, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að lögfesta aðeins 10 millj. í atvinnuaukningarfé, framlag í þennan sjóð, en atvinnuaukningarféð hefur áður verið frá 13½ og upp í 15 millj., þá kemur glöggt í ljós, að með þessu frv. er í raun og veru verið að skera niður atvinnuaukningarféð um meira en helming, því að þessar 10 millj., sem nú er gert ráð fyrir að lögfesta, jafngilda áreiðanlega ekki meira en 6—7 millj. fyrir verðlagsbyltinguna, sem varð með viðreisninni, þannig að þær jafngilda alveg tvímæla- og ýkjulaust ekki meira en 6—7 millj. á móti 13½—15.

Hér er því verið að draga stórkostlega úr þeim stuðningi, sem veittur var, áður en hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda og nýja stjórnarstefnan var tekin upp, draga stórkostlega úr þeim stuðningi, sem veittur hefur verið af því opinbera til þess að byggja upp atvinnulífið í sjávarplássunum og mesta þýðingu hefur haft allrar þeirrar starfsemi, sem beint hefur verið í þá átt. Við þessu vil ég alvarlega vara, og það hryggir mig, að hv. meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að taka til greina brtt. þá, sem flutt hefur verið hér um að hækka þetta framlag í 25 millj. kr., því að augljóst er af þeim rökum, sem hafa áður komið fram, og þeim, sem ég hef nú bent á, að minna má framlagið í raun réttri ekki vera, til þess að þessi starfsemi haldist í horfinu, miðað við það, sem hún var fyrir þessar byltingarkenndu ráðstafanir til þess að draga úr þessum stuðningi.

Ég býst ekki við, að það þýði að flytja áskoranir til hv. meiri hl. úr þessu að breyta afstöðu sinni í þessu sambandi, en ég vil láta í ljós hryggð mína út af þessu. Og ég vil vonast eftir því, að hægt verði að fá hv. Ed. til þess að íhuga þetta mál betur og gera sér grein fyrir, hvað raunverulega er verið að gera með því að skera svona stórkostlega niður þennan stuðning við uppbyggingu atvinnulífsins í sjávarplássunum.

Ég vil hér aðeins slá upp einni einustu mynd

til að sýna mönnum viðfangsefnin í þessum plássum, eins og þau blasa við núna, eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef bezt getað aflað mér, þá mun nýtt 75 rúmlesta eikarskip, innflutt með fullum búnaði, hafa kostað um áramótin 1959—60 sem allra næst 3 millj. kr. Fiskveiðasjóður veitti þá ⅔ að láni, eins og hann gerir enn, þegar skip eru innflutt, eða rúmar 2 millj. og þá var sú fjárhæð veitt til 20 ára með 4% ársvöxtum. Það, sem þurfti þá að skrapa saman í byggðarlaginu af hendi eigendanna á móti fiskveiðasjóðslániniu, var rúm milljón. Þá var alltaf nokkur hluti af því fenginn af atvinnuaukningarfé, af þessum 13½—15 millj., sem það fé var um nokkur ár. En nú kostar 75 rúmlesta eikarbátur með fullum búnaði, sem að vísu mun vera nokkru fullkomnari, þ. e. a. s. tækin eru eitthvað fullkomnari en þau voru og dýrari þar af leiðandi, en ekki um annað að ræða en kaupa slík tæki samt sem áður, — þá mun kaupverð 75 rúmlesta eikarskips með fullum búnaði vera sem næst 5 millj. kr., eða tæpum 2 millj. kr. hærra en það var fyrir hinar nýju efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. Fiskveiðasjóður lánar eins og áður ⅔ af andvirði innfluttra skipa, eða í þessu falli 3.334 millj.. og þá þurfa eigendur að ná saman sem næst 1.660 millj. til þess að geta komizt yfir svona bát. Vitanlega sækja þeir til atvinnuaukningarsjóðs, en það sjá allir, að það verður hreinn hégómi, sem atvinnuaukningarsjóður getur lagt af mörkum, miðað við þær ógnar fjárhæðir, sem þarf orðið til þess að komast yfir hin nýju tæki, þegar heildarframlag til hans er komið niður í 10 millj. kr.

Á þessu dæmi sjá menn tvennt: Í fyrsta lagi, hversu geigvænlegan vanda búið er að leiða yfir sjávarplássin og framleiðsluna og hversu torvelt það er orðið, a. m. k. fyrir nýja menn, að komast inn í bátaútveginn, sem er þó alveg lífsnauðsyn, því að í bátaútveginum þarf þetta að ganga þannig, eins og komið var í gang, að þeir, sem vinna við framleiðsluna, dugmiklir sjómenn, gætu sameinað sig um að eignast bátana, ásamt þá öðrum, sem vildu vera með þeim í rekstrinum. En ofan á þetta bætist svo, að áður voru fiskveiðasjóðslánin til 20 ára með 4% ársvöxtum, en nú aðeins til 15 ára. Lánin hafa verið stytt og eru með 6½% vöxtum. Það er því ekki aðeins, að það, sem menn þurfa sjálfir að leggja af mörkum í þessu falli, hafi hækkað á 7. hundrað þúsund, heldur eru fiskveiðasjóðslánin með miklu verri kjörum en áður var.

Það sést af þessu dæmi, sem ég var að rekja, þótt ekki sé lengra farið, og enn fremur af því, hve stórhækkað hefur kostnaðurinn við alla uppbyggingu, en að sama skapi lækkar atvinnuaukningarfé, eins og nú á að lögfesta með þessu frv., að verið er með þessu óðfluga að gera þessa starfsemi að engu. Það dregur svo hratt saman, þegar annars vegar eru lækkuð framlögin, en hins vegar hækkar svona stórkostlega kostnaðurinn við framkvæmdirnar.

Þetta vænti ég að allir hv. þm. hljóti að sjá, að hér er mikil alvara á ferðum, þegar þess er gætt, að aldrei má nema staðar í uppbyggingunni í sjávarplássunum fremur en annars staðar. Og það getur ekki lengi staðið þannig, að aðeins örfá skip séu keypt til landsins eða örfáir bátar, eða örfá skip byggð eða örfáir bátar í landinu, eins og varð s. l. ár. Þannig getur þetta ekki staðið. Uppbyggingin verður að halda áfram með mikilli atorku, enda verkefnin í þessum byggðarlögum alveg óþrjótandi. Koma þarf upp fullkominni fiskvinnslu og síldarvinnslu og endurbæta þær fiskvinnslustöðvar, sem fyrir eru, og koma upp líka öðrum atvinnurekstri, sem þyrfti að geta fengið stuðning.

Ég vildi ekki láta þetta mál fara svo héðan, að ég tæki ekki í strenginn með þeim, sem hafa varað við og bent á, hvað hér er raunverulega að gerast, og vildi með þessum fáu orðum mæla mjög eindregið með þeirri brtt., sem flutt er um að hækka framlagið til sjóðsins. Hér er áreiðanlega um eitt allra stærsta þjóðmálið að ræða. Það er ekki nokkur vafi á því, að verði þetta látið ganga svona og atvinnuaukningarstarfsemin gerð að engu, þá verður það svo, að sjávarplássin úti um landið, sem þurfa að eflast, bíða stórkostlegan hnekki. Mönnum verður algerlega um megn að ná saman því eigin fjármagni, sem þarf til að leggja í fyrirtækin, þegar svo er komið, eins og ég vænti að menn hljóti að sjá.

Ef menn skella algerlega skollaeyrum við þessu, þá hlýtur það að vera fyrir það, að menn kæra sig kollótta um, þó að uppbyggingarframbróunin í þessum plássum stöðvist. Þá hlýtur það að vera fyrir það, því að ef menn vilja, að hún haldi áfram, þá verður að draga inn í hana fjármagn af sameiginlegu fé þjóðarinnar. Og það er alls ekki nóg að ætla í því skyni þessi föstu stofnlán, hlutfallslega þau sömu sem verið hafa, en bara með verri kjörum. Það er alls ekki nóg, heldur verður hið opinbera að draga inn í þetta fjármagn eftir atvinnuaukningarleiðinni.

Hér er að mínu viti um eitt allra stærsta þjóðmálið að ræða, því að ef hið opinbera kippir svo gersamlega að sér hendinni með stuðningi við uppbygginguna, þá annaðhvort stöðvast hún eða hún verður einhliða á vegum fjársterkustu aðilanna í landinu. Enda er alls ekki því að leyna, að það eru mjög ískyggileg teikn á lofti í því sambandi, jafnvel að þau atvinnufyrirtæki, sem fyrir eru og menn hafa verið að reyna að koma upp, vinnandi framleiðendur hafa verið að reyna að koma upp, séu nú að dragast úr höndum þeirra og lenda hjá þeim, sem meira hafa umleikis. Hafa nýlega komið fram um þetta hin ískyggilegustu dæmi, þar sem hinir allra dugmestu menn, sem hafa lagt allar eigur sínar í bátakaup, hafa orðið fyrir svo þungum áföllum í sambandi við tvennar gengislækkanir og aðrar fjármálaráðstafanir núv. ríkisstj., að þeir hafa misst þessi framleiðslutæki yfir til hákarlanna, sem eru í kjölfarinu eins og vant er. Það vantar ekki, þeir eru þar til þess að hirða eignir þeirra, sem verða fyrir svo þungum höggum, að þeir geta ekki staðizt þau.

Þetta er sorgleg þróun, sorgleg saga, og þessa þróun þarf að stöðva sem skjótast með því að gerbreyta stjórnarstefnunni aftur í það horf að standa með þessu fólki, standa með einstaklingsframtakinu, eins og gert hefur verið, láta ríkisvaldið styðja það, og þá ekki síst einstaklingsframtak þess vinnandi fólks, sem stendur sjálft í framleiðslunni, reyna að stuðla að því, að það geti eignazt atvinnutæki, eins og gert hefur verið undanfarið. Það þarf að gerbreyta stefnunni á nýjan leik í þá átt. Þess vegna gengur þetta ákvæði frv., að lækka nú atvinnuaukningarframlagið, lögbjóða lækkun á atvinnuaukningarframlaginu, alveg í þveröfuga átt við það, sem lífsnauðsyn væri að halda.

Ég skal láta þessi fáu orð nægja og þessi dæmi, sem ég hef nefnt, sem ég vona að verði til þess, jafnvel þó að enginn í meirihlutanum vilji hlusta á þau hér í þessari d., að þetta mál gæti orðið athugað betur í Ed., áður en það yrði lögfest.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls mæltist hv. frsm. fjhn. — eða svo skildi ég orð hans — til þess, að brtt., sem þá hefðu verið fluttar á þskj. 327 og 328, yrðu teknar aftur til 3. umr., og var það gert. Hann gat þess í þessu sambandi, að n. þyrfti að taka til athugunar tiltekið atriði í sambandi við frv. og að þá mundi verða tækifæri til þess að ræða þessar tillögur. Það mátti því þykja ástæða til þess að ætla, að þessar brtt. yrðu teknar til greina að meira eða minna leyti í hv. n. Ég efast ekki um, að sá hafi verið vilji hv. frsm., að tekið yrði tillit til þessara brtt., því að ég þekki hug hans í þessu máli frá fyrra samstarfi okkar um þau mál, sem ég minnist með ánægju. Nú hefur niðurstaðan hins vegar orðið sú, sem ég skrifa ekki á reikning hv. frsm., heldur á reikning stjórnarflokkanna í heild, að till. þær, sem fyrir lágu eða voru til umr. og voru teknar aftur til 3. umr., hafa ekki að neinu leyti verið teknar til greina af meiri hl. nefndarinnar, — ekki að neinu leyti. Frsm. sagði hér áðan fyrir hönd meiri hl., að hann legði til, að brtt. á þskj. 327 og 328 yrðu felldar, ekki meira um það. Meiri hl. vill ekki fallast á till. hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) um að breyta nafni sjóðsins, vill ekki fallast á það. Hann vill ekki fallast á að kenna þessa stofnun við jafnvægi í byggð landsins og framleiðsluaukningu, en heldur fast við, að sjóðurinn skuli heita atvinnubótasjóður. Þá lagði hv. 1. þm. Norðurl. v. einnig til, að árlegt framlag til sjóðsins yrði 25 millj. kr., en meiri hl. n. verður ekki þokað frá 10 millj., eins og í frv. stóð frá stjórnarinnar hálfu. Þó er þetta, eins og tekið var fram hér áðan af hv. 1. þm. Austf. (EystJ), í raun og veru mun minna framlag en atvinnuaukningarféð áður var og minna hægt fyrir það að vinna. Sagt er, að þetta hafi verið bætt upp, og hv. frsm. minntist á það áðan, því að hann fann það sýnilega, að smátt var skorið. Hann minntist á það, að þetta mundi verða bætt upp með því, eins og gert er ráð fyrir í frv., að fara nú að innheimta atvinnuaukningarlán, sem lítt eða ekki hefur verið gengið eftir hingað til. Skal ég engu um það spá, hvað upp úr því hefst. En með því að samþ. till. hv. 1. þm. Norðurl. v. um 25 millj. hefði verið allmyndarlega af stað farið og þó sannarlega engin ofrausn miðað við það, sem í húfi er, ef sú þróun heldur áfram, sem verið hefur undanfarið í sambandi við byggð landsins og ég lýsti nokkuð með tölum við 2. umr. þessa máls og mun víkja lauslega að nú.

Sama er að segja um afstöðu hv. meiri hl. til brtt. minnar á þskj. 327, sem ég tók aftur til 3. umr., um að lánveitingum til að hagnýta góð framleiðsluskilyrði, eins og það er orðað í 1. gr., skyldi fyrst og fremst beint til þeirra landshluta, þar sem íbúum hefur fækkað undanfarin ár, eða þar sem íbúafjölgun hefur verið minni en sem svarar íbúafjölgun landsins í heild. Á þetta getur meiri hl. ekki heldur fallizt. Það virðist þá eftir þessu vera stefna meiri hl., að lán úr þessum sjóði skv. 1. gr. b-lið eigi þrátt fyrir það, sem samþ. var sem ályktun Alþ. í fyrra, alveg eins og engu síður að veita í þau byggðarlög, sem taka við fólksstraumnum frá hinum, sem eiga í vök að verjast vegna fólksfækkunar, — alveg eins til þeirra, fyrst það fæst ekki fram, að þetta verði tekið fram á þennan hátt, að lánunum skuli fyrst og fremst varið til þeirra byggðarlaga, sem þar um ræðir. Það verður þá allt undir framkvæmdinni komið eða þeim mönnum, sem í sjóðsstjórnina veljast. Meiri hl. Alþ. virðist ekki vilja gefa fyrirmæli um, að með þessum lánveitingum skv. b-lið skuli unnið að jafnvægi í byggð landsins, þ. e. a. s. ef meiri hl. þingsins tekur sömu afstöðu og meiri hl. fjhn. hefur gert.

Hér er þó vissulega alvörumál á ferðum. Eins og ég gat um áðan, ræddi ég um það lauslega við 2. umr., hverjar horfurnar væru um misskiptingu fólksfjöldans eftir landshlutum, miðað við það, sem átt hefur sér stað á tveim síðustu áratugum í þeim efnum. Ég vakti athygli á því þá, að ef sú þróun héldi áfram til næstu aldamóta, sem verið hefur undanfarin 20 ár, ef hún héldi áfram í næstu 40 ár, þá yrði samanlögð íbúatala Reykjavíkur og næsta nágrennis hennar, þ. e. a. s. Kópavogs, Hafnarfjarðar og tveggja hreppa á því svæði, komin upp í 360 þús. og í öllum öðrum byggðarlögum landsins samtals þá jafnframt niður í 30 þús., miðað við, að fólksfjölgunin í landinu verði svipuð og hún hefur verið undanfarið. Ég benti á það þá, að í fjölda byggðarlaga færi fólki nú fækkandi og að jafnvel á Akureyri, sem er fjölmennasti bær á Norðurlandi og annar fjölmennasti bær landsins, hefði nú síðustu fimm árin verið um hlutfallslega fólksfækkun að ræða. Ég sagði þá eitthvað á þá leið, að ef þessu færi fram næstu 40 árin, yrði Ísland í lok þess tímabils orðið að borgríki hér á litlum bletti við innanverðan Faxaflóa, en telja mætti þá, að landið utan þess væri að miklu leyti komið í eyði, ef þessi þróun heldur áfram. Þ. e. a. s., ég hygg, að allur fólksfjöldi landsins utan Reykjavíkur yrði þá í lok þessarar aldar álíka eða heldur minni en hann var eftir stórubólu í byrjun 18. aldar, en þá var um alveg sérstaka fólksfækkun að ræða, þar sem stórir hlutar landsins urðu auðir að mönnum. Þessi

þróun byggðarinnar í landinu, sem í vændum sýnist vera að öllu óbreyttu, yrði áreiðanlega engum til góðs, a. m. k. ekki Íslendingum, og það er ekki þetta, sem höfuðborgin þarfnast. Þetta er Reykvíkingum líka sjálfum ljóst, a. m. k. mörgum okkar, sem hér eigum heima. En það er ekki uppörvandi fyrir byggðarlögin úti um land ofan á það, sem á undan er gengið á umliðnum árum í þá átt að rýra fornt sjálfstæði þeirra, að þurfa að horfa upp á það, að hjá meiri hl. Alþ. ríki tómlæti um þessi mál og að sá mikli vandi, sem hér er vissulega fyrir hendi, sé gerður að sýndarmáli án innihalds, eins og nú virðast helzt horfur á. Þar við bætist svo, að haldið er uppi á ýmsan hátt áróðri fyrir því, að stórframkvæmdir í atvinnumálum, sem ráðizt kann að verða í hér á landi á komandi árum, megi helzt hvergi annars staðar vera en þar, sem þéttbýlið er mest fyrir. Mér er nú spurn: *Ef fjármagnið og hinar stærstu framkvæmdir eiga alltaf að fylgja þéttbýlinu,* hvenær verða þá skilyrði til þess, að íbúafjöldi fari vaxandi annars staðar á landinu? Hvenær verða þau? Það ætti að vera sæmilega auðskilið mál, að þeirra er þá langt að bíða.

Ég held, að það hafi margir búizt við því í fyrra, þegar þál. var samþ. hér á hv. Alþ. um þessi mál, að sú stofnun, sem nú er verið að koma á fót eða talið er að verið sé að koma á fót, ætti að hafa það hlutverk eitt eða fyrst og fremst að vinna að jafnvægi í byggð landsins og henni væri helzt ekki annað ætlað, enda áreiðanlega ærið viðfangsefni fyrir hverja stofnun. Og það er líka áreiðanlega betra og hagkvæmara, að aðrar stofnanir sinni öðrum verkefnum, m. a. því að efla atvinnulífið, þar sem fólksfjölgunin aðallega á sér stað. Vitanlega heldur fólksfjölgunin áfram í þeim landshlutum, þar sem hún hefur verið mest undanfarið, og eins þótt hún yrði ekki eins mikil og hún er nú, það dettur engum annað í hug. Þess vegna þarf atvinnulífið þar líka að eflast í samræmi við eðlilegan vöxt, og þjóðfélaginu ber að sjálfsögðu að stuðla að því, einnig með aðgerðum hér á Alþingi. En því, sem þar þarf að gera og vissulega er margt og mikið, á a. m. k. að mínum dómi ekki að blanda saman við þá stofnun, sem að því miðar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Því á ekki að blanda saman við þá stofnun og hennar starfsemi. Sú starfsemi er alveg sérstaks eðlis og á að vera út af fyrir sig. Um hana þarf að gera sérstakar áætlanir. Þetta var það, sem margir vonuðu að ætti að felast í þessu frv. og að þar yrði með nokkrum myndarskap og stórhug af stað farið. Menn byggðu það, eins og ég sagði áðan, á þáltill., sem samþykkt var á þingi í fyrra, og orðalagi hennar og ummælum, sem ýmsir létu um hana falla þá. En við, sem þá vorum minnihlutamenn í allshn. Sþ., hv. 5. þm. Norðurl. v., sem þá var um stundarsakir, Jón Kjartansson, hv. 4. landsk þm., Hannibal Valdimarsson, og ég, — við þessir minnihlutamenn, sem þá fjölluðum um þessa till. í allshn. Sþ., vorum hræddir um, að hér mundi verða minna úr, ef ríkisstj. fengi ekki ákveðnari fyrirmæli eða bendingar frá Alþ. Þess vegna vildum við orða till. í fyrra á þá leið, að væntanlegt frv. ríkisstj. skyldi í meginatriðum sniðið á þann hátt, sem nánar var tiltekið í brtt., sem við fluttum í Alþingi. En þar var aðallega miðað við efni frv. um þessi mál, sem nokkrir þm. úr Framsfl. fluttu í Ed. og lá þá fyrir þeirri hv. deild. En sú till. okkar minnihlutamanna í allshn. var þá felld á þingi og ríkisstj. raunverulega gefnar frjálsar hendur um undirbúning þessa máls. Það var þetta, sem við í minni hl. vildum ekki gera. Við vildum gjarnan samþykkja slíka þál., en við vildum, að í þál. fælist ákveðin ábending um það, hvers efnis Alþ. ætlaðist til að þetta frv. yrði, þegar það væri lagt fyrir Alþingi.

Nú *sýnir efni frv.*, eins og það er, og meira að segja nafnið á frv., eins og það er, hvernig um þetta mál hefur farið í höndum hæstv. ríkisstj. Árangurinn af ályktun Alþ. í fyrra er þá það *stjórnarfrv.*, sem lagt var fyrir Alþ. í haust, frv. um atvinnubótasjóð, frv. um sjóð, sem samkvæmt heiti sínu á að bæta úr atvinnuleysi. Og ég verð þess greinilega var, að hv. frsm. *finnur þetta, að þetta er einkennilegt nafn á* frv., því að hann var að bera hér fram einhvers konar álitsgerð frá n. eða meiri hl. hennar um það, að þótt frv. héti þetta, þá ætti það *ekki að vera aðallega til þess að ráða bót á* atvinnuleysi samt. Auðvitað hefur verið rætt um þetta í n., og hv. frsm. talar á þessa leið vegna þess, að þeir meirihlutamenn sjá það og *finna, að eins og frv. er sniðið mun flestum* virðast við fyrstu sýn, að þetta sé í raun og veru frv. um atvinnuleysismál, sérstaklega eins og það var upphaflega lagt fyrir af hálfu hæstv. *ríkisstj., og skal viðurkennt, að þar var lítils* háttar umbót á gerð við 2. umr., en mjög lítil. En ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eru ekki í eðli sínu atvinnu*leysisráðstafanir. Þær eru það ekki í eðli sínu,* þó að þetta tvennt geti auðvitað í einstökum tilfellum farið saman. Það getur í einstökum tilfellum, ef **sérstaklega stendur á, farið saman.**

En í eðli sínu eru ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins ekki atvinnuleysisráðstafanir. Til þess að koma í veg fyrir hnignun og stuðla að eflingu byggðarlaga þarf að efla og auka atvinnulífið þar, sem skilyrði eru til þess, og alveg eins, þó að ekki sé um neitt atvinnuleysi á þeim stað að ræða. En hér í meðferð þessa máls er einhvern veginn **blandað** saman jafnvægi í byggð landsins og atvinnuleysisvandamálum, og á þessari blöndu er stjórnarfrv. byggt, eins og sum ákvæði þess bera glöggt vitni um, og sjóðurinn jafnframt skorinn svo mjög við nögl, að hann getur hvorugu verkefninu valdið, svo að gagn sé að. Það er auðvitað enn á valdi hv. d. að breyta þessu frv., gera það þannig úr garði, að það gefi fjölda fólks víðs vegar um landið nýja von um myndarleg átök þjóðfélagsins á komandi árum, gera það þannig úr garði, að þar komi fram skýr stefna og einhverjir möguleikar til að framkvæma hana. Þetta getur hv. d. enn þá gert, m. a. með því að samþykkja þær brtt., sem liggja fyrir á þskj. 327 og 328, þó að hv. meiri hl. fjhn. hafi lagt til, að þær verði felldar. Og ég vil nú,

um leið og ég lýk máli mínu, snúa mér alveg sérstaklega til þeirra, sem ætla má að telji sér bera nokkra skyldu til að gæta hagsmuna þeirra landshluta, sem eru í vaxandi hættu vegna fólksflutninganna. Ég vil alveg sérstaklega beina því til þeirra að gefa nú þessu máli gaum og taka til athugunar, hvort ekki sé rétt fyrir þá að greiða atkv. um brtt. á annan hátt en hv. meiri hl. hefur lagt til.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Fjhn. flytur brtt. á þskj. 349 við frv. til laga um atvinnubótasjóð, þar sem lagt er til, að sjóðsstjórnin geti, ef ástæður þykja til, leitað umsagna nokkurra aðila. Eru þar tilnefndar sveitarstjórnir viðkomandi staða, Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, að leitað sé álits þessara stofnana um atvinnuástand viðkomandi staðar og annað því tilheyrandi. Hins vegar teldi ég rétt og sjálfsagt, að jafnframt sé leitað umsagnar Alþýðusambands Íslands um slík mál sem hér um ræðir. Alþýðusambandið er ábyggilega sá aðili, sem mun kunnugast um atvinnuástand víðs vegar um land, og virðist því ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að leitað sé álits þess í slíku máli. Fyrir því hef ég leyft mér að flytja skriflega brtt. við b-lið 1. töluliðar um, að á eftir orðunum „Fiskifélags Íslands" komi: Alþýðusambands Íslands, og svo till. áfram óbreytt. Þar sem till. er flutt skriflega, vil ég mega óska eftir því við hæstv. forseta að leita eftir afbrigðum um það, að till. fáist tekin fyrir. Brtt. mín hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, — það er brtt. við brtt. á þskj. 349, um atvinnubótasjóð: Við b-lið 1. tölul. Á eftir orðunum „Fiskifélags Íslands" komi: Alþýðusambands Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en vænti þess, að hv. alþm. samþykki þessa till. Að öðru leyti vil ég þó taka það fram, að ég tel það frv., sem hér liggur fyrir, vera til bóta, svo langt sem það nær, frá því ástandi, sem áður hefur verið í þessum málum, þótt ég hins vegar fyllilega viðurkenni það, að framlag úr ríkissjóði til atvinnubótasjóðsins er allt of lágt, og hefði mátt vænta þess, að til þeirra mála hefði verið varið hærri upphæð árlega en gert er ráð fyrir. Þrátt fyrir það tel ég samt sem áður, að frv. sé til bóta, og mun greiða því atkvæði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 363) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. Austf. vil ég aðeins benda á, að kjarninn í þeirri ræðu var raunverulega að koma að gagnrýni á efnahagskerfi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, en ekki gagnrýni á það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hygg, að ég fari ekki rangt með, að svo að segja í hverju máli, þar sem um er að ræða fjárframlög, hafi hv. 1. þm. Austf. haldið fram því sama, sem hann heldur fram hér, að það sé allt of lítið lagt fram til hvers máls. Slíkt kom fram við framlag til Búnaðarbankans, og það kom greinilega fram við afgreiðslu fjárlaga, að hv. minni hl. hér á Alþ. óskaði þess og krafðist þess, að lagt væri miklu meira fram til sérhverra framfaramála í landinu, og ef þær tillögur væru allar saman teknar saman, þá er sýnilegt, að það yrði að gera stórkostlega byltingu í sambandi við fjárhag ríkissjóðs og hagkerfið yfirleitt, ef ætti að samþykkja þær allar saman, eins og þær hafa komið fram, og er því hér ekki nein undantekning í þessu máli. Það er enginn vandi að halda því fram, að meira fé þurfi til ýmissa framkvæmda í landi, þar sem svo að segja allt er ógert. Hitt er svo meiri vandi, að bera jafnframt ábyrgð á því, hvernig fénu er varið og hvernig þess er aflað. Og ég þekki svo mikið hv. 1. þm. Austf., að ef hann hefði setið í ríkisstj. nú, þegar þetta mál er afgr., þá mundi engu hægara hafa verið að fá hann til þess að hækka framlagið til atvinnubótasjóðsins um 15 millj. kr., ef hann hefði þá setið sem fjmrh., en þá ríkisstjórn, er nú situr. Ég er ekkert að segja það til ásökunar, en það sýnir, að menn tala öðruvísi, þegar þeir bera ekki ábyrgð á málunum, en þegar þeir eiga að standa sjálfir og bera ábyrgð á framkvæmdunum.

En mér þykir rétt í þessu sambandi að benda á, að mér sýnist stefna og skoðun hv. 1. þm. Austf. fara í allt aðra átt í þessu máli en hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. Hv. 3. þm. Norðurl. e. vill, að fé þessa sjóðs sé eingöngu varið til jafnvægis í byggð landsins, eins og hér hefur verið lýst. Ég er honum þar mjög sammála. En við þm. þurfum stundum að semja um mál til þess að fá þau samþykkt, og ég vil málið heldur fram, eins og það er nú, en að það nái ekki fram að ganga. Ef marka má ræðu hv. 1. þm. Austf., þá er það ekki höfuðmarkmið hjá honum, að sjóðurinn stuðli að jafnvægi í byggð landsins, heldur auki atvinnu. einkum í sambandi við sjávarútveg, einnig á þeim stöðum, sem fólkið flýr ekki frá. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að spyrja: Hvernig hefur þessu fé verið varið, síðan farið var að verja fé til atvinnubóta? Því hefur hvorki í tíð vinstri stjórnarinnar á sínum tíma né í tíð núv. stjórnar eða yfirleitt síðan farið var að veita slíkt fé verið varið til jafnvægis í byggð landsins. Og mig undrar dálítið, að hv. 3. þm. Norðurl. e. skuli ekki hafa beitt áhrifum sínum meir í vinstri stjórninni en hann hefur gert í þessu máli, því að ef tekið er upp, hvernig því fé er úthlutað, þá fer það sannarlega ekki eftir þeim lögum, sem við hugsuðum okkur á sínum tíma, þegar unnið var að þessu máli hér á þinginu.

Þessu fé hefur verið varið, eins og hv. 1. þm. Austf. lýsti, til þess að afla nýrra báta í landinu, ekki eingöngu fyrir þá staði í landinu, sem höfðu kannske mesta þörf á þeim, heldur var þessu einnig varið til ýmissa bátakaupa hér í þéttbýlinu, m. a. til bátakaupa í Vestmannaeyjum. Við skulum aðeins fara yfir listann, hvar féð liggur. Því hefur verið varið til kaupa á bátum, að vísu í kringum allt land og ekkert bundið við hina sérstöku staði, sem fólkið var að flýja frá. Hvað ætli hafi t. d. verið varið

miklu fé til Norðfjarðar? Eitthvað mun hafa farið þangað. Það eru fleiri staðir í landinu, þar sem fólkið er ekki að flýja frá og fé var varið til, alveg gagnstætt því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. ætlast til.

Ef stofna hefði átt sjóð til þess eingöngu að sinna þessum verkefnum, eins og ætlazt var til á Alþingi 1955, hvers vegna hefur það ekki verið gert allan tímann síðan? Hvers vegna fékk ekki Framsfl., sem fór með ríkisstj. frá 1956—58, frv. frá 1955 lögfest, sem hann hefur borið fram á tveimur þingum nú, eftir að hann fór úr ríkisstj.? Mér er ljóst, að það var vegna þess, að hann fékk ekki samkomulag um málið við samstarfsflokkana, og er það ekkert leyndarmál. Ég er ekkert að ásaka Framsfl. fyrir það. En þetta er það raunverulega í málinu, að hann fékk ekki samþykki sinna samstarfsflokka til þess að koma því máli í gegn. Mér er það fullkomlega ljóst persónulega, að hv. 1. þm. Austf. vildi koma þessum málum fram, hann lýsti því beinlínis yfir á fundi, sem ég var með honum á vorið 1956, að hann vildi koma frv. í gegn óbreyttu, eins og því var skilað hér inn í þingið á því ári. Og fólk þurfti ekki að fárast mikið yfir því, þó að það kæmi ekki fyrr en haustið 1956 í staðinn fyrir vorið 1956. En hann varð var við andstöðu frá hinum flokkunum, sem nægði til þess, að málið var aldrei samþ.

Ég tel það því sigur, ekki einungis fyrir málið, heldur fyrir okkur, sem höfum barizt fyrir þessu, að málið skuli þó vera komið það langt nú, að meiri hl. Alþ. er sammála um, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir nú og við höfum lýst. Og því tel ég það ekkert höfuðatriði, hvaða nafn sjóðurinn ber, heldur hitt, hvaða verkum hann á að sinna, og það hef ég margtekið fram, að það er fyrst og fremst að bæta úr atvinnuleysinu, þar sem það er mest, og stöðva flóttann frá sveitunum, þótt hins vegar sé tekið upp samkomulag einnig um það, að það megi veita fé samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. gr. Og ég verð að segja, að ef samkomulag hefði fengizt um þetta frv., eins og það er orðað nú, 1956, þá væru þessi mál í allt öðru og betra horfi en þau eru í dag, svo að það situr sannarlega sízt á þeim mönnum, sem hafa stöðvað þetta mál allan tímann, að gagnrýna þetta frv. nú, eins og það liggur fyrir, þegar þeir hafa ekki haft manndóm til þess að koma fram öðru betra frv. um þetta mál.

Út af ummælum ekki einasta hv. 1. þm. Austf., heldur og ýmissa annarra, sem hafa talað hér fyrr um þetta mál, þykir mér rétt að leiðrétta það, að fé til atvinnubóta hafi verið lækkað úr 15 millj. niður í 10 millj., því að eins og ég hef tekið fram áður, var tekið upp í fjárlagafrv. 1960 13 millj. og 500 þús. til atvinnuaukningar, miðað við 15 millj. á sama lið 1957. En í fjárlögunum bæði þau ár er ekkert um það sagt, að það skuli fara til jafnvægis í byggð landsins. Í fjárlögunum frá 1957 segir, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstj. telur heppilegast, og má setja skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlag og annað, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt.“

Þetta bendir ekki til þess, að þetta fé skuli endilega fara til jafnvægis í byggð landsins, nema síður sé, því að það hefur aldrei verið ætlazt til þess, að á móti því kæmi framlag frá öðrum aðilum. En þannig er þetta í fjárl. 1960, þegar frá þeim er gengið, og upphæðin er ekki 10 millj., heldur 13.5 millj. Að vísu er þar einnig ákveðið, að 4 millj. af þeirri upphæð skuli fara til ákveðinna verkefna, einmitt í byggðum landsins, þ. e. að bæta samgöngukerfið, þar sem fámennustu héruðin áttu við mesta erfiðleika að stríða, svo að raunverulega hefur verið varið það ár, eins og kemur raunverulega fram einnig í frv., rúml. 14 millj. kr. til atvinnubóta, og það nákvæmlega sama er á fjárlögum 1961 og einnig á fjárlögum 1962, nema við er þó bætt 1400 þús. kr. Það er svo rétt, að þetta er fært yfir á annan lið í fjárlögunum, þar sem þessar 4 millj. kr. eru teknar beint inn í vegaframkvæmdirnar. En það raskar ekki þeirri staðreynd, að þessari upphæð er varið á þennan hátt, enda úthlutað af þessum aðilum. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram.

Ég hef svo ekki ástæðu til að ræða um fleiri atriði, en legg til enn, að till. meiri hl. verði samþ. Hvað snertir skrifl. till., sem kom hér fram áðan, þá hef ég ekki haft tækifæri til þess að ræða hana í fjhn., en persónulega hef ég ekkert á móti því, að sú till. sé samþ., finnst það ekki nema eðlilegt, að sjóðurinn leiti upplýsinga frá Alþýðusambandi Íslands um þessi mál, og sé ekki ástæðu til þess að fresta málinu til þess að ræða um það atriði í n. Ég mun sjálfur fylgja þeirri till. og tel eðlilegt, að sú till. verði samþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem ég ætlaði að minnast á.

Ég hafði alltaf verið þeirrar skoðunar, að hv. 1. þm. Vestf. væri áhugamaður um það, að ríkið legði fram ríflega fjárhæð árlega til þess að efla og viðhalda nokkru jafnvægi í byggð landsins, og þetta hafði ég haldið að hefði verið hans áhugamál um langt árabil. Þegar ég því nú, þegar þetta mál kom fyrir þingið, heyrði, að hann væri mjög glaður í bragði yfir því, sem nú væri að gerast í þessu máli, þá varð mér það fyrst að álykta, að þetta frv. hlyti að vera um stórkostlega aukin fjárframlög til þessara mála. En maður þurfti ekki lengi að líta á þetta frv. til að sjá það og sannfærast um það, að þessu er alveg þveröfugt farið. Hér er um að ræða frv., sem ákveður það að leggja minna frá ríkinu á ári hverju til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins heldur en varið hefur verið til þessara hluta um langt árabil. Þetta frv. er svo smátt í sniðum, að þó að það ákveði, að nú skuli lagðar 10 millj. kr. í svokallaðan sjóð, þá er það minni upphæð en á sínum tíma, þegar frv. var frammi um það að efla og viðhalda jafnvægi í byggð landsins með 5 millj. upphæð, eins og þá var ákveðið. Það er afturför frá því, og leyfðum við okkur þá að gera hálfgert spott að því frv. og kalla það litlu gulu hænuna, eins og minnzt hefur verið á á flestum þingum síðan. Og það þótti þá

af þingmeirihl. svo smátt í sniðum, að það tæki því ekki að láta hænuna lifa. Henni var slátrað, og harmaði enginn. Ég verð því að segja, að mér finnst gleði hv. þm., þessa áhugamanns í málinu, vera harla furðuleg. Og ég fæ ekki komið því saman, að hann sé enn þá sannur áhugamaður um fjárveitingar til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins og gerist svo ákafur fylgismaður þessa frv., sem er um það að minnka fjárveitingar til þessa verkefnis.

Yfir hverju er að gleðjast? Það er yfir því að gleðjast, að nú eru ætlaðar 10 millj. kr. til verkefnis, sem voru, þegar frv. um þetta var fyrst frammi, ætlaðar til 5 millj., en verðlag í landi hefur miklu meira en tvöfaldazt síðan, svo að hér er um lægri upphæð að ræða en þá.

Ef maður lítur sér nær, þá er það staðreynd, eins og hér hefur verið tekið fram, að til þessara mála hefur verið varið sum árin upp í 15 millj. kr., önnur — og það nú seinast — a. m. k. 13½ millj. kr. Og nú á að ákveða, að það skuli verða 10 millj., og hefur þó dýrtíð farið og fer sífellt vaxandi.

Hvort sem maður lítur lengra eða skemmra um öxl, er því um að ræða afturför, minni fjárframlög en áður hafa verið lögð fram til þessara mála. Og yfir því sé ég enga ástæðu til að gleðjast, síður en svo. Það hlýtur að vera öllum áhugamönnum um aukið jafnvægi í byggðum þessa lands áhyggjuefni og óánægjuefni, að svona skuli stefnt, og er engin bót að því, þó að atvinnu- og framleiðslubótaféð eigi nú að heita sjóður. Það er líka eitt af bjargráðunum núna, sem liggja fyrir þessu þingi, að kalla ríkisábyrgðaskuldasúpuna sjóð. Og ég get ekki séð, hve miklu það bjargar, að það á að stofna sjóð af ríkisábyrgðaskuldasúpunni.

Hv. 1. þm. Vestf. vék að því áðan, að afstaða hv. 1. þm. Austf., sem ég þarf engu að svara fyrir, væri yfirleitt óábyrg, af því að hann væri í stjórnarandstöðu. Hann gerði meiri fjárkröfur nú í hverju máli heldur en stjórnarliðið vildi fram leggja. Þetta er sjálfsagt ekkert nýtt um stjórnarandstöðu, að tilhneiging sé í þá áttina. En það hefði kannske verið ástæða til að hafa orð á því, að hér væri stjórnarandstaðan óbilgjörn og of heimtufrek og óraunhæf í sínum kröfum, ef einhver þm. hefði verið að krefjast meiri fjárframlaga, sem hefðu meiri framkvæmdamátt, til þessa umrædda verkefnis, heldur en áður hefur verið lagt til þess. En um það er alls ekki að ræða. Menn hafa látið sér nægja að nefna í þessu sambandi 25 millj. kr., sem engan veginn hefur meiri framkvæmdamátt en 15 millj. kr., sem veittar voru til þessara mála á dögum vinstri stjórnarinnar. Þar virðist því stjórnarandstaðan vera innan þeirra hóflegu marka að ætla ekki nú að heimta meira af núv. ríkisstj. til þessa máls en þeir, sem nú eru í stjórnarandstöðu, hafa staðið að því að leggja fram til málanna. Og þá segi ég: meðan þeir halda sér við slíkar upphæðir, eru þeir innan hóflegra og ábyrgra takmarka og alveg tilefnislaust að bregða mönnum um óábyrga afstöðu í sambandi við þetta mál. Það eru engar öfgar nú að heimta það, að til atvinnu- og framleiðslubóta í landinu og til þess að viðhalda og efla jafnvægi í byggðum landsins séu nú lagðar fram þær upphæðir, sem a. m. k. jafngildi að framkvæmdamætti þeim upphæðum, sem áður hafa verið lagðar til þessara mála.

Ég álít hins vegar, að ef það er meining hv. 1. þm. Vestf., að höfuðverkefni þessa frv. sé það að bæta úr atvinnuleysi, þar sem það verði mest, þá sé hann alveg á villigötum. Til þess höfum við fyrst og fremst atvinnuleysistryggingar og erum svo hamingjusamir, að síðan atvinnuleysistryggingarnar voru stofnaðar, hefur verið lítið um atvinnuleysi, og sá sjóður er nú svo sterkur, að hann á að vera nokkurn veginn fær um að gegna því hlutverki. Þetta litlu gulu hænu-frv. getur þar ekkert úr bætt. Sá 300 millj. kr. sjóður veldur miklu betur því hlutverki að hlaupa undir baggann, þar sem atvinnuleysi kann að berja að dyrum í héruðum landsins. Þó að þetta 10 millj. kr. framlag á ári ætti að fara að grípa þar inn í, mundi muna ákaflega lítið um það. En þetta sagði hv. 1. þm. Vestf. nú rétt áðan. Hann sagði, að hann endurtæki það enn, að höfuðhlutverk þessa frv. væri að bæta úr atvinnuleysi, þar sem það væri mest.

Ég álít, að hlutverk frv. eigi ekki að vera það. Látum atvinnuleysistryggingasjóðinn um það. Og eins og stendur er hann fær um það. Þetta á að vera til þess að hlaupa undir bagga, þar sem fámenn byggðarlög eiga í þrengingum. Það er oft þróunin, sem leggst öndvert gegn þeim, og þá þarf að hjálpa með ýmsu móti öðru heldur en beint að fyrirbyggja atvinnuleysi. Það þarf að undirbyggja þar ýmislegt, sem einstaklingsframtak og einstaklingsfjármagn í hinu fámenna byggðarlagi orkar ekki að koma fótum undir, og það hefur einmitt verið gert í mýmörgum tilfellum með framleiðslu- og atvinnuaukningarfénu.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði það áðan og alveg ranglega, að atvinnu- og framleiðslubótafénu hafi yfirleitt ekki verið varið til jafnvægis í byggð landsins, heldur til kaupa á atvinnutækjum um allt landið. Þetta er rangt. Og mig furðar það, ef hv. þm. hefur ekki vitað um þetta. Þegar ég var í félmrn., var það gildandi og föst regla, að það var ekki varið einum einasta eyri af atvinnu- og framleiðslubótafénu til Vestmannaeyja eða neinna útgerðarplássa við Faxaflóa. Þau voru alveg í banni. Af hverju? Af því að fólksstraumurinn var frá þremur landsfjórðungum, frá Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum. Og það var landssvæðið, sem atvinnu- og framleiðslubótafénu var varið til eingöngu og alls ekki til Faxaflóa eða Vestmannaeyja, sem fengu ekki einn einasta eyri af því í þann landshlutann, sem fólksstraumurinn stefndi til. Og þannig var fénu varið auðvitað til jafnvægis í byggð landsins. Þetta hlýtur að byggjast á misminni eða misskilningi hv. þm.

Það var síður en svo, að þessar upphæðir, sem var úthlutað í hina þrjá landshluta, sem fólksstraumurinn stefndi úr, væru ætlaðar til bátakaupa, það var til margvíslegra annarra aðgerða og aðstoðar og hjálpar. Ég skal t. d. nefna

Kópasker. Kópasker hafði þá hafnaraðstöðu, að þar var ekki hægt fyrir Breiðirnar að komast að landi, það varð að skipa upp og út vörunum á bátum fyrir stórt verzlunarsvæði. Þetta pláss hafði engar atvinnutekjur handa sinni höfn, og það varð að líta svo á, að þarna stæði nokkuð sérstaklega á, en höfn þyrfti þarna að koma, svo að strandferðaskipin kæmust þarna að landi og ekki þyrfti að búa við það að skipa út og upp vörum á báti. Og þessi staður fékk nokkur ár í röð allháar upphæðir til þess að endurbæta þarna landtökuskilyrðin og hafnarmannvirkin. Og þannig var um fjöldamarga aðra staði, að til þess, sem manni fannst vera undirstaðan og bezt létta lífsbaráttu fólksins á viðkomandi stað, var fénu varið að beztu manna yfirsýn.

Sums staðar á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum, þar sem bátakostur var ónógur, var einstaklingum veitt viðbótaraðstoð af atvinnuaukningarfénu, en eingöngu í þessum landshlutum til að efla bátastólinn. Á stað, sem við hv. 1. þm. Vestf. þekkjum báðir gjörla, þá var hjálpað íshúsi, sem var í vandræðum með að halda áfram rekstri og sveitarfélagið átti, og þar var veitt aðstoð til þess að kaupa ónotaða fiskimjölsverksmiðju, sem þurfti að endurbæta og þurfti að taka þarna í notkun, heldur en að búa við það ófremdarástand, að allur fiskúrgangur þessa pláss væri fluttur fram á bryggju, niður í bát og fluttur þaðan óunninn til Bolungarvíkur. Þannig var þessu plássi hjálpað um aukinn bátastól, um endurbætur á hraðfrystihúsi, sem sveitarfélagið átti, og með því að gera virka og nothæfa beinamjölsverksmiðju, sem er þar á staðnum, en hefur verið ónotuð sem einstaklingseign í mörg ár. Þannig var atvinnulíf þessa pláss byggt upp og gengið á röðina á stöðunum að koma þar hjálpandi til, sem mest nauðsyn var á í atvinnulífinu í þeim landshlutum, sem fólksstraumurinn stefndi frá, en sá landshluti, sem tók á móti fólksstraumnum, fékk ekkert, aldrei eyri af því.

Í þessu frv. er ekkert um það, að það megi ekki veita hvert sem er á landinu þessu litla fé, sem sjóðurinn á nú að fá. Og ef það er meint og ekki bara mismæli hjá hv. 1. þm. Vestf., að þessi sjóður eigi ekki að koma hjálpandi til í atvinnuleysistilfellum, sem ég vona að sé bara mismæli, þá er hér alls ekki tryggt, að þessu litla fé verði varið eingöngu til framleiðslubóta í þeim héruðum, sem eiga við fólksflótta að stríða eða eiga hann vofandi yfir sér. En við það þarf sannarlega að takmarka verkefni þessa sjóðs. Annars verður hann ekki til aukins jafnvægis í byggð landsins.

Það má vel vera, að það sé út af fyrir sig frekar til bóta, að þetta frv. verði í formi atvinnubóta- og framleiðslubótafjár í eins konar sjóðsmynd, að gerð sé tilraun til að endurheimta eitthvað af því fé, sem áður hefur verið veitt til atvinnu- og framleiðslubóta, og að sérstök sjóðsstjórn sjái um úthlutun þessa fjár í staðinn fyrir nefnd manna, sem á undanförnum árum hefur verið kosin til þess frá ári til árs af Alþ. Það má vel vera, og ég get vel fallizt á, að það sé frekar eðlilegt form, sem þessu sé sniðið. En hitt er til hins verra, í staðinn fyrir að hafa þó allt að 15 millj. kr. til þess að gegna þessu ákveðna hlutverki, að fá nú aðeins til þess 10 millj., — það er til hins verra. Og það er engin von til þess, að stjórnarandstaðan lýsi neinum fögnuði yfir því. Og ég hefði haldið, að það væri sízt ástæða til þess af þm. í stjórnarliðinu, sem hafa verið og ég vil segja hljóta að vera áhugamenn um það, að þessu verkefni sé sinnt af myndarskap, þótt þeir séu í stjórnarliðinu, að vera að fagna í ræðu eftir ræðu yfir því, að upphæðin er lækkuð að beinni krónutölu og meira en lækkuð um helming, þegar miðað er við framkvæmdamátt þess fjár, sem til þess á að fara. Ég verð að segja, að það hlýtur að vera ósk okkar í stjórnarandstöðunni til þess síðasta að skora á stjórnarliðið, meiri hl. hér á Alþ., að endurskoða það, hvort ekki sé hægt **að ætla a. m. k. svo mikið fé til þessa verkefnis, jafnvægis í byggð landsins, sem mest hefur verið veitt til þess** — því að málið er ekki leyst — og að upphæðin sé við það miðuð, að hún sé a. m. k. ekki minni að framkvæmdamætti heldur en atvinnubóta- og framleiðsluaukningarféð hefur verið, þegar það var hæst, en það var um 15 millj. kr., og mundi þá ekkert duga minna til jafns við það en upp undir eða um 30 millj. kr. Allt annað er samdráttur og að sinna þessu verkefni verr en áður hefur verið gert.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. 1. þm. Vestf., sem ég vildi gera aths. út af. — Hann sagði, að þetta fjármagn hefði ekki verið notað til að auka jafnvægi í byggð landsins eða viðhalda jafnvægi í byggð landsins, þegar ég og mínir félagar hefðum getað ráðstafað því. Þetta er alveg misskilningur. Ég efast ekkert um, að þetta er misskilningur hjá hv. þm. En þetta er **alveg rangt**, eins og hv. síðasti ræðumaður rækilega upplýsti, því að þetta fjármagn var einmitt notað til þess að leggja í þau byggðarlög, þar sem menn stóðu höllum fæti við að byggja upp nýtt atvinnulíf. Það var höfuðatriði málsins. En nú er þetta allt útþynnt orðið, eins og hann réttilega lýsti, og verður ekki neitt neitt, ef svo heldur áfram sem nú horfir um dýrtíðarvöxt og útþynningu á notkun fjárins. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssyni, sem hélt fram þessu sjónarmiði, þó að ég sæi ekki ástæðu til að endurtaka það, sem hann hafði sagt um þetta.

En hitt atriðið, sem ég vildi leiðrétta hjá hv. þm., var það, að hann bar mér á brýn, að ég væri frekari í kröfum um fjárframlög í þessu skyni núna en ég hefði viljað samþykkja, þegar ég hafði nokkuð með fjármálefni landsins að sýsla. Þetta er alveg rangt hjá hv. þm. og mjög óverðskuldað af hans hendi að bera mér þetta á brýn, því að ég hef mælt hér með því, að það yrðu settar 25 millj. á ári í þennan sjóð. En þessi ár, sem hv. þm. meinar, t. d. árið 1957 og 1958, voru annað árið lagðar fram 13½ millj. og hitt árið 15 millj. Ég var þá fjmrh. og var mjög fylgjandi því, að þetta fjármagn yrði

lagt fram, og það tókst að útvega það og var greiðsluafgangur í ríkisbúskapnum samt. Ég held því fram, að það sé sízt meira núna, miðað við breytt verðlag og aðrar ástæður, að leggja fram 25 millj. Það er því alveg rangt hjá hv. þm., að afstaða mín í þessu tilliti hafi nokkuð breytzt, þó að ég sé nú í stjórnarandstöðu, en hafi þá veitt með nokkrum hætti forustu fjármálastjórn ríkisins. Það er fullkomið samræmi í þessari afstöðu. Og ég verð að segja, að ég vorkenni ekki stjórninni eða þingmeirihlutanum að útvega 25 millj. í þessu skyni. Ég álít, að henni eigi að vera það allt eins mögulegt að útvega 25 millj. núna, eins og verðlag er orðið og umsetning, og við gátum þá útvegað 15 millj. og haft samt afgang. Í þessu sambandi mætti minnast á, þó að ég ætli ekki að fara út í almennar umr., að síðan 1958 hafa ríkistekjurnar verið meira en tvöfaldaðar. En við erum ekki einu sinni að gera tillögu um að tvöfalda þetta framlag samt sem áður, heldur aðeins að hækka það í 25 millj. Þannig mætti halda lengi áfram til að sýna fram á, að vitaskuld nær engri átt að halda því fram, að þjóðarbúinu sé nú ófært að leggja 25 millj. á ári til þessarar uppbyggingar. Slíkar röksemdir standast ekki.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ummælum frá tveimur hv. þm., sem síðast hafa talað.

Í sambandi við ræðu hv. 4. landsk. þm., þá spurði hann, hvaða ástæða væri til að gleðjast yfir samþykkt þessa frv. Mér er ljúft að svara því, að það er fyrst ástæða til að gleðjast yfir því, að löggjöf skuli vera sett um þetta mál. Það tel ég vera mjög mikils virði, eins og ég hef tekið fram áður. Ef löggjöf hefði verið sett um þetta mál á sínum tíma, hefði þessi sjóður nú yfir mjög miklu fé að ráða. Ég skil hins vegar afstöðu þessa hv. þm. til málsins. Hann hefur alltaf verið andvígur því, að löggjöf væri sett um jafnvægi í byggð landsins, og hann beitti sér fyrir því mjög á þinginu 1956, að það frv., sem þá var raunverulega samkomulag um að næði fram að ganga, yrði fellt eða því yrði breytt þannig, að ekki væri hægt að samþykkja það, og var það gert til þess að skapa möguleika til myndunar vinstri ríkisstj. eftir kosningarnar, og þá var sett það skilyrði, að þetta mál næði ekki fram að ganga, en út í það skal ég ekki fara frekar nú. Þetta er eitt af því, sem ég gleðst mjög yfir, að það skuli vera hægt að fá löggjöf um málið. Hitt hygg ég, að ef hv. 4. landsk. þm. fylgir yfirleitt nú þessu frv., þá sé það vegna þess, að hans flokkur er nú kominn á þá skoðun, að það sé sjálfsagt að setja löggjöf um þetta atriði, enda kom það fram í umræðum um málið í n. Og þess vegna kannske greiðir hann atkv. með frv., ég veit það ekki, en þá er það eingöngu af þessu, því að hann hefur sýnt málinu fulla andúð frá fyrstu stund.

Um aths. hv. 1. þm. Austf. vildi ég aðeins segja það, að ummæli mín um afstöðu hans til fjárframlaga yfirleitt giltu ekki eingöngu um þetta sérstaka mál, heldur almennt. Við höfðum árum saman mikla og góða samvinnu, ég sem formaður fjvn. og hann sem fjmrh., og ég þekki vel, hversu fast hann þá hélt á ýmsum málum, að ekki væri farið upp fyrir það, sem hann treysti sér til þess að láta fjárlög standa undir á hverjum tíma. Ég er ekkert að ásaka hv. þm. fyrir það, nema síður sé. Afstaða hans til þessara mála hefur breytzt síðan, það er mannlegt. En afstaða hans hefur sannarlega breytzt, eins og ég hef áður tekið fram. Og hvað þetta atriði snertir, þá er það alveg rangt, eins og ég líka tók fram, að það hafi á s. l. þingi ekki verið látið nema 10 millj., því að það hafa verið látnar 14 millj. kr. til þessara mála, þó að því sé skipt niður á aðra liði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að karpa meira um þetta atriði og skal ljúka máli mínu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég hef áður, við 2. umr. málsins, lýst því, að ég teldi, að það kæmi ekki nógu greinilega fram í þessu frv., eins og það var af stjórnarinnar hendi og eins og það er enn, að með því ætti fyrst og fremst að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Mér hefur nú virzt meðnm. minn, hv. 1. þm. Vestf., vera þeirrar skoðunar einnig, að það ætti að vera aðaltilgangurinn með þessari lagasetningu að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna fannst mér nokkuð óheppilegt dæmi, sem hann kom með í ræðu sinni hér í dag um framkvæmd, sem hann taldi eðlilegt að atvinnubótasjóður veitti aðstoð til. Hv. þm. nefndi það, að þörf væri á að fá ný tæki til notkunar við að landa fiski úr togurum til þess að spara þar vinnuafl. Nú er það þannig, að togaraútgerð er tæpast til hér á landi nú orðið nema frá stærstu kaupstöðunum, þar sem fólk er margt, og a. m. k. er það svo um þá staði, þar sem togaraútgerðin er að mestu leyti, að það hefur verið yfirleitt fólksflutningur til þeirra, en ekki frá þeim. Nú get ég tekið undir það með hv. þm. og er honum alveg sammála um, að það sé nauðsyn að fá vinnusparandi tæki við þetta verk, sem hann nefndi, eins og önnur — mikil nauðsyn á því. En ég tel, að fyrir útvegun þeirra ætti að sjá með öðru móti en því að fara að taka af mjög takmörkuðu fé þessa sjóðs til þess, því að það er ekki eitt af þeim verkefnum, sem hann ætti að styðja, að mínu áliti. Það er ekki í samræmi við þann höfuðtilgang, sem þessi sjóður hefur og þessi lagasetning, sem hér er stefnt að. Ég vildi aðeins láta uppi mína skoðun um þetta, af því að hv. frsm. fjhn. nefndi einmitt þetta sem dæmi um framkvæmd, sem sjóðurinn ætti að styðja. Ég tel, að það kæmi ekki til greina, a. m. k. ekki meðan verkefni væru fyrir hendi, sem þyrfti að sinna í þeim landshlutum, sem hafa orðið fyrir því, að fólk hefur flutzt þaðan og oft í stórum stíl til annarra staða á landinu, — það eigi að sitja fyrir að stuðla að uppbyggingu í þeim landshlutum fyrst og fremst og koma í veg fyrir áframhaldandi fólksflutninga þaðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. talaði hér áðan til þess að gera mér og öðrum skiljanlegt, af hverju gleði hans

stafaði í sambandi við þetta frv. Og hann sagði: Ég er glaður yfir þessu máli með þeirri lausn, sem það á nú að fá, af því að það er verið að setja löggjöf um það. — Ég tók það fram áðan, að ég teldi það jafnvel heldur til bóta, að sett væru lög um það. En hitt skal ég líka taka skýrt fram, að ég tel það ekkert aðalatriði í sambandi við þetta mál. Það er ekkert aðalatriði, hvort fénu er úthlutað af sjóðsstjórn, eins og nú verður, eða af þingkjörinni nefnd, eins og verið hefur, né heldur hvort ákveðið verður í lögum, hvaða tekjur þetta verkefni skuli fá, ef það hefur verið ákveðið með fjárlagaákvörðun, hvaða fé væri til þess varið. Þetta eru ekki meginatriði málsins, svo að gleðin er á heldur völtum og veikum fótum, grundvöllurinn fyrir henni. En það, sem hann vildi koma að, er þetta, að ég hafi alltaf verið á móti þessu máli, móti því, að sett væri um það löggjöf. Það er mesti misskilningur. Ég var á móti frv. árið 1956 af því einu, að mér fannst upphæðin vera hjákátlega smá, til þess að hægt væri að gera sér nokkrar vonir um, að hún kæmi að gagni, eins og fólksflóttinn var þá mikið þjóðfélagsvandamál í þremur landsfjórðungum. Það þurfti miklu meira en 5 millj. kr. á ári til þess að stöðva þann straum eða snúa honum við. Og þá fannst mér það vera allt of lítið að ætla til þess 5 millj. kr. og fannst því frv. ekki svara tilgangi sínum. Og í raun og veru er það sorgarsagan, að nú eru nefndar 10 millj., en það er að framkvæmdamætti minni upphæð en þá. Þess vegna er ekki stefnt fram á við, heldur í raun og veru aftur á bak, og allra helzt þegar til þess er horft, að í millitíðinni var búið að fá Alþ. til að fallast á að veita 13—15 millj. kr. á ári til þessa verkefnis. Þá er afturförin nú, þegar verið er að stíga það skref að binda þetta í lögum, að lögfesta þetta, þá er það enn þá augljósara, að það er verið að stefna aftur á bak, en ekki áfram. Það er verið að kippa að sér hendi, en ekki að rétta fram hönd með meiri fjárfúlgu í. Það er verið að sinna verkefninu verr en áður. Og að lögfesta slíka þróun málsins, það er mér ekkert gleðiefni.

Hv. þm. vék í leiðinni að hv. 1. þm. Austf. og sagðist þekkja hann frá þeirra fyrri samstarfsárum og hann hefði verið afskaplega fastur á fé. Og það er víst ekkert ofsagt um hann, að hann var það. Hæstv. fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, var oft fastur á fé. En hann var þó ekki fastari á fé til þessa máls en svo, að hann gat fallizt á, að við þáverandi verðlag væru veittar til þess 15 millj. kr. En núna með þeirri verðlagsþróun, sem síðan hefur orðið, er ekki hægt að sarga út úr núv. ríkisstj. nema 10 millj., og eru það þó menn, sem eru ekki eins fastir á fé og fyrrv. fjmrh. og bruðla með ýmislegt, a. m. k. í annað, sem síður skyldi.

Það er algerlega rangt og villandi að halda því fram, að það fé, sem á undanförnum árum hefur verið klipið af atvinnubótafénu til beinna vegaframkvæmda, sum árin bara bundið við þjóðvegi, sé nokkurt atvinnubóta- eða framleiðsluaukningarfé til jafnvægis í byggð landsins. Það var búið að klípa þessar 4 millj. af atvinnubótafénu, lækka fjárveitinguna til þess verkefnis, og af því að fjárveitingar til vegamála höfðu raunverulega dregizt saman líka, þótti mikil nauðsyn á að færa þessar milljónir þangað. Það er ástæða til þess að minna á það, að eitt af því, sem komið hefur fram og bendir til þess, að ætlunin sé að veita þetta fé jafnvel í fjölbýlið, en ekki í strjálbýlið, ekki í dreifbýlið, var einmitt þetta dæmi, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist hér á að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Vestf., að það væri t. d. ákaflega eðlilegt og æskilegt að verja þessu fé til þess að endurbæta tæki við löndun úr togurum. Hvar fara landanir togara núna fram? Ekki á Austfjörðum. Síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við, eru allir togarar horfnir úr Austfirðingafjórðungi. Þar eru engar togaralandanir. Á Norðurlandi er togaraútgerð, af því að ríkið stendur undir henni á Siglufirði, og þar eru góð löndunartæki í sambandi við ríkisverksmiðjurnar. Og svo af því að Akureyrarkaupstaður er næststærsti kaupstaður landsins, þá stendur þar togaraútgerð enn. En hún er horfin af Ísafirði, hún er að hverfa af Patreksfirði, og hún er bráðum hvergi til nema í Reykjavík og Hafnarfirði. Og mér er spurn, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v.: Er það virkilega ekki mismæli, að það sé eiginlega tilvalið að verja þessu litla fé til að bæta löndunarskilyrði í Reykjavík og Hafnarfirði? Ég trúi því ekki. Ég held, að það hljóti að vera ætlunin með þessu frv., þótt það sé hvergi nærri nógu skýrt, hvorki í heiti frv. né í greinum þess, að það eigi að verja því í dreifbýlið, strjálbýlið, þar sem fólk stendur höllum fæti, en hefur viðleitni, vakandi hug og viðleitni til þess að koma fótum undir nýjar greinar atvinnulífs, að þá eigi að veita þessa smáupphæð til hjálpar. En ég vil vona það í lengstu lög, ef ekki auðnast að fá það gert í þessari hv. d., að þá verði það gert í Ed. að knýja enn fastar á um að hækka fjárframlögin til þessa verkefnis, því að þau eru mun minni en bæði fyrr og síðar hefur verið tekið í mál að ætla til þessa verkefnis. Upphæðin má eigi vera minni, til þess að jafnast á við það, sem áður hefur verið, heldur en 25—30 millj. kr.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það verður náttúrlega ekki um það deilt, að til atvinnubótasjóðs er nú samkvæmt þessu frv. varið allmiklu lægri upphæð en áður hefur verið. Þetta er staðreynd. Hins vegar hefur engin löggjöf verið til um slíkan sjóð, og það er það, sem ég tel til bóta frá því, sem áður hefur verið. Tillag til slíkra mála, sem hér hefur verið um rætt, hefur verið ákveðið við afgreiðslu fjárlaganna ár hvert, og hefur oltið þar á ýmsu. Stundum hefur það verið kannske upp í 15 millj., önnur ár 10. Ég vil taka skýrt fram, að ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að 25 millj. kr. nú væru sízt hærra en t. d. árið 1957, en það ár voru veittar, að mig minnir, 15 millj. kr. til atvinnuaukningar. Miðað við verðgildi peninganna þá og nú, munu 25 millj. vera sízt betri en 15 millj. þá.

Um það, hvort þörf sé fyrir slíkan atvinnubótasjóð, eru víst flestallir sammála, sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál. Það ástand er

nú þannig, því miður, að straumurinn liggur frá vissum svæðum, bæði á Norður- og Vesturlandi og kannske frekar frá Norðurlandi, hingað suður til Faxaflóa, og aðalorsökin fyrir þessum straumi fólksins hingað suður er sú, hvað atvinnuástandið á viðkomandi stöðum er óöruggt. Á þeim stað, sem ég þekki bezt, er það svo alvarlegt, að á hverju einasta ári eru frá 12 og upp í 17—18 fjölskyldur, sem flytjast burt og hingað suður. Og þær flytjast fyrst og fremst vegna þess, að þeim finnst, sem er líka staðreynd, að atvinnuástandið sé svo óöruggt, að það sé ekki til þess að byggja á því til frambúðar. Ef hægt væri að finna einhverja örugga leið til að snúa þessari öfugþróun við, þá er það vel farið, því að það er ekkert sérstakt til að keppa að að stefna öllu fólkinu hingað til Faxaflóa. Ég vil bara benda á það í því sambandi, að ef síldin hefði ekki komið hér í haust og veitt jafnmikla atvinnu og hún veitti til kaupstaðanna og bæjanna hér við Faxaflóa, þá er ég hræddur um, að það hefði orðið þröngt fyrir dyrum hjá margri verkamannafjölskyldunni. Því fór samt sem áður betur, að það var mikil síldveiði hér, og það er hún fyrst og fremst, sem bjargaði því, að hér varð ekki mjög mikið atvinnuleysi í sjávarþorpunum við Faxaflóa. En það kannske sýnir dálítið inn á það, við hvaða ástand bæirnir á Norðurlandi hafa orðið að búa undanfarin ár, sem hafa orðið að búa við það, að sá atvinnuvegur, sem þeir hafa treyst á að mestu leyti, hefur brugðizt að mjög miklu leyti í 15—20 ár. Það er þetta, sem ég held að menn ættu að hafa vel í huga, þegar verið er að ræða um þessi mál.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það hefði verið sízt of hátt 25 millj., miðað við þær fjárveitingar, sem hafa verið veittar til þessara mála að undanförnu. En þrátt fyrir það, þótt frv. geri ekki ráð fyrir nema 10 millj. kr., tel ég það allmiklu betra, að sett sé löggjöf um málið. Þó að sú brtt. við frv., sem hér liggur fyrir um að hækka tillagið úr 10 í 25 millj., kynni að verða felld, mun ég samt sem áður greiða frv. atkvæði, vegna þess að ég tel það til bóta, að sett sé löggjöf um málið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að ráði. Ég get tekið undir það, að það sé æskilegt, að sett verði löggjöf um þetta efni, en ég get ekki samglaðzt hv. 1. þm. Vestf. yfir þeirri tilvonandi löggjöf, sem hann lýsir af svo mikilli gleði. Það má segja, að það sé kannske að einu leyti vinningur, þrátt fyrir það hvað frv. er ófullkomið, — það er það, að núv. stjórnarflokkar eiga þá ekki eins auðvelt á eftir með að lækka framlagið frá því, sem verið hefur og er nú. Það hefur sýnt sig, að þeim hefur verið það tiltölulega auðvelt að hafa þann hátt á, að það væri bara með fjárlagaákvæði, sem fjallað væri um upphæðina.

Ég skal ekki fara inn í málið eða endurtaka það, sem nokkrir þm. hafa ljóslega fundið að frv., bæði við þessa umr. og fyrr. Þeir hafa ljóslega sýnt fram á það, hvað hér er í raun og veru mikil sýndarmennska á ferðinni í sambandi við stórvægilegt og þýðingarmikið mál. Og það gæti verið ástæða til, að þeir, sem draga í efa gildi þess að setja þessa löggjöf, hugsi sem svo, og ég er eiginlega á sama máli, að það sé hæpinn vinningur að hrapa að því að staðfesta þetta í þeirri von, að það kynni að vera hægt að fá hv. stjórnarflokka til að endurskoða afstöðu sína og gera betur, svo að það væri þó hægt að telja það viðunandi lágmarksafgreiðslu í bili.

Ég stóð nú aðallega upp til þess að leiðrétta eitt af því, sem hv. 1. þm. Vestf. vék að, þegar hann var að gera tilraun til þess að verja og í raun og veru að bera á móti þeirri staðreynd, að hér hefði á undanförnum árum verið mjög lækkað framlagið til atvinnuaukningar í landinu. Þá greip hann til þess, sem hann veit nú ósköp vel að ekki hæfir að hafa slíkan málflutning í þessu máli, — greip til þess að vitna í þær 4 millj., sem voru fluttar á 20. gr. fjárlaga á sama tíma og hæstv. ríkisstj. lækkaði framlag til vega á 13. gr. fjárl., ef tekið er tillit til þess, hvað kostnaður við nýbyggingu vega hafði vaxið mikið með gengisbreytingunni. Þá var sem sagt gripið til þess að flytja 4 millj. af því fé, sem réttilega hefði átt að koma inn undir þann venjulega fjárlagalið um nýbyggingu þjóðvega, yfir á 20. gr. og setja þá fjárhæð saman við þær 10 millj., sem ríkisstj. hafði ráðgert að veita til atvinnuaukningar. Þetta voru náttúrlega á sínum tíma talin ákaflega hæpin vinnubrögð, að taka úr höndum Alþingis það vald að ráðstafa fé til nýbyggingar þjóðvega. En það er nú annað mál. Þessu hefur með nokkru samkomulagi og eftir þessari einkennilegu leið verið úthlutað til nýbyggingar á þjóðvegum, en átti vitanlega eftir venjum að ganga til þeirra hluta í sambandi við afgreiðslu fjárveitinga til vegagerða samkv. 13. gr. Það er þess vegna alls ekki rétt, og það veit hv. þm., að hér er ekki um venjulegt atvinnuaukningarfé að ræða. Það er þess vegna staðreynd, þó að hv. þm. sé að reyna að berja í þann brest, að það hafi ekki verið lækkað fé til þessara hluta, að atvinnuaukningarféð hefur aðeins verið 10 millj. undanfarin ár. Það bendir til þess, hvað hv. þm. finnur til þess, að hann vanti rök og afsakanir fyrir, hvað þessi fjárveiting hefur lækkað á undanförnum árum, að hann skuli grípa til þessara ósanninda, sem í raun og veru allir þm. vita, hvernig er varið.

Hv. 4. landsk. minntist á „litlu gulu hænuna" frá 1956. Ég skal ekki tala neitt um það, hvað sú nafngift var sanngjörn. En það er rétt hjá honum, að það er vissulega ástæða til þess að minnast hennar núna, vegna þess að nú er þetta ekki orðin lengur lítil gul hæna, heldur ósköp pínulítill gulur hænuungi. Og það er náttúrlega eftir að vita, hvort hv. 1. þm. Vestf. og stjórnarflokkunum tekst að koma þessum kjúkling sínum svo upp, að hann verði nokkurn tíma að hænu og verpi eggjum til gagns dreifbýlinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 3 umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 328,1 felld með 16:10 atkv.
— 327 felld með 17:12 atkv.
— 328,2 felld með 17:14 atkv.
— 328,3—5 kom ekki til atkv.
— 363 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 349,1, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
— 349,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 12 marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 374).

Á 63. og 64. fundi í Ed., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur hlotið afgreiðslu. Á undanförnum þingum nokkrum hafa verið bornar fram óskir um það, að stofnað yrði til sjóðs af þessu tagi, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að efla atvinnu á þeim stöðum í landinu, sem við erfiða staðhætti eiga að búa og hafa orðið fyrir búsifjum af brottflutningi og atvinnusamdrætti, og enn fremur, að af þessu fé mætti líka nota upphæðir til þess að efla atvinnustarfsemi, þar sem skilyrði til atvinnurekstrar eru talin sérstaklega góð. Þetta hefur nú verið reynt að sameina í þessu frv., sem er samið í félmrn. samkv. og í beinu áframhaldi af þáltill., sem um þetta var gerð í fyrra.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram til atvinnubótasjóðs, sem svo er kallaður, 100 millj. kr., sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum og í fyrsta sinn 1962; enn fremur, að til sjóðsins renni eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. 20. og 22. gr. fjárlaga, en það hefur á undanförnum árum verið að meðaltali nokkuð svipuð upphæð og hér er lagt til að greidd verði. Mér er það að vísu vel ljóst, að til þess að bæta úr öllum fjárhagserfiðleikum viðkomandi staða þyrfti miklu hærri fjárhæð en hér er um að ræða. En þó er með þessu frv. því slegið föstu, að heildarupphæðin er ákveðin þannig, að ekki er hægt frá henni að hvika, þó að einhverjum kynni að detta það í hug vegna tímabundinna erfiðleika við að útvega fé.

Um stjórn sjóðsins er lagt til, að þar sé sama skipan og hefur verið áður, þannig að allir fimm stjórnarmenn séu kosnir hlutfallskosningu af Alþingi. Þetta hefur verið gert að undanförnu og síðan, að ég ætla, 1958, en þangað til var skipting fjárins í félmrn., og kannske öllu hentara, að það séu fleiri, sem þar koma nálægt, heldur en einn maður eða eitt ráðuneyti. Síðan eru fyrirmæli um, hvernig lán eða styrkir skuli afgreiddir og hvernig umsóknum um fyrirgreiðslu úr sjóðnum skuli hagað og hverra umsagna skuli leita, áður en lán eða styrkur er veitt.

Í 8. gr. eru vextir ákveðnir, og þar er ákveðið, að útlánsvextir samkv. 1. gr. b, þ. e. a. s. vextir af lánum til að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, séu venjulegir útlánsvextir banka og sparisjóða, en af öðrum lánum séu vextirnir 6% á ári. Í 9. gr. er svo ákveðið, að atvinnubótasjóður skuli vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, en handbært fé sjóðsins skuli ávaxta í Seðlabankanum. Sannast sagna hafði þetta ákvæði farið fram hjá mér áður, en mér þykir þetta ankannalegt, að sjóðurinn skuli vera í umsjá eins banka og fé hans skuli vera ávaxtað í öðrum, og hefði ég hug á því, að hv. nefnd, sem málið fær til athugunar, vildi líta á þetta atriði sérstaklega.

Ég held svo ekki, að það sé ástæða til að hafa um þetta fleiri orð. Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Um alllangt skeið hefur verið lögð fram í fjárlögum hvers árs nokkur fjárhæð til atvinnuaukningar í landinu. Á þá starfsemi, sem þannig hefur verið stofnað til, er því komin nokkur reynsla, og sú reynsla er þannig, að það fé, sem lagt hefur verið fram í þessu skyni og úthlutað í ýmsar áttir, hefur áreiðanlega komið að mjög miklum notum. Því hefur m. a. verið varið til þess að veita aukin lán þeim, sem ráðizt hafa í kaup á vélbátum, og hafa þau lán á sumum stöðum haft áhrif á, að auðið var að afla nauðsynlegra framleiðslutækja, þar sem fjármagn er lítið heima fyrir, en mikil þörf á uppbyggingu atvinnuvega.

Með þessu frv. er stefnt að því að koma þessari starfsemi í fastara form en verið hefur. Það á samkvæmt frv. að kjósa sérstaka stjórn fyrir þennan sjóð, sem hér um ræðir, og lögbinda fast framlag til sjóðsins. Ég tel því, að þetta frv. stefni í rétta átt. En í þessu sambandi verður að hafa það í huga, að miklar verðhækkanir hafa átt sér stað á undanförnum árum og einkum nú á síðustu árum. Af því leiðir, að atvinnutæki eins og vélbátar og önnur slík kosta í krónutölu miklum mun hærri fjárhæð nú en þau gerðu fyrir fáum árum. Þegar á þetta er litið, þarf vissulega að taka tillit til þess í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, og gera atvinnubótasjóðinn þeim mun sterkari fjárhagslega sem verðhækkununum nemur. Mér finnst það skorta mjög á í þessu frv., að þessa sjónarmiðs sé gætt.

Aðalstofnfé sjóðsins myndast samkv. 2. gr. frv. af árlegu framlagi frá ríkinu á næstu 10 árum, sem á að verða samkv. frv. 10 millj. kr. árlega. Nú er þessi fjárhæð beinlínis lægri að krónutölu en stundum hefur verið veitt í þessu skyni undanfarin ár. Ég held, að fjárveiting til atvinnuaukningar hafi komizt hæst upp í 15 millj. kr. á ári og var um skeið 13—14 millj. kr., en mér skilst samkvæmt þessu frv., að með því eigi að binda þessa fjárveitingu næstu 10 ár við 10 millj. kr. árlega. Verði þetta samþykkt í þessu formi, þá hlýtur að leiða af því, annaðhvort að miklu færri aðilum verði unnt að veita stuðning samkvæmt þessu frv. heldur en þó hefur verið gert á undanförnum árum eða að stuðningurinn, sem aðilarnir fá, verði hlutfalls-

lega minni en hann hefur verið á undanförnum árum, og finnst mér, að hv. Alþ. megi ekki ganga svo frá þessu máli, að það gefi þessu sjónarmiði ekki fullar gætur. Á það vil ég enn fremur benda, að ef borið er saman þetta fjárframlag við heildarhæð fjárlaga, eins og hún hefur verið á undanförnum árum, þá er þetta framlag hlutfallslega miklum mun lægra, miðað við heildarhæð fjárlaga, en áður hefur verið. Þegar heildarhæð fjárlaga var um 800 millj. kr., var framlag til atvinnuaukningar 13—15 millj. kr. sum ár. En nú þegar heildarhæð fjárlaga er komin upp í 1750 millj. kr., er miðað við, að framlagið verði einungis 10 millj. á ári. Með þeirri starfsemi, sem hér á að setja fastar skorður með þessari lagasetningu, er stefnt að því að efla atvinnulífið á ýmsum stöðum, einkum við sjávarsíðuna, þar sem fjármagn er lítið heima fyrir, og þar með að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Tilgangurinn með þessari lagasetningu er því, eins og ég tók fram í upphafi, að mínum dómi mjög góður, og frv. stefnir í rétta átt.

Ég endurtek það: Íslenzka þjóðin er í örum vexti, sem betur fer, og hún þarf á því að halda bæði nú og framvegis að efla atvinnuvegi sína og hagnýta gæði landsins bæði til lands og sjávar. Og í því sambandi þarf ríkisvaldið að gera raunhæfar ráðstafanir til þess, að óeðlilegir og sívaxandi fólksflutningar utan af landsbyggðinni til fárra staða eða lítils svæðis af landinu eigi sér ekki stað, heldur að um nokkurn veginn eðlilega þróun geti verið að ræða um gervallt landið og að atvinnulífið geti staðið með sem mestum blóma hvar sem er. Þetta er bæði fjárhagslegt atriði fyrir þjóðfélagið og einnig menningarlegt. Þessu sjónarmiði má Alþ. ekki gleyma, heldur gefa því fullar gætur, og þessi lagasetning, sem fjallað er um með þessu frv., gefur einnig sérstakt tilefni til þess að taka þetta fyrirbrigði þjóðfélagsins til athugunar.

Ég vil því að lokum beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að endurskoða að nýju ákvæði 2. gr. um árlegt fjárframlag með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem ég hef bent á. Og ég vil beina því til hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál og beitir sér fyrir því, hvort hann sjái sér fært að styðja að því, að breyt. fáist á frv. að þessu leyti, áður en það verður lögfest hér á hv. Alþingi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 5. þm. Austf. og þá alveg sérstaklega út af því, hve mikið fé er ætlað í þessu frv. til þeirrar starfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir. Eins og segir í grg. fyrir frv., hafa verið veittar á undanförnum ellefu árum, frá árinu 1951—1961 að báðum árum meðtöldum, rétt um 100 millj. kr. til þessarar starfsemi. Og það varð niðurstaðan, að að því var horfið, þegar frv. var samið, að halda sig við þá meðaltalstölu a. m. k. til að byrja með. Það er alveg rétt, að þessi upphæð er nokkru lægri en framlagið úr ríkissjóði var sum árin, en aftur á móti líka talsvert hærri en framlagið var á öðrum árum. Á það vil ég líka benda í þessu sambandi, að í frv. er gert ráð fyrir að herða á innheimtu þessara lána frá þeim mönnum, sem ætla má að geti borgað af sinni starfsemi, af sínum rekstri, því að það er engin ástæða til þess að gefa þeim fé, sem ekki þurfa á því að halda. Það á að vera eitt af hlutverkum hinnar nýju stjórnar þessa sjóðs að fara mjög rækilega í gegnum lánin, sem eru, eins og ég sagði áðan, komin á annað hundrað millj. kr., og freista þess að innheimta nokkuð af því fé, bæði í vexti og afborganir af lánunum, þannig að vel mætti fara svo, að sú upphæð, sem væri til ráðstöfunar á ári hverju, yrði nokkru hærri og það mjög verulega hærri en gert er ráð fyrir í frv. að komi beint sem framlag frá ríkissjóði.

Hv. þm. sagði líka, að hlutfallið á milli þessa framlags og heildarupphæðar fjárl. hefði skekkzt, þannig að á meðan fjárl. voru ekki nema um það bil 800 millj., — held ég hann hafi sagt, — 800 millj. í heild, þá voru þessi framlög svipuð eða kannske eitthvað hærri en þau eru nú, og þetta taldi hann hafa þróazt öðruvísi en rétt væri. Ég vildi nú aðeins í þessu sambandi benda á, að það er ekki alveg rétt hjá hv. þm. að gera þennan samanburð á þennan hátt, því að heildarupphæðin var vissulega ekki sú, sem á fjárl. var, heldur var þar skotið undan upphæð, sem var, að ég ætla, u. þ. b. eins há og heildarfjárlagaupphæðin var og kölluð útflutningssjóður, þannig að ef bera á saman útgjöldin á fjárl. nú og á fjárl. þá, verður til þess að fá nokkuð sanngjarna útkomu að taka útflutningssjóðinn með, og það munar mjög verulega miklu.

Annars skal ég ekki fara frekar út í að ræða þetta frv. Mér þykir vænt um, að hv. þm. taldi það til bóta á vissan hátt, þótt það væri ekki nógu gott að hans dómi. En kannske verður þá hægt að betrumbæta það síðar, þegar þessi mál eru komin í fastara og betra horf.

Páll Þorsteinsson: Þetta eru aðeins örfá orð, herra forseti. — Mér þykir gott að heyra, að hæstv. ráðh. viðurkennir í raun og veru það sjónarmið, sem ég dró fram í ræðu minni um fjárhagsgetu þessa sjóðs til útlána, og að hið árlega framlag skv. frv. verði lægra en það hefur verið undanfarin ár. En það var ekki þetta, sem gaf mér tilefni til að standa upp aftur, heldur þau ummæli, sem féllu hjá hæstv. ráðh. um útflutningssjóð. Mér finnst nú hæstv. ráðh. skjóta nokkuð langt yfir markið, ef hann ætlar að leggja þá heildarfjárhæð eða heildarveltu, sem útflutningssjóður hafði, við fjárl. eins og þau voru á því árabili, sem útflutningssjóður starfaði, og gera þá dæmið upp eftir því. Gengislækkunin var gerð til þess að leysa starfsemi útflutningssjóðs af hólmi, og þær álögur, sem lagðar voru á þjóðina með gengislækkuninni í hækkuðu verðlagi, vega á móti þeirri tekjuöflun og starfsemi, sem útflutningssjóður hafði áður með höndum. Þá var aðeins innheimt með sköttum af þjóðinni í útflutningssjóð og því síðan veitt aftur til atvinnuveganna, en með gengisbreytingunni tók þjóðin, almenningur í landinu, á sig samsvarandi byrðar vegna atvinnulífsins í landinu. Ég get því alls ekki fallizt á þá röksemd, að það sé réttmætt að gera

þetta dæmi þannig upp að ætla sér að leggja saman heildarveltu útflutningssjóðs og ríkissjóðs á þeim árum, sem útflutningssjóður starfaði, og bera það hvort tveggja saman við fjárl. eins og þau eru nú.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er engin ástæða til þess, að ég sé að pexa við hv. 5. þm. Austf. um þetta. En segja vildi ég þó, að útflutningsbætur og ýmsar aðrar bætur voru, áður en útflutningssjóður var stofnaður, greiddar á fjárl., og þetta kúnststykki að stofna sérstakan útflutningssjóð varð náttúrlega til þess að létta af fjárl. vissum útgjöldum, sem voru þar áður og hlutu að verða þar á eftir, þannig að mér finnst ekki fást rétt mynd út úr þessu dæmi, nema a. m. k. verulegur hluti, ég skal ekki segja, hvort hann er alveg allur, en mjög verulegur hluti af útflutningssjóði sé tekinn saman með fjárlagaupphæðinni til þess að fá sambærilega mynd við fjárl., eins og þau eru í dag. Fjárl., eins og þau voru fyrir 3—4 árum, voru raunverlega ekki sambærileg við nein önnur fjárl., sem afgreidd hafa verið í þessu landi, vegna þess að það vantaði á þau svo gríðarlega mikið, sem hafði verið þar áður og var flutt þangað á eftir. Þess vegna finnst mér, að þetta geti ekki talizt réttur samanburður hjá hv. 5. þm. Austf., nema því aðeins að útflutningssjóðurinn sé tekinn með.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta frv. Það hefur komið hér fram ágreiningur milli hv. 5. þm. Austf. og hæstv. sjútvmrh. um það, hversu mikinn hluta af útgjöldum fjárl. hér sé um að ræða, sem á að veita til atvinnubótasjóðs. Ég hélt, að það þyrfti ekki að deila mikið um þetta atriði. Það fer ekki milli mála, hversu há fjárl. voru fyrir nokkrum árum og hversu há þau eru nú. Hæstv. ráðh. komst að þeirri niðurstöðu, að það, sem áður hefði hvílt á útflutningssjóði, mundi hafa numið álíka hárri upphæð og fjárl. voru þá. En ég held, að þetta hljóti að vera nokkur misskilningur. Að vísu voru þetta nokkuð háar upphæðir. Þessum upphæðum var velt yfir á þjóðina í dýrtíð, það fer ekki á milli mála, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði. Ég man ekki betur en það séu rétt rúmar 100 millj., sem þá hvíldu á útflutningssjóði, en ríkissjóður hefur nú tekið að sér. Og eigi að gera hér réttan samanburð, þyrfti að bæta rúmum 100 millj. við fjárlagaupphæðina, eins og hún var áður, við þessar 800 millj., og þá fæst nokkurn veginn réttmætur samanburður á fjárl. þá og nú.

Hæstv. ráðh. vildi ekki gera mikið úr því, að hér væri um lægri upphæð að ræða til atvinnubóta í landinu en áður var, og nefndi sem dæmi, að á 10 árum hefðu verið veittar um 100 millj. í þessu skyni. Það er rétt, að það hefur stundum verið meira áður en hér er lagt til, en stundum líka minna. En hann gekk alveg fram hjá verðgildi peninganna, því að það dettur mér ekki í hug, að hæstv. ráðh. telji, að það sé jafngott að fá 10 millj. núna og það var að fá þær fyrir tíu árum. Það má nærri geta, hvort þeim finnst það, sem eru nú að byggja skip eða auka útgerðina, hvort þeim þykir það ekki heldur minna að fá sömu upphæð í krónutölu nú og áður.

Nú vil ég segja hæstv. ráðh. það til hróss, að hann tók sinn þátt í því, sannarlega, að veita aðstoð ýmsum landshlutum með atvinnuaukningarfé, þegar hann var sjútvmrh. í vinstri stjórninni. Ég harma það, að nú skuli vera dregið ákaflega mikið úr þessum stuðningi. Hann var mikils virði, en hann er minna virði núna. Ef á að veita aðeins 10 millj. kr. á ári til þessara þýðingarmiklu mála, þá er það ákaflega mikil afturför. En þetta er eitt aðalatriðið í frv., hversu mikið fé á að veita í þessu skyni. Það er kunnugt, að þetta var einu sinni 15 millj., einu sinni 13½ og þar á milli, og ef bera á það saman við verðgildi peninganna nú, þýðir það, að þetta ættu að vera 25—30 millj. til þess að standa í stað. Það þyrfti að vera þetta, en er ekki nema 10 millj.

Hæstv. ráðh. nefndi það, að það væri ætlunin að herða á innheimtunni á útistandandi afborgunum af þessum lánum. Sú skylda hefur alltaf hvílt á stjórn þessara mála að innheimta, svo að það er ekkert nýtt.

Það er áreiðanlega verulegur kostur í því að koma þessum málum í fastar skorður, eins og lagt er til með þessu frv., en höfuðatriðið er þó það, að þessi stuðningur, sem er fyrst og fremst hugsaður sem lán, geti orðið að verulegu gagni. Og eigi hann að verða að verulegu gagni, álíka miklu gagni og hliðstæður stuðningur hefur verið fyrir nokkrum árum, þá þarf að hækka þessa fjárhæð. Það er óhjákvæmilegt.

Þá verð ég að segja það, að ég kann ekki við nafnið á þessum sjóði. Atvinnubótasjóður hefur hingað til verið skilið sem sjóður, sem á að hlaupa undir bagga, þegar atvinnuleysi kemur til. Ég lít svo á, að þessi sjóður eigi fyrst og fremst að vera jafnvægissjóður, skapa jafnvægi í byggð landsins, bæta og auka lífsskilyrði í þeim landshlutum, sem verr eru settir. Og það þarf ekki um neitt atvinnuleysi að vera að ræða í þeim héruðum, þótt það sé full þörf á slíkri aðstoð, þar sem fámennið er of mikið og aðstöðuna vantar eða mannvirkin vantar. Það þarf ekki að vera neitt atvinnuleysi þar nú, þótt full þörf sé á fjárhagslegri aðstoð. Þess vegna hefði þessi sjóður frekar átt að heita jafnvægissjóður, því að honum er alls ekki ætlað það hlutverk eitt að koma til skjalanna, þegar atvinnuleysi kemur til, heldur til þess að auka jafnvægi í byggð landsins, og vil ég beina þessu til hv. n., sem fær málið til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 659, 651).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. N. hefur rætt þetta mál og samþ. shlj. að mæla með samþykkt þess. Tveir nm., hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e., leggja fram brtt.

Önnur brtt. þeirra er um nafn á sjóðnum, og var hún nokkuð rædd í n. Mér finnst þetta nafn ágætt. Það skal að vísu játað, eins og fram kom við umr. í n., að um eitt skeið fékk orðið atvinnubót á sig nokkuð leiðinlega merkingu. Það var á atvinnuleysisárunum. Þá voru veitt nokkur fjárframlög til atvinnubóta. En því miður vorum við óvanir slíku, Íslendingar, og sums staðar kunnu menn lítt til að velja verkefni til slíks, svo að úr því varð snjómokstur og klakahögg. Þetta fékk því á sig nokkurt óorð um sinn, en ég held, að það sé engin hætta á því, að svo verði nú, og treysti því, að þegar þessi sjóður eflist, þá muni nafnið fá sína upphaflegu og góðu merkingu og sé þess vegna alveg óhætt að hafa þetta nafn á sjóðnum.

Önnur breyting, sem þeir leggja til, er að nokkru hærri framlög komi úr ríkissjóði til sjóðsins. Ég hygg, að þessi framlög, sem ákveðið er að leggja í sjóðinn, 10 millj. kr. á ári næstu tíu ár, muni verða viðhlítandi, eða vona það a. m. k., að þau verði það, sérstaklega með tilliti til þess, að það er betur ástatt nú en var, þegar byrjað var að veita fé í þessu skyni til atvinnuaukningar. Bæði hafa atvinnutæki og tækifæri úti um landið batnað á þessum tíma. Það hefur sem betur fer orðið mikið gagn víða að þessu fé, sem veitt hefur verið til atvinnuaukningar úti um landið. Þó er því ekki að leyna, að það mun hafa komið fyrir, að lítið meira gagn hafi orðið að þessu fé en varð á sínum tíma að snjómokstri og klakahöggi.

Það hefur að vísu nokkurt fé farið inn í þau héruð, sem féð fengu, til einhverra aðila, sem vafalaust hafa haft þörf fyrir það, en ekki orðið eins mikið gagn að því alls staðar og efni stóðu til og vonazt var eftir. En á öðrum stöðum er mér kunnugt um, að þetta hefur orðið að mjög miklu gagni og hjálpað til þess að byggja upp atvinnulíf, þar sem efnahagur fólksins var ekki þannig, að það gæti af eigin rammleik gert það. Það hefur sérstaklega verið gagnlegt í þessu skyni, að þeirri reglu hefur verið fylgt um þessi framlög, að ekki hefur verið krafizt eins mikilla ábyrgða eða veðs fyrir þessum lánum eins og öðrum sjóðum hættir við að taka. Þess vegna má gera ráð fyrir því og enda vitum við það, að nokkuð af þessum framlögum, sem veitt hafa verið í þessu skyni, munu ekki vera innheimtanleg aftur, og þess vegna hefur sjóðurinn ekki vaxið eins ört og annars hefði mátt vænta. En þrátt fyrir það hefur hann gert ákaflega mikið gagn, og ég hygg, að það muni verða veitt úr honum með svipuðum hætti og verið hefur, enda er skýrt tekið fram í lögunum, að það er ætlunin að veita fyrst og fremst til þeirra staða, sem verst eru staddir í atvinnumálum. Þó að heimild til þess að veita fé til annarra staða sé nokkuð rýmkuð, þá er það skýrt tekið fram, að staðirnir, sem verst er ástatt fyrir í atvinnumálum, skuli ganga fyrir. Og þá verður væntanlega ekki gengið mjög hart eftir með ábyrgðir eða aðrar kröfur, til þess að menn geti fengið þessi lán, en lítið fyrst og fremst á atvinnuástandið. En það, sem ég á við um það sérstaklega, að þetta muni verða viðhlítandi, þessi upphæð, er það, að nú er veitt árlega fé frá öðrum sjóði, atvinnuleysistryggingasjóði, í svipuðu skyni víðs vegar um landið, til atvinnutækja, sem þangað eru fengin. Það er sérstaklega tekið fram um þann sjóð, að leitast skuli við að ávaxta féð, eftir því sem við verður komið, þar sem það fellur til víðs vegar um landið. Og það er enginn vafi á því, að sá sjóður verður þess árlega megnugri að veita fé til atvinnutækja víðs vegar um land heldur en verið hefur, en nú þegar hefur hann veitt milli tvo og þrjá milljónatugi árlega.

Ég held, að ég láti þetta nægja að sinni til þess að gera grein fyrir málinu og afstöðu meiri hl. til till. minni hl., sem koma fram á þskj.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hér er gott mál á ferð, sem sjálfsagt er að styðja. Allir hljóta að vera fylgjandi þessu frv., það sem það nær, og svo var það um alla, sem eiga sæti í heilbr.- og félmn. Samt finnst okkur hv. 9. þm. Reykv. rétt að leggja til, að frv. verði breytt, því að lengi má um bæta. Og þess vegna flytjum við sameiginlega tillögur á þskj. 651 um breytingar. Þær eru fimm, en efnislega þó aðeins tvær.

Þegar um það er að ræða að velja máli nafn, frv. fyrirsögn og heiti, þá skiptir vitanlega miklu máli, eins og um allar slíkar nafngjafir, að nafnið lýsi upp efni, að menn geti í nafninu fundið það, sem í frv. býr. Við teljum, flm. brtt., að það sé ekki heppilegt eða táknrænt, ekki upplýsandi um efni frv., að kalla sjóð þann, sem hér er um að ræða, atvinnubótasjóð. Orðið atvinnubætur er búið að fá á sig slitblæ. Það var mikið notað í sambandi við bætur, sem erfitt var að taka á móti fyrir þá fátæku og voru líka látnar af hendi með tregðu oft og einatt. En það, sem sérstaklega var athugavert við þetta, var það, að það, sem var goldið fyrir þessar bætur, var vinna, sem ekki var frjó. Í sambandi við atvinnubætur loðir nú orðið klakahögg og þess háttar, sem gerir óbragð af orðinu. Það er sagt, að smekkur, sem kemst í ker, beri lengi keiminn, og það er svo, að það er óbragð, ókeimur af þessu orði. Og upp á síðkastið hefur verið tekið upp nýtt mál í sambandi við stuðning, sem veittur hefur verið. Það hafa verið teknar upp aðrar nafngjafir, svo sem: framleiðsluaukningarstyrkir og lán. Svo er það komið til, að það, sem áður voru atvinnubætur, voru bætur veittar einstaklingum, og hafði þá venjulega sveitarfélag forgöngu um það. En nú er um að ræða framlög frá hinu opinbera til heilla byggðarlaga og landshluta til þess, eins og kallað hefur verið, að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Þegar maður les frv., þá sér maður, að tilgangur þess er einmitt að vinna fyrir jafnvægið. Tilgangur sjóðsins á að vera sá að efla jafnvægið. Og sérstaklega á hlutverk hans að vera það um leið að styðja þau byggðarlög, sem ekki hafa við til jafns við önnur að búa fólki sínu aðstöðu til atvinnu, efla þau til framleiðslu. Og þess vegna ætti, að ég tel og við flm., að vera í nafngift sjóðsins hvort tveggja, það, sem minnir á þörfina á því að vinna að jafnvægi og enn

fremur framleiðsluaukningarstefnuna, en fjarlægja sem mest hugtakið klakahögg. Framleiðslan er hin rétta undirstaða allra atvinnubóta.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að vel mætti nota þetta orð, atvinnubótasjóður, þó að hann viðurkenndi, að það hefði haft merkingu, sem ekki var geðfelld fyrrum. Það mætti vinna orðið upp aftur, skildist mér. En hvaða ástæða er til þess að vera að taka slík orð upp aftur, sem hafa úldnað í munni þjóðarinnar? Hvers vegna ekki að neyta þess, hvað íslenzkan er frjó orða móðir? Ég held, að okkur sé skylt að gera það, þetta er svo sjálfsagður hlutur. Og þess vegna leggjum við tillögumennirnir til, að í staðinn fyrir „atvinnubótasjóð" komi: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður, og falli inn í frv. á þeim stöðum, sem skipta þarf um þessi orð, til að samræmi sé í.

Þessi tillaga kom fram í hv. Nd., en náði þar ekki fylgi, en það ættum við, finnst mér, ekki að setja fyrir okkur, heldur telja okkur skylt að gera betur en hv. Nd. í meðferð máls, þegar við höfum tækifæri til þess. Ég legg fyrir mitt leyti þess vegna mikla áherzlu á það, að þessar brtt. verði samþ., að því er snertir heiti sjóðsins, og ég er viss um, að það hefur sína þýðingu til þess að gera sjóðinn geðfelldan landsmönnum.

Hin efnisbreytingartill. er um, að framlag úr ríkissjóði verði ekki aðeins 10 millj. á ári hverju, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur eftir þetta ár 15 millj. á ári. Við lítum svo á, að ekki muni af veita. Við teljum sjálfsagt að sýna þá tillitssemi vegna fjárl. í ár að gera ekki till. um hækkun á framlaginu í ár, en hækka það svo 1963 og áfram um 9 ára bil, þannig að 15 millj. verði árstillag ríkissjóðsins. 15 millj. voru lagðar fram í þessu skyni skv. fjárl. 1957 og einnig fjárl. 1958, og vafalaust þótti þó ekki rausnin of mikil. En nú hefur peningagildið breytzt, svo að 15 millj. eru minna en þá var. En þá kemur til stuðnings það, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, að nú hefur verið myndaður í landinu sjóður, atvinnuleysistryggingasjóður, sem vegna árferðisins safnar fé og getur lánað. En hann hefur annað verkefni en þessi sjóður. Hann hefur meira atvinnubótaverkefni, þegar vinnu skortir. Þá á hann að greiða mönnum bætur, og þess vegna er það, að á hann er ekki að treysta fullkomlega til þess að geta staðið straum af því verkefni, sem þessi sjóður á að standa straum af, enda er verkefnið svo stórt fyrir þennan sjóð, sem við höfum hér til umr., að ekki mun af veita, að hitt geti komið til hjálpar. Hef ég þá líka í huga, að atvinnubótasjóðnum, eins og hann er kallaður í frv., er ætlað að fá það fé, sem út hefur verið lánað og inn kemur. Það mun ekki heldur veita af því, af því að okkur liggur lífið á því að halda við byggð í landi okkar og þá hvort tveggja: að vinna á móti því, að byggðir fari í eyði, sem geta verið lífvænlegar, og enn fremur hinu, að fólkið safnist um of á litla bletti, svo sem eins og Reykjavíkursvæðið, því að það kemur víst öllum saman um, að það sé ekki æskilegt fyrir það svæði heldur.

Ég vona nú, að hv. Ed.-menn geti fallizt á þessar till. Hækkunartill. er mjög þýðingarmikil og að mér virðist ekki nein ofrausn. Nd. felldi till. um 25 millj. framlag á ári. Hér er miklu skemmra gengið, — ég veit, að menn veita því athygli, — og svo eru hinar leiðréttingarnar á heiti sjóðsins. Þær kosta ekki neitt annað en smekk á máli.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið, en mig langaði aðeins til að segja nokkur orð um þetta mál, einkum með hliðsjón af því, að það hefur viljað svo til, að ég hef haft af því nokkur afskipti undanfarin ár: í fyrsta lagi með því að flytja allmörg þing frv. um það, að lögfest verði sem fastur sjóður það fé, sem hefur verið veitt í fjárl. um allmörg undanfarin ár, og svo í öðru lagi, þar eð það hefur lent í minn hlut að veita forstöðu n. síðustu árin, sem úthlutað hefur þessu fé. Ég vil þá fyrst og fremst láta í ljós ánægju yfir því, að svo langt er þó komið þessu máli eftir alllangt þref um margra ára bil, að sjá má nú fyrir endalok þess á þann veg, sem telja má við una, að lögfest verði stofnun sérstaks sjóðs, er hafi með þessi atvinnuaukningarmál að gera. Þetta hefur alveg sérstaka þýðingu af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi það, að með því er þó fengið lögfest um alllangt árabil, að fé skuli veitt til þessara þarfa, og í öðru lagi og eigi síður sökum þess, að með því að stofnsetja fastan sjóð eða fasta stofnun, sem hafi með þessi atvinnuaukningarmál að gera, þá er hægt að vinna að þessum málum á allt annan veg en verið hefur.

Þó að þetta fé hafi vissulega komið víða að mjög miklum notum á undanförnum árum, þá er því ekki að leyna, að notin hafa ekki orðið eins og þau hefðu getað orðið, ef hefði verið fært að vinna kerfisbundið að uppbyggingu atvinnufyrirtækja á ýmsum stöðum. Það hefur ekki verið auðið t. d. að vinna með nokkurra ára prógram í huga, þ. e. a. s. þannig, að hægt hafi verið að leggja grundvöll að uppbyggingu atvinnulífs eftir áætlun á þann veg, að það hafi verið hægt að veita fé um nokkurra ára bil til þess að byggja upp atvinnulíf á tilteknum stöðum. Þetta hefur mjög háð starfsemi sjóðsins, og þar sem þetta hefur verið svo laust í reipum og ekki vitað frá ári til árs, hvort eða þá hvað mikið fé yrði til ráðstöfunar, þá hefur það eðlilega orðið þess valdandi, að ekki hefur verið unnið jafnkerfisbundið og ella hefði verið gert. Af þessum sökum tel ég, að það hafi mjög veigamikla þýðingu fyrir alla framtíð þessarar mikilvægu aðstoðar, að málinu sé komið í það kerfi, sem hér er um að ræða. Og það er mjög gleðilegt, að um það hefur orðið samkomulag milli allra flokka á Alþ. að styðja þetta mál og koma því heilu í höfn. Þetta tel ég að sé það, sem meginmáli skiptir, og ég tel, að frv. sé þannig úr garði gert, að eftir því sé hægt að vinna með eðlilegum hætti og að það uppfylli þær kröfur, sem nauðsynlegt var að gera, til þess að unnt væri á skipulegan hátt að sinna þessum málum í framtíðinni.

Það eru tvö atriði, sem valdið hafa ágreiningi í sambandi við þetta mál. Annað atriðið var

auðvitað eðlilegt að mundi valda ágreiningi, og það er upphæð þess fjár, sem lagt er fram af hálfu ríkisins til sjóðsins. Það hlaut að fara svo, að um það yrðu skiptar skoðanir, og a. m. k. ekki óeðlilegt, að hv. stjórnarandstæðingar mundu leggja til, að þetta fé yrði hærra. Það vill nú einu sinni verða svo, að það þykir oftast af hálfu stjórnarandstöðunnar — ekki fremur í þessu máli en öðrum — hægt að hafa fjárveitingar hærri en í frv. ríkisstj. er lagt til á hverjum tíma, og er það ekkert sérstakt um þetta mál. Vissulega væri ánægjulegt að geta haft þessa fjárveitingu hærri, en það hefur ekki tekizt að fá þá fjárveitingu hærri sem stofnfé þessa sjóðs, og ég held, að enda þótt sú breyt. yrði gerð á frv., sem lögð er til af þeim tveim hv. þm., sem hér hafa flutt brtt., þá muni það ekki ráða öllu um framtíð þessarar starfsemi.

Ég er nokkurn veginn sannfærður um, að þegar þessi sjóður er á legg kominn og of það sýnir sig, að hann geti ekki leyst sitt verkefni með því fé, sem til hans er varið skv. þessu frv., þá verði æðimiklu auðveldara um vik að afla viðbótarfjár til sjóðsins, eftir að þessi stofnun er þó á komin, heldur en ella hefði verið. Ég tel því ekki ástæðu til þess að bera kvíðboga fyrir því. Það er jafnframt alveg rétt, sem sagt hefur verið, að atvinnuástand í landinu er auðvitað mjög á annan veg í langflestum strjálbýlishéruðum landsins heldur en hefur verið til skamms tíma eða þegar hafið var að veita þetta fé og raunar lengi fram eftir árum. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, að þegar þessi starfsemi var hafin, þá var við að stríða alvarlegt atvinnuleysi víða um land í sjávarplássum, og það var mörg ár, eftir að þessari starfsemi var ýtt úr vör. Það hefur hins vegar komið í ljós síðustu árin, sem betur fer, og vonandi horfir svo áfram, að við úthlutun þessa fjár hefur ekki þurft að mæta þeim vanda nema að mjög litlu leyti að koma á laggirnar einhvers konar starfsemi til þess að bæta úr atvinnuleysi á viðkomandi stöðum, heldur hefur fénu verið varið til þess að létta undir með ýmsar framkvæmdir víðs vegar um landið, sem að sjálfsögðu hafa sína miklu þýðingu til að tryggja það, að ekki þurfi til atvinnuleysis aftur að koma. En hvað sem þeim málum öllum líður, þá er það alveg rétt, að þarfirnar fyrir þetta fé sem beint atvinnubótafé í gamalli merkingu þess orðs eða til þess beinlínis að skapa atvinnulausu fólki atvinnu, það viðfangsefni er ekki, sem betur fer, mjög knýjandi nú í dag.

Ég held því, að enda þótt ekki sé um hærri fjárhæð að ræða en hér er, sem er þó tryggð um tíu ára bil, 10 millj. á ári, þá muni það teljast mjög viðhlítandi, ef ekki koma til einhverjir sérstakir erfiðleikar. Og því er ekki heldur að leyna, að það hefur auðvitað haft stórmikil áhrif í sambandi við þessi mál, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn hefur komið til og lán úr honum hafa farið vaxandi ár frá ári, og sá sjóður hefur að sjálfsögðu mjög svipuðu hlutverki að gegna og þessi sjóður hér, því að það er að sjálfsögðu hlutverk þess sjóðs fyrst og fremst að koma í veg fyrir það, að atvinnuleysi verði, og vonandi þarf ekki að nota sjóðinn nema að hverfandi litlu leyti í framtíðinni til þess að borga út atvinnuleysisstyrki. Með samhjálp þessara tveggja sjóða ætti að vera hægt að stuðla að því að hagnýta góð framleiðsluskilyrði í landinu og koma í veg fyrir það, að byggð þurfi að dragast saman, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. réttilega sagði að hefði mikla þýðingu og hefur í rauninni verið grundvallarsjónarmiðið með atvinnubótasjóðnum. Má segja, að að því leyti til sé hlutverk hans nokkuð annað en atvinnuleysistryggingasjóðsins, því að það er ekki unnið eins eftir reglum hans á þeim grundvelli að láta fyrst og fremst sitja fyrir þau svæði, þar sem hætt er við, að fólk kunni að flytja burt, ef ekki er bætt úr atvinnu- og framleiðsluskilyrðum. Þessir sjóðir hafa því mikilvægu hlutverki að sinna, og ég er ekki í vafa um, að það er öllum þeim, sem þurfa við málefni strjálbýlisins að fást, mikið gleðiefni, að þessu máli virðist nú vera að verða komið í höfn á sæmilega viðunandi hátt.

Ég tel mér því ekki fært að styðja þessa breytingu með hliðsjón af því, eins og öllum hv. þdm. er auðvitað kunnugt, að orðið hefur samkomulag við flutning þessa máls og einmitt frv. hefur fengizt fram á grundvelli þess samkomulags, að fjárhæð úr ríkissjóði yrði sem hér greinir. Og ég tel málið allt of mikilvægt til þess að tefla því á nokkurn hátt í hættu á grundvelli deilna um það atriði, og tel ég mér því ekki fært að styðja till. þeirra tveggja hv. þdm., þótt ég að öðru leyti mundi gleðjast yfir því að fá það fjármagn til ráðstöfunar og raunar miklu meira fé.

Varðandi svo hitt atriðið, um breyt. á nafni sjóðsins, þá verð ég að segja það, að ég er eiginlega dálítið hissa á því, að hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli ekki hafa haft til að bera meiri hugkvæmni um val á nafni á sjóð heldur en það nafn, sem hann leggur til hér að taka upp, því að eins og við öll vitum, þá er hann orðhagur maður, og hefði ég satt að segja búizt við, að það mundi koma heppilegra nafn frá honum, ef hann á annað borð gerði um það till. Það má vafalaust finna að nafninu á þessum sjóði, en ég tek það þó skýrt fram, að ég legg það ekki að jöfnu, að ég vil þó heldur halda því nafni, sem á honum er, heldur en taka upp heitið jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður, sem er vægast sagt mjög klúðurslegt nafn. Og auðvitað mætti lengi halda áfram að bæta um nöfn sjóða, ef þau ættu endilega að bera í sér að meginhluta til tilgang sinn, eins og mér skilst að þessi nafngift eigi að tákna. Ég hefði gjarnan haft tilhneigingu til, ef fram hefði komið betra nafn en atvinnubótasjóður, að vilja styðja það. En mér sýnist, að þetta nafn verði til þess að gera heiti sjóðsins enn þá verra og engin von til þess, að nokkur maður í rauninni kunni að fara með það rétt, þegar svona langt og viðamikið nafn er um að ræða. Og það er ósköp leiðinlegt, ef fæstir, sem með mál einhvers sjóðs hafa að gera eða þurfa til hans að sækja, kunna rétt nafn á sjóðnum. Ég held yfirleitt, að allir sjóðir, sem hér eru starfandi, heiti einu

nafni, fábreyttu nafni og eins einföldu og hægt er að koma við, þó að megi um þau heiti deila, eins og t. d. það heiti, sem er ósköp klúðurslegt. heitið atvinnuleysistryggingasjóður, sem virðist nánast eiga að tryggja atvinnuleysi, því að sá sjóður ætti á miklu eðlilegri hátt að heita atvinnutryggingasjóður. En sleppum því. Það eru til auðvitað, eins og þetta dæmi sýnir, óheppileg nöfn á ýmsum þessara sjóða, sem starfandi eru. En meginreglan hefur þó verið sú, og í þeim anda er nafnið á þessum sjóði, að hafa þetta einfalt nafn og þjált í munni, og auðvitað hefði komið til álita að láta sjóðinn kannske heita atvinnuaukningarsjóð. En það er heldur klúðurslegt heiti, sem ég býst við að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé mér sammála um, og ekki sérlega skemmtilegt, þannig að ég held nú, að þegar allt kemur til alls, þá sé þó skást að halda þessu nafni á sjóðnum. Og við verðum að vonast til þess, að starf sjóðsins og framkvæmd þess verkefnis, sem honum er fengið, ef einhverjir kunna að hafa þá tilfinningu, að hér sé um leiðinlegt heiti að ræða vegna fortíðarskilnings þess nafns, þá afsanni verk sjóðsins það og gefi nafninu það eðlilega innihald, sem það hefur, þar sem vissulega er ekkert athugavert við að tala um atvinnubætur í sambandi við fyrirhuguð verkefni þessa sjóðs.

Ég skal svo aðeins að lokum drepa á, að það hefur auðvitað veigamikla þýðingu fyrir fjárhag sjóðsins, að gert er ráð fyrir að afhenda honum skuldabréf fyrir öllum þeim lánum, sem veitt hafa verið af atvinnuaukningarfé til þessa. Samtals hafa verið veittar af þessu fé, af atvinnuaukningarfé, rúmar 100 millj. kr. Og þó að það muni auðvitað verða æðimikil afföll af því, enda ekki gert ráð fyrir, að innheimt verði aftur það fé, sem veitt hefur verið sem styrkir, þá er það engum efa bundið, að þetta mun bæta mjög aðstöðu sjóðsins. Og ég tel alveg sjálfsagt og hef alltaf talið, að það ætti að innheimta þetta fé, t. d. þegar atvinnuástand hefur batnað svo í byggðarlögum eða hjá fyrirtækjum, sem þess hafa notið, og afkoma þeirra, að þeim sé auðið að greiða þetta fé, þá sé ómóralskt með öllu að haga því þannig, — og það er gamla atvinnubótasjónarmiðið, — að vera að gefa peninga, þegar hægt er að auka notin af þeim margfalt með því að innheimta þá með skaplegum hætti og nota þá síðan til að endurlána til frekari uppbyggingar. Þetta tel ég sjálfsagt að gera. Veðskuldabréf hafa yfirleitt verið tekin fyrir öllu því fé, sem veitt hefur verið sem lán. Og þó að það kunni að verða erfitt að innheimta það og megi auðvitað ekki að því ganga með neinni ósæmilegri hörku, þá verður það að teljast eðlilegt, þegar þessi sjóður er á laggirnar kominn, að þá verði hafizt handa um það, eins og gert er ráð fyrir í frv., að reyna að innheimta þetta fé, og þá að öðru leyti strika út það, sem óinnheimtanlegt reynist. En smám saman ætti þessi sjóður með jafnmiklu framlagi árlegu og hér er gert ráð fyrir og með þessum stofni til viðbótar að geta orðið allstór og allvoldug stofnun og geta í auknum mæli unnið að því merkilega verkefni, sem honum er fengið skv. þessu frv.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það virðist ekki vera mjög mikill ágreiningur um þetta frv. Það eru tvö atriði, sem hafa komið glöggt fram við þessa umr. Það er um nafn sjóðsins, og það er um þá fjárhæð, sem í frv. er og á að leggja til sjóðsins.

Ég verð að segja, að ég tel nafnið á sjóðnum ákaflega óheppilegt, að kalla þetta atvinnubótasjóð, af því að ég ætla, að tilgangurinn með þessum sjóði hafi alltaf verið nokkur annar en sá að bæta aðeins úr atvinnuleysi, en þannig skilur maður þetta nafn. Það er vitað mál, að á undanförnum árum hefur þessi sjóður veitt mikilsverða aðstoð við uppbyggingu atvinnufyrirtækja á ýmsum stöðum í landinu. Það hefur ekki verið bundið við það, að þar hafi verið atvinnuleysi, en skortur á fjármagni til að koma upp atvinnutækjum hefur hindrað atvinnuaukningu á þessum stöðum, þótt ekki hafi verið um atvinnuleysi að ræða þar.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) kvartaði mjög undan því nafni, sem lagt er til af minni hl. félmn. að kalla sjóðinn: jafnvægis- og framleiðsluaukningarsjóður. Ég skal játa það með honum, að ég kann ekki heldur við þetta nafn. Það er ekki sérlega aðgengilegt. En mér hefði fundizt, að það hefði ekki þurft að dvelja lengi fyrir þm. að finna viðeigandi nafn, því að mér finnst liggja beint við að kalla hann jafnvægissjóð, og tilgangurinn með þessari sjóðmyndun frá upphafi var sá að skapa meira jafnvægi í byggð landsins. Fé úr þessum sjóði hefur verið varið til margs konar uppbyggingar, ekki sízt við sjávarsíðuna, bæði til að aðstoða menn við að eignast fiskiskip, vinnslutæki í landi og annað þess háttar, og hefur komið að miklu gagni. En það má nærri geta, að þar sem svo er ástatt, að fólk er flutt burt og mjög fátt eftir, þar er þörf á uppbyggingu til framleiðslustarfsemi margs konar, þótt ekki sé þar atvinnuleysi. Svo fátt getur fólkið orðið, að það verði ekkert atvinnuleysi, en það skorti atvinnurekstur fyrir það, svo að fólki geti fjölgað, fólk geti flutt þangað inn aftur. Þess vegna tel ég það mjög óheppilegt nafn að kalla sjóðinn atvinnubótasjóð, af því að nafnið hlýtur auðvitað að gefa nokkuð til kynna um það, hver tilgangurinn er með sjóðnum.

Hitt atriðið, sem ágreiningi hefur valdið, er fjárhæðin sjálf, sem sjóðurinn á að fá úr ríkissjóði á ári. Hér er lagt til, að það verði 10 millj. kr., og hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur játað, að það væri æskilegt, að þetta gæti orðið meira og þörf væri á meira. Já, það er enginn vafi á því, að það er þörf á meira, og ég vil benda á það, að þetta er ekki lítil lækkun — raunveruleg lækkun — á því fé, sem áður var veitt þessum sjóði. Fyrir nokkrum árum voru þetta frá 13½ millj. upp í 15 millj. á ári, en það, sem var 15 millj. fyrir 5—6 árum eða ekki það, það er allhá upphæð núna að verðgildi. Ég efast ekkert um, að 15 millj. fyrir 5 árum eru álíka mikil upphæð og 25—30 millj. núna, ef miðað er

við verðhækkanir þeirra verðmæta, sem verið er að koma upp fyrir þetta lánsfé. Ef við lítum á, hvað skip hafa hækkað í verði, byggingar, vélar og hvað eina, þá mun ekki vera fjarri lagi, að 15 millj. samsvari 25 millj. núna.

Framsóknarmenn fluttu því í Nd. þá brtt. við frv., að fjárframlag ríkissjóðs væri 25 millj., og var þó ekki gert ráð fyrir raunverulega meira framlagi en var, þegar það var mest áður, ef maður miðar við verðgildi peninganna. Nú hefur minni hl. félmn. þessarar hv. d. flutt brtt. um aðeins 15 millj., sem ég býst við að sé gert til samkomulags til þess að bæta þó nokkuð úr, fyrst ekki fékkst samþ. till. í Nd. Mig undrar það því, að menn geti ekki fallizt á þessa till., því að ef hún verður felld, þá er verið að lækka raunverulega afar mikið það framlag, sem áður var.

Þá hefur verið bent á það, að atvinnuleysistryggingasjóður sé farinn að lána til framkvæmda í landinu og sé hann að ýmsu hliðstæður hinum væntanlega atvinnubótasjóði. Ég lít öðruvísi á þetta. Atvinnuleysistryggingasjóður lánar, að ég ætla, án tillits til þess, hvar á landinu er, og án tillits til þess, hvort það er sérstaklega þörf á uppbyggingu einhvers atvinnulífs. Atvinnuleysistryggingasjóður er orðinn nokkurs konar banki, það sem hann nær. Að vísu lánar hann óneitanlega til mjög þarfra og góðra hluta. En hann hefur ekki það hlutverk, sem frá upphafi hefur verið ætlað þeim jöfnunarsjóði, sem nú á að heita atvinnubótasjóður.

Ég verð að harma það mjög, að svo skuli raunverulega verið dregið úr framlagi ríkissjóðs til þessa sjóðs, þar sem hann hefur hinu mikilsverðasta hlutverki að gegna, því hlutverki að auka á jafnvægi í byggð landsins. Ég vil því vona, að hv. stjórnarsinnar treysti sér til að bæta ofur litlu við það, sem nú er í frv., m. ö. o. samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir, að hækka framlagið upp í 15 millj. Það er jafnt og það var áður í krónutölu, en miklu minna að verðgildi, enda er þetta samkomulagstillaga.

ATKVGR.
Brtt. 651,1 felld með 9:8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 651,2 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, FRV, HermJ.
nei: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, SÓÓ.
2 þm. (BjörnJ, JÞ) fjarstaddir.
Brtt. 651,3—5 kom ekki til atkv.
2.—12. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10 apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 700).

43. Verkamannabústaðir.

Á 52. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um verkamannabústaði [155. mál] (stjfrv., A. 312).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Haustið 1960 var sett á laggirnar nefnd fimm manna til að endurskoða lög um húsnæðismálastofnun, lög um verkamannabústaði og fleiri lög varðandi húsnæðismál. Í nefndina voru þessir menn skipaðir: Eggert G. Þorsteinsson alþm., formaður, Jóhann Hafstein bankastjóri, Ragnar Lárusson forstjóri, Tómas Vigfússon húsasmíðameistari og Þorvaldur Garðar Kristjánsson lögfræðingur. Síðan var svo bætt í nefndina fulltrúa frá veðdeild Landsbanka Íslands, Hauki Vigfússyni bankafulltrúa, sem hefur starfað í nefndinni síðan.

Nefndin hefur nú fyrir skömmu skilað þessu frv., sem hér liggur fyrir, frv. til laga um verkamannabústaði, sem áður fyrr tilheyrði lögunum um húsnæðismálastjórn o. fl., og leggur til, að það verði flutt sem sérstakt frv. Sömuleiðis hefur n. skilað bráðabirgðaáliti um húsnæðismálastjórnarlögin, sem hér verður tekið fyrir næst á eftir.

Þessu frv. nefndarinnar um verkamannabústaði fylgir mjög ýtarleg grg., sem raunverulega hefur inni að halda upplýsingar um öll meginatriði og efnisatriði málsins, og ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fara út í þau nema að tiltölulega litlu leyti. Enn fremur fylgja frá n. skýrslur ýmsar, sem eru prentaðar á fylgiskjölum I—IX á eftir grg., og hafa þær skýrslur og töflur inni að halda upplýsingar um: í fyrsta lagi á fskj. I framlög bæjar- og sveitarfélaga til byggingarsjóðs, í öðru lagi á fskj. II inn- og útborganir byggingarsjóðs, á fskj. III skiptingu lána byggingarsjóðs verkamanna eftir tíma og fskj. IV, sem er skipting lánveitinga byggingarsjóðs verkamanna eftir stöðum, á fskj. V efnahagur hinna ýmsu deilda byggingarsjóðsins og á fskj. VI efnahagur aðalsjóðsins, á fskj. VII skýrsla yfir starfsemina í Reykjavík, á fskj. VIII um tekjuskiptingu landsmanna, og á fskj. IX er athugun á tekjum kvæntra karla árið 1959 og fjölskyldustærð þeirra í árslok 1959. Sem sagt, með þessu frv. fylgja, að ég ætla, þær ýtarlegustu upplýsingar, sem hægt er að fá um þessi mál.

Upphaflega stefnan eða meiningin með hinni upphaflegu lagasetningu var sú að gera verkalýð bæjanna kleift að fá hollar og góðar íbúðir með þægindum nútímans, eins og segir í grg. fyrsta frv. um verkamannabústaði frá árinu 1929. Þetta hefur svo verið það meginsjónarmið, sem fylgt hefur verið, bæði í framkvæmd laganna og við þær breytingar, sem á lögunum hafa verið gerðar síðar, en þær eru mjög margar. Til þess að takast mætti að gera þessum efnaminni eða efnaminnsta hluta landsmanna kleift að eignast þak yfir höfuðið, var auðséð,

að einhvers staðar frá þurfti að koma styrkur nokkur. Þessi styrkur var látinn í té frá upphafi þannig og raunar til þessa dags, að bæjarsjóðir, þar sem byggingarfélög verkamanna hafa verið stofnuð, hafa lagt fram nokkra upphæð og ríkissjóður hefur lagt fram aðra upphæð á móti, jafnháa. Þessi upphæð var til að byrja með, að ég ætla, ein króna á hvern íbúa, en var fljótt hækkuð upp í 2 kr., síðan 4 kr. og hefur verið að hækka allar götur fram til ársins 1957, að framlagið var ákveðið sem lágmark 24 kr. á íbúa og sem hámark 36 kr. Og ríkissjóður hefur síðan lagt fram jafna upphæð á móti.

Upphaflega mun hafa verið ætlað, að þessi framlög bæjarfélaganna og ríkissjóðs yrðu a. m. k. að einhverju leyti notuð til þess að bæta sjóðnum þann vaxtamismun, sem hugsað var að yrði á veittum lánum og lánum, sem sjóðurinn yrði að taka, en þá var gert ráð fyrir því, að vextir af þeim lánum, sem byggingarfélögunum yrðu veitt, væru að verulegu leyti lægri en af þeim lánum, sem aðalbyggingarsjóðurinn tæki. Nú hefur þetta í framkvæmdinni orðið þannig, að sjóðurinn hefur unnið með tiltölulega lítið lánsfé, eins og sést á fskj. II, þar sem greint er frá inn- og útborgunum sjóðsins.

Það kemur í ljós, að af 124 millj., sem sjóðurinn hefur fengið innborgaðar á þessu tímabili, nema lán, sem sjóðurinn hefur tekið, aðeins 12.4 millj. eða réttum 10%. Það þýðir, að sjóðurinn hefur að mestu leyti unnið með eigin fé og þar af leiðandi getað sparað sér þann vaxtamun, sem upphaflega var gert ráð fyrir. En þetta þýðir líka, að framkvæmdir sjóðsins hafa verið miklu takmarkaðri og minni en æskilegt hefði verið. Og þetta hefur komið alveg sérstaklega í ljós upp á síðkastið, þegar kostnaðurinn við íbúðabyggingar þessar hefur vaxið mjög mikið frá því, sem verið hafði í upphafi eða fyrstu árin, sem sjóðurinn starfaði. Þessi mismunur stafar af tvennu. Hann stafar í fyrsta lagi af því, að byggingarkostnaður hefur aukizt gífurlega á þessu tímabili, en hann stafar líka af því, að íbúðir verkamannabústaðanna hafa yfirleitt stækkað frá því, sem þær voru í upphafi. Upphaflega mun hafa verið venjan, að það var sjaldgæft, að íbúð væri þá stærri en 60 fermetrar og jafnvel undir því. En nú mun vera ekki óalgengt, að íbúðastærðin sé 90 fermetrar eða þar um bil. Þetta hefur orðið til þess, að byggingarkostnaðurinn fyrir hverja íbúð í Reykjavík t. d. hefur komizt í 10. flokki upp í 380 þús. kr., og enn gert ráð fyrir, að 11. byggingarflokkur verði allt að 15% dýrari. En af þessum 380 þús. kr., sem 10. flokkur íbúðanna kostaði, hefur ekki verið unnt að veita sem lán úr byggingarsjóðnum nema 160 þús. kr. eða talsvert innan við helming byggingarkostnaðar, þó að gert væri ráð fyrir því í upphafi, að framlag byggingarsjóðs eða lán af hans hálfu næmi allt upp í 85% af kostnaði.

Þetta hefur orðið til þess, að þeir, sem raunverulega áttu rétt til þess að njóta aðstoðar laganna, þ. e. a. s. þeir, sem höfðu tekjur og eignir fyrir neðan visst mark, hafa tæpast getað notfært sér þau lán, sem í boði voru frá sjóðnum, vegna þess að þeir gátu ekki útvegað sér þau lán eða þá upphæð, sem vantaði á byggingarkostnaðinn að frádregnum framlögum sjóðsins, og eins hitt, að þegar þessa fjár var aflað á þann hátt, þá varð vaxtabyrðin og afborganir af lánunum meiri en þeir gátu staðið undir.

Í núgildandi l. um þetta efni segir, að skilyrði til þess að fá lán úr byggingarsjóði eða vera meðlimur í byggingarfélagi sé, að viðkomandi hafi aðeins 50 þús. kr. tekjur á ári og megi ekki eiga meiri eignir en 50 þús. kr. En það sér hver og einn, að þeir, sem við þann efnahag eiga að búa, geta tæpast staðið undir íbúðarverði, sem nemur í kringum 400 þús. kr., og sérstaklega þegar helmingurinn eða meira en helmingurinn af þeirri upphæð er fenginn með lánum með óhagstæðum kjörum. Eitt meginatriðið í endurskoðun þessara l. hefur því verið það að reyna að koma á samræmi á milli þess, sem sjóðurinn lætur af hendi, og þess, sem viðkomandi launþegi hefur í tekjur eða á sem eignir, þannig að nokkurn veginn öruggar líkur séu fyrir því, að hann geti staðið undir þessum byggingarkostnaði með þeim tekjum, sem hann hefur, og með þeim eignum, sem hann á.

Á fskj. VIII er skrá yfir tekjuskiptingu launþeganna í kaupstöðum og kauptúnum á árinu 1959 og enn fremur um ómagafjölda þeirra í árslok 1959. Þessa skýrslu lét n. gera til þess að gera sér grein fyrir því, hversu mikill hluti af íbúum kaupstaða og kauptúna hefði lægri tekjur en svo, að ætla mætti, að þeir gætu byggt yfir sig af eigin rammleik. Og samkv. þessari tekjuskiptingarskýrslu, sem gerð hefur verið, eða samkv. því úrtaki, sem myndar undirstöðuna undir hana, kemur í ljós, að þeir, sem hafa minni tekjur en 50 þús. kr. á ári þetta ár, nema 9.3% af launþegunum á þessum stöðum. Í flokknum á milli 51 og 75 þús. eru svo 41,3%, frá 76 til 100 þús. eru 34,6% og yfir 100 þús. 14.8% launþega. Samkv. þessu hefur verið hugsað að reyna að koma til móts við þarfir þessara 9.3%, sem hafa undir 50 þús. kr. tekjur á ári.

Í grg. er líka greint frá því, að íbúðabyggingar landsmanna í heild á árunum 1930—1959, eða nálega s. l. 30 ár, hafa numið 16000 íbúðum í bæjum og kauptúnum. En íbúðir, sem byggðar hafa verið á vegum byggingarfélaga verkamanna og með aðstoð byggingarsjóðsins, hafa verið 1108 á sama tíma af þessum 16000, sem nemur í kringum 7% af heildaríbúðabyggingum. Það fer því ekki mjög fjarri, að tekizt hafi á þessu tímabili að aðstoða svipaðan hóp hlutfallslega og úrtakið á fskj. VIII sýnir að hafi nú undir 50 þús. kr. launatekjum.

Þar sem skórinn hefur kreppt fastast að nú upp á síðkastið, er í fyrsta lagi, að lánsupphæðin úr sjóðnum til byggingarfélaganna hefur numið miklu lægri hundraðshluta af byggingarkostnaðinum heldur en gert var ráð fyrir í upphafi, eða nú undir 50% í staðinn fyrir að áður hafði verið miðað við, að hún væri 85%. Og í öðru lagi, að tekju- og eignamarkið í þessum lögum er í lægra lagi, miðað við a. m. k. þessa aðstoð byggingarsjóðsins. Nú má hins vegar gera ráð fyrir því, að ef tekst, eins og lagt er til í þessu frv., að hækka hluta bygg-

ingarsjóðs í byggingarkostnaðinum, þá mætti hugsa sér, að maður með þessi laun, 50 þús. kr. á ári, eins og nú er í lögunum, gæti kannske komizt af. En þá þarf að gera tvennt í einu, rýmka lánsheimild sjóðsins, og það er gert með því að færa hana nú upp í 90% af byggingarkostnaðinum, þó ekki yfir 300 þús. kr., og í öðru lagi með því að útvega sjóðnum meira fé til útlána en hann hefur haft á milli handa, eða réttara sagt taka upp þá breyttu stefnu að vinna ekki eingöngu með eigin fé eða svo að segja eingöngu með eigin fé, eins og hann hefur gert til þessa, heldur verði reynt að útvega sjóðnum lán og auka með því möguleika hans til að hækka lánin. Að þessu verður unnið, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Endurskoðun laganna hefur, eins og ég sagði, verið miðuð við það, að ákveðið tekju- og eignahámark þeirra, sem fyrirgreiðslu geta notið samkv. lögunum, væri tekið til meðferðar, í öðru lagi við lánsupphæðir og lánskjör byggingarsjóðsins og í þriðja lagi tekjuöflun sjóðsins.

Ég skal aðeins fara nokkrum orðum fyrst um síðasta liðinn, tekjuöflun sjóðsins, að því leyti sem þetta frv. tekur til þess máls. Það er gert ráð fyrir því í frv., að framlög bæjar- og sveitarfélaga verði hækkuð úr 24—36 kr. á mann, eins og nú er, upp í 40—60 kr. — 40 sem lágmark og 60 sem hámark, og að ríkissjóður leggi tilsvarandi á móti. Ef miðað er við hámarkið, þá verður, eins og ljóst er af þessum einingartölum, um mjög mikla hækkun að ræða frá því, sem er, sem ætti að gera sjóðnum mögulegt að auka lánastarfsemi sína verulega. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að sjóðnum verði aflað tekna með frekari lántökum en verið hefur að undanförnu, til þess að hann á þann hátt geti enn aukið starfsemina. Lánsupphæðina, sem var komin niður fyrir 50% af byggingarkostnaði, er gert ráð fyrir að hækka upp í allt að 90%, sem þó takmarkist við 300 þús. á íbúð. Og loks eru svo ákvæði um tekju- og eignahámark þeirra, sem fyrirgreiðslu geta notið eða fá að vera meðlimir í byggingarfélögunum. Þeim er breytt þannig, að skilyrði til þátttöku er miðað við 60 þús. kr., í stað inn fyrir 50 þús. áður, og 5 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er óbreytt eins og áður var. En hins vegar er eignamarkið, sem var 50 þús. kr., hækkað upp í 150 þús. kr.

Ég held, að með þessu sé greint frá mestum hluta þeirra breyt., sem í frv. felast. Það eru nokkrar minni háttar breytingar, eins og hv. þdm. hafa sjálfsagt áttað sig á, en ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þær hverja fyrir sig, þær eru flestar minni háttar, en hitt aðalbreytingarnar, sem ég nefndi. Ég er ekki í vafa um það, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá eykur það möguleika byggingarsjóðs verkamanna til þess að aðstoða einmitt þennan hóp manna, sem lægstar hefur tekjurnar og minnstar eignirnar, til þess að eignast þak yfir höfuðið. Og það er vissulega það, sem frv. stefnir að.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Löggjöfin um verkamannabústaði, um byggingarsjóð verkamanna, var sett fyrst árið 1929 í stjórnartíð samstjórnar Framsfl. og Alþfl. Það leikur ekki á tveim tungum, að þar var um mjög merka löggjöf að ræða. Það verða ekki heldur skiptar skoðanir um það, að þessi löggjöf og sú starfsemi, sem á henni var byggð, hefur hjálpað mjög mörgum mönnum til að eignast eigin íbúð, — mörgum mönnum, sem ella hefðu ekki átt þess kost. Hins vegar er jafnvíst, að á allra síðustu árum hefur starfsemi þessa sjóðs verið miklum annmörkum bundin og því orðið minna úr henni en þörf hefði verið á. Því valda fyrst og fremst þær stórkostlegu breytingar, sem orðið hafa á byggingarkostnaði, þannig að það hefur orðið ókleift fyrir þá menn, sem hér hafa átt hlut að máli, þá tekjulægstu menn í þjóðfélaginu, að notfæra sér þau úrræði, sem þessi sjóður hefur haft upp á að bjóða, og svo jafnframt hitt, að sjóðurinn hefur ekki við þær aðstæður, sem hann þannig hefur átt við að búa, treyst sér til að afla þess fjár, sem þurft hefði, til þess að mæta þeirri þörf, sem hér hefur verið fyrir hendi. Það er að mínum dómi mjög nauðsynlegt að reyna að ráða bót á þeim annmörkum, sem á síðustu árum hafa verið á starfsemi þessa sjóðs, nauðsynlegt að afla meira fjár til þessara lána og nauðsynlegt að haga lánakjörunum á þann veg, að það sé ekki ofvaxið þessum getulitlu mönnum, sem hér er um að tefla, að taka lán hjá sjóðnum og notfæra sér þau úrræði, sem hann hefur upp á að bjóða, og eignast með þeim hætti þak yfir höfuðið. En það hlýtur eða ætti a. m. k. að vera það mark, sem að væri stefnt, að sem flestir gætu eignazt eigin íbúð og búið í eigin íbúð.

Mér sýnist, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé stefnt í rétta átt, og vil segja, að þar er um að ræða virðingarverða viðleitni til þess að leysa úr þeim vanda, sem hér er fyrir hendi. Hitt er svo annað mál, hvort gengið er nægilega langt í þessu frv. og hvort það þyrfti ekki að gera enn frekari ráðstafanir en þar er um að tefla og hvort það þyrfti ekki að binda það að ýmsu leyti fastari skorðum, með hverjum lánskjörum verður lánað, heldur en gert er í þessu frv. Ef það er ekki bundið í löggjöfinni, þá er alltaf sú hætta fyrir hendi, að lánskjörunum verði hagað á þá lund, að hinir efnalitlu menn geti ekki fært sér í nyt það úrræði, sem hér er um að ræða.

Framsfl. hefur að vísu ekki átt fulltrúa í þeirri n., sem endurskoðað hefur þetta lagafrv., en mér er óhætt að segja það, að framsóknarmenn munu samt sem áður taka hverri tilraun og viðleitni til þess að efla byggingarsjóð verkamanna og styrkja starfsemi hans vel, og þeir munu fyrir sitt leyti stuðla að því, að þannig verði frá þeim sjóði gengið, að hann geti fullnægt því hlutverki, sem honum upphaflega var ætlað. En ég tel nauðsynlegt, að það verði mjög vel athugað í þeirri n., sem fær frv. til athugunar, hvort það er ekki þörf á að gera enn frekari öryggisráðstafanir í sambandi við þetta mál, til þess að tryggja það svo vel sem unnt er, að sú aðstoð, sem hér er um að ræða, komi að tilætluðum notum.

Ég bendi t. d. á, að það er ákaflega ósenni-

legt, þegar byggingarkostnaður íbúðar er orðinn 380 þús. eða þar yfir, — þeirrar íbúðar, sem hér er um að tefla, — og vextir af lánum eru 6%, að þeir menn, sem hafa þær tekjur, sem hér er ráð fyrir gert, geti staðið undir slíkum lánum. Ég held, að það hljóti öllum að vera ljóst, að á því eru litlir möguleikar. Ég held, að það verði því að horfast í augu við þá staðreynd, að hér er ekki um annað að ræða en að halda áfram þeirri stefnu, sem áður ríkti í þessum efnum, að hafa þessi lán með ákaflega lágum vöxtum. Nú er að vísu svo, að það er ekki bundið í þessu lagafrv., hverjir vextirnir skuli vera, heldur er gert ráð fyrir því þar, að það sé Seðlabankinn, sem ákveði vextina í samráði við ríkisstj. Þegar litið er til þeirrar stefnu í vaxtamálum, sem nú er ríkjandi, þá er vart gerandi ráð fyrir, að Seðlabankinn fari að lækka þessa vexti verulega frá því, sem nú er. Ég teldi þess vegna sjálfsagt að ákveða strax í lögum hámark þeirra vaxta, sem hér mætti vera um að ræða. Það eitt held ég að geti veitt þá tryggingu, sem vera þarf fyrir hendi í þessu sambandi. Og einnig er það, að um lánskjörin að öðru leyti er fullmikið frjálsræði að mínum dómi í þessu frv. og þau þess vegna lögð að of miklu leyti á vald viðkomandi sveitarstjórnar og stjórnar byggingarsjóðsins. Ég held, að í máli sem þessu verði ekki komizt hjá því að hafa um þetta fastar, almennar, ófrávíkjanlegar reglur.

Ég vildi aðeins láta það koma fram á þessu stigi málsins, að þó að Framsfl. hafi sem sagt ekki átt þátt í þessari endurskoðun og hafi ekki átt fulltrúa í þeirri n., sem um þetta mál hefur fjallað, þá tekur hann heils hugar undir það, að hér þurfi að gera ráðstafanir til bóta, sem tryggi það, að starfsemi þessa sjóðs geti eftirleiðis orðið með þeim hætti, sem var lengi vel á fyrstu starfsárum hans, og að hann geti rækt hlutverk sitt í framtíðinni með svipuðum hætti og þá var. Og það mun ekki standa á framsóknarmönnum að fylgja því máli. En hins vegar tel ég og vil láta það líka koma fram þegar á þessu stigi málsins, að það þurfi mjög gaumgæfilega að athuga, hvort ekki þarf hér enn meira að að gera og hvort ekki þarf að tryggja það enn betur en gert er í þessu frv., að starfsemi þessa sjóðs geti komizt í viðunanlegt horf.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir þá vinsamlegu afstöðu, sem hann hefur tekið til frv. og, að mér skilst, hans flokkur. En það er vissulega rétt hjá honum, að það þarf vel að ýmsu að hyggja í sambandi við þetta, til þess að frv. geti komið að þeim notum, sem til er ætlazt.

Hann virðist leggja á það nokkra áherzlu, að það gæti e. t. v. verið vafasamt að kveða ekki með lögum á um vexti sjóðsins, og það er alveg rétt, að þetta er nýmæli í frv., þar sem í fyrri l. um þetta efni hefur alltaf verið ákveðið, hverjir vextirnir skyldu vera. En á hitt vil ég benda í þessu sambandi, að þeir hafa svo sannarlega ekki staðið á stöðugu og oltið þar á ýmsu. Í fyrstu, þegar l. voru sett 1929, var ákveðið, að lánin skyldu veitt til 42 ára með fastri afborgun, fastri árlegri greiðslu, sem næmi 6% af lánsfjárupphæðinni, en það svaraði til, að hreinir vextir af láninu væru þá 5.3%. Fjórum árum síðar var þetta gjald svo lækkað niður í 5%, árleg greiðsla af láninu, og svarar það til, að vextirnir hafi verið rúmlega 4%. Árið 1941 er gjaldið svo enn lækkað niður í 4%, og þá jafngildir það, að ársvextirnir séu 2.7% af lánsupphæðinni. 1946 er svo vaxtaákvæðunum enn breytt og ákveðið, að það skyldu vera hreinir 2% ársvextir. Og loks 1955 var ákveðið, að vextirnir skyldu vera 3½%, og svo á s. l. ári, að þeir skyldu vera 6%. Þetta hefur oltið, eins og ég segi, á ýmsu, og það þótti fullt eins heppilegt, að því væri ekki slegið föstu í l. sjálfum, hverjir vextirnir skyldu vera, heldur væri það verkefni seðlabankans og ríkisstj. að ákveða það hverju sinni.

En mér er það fullkomlega ljóst, alveg eins og hv. þm. sagði, að eitt aðalskilyrði fyrir því, að þessi lög geti komið að fullu gagni, er, að vextirnir séu ekki hærri en stranglega nauðsynlegt er, að þeir séu. Og ég veit, a. m. k. ef málið kemur til minna kasta, þá mundi ég leggja á það höfuðáherzlu, að vaxtahlutur þessara byggingarlána yrði ekki hærri en allra brýnasta nauðsyn krefði. Og þar sem eigið fé sjóðsins er nú orðið kringum 100 millj. kr., þá stendur hann miklu betur að vígi en hann gerði í upphafi til þess að veita einmitt aðstoð að þessu leyti. Ég tel sjálfsagt, að sú hv. n., sem þetta fær til athugunar, skoði þetta gaumgæfilega, og er náttúrlega fús til að veita allar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir og ég get veitt. Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 312, n. 420 og 490, 453, 481).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af nefnd þeirri, er hæstv. félmrh. skipaði 9. sept. 1960 til að endurskoða löggjöf um húsnæðismál. Þessum l. var og er ætlað að aðstoða þá, sem hafa erfiðastan fjárhag, til að eignast íbúð. Það er mjög erfitt að setja reglur um, hverjir skuli njóta slíkrar aðstoðar. Það eru allir sammála um, að það skuli vera þeir, sem mesta hafa þörfina, en það stangast að nokkru á við það, að ekki hefur að undanförnu a. m. k. verið unnt að aðstoða nema þá, sem hafa haft þó nokkurt fé til að leggja fram á móti sjálfir. Mér er ekki grunlaust um, að undanfarið hafi þurft að líta eitthvað frjálslegar á lögin til þess að samrýma þessi sjónarmið, svo mjög sem upphæðirnar, bæði kaupupphæðin og eignar, sem miðað var við í lögunum eins og þau voru, voru orðnar úreltar. Aðal-

breytingarnar, sem n. leggur til frá gildandi lögum í þessu frv., eru hækkun á þessum tölum og hækkun á framlagi sveitarfélaga eða kauptúna og samsvarandi mótframlagi ríkissjóðs. Það er ein breyt. enn þá raunar. Það er lagt til, að fjölgað sé um einn í stjórn og auk þess að lengja kjörtímabil bæði stjórnar og endurskoðenda um eitt ár.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnar byggingarsjóðs verkamanna. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælir með frv., en bendir á, að þannig standi nú á, að sum sveitarfélögin muni þegar hafa samið fjárhagsáætlun sína, og væri því e. t. v. rétt að miða gildistöku l. við næstu áramót, því að það muni vera, eins og þeir segjast raunar hafa bent oft á áður, erfitt fyrir sveitarfélögin að bæta á sig verulegum fjárframlögum, eftir að fjárhagsáætlun er samin og samþykkt. Meiri hluti stjórnar byggingarsjóðs verkamanna leggur einnig til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir, en minni hluti stjórnarinnar vill gera á því nokkrar breytingar eða hefur a. m. k. fyrirvara um einstök atriði, t. d. að ákveða útlánsvextina í l. og hafa ýtarlegri ákvæði í l. um fjáröflun til þess að tryggja sjóðnum meira fjármagn.

Heilbr.- og félmn. ræddi þetta frv. Hæstv. 9. þm. Reykv. var fjarstaddur vegna veikinda. Þeir nm., sem mættir voru, samþ. að mæla með frv. með nokkrum breyt. á 6. gr., eins og segir á þskj. 420, en hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur þó óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, öðrum en þessum, sem n. leggur til og hann var samþykkur.

Það eru ekki stórvægilegar breyt., sem n. leggur til á 6. gr., það er aðallega svolítið einfaldara orðalag á 1. málsgr. 6. gr. Þar er lagt til, að komi: löglegum félagsmönnum, í staðinn fyrir nánari skilgreiningu eða tilvísun til 4. gr. l., sem þarna er. Þá var samkomulag um það í heilbr.- og félmn. að leggja til, að tekjuupphæðin, sem miðað skal við, skuli vera 65 þús. í staðinn fyrir 60 í frv., og enn fremur leggur n. til, að í stað þess, að í þessari gr. stendur, að tölurnar skuli breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, þá skuli koma: í samræmi við breytingar á almennu kaupgjaldi verkamanna. — Við teljum, að það sé miklu heppilegri viðmiðun, eins og málum er nú háttað. Og síðast er þarna í 8. tl. ákvæði um það, að ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, þá megi hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir lánið upp. Þetta mun vera nokkurn veginn í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa hjá byggingarsjóði verkamanna undanfarið, þó að sú n., sem þetta frv. hefur samið, hafi lagt til að hafa þessi ákvæði nokkru þrengri, en þá að lokum undantekningarákvæði, sem hægt væri í vissum tilfellum að beita. En heilbr.- og félmn. taldi, að réttara væri að ákveða þetta eins og lagt er til á þskj. 420, þannig að miða skuli við 10 ár, þá sé eiganda íbúðarinnar heimilt að greiða upp lánið, ef hann óskar þess eða ef hann af einhverjum ástæðum þarf annaðhvort að selja íbúðina eða skipta um íbúð. Það geta mörg atvik legið til þess, m. a. það, að fjölskylda getur verið orðin það miklu stærri en hún var, þegar hún fékk íbúðina, þannig að íbúðin sé orðin algerlega ónægjandi. Enn fremur getur svo borið til, að maðurinn þurfi að flytja búferlum og þurfi þess vegna að selja íbúðina, og þykir n. því rétt að hafa ákvæði um þetta svo rúm, eins og lagt er til í þessari gr. á þskj. 420.

Nefndin hefur að vísu ekki rætt þær brtt. á þskj. 453 og 481, sem hér liggja fyrir. En ég get fyrir mitt leyti alveg fallizt á brtt. á þskj. 453, þ. e. um nákvæmara orðalag um þau skilyrði, um teikningar og undirbúning, sem þar er gert ráð fyrir að verði sett í lögin, heldur en er í því frv., sem hér liggur fyrir.

En viðvíkjandi brtt. á þskj. 481, þá sé ég nú ekki ástæðu til fyrir mitt leyti að mæla með þeim. En eins og ég sagði áðan, hefur það að vísu ekki verið rætt í n. Það lá ekki fyrir þá vegna veikinda annars þeirra þm., sem leggja það fram. Það er aðallega, að því er mér sýnist, um það að tryggja aukið framlag ríkissjóðs umfram beint mótframlag á móti því, sem bæjarsjóður eða kauptún leggur í sjóðinn, og sömuleiðis að ákveða þrengri ákvæði um vextina heldur en eru í frv., og tel ég þetta ekki breytingar til bóta. Hitt, sem kemur þarna, 3. liðurinn, virðist í raun og veru vera svo sjálfsagt, að ég tel ekki beint þörf á að hafa það í lögunum. En það væri miklu eðlilegra að setja í reglugerð þau ákvæði, sem þarna eru, að byggingarsjóður fái að fylgjast með teikningum af slíkum íbúðum.

Eins og ég sagði áðan, mælir heilbr.- og félmn. með samþykkt frv. með breyt. á þskj. 420 og vill vísa því til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Þetta stjfrv. til l. um verkamannabústaði felur í sér allmargar breyt. frá gildandi l. Að vísu eru flestar breyt. smávægilegar og skipta ekki miklu máli að öllum líkindum.

Sú n., sem hefur endurskoðað þessi l. og skilað þeim brtt., sem hér í felast, virðist hafa lagt nokkra áherzlu á að fella niður talsvert úr l. eins og þau eru nú. Ég skal aðeins minna á örfá atriði, sem hníga í þessa átt.

Með frv. er lagt til, að fellt verði niður 150 þús. kr. árlegt framlag ríkissjóðs, sem verið hefur fast undanfarin ár. Þá er lagt til, að fellt verði niður ákvæði um heimild til stofnunar innlánsdeilda í sambandi við byggingarsjóð verkamanna. Það er einnig lagt til, að fellt verði niður ákvæði um, að byggingarfélag verkamanna skuli reist á samvinnugrundvelli. Það er lagt til, að skipting lánsfjár í lánaflokka, A, B og C, að ákvæðið um þá skiptingu verði fellt burt. Þá er lagt til, að ákvæði í lögum um ársvexti af lánum verði fellt niður. Og loks skal ég nefna, að lagt er til í þessu frv., að fellt verði niður ákvæði um, að bygging íbúða skuli jafnan boðin út. Það ákvæði

hefur staðið í lögunum a. m. k. nokkur ár, en nú á það að falla í burtu, án þess að nokkur skýring sé gefin á þeirri till.

Ég er ekki að rekja þetta af þeirri ástæðu, að ég mótmæli öllum þessum niðurfellingum úr gildandi l. Mörg þessara ákvæða eru í sjálfu sér góð. En sé það rétt, að þau hafi haft litla raunhæfa þýðingu, með því að þau hafa ekki verið framkvæmd á undanförnum árum, þá má segja, að jafngott sé, að þau falli burt. Tölulega séð má segja, að meginhluti till. endurskoðunarnefndarinnar sé fólginn í þessum niðurfellingum, og hvað sem annars má um þær segja, niðurfellingarnar, þá felst að sjálfsögðu ekki í þeim neitt jákvætt spor fram á við hvað þessa mikilvægu löggjöf snertir.

Ég vil aðeins geta þess strax, að niðurfellingu ákvæðisins um, að bygging íbúðanna sé jafnan boðin út, er ég algerlega mótfallinn, og ég verð að játa, að ég skil ekki, hvað liggur að baki þeirri till. endurskoðunarnefndarinnar. Eitt meginatriði í þessum lögum er að hafa ýmiss konar ákvæði í þeim, sem í framkvæmd miða í þá átt að gera verkamannabústaði ekki aðeins sem hentugasta og hollasta, heldur einnig sem ódýrasta. Þetta ákvæði um útboð bygginga miðar ótvírætt að því að gera byggingarkostnaðinn sem minnstan. Ég held, að víðast hvar erlendis muni slíkt ákvæði standa í samsvarandi löggjöf eða reglugerð, talið sjálfsagt, að bygging íbúða sé boðin út, þegar svipað stendur á og hér, og ég hygg, að erlendis mundi það valda hneykslun og skapa tortryggni í garð endurskoðenda að stinga upp á, að slíku ákvæði væri sleppt.

Við hv. 1. þm. Norðurl. e. flytjum þrjár brtt. við þetta frv., og ein till. fjallar einmitt um þetta, að ákvæðið um útboð íbúðabygginga verði tekið á ný inn í frv.

Megintill. endurskoðunarnefndarinnar, meginbreytingin í þessu frv., má segja að felist í 3. gr. Þar er lagt til, að sú breyt. verði gerð, að sú árlega upphæð, sem sveitarsjóðir greiði, hækki úr 24 kr. minnst upp í 40 kr. og að framlag ríkissjóðs hækki að sama skapi. Hér er gerð tilraun til þess að auka tekjur byggingarsjóðs verkamanna, og er ekki vanþörf á. Hingað til hafa tekjur þessa sjóðs verið mjög litlar, 2 millj., og komizt upp í 3 millj. síðasta ár. Að sjálfsögðu er þetta algerlega ófullnægjandi. Ég gizka á, að ef vel væri að þessum lögum staðið, þá þyrfti að veita um 100—150 lán á ári, og sé reiknað með hámarkslán eins og það er hugsað í þessu frv., þá þyrftu árlegar tekjur byggingarsjóðsins að vera 100—150 millj. kr. á ári. Má af þessu sjá, hversu mjög skortir á, að þessi sjóður hafi þær tekjur, sem hann þarf á að halda. Því miður er ekki að vænta mikillar aukningar á tekjum byggingarsjóðsins, þótt þessi árgjöld sveitarfélaganna og ríkissjóðs hækki eins og í frv. er ákveðið. Ég hef heyrt gizkað á, að það geti hækkað tekjur sjóðsins sem svarar því, að þær hækki úr 3 millj. upp í 5—6 millj. Meiri er aukningin ekki. Þetta er að sjálfsögðu algerlega ófullnægjandi. Við hv. 1. þm. Norðurl. e. leggjum til í okkar brtt., að þessar tekjur hækki nokkuð frá því, sem hugsað er í frv., með því að ríkissjóður greiði helmingi hærra árgjald en sveitarfélögin. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja á sveitarfélögin. Ríkisvaldið hefur gert það á undanförnum árum og áratugum að leggja ýmsar fjárhagsbyrðar á sveitarfélögin, og það eru takmörk fyrir, hvað hægt er að halda lengi áfram þá braut. Sveitarfélögin hafa takmarkaðar tekjuöflunarleiðir og undir mörgu að standa. Öðru máli gegnir um ríkissjóð. Það ætti ekki að vera þungt álag á hann, þótt þetta tillag yrði tvöfalt á við framlög sveitarfélaga. Gallinn er aðeins þessi, að einnig þessi till. nær of skammt. Að vísu mundu tekjur byggingarsjóðs verkamanna við það hækka um 2—3 millj., en það er, eins og ég tók fram áðan, einnig allt of lítil viðbót.

Það er mjög brýnt fyrir þennan sjóð að afla sér fjár í stórum stíl, og þá kemur varla til greina önnur leið en lánaleiðin. Byggingarsjóður verkamanna verður að taka stór lán til aukinnar starfsemi sinnar. Það virðist ekki óeðlilegt, þegar rætt er um lán til að byggja verkamannabústaði, að augum sé rennt til atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég teldi vera mjög hæfilegt og eðlilegt, að leitað væri til atvinnuleysistryggingasjóðs um stór lán með góðum vaxtakjörum handa byggingarsjóði verkamanna. Ég hefði viljað ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. hefði verið búin að athuga lánamöguleika nú þegar og getað tilkynnt Alþ. niðurstöður slíkrar viðleitni. Það skiptir auðvitað miklu máli, þegar rætt er frv. til l. um verkamannabústaði, að sem bezt sé gengið frá fjármálunum, enda gæti það haft áhrif á meðferð Alþ. á málinu að vita, hvort nokkur von væri til fjárframlaga til viðbótar, svo að nokkru næmi.

Það skiptir auðvitað mjög miklu máli, þegar rætt er um lán til íbúðabygginga, hvernig lánakjörin eru. Í l. um verkamannabústaði, eins og í þessu frv., er gert ráð fyrir því, að lán fyrir íbúðabyggingar séu veitt til margra ára, til 42—75 ára. Þetta eru góð kjör hvað lengd lánanna snertir. En hvernig er hugsað fyrir vaxtakjörunum? Þar er að mínum dómi ekki eins vel séð fyrir málum, og mér finnst, að þar muni talsvert aftur á bak, sé litið á gildandi lög. Í l. um verkamannabústaði hefur a. m. k. í mörg ár verið lögð áherzla á, að ársvextir af lánunum væru lágir. Á árunum 1946—55 voru ársvextir aðeins 2%, 1955 voru þeir hækkaðir upp í 3½%, og svo hélzt, þar til viðreisnarstjórnin tók við, það var á árinu 1960, en þá stórhækkuðu þeir, þeir hækkuðu úr 3½% upp í 6%, og í 6% hafa þeir haldizt síðan. Þetta er að sjálfsögðu með öllu ótækt og verður að breytast. Hugsum okkur láglaunamann, sem hefur 65—70 þús. kr. árstekjur. Hann hefur fengið lán til að koma sér upp 4 herbergja íbúð, og hann hefur fengið hámarkslán 300 þús. kr. Af þessu láni verður hann að borga á ári 18 þús. kr. í ársvexti að viðbættum ómakslaunum og afborgunum af láninu. Slík íbúð kostar nú vart undir hálfri millj. kr. Þessi maður verður því að taka sér lán til viðbótar einhvers staðar annars staðar, því að sjálfur má hann ekki eiga

nema 150 þús. kr. í mesta lagi. Það er því ekki djúpt tekið í árinni, þótt því sé haldið fram, að þessi maður verði að borga um 30 þús. kr. á ári í vexti og afborganir af sinni íbúð. Og þetta er fjölskyldumaður, sem hefur 65—70 þús. kr. árstekjur. Það er auðvelt að sjá það í hendi sér, að þetta er of þung byrði, svo þung, að mig undrar, að nokkur skuli láta sér detta í hug að bjóða slíkt. Úr þessu mætti strax bæta nokkuð með því að lækka vextina, a. m. k. úr 6%, eins og þeir eru nú, og niður í 3% — eða helzt 2%. Þetta er knýjandi nauðsyn.

Ég vil finna að því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að vextir af lánum séu ekki lögákveðnir. Þeir hafa verið lögákveðnir alla tíð, frá því að lög voru fyrst sett um verkamannabústaði og allt til ársins 1960. Allan þann tíma hafa ársvextir af lánum byggingarsjóðs verkamanna verið lögákveðnir. En nú skal því hætt. Í stað þess á Seðlabankinn að ákveða vextina í samráði við ríkisstj. Ég trúi hinu háa Alþ. miklu betur fyrir þessum hlutum, og það hefur löggjafinn gert fram að þessu. Ef það hefur betur þótt fara svo áður, þá er ekki síður þörf á því nú. Í till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e. er gert ráð fyrir því, að vextir af lánum byggingarsjóðsins verði áfram ákveðnir í lögum, og þar til tekið, að þeir skuli ekki vera hærri en 3%.

Ég skal nú ekki hafa um þetta efni fleiri orð. Ég hef nokkuð gagnrýnt frv. og um leið gert grein fyrir brtt., sem við flytjum við það til nokkurra bóta á því, sem okkur finnst miður fara í þessu frv. En áður en ég lýk máli mínu, langar mig til að fara örfáum orðum um brtt., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. flytur, en meiri hl. í þeirri hv. n. leggur til, að frv. verði samþ. með 4 smávægilegum breyt. Ég hef í raun og veru ekki mikið við þessar brtt. meiri hl. að athuga, en vildi þó aðeins minnast á tvær eða þrjár af þeim.

Í fyrsta lagi langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá hv. meiri hl. n., hvort í 1. till. n. á þskj. 420 felist aðeins orðalagsbreyting eða efnisbreyting. Það er till. á þskj. 420, brtt. við 6. gr., að í stað orðanna „þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. tölul. þessarar gr." í 1. tölulið komi: löglegum félagsmönnum. — Mér er ekki grunlaust um, að hér sé um verulega efnisbreyt. að ræða. Og þá efast ég um, að n. hafi athugað það, að um efnisbreyt., en ekki aðeins orðalagsbreyt. er að ræða.

2. till., b-lið, um hækkun á tekjuhámarki úr 60 þús. upp í 65, er ég samþykkur.

Um 3. till., sem er um það, að í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar" komi: breytingar á kaupgjaldi almennra verkamanna — langar mig til að fara aðeins nokkrum orðum. Hér er um það að ræða, að þær upphæðir, sem nefndar eru í þessum tölulið 6. gr., hámarkstekjur lánþeganna og hámarkseign þeirra, þessar tölur skuli breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Þannig hefur þetta verið og þannig er þetta í þessu frv. Nú finnur meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. snögglega upp á því að breyta þessu. Það má ekki lengur miða við vísitölu framfærslukostnaðar, heldur á að miða við eitthvað annað, og þá er gripið til þess að miða við breytingar á almennu kaupgjaldi verkamanna. Mig grunar, hvað hér liggi á bak við. Vísitala framfærslukostnaðar er að verða hjá hv. stjórnarsinnum ekki ósvipuð snöru í hengds manns húsi. Þeir mega helzt ekki orðið heyra þetta nefnt, síðan þeir rufu kaupgjaldsgreiðslur úr tengslum við vísitöluna, og má vera, að orsökin sé slæm samvizka. Um önnur rök fyrir þessu veit ég ekki. En ég vil benda á, að vísitala framfærslukostnaðar er miklu öruggari og nákvæmari viðmiðun heldur en breytingar á almennu kaupgjaldi verkamanna. Dýrtíð getur aukizt svo, að kaupmáttur t. d. 80 þús. kr. verði jafn og kaupmáttur 65 þús. kr. er nú, og þar fyrir ekkert víst eða gefið, að kaupgjald verkamanna hafi hækkað samsvarandi á sama tíma. En ég hygg, að öllum sanngjörnum mönnum fyndist rétt með slíkri dýrtíð að hækka þá hámarkseign og þær hámarkstekjur, sem láglaunamaðurinn má hafa til þess að geta notið lána úr sjóðnum. Ég tel þetta mjög óheppilega till. og vil fastlega mælast til þess, að hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. athugi þetta mál betur.

Síðasta till. meiri hl. n. fjallar um það, að ef maður hefur átt íbúð í tíu ár, þá megi hann njóta hækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir lánið upp. Ég vil fyrst finna aðeins að orðalaginu. Það stendur, að ef maður hefur átt íbúð í tíu ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar. Þetta minnir mig á, að einhvern tíma var sagt, að góð blöð væru góð. En þetta er nú aðeins orðalagsatriði. Það er fleira við þessa till. að athuga. Síðasta málsgr. 4. gr. l. er á þessa leið: „Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess." Í frv. er gerð hér svolítil viðbót við. Það er bætt við: „en ekki skal það hafa áhrif á söluverð íbúða skv. 8. tölul. 6. gr." Um þessa viðbót segir í aths. á þessa leið: „Í gr. þessari eru ákvæði um heimild lántakenda til að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska. Þetta er svo í lögum nú, en sú hætta hefur verið talin fylgja þessari heimild, að menn neyttu hennar beinlínis til þess að geta fengið hærra söluverð fyrir íbúðir sínar skv. matsreglum laganna. Til að taka af tvímæli og koma í veg fyrir slíka misnotkun er hér í frv. nýtt ákvæði, er kveður svo á, að ekki megi greiðsla lánsins fyrir gjalddaga hafa áhrif á söluverð íbúðar skv. 8. tölul. 6. gr."

Hér kemur sem sagt fram í þessu frv. mjög virðingarverð viðleitni til þess að koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við sölu þessara íbúða. En hvað skeður þá? Þá skeður það, að meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. kemur með till., sem skerðir þetta aftur, á þann veg, að misnotkun skal líðast eftir 10 ár. Þar sem endurskoðunarmenn vildu koma í veg fyrir, að ákvæði laganna um sölu íbúða yrðu misnotuð, það vill meiri hl. n. þó ekki láta ná lengra en fyrstu 10 árin.

Þetta finnst mér mjög athugavert við síðustu brtt. á þskj. 420. Því ekki að láta það gilda áfram, það ákvæði, sem var í l. og er í frv., að viðbættu ákvæði, sem nýtt er í frv. og einmitt

miðar að því að koma í veg fyrir misnotkun aðstöðu við sölu þessara íbúða?

En við þetta bætist annað, sem ég hef aths. við að gera. Í frv., 6. gr., 8. lið, er síðasta málsgr. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ef íbúðin er að dómi borgarlæknis Reykjavíkur eða héraðslæknis utan Reykjavíkur orðin heilsuspillandi vegna fjölskyldustærðar, er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar gr. um verðhækkun íbúðar með samþykki félagsstjórnar og félmrh."

Hér er gerð undantekning, sem að mínum dómi er þess verð að samþykkjast. En hvað gerir svo meiri hl. hv. heilbr.- og félmn.? Hann vill afnema þetta og nema það burt. En í staðinn fyrir þessa málsgr. vill hann fá inn misnotkunarákvæðið, svo að ég noti orðalag grg., um að maður megi njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar eftir 10 ár. Ég hefði talið, að það hefði verið óþarft að nema málsliðinn í burtu, sem fyrir er í frv., síðasta málsliðinn, og nær hefði þá verið að hnýta þessum nýja málslið meiri hl. aftan við tölulið 1. Ég vil nú mælast til þess við hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., að hann endurskoði þetta.

Ég vil aðeins í þessu sambandi ljúka máli mínu með því að nefna eitt dæmi um það, sem hér er aðhafzt. Hugsum okkur, að sex manna fjölskylda fari í nýja verkamannaíbúð. Eftir 4—5 ár getur sama fjölskylda verið orðin 10 manns og íbúðin þess vegna henni orðin heilsuspillandi. Í slíku tilfelli var það ætlun frumvarpshöfunda, að leyfa mætti undanþágu frá verðhækkunarreglunni. En með brtt. meiri hl. verður það ógerningur þessari fjölskyldu. Hún fær ekki að njóta verðhækkunar frekar en aðrir og því aðeins að hún sé búin að búa a. m. k. 10 ár í íbúðinni.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 453 örlitla brtt., sem ég vona að valdi ekki neinum deilum. Það er megintilgangur till., að lögin veiti byggingarfélögum nokkurt aðhald um fyrirkomulag og efniskaup til bygginga. Það getur vart orkað tvímælis, þegar jafnframt er gerð tilraun til þess, að l. um verkamannabústaði þjóni sínum upphaflega tilgangi, og um raunhæfa aðstoð við láglaunafólk til að eignast mannsæmandi íbúð er að ræða, þá sé þess jafnframt gætt, að um hagkvæmustu tilboð um efniskaup og annað fyrirkomulag bygginganna sé ákveðið í lögunum.

Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) lagði í það mikinn þunga sinnar ræðu hér áðan að mæla fyrir þeirri brtt., sem er nr. 3 á þskj. 481, um það, að bygging íbúðanna sé ávallt boðin út. Þetta var í gildandi l., en hefur ekki verið raunhæft. Um allt að því ⅔ af þeim íbúðum, sem byggðar hafa verið samkv. ákvæðum þessara laga, a. m. k. síðan ég fór að hafa afskipti af þessum málum fyrir u. þ. b. 5—6 árum, þá hefur það reynzt svo, að hjá þessum hluta bygginganna hefur ekki verið mögulegt að koma útboðum við. Það hefur verið svo allt að bæjartakmörkum Reykjavíkur, að byggingarfélögin á staðnum eiga samkv. l. að bjóða byggingarnar út, en hafa séð um byggingarframkvæmdir hvert í sínu byggðarlagi og hafa orðið að haga þar nokkuð seglum eftir vindi. Velflest þessi byggingarfélög, sem í smærri kaupstöðunum starfa, hafa orðið að veita félagsmönnum ýmis frávik í þessu efni, sem sjóðsstjórn hefur látið óátalið, þrátt fyrir það að mannabreytingar hafa í sjóðsstjórninni orðið, vegna þess að byggingarfélögin hafa fært fyrir þessari starfsemi sinni ákveðin rök.

Það þarf ekki að skýra það fyrir hv. þdm., að svo er um flesta þessa staði, að vor- og hausttímar eru aðalframkvæmdatímar í byggingum, og félögin hafa veitt einstaklingunum, sem lánsloforðanna eiga að vera aðnjótandi, aðstöðu til þess að vinna að þessum byggingum sínum sjálfum. Sem byggingariðnaðarmaður skal ég ekki endurtaka þau rök, sem byggingarfélögin á þessum stöðum færa fyrir þessu starfsfyrirkomulagi sínu. Ég hef hins vegar fallizt á, að það væri erfitt að koma þar öðru við, og er þá eðlilegt, að ein lög gildi um þessa starfsemi á landinu öllu. Og það yrði svo áfram, þó að till. hv. 9. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. e. yrði felld, þá er það enn þá á valdi byggingarfélaganna hvers á sínum stað, hvaða hátt þau vilja á þessu hafa, og er eðlilegt, að það frjálsræði sé þeim í té látið áfram. Þau munu áreiðanlega allra hluta vegna velja þann kostinn, sem hagkvæmastur er. Á velflestum þessum stöðum er ekki nema um einn byggingaraðila að ræða, og er þá vart von til þess, að byggingarfélög héðan úr Rvík færu að byggja á þessum stöðum eina til tvær og upp í þrjár íbúðir. Þannig hafa útboð bygginga á þessum stöðum reynzt óraunhæf.

Ég vil að öðru leyti segja það um ræðu hv. þm., að þær till., sem hann hefur flutt hér nú við umr. þessa frv., virðast mér vera mun raunhæfari en þær till., sem hann flutti við umr. um breyt. á l. um húsnæðismálastjórn, þó að ég geti ekki á þær fallizt, eins og ég kem að síðar.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki óeðlilegt, að augum yrði rennt um tekjuöflun til byggingarsjóðs verkamanna til atvinnuleysistryggingasjóðs og í raun og veru ætti ríkisstj. að vera búin að láta athugun fara fram á því, hvort lánsmöguleikar væru þar.

Mér er kunnugt um það, og ég hygg, að hv. þm. sé það einnig, að endurskoðun á l. um atvinnuleysistryggingasjóð hefur staðið yfir nú um alllangt skeið, og félmrh. eða ráðuneytisstjóri félmrn. sem formaður atvinnuleysistryggingasjóðs hefur lagt á það áherzlu, að við breyt. á l. um sjóðinn yrði sérstaklega að því hugað, að lán fengist þar til þessara framkvæmda. Endurskoðun l. er hins vegar ekki lokið. Ég hygg þó, að hún sé að komast á lokastig, og tek þess vegna alveg undir óskir þm. um það, að árangur fáist af því starfi. Ég tek þetta fram hér vegna þess, að þm. lét sem svo, að engin athugun á þessu hefði farið fram. Ég skal jafnframt taka undir þær óskir hans, er hann lét í ljós, að það væri allt að því skylda sjóðsstjórnarinnar að leggja til fé til slíkrar starfsemi, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. byggingar íbúða yfir lægst launaða fólkið í landinu. Ég vona, að það verði niðurstaðan á þeirri endurskoðun laganna, sem yfir stendur.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð á þessu stigi

málsins varðandi ræðu hv. þm. En varðandi till. frá hv. heilbr.- og félmn., sem hún flytur á þskj. 420, þá vildi ég aðeins segja örfá orð.

Ég tel, að fyrstu þrjár brtt. séu til bóta, þ. e. a. s., a-, b- og c-liðir þeirra. Varðandi a-liðinn, sem þm. gerði fsp. um til n., þá vildi ég aðeins segja það álit mitt, að í honum felst ekki efnisbreyting, heldur nokkurt aðhald um það, að þeir aðilar, sem þar eru á félagaskrá, haldi sér löglegum í félaginu og greiði sín iðgjöld. Mér er nær að halda, að þetta sé breyting til samræmis við það, sem raunverulega hefur verið venja í félögunum, þ. e. að ekki nema fullgildir félagsmenn fái að greiða atkvæði og taka afstöðu til mála á fundum byggingarfélaganna, og því raunverulega staðfesting á því, sem þar hefur verið viðhaft.

Varðandi b-liðinn er það að segja, að um það atriði fjallaði endurskoðunarnefndin og fékk mikið af skýrslum og töflum víða að, og er ekki svo auðvelt sem ætla mætti að draga þar markalínu. Við endurskoðun l. 1957 var talið hæfilegt að setja tekjumarkið við 50 þús. kr. og endurskoðunarnefndin taldi eftir þeim upplýsingum, sem hún aflaði sér, að ekki væri eðlilegt að fara að þessu sinni yfir 60 þús. kr. mark, enda væru innan þeirra marka samkv. úrtaki hagfræðideildar Framkvæmdabankans um það bil 10% þjóðarinnar, sem gætu orðið umræddra lána aðnjótandi, þ. e. a. s. 10% þjóðarinnar gætu verið meðlimir byggingarfélaganna samkv. þessu tekjumarki. Við þá brtt., sem n. gerir hér nú, að hækka markið um 5 þús. kr., þá gæti ég hugsað mér, þó að ég hafi ekki athugað það gaumgæfilega, að allt að 12—14% þjóðarinnar gætu orðið þarna lána aðnjótandi og orðið löglegir meðlimir í byggingarfélögunum. Ég skal þó ekki fullyrða nákvæmlega um það, en sýnilegt er, að það rýmkar allverulega frá því, sem endurskoðunarnefndin lagði til í sínu upphaflega frv. Að sjálfsögðu veltur mest á því við þessa lagasetningu — og laganna um húsnæðismálastjórn, að tekna verði aflað til sjóðsins, og þá ekki hvað sízt ef samþykkt verður sú hækkun, sem n. leggur hér til frá þeim lögum, sem í dag gilda, og jafnvel frá frv., um þátttöku í þessum félögum.

Það er varðandi d-lið þessara brtt., sem ég vildi gera smáathugasemd, þó að ég á þessu stigi málsins vilji ekki lýsa yfir neinni andstöðu við það. Endurskoðunarnefndin hafði lagt til, eins og í frv. greinir, að þessi liður gr. orðaðist svo: „Ef íbúðin er að dómi borgarlæknisins í Reykjavík eða héraðslæknis utan Reykjavíkur orðin heilsuspillandi vegna fjölskyldustærðar, er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar gr. um verðhækkun íbúðar, með samþykki félagsstjórnar og félmrh.“ Sjálfsagt er hér um nokkuð erfiða framkvæmd að ræða, og ég hygg, að það sé undirstaðan að till. hv. heilbr.- og félmn. Hún vill setja þessi mörk ljósari og einfaldari í framkvæmd með því að ákveða, að mörkin skuli einungis vera 10 ára eignarréttur, 10 ára íbúðarréttur á íbúðinni, sem gefur réttinn til þess að greiða upp lánið.

Ef við lítum á málið frá sjónarhóli þess, sem tekur við íbúðinni, þá horfir málið þannig við, að sá, sem kaupir íbúðina, verður að greiða hana fullu verði, því að ekki fær hann lán að nýju, þar sem byggingarflokknum hefur verið lokað fyrir a. m. k. 10 árum og gengið frá öllum skuldabréfum í því sambandi. Þá er viðkomandi íbúð komin á frjálsan markað út úr sjálfu verkamannabústaðakerfinu. En hins vegar losnar íbúðin ekki við samábyrgð byggingarflokksins fyrir ýmsum sameiginlegum gjöldum, og forkaupsréttur byggingarfélagsins helzt á íbúðinni áfram, þó að sá, sem við tók, verði að útvega sér lán annars staðar til kaupa á íbúðinni. Má því e. t. v. segja, að það fé, sem hann greiddi íbúðina upp með, komi þá öðrum til góða. Þessi íbúð er hins vegar farin út úr sjálfu kerfinu að því leyti, að hún getur ekki orðið þeirrar aðstoðar aðnjótandi, sem lögin gera ráð fyrir um lánin, þar sem lánið hefur verið greitt upp og frá byggingarflokknum gengið. Þetta tel ég að ætti að vera nokkuð ljóst, og þess vegna var það hugmynd endurskoðunarnefndarinnar, að þarna væri aðeins um þau undantekningartilfelli að ræða, er uppborgun skyldi leyfð og full verðlagshækkun greidd, að þá væri einungis um það að ræða, að menn hefðu vegna stækkandi fjölskyldu á vissan hátt sprengt utan af sér íbúðina. En n. leggur til, eins og frá greinir á þskj. 420, að þetta gildi jafnt um alla án tillits til fjölskyldustærðar og að einungis sé um 10 ára íbúðarrétt að ræða.

Framkvæmdin verður að sanna það, hvort hér er rétt að farið. Ég hefði talið hitt hyggilegra, að fara hér að eins og er í sjálfu frv., en skal ekki á þessu stigi málsins og að þessu óreyndu gera frekar um það sérstakar ábendingar. Ég taldi hins vegar rétt, að þetta kæmi fram nú, ef það mætti skýra nokkuð þá hugsun, sem lá að baki fyrrnefndri breyt. endurskoðunarn. á 8. tölul. 6. gr.

Varðandi lagabreytinguna í heild eða frv. í heild er óþarft að gera frekari grein fyrir heldur en gert er í mjög fullkominni grg. um og athugasemdum við frv., auk þess sem frsm. hefur skýrt önnur atriði, sem þar koma ekki fram, og óþarft við það að bæta. Ég tel þó rétt, að við þessa umr. málsins nú komi það fram, að ég tel mjög til athugunar, að deildaskipting sjóðsins verði afnumin. Það er e. t. v. ekki tímabært að tala um það við þessar breytingar, sem hér eru fyrirhugaðar, en ég tel það koma fyllilega til greina á næstunni, þ. e. næstu árum, að þessi deildaskipting verði afnumin. Hún hefur verið með öllu óraunhæf, og það væri rétt, að þarna væri um einn allsherjarsjóð að ræða. Þar að auki mætti og að mínu viti koma til athugunar, að í stað þingkjörinna endurskoðenda yrði um löggilta endurskoðendur að ræða, sem reynslan hefur sýnt að er miklum mun hagkvæmara um uppgjör heldur en þegar endurskoðun fer fram með óákveðnu millibili, eins og tíðkazt hefur.

Ég vil segja það varðandi frv. sem heild, að það fer vart á milli mála, að hér sé um merkilegar breytingar að ræða. En að sjálfsögðu byggist varanleiki þeirrar lagasetningar á því, að vel takist til um þær fjárútveganir, sem

ríkisstj. hefur nú á prjónunum m. a. hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Ég hygg, eins og fram hefur komið í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þá sé það helzt að fundið þessu frv., að of skammt sé gengið, en höfuðatriðið er þó með þessari lagasetningu, eins og með l. um húsnæðismálastjórn, að ekki sé lengra gengið í þessum efnum en hægt er að standa við í raun og sannleika. Of mikið hefur á því borið á undanförnum árum, vegna þess, hve lögin hafa verið langt frá raunveruleikanum, að einstök byggingarfélög hafa orðið að víkja út af ýmsum ákvæðum laganna, svo að virðing fyrir löggjöfinni í heild hefur af þeim ástæðum farið heldur hnignandi á s. l. árum. Það er von okkar og ósk, sem vinnum að þessari endurskoðun, að lögin megi vera nær því að þjóna sínum upphaflega tilgangi í því formi, sem frv. nú er, heldur en þau hafa verið til þessa, og jafnframt að svo takist til sem bezt verður á kosið um fjáröflun til þess að standa við þau ákvæði laganna, sem mikilvægust eru, þ. e. a. s. sjálfa lánsútvegunina.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera hér nokkrar athugasemdir út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. Það er alveg rétt hjá honum, að ég gat hér ekki áðan um nokkrar smávægilegar breyt., sem felast í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er þá fyrst og fremst, að það er fellt niður 150 þús. kr. beint framlag úr ríkissjóði. Það getur nú varla kallazt stórvægilegt, sérstaklega þegar lagt er til í frv. að hækka stórkostlega það framlag, sem kemur úr ríkissjóði til sjóðsins. Þá mun það varla taka því, að ég hygg, að hafa þetta framlag.

Viðvíkjandi innlánsdeildaákvæðunum, þá er það alveg rétt, sem hann gat um, að það er álit sjóðsstjórnarinnar, að þetta hafi ekki haft neina praktíska þýðingu til þessa og þeir sjái ekki, að það hafi það á næstunni. Það hefur þess vegna ekki verið lagt til af þeirri nefnd, sem endurskoðaði l., að halda því ákvæði áfram.

Atriðunum viðvíkjandi útboði, sem hv. þm. gat um, hefur hv. 10. þm. Reykv. þegar svarað.

Það hefur einhver misskilningur komizt að hjá hv. 9. þm. Reykv. viðvíkjandi framlögum í sjóðinn á undanförnum árum. Þau áttu á s. l. ári að vera sem næst — ekki rúmar 3 millj., eins og hann sagði, heldur 3 millj. 217 þús. frá sveitarfélögunum og væntanlega annað eins frá ríkissjóði, þannig að framlagið í sjóðinn hefur verið 6 millj. 435 þús. eða sem næst því. Og sú hækkun, sem lagt er til að verði á þessum framlögum nú, bæði framlagi sveitarfélaganna og ríkissjóðs, er sem næst 66⅔%, þannig að þetta framlag ríkissjóðs og sveitarfélaganna ætti því að hækka á næsta ári — að óbreyttum íbúafjölda — upp í 10 millj. 725 þús. á ári, eða meira, ef íbúum fjölgar.

Hann spurði um a-liðinn í brtt. nefndarinnar á þskj. 420, þar sem við leggjum til að standi „löglegur félagsmaður". Það er alveg rétt, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði, það felst í því, eftir því sem okkur er sagt, sem næst að fylgja þeim reglum, sem fylgt hefur verið undanfarið, þ. e. a. s. þeir, sem hafa verið löglegir félagar og hafa haldið áfram að vera það meðfram með því að greiða sín gjöld og að öðru leyti fullnægt skilyrðunum, þeir hafa haft atkvæðisrétt og meiningin, að þeir hafi það áfram. Það er sem sagt einfaldara orðalag, og það felst ekki í því nein breyting frá þeim venjum, sem ríkt hafa undanfarið.

Þá er það viðvíkjandi b-liðnum, að miða við kaupgjaldið, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. var sammála um að leggja til. Okkur fannst það eðlilegri viðmiðun. En ég get vel skilið þessa athugasemd hv. þm., að vísitalan sé eins og snara í hengds manns húsi. Ég get vel skilið, að þetta sé svona fyrir honum, því að það var nefnilega þannig, að þetta var snaran, sem hengdi vinstri stjórnina á sínum tíma.

Viðvíkjandi d-liðnum, þá ræddi ég þessa breyt., sem þar er, að setja 10 ára regluna inn í staðinn fyrir það, sem gilt hefur undanfarið um endurgreiðslu í l. og till., sem nefndin, er samdi þetta nýja frv. um verkamannabústaði, lagði til.

Það var samkomulag um það hjá meiri hl. heilbr.- og félmn. að setja þessa 10 ára reglu inn, af því að hún er einfaldari í framkvæmd og tekur til fleiri tilvika heldur en þeirra einu tilvika, sem getið er í till. n., nefnilega með fjölgun fjölskyldumeðlima. Okkur fannst það of þröngt, því að það getur margt fleira til borið, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, svo að það sé nauðsyn fyrir eiganda íbúðarinnar að skipta um íbúð, og ekki víst, að hann eigi þá, og raunar, eins og lögin eru, þá veit hann það, að hann getur ekki einu sinni átt rétt á því að fá þegar í stað íbúð í verkamannabústað, þó að hann flytjist á annan stað, eins og getur borið við. Þess vegna fannst okkur nauðsynlegt að hafa þessa reglu, að þegar maður væri búinn að vera 10 ár í íbúðinni, ætti hann rétt á að greiða hana upp til þess að njóta verðhækkunar. Hitt er alveg rétt hjá honum, að það er dálítið ankannalegt orðalag að tala um verðhækkun á verði. Þetta orðatiltæki hefur komið til af því, að það var meiningin að reyna að orða þetta þannig, að það væri einungis eðlileg verðhækkun á íbúðinni, sem ætlazt væri til að maðurinn fengi greidda, og er þess vegna ætlazt til þess, eins og gert hefur verið, þegar íbúðirnar hafa verið seldar, að þá hafa þær verið metnar og metin eðlileg verðhækkun. Það er nánast það, sem fyrir nefndinni vakti, þó að það hafi kannske ekki tekizt nógu vel með orðalagið — og matsverðið væri síðan það verð, sem eigandi, sem hefði átt íbúðina í 10 ár, gæti fengið, ef hann neyddist af einhverjum ástæðum til þess að selja hana og fá sér aðra íbúð.

Ég held, að ég hafi þá drepið á það, sem ástæða var til, af því, sem fram hefur komið við umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 481,1 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 481,2 felld með 10:8 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 420,a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 420,b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 420,c samþ. með 16:2 atkv.
— 453 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 481,3 tekin aftur.
— 420,d samþ. með 13:2 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.
7.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 497).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um verkamannabústaði er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með lítils háttar breytingum, sem ég mun koma að síðar.

Aðdragandi þessa máls er sá, að síðari hluta árs 1960 var sett á laggirnar 5 manna n. til þess að endurskoða l. um húsnæðismálastjórn o. fl. En inn í þá löggjöf voru gömlu lögin um verkamannabústaði felld, þegar húsnæðismálastjórnarlögin voru samþ. 1956 eða 1957, að ég ætla. En þessi n., er sett var á laggirnar til að endurskoða l. um húsnæðismálastjórn, hefur svo valið þann kostinn að flytja sérstakt frv. um verkamannabústaði, og það er það frv., sem hér liggur fyrir, allýtarlegt og með nokkrum verulegum breyt. frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um þessi mál. Hún hefur svo skilað bráðabirgðaáliti um breytingu á sjálfum húsnæðismálastjórnarlögunum, sem líka hefur verið lagt fram og hv. þdm. kannast við. Hvað viðvíkur þessu frv., er það að segja, að lögin um verkamannabústaði voru orðin svo úrelt, að raunverulega voru þau tæpast nothæf lengur. Byggingarkostnaður hafði vaxið mjög nú síðustu árin, og þau skilyrði, sem sett voru í l. fyrir því að eignast íbúð í verkamannabústöðum, stönguðust að verulegu leyti við raunveruleikann, má segja, þar sem ákvæðin í l. um tekjumark og eignarmark voru svo ströng, að það var tæplega hægt að hugsa sér, að þeir, sem þessi skilyrði uppfylltu, væru þess megnugir að taka þátt í húsbyggingum samkv. lögunum.

Upphaflega voru verkamannabústaðalögin sett árið 1929 til þess, eins og þar stendur, að gera verkalýð bæjanna kleift að fá hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans. Þetta er erfitt og að heita má ókleift fyrir verulegan hluta af verkamönnum, nema því aðeins að aðstoð komi til. Á fskj., sem frv. fylgir, fskj. VIII, er gerð grein fyrir tekjuskiptingu landsmanna, eins og hún var árið 1959. Þar kemur í ljós, að þeir, sem hafa tekjur undir 50 þús. kr., eru taldir vera 9,3% af heildartölunni. Þessir menn, sem hafa tekjur undir 50 þús., eru þó samkvæmt þessari töflu upp undir 1/10 hluti. Nú gera þau lög, sem í gildi eru, ráð fyrir því, að menn megi ekki hafa hærri tekjur en 50 þús. kr. til þess að fá fyrirgreiðslu samkv. lögunum. En þeir, sem aftur hafa undir 50 þús. kr., eiga mjög erfitt með að inna af hendi þær greiðslur, sem þarf til þess að geta keypt íbúð, eins og nú standa sakir, þar sem lánin úr byggingarsjóðnum hafa komizt hæst í 160 þús. kr. á íbúð, en byggingarkostnaðurinn hins vegar orðið verulega yfir 300 þús. kr., eða síðustu íbúðirnar í kringum 360 þús., og framlagið úr sjóðnum því minna en helmingur.

Á undanförnum 30 árum hafa verið byggðar í kringum 16 þús. íbúðir í landinu, í kaupstöðum og kauptúnum. En á sama tíma hafa verið byggðar rúmlega 1100 verkamannabústaðaíbúðir, þ. e. a. s. fjöldi verkamannabústaðaíbúðanna nemur um 7% rúmum af heildaríbúðafjöldanum, sem byggður hefur verið í landinu á þessu tímabili, þ. e. a. s. þessi hundraðshlutatala nálgast að vera sú sama og tala þeirra, sem hafa undir 50 þús. kr. tekjum árið 1959. Takmarkið með þessari breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, og þeirri auknu fyrirgreiðslu, sem frv. gerir ráð fyrir að komið verði á, er það, að svipað hlutfall geti haldizt, þannig að þeir, sem í lægstu launaflokkunum eru, geti fengið fyrirgreiðslu á þennan hátt eða allt að 10%.

Íbúðaverðið hefur hækkað mjög mikið upp á síðkastið. Það var, að ég ætla, þegar upphaflega var stofnað til þessarar lagasetningar, í kringum 11 þús. eða 12 þús. kr., minnir mig að það hafi verið. Og þá var gert ráð fyrir sem eignarmarki og raunar tekjumarki líka í kringum 4000 kr., eða um það bil þriðjungi af íbúðarverðinu. Þetta hefur breytzt mjög mikið, þannig að íbúðirnar eru nú komnar í síðustu flokkunum hér í Reykjavík upp í um 360 þús. kr., og líkur til, að enn verði um hækkun að ræða í næstu byggingarflokkum. Ástæðurnar til þessarar hækkunar eru fleiri en ein, þó að aðalástæðan sé vitaskuld sú, að allt byggingarefni og vinnulaun, sem til þessarar starfsemi þarf, hafa hækkað geysilega mikið í verði. En það er líka önnur ástæða, sem er talsvert veigamikil fyrir þessari hækkun, og hún er sú, að íbúðirnar hafa með tímanum stækkað verulega, þ. e. a. s. þegar fyrst var hafizt handa um þessa starfsemi, þá mun íbúðastærðin hafa vaxið í kringum 60 fermetra, en er nú komin um og yfir 90, þannig að sjálf íbúðastærðin hefur vaxið um 50%, sem náttúrlega gerir það að verkum, að byggingarkostnaðurinn hefur af þeim orsökum líka vaxið.

Til þess að þessi lagasetning geti komið að notum, þarf að veita þeim, sem samkv. henni byggja, aðstoð. Og það er það, sem lögin frá upphafi hafa gert ráð fyrir. Það hefur verið gert ráð fyrir, að sveitarsjóður á viðkomandi stað leggi fram nokkurt framlag í þessu skyni og ríkissjóður leggi framlag á móti, sem að undanförnu hefur verið jafnhátt. Þetta framlag byrjaði með 1 kr. á íbúa, hækkaði fljótlega upp í 2 kr. og síðan koll af kolli, þangað til framlagið er nú komið upp í að vera 24 kr. sem

lágmark og 36 kr. sem hámark. Ein aðalbreyt., sem í þessu frv. felst, sem hér er lagt fram, er sú, að þessi upphæð, framlag sveitarsjóðanna, verði hækkuð úr 24—36 kr., eins og það er nú, upp í 40—60 kr., eða um 67%, og að ríkissjóður leggi fram jafnmikið á móti. Með þessum auknu framlögum sveitarfélaganna og ríkissjóðsins á að vera hægt að bæta mjög verulega starfsemi sjóðsins.

Í upphafi, þegar verkamannabústaðalögin voru sett, var ráð fyrir því gert, að þessi framlög, bæði ríkisins og sveitarfélaganna, yrðu fyrst og fremst notuð til þess að greiða þann vaxtamun, sem fram kynni að koma á lánum til húsbyggjendanna og lánum, sem byggingarsjóðurinn þyrfti að taka, þannig að það var gert ráð fyrir því, að vextirnir til húsbyggjendanna yrðu yfirleitt lægri en vextirnir af þeim lánum, sem sjóðurinn tæki, þannig að meðgjafar yrði þörf. Framkvæmdin hefur þó orðið nokkur önnur, eins og sést á einu fskj., sem með frv. fylgir, þ. e. a. s. fskj. II. Þar sést, að þeir fjármunir, sem byggingarsjóðurinn hefur haft á milli handa, eða þær tekjur eða innborganir, sem hann hefur fengið, hafa numið um 124,3 millj. kr., en lántaka sjóðsins hefur einungis numið 12 millj., eða um 10% af þeim fjármunum, sem hann hefur haft með höndum. Framkvæmdin hefur því í rauninni orðið sú, að byggingarsjóðurinn hefur að mestu leyti notazt við eigið fé og látið þar við sitja að lána það, en mjög lítið verið gert af því að taka lán, sem aftur yrði framlánað þeim, sem eru að byggja, eða byggingarfélögunum í hinum einstöku sveitarfélögum.

Þessu þarf að breyta, og það þarf að gera ráðstafanir til þess, að byggingarsjóðurinn fái aðstöðu til þess eða möguleika að taka nokkru frekar lán en hann hefur gert og að þessi lán verði ekki með hærri vöxtum en svo, að árlegar greiðslur geti orðið viðráðanlegar fyrir húsbyggjendurna, því að þeir hafa vitanlega ekki úr miklu að spila, sem ekki hafa nú nema um eða undir 50 þús. kr. árstekjur. Vextir, sem sjóðurinn hefur tekið á undanförnum árum, hafa verið mjög breytilegir. Þeir hafa verið breytilegir, frá 2% eða undir 2% og upp í 6%, og hafa þó, að ég ætla, komizt niður í það að nema það litlu, að árleg vaxta- og afborganagreiðsla hefur numið 2½%.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir ýmsum breytingum. Það er t. d. gert ráð fyrir því að leggja þessar auknu byrðar á sveitarsjóðina og ríkissjóðinn, sem ég nefndi, sem á að gefa sjóðnum eigið fé um það bil 67% meira en hann hefur nú úr að spila. Það er líka gert ráð fyrir því, að tekjumarki þeirra, sem undir lögin komast, verði breytt, þannig að það verði hækkað úr 50 þús. kr. upp í 60 þús. kr., eins og var þegar frv. var lagt fram. En þessari upphæð hefur hv. Ed. breytt þannig, að eins og frv. er nú er lagt til, að þetta tekjumark verði 65 þús. kr. auk 5 þús. kr. fyrir hvert barn, sem húsbyggjandinn hefur á framfæri sínu. Eignarmarkið, sem var 50 þús. kr., var hækkað upp í 150 þús. kr. og þar með gert mögulegt, að fleiri geti notið fyrirgreiðslu samkv. lögunum, því að sannleikurinn er sá, að þó að farið sé þetta langt í fyrirgreiðslu fyrir menn, þá eiga þeir sjálfsagt erfitt með að standa undir lánum, sem nema kannske í kringum 400 þús. kr.

Lánstíminn, sem var 42—75 ár, verður óbreyttur samkv. þessu nýja frv., og var ekkert við honum hróflað. Hins vegar er gert ráð fyrir, að mögulegt verði að hækka framlagið eða lánin út á hverja íbúð úr því marki, sem nú er og hefur í framkvæmd orðið 160 þús. kr., að ég ætla, mest upp í 300 þús. kr., sem ætti, ef vextir verða ekki því hærri, að vera viðráðanlegt fyrir hvern og einn, sem þessar tekjur hefur.

Vextirnir skulu samkv. frv. vera ákveðnir af Seðlabankanum í samráði við ríkisstj., þannig að ríkisstj. getur á hverjum tíma haft nokkur áhrif á það, hvernig vextirnir verða reiknaðir. En þó að stefnt sé að því að hafa þá sem lægsta, verða þeir a. m. k. að verða ákveðnir þannig, að ekki verði stofnað til hættu fyrir sjóðinn, að hann geti ekki staðið undir sínum lánum.

Frv. fylgir mjög ýtarleg grg. um bæði sögu þessarar starfsemi og hlutverk byggingarsjóðs, fjármál sjóðsins og ýmislegt annað, sem máli skiptir í þessu sambandi, og einnig níu fylgiskjöl, sem gefa upplýsingar um fjöldamörg atriði, sem málið snerta. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa þetta allt hér upp, það geta hv. alþm. gert og hafa vafalaust gert, en í þessum töflum, fskj. og grg. felast mjög ýtarlegar og veigamiklar upplýsingar um málið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Á þskj. 96 er frv., sem ég er flm. að ásamt tveimur þm. öðrum um breyt. á núgildandi l. um verkamannabústaði. Meginefni þess frv. er að tryggja byggingarsjóði verkamannabústaða aukið starfsfé og að hækka þau lán, sem veitt eru úr sjóðnum til einstaklinga, sem eru að koma sér upp verkamannabústöðum.

Eins og fram kemur í grg. frv., er þetta frv. fyrst og fremst flutt til að bæta úr hinni mest aðkallandi þörf, þ. e. a. s. þörf þeirra einstaklinga, sem eru að festa kaup á þeim íbúðum, sem þegar er búið að koma upp eða verið er að koma upp, en frv. hins vegar ekki miðað við framtíðarlausn þessa máls. Það er einmitt tekið fram í grg., að hið æskilegasta hefði verið, að öll löggjöfin um verkamannabústaði yrði tekin til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sú starfsemi, sem byggist á henni, yrði stórlega efld og aukin. Ég sé ástæðu til þess í framhaldi af þessu að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram nýtt frv. til laga um verkamannabústaði, þar sem verulegt tillit er tekið til þeirra tveggja meginatriða, sem felast í þessu frv. okkar þremenninganna á þskj. 96. Ég hefði hins vegar kosið, þar sem hér er um heildarendurskoðun verkamannabústaðalaganna að ræða, að á sumum sviðum hefði verið lengra gengið til þess að leysa úr þeirri þörf, sem hér er við að fást.

Ég nefni það þá fyrst, að ég tel nauðsynlegt, að það hefði verið tryggt nokkru ríflegra framlag til byggingarsjóðs verkamannabústaða en gert er í frv., t. d. með því, eins og lagt var til af minni hl. félmn. í Ed., að auka framlag ríkissjóðs um helming frá því, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir. Enn fremur, að það væru bein ákvæði um það í frv. að tryggja hagstæð vaxtakjör. En í frv. er það lagt í vald Seðlabankans að ákveða, hverjir vextirnir séu. Eins og hæstv. félmrh. benti réttilega á hér áðan, er hagur þeirra manna, sem hér um ræðir, þannig, að það er nauðsynlegt, að vaxtakjörin séu sem allra hagstæðust, og það er að sjálfsögðu aukið öryggi fyrir því, að ákvæði um það sé í frv. sjálfu eða lögunum sjálfum, en það sé ekki á valdi óviðkomandi aðila að ákveða, hver vaxtakjörin séu. Þess vegna ber að vænta þess, ekki síst með tilliti til þess, sem hæstv. félmrh. sagði um þetta mál hér áðan, að hann stuðli að því við meðferð málsins hér í d., að þetta verði tryggt í sjálfum lögunum, þ. e. a. s. hverjir vextirnir séu, en óviðkomandi aðili sé ekki látinn ákveða það. En það gefur auga leið, eins og hæstv. ráðherra benti á og ég hef áður minnzt á, að það fólk, sem á að njóta þeirrar aðstoðar, sem hér um ræðir, getur ekki staðið undir háum, óhagstæðum vaxtakjörum, og þarf ekki að ræða það nánar.

Þá væri nauðsynlegt í þriðja lagi að tryggja það í lögunum sjálfum, að sjóðnum yrði tryggt eitthvert ákveðið lánsfé. Það er ekki gert í frv., heldur aðeins sjóðsstjórninni heimilað að taka lán til starfsemi sinnar, en ekki neitt sérstakt gert til þess að tryggja, að sjóðurinn geti fengið slíkt lán. Frá þessu atriði álít ég að þyrfti að ganga betur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál á þessu stigi, en vænti þess, að hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, íhugi sérstaklega þau atriði, sem ég hef hér minnzt á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 497, n. 557 og 603, 558).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um verkamannabústaði, og var samþ. að mæla með frv. óbreyttu, eins og það kom frá hv. Ed. Einn nm., Jón Skaftason, áskildi sér rétt til að flytja eða styðja brtt., og einn nm., Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur, þegar n. afgr. málið. Í aths., sem frv. fylgja, eru greinagóðar upplýsingar um starfsemi byggingarsjóðs verkamanna frá upphafi og skýringar á þeim breytingum frá gildandi lagaákvæðum, sem frv. hefur inni að halda. Við 1. umr. gerði hæstv. félmrh. einnig ýtarlega grein fyrir málinu, og er þess vegna óþarft að fara um það mörgum orðum að þessu sinni. Ég mun þó minnast á nokkur þeirra atriða, sem mestu máli skipta.

Þess er getið í grg. með frv., að þegar fyrst voru sett l. um verkamannabústaði árið 1929, þá hafi tilgangur þeirra l. verið sá að gera verkalýð bæjanna kleift að eignast hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans. Aðstoð hins opinbera hafi þá verið talin nauðsynleg vegna bágborins efnahags mikils fjölda fólks. Sýnt er fram á, að í reynd hafi l. að vísu veitt mikilvæga aðstoð við að ná þessu marki, þar sem sjóðurinn hefur, miðað við árslok 1960, veitt lán að upphæð 104.1 millj. kr. út á 1108 íbúðir, en hins vegar hefur efnahagur landsmanna batnað mikið á þessu tímabili, þannig að húsakostur þjóðarinnar hefur verið stórlega bættur eftir öðrum leiðum. Þannig hafa í heild verið byggðar um 16 þús. íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum á árunum 1930—1960, en þar af eru íbúðir byggðar samkvæmt l. um verkamannabústaði 1108 talsins, eins og fyrr var sagt. Af þessu má ráða, að margt manna úr verkalýðsstétt, sem lögunum um verkamannabústaði var upphaflega ætlað að ná til, hefur haft tök á að koma sér upp húsnæði eftir öðrum leiðum, og sýnt er fram á, að hin síðustu ár hefur lánsfjárskortur verið aðalvandinn í sambandi við húsbyggingar. Af þessu dregur undirbúningsnefnd frv. eftirfarandi ályktun á bls. 6 í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar l. um verkamannabústaði voru sett, var verkalýðsstéttin í heild flokkuð hér undir. Sem betur fer er svo ekki lengur, enda viðurkennt af öllum, að þessari fjölmennustu stétt þjóðfélagsins verði að búa þau kjör, sem geri henni yfirleitt mögulegt að koma sér upp viðunandi íbúðum. En þegar svo er ástatt, ætti að geta orðið þeim mun hægara að aðstoða þá þegnana, sem raunverulega eru verst settir. En til þess að svo geti orðið, er tvennt nauðsynlegt: 1) Takmarka fyrirgreiðsluna við ákveðið tekju- og eignarhámark þeirra, sem hennar geta notið. 2) Veita nægilega mikla aðstoð, svo að hún komi að fullu gagni þeim, sem njóta eiga."

Skv. þessu er síðan gerð grein fyrir þeim þrem atriðum, sem fyrst og fremst komu til athugunar við endurskoðun laganna. Þau eru þessi: 1) Ákvæði um tekju- og eignarhámark þeirra, sem fyrirgreiðslu geta notið skv. lögunum. 2) Lánsupphæð á hverja íbúð og lánskjör byggingarsjóðs verkamanna. 3) Tekjuöflun sjóðsins.

Varðandi fyrsta atriðið hefur undirbúningsnefndin í till. sínum stuðzt við athugun Framkvæmdabanka Íslands á skiptingu launþega eftir tekjum og ómagafjölda, sbr. fskj. VIII með grg. Út frá því leggur n. til, að tekjumarkið verði 60 þús. kr., miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, þ. e. a. s. árstekjur að viðbættum 5 þús. kr. fyrir hvern ómaga á framfæri, og að skuldlaus eign megi ekki vera yfir 150 þús. kr. Þessar tölur hafa verið 50 þús. kr. og 75 þús. kr. síðan 1957. Í meðförum hv. Ed. var tekjumarkið hækkað upp í 65 þús. kr. árstekjur. Skv. þessu ætti að mega reikna með, að fyrirgreiðsla

byggingarsjóðs geti náð til rúmlega 10% launþega í kaupstöðum og kauptúnum.

Varðandi annað atriðið er lagt til, að lánstími skuli vera 42—75 ár, lánsupphæð megi vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 300 þús. kr. á íbúð, Seðlabankinn skuli ákveða vexti í samráði við ríkisstj.

Skv. þessu verður heimilt að hækka hámarkslán á íbúð úr 160 þús. kr. í 300 þús. kr., og leggur n. á það áherzlu, að búa þurfi þannig að sjóðnum, að hann geti a. m. k. veitt lán, sem séu 75% af byggingarkostnaði og með þannig lánskjörum, að viðráðanlegt sé fyrir það fólk, sem l. eiga að ná til.

Varðandi þriðja atriðið, tekjuöflun sjóðsins, er lagt til, að lágmarksframlag sveitarfélaga, sem nú er 24 kr. á íbúa, verði hækkað í 40 kr., og hámarksframlagið, sem nú er 36 kr. á íbúa, verði hækkað í 60 kr., en ríkissjóður greiðir á móti sveitarfélögunum jafnhátt og þau. Miðað við íbúafjölda þeirra sveitarfélaga, þar sem nú eru starfandi byggingarfélög verkamanna, eða um 130 þús. manns, þýðir þetta hækkun um 4 millj. 160 þús. kr. miðað við lágmark, en um 6 millj. 240 þús. kr. miðað við hámark framlags. Geta þá árlegar tekjur sjóðsins orðið 10.4 millj. til 15.6 millj. kr. að viðbættum vaxtatekjum og árlegum afborgunum lána, sem hann hefur til ráðstöfunar.

Þau atriði úr frv., sem ég hef nú lauslega drepið á, miða að því að gera byggingarsjóð verkamanna færan um að hjálpa efnaminnstu þegnum þjóðfélagsins til að eignast þak yfir höfuðið. En meira þarf til. Það er okkur ljóst, sem mælum með samþykkt þessa frv. Vandinn er sá að fullnægja eftirspurninni eftir lánsfé til húsbygginga og skapa jafnvægi á því sviði. Í trausti þess, að áframhaldandi verði ötullega unnið að því að leysa þann vanda, er mælt með frv. á þskj. 497.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um verkamannabústaði er eitt af þeim málum, sem hv. þm. stjórnarliðsins hafa verið settir til að afla sér aukatekna með því að endurskoða, og útkoman er svipuð og í málinu, sem við vorum að ræða um hér rétt áðan. Það eru engar verulegar breyt. gerðar á l. um verkamannabústaði, og hefði þó verið allmikil ástæða til þess að endurskoða þann lagabálk gaumgæfilega. En það er engan veginn hægt að segja það, að þetta frv. sé ávöxtur af gaumgæfilegri endurskoðun laganna. Allri byggingu lagabálksins, eins og hann er og hefur verið frá öndverðu, er enn þá haldið í þessu frv., og það er í raun og veru aðallega breytt tölum nokkuð með tilliti til þeirra verðlagsbreyt., sem hafa átt sér stað, síðan l. var síðast breytt. Þannig eru breytingarnar til komnar, að því er snertir hækkun á meðaltali tekna þriggja síðustu ára hjá þeim mönnum, sem hafa rétt til að notfæra sér heimildir þessara laga, og enn fremur eru fleiri talnabreytingar þess sama eðlis í frv., að þeim er breytt með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðlagi í landinu og verðmæti peninga, síðan l. var síðast breytt.

Þegar farið er að endurskoða l. um verkamannabústaði, er það vitanlega augljóst mál, að þar hefði fyrst og fremst þurft að bæta úr fjármagnsskorti sjóðsins. Einmitt vegna hinna öru verðlagsbreytinga og auknu dýrtíðar hefur starfsgeta sjóðsins farið dvínandi frá ári til árs og tilfinnanlegast núna síðustu árin. Það hefur nú farið svo vegna fjárskorts hjá byggingarsjóði verkamanna, að starfsemi hans hefur ákaflega mikið dregizt saman s. l. ár. Á árinu 1960 voru aðeins veitt 8 lánsloforð úr sjóðnum, og á árinu 1961 voru það 14 lánsloforð, sem voru veitt. En á árunum 1957—59 var starfsemi sjóðsins með nokkrum blóma. Þá voru byggðar á annað hundrað íbúðir, t. d. veitt lán til 110 íbúða á árinu 1957, og hæsta lánatala, sem ég veit til að hafi verið veitt frá sjóðnum, var veitt á árinu 1959, þá voru veitt lán til 150 íbúða. Þetta byggðist á því nokkuð, að þá hafði sjóðurinn meira en sínar árlegu tekjur, því að starfsemi hans hafði verið frekar dauf árin þar á undan, og þá höfðu safnazt óinnheimt framlög frá allmörgum sveitarfélögum og ríkið þannig ekki lagt sín framlög heldur á móti. En þegar losnaði um starfsemi sjóðsins, hann fór að byggja á ný, þá var gert átak í því að innheimta framlög sveitarfélaganna, og kom þá ríkisframlagið á móti, auk hinna árlegu tekna sjóðsins. Þannig stendur á því, að sjóðurinn á tímabilinu 1957—59 veitti lán til miklu fleiri íbúða en áður og síðar. Þá var líka framlag sveitarfélaganna — skylduframlag sveitarfélaganna — hækkað úr 12 kr. í 24 kr. á íbúa og hámarkið sett 36 kr. á íbúa í sveitarfélagi. Þær hækkanir, sem nú eru gerðar á skylduframlögum sveitarfélaganna miðað við einstakling, eru aftur, að 24 kr. breytast í 40 og 36 kr. færast upp í 60 kr., held ég. Þó efast ég um, að sjóðurinn verði nú færari en t. d. 1956 til þess að starfa, þrátt fyrir þessar hækkanir. En tölurnar, sem ég nefndi áðan, frá seinustu tveim árum, árunum 1960 og 1961, 8 lán fyrra árið og 14 lán seinna árið, þær sýna það, að starfsemi sjóðsins er orðin mjög óveruleg. Hann er orðinn svo févana, að hann getur ekki gegnt hlutverki sínu, og þess vegna hefði endurskoðunin nú þurft að bæta úr þessu ástandi með sjóðinn og gera hann starfhæfan á ný, en það er vitanlega óhugsanlegt með öllu, nema með því að afla honum mikils aukins fjármagns. En í þessu frv. er engin ráðstöfun í þá átt gerð, nema í þessu, að skylduframlög þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, hækka úr 24 kr. í 40 kr. Ef menn vilja halda því fram, að það sé líka hámarkið 60 kr., þá er því til að svara, að reynsla síðustu ára er sú, að nálega öll sveitarfélögin hafa haldið sér við lágmarksupphæðina — skylduupphæðina — og ekki farið neitt upp fyrir hana. Það má því ætla, að það verði nú 24 kr. gjaldið á íbúa, sem verður grundvöllur fyrir tekjum sjóðsins. Það hefur verið áætlað, að hann fái nokkurra millj. kr. tekjuauka vegna þessa, og þetta er, að því er ég fæ bezt séð, einasta till. í frv., sem leiðir til þess, að sjóðurinn fái að krónutölu auknar tekjur, en mjög vafasamt, að að verðgildi haldi hann sömu tekjum og hann hafði eftir síðustu endurskoðun.

Það er gert ráð fyrir því og er talið til umbóta í frv., að nú megi lána fólki, sem þarna á að njóta réttinda, lán allt upp að 90% af byggingarkostnaði. Þetta er fólk, sem ekki má eiga meira en 150 þús. kr. eign og ekki hafa meira en 65 þús. kr. tekjur að meðaltali þrjú s. l. ár. Þannig verður það aðeins tekjulægsta fólkið í landinu, sem fær rétt samkv. lögunum. Ég álít, að það sé í raun og veru ekki vansalaust, að l. um verkamannabústaði með svona ákvörðun eins og þessari, að menn megi ekki hafa meiri tekjur en 65 þús. kr. að meðaltali s. l. þrjú ár, þau verði til þess að útiloka flesta bátasjómenn, og vissulega ættu þó verkamannabústaðalög að hjálpa þeim til þess að byggja yfir sig og sína. Ég tel það ákaflega hvimleitt. En menn horfast í augu við það, að með þessu hámarki tekna koma flestallir sjómennirnir til þess að útilokast frá því að mega byggja samkvæmt l. um verkamannabústaði. Ég hefði helzt kosið, að l. heimiluðu sérhverjum starfandi löglegum meðlim verkalýðsfélags að njóta réttinda laganna, en að öðru leyti, ef það væri fólk utan verkalýðsfélaganna, þá væri sett eitthvert tekjumark. Með því móti væri synt hjá því að útiloka stétt eins og t. d. sjómannastéttina.

Ég vil nú víkja því til hv. meiri hl., hvort hann vildi ekki leiða hugann að því, hversu óskemmtilegt það er að ganga þannig frá endurskoðun l. Eins og tekjum bátasjómanna er nú háttað, er það augljóst mál, að þeir verða lokaðir úti frá öllum rétti samkvæmt l. um verkamannabústaði. Ég álít, að þeirra vegna ætti þarna að setja eitthvert það ákvæði, sem gerði það að verkum, að þeir kæmust inn undir lögin. Það er vitað, að starfandi sjómaðurinn á að mörgu leyti miklu erfiðara með að koma upp byggingu yfir sig og sína, þó að hann hafi jafnvel hærri tekjur og sé betur efnum búinn en maðurinn, sem starfar í landi. Og löggjafinn ætti sannarlega að meta það, að hans aðstaða er þannig verri, og auk þess er þess að geta, að þó að tekjur hans fari upp, kannske eitt, tvö eða þrjú ár í röð, þá getur hann líka orðið fyrir skakkafalli að því er tekjuöflunina snertir, og þá er enn þá hatramlegra, að hann skuli hafa verið útilokaður með lagaákvæðum frá hagkvæmum lánum eins og verkamannabústaðalögin veita.

Því miður sýnist mér svo, að það verði í fáum tilfellum raunhæft, að menn fái lán, sem nemi 90% af fullum byggingarkostnaði, því að þessu er þegar lokað með ákvæðinu um, að þó megi lánin aldrei vera hærri en 300 þús. kr. Ég hef opinberar skýrslur fyrir mér um það, að í októbermánuði 1961 kostaði 300 rúmmetra íbúð, sem er frekar lítil íbúð, 468 þús. kr. — samkvæmt vísitöluhúsi og byggingarvísitölu hagstofunnar 468 þús. kr. Ég hygg því, að sú íbúð muni nú varla kosta mikið undir 500 þús. kr. En þó að maður haldi sér eingöngu við, hvað slík íbúð kostaði haustið 1961, þá þyrfti að fást lán út á hana, ef lánsupphæðin mætti vera 90% af byggingarkostnaði, sem næmi 421 þús. kr., en slíkt lán fæst ekki, ef hámark lánanna verður ekki hækkað úr 300 þús. Í raun og veru er ekkert samræmi í því, miðað við það, sem við vitum að íbúðir kosta núna, að segja, að það megi lána 90% af byggingarkostnaðinum, en þó megi lánið aldrei vera hærra en 300 þús. kr. Það er dálítið skrýtið, því að þessi 90% eru bara silkislaufa, það er punt, það er alveg greinilegt. Það verður ekki neitt raunhæft. Það er gefinn hlutur, að ef nokkurt mark ætti að vera að þessum 90% þarna, þá þyrfti lánsupphæðin a. m. k. að vera heimil upp í 430—450 þús., því að byggingarkostnaðurinn er nú aldrei undir 500 þús. kr.

Nú skulum við segja, að það fáist sú lagfæring á frv., að lánsupphæðin megi vera allt að 90% af fullum byggingarkostnaði, og þá sýnist mér, að sjóðurinn þyrfti að hafa rúmar 20 millj. kr. í árstekjur, til þess að hann gæti veitt lán til 50 íbúða á öllu landinu á ári. Það yrði engan veginn sagt, að það væri mjög mikill kraftur í starfsemi sjóðsins, þó að hann gæti veitt lán til 50 íbúða í Rvík og öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins, sem hann á að veita lán til, ef umsóknir berast. Það væri ekki heldur hægt að segja, að starfsemi hans lægi niðri, ef hann gæti hjálpað um lán til 50 íbúða, en það væri það allra lægsta, sem mér finnst að hægt væri að segja að sjóðurinn væri í fullu starfi, ef hann gæti veitt 50 lán á ári. En þá þyrfti hann að hafa yfir 20 millj. kr.

Ég tók svo eftir, að hv. frsm. meiri hl. segði, að sjóðurinn fengi, ef lágmarksupphæðin væri lögð fram af sveitarfélögunum og af ríkinu, 10.4 millj., og ef hámarksframlögin yrðu greidd, þá gætu tekjur sjóðsins orðið 15 millj. kr. Það er því sýnilegt, að það verða ekki veitt 90% lán af byggingarkostnaði til meira en 25—30 íbúða, að því er mér virðist fljótlega. Og það er daufleg starfsemi, það verð ég að segja. Það þótti dauft yfir starfi sjóðsins á árunum 1952—1956, en á árinu 1952 voru veitt lán til 20 íbúða, 1953 til 26 íbúða, 1954 til 19 íbúða, 1955 til 46 íbúða og 1956 til 32 íbúða, en svo hljóp það upp, eins og ég sagði áðan, á árunum frá 1957—59, þannig að þá voru veitt lán til nokkuð yfir 100 íbúða hvert árið um sig.

Ég tel því, að það vanti mikið á, að aflað sé þeirra tekna til sjóðsins, að hann geti starfað nægilega kröftuglega og veitt 90% lán, eins og hér er þó haft á orði í þessu endurskoðaða frv. Og það er þó mergurinn málsins, eins og í hinu málinu, sem við vorum að ræða í kvöld. Það veltur á öllu, hvaða fjármagn þessum sjóðum er útvegað. Kemur fyrir lítið að hagræða tölum og skrá þær háar, ef ekki er fjármagn til að fullnægja þeim. Auðvitað er þetta höfuðágalli frv., að ekki er séð fyrir nægilegu fjármagni, til þess að hann geti starfað sómasamlega. Annar gallinn er sá, að það er ekkert ákvæði í þessu frv. um, að lækka beri vextina af lánum byggingarsjóðs verkamanna. Svo sem kunnugt er, voru lánin úr þessum sjóði fyrstu árin með 2% vöxtum, svo voru vextirnir hækkaðir upp í 3%, en það var ein af viðreisnarráðgerðunum að hækka vexti byggingarsjóðs verkamanna úr 3% upp í 6%, og þannig eru lánakjörin núna — 6% lánakjör, og það er ekkert ákvæði í frv. um það, að vextirnir skuli lækka. Það á að vera áfram á valdi Seðlabankans að

ákveða, hverjir vextirnir séu. Og þegar ekki er neitt ákvæði um, að þeir skuli lækka, þá tel ég, að það sé borin von, að þeir verði nokkuð lækkaðir. Það er þá gefinn hlutur, að það fólk, sem hefur ekki meira en að hámarki 65 þús. kr. tekjur að meðaltali á ári s. l. 3 ár, það hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir 300—400 þús., segjum 400—500 þús. kr. skuldum með 6% vöxtum. Ef það á að vera nokkur von til þess, að fólk með svona tekjur ráði við að standa undir nauðsynlegum lánum vegna sinnar íbúðar, þá verða vextirnir að vera mjög lágir. Það er auðskilið mál, og hefði því verið ákjósanlegast, að vextirnir hefðu verið ákveðnir í frv. annaðhvort 2 eða 3%, en það vantar alveg í frv.

Þá finnst mér það og mjög óprýða þetta frv., að kippt er út úr gildandi l. ákvæði um það, að þegar stofna skal til byggingar verkamannabústaða, þá skuli þeir vera boðnir út, og þetta er auðvitað gert til þess að tryggja, að sérhverju fáanlegu tilboði byggingarmeistara um að byggja þá eins ódýrt og verða má sé tekið og að þannig fáist sem mest íbúðarhúsnæði fyrir sem minnstan byggingarkostnað. Þetta er tekið út, og ég spyr: Hvers vegna er svona ákvæði tekið út? Þetta er þó einungis öryggisákvæði, til þess að það fjármagn, sem sjóðurinn ræður yfir og lánar út, nýtist sem bezt. Ég sé ekki, að nokkur skynsamleg ástæða geti legið fyrir því að taka svona ákvæði út úr gildandi lögum.

Það eru ýmis fleiri ákvæði, sem felld eru niður með þessu frv. úr gildandi lögum og alveg ástæðulaust var að taka út og eru til bóta í l. heldur en hitt og hefðu því átt að standa áfram. Flest eru þessi atriði að vísu minni háttar, en alveg sama er, það hefði verið meiri ástæða til þess að bæta inn í frv. einhverjum jákvæðum atriðum, sem hefðu stuðlað að aukinni starfshæfni sjóðsins, fremur en að taka þessi atriði, sem ég hér á við, úr gildandi lögum.

Ég tel það óumflýjanlegt, eins og gert er í frv., að hækkað sé skylduframlag sveitarfélaganna úr 24 kr. í 40 kr., og býst ég þó við, að sumum sveitarfélögunum verði fullerfitt að greiða það gjald til íbúðarhúsnæðisbygginga innan sveitarfélagsins, en ríkinu er ætlað að leggja sama framlag á móti. Ég álít, að fjármagnsþörf byggingarsjóðsins sé svo mikil, að það hefði verið fullkomin ástæða til að gera ráð fyrir, að ríkið legði fram tvöfalt á móti sveitarfélögunum, 48 kr. á móti hverjum 24, sem sveitarfélagið legði fram. Við það hefði sjóðurinn fengið allverulegan tekjuauka, og ég leyfi mér að leggja til, að sú breyting verði á gerð, að ríkið leggi fram tvöfalt á móti skylduframlagi sveitarfélaganna.

Þá hefði ég talið, að húsnæðisþörfin væri svo mikil, að það hefði verið ástæða til að heimila byggingarsjóði verkamanna allríflegar lántökur, veita honum allríflegar lántökuheimildir. En ég sé ekki, að neitt slíkt sé í frv. Það eru engar líkur til þess, að starfsemi byggingarsjóðs verkamanna geti aftur hafizt af þrótti — nokkrum verulegum þrótti — eða aukizt, þó að þetta, ég vil segja mjög veigalitla stjórnarfrv. verði samþ. Til þess að menn geti gert sér nokkrar vonir um aukna starfsemi byggingarsjóðs verkamanna að marki, þannig að hægt sé að segja, að hann svari sínu hlutverki, þá þarf að margfalda hans tekjur. Og það væri vissulega mikil þörf á því, að fátækasta fólkinu, sem býr við hið lakasta húsnæði, væri veitt veruleg hjálp til þess. Oft eru þetta einmitt hinar stóru og barnmörgu fjölskyldur, og það vita allir, að það er alvarlegt fyrir stóran barnahóp að alast upp við slík skilyrði sem heilsuspillandi húsnæði, og verður því að teljast ein af frumskyldum þjóðfélagsins að hjálpa stóru barnafjölskyldunum til þess að geta eignazt eigið húsnæði og komizt úr heilsuspillandi húsnæði.

Ég vil freista þess, og verð þó að segja, að ég er mjög hófsamlegur í mínum tillögum, — ég vil freista þess að fá eftirtaldar breyt. á frv. Ég teldi, að sjóðurinn væri þá nokkru starfhæfari, ef þær fengjust samþykktar, og er mér þó ljóst, að hann gæti engu verulega stóru til vegar komið, þrátt fyrir það.

Í fyrsta lagi legg ég það til við 3. gr., að í stað orðanna „ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð", eins og stendur þar í 2. tölulið, komi: „ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn tvöfalda þá upphæð" — þ. e. a. s. tvöfalda þá upphæð, sem sveitarfélögin leggja fram. Og önnur till. mín er við 4. gr. frv., á þá leið, að síðasti málsliður 2. málsgr. orðist svo: „Seðlabankinn ákveður vexti á lánum í samráði við ríkisstjórnina, en aldrei mega þó vextirnir vera hærri en 3% — 3 af hundraði — á ári". Ég tel æskilegast, að farið væri í gamla farið, að vextirnir væru, eins og þegar verkamannabústaðalögin voru fyrst sett, ákveðnir 2%, og það er vitanlega heimilt samkv. þessari till., en hámark sett að því er snertir heimild Seðlabankans um 3%.

Þá er mín þriðja brtt. á þessu sama þskj. — 603 — við 6. gr., um það, að 5. tölul. gr. orðist svo: „Að íbúðir séu hagkvæmar, teikningar samþykktar af stjórn byggingarsjóðsins og bygging íbúðanna ávallt boðin út."

Ég vil ekki, að þetta ákvæði sé fellt úr l., því að það getur oft fengizt verulega hagkvæmara tilboð í byggingar og tekizt að halda byggingarkostnaði niðri, ef útboð eru höfð og leitað þannig eftir hagkvæmustu fáanlegum tilboðum. Það álít ég, að eigi að vera viðvíkjandi svona starfsemi, þegar verið er að reyna að fá hið mesta út úr litlu fjármagni.

Ég skal játa, að ég geri mér ekki miklar vonir um, að þessar hógværu brtt. til lagfæringar á frv. fáist samþykktar, fremur en aðrar, sem við höfum borið fram í sambandi við byggingarmálin t. d., því að það er sannleikur, sem ég sagði áðan, og engar ýkjur, í sambandi við annað mál, að það hefur verið reynslan á þessu þingi, að jafnvel till. frá stjórnarandstöðunni um lagfæringu á prentvillu hafa verið felldar, eins og allar aðrar till. stjórnarandstöðunnar.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég tel, að svipað standi á um þetta mál og um frv. það, sem hér var áður til umr. á þessum fundi um breyt. á l. um húsnæðismálastjórn. Hér er lagt til að gera breyt. á l. um verkamannabústaði, en

þær breytingar, sem er að finna í þessu frv., eru harla lítils virði að mínum dómi og að sumu leyti vafasamar. En þær snerta hins vegar ekki við því vandamáli, sem þar er við að glíma. Ég tel, að hér sé því í aðalatriðum um hreinar sýndartill. að ræða hjá hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa frv.

Eins og fram hefur komið í umr., hefur svo verið ástatt með byggingu verkamannabústaða að undanförnu, að segja má, að nú um tveggja ára skeið hafi öll byggingarstarfsemi á vegum byggingarsjóðs verkamanna gersamlega legið niðri. Og ástæðurnar til þess, að svo til ekkert hefur verið hægt að byggja samkv. þessum l. nú síðustu 2 árin, eru þær, að vantað hefur fé til útlána úr byggingarsjóði verkamanna. Tekjur sjóðsins hafa verið, eins og kunnugt er, sáralitlar, og hæstv. félmrh., sem er yfirmaður sjóðsins lögum samkv., hefur ekki útvegað sjóðnum neitt fé, svo að hægt væri að halda áfram venjulegri lánastarfsemi.

Það er mjög athyglisvert, að það var einmitt þannig á tímum vinstri stjórnarinnar, að þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að hleypa lífi í byggingar verkamannabústaða samkv. gildandi lögum. Árin 1957 og 1958 og einnig á árinu 1959 var úthlutað allmörgum lánum til margra staða á landinu og bygging var þá hafin samkv. l. á mörgum stöðum, sem höfðu ekki tekið þátt í byggingum á vegum þessa kerfis áður. Ég hygg, að lánveitingar hafi numið þessi ár nokkuð á annað hundrað, hvert árið um sig. Þannig munu lánin árið 1957 hafa verið 110 og árið 1958 um 150. En svo brá við, eftir að núv. hæstv. félmrh. hafði skipt um formann í byggingarsjóði verkamanna og hið nýja „viðreisnartímabil" hafði tekið við í byggingarmálum þjóðarinnar, að þá tók gersamlega fyrir allar lánveitingar á vegum sjóðsins svo að segja. Árið 1960 munu hafa verið veitt 8 lán og árið 1961 14 lán. Þar mun aðeins hafa verið um lánveitingar að ræða til Reykjavíkur eða stærstu staðanna, sem greiða það mikið fé í sjóðinn, að þessir aðilar gátu raunverulega tekið fé úr eigin hendi.

Í þessu frv. er, eins og ég sagði, ekki gert ráð fyrir því að bæta úr tekjuþörf sjóðsins á neinn viðhlítandi hátt. Það er að vísu lagt til, að hið árlega framlag ríkissjóðs hækki lítið eitt og framlög bæjarfélaganna eða sveitarfélaganna á móti hækki einnig. En það er vægast sagt mjög vafasamt að ætla að byggja starfsemi þessa sjóðs einvörðungu á því, að bæjarfélögin leggi fram fé til sjóðsins, því að það er vitað mál, að þau geta ekki bætt á sig nýjum útgjaldaliðum sem neinu nemur.

Þegar löggjöf eins og þessi, sem hér er um að ræða, er tekin til endurskoðunar, þá er það furðulegt, að það skuli ekki koma fram neinar till. um það, sem aðalvandinn hefur snúizt um varðandi framkvæmd laganna áður. Það er látið í það skína, að aðalbreyt. á l. frá því, sem áður var, eigi að verða sú, að nú eigi að hækka lánin til hvers einstaks aðila frá því, sem áður var. Rætt er um það, að lánin megi fara upp í 90% af kostnaðarverði íbúðar, þó ekki yfir 300 þús. kr. á hverja íbúð. En eins og kunnugt er, hefur framkvæmdin verið þannig að undanförnu, að hámark lána mun hafa verið 160 þús. kr. En það þýðir auðvitað harla lítið að ákveða það í lögunum, að hámarkslán megi vera upp í 300 þús. kr. á íbúð, ef ekki er séð neitt fyrir nýrri tekjuöflun til útlánanna. Slík ákvæði eru auðvitað marklaus í framkvæmd. Það má öllum vera ljóst, að þau ákvæði í þessu frv., sem gera ráð fyrir því, að þeir einir geti fengið lán úr sjóðnum, sem hafi ekki hærri tekjur en 65 þús. kr. á ári miðað við 3 næstliðin ár, áður en lánið er veitt, og þó 5 þús. kr. til viðbótar fyrir hvert barn á framfæri, — það er auðvitað augljóst mál, að aðilar með slíkar tekjur fá ekki risið undir háum lánum. Eða hvernig er hægt að hugsa sér það, að aðili, sem t. d. hefði 75 þús. kr. tekjur, gæti staðið undir láni samkv. núgildandi kjörum á lánum frá þessu byggingarkerfi, — láni, sem nemur 300 þús. kr.? Ég tel alveg sýnilegt mál, að vextir og afborganir af slíku láni og bein fastagjöld, sem hvíla á hverri íbúð að öðru leyti, hljóti að nema samkvæmt lánskjörunum, eins og þau eru nú, a. m. k. 30 þús. kr. á ári eða 2500 kr. á hverjum mánuði. Það sjá auðvitað allir, að aðili, sem má ekki hafa hærri tekjur en 70—75 þús. kr., getur ekki staðið undir afborgunum og vöxtum og öðrum útgjöldum af sinni íbúð, sem nema 30 þús. kr. á ári. Það er auðvitað alveg tómt mál að tala um slíkt. Það vita allir, að það er óframkvæmanlegt. Ef á að halda sér stíft við þetta tekjumark, þá er vitanlega óframkvæmanlegt að lána slíkum aðilum svona hátt lán, nema þá vaxtakjörunum verið breytt, lánskjörin verði gerð hagstæðari. Og auðvitað er það nauðsynlegt í sambandi við þessa löggjöf. Það er alveg óhjákvæmilegt að ákveða, að vextir af þessum lánum skuli ekki vera hærri en t. d. 3 eða 3½%, eins og þeir voru, áður en „viðreisnarvextirnir" komu til.

En það bólar ekki á því við afgreiðslu þessa máls, að hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi málsins, hugsi sér að breyta þessum ákvæðum l., sem fjalla um vaxtakjörin. Hún sem sagt virðist ætla að standa að framkvæmd málsins þannig, að vextirnir skuli vera upp í 6%, það skuli lána allt upp í 90% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir 300 þús. á íbúð, og að tekjur einstaklingsins megi ekki vera hærri en 65 þús. á ári og 5 þús. á hvern aðila á framfæri. En þegar þetta allt er sett saman, þá sjá menn, að þetta er með öllu óframkvæmanlegt. Það getur enginn maður framkvæmt þetta. 90% af byggingarkostnaðinum mundi að sjálfsögðu verða hærri upphæð en 300 þús. kr. í flestöllum tilfellum, svo að þar er auðvitað um blekkingu að ræða. En meira að segja 300 þús. kr. lánsupphæðin fær ekki staðizt til þess aðila, sem hefur ekki hærri tekjur en þetta, ef hann á að greiða þá vexti, sem í gildi eru nú.

En hvernig er þá líklegast, að fari um framkvæmd þessara mála? Jú, auðvitað fer um framkvæmdina á þann hátt, sem verið hefur. Það verða ekki veitt 300 þús. kr. lán til neins aðila. Lánin verða auðvitað ekki höfð hærri en þau hafa verið, 160 þús. á íbúð eða þar um bil. Sjóðurinn ræður ekki yfir tekjum til þess

að veita slík lán, og það er auðvitað augljóst mál, að ef hinir tekjulægstu eiga að sitja fyrir lánunum, þá þýðir ekki að lána þeim hærra en þetta, eða þá að gripið verður til þess. eins og gert var reyndar áður, að það var ekki heldur haldið sér við þetta tekjumark, sem sett var í lögunum. Þeir aðilar fengu einnig lán úr sjóðnum, sem höfðu miklum mun hærri tekjur en ákveðið var í lögunum að miðað skyldi við.

Nei, það, sem var auðvitað nauðsynlegt í sambandi við endurskoðun á þessari löggjöf, var það að bæta úr ágöllunum, sem augljóslega höfðu komið fram í framkvæmdinni, en ágallarnir voru þessir: Sjóðinn vantaði greinilega tekjur. vantaði fjármagn til frekari útlána. Sjóðinn vantaði fjármagn til þess að geta hækkað lánin úr 160 þús. kr. á hverju einstöku láni, eins og verið hafði nú um skeið, upp í t. d. 300 þús. kr. á íbúð eða jafnvel meira, til þess að fátækir menn gætu ráðizt í það að byggja samkvæmt lögunum og eignast íbúð, því að þeir, sem hafa yfir litlu fjármagni að ráða, þurfa að fá um 300 þús. kr. að láni með hagstæðum kjörum til þess að komast yfir íbúð. Og svo þurfti, ef átti að halda sér í framkvæmdinni við tekjuhámarkið, að gera lánskjörin mjög hagstæð, því að þeir aðilar, sem eru í lægsta launaflokki, hafa ekki hærri laun en gert er ráð fyrir sem hámarkslaunum fyrir þá, sem eiga að koma til greina við úthlutun úr þessum sjóði, geta ekki staðið undir dýrum lánum, og af því var vitanlega alveg nauðsynlegt við endurskoðun þessara laga að ákveða að lækka vextina til mikilla muna frá því, sem nú hefur verið. En ekkert af þessu er gert. Það eina, sem er gert, er, að það er hækkað svolítið það framlag, sem sveitarsjóðirnir eiga að leggja fram á ári hverju og framlag ríkisins þar á móti. En auðvitað dregur þetta sárastutt. En það er eins og hæstv. ríkisstj. haldi, að henni dugi það í öllum málum að vera með sömu sýndarmennskuna, flytja frv. til breyt. á ýmiss konar lögum, sem í gildi eru, segja jafnvel með slíkum frv.-flutningi, að nú sé búið að endurskoða löggjöfina, það hafi verið gert af sérstakri nefnd manna, þó að svo komi fram, að endurskoðunin sé harla lítils virði og breyt. í því frv., sem lagt er fram, nái svo til ekkert. Ég furða mig á vinnubrögðum eins og þessum.

Nei, það er vissulega athyglisvert, að sú ríkisstj., sem hefur þó séð það, að byggingarstarfsemin á vegum byggingarsjóðs verkamanna hafði stöðvazt svo til alveg undir hennar stjórn. skuli ekki gera neinar ráðstafanir til þess að koma byggingum á vegum þessa sjóðs aftur af stað, þó að hún sé að gutla við það að endurskoða lögin.

Það var vissulega þörf á því að gera aftur kleift að hefja byggingar á vegum þessa byggingarkerfis. Það hefði verið mikil þörf á því að sinna einmitt málefnum þeirra, sem hafa minnsta getu til þess að byggja yfir sig, þeirra, sem alls ekki ráða við það að byggja sér íbúðir með þeim lánum og með þeim lánskjörum, sem hægt er að fá hjá hinu almenna byggingarlánakerfi, því að það er auðvitað gefið mál, að þeir menn, sem hafa ekki hærri tekjur á ári en 60—70 þús. kr., eins og dýrtíð er nú orðin, ráða ekki við það að byggja sér íbúð, sem kostar 400—500 þús. kr., með lánum, sem eru ekki nema í kringum 100—150 þús., eins og hægt hefur verið að fá úr hinu almenna byggingarlánakerfi, en þar hafa hámarkslánin verið 100 þús. kr. fram til þessa, en er nú verið að gera ráð fyrir því, að þau verði að hámarki 150 þús. kr. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að aðilar, sem hafa ekki hærri tekjur en þetta, geta ekki byggt samkvæmt þeirri aðstoð, sem þar er að fá. Þeir þurfa að fá miklu meiri lán, og þeir þurfa einnig að geta fengið lán með hagstæðari lánakjörum en hægt er að fá hjá hinu almenna byggingarlánakerfi. Það hefði því vissulega verið mikið nauðsynjamál að gera byggingarsjóði verkamanna kleift að sinna lánbeiðnum frá þessum aðilum, frá hinum tekjulægstu, og geta lánað þeim allt að 300 þús. kr. út á íbúð með hagstæðum lánakjörum. En að bjóða þeim aðilum upp á slíkar sýndartill. eins og koma fram í þessu frv., það verður þeim lítið til gagns.

Það er ómögulegt annað en hæstv. ríkisstj. hafi veitt því athygli, að sú hefur þróunin orðið í íbúðabyggingum síðustu tvö árin, að bygging íbúðarhúsnæðis hefur stórlega minnkað. Eins og ég sagði hér áður, hefur svo að segja tekið fyrir alla byggingarstarfsemi á vegum byggingarsjóðs verkamanna. En það hefur líka stórdregið úr framkvæmdum hjá þeim, sem hafa þó leitað til annarra um lánveitingar í þessum efnum. Ástæðan er auðvitað sú, að það er nú miklum mun óhagstæðara fyrir þá, sem eru að brjótast í byggingum, að komast áfram en áður var, lánin frá húsnæðismálastjórn duga miklu lakar en þau dugðu áður, því að byggingarkostnaðurinn hefur stóraukizt og dýrtíðin hvílir með svo miklu meiri þunga á mönnum nú en áður, að menn hafa minna fé handa á milli til þess að ráðstafa til húsbygginga en þeir höfðu áður. Þetta hefur allt leitt til þess, að íbúðabyggingar hafa stórlega dregizt saman, og auðvitað sækir þetta út í hrein vandræði, ef ekki verður á veruleg breyting. En mér sýnist hins vegar, að tilgangurinn hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum sé sá, að það á að segja frá því með miklum hávaða, eins og vant er í stjórnarblöðunum, að mikið aðhafist nú ríkisstj. í húsnæðismálum. Hún hafi látið endurskoða löggjöfina um byggingarsjóð ríkisins og hækkað þar lánveitingar út á hverja íbúð og heimildir byggingarsjóðsins til almennrar lántöku, og hún hafi látið endurskoða löggjöfina um verkamannabústaði og þar eigi nú að gera ráð fyrir því að heimila lán til hvers einstaks upp í um 300 þús. kr. eða 90% — það eigi að stórauka lánin.

Jú, það verður víst enginn vandi að segja frá þessu undir stórum fyrirsögnum og láta mikið yfir sér í þessum efnum, og það mætti kannske duga mönnum eitthvað stutta stund. t. d. í gegnum einar kosningar eða svo. En ég er hræddur um, að það verði heldur lítið um byggingarframkvæmdir út á þessar reglur. Ég er hræddur um, að það verði harla lítið úr því hjá mönnum, að þeir fái aukin lán til sinna framkvæmda samkv. því, sem ákveða á nú í þessu

frv. Það er mjög hætt við því, að þetta fari á þá leið, að menn verði blekktir hreinlega og lokkaðir eitthvað á stað út í byggingarframkvæmdir, sem þeir gera sér vonir um að fá aukin lán út á, en auðvitað engin aðstaða er til að veita aukin lán út á, á meðan ekki er aflað neins nýs fjármagns til sjóðanna, og komast menn þá harla stutt með byggingarframkvæmdir sínar, og er jafnvel hætt við því, að menn lendi þar í algerum vandræðum og tapi jafnvel því, sem þeir leggja fram.

Ég tel, að þetta sé með öllu ósæmilegt, að standa þannig að þessum málum, eins og hæstv. ríkisstj. virðist hafa hugsað sér. Og það væri fyllilega þörf á því, að ríkisstj. léti þessar n. sínar, sem hún hefur haft til að endurskoða þessi lög, vinna upp verkið aftur og koma með einhverjar þær till. til úrlausnar í þessum málum, sem mættu verða að einhverju gagni, en ekki frv. í því formi, sem þetta frv. er t. d. í, sem felur raunverulega ekki í sér neina breyt. frá gildandi l., sem að neinu gagni mætti verða, því að þessi hámarkslán, 300 þús. á íbúð, breyta auðvitað engu frá gildandi lögum. Í gildandi l. um verkamannabústaði voru ekki nein ákvæði, sem hömluðu gegn því, að einstök lán kynnu að verða 300 þús. kr. Það var fyllilega heimilt að veita mönnum 300 þús. kr. lán, jafnvel enn þá hærra lán en það. En ástæðan til þess, að það var ekki gert, var einfaldlega sú, að það var ekki fé til þess að lána út svo há lán, og meðan tekjur sjóðsins eru ekki auknar neitt sem heitið getur, þá er ekki frekar aðstaða til þess að hækka lánin en áður var.

Það voru auðvitað ýmsar leiðir til þess að bæta úr fjárhag þessa byggingarsjóðs — byggingarsjóðs verkamanna. Í fyrsta lagi hefði auðvitað verið mjög eðlilegt, svipað eins og með byggingarsjóð ríkisins, að þessi byggingarsjóður hefði fengið árlega fyrir milligöngu ríkisstj. lánað hjá Seðlabankanum nokkurn hluta af sparifjármynduninni í landinu, því að það er sanngjarnt og eðlilegt, að hluti af sparifjármynduninni í landinu gangi til íbúðabygginga. Í öðru lagi hefði líka verið eðlilegt að ætla þessum sjóði einhvern nýjan tekjustofn — árlegan tekjustofn. Ýmislegt gat þar vitanlega komið til greina. Ég álít til dæmis, að það hefði ekki verið óeðlilegt, að einhver hluti af þeim háu sölusköttum, sem núverandi ríkisstj. hefur lagt á, hefði t. d. runnið í byggingarsjóð verkamanna. Það hefði líka mátt hugsa sér það, að þessi sjóður hefði fengið tekjur á þann hátt, að einhver lítill hluti, einhver lág prósenta hefði verið ákveðin af öllum innfluttum vörum til landsins og sjóðnum fengið slíkt sem tekjur á hverju ári um nokkurt tímabil. En það er enginn vafi á því, að sjóðurinn þarf að fá nýja tekjustofna, m. a. til þess að hann geti tekið á sig vaxtamismun, sem hætt er við að á hann kunni að falla vegna lántöku úr hinu almenna bankakerfi. Og þá er auðvitað enginn vafi á því, að það hefðu verið möguleikar fyrir milligöngu ríkisins að útvega þessum sjóði talsvert verulegt lán úr atvinnuleysistryggingasjóði, sem er orðinn öflugur sjóður og verkalýðssamtökin í landinu eiga, því að hann er byggður upp af peningum, sem áttu að vera raunverulegur hluti af kaupi verkamanna. Og það er enginn vafi á því, að það hefðu verið möguleikar á því að semja um það, að sá sjóður hefði látið allverulega fjárfúlgu á hverju ári um nokkurt tímabil sem lán til langs tíma til byggingarsjóðs verkamanna með mjög lágum vöxtum. Ég hefði talið ekki óeðlilegt, að sá sjóður legði fram einar 30—40 millj. kr. á ári til þessa byggingarkerfis, til þess m. a. að gera það kleift, að hægt væri að lána úr byggingarsjóði verkamanna hagstæð lán, einmitt til þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. En það hefði líka verið mjög eðlilegt að breyta l. um verkamannabústaði þannig, að þau hefðu verið alveg ótvírætt þannig uppbyggð, að meðlimir verkalýðsfélaganna hefðu fyrst og fremst átt rétt til lána úr sjóðnum og að yfirstjórnin á þessum byggingarsjóði hefði þá fyrst og fremst verið í höndum verkalýðssamtakanna. Og þá efast ég ekkert um það, að þessi stóri og mikli sjóður, atvinnuleysistryggingasjóður, hefði fallizt á að veita þessu byggingarkerfi allveruleg lán með hagstæðum kjörum, því að það hefði auðvitað jafngilt beinum kjarabótum fyrir hina lægst launuðu í landinu, hefðu þeir átt kost á því að fá lán, sem nema allt að 90% af raunverulegum byggingarkostnaði íbúðar, til langs tíma og með lágum vaxtakjörum eða á svipuðum grundvelli og gert var ráð fyrir í upphafi í reglunum um verkamannabústaði og eins og þau lög voru fyrst framan af framkvæmd. Þá var gert ráð fyrir því, að vextir af lánum sjóðsins væru aðeins í kringum 2%, og lánin voru þá veitt til 42 ára. Slík lán gera ekki mönnum það ókleift að standa undir afborgunum og vöxtum og öðrum gjöldum af meðalíbúð, en það virðist ekki vera, að neitt slíkt hafi vakað fyrir þeim, sem endurskoðuðu l. að þessu sinni, að skipa þessum málum á þessa lund.

Ég vil við þessa umr. mótmæla því, að svona skuli vera staðið að málunum. Ég tel það mjög ósæmilegt og þó allra ósæmilegast, ef það er meining hæstv. ríkisstj. að skilja við málið á þann hátt, sem það lítur út nú, því að það getur ekki þýtt neitt annað en að vekja tálvonir og valda blekkingum.

Það sjá auðvitað allir menn, að þó að tekjur þessa sjóðs samkv. þessum framlögum, sem gert er ráð fyrir í lögunum, verði í kringum 10—11 millj. kr. á ári, þá er hann alls ómegnugur til þess að standa undir því verkefni, sem honum er ætlað að sinna. En ef til vill vill hæstv. ríkisstj. segja, að þó að ekkert sé um það ákveðið í l. að útvegað verði fjármagn til sjóðsins, þá muni hún eigi að síður reyna að útvega sjóðnum fjármagn, svo að hann geti haft þá starfsemi með höndum, sem l. gera ráð fyrir. En þá væri vitanlega eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. skýrði frá því, hvers er að vænta í þeim efnum, því að lög hefur hún haft að undanförnu um verkamannabústaði, sem gert hefðu það kleift á allan hátt að hækka lánin og koma lánunum til hinna lægst launuðu, samkv. lögunum óbreyttum eins og þau voru, ef aðeins hún hefði útvegað byggingarsjóði verkamanna aukið fjármagn. Það þurfti í rauninni ekkert að gera annað en það,

og því er sú endurskoðun, sem felst í þessu frv., í rauninni harla lítils virði.

Þetta sýndi sig alveg greinilega í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar nýtt líf færðist í þetta byggingarkerfi, að þar þurfti ekki annað til en að útvega sjóðnum nokkurt nýtt fjármagn. Þá var hægt að veita miklu fleiri lán en áður höfðu verið veitt, og þá var hægt að hefja byggingar á vegum sjóðsins á miklu fleiri stöðum en áður hafði þekkzt.

Ég skal ekki ræða um þetta mál lengur nú að sinni, enda er langt liðið á nóttu, og það virðist vera, að hæstv. ríkisstj. telji það í fullu samræmi við þetta mál, að þreyta hér umr. um það langt fram eftir nóttu, en ætla því ekki neinn umræðutíma á eðlilegum fundartíma að degi til. En ég tel nú hins vegar, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé svo stórt eða um svo þýðingarmikið málefni að ræða, þó að þetta frv. leysi ekki vandann á neinn hátt, að þá hefði verið full ástæða til þess, að það yrði rætt hér á venjulegum fundartíma og á þeim tíma, sem þm. almennt geta hlýtt á umr. um málið, og tekið á því á allt annan hátt en tekið er á því samkv. þessu frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 603,1 felld með 19:10 atkv.

3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 558,1 felld með 16:15 atkv.

— 603,2 kom ekki til atkv.

4. gr. samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, JóhH, JR, MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, RH.

nei: EðS, EOl, GJóh, HV, LJós.

EystJ, GíslG, HÁ, IG, JSk, KGuðj, SkG, ÞÞ, BFB, BP greiddu ekki atkv.

5 þm. (GeirG, HS, JP, AGb, ÁÞ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 558,2 felld með 19:14 atkv.

6.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 497, 668).

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 668 þá brtt. við 3. tölulið 3. gr., að Seðlabanki Íslands skuli tryggja byggingarsjóði verkamannabústaða 15 millj. kr. lán árlega með hagkvæmum vöxtum næstu 5 árin, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

Ástæður mínar fyrir þessari till. eru í stuttu máli þessar: Ef sjóðurinn fær þær tekjur, sem gert er ráð fyrir í 1. og 2. málslið 3. gr., þá eru þær áætlaðar í grg. frv. minnstar 20 millj. og mestar 30 millj. á ári. Mér sýnist, að ef þetta fé innheimtist þannig, þá yrði hægt að lána árlega til 65—100 verkamannabústaða, ef miðað er við það, að hvert lán verði í kringum 300 þús. kr., eins og gera má ráð fyrir. Ég álít, að þetta sé ekki nægilegt og það þurfi að gera ráðstafanir til að tryggja það, að hægt verði að byggja eitthvað fleiri verkamannabústaði en þetta. Þess vegna flyt ég þessa brtt. um, að sjóðnum skuli a. m. k. tryggt árlega 15 millj. kr. lán næstu fimm árin, en það mundi þýða, að það yrði þó alltaf hægt að byggja 50 verkamannabústöðum fleira árlega. Meira er nú ekki farið fram á en þetta.

Ég hygg, að hv. þm. sjái, að hér er mjög hóflega í sakirnar farið og það sé ekki rétt að gera ráð fyrir, að byggðir verði færri en 100—150 verkamannabústaðir árlega. En til þess að svo verði, er samþykkt svipaðrar till. og ég flyt nauðsynleg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 668 felld með 18:14 atkv.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

44. Hæstiréttur.

Á 15. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Hæstarétt Íslands [77. mál] (stjfrv., A. 99).

Á 18. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., er það samið af dómurum hæstaréttar og Theódóri B. Líndal prófessor eftir tilmælum Bjarna Benediktssonar forsrh. og fyrrv. dómsmrh. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er sú, að nauðsyn hefur þótt til bera að endurskoða nokkur ákvæði eldri laganna um hæstarétt og breyta þeim með hliðsjón af fenginni reynslu, og má segja, að það sé að verulegu leyti að því stefnt að gera öruggari málsmeðferðina fyrir hæstarétti að ýmsu leyti. Það á við í sambandi við reglurnar um áfrýjun til hæstaréttar. Það hefur þótt nokkuð bera á því, að það safnaðist of mikið af smámálum fyrir réttinn, og eru þess vegna hækkaðar kröfurnar. Þegar um fjárkröfur er að ræða, kröfur einkaréttareðlis, þá er, eins og segir í athugasemdunum við 3. gr., hækkuð í 5 þús. kr. sú krafa. Hún má ekki vera undir því, til þess að henni verði áfrýjað til

hæstaréttar, og þó er þarna farið, eins og vikið er að, allmiklu lægra eða gerðar minni kröfur en í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku. Einnig er að því stefnt, eins og vikið er að sérstaklega í grg. og þeir, sem sömdu frv., telja **höfuðnýmæli frv., sem er í 32. gr.**, að gera, ef svo mætti segja, öruggari málsmeðferðina, þó einkum og sér í lagi varðandi undirbúninginn, áður en málin koma fyrir í hæstarétti, en reynslan hefur sýnt, að það vill verða allmikið af frestum, bæði áður en mál eru tekin til flutnings og undir málflutningnum og kannske að honum loknum, af þeim sökum, að það skorti á öflun gagna. Því eru gerðar ríkari kröfur en áður, að gerð sé grein fyrir meginatriðum, sem máli skipti, í málflutningnum, á hverjum höfuðsjónarmiðum málflytjandinn ætli að byggja sínar kröfur, bæði lagaákvæðum og öðrum atriðum eða lagakenningum o. s. frv. Það er að vísu svo, að það er ekki fullt samkomulag um þetta atriði á milli þeirra, sem stóðu að samningu frv. Theódór Líndal gerir sérstaklega grein fyrir sinni afstöðu, en hún er byggð á því, að hann virðist óttast það nokkuð, að þessar auknu kröfur, sem gerðar eru um það að leggja fram nánari skriflegar skýrslur eða greinargerð um málið en áður, dragi úr gildi hins munnlega málflutnings, sem þó er eitt aðalatriðið í löggjöfinni, og þess vegna hefur hann fyrirvara um 6. tölulið 32. gr., þar sem segir: „Lög þau, sem aðili hyggst vitna til, svo og þau lagarök, er aðili vill bera fyrir sig, með tilvísun til dóma og fræðikenninga.“ Það á hann að taka fram eða semja um gagnorða greinargerð. Ágripi samkv. 30. gr. á að fylgja gagnorð grg. um ýmis atriði, eins og talið er upp í þessari grein, en í síðasta töluliðnum eru þessi sérstöku atriði, sem ég vitnaði til.

Það er, held ég, ekki ástæða til að fylgja málinu úr hlaði með fleiri orðum, en hins vegar verður að víkja að því, sem bent er á, að þetta frv. er miðað við, að frv. til l. um meðferð einkamála í héraði, sem áður hefur verið lagt fyrir þessa hv. d., verði að lögum eigi síðar en þetta frv., og af þeim sökum verður að gera ráð fyrir, að þau verði að fylgjast að í meðferð málsins, eða að minnsta kosti þegar kemur að afgreiðslu þessara mála í d., eins og augljóst er af efni hvors tveggja frumvarpanna.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 99, n. 522, 523).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um Hæstarétt Íslands hefur verið alllengi til athugunar hjá allshn., og leggur n. á þskj. 77 fram allmargar brtt. við frv., en eins og í nál. n. segir, er það sameiginleg tillaga n., að frv. verði samþ. með þessum brtt., auk þess sem einstakir nm. hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur, ef þeir teldu þörf á frekari breyt. eða ef fram kæmu brtt. við umr. málsins, sem þeir teldu til bóta.

Ég skal ekki eyða tíma hv. d. í að rekja málið sjálft. Það var gert á sínum tíma af hæstv. dómsmrh., er hann gerði grein fyrir ástæðum þess, að lögin um hæstarétt voru tekin til endurskoðunar, og að þessari endurskoðun hafa unnið dómarar hæstaréttar og Theódór B. Líndal prófessor, þannig að hinir færustu menn hafa að þessu máli unnið.

Það hefur einnig verið tekið til meðferðar í hv. þd. frv. til nýrra einkamálalaga, en það frv. er mjög mikill bálkur og við nánari athugun þess máls þykir sýnt, að ekki verði auðið að afgr. það mál hér á þessu þingi, vegna þess að þar eru margvísleg atriði, sem nokkur ágreiningur er um og þurfa nánari athugunar við, og er því ekki að vænta, að tími vinnist til að afgr. það mál. Ég vík að þessu hér vegna þess, að till. allshn. um breyt. á frv. um hæstarétt eru að nokkru leyti fram komnar með hliðsjón af því, að ný einkamálalöggjöf nái ekki fram að ganga á þessu þingi, því að það var einmitt gert ráð fyrir því í frv. sjálfu um hæstarétt, að sú löggjöf yrði afgr. samtímis, og þar sem svo verður ekki, þá leiðir af eðli málsins, að það verður að gera af þeim ástæðum ýmsar breyt. á hæstaréttarfrv.

Ég skal með fáum orðum víkja að þeim brtt., sem n. flytur við frv., án þess að fara að ræða það ýtarlega, því að flest af því eru tæknileg og lögfræðileg atriði, sem eru svo faglegs eðlis, að ég geri naumast ráð fyrir, að hv. þm. kæri sig um, að farið sé út í einstök atriði í þeim efnum, heldur láta mér aðeins nægja að gera grein fyrir orsökum þess í meginatriðum, að þessar brtt. eru fluttar.

Það er lagt til að gera nokkra breyt. við 8. gr. frv. Er það aðallega um það að setja nánari skýringu varðandi laun hæstaréttarritara, og er gert ráð fyrir, að með hliðsjón af þeirri reynslu, sem sá maður hefur í starfi hverju sinni, verði heimilt að framkvæma nokkurn tilflutning milli launaflokka innan þess ramma, sem ákveðinn er í gr. Það þykir hins vegar sjálfsagt að hafa þá heimild til flutnings takmarkaða mjög og afmarkaða við þá launaflokka, sem hér greinir.

Í nokkrum greinum hefur verið lagt til í frv. um hæstarétt, eins og það liggur fyrir, svo sem í 16. gr. um áfrýjunarleyfi, og raunar kemur það víðar fyrir í frv., að þar hefur það vald verið fært frá dómsmrn. yfir til hæstaréttar. Það er skoðun n., að í ýmsum þessum tilfellum sé slíkur flutningur ekki eðlilegur, og því er í nokkrum tilfellum lagt til, að þessu verði aftur breytt í fyrra horf, að það verði dómsmrh., sem hafi það vald með höndum.

Þá er í frv. í 20. gr. lagt til, að það sé styttur frestur, sem verði að veita áfrýjunarleyfi innan, þ. e. a. s. í frv. er gert ráð fyrir, að það verði innan fjögurra mánaða. N. þykir ekki ástæða til efnislega að gera á þessu breyt. frá

því, sem áður var, aðeins skapa þannig rugling, og því leggur hún til, að fyrra ákvæði um það gildi, 6 mánuðir.

4. brtt., við 25. gr. frv., sem er alllöng, byggist á því, sem ég áðan vék að, að þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í einkamálalöggjafarfrv., verða ekki lögfestar á þessu þingi, og af því leiðir, að ekki er aðeins vísað til laganna um það, eins og gert er í frv., heldur eru tekin inn bein ákvæði varðandi það efni, sem hér um ræðir, og allir þessir töluliðir og stafliðir eru settir inn vegna þess, að það er óumflýjanlegt, með hliðsjón af því, að hitt frv. verður ekki afgreitt.

Þá er 5. brtt. með öllum undirliðum, þar sem lagt er til að taka inn í frv. allmargar nýjar greinar. Allar þessar breyt. byggjast á því, að einkamálalöggjafarfrv. verður ekki afgr. í því formi, sem það hefur verið lagt fram nú, og af þessum sökum þarf af formlegum ástæðum að taka hér inn þessi ákvæði öll, til þess að frv. um hæstarétt, eins og það er hugsað, og öll uppbygging þessarar löggjafar komi að fullu haldi, ef það mál verður afgr. hér á hinu háa Alþ. eitt út af fyrir sig.

Ég tel ekki ástæðu til, nema frekara tilefni gefist til, að rekja þetta í einstökum atriðum. Þetta eru allt tæknileg atriði, sem hér er um að ræða.

Það er allveigamikil breyt. frá gildandi l., sem lagt er til í 32. gr. frv. að gerð verði, og er þar um að ræða víðtæka breyt. frá því, sem tíðkazt hefur um málflutning fyrir hæstarétti eða undirbúning mála þar. Þetta mál hefur verið allmikið athugað, og Lögmannafélagið hefur lagzt mjög gegn því, að þessi breyt. yrði gerð, og talið, að með því móti væri í rauninni burt fallinn grundvöllur undir munnlegum málflutningi fyrir hæstarétti, en munnlegur málflutningur er, sem menn vita, meginregla í íslenzku réttarfari nú, og n. hefur talið rétt að fallast á þetta sjónarmið og leggur því til, að tveir síðustu málsl. 32. gr. verði niður felldir.

Síðasta breyt., sem hér er um að ræða, sú 9., er algerlega formlegs eðlis með hliðsjón af öðrum breyt., en 8. brtt. er einnig mjög smávægileg og aðeins til þess, að eðlileg merking fáist út úr þeirri setningu, sem þar um ræðir, en ekki um efnislega breytingu að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema frekari tilefni gefist til, að vera að ræða þetta mál í einstökum atriðum. Það er ekki óeðlilegt, að sett séu ný lög um hæstarétt, því að hæstaréttarlögin eru orðin gömul, og því eðlilegt, að reynslan hafi sýnt, að ýmsa nýja starfshætti kunni að verða að taka þar upp. Það er sem sagt sameiginleg till. n., að frv. verði afgr. með þeim breyt., sem n. leggur til að gerðar verði á þskj. 523.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,1 (ný 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

9.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

17.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 523,4 samþ. með 15 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 523,5 (12 nýjar gr., verða 22.—33. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

22.—28. gr. (verða 34.—40. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,6 samþ. með 14 shlj. atkv.

29. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

30.—31. gr. (verða 42.—43. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 523,7 samþ. með 12 shlj. atkv.

32. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

33.—36. gr. (verða 45.—48. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,8 samþ. með 15 shlj. atkv.

37. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

38.—48. gr. (verða 50.—60. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 523,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

49. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 555).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv., eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed., útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Lögin um hæstarétt hafa að meginstofni til verið óbreytt, frá því að hæstiréttur var fyrst settur hér eftir setningu sambandslaganna fyrir rúmum 40 árum. Það þótti því tímabært að endurskoða hæstaréttarlögin og færa þau til samræmis við breytta starfshætti, sem komizt hafa á að sumu leyti, og breyttar réttarreglur, að svo miklu leyti sem þær eru fyrir hendi, og fór sú endurskoðun fram í haust. Þá var að vísu gert ráð fyrir, að samþ. yrði frv. til laga um breyt. á einkamálalögunum, sem liggur fyrir hv. Ed., en mun fyrirsjáanlega ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna var sá háttur nú tekinn, að hæstaréttarlagafrv. var breytt á þann veg, að það getur staðizt alveg án tillits til þess, hvað um einkamálalagafrv. verður, og var hnigið að þessu ráði vegna þess, að mönnum þótti, að ýmsar, að vísu minni háttar breyt. á l. um hæstarétt, mættu ekki dragast, þangað til sýnt yrði, hvað

yrði um einkamálalagabreytinguna, sem er annað og miklu umdeildara mál.

Nefnd í Ed. hefur haft þetta mál lengi til meðferðar og bar síðan fram brtt. í samráði við dómsmrn. og hæstaréttardómara, sem höfðu ásamt Theódór Líndal unnið að endurskoðun laganna. Hygg ég, að ekki geti verið ágreiningur um, þótt hér sé ekki um neinar stórfelldar breyt. að ræða í þessu frv., að þær horfi til góðs. Þær eru nánast leiðréttingar, sem nauðsynlegar eru orðnar vegna breyttra aðstæðna nú og kringum 1920.

Ég vonast þess vegna til, að þetta frv. mæti velvild og skilningi, verði ekki til ágreinings hér í d. Leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 621 og 631).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur farið yfir frv. til l. um Hæstarétt Íslands á þskj. 77, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. Hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Hv. 11. landsk. þm. (GJóh) leggur hins vegar til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og skilar séráliti um það. Þegar málið var afgr. í n., var hv. 8. landsk. þm. fjarverandi.

Frv. þetta hefur gengið í gegnum hv. Ed., þar sem gerðar voru á því talsverðar breytingar. Það er samið af dómurum hæstaréttar ásamt Theódór Líndal prófessor eftir tilmælum hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, og felur það í sér nokkrar breyt. á gildandi l. um hæstarétt. Þau voru upphaflega sett árið 1919, en árið 1935 voru samþ. á Alþ. ný lög um hæstarétt. Fólust í þeim l. talsverðar breyt. á eldri l., sem byggðar voru á breyttum aðstæðum og á fenginni reynslu frá því að fyrstu lögin um hæstarétt voru sett.

Nákvæmlega hið sama má segja um þær breyt. og viðauka, sem í frv. þessu er lagt til að gerðar verði á l. frá 1935. Þær eru byggðar á breyttum aðstæðum frá árinu 1935 og á fenginni reynslu af þeim göllum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd á gildandi lögum.

Nýmæli í frv. eru nokkur, og mun ég nú víkja örfáum orðum að þeim helztu, sem ég hef komið auga á.

Það er nýmæli í 1. gr. frv., að hæstarétt megi setja utan Reykjavíkur, þegar sérstaklega stendur á. Það er einnig nýmæli í 2. gr. frv., að varaforseti réttarins skuli kjörinn til sama tíma og forseti. — Enn fremur er það nýmæli í 13. gr. frv., að áfrýjunarfjárhæð kröfu í einkamálum skuli vera a. m. k. 5 þús. kr. í stað 50 kr. í gildandi l. Samkv. 16. gr. frv. má hæstiréttur þó leyfa áfrýjun mála um lægri upphæð, ef sérstaklega stendur á.

Enn er það nýmæli í 13. gr. frv., að ekki verður ákvörðun héraðsdóms um kostnað af máli áfrýjað sérstaklega, nema málinu öllu, sem kostnaðurinn er sprottinn af, sé einnig áfrýjað, en samkv. gildandi l. má áfrýja ákvörðun héraðsdóms um málkostnað einni saman.

Þá er það enn fremur nýmæli í frv., að afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verði ekki gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

Í 32. gr. frv., sem nú er orðin 44. gr. eftir meðferð Ed. á frv., eru settar ýtarlegar og nákvæmar reglur um útlistun og reifun málsefnis fyrir hæstarétti. Mun ég ekki rekja þessar reglur hér, en telja verður, að þessi meðferð sé til hagsbóta öllum þeim, sem starfa að dómsmálum.

Í Ed. var bætt inn í frv. 12 nýjum gr., sem allar snerta kæru dómsathafnar til hæstaréttar, einnig var nokkuð aukið við 21. gr. frv., sem varðar sama efni.

Meðan frv. var fyrir hv. Ed., barst bréf frá Lögmannafélagi Íslands. Var í bréfinu aðallega fundið að efni 32. gr. frv., sem nú er orðin 44. gr., eins og ég áður gat um, og látinn í ljós ótti um, að hinar ströngu reglur um málsútlistun fyrir hæstarétti mundu leiða til tvíflutnings mála fyrir hæstarétti og skapa málflytjendum ýmis óþægindi. Fyrir tilmæli forráðamanna Lögmannafélagsins voru felld niður í Ed. þau ákvæði þessarar gr. frv., sem þeir voru óánægðastir með, og veit ég ekki annað en að þeir sætti sig nú við hin nýju ákvæði frv.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara að sinni fleiri orðum um málið, en eins og ég í upphafi gat um, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. um Hæstarétt Íslands var flutt í Ed. af hæstv. dómsmrh. Allshn. Ed. bar fram allmargar brtt. við frv. Voru þær samþ. Með samþykktum þeirra hefur frv. tekið allmiklum breyt. frá því, sem það var, þegar það var lagt fram. M. a. hefur verið bætt inn í frv. 12 nýjum gr., eins og hv. frsm. gat um, og greinatalan hefur breytzt í samræmi við það.

Á þeim eina fundi, sem allshn. Nd. hélt um frv., var hvorki frv. sjálft, eins og það var lagt fram af hæstv. dómsmrh., né þær breyt., sem á því voru gerðar í Ed., ræddar að neinu ráði. Það er í sjálfu sér rétt, að svo framarlega sem frv. á að ná fram að ganga á þessu þingi, var naumur tími til þess að athuga það eins gaumgæfilega og þurft hefði. Þessu frv. fylgja a. m. k. tvö önnur frv., en þau eru frv. til l. um breyt. á l. um málflytjendur, sem hér var tekið fyrir áðan í hv. d., og frv. til l. um meðferð einkamála í héraði. Auk þess var svo í vetur afgr. frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Við umr. um það mál hér í hv. d. varð ekki betur skilið en að búast mætti við því, að öll þessi frv. yrðu afgr. nú á þessu þingi, enda er það mála sannast, að þau grípa að meira eða minna leyti hvert inn í annað.

Nú hafa þessi mál skipazt þannig, eftir því sem bezt verður vitað, að frv. um málflytjendur mun eiga að samþykkjast hér á þessu yfir-

standandi þingi, en frv. um meðferð einkamála í héraði hefur mætt svo mikilli andstöðu af hendi Lögmannafélags Íslands og fleiri aðila, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að halda því til streitu. Ég hef rætt um það frv. ásamt hinum frv. við nokkra meðlimi Lögmannafélagsins og fleiri aðila. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef þar fengið, hef ég sannfærzt um það, að við frv. um meðferð einkamála í héraði er margt að athuga og nauðsynlegt, að á því verði gerðar allvíðtækar breyt., áður en það yrði að lögum.

Á fundinum í allshn. spurðist ég fyrir um það, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um það, að frv. um hæstarétt yrði vísað til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar, m. a. af þeim ástæðum, að nokkuð víst mætti teljast, að frv. um meðferð einkamála í héraði mundi ekki verða afgr. á þessu þingi. Gengið út frá því sæi ég ekki neina sérstaka ástæðu til þess, að frv. um hæstarétt næði fram að ganga á þessu þingi. Um þetta náðist ekki samkomulag, og klofnaði n. um afgreiðslu frv.

Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en ég legg til sem aðaltill., að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá. Til vara hef ég leyft mér að flytja nokkrar brtt. við frv. Flestar þeirra eru í samræmi við ábendingar, sem fram komu í áliti Lögmannafélagsins, en það lá fyrir n. Þetta álit hef ég leyft mér að birta sem fskj. með nál. mínu. Ég hef haft samráð við nokkra meðlimi þessa félags og reyndar fleiri aðila um tillögurnar, og eru þeir, eftir því sem ég bezt veit, þeim samþykkir og telja þær til bóta. Brtt. mínar eru þá eftirfarandi.

Það er við 5. gr., að í stað „30" í 3. tölul. komi: 35. Rétt virðist, að hæstaréttardómarar hafi öðlazt þá mannþekkingu, reynslu og þroska, er fylgir 35 ára aldri, enda eru miklar kröfur gerðar til manna, sem hljóta þessi virðulegu embætti, og verður að telja, að þroski manna á árunum frá 30—35 ára hafi vaxið allmikið, enda eru miklar kröfur gerðar til þeirra manna, sem skipaðir eru sem dómarar í hæstarétti.

Þá er, að á eftir 7. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því: „Hæstaréttardómurum er bannað að taka að sér launuð aukastörf. Þó mega þeir taka ritlaun fyrir að semja lögfræðirit". Þessi nýja gr. verður þá 8. gr. Það hefur viljað við brenna, svo að notað sé orðalag aths. frv., að hæstaréttardómarar taki að sér að vera yfirmatsmenn, gerðardómsmenn, frumvarpssemjendur, álitsgerðarmenn o. s. frv., oft og einatt fyrir ríkisstj. gegn sæmilegri þóknun. Þá hafa þeir og auglýst sig sem skiptaforstjóra í dánarbúum. Eru laun fyrir slík störf vitanlega drjúgar tekjur. En vitaskuld rýrir slíkt og þvílíkt það traust, er nauðsyn ber til að borið sé til dómara í æðsta dómstóli landsins. En þegar ríkisstj. stendur í að útvega dómurum slíkar aukatekjur, er hlutleysi dómaranna í málum ríkisstj. ekki jafnöruggt og tvímælalaust sem ella væri.

Sjálfsagt er, að dómarar víki sæti, er svo er ástatt, sbr. 6. gr. frv. 5. tölul. Verður þá að setja setudómara í hæstarétti á ríkisins kostnað.

En það er ekki eini agnúinn á þessari skipan mála, heldur hitt, að þá eiga aukadómendur e. t. v. að fjalla um lögmæti verks hinna föstu dómara. Hætt er við, að aukadómarar mundu hika við að gagnrýna störf hæstaréttardómaranna, ef því væri að skipta, og er það mannlegt, svo mikið vald sem hæstarétti er fengið í litlu þjóðfélagi.

Þá er 3. brtt., að í staðinn fyrir „5000 krónur" komi: 3000 kr. Fátækir menn með smáar kröfur eiga einnig að fá að leita réttar síns. Slíkt eru almenn mannréttindi. En ekki tjáir að bera saman áfrýjunarfjárhæð hér og í Danmörku, eins og gert er, því að þar eru tveir þriggja manna landsdómar, er svara til eins manns héraðsdóms hér á landi, en eðlilegt má telja, að mönnum falli þungt að una eins manns dómi.

Þá er 4. brtt. mín við 15. gr., að í stað „hæstiréttur" komi: ráðherra. Ekki virðist ástæða til að láta hæstarétt þurfa að skipta sér af mati og áfrýjunarfjárhæð, enda hefur 16. gr. frv. verið breytt í sömu átt. Virðist rétt að hafa samræmi milli þessara lagaákvæða.

Og 5. brtt. er við 21. gr. Það er, að liðurinn falli burt. Það verður ekki séð, að nokkur frambærileg ástæða sé til að breyta 40 ára venju um annað eins smáatriði og þetta. Breyt. virðist því eiga fullan rétt á sér.

Þá er það við 34. gr., orðið „fyrsta" í 4. mgr. verði: síðasta. — Og við 40. gr. er 7. brtt., að á eftir orðunum „og flytur mál sitt" komi: skriflega. — Ótækt virðist að flytja mál munnlega, þegar enginn er til andsvara, enda hefur það aldrei átt sér stað hér á landi.

Þá er það 8. brtt. Hún er við 41. gr., að í staðinn fyrir „fjögurra" komi: sex. Afgreiðsla dómsmála dregst oft mánuðum saman og fjölritun ágripa tekur langan tíma eftir reynslunni, og virðist því sá tími sízt of langur.

En þá er það brtt. við 44. gr., að gr. falli burt og breytist greinatalan samkvæmt því. Það virðist a. m. k. ekki mikil ástæða til slíkrar greinargerðar fyrir hæstarétti eftir ýtarlegar greinargerðir í héraði. Um þetta atriði segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í bréfi frá Lögmannafélagi Íslands: „Ýmis verk eru falin hæstarétti í þessu frv., er aðrir hafa áður annazt, svo sem áfrýjunarleyfi samkv. 15.—16. gr. frv., umsögn samkv. 20. gr. og endurupptaka að gengnum hæstaréttardómi. Virðist oss réttara að halda þeirri reglu, er verið hefur, að hæstiréttur þurfi ekki að fást við slíka hluti. Áfrýjunarupphæð hefur verið hækkuð úr 50 kr. í 5 þús. Við teljum slíkt of stórt stökk, enda ber að hafa í huga, þegar dómstig eru aðeins tvö, að varhugavert er að takmarka áfrýjunarrétt svo mjög, enda eru málaferli oft og einatt ekki fjáröflun, heldur liggur meira við en fjármunir einir. Frv. gerir ráð fyrir breytingum á gildandi skipulagi, án þess að séð verði, að nauðsyn beri til. Má nefna í því sambandi styttingu frests til áfrýjunarleyfis úr 6 í 4 mánuði samkv. 20. gr., þingfestingu máls á fyrsta þingdegi þess mánaðar, er til er stefnt, í stað þess síðasta, eins og tíðkazt hefur. Tradisjónir í þessu þjóðfélagi eru ekki svo margar, að ástæða sé til að afnema þær, ef ekkert heldur til slíks. Eigi virðist ástæða til munn-

legs málflutnings, ef stefndur sækir eigi þing, sbr. 28. og 36. gr.“

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þessa grein, en sem sagt: ég legg til í mínum brtt., að hún verði felld burt.

Við 47. gr. legg ég til, að orðin „og 44.“ falli burt. Það er í samræmi við það, sem á undan er gengið. Og á eftir orðunum „skriflegan málflutning“ komi: ef sérstaklega er ástatt.

Við 56. gr. er brtt. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Leggja skal berum orðum dóm á hverja þá málsástæðu, sem fram er borin.“ Ótækt virðist, að dómarar hæstaréttar séu eins og véfréttir eða einhliða málflutningur, slíkt rýrir það traust, er nauðsyn ber til að dómarar í æðsta dómstóli þjóðarinnar njóti, enda er svipuð regla lögmæt í mörgum mestu menningarlöndum heims.

Og þá er að lokum síðasta breyt. Það er við 59. gr., að í stað „hæstaréttar“ komi: ráðherra. — Það er í samræmi við aðrar brtt., sem ég hef hér lýst.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessar brtt. Þær eru fram fluttar og um þær hef ég haft samráð við lögfræðinga, sem telja, að þær séu til mikilla bóta frá því, sem frv. er nú, þrátt fyrir það, þó að þeir hafi viðurkennt og flestir muni viðurkenna, að þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., séu flestar eða allar til bóta. En þar sem, eins og ég gat um áðan, frv. um meðferð einkamála í héraði mun ekki hljóta afgreiðslu á þessu þingi, sé ég ekki neina sérstaka ástæðu til að mæla með því, að frv. um Hæstarétt Íslands nái nú fram að ganga. Samkv. því legg ég til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Með því að sýnt er, að frv. til l. um meðferð einkamála í héraði nær eigi fram að ganga á þessu þingi, og þar eð lög um hæstarétt hljóta jafnan að miðast við þau í veigamiklum atriðum, ákveður d. að fjalla eigi frekar um þetta frv. að sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Og til vara hef ég leyft mér að flytja þær brtt. við frv., sem ég hef hér lýst, svo framarlega sem rökst. dagskráin verður felld. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um brtt.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég hef veitt því athygli, að það er sérstaklega tekið fram í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, af þeim, sem frv. leggja fram og að samningu þess hafa staðið, að við það sé miðað, að þetta frv. nái því aðeins fram að ganga, að annað tiltekið frv., sem vitnað er í að *einnig muni* verða lagt fyrir Alþ., fylgist að með þessu frv.

Ég tek líka eftir því, að í einni umsögn, sem barst þeirri hv. n., sem hefur haft með mal þetta að gera, er alveg sérstaklega á þetta minnzt, og það er í umsögn Lögmannafélags Íslands, en í þeirri umsögn er einmitt alveg sérstaklega undirstrikað, að þeir aðilar telja, að þessi frv. tvö eigi svo mikið saman, að það sé varla eðlilegt, að annað nái fram að ganga, ef hitt sé látið eftir liggja. Þegar mál ber að með þessum hætti, sem sagt að þeir, sem að flutningi málsins stóðu, höfðu gert þessa grein fyrir málinu, sýnist mér ekki óeðlilegt að fara fram á það, að sá hæstv. ráðh., sem hér á hlut að máli, geri grein fyrir því hér í umr., hvort hann heldur sér við þá skoðun, sem fram kemur í grg. frv., að það sé eðlilegt eða nauðsynlegt, að þessi tvö mál fylgist hér að, eða hvort hann er nú á þeirri skoðun, að hægt sé með góðu móti að samþ. annað málið, þó að hitt sé látið liggja eftir, og hvort hann er þá á annarri skoðun en fram kemur í umsögn Lögmannafélags Íslands. Ég skal játa það, að ég er lítt kunnugur þessum málum og ætla mér ekki að kveða hér upp neinn dóm um það, hvort tiltækilegt sé að samþykkja frv. um hæstarétt, eins og það liggur hér fyrir, þó að hitt frv. sé látið liggja. En ég vek athygli á því, að svona hefur þetta borið hér að, og þó hefur frsm. hv. meiri hl. í n. ekki séð ástæðu til þess að gera neina grein fyrir þessu. Þetta tel ég heldur laklega unnið og þm. boðið upp á afgreiðslu, sem er ekki að öllu leyti sæmandi.

Það er einnig greinilegt í umsögn Lögmannafélagsins, að þar koma fram ýmsar aths. við þetta frv., en þar álít ég að tali sá aðili í þessu máli, að það sé ekki heldur til of mikils mælzt, þó að það komi fram í grg. þeirrar n., sem skýrir frá athugunum sínum á málinu, eða þá frá hæstv. ráðh., hver afstaða þeirra er til þessara aths., sem hér koma fram frá Lögmannafélagi Íslands. Ég skal taka það fram, eins og í hinu fyrra tilfellinu, að ég er persónulega það lítt dómbær um þessi efni, að ég ætla mér ekki að kveða hér upp neinn dóm. En ég kysi gjarnan að heyra grg. þessara aðila, sem hafa haft aðstöðu til þess að kynna sér málið í n. sérstaklega, eða þeirra, sem standa að flutningi málsins, þannig að maður megi þá skapa sér nokkra skoðun á þessum aths., sem hér eru gerðar.

Þá liggur það einnig fyrir, að n. hefur klofnað í tvennt, annar hlutinn vill samþ. frv., en hinn vill vísa því frá með rökst. dagskrá, m. a. byggt á þessari röksemd, sem fylgdi frv. sjálfu í upphafi frá flm., að það væri gert ráð fyrir því, að þetta frv. yrði ekki gert að lögum, nema annað tiltekið frv. yrði það einnig. En nú skilst mér, að það sé svo *mikill ágreiningur* hér á Alþ. og í hópi þeirra manna, sem mest hafa með lög þessi að gera í daglegri vinnu sinni, að það þyki ekki fært að gera það frv. að lögum, nema þá með mjög miklum breyt., sem menn hafa ekki orðið ásáttir um enn þá, og því bendir margt til þess, þar sem komið er nú undir þinglok, að ætlunin sé að láta það mál liggja, en hins vegar sé ætlunin að láta þetta ná fram að ganga.

Ég skal svo ekki að svo búnu máli ræða um þetta frekar, því að ég hef fyrir mitt leyti ekki ýkja mikið til málsins að leggja, það skal ég játa, ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér það svo. En ég vek athygli á því, að málið kemur hér fyrir þingið með nokkuð einkennilegum hætti, og afgreiðsla n., a. m. k. þeirra nm., sem mæla með málinu, virðist vera mjög stuttaraleg og þannig, að það sé ekki nema eðlilegt, að á það sé minnzt, hvaða skýringar raunverulega séu frá þeim, sem að þessu máli

standa, fyrir almenna þm. til þess síðan að átta sig á málinu við afgreiðslu hér. Ég vildi nú mælast til þess, að hæstv. ráðh., sem hér er staddur, gerði fyrir sitt leyti grein fyrir skoðun sinni varðandi þessar aths., sem hér hafa komið fram.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Austf., gat um, er það ljóst, að hann er ekki mjög kunnugur þessu máli, og er ekki neitt að undrast það. En þessu frv., sem hér liggur fyrir, var verulega breytt í Ed. og grg., sem fylgdi frv. upphaflega, átti við frv. óbreytt, en á ekki við lengur, vegna þess að þegar ljóst var orðið, að frv. til l. um meðferð einkamála mundi ekki ná afgreiðslu á þessu þingi, lét ég semja brtt. við frv. um hæstarétt, til þess að hægt væri að afgr. það, hvað sem hinu málinu liði. Það voru upphaflega slík tengsl á milli málanna, að það væri eðlilegt, að þau hefðu samflot, en eins og ég segi: í Ed. var málinu, því sem hér liggur fyrir, breytt á þann veg, að það er ekki þörf eða nein ástæða til þess samflots lengur, og grg. eða umsögn Lögmannafélagsins, sem ég skal ekkert ræða um að öðru leyti, er samin áður en hæstaréttarfrv. var breytt og á því við frv. eins og það var upphaflega og er að því leyti orðin úrelt. Að öðru leyti er ég þeirri grg. að ýmsu leyti ósamþykkur, en hún er ekki hér til umr. og stendur á ábyrgð þeirra manna, sem hana skrifuðu, og þeir eru vafalaust menn til þess að gera grein fyrir sínu máli. Ég tel hana ekki þess virði að ræða hana.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Mér þykir það miður, að hæstv. dómsmrh. svaraði ekki þeim aths., sem hér liggja fyrir, efnislega, en athugasemdir Lögmannafélagsins liggja ótvírætt fyrir á þskj. eða í nál., og þær eru alveg greinilega um efni frv., og ég hefði gjarnan viljað heyra einmitt afstöðu hæstv. ráðh. til þessara aths. En hitt þykir mér svo einkennilegt að heyra, ef umsögn Lögmannafélagsins, sú sem birt er með nál. í þessari hv. d., í Nd. Alþingis, hefur ekki verið skrifuð til Nd. Alþ. á því stigi, sem málið var þá. Ég ætla, að það sé aðeins hið eðlilega að búast við því, að þær umsagnir, sem sendar eru n., séu vitanlega sendar um málið á því stigi, sem málin eru, þegar n. eru að fjalla um þau, en ekki um málin eins og þau voru í eina tíð. Ég get vitanlega ekki um það sagt, hvenær þeir góðu menn í Lögmannafélagi Íslands hafa skrifað sínar aths., á hvaða stigi málsins, en hitt er mér hins vegar ljóst, að hér eru birt sem fylgiskjal gögn, sem borizt hafa n., sem var að fjalla um málið í þessari d. Og það sé ég einnig a þessu bréfi Lögmannafélagsins, að það tekur til efnislegrar meðferðar mörg af ákvæðum frv. og gerir þar stífar aths. við efni málsins, auk þess sem Lögmannafélagið undirstrikar sérstaklega, að það telji, að það sé rétt að láta þetta frv. fylgja með í afgreiðslu hinu frv., sem einmitt var minnzt á í grg., frv. um meðferð einkamála í héraði.

Það var mér að vísu ljóst, að það voru gerðar talsverðar breyt. á þessu frv. í Ed., en hitt var mér ekki kunnugt um, að þær breyt. hefðu orkað á þetta svo mjög, að þær umsagnir, sem liggja fyrir, m. a. frá Lögmannafélaginu, væru þar með úreltar. En hæstv. ráðh. hefur sem sagt kosið það í þessu að víkja sér undan að ræða þessar aths., en ég tel fyrir mitt leyti, að þegar Lögmannafélag Íslands gefur sína umsögn um málefni eins og þetta, tali slíkur aðili í þessum málum, að það sé mjög eðlilegt, að frá hálfu þeirrar n., sem sett er til þess að athuga málið fyrir þd., eða af hálfu þess ráðherra, sem hefur með málið að gera, séu aths. frá slíkum aðila teknar til umr. og ræddar.

Eins og ég sagði hér áður, dreg ég enga dul á það, að ég er hér ekki kunnugur málum. Ég þekki ekki mikið um uppbyggingu hæstaréttar og vil ekki deila við lögfróða menn um það, hvað heppilegast er um ýmis formsatriði í þeim efnum. En hitt hlýt ég að gera, þegar slíkur aðili eins og Lögmannafélag Íslands gerir sínar athugasemdir, þá hlýði ég á það og met það nokkuð til jafns við það, sem ég heyri t. d. frá þn., sem hefur fjallað um málið, þó að þar séu í nokkrir lögfræðingar, eða jafnvel frá ríkisstj., en vil þó a. m. k. kjósa það að reyna að fá að mynda mér skoðun um það, hvað þessir aðilar allir segja. En það er aftur þeim mun erfiðara að taka afstöðu til slíkra mála, ef þýðingarmikil atriði varðandi þau eru ekki rædd. En mér fannst mjög á það skorta í framsöguræðu hjá meiri hl. þeirrar n., sem um þetta mál hefur fjallað, að þar væri í rauninni vikið að nokkrum sköpuðum hlut, sem efni málsins varðar.

Ég skal svo ekki tefja hér tímann frekar í umr. um málið.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef nú mjög litlu að svara hæstv. dómsmrh. Ég vil bara benda á það, að umsögn Lögmannafélagsins stendur alveg í fullu gildi.

Ég er honum algerlega ósammála, að þær breyt., sem gerðar voru á frv. um hæstarétt, geri það að verkum varðandi frv. um meðferð einkamála í héraði, að ekki sé þörf á því að afgr. það jafnhliða. Þetta er mesti misskilningur. Þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., útiloka á engan hátt og draga ekki úr því, að það frv. hefði átt að afgreiðast jafnhliða frv. um breyt. á hæstarétti. Ég vil enn á ný aðeins lesa hér part af þeirri umsögn, sem birt er með mínu nál., umsögn Lögmannafélags Íslands um frv., sem ég tel að sé alveg jafnt í fullu gildi, eða a. m. k. að mestu leyti, jafnt nú, eftir að frv. hefur þó hlotið þær breyt., er á því hafa verið gerðar í Ed., en þar segir í aths. við frv., að 32. gr. sé höfuðnýmæli þess. Þar segir, að það vilji við brenna, að enn skorti á öflun gagna, þegar mál eru tekin til munnlegs flutnings. Sé þá ýmist, að máli sé frestað. án þess að málflutningur sé hafinn, því sé frestað, áður en málflutningi lýkur eða að honum loknum, eða þá að frests er synjað og mál dæmt án frekari gagna. Síðan segir, að af þessu leiði röskun á störfum hæstaréttar og réttarspjöll aðila. Fyrir hefur að vísu komið, að mála-

tilbúnaði í hæstarétti hefur verið ábótavant. Slíkt mun þó fátítt. Mál munu yfirleitt vera flutt í héraði og dómar héraðsdómara skipulega samdir og alveg fullnægjandi grundvöllur undir málflutning og dóm í æðsta dómi. Ef fyrir kemur, að enn skorti á öflun gagna, þegar málið er tekið til munnlegs flutnings, þá er ekki nema sjálfsagt, að úr því beri að bæta. Er það jafnframt skylda dómstólsins sem málflytjenda að fresta máli í því skyni, hversu langt sem flutningi þess er komið eða á hvaða stigi sem málið er. Hitt hæfir eigi, að hæstiréttur láti hlýða, að aðilum verði réttarspjöll, enda er reynslan allt önnur, því að þá er kveðinn upp í hæstarétti úrskurður um öflun frekari gagna, eins og skylt er samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. l. um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, og fastri dómvenju.

Ég tel, að þessi umsögn standi eftir sem áður og það eitt út af fyrir sig, að ekki var fallizt á að fella alveg niður 32. gr., sem nú er 44. gr., geri það að verkum, að ég tel, að frv. eigi að vísa til hæstv. ríkisstj. aftur.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að karpa um þetta, þótt hins vegar full þörf væri á eða ástæða til að taka fleiri atriði til athugunar. Ég mun láta þetta nægja.

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 4. þm. Austf. (LJós) og hv. 11. landsk. (GJóh) hafa verið að tala hér um í sambandi við það, að ég hafi ekki reifað málið nægilega, þegar ég mælti fyrir nál. meiri hl. allshn., vil ég taka af allan vafa um það, hvenær bréf það barst frá Lögmannafélagi Íslands, sem þeir hafa gert sér tíðrætt um. Bréfið barst á meðan málið var fyrir allshn. Ed., og þær brtt., sem sú n. lagði til að gerðar yrðu á frv., eru að miklu leyti byggðar á óskum Lögmannafélags Íslands og einnig, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, eru þær byggðar á því, að ekki væru líkindi til þess, að frv. um meðferð einkamála í héraði næði fram að ganga.

Annars vill svo til, að ég get endurtekið það orðrétt, sem ég sagði í framsöguræðu minni í sambandi við erindi Lögmannafélagsins. Það var svona: „Meðan frv. var fyrir hv. Ed., barst bréf frá Lögmannafélagi Íslands, og var í bréfinu aðallega fundið að efni 32. gr. frv., sem nú er orðin 44. gr., og látinn í ljós ótti um, að hinar ströngu reglur um málsútlistun fyrir hæstarétti mundu leiða til tvíflutnings mála fyrir hæstarétti og skapa málflytjendum ýmis óþægindi. Fyrir tilmæli forráðamanna Lögmannafélagsins voru felld niður í Ed. þau ákvæði þessarar gr. frv., sem þeir voru óánægðastir með, og veit ég ekki annað en að þeir sætti sig nú fyllilega við hin nýju ákvæði frv.“ Og þessu til stuðnings skal ég geta þess til viðbótar, að um þetta átti ég tal við einn af stjórnarmeðlimum í Lögmannafélagi Íslands, og eftir honum hef ég þessi orð, að þeir geti eftir atvikum, félagsskapur eða stjórn hans, sætt sig við frv. eins og það er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Till. til rökst. dagskrár á þskj. 631 felld með 21:5 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 631,1 felld með 21:3 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 631,2 felld með 19:3 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,3 felld með 20:4 atkv.
13.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 631,4 felld með 20:1 atkv.
15.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 631,5 felld með 19:2 atkv.
21.—33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 631,6 felld með 20:3 atkv.
34.—39. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,7 felld með 20:3 atkv.
40. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 631,8 felld með 20:3 atkv.
41. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
42.—43. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,9 felld með 20:3 atkv.
44. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 631,10 felld með 21:2 atkv.
45. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,11 felld með 21:2 atkv.
46. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,12 felld með 20:3 atkv.
47.—55. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 631,13 felld með 20:2 atkv.
56. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 631,14 felld með 22:1 atkv.
59.—61. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 555, 670).

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Það fer ekki milli mála, að Alþ. og hæstiréttur eru mikilvægustu stofnanir íslenzks þjóðfélags og á þessum stofnunum tveimur veltur það meira en nokkrum stofnunum öðrum, hvort tekst að halda hér uppi þjóðfélagi mannhelgi og lýðræðis. Það er því óhjákvæmilegt, að allt sé gert, sem unnt er, til að tryggja það, að hæstiréttur verði eins vel skipaður mönnum og kostur er á og það verði gert eftirsóknarvert fyrir þá, sem hæfastir eru til að gegna slíkum störfum, að taka sæti í réttinum. Eitt m. a. til þess að tryggja það er að haga svo launakjörum hæstaréttardómara, að embættin séu sæmilega eftirsóknarverð. Þetta hefur verið gert á þann hátt að undanförnu, að hæstaréttardómurum hafa verið ákveðin laun samkv. I. fl. launalaga. Þau laun eru nú eitthvað í kringum 10 þús. kr. á mánuði, eða miklu lægri en margir aðrir aðilar hafa, eins og t. d. hæstaréttarlögmenn, og þess vegna geta þessi launakjör ekki gert þessi störf eftirsóknarverð. Nokkuð hefur verið reynt að bæta úr þessu með því að tryggja hæstaréttar-

dómurum ýmis aukastörf, en a. m. k. gildir það um sum þeirra, að það er mjög vafasamt, hvort slíkt sé heppilegt og viðeigandi.

Nú er það þannig, að þó að ríkið sjálft eða flestir starfsmenn ríkisins og ýmissa ríkisstofnana séu undir launalögum, hefur það átt sér stað í vaxandi mæli á undanförnum árum, að launalög taka ekki til ýmissa ríkisstofnana. Og það er yfirleitt undantekningarlaust, að launakjör eru hærri hjá þessum stofnunum en þeim, sem eru undir launalögum ríkisins. Ég minnist þess t. d., að nú á þessu þingi og líka á þingi í fyrra var fjallað um mál einnar ríkisstofnunar, Seðlabanka Íslands, þar sem þannig er gengið frá launakjörum, að forstöðumenn þeirrar stofnunar hafa miklu hærri laun en hæstaréttardómarar. Og þannig mætti nefna margar fleiri stofnanir. Ég hygg, að ég geti t. d. nefnt tólf forstöðumenn ríkisstofnana, sem hafa hærri laun en hæstaréttardómarar, vegna þess að þeir taka laun utan launalaga. Af þeim ástæðum hefði mér þótt eðlilegt, að inn í þessi lög um Hæstarétt Íslands kæmi það ákvæði, að laun hæstaréttardómara skuli jafnan vera í flokki hæstu launa, sem ríkið eða stofnanir þess greiða, þannig sé það tryggt, að ef ríkið greiðir hærri laun en I. fl. launalaga segir til um forstöðumönnum ýmissa stofnana, þá nái það einnig til hæstaréttardómara. Ég álít, að störf hæstaréttardómara séu svo mikils virði og þessi stofnun eigi að njóta þess aðbúnaðar í þjóðfélaginu, að það sé jafnan tryggt, að þeir, sem þar eru til forstöðu, njóti þeirra beztu launakjara, sem ríkið greiðir hverju sinni. Og til þess að tryggja það er ekki fullnægjandi, eins og nú er háttað málum, að ákveða, að þeir séu í I. fl. launalaga, vegna þess, eins og ég áður sagði, að margar ríkisstofnanir eru nú utan launalaganna og forstöðumenn þessara stofnana margir hverjir fá hærri laun en ákveðið er í I. fl. launalaganna.

Það kemur hér einnig til greina, að eðlilegt sé að tryggja þetta í l. um Hæstarétt Íslands, því að búast má við, að annaðhvort á þessu þingi eða mjög fljótlega ödlist samtök opinberra starfsmanna samningsrétt og jafnvel verkfallsrétt. Ég held, að það verði ekki talið eðlilegt, að hæstaréttardómarar séu aðilar að stéttarsamtökum, þess vegna geti það tæpast komið til greina, að það verði samið sérstaklega um þeirra kjör í samningum milli ríkisins og bandalags opinberra starfsmanna, og þess vegna sé eðlilegt að hafa sérákvæði um þá í lögum og tryggja, að þeir á hverjum tíma njóti þeirra hæstu launa, sem ríkið greiðir hverju sinni, hvort sem er samkv. samningum við opinbera starfsmenn, launal. eða eftir öðrum ákvæðum.

Ég hygg, að þegar menn íhuga þessar ástæður, sem ég hef nú greint, ætti að geta orðið samkomulag um þessa till.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hreyfir hér mjög athyglisverðu máli, og ég vil þakka honum fyrir að vekja athygli á því. Ég tel, að það sé alveg rétt hjá honum, að launakjör hæstaréttardómara eru nú með öllu óviðunandi, miðað við tekjur annarra manna í þessu þjóðfélagi, ekki aðeins embættismanna, heldur almennt. En málið er þó ekki eins einfalt og hann vill vera láta. Ef ég heyrði rétt efnið úr hans till. eða skildi það rétt, þá er auðvitað mjög erfitt að segja, að hæstaréttardómarar eigi að hafa hin hæstu laun, sem ríkið greiðir. Nú skulum við segja, að maður sé ráðinn til sérstakra starfa og fái fyrir það háa þóknun, eins og við skulum viðurkenna að getur orðið, ef menn taka að sér verk í ákvæðisvinnu og ljúka því á skemmri tíma en reiknað hefur verið með. Þá geta komið út allháar launatekjur, t. d. hjá verkfræðingi, sem ráðinn er með slíkum hætti eitt ár. Er þá ætlunin, að hugmynd hv. þm. taki til þess, að hæstaréttardómarar fái jafnhá laun og þessi maður hefur fengið af þessum sérstöku ástæðum? En jafnvel þótt við sleppum því, þá horfir töluvert öðruvísi við t. d. með seðlabankastjóra en hæstaréttardómara þegar af því, að seðlabankastjórarnir eru ráðnir með miklu lausari samningsákvæðum en hæstaréttardómarar. Það eru engir menn í landinu, sem hafa sína stöðu betur tryggða til 65 ára aldurs en hæstaréttardómarar. Aftur á móti er hægt að segja seðlabankastjórum upp með þeim ákvæðum, sem samþ. voru hér fyrir ári og ég get nú ekki tekið nákvæmlega til eftir minni, hvernig voru, en við munum, að þeir eru í raun og veru lausráðnir, þannig að það er ákaflega auðvelt, ef vilji er til þess, að losna við þá úr starfi. Þess vegna er allt öðruvísi um þessar stöður búið og eðlilegt, að það komi fram í nokkrum launamun.

Ég held því, að ákvæði um laun hæstaréttardómara þurfi töluvert betri íhugunar við en mér virðist eftir till. hv. þm., að hann hafi enn gefið sér tíma til þess að gera í þessu mjög vandasama, en þýðingarmikla máli. Það stendur fyrir dyrum á einn eða annan veg að taka upp til endurskoðunar þær reglur, sem gilda um laun opinberra starfsmanna almennt, og ég hygg, að launakjör hæstaréttardómara séu svo viðurhlutamikil, að það sé eðlilegt, að ákvörðun um, með hverjum hætti og eftir hvaða reglum þau séu ákveðin, sé tekin í sambandi við launamál opinberra starfsmanna almennt, en ekki á síðasta stigi umr. þessa máls. Nú getur hv. þm. bent á þar á móti, að þarna sé nú tekið inn fyrirmæli varðandi hæstaréttarritara, en það er einungis varðandi flutning á honum milli tveggja flokka, tiltölulega einfalt mál og atriði, sem menn gera sér alveg glögga grein fyrir, hvað í felst, hvort sem þeir eru með því eða á móti. En varðandi hæstaréttardómarana er það, eins og ég segi, mun flóknara og viðurhlutameira.

Ég hef ekki heyrt um þessa till. hv. þm. fyrr en hér á fundinum. Ég mundi telja ráðlegra, að þessi till. væri ekki samþ. í sambandi við þetta frv., heldur í sambandi við nýskipan á reglum um launakjör opinberra starfsmanna almennt. Ég vil þó taka fram, þar sem þessu er nú hreyft að mönnum óviðbúnum, að ég hef ekkert á móti því, þó að málið yrði nú tekið af dagskrá og menn athuguðu það í einn eða tvo daga, hvort ráðlegt er að samþ. þessa till. í þessu formi

eða einhverju öðru. Ég viðurkenni réttmæti meginröksemda hv. þm. og ítreka mínar þakkir til hans fyrir að hreyfa þessu mikilsverða máli hér, en tel a. m. k., að það sé ekki hægt að samþ. þessa till. án þess að athuga hana betur. Og í stað þess að leggja til, að till. sé felld, þá mundi ég, ef hv. þm. er því samþykkur, mælast til þess við forseta, að málið yrði nú tekið af dagskrá a. m. k. til morguns eða fram eftir vikunni, eftir því sem vill, til þess að hægt verði að sjá, hvað verður um launakjör opinberra starfsmanna almennt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir þær undirtektir, sem þessi till. mín hefur hlotið, og ég fellst að sjálfsögðu á það, að málið verði tekið af dagskrá til nánari athugunar. Ég skal viðurkenna, að það getur verið erfitt fyrir hv. þm. að taka afstöðu til málsins, vegna þess hve seint það kemur, og fyrir mér vakir ekki heldur annað í þessu sambandi en að reyna að tryggja sem bezta lausn þessa máls og gera það ekki að neinu kappsmáli, og ég mun þess vegna ekki, ef það álízt heppilegra, leggja neitt kapp á, að þessi till. komi undir atkv., nema það geti orðið samkomulag um hana eða eitthvað svipað henni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þau ummæli hæstv. ráðh., að það sé nokkuð óviðeigandi að samþ. þessa till. nú á síðasta stigi málsins inn í það frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Það eru ýmis atvik, eins og hæstv. ráðh. benti hér á, sem gera það að verkum, að ríkisstofnanir kunna að fara á vissum tímum með laun einstakra manna miklu hærra en almennt er, og vil ég þar m. a. benda á, að meðan skipstjórar hjá Skipaútgerð ríkisins höfðu áhættuþóknun fyrir að sigla á áhættusvæðum, voru laun þeirra miklu hærri en eðlilegt hefði verið á friðartímum, en það mundi í slíkum tilfellum að sjálfsögðu tryggja hæstaréttardómurum einnig jafnhá laun sem þá væru greidd frá slíkri stofnun, þó að það væri undir óvenjulegum kringumstæðum.

En það var ekki þess vegna, sem ég stóð upp í sambandi við þetta mál, heldur vegna þess, að ef ég man rétt, mun hafa verið sett inn í Ed. ákvæði um það, að hæstaréttardómarar skyldu hafa skattfrelsi í sambandi við afgreiðslu hins nýja skattalagafrv. Verði það samþ. hér á hv. Alþ., er það vitanlega mjög mikil kjarabót fyrir þessa menn. Ég teldi því rétt, að það yrði ekki gert út um þetta atriði, fyrr en séð er, hvort það ákvæði nær fram að ganga.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að ef till. verður samþ. óbreytt, eru sömu laun áætluð hæstaréttardómurum og hæstv. forseta Íslands. Og ef þar við bætist einnig skattfrelsi, má a. m. k. deila um það, án þess að ég sé að gera nokkurn samanburð á því, hvort það sé rétt, að hæstaréttardómarar hafi sams konar laun og forseti landsins. Ég mundi því telja heppilegast, að hv. þm. tæki þessa till. sína aftur og hreyfði þessu máli í sambandi við hin almennu launalög, þegar þau verða hér til umr., eins og hæstv. ráðh. hefur bent á.

Auk þess þykir mér líka rétt að benda á, að þessir embættismenn einir allra halda launum sínum óskertum, svo lengi sem þeir lifa, þótt þeir hafi látið af embætti, og hafa þar sín sérstöku réttindi. Einnig skilst mér, að það liggi ekki fyrir neinar upplýsingar um það, hvaða aðrar tekjur hæstaréttardómarar almennt hafi haft í landinu síðan þessi háttur var hafður á, og væri æskilegt að vita um það, áður en gengið er til atkv. um þá till., sem hér liggur fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé misskilningur hjá hv. þm., að skattfrelsi hafi verið ákveðið handa hæstaréttardómurum. Það kom til orða hjá n., sem fjallaði um tekjuskattslögin, en sú till. var ekki borin fram, og það hefur a. m. k. farið fram hjá mér, hafi hún komið fram á þinginu og verið samþ. Ég bið afsökunar á því, ef ég misskil það, en ég hygg, að það hafi ekki einu sinni komið til umr. á þinginu.

En hvað sem því líður, þá held ég, að það sé bezt að fresta þessari umr. nú og athuga þetta mál nokkru nánar í sambandi við þá ákvörðun, sem stendur fyrir dyrum og er nú verið að vinna að varðandi tillöguflutning um laun opinberra starfsmanna.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það varð að ráði í gær að fresta þessari umr. Ég vildi skýra frá því, að nú er ákveðið, að lagt verði fyrir Alþ. frv. um launakjör opinberra starfsmanna, um nýtt fyrirkomulag á ákvörðun þeirra. Eitt af þeim atriðum, sem þar koma til úrslita, er, hvort laun hæstaréttardómara eiga að ákvarðast með sama hætti og annarra, og ég tel fara betur á því, að sú ákvörðun sé tekin í sambandi við það frv. heldur en það, sem hér liggur fyrir, það sé eðlilegri afgreiðslumáti, ef svo má segja. Ég vil þess vegna fara þess á leit við hv. 7. þm. Reykv., að hann taki þessa till. aftur í sambandi við þetta frv., vegna þess að honum gefst þá færi á að bera hana upp í sambandi við hitt frv., ef hann að athuguðu máli telur það rétt vera.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Með tilvísun til þess, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú sagt, og þess enn fremur, að hann hefur tekið þessari till. mjög vel áður á þinginu, fellst ég á að draga hana til baka að sinni.

ATKVGR.

Brtt. 670 tekin aftur.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 704).

45. Iðnaðarbanki Íslands.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands** [118. mál] (stjfrv., A. 223).

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni Iðnaðarbankans eða stjórnar bankans, bankaráðs, bankastjóra, en eins og fram kemur í grg., þá kom það fram á aðalfundi bankans, þeim síðasta, að æskilegt væri að auka hlutafé bankans, og var gerð ályktun um að gera ráðstafanir til þess, að svo mætti verða, nú fyrir næsta fund, en óskin um möguleika til þess að auka hlutaféð er fram borin vegna þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa, frá því að bankinn er stofnaður, og verðfalls krónunnar, ef miðað er við erlenda mynt, en í lögunum um Iðnaðarbankann var hlutaféð að hámarki 6½ millj. kr. Nú vilja þeir, sem standa að bankanum og hafa þar af leiðandi mestan áhuga á að efla hag hans, fá heimild til þess að safna eða bæta við hlutaféð, og þá eiga að sjálfsögðu hluthafarnir fyrst og fremst forkaupsrétt í hlutfalli við hlutabréfaeign í bankanum. En ríkissjóður mun eiga þarna 3 millj. kr., og kemur þá til álita á síðara stigi málsins, hvort ríkissjóður óskar að auka sitt hlutafé í hlutfalli við aðra hlutafjáraukningu. Hins vegar er það svo, að ríkisstj. hefur aldrei beitt til hins ýtrasta aðstöðu sinni við atkvgr. á hluthafafundum í samræmi við hlutaféð, og ég hygg, að það sé rétt, að almennt hafi verið litið svo á hér, þegar lögin voru sett, að þátttaka ríkissjóðs væri fyrst og fremst miðuð við það að koma þessari bankastofnun af stað og á fót. Það eru engin tilsvarandi ákvæði eða takmörkun í löggjöfinni um Verzlunarbanka, sem afgreidd var hér nýlega á Alþ., og það virðist eðlilegt að heimila þessa breyt. á löggjöfinni, eins og lagt er til, og eina efnisbreytingin er sú, að það verður engin takmörkun lengur á upphæðinni, en hluthafafundirnir hverju sinni mundu ákveða, hvað hlutaféð mætti auka mikið, og forkaupsrétt hafa þeir, sem eru hluthafar fyrir, en síðar má bjóða hlutaféð út, ef þeir óska ekki að neyta síns forkaupsréttar.

Ég vil að svo mæltu leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og til iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til iðnn. með 31 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 436).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hæstv. iðnmrh. samkv. beiðni Iðnaðarbanka Íslands h/f, en á síðasta aðalfundi bankans var samþ. till. þess efnis, að athugaðir yrðu möguleikar á því að auka verulega hlutafé bankans. Var þá sérstök nefnd kjörin til þess að vinna að framgangi málsins.

Í l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f er ákveðið, að hlutafé hans skuli nema allt að 6½ millj. kr. Þar af er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður eigi 3 millj. kr. Í 4. gr. nefndra laga er tekið fram, að á hluthafafundi félagsins, þ. e. a. s. aðalfundi Iðnaðarbankans, skuli engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti, að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. Af ákvæði þessu hefur leitt, að umboðsmaður ríkissjóðs hefur á aðalfundi ráðið tveimur mönnum í stjórn bankans, en með 5. gr. l. er ákveðið, að stjórn bankans, þ. e. a. s. bankaráðið, skuli kosið með hlutfallskosningu.

Eins og fram kemur á þskj. 436, hefur iðnn. athugað frv. og orðið sammála um að mæla með því með þeirri breyt. að setja það takmark, að auka megi hlutafé Iðnaðarbankans h/f upp í allt að 10 millj. kr. Er þá út frá því gengið, að ríkissjóður sem núverandi hluthafi taki svo mikið af hlutafjáraukningunni, að umboðsmaður hans geti áfram ráðið tveimur mönnum í stjórn bankans.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 436 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 455).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands hefur látið uppi þá ósk, að hlutafé í bankanum yrði aukið, og stjórn bankans komið þeim tilmælum áleiðis til ríkisstj. Í samræmi við þetta var af stjórnarinnar hálfu flutt frv. um breyt. á l. um Iðnaðarbanka frá 1951, þar sem hlutafjáraukning var heimiluð. Málið var fyrst lagt fyrir hv. Nd. og athugað þar í iðnn., og varð niðurstaðan sú, að frv. var samþ. með þeirri breyt. að meginefni til, að hlutafjármagnið skyldi þó takmarkast við 10 millj. kr., þannig að frekari aukning getur ekki átt sér stað nema með nýrri breyt. á l., og er þá ætlazt til þess, að ríkið taki þátt í hlutafjáraukningunni, a. m. k. svo að tryggt verði, að aðstaða til þess að ráða vali tveggja af fimm stjórnarmönnum bankans breytist ekki eða hverfi ekki úr sögunni.

Það er öllum aðilum ljóst, að æskilegt er, að þessi banki eflist sem mest, og þó að hið nýja hlutafé sé auðvitað ekki mjög hátt, þá eflir það

þó bankann og verður honum til styrktar. Vil ég því leggja til, að frv. nái fram að ganga, og vonast til, að ekki verði um það ágreiningur, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 677).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur rætt frv. þetta og, eins og segir á þskj. 677, mælir n. einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Nd. En það er meginefni þessa frv., að heimild er veitt til hlutafjárhækkunar þeirra aðila, sem að bankanum standa nú, en skv. núgildandi lögum er hámark hlutafjár ákveðið 6½ millj. kr., og á ríkissjóður þar af 3 millj. kr. Þetta er gert ráð fyrir að hækka nú upp í 10 millj. kr.

N. mælir einróma með, eins og ég sagði áðan, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 711).

---

46. Ríkisborgararéttur.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar er samið með sama sniði og eftir sömu grundvallarreglum og hliðstæð frv. hafa verið samin á undanförnum árum og í öllum atriðum í samræmi við þær reglur, sem allshn. beggja deilda komu sér saman um 1955 og síðan hefur verið farið eftir við afgreiðslu slíkra mála hér í þinginu. Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði að umræðu lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 425, 62, 426, 526).

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Hæstv. forseti. Frv. þetta hefur verið nokkuð lengi í n. Það barst þinginu í haust, en var ekki afgr. fyrir áramót af þeim ástæðum, að ekki var talið rétt að samþ. tvö frv. um veitingu ríkisborgararéttar á sama ári.

Frá því að frv. kom til nefndar, hafa komið allmargar umsóknir til viðbótar, sem n. hefur tekið til greina. N. hefur ekkert við sjálft frv. að athuga, en hefur flutt 2 brtt. á þskj. 426 og viðbótartill. á þskj. 526. N. mælir með, að samtals 42 nýir umsækjendur verði teknir með í frv. Það eru þá samtals 54 umsækjendur um ríkisborgararétt, sem n. leggur til að verði bætt við frv., og mælir hún eindregið með, að frv. verði samþ. með þeim breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 62 tekin aftur
— 426 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 526 tekin aftur til 3. umr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 80. og 81. fundi í Nd., 30. marz og 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 542, 526, 545, 582).

Einar Ingimundarson: Hæstv. forseti. Í fjarveru frsm. allshn. get ég skýrt frá því, að síðan mál þetta var hér síðast til umr., hafa n. borizt umsóknir frá þremur aðilum um ísl. ríkisborgararétt, og með því að þeir fullnægja allir þeim skilyrðum, sem n. hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, hefur hún tekið upp í till. sínar á þskj. 582 nöfn þeirra og leggur til, að brtt. á þessu þskj. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 526 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 582 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 545 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 609).

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samþ. í hv. Nd. og var upphaflega samið af dómsmrn. eftir sömu reglum og fylgt hefur verið um veitingu ríkisborgararéttar undanfarin ár. Síðan var nokkr-

um mönnum bætt við í Nd. með tilvísun til þessara sömu reglna. Ég hygg, að n. í Nd. hafi haft samstarf við n. hér í d. um athugun á umsóknunum. Ég veit ekki annað en samkomulag hafi verið um þær till., sem fluttar voru. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 609, n. 679).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að veita 57 einstaklingum ríkisborgararétt, þeim sem taldir eru í 1. gr. frv.

Allir þessir 57 einstaklingar, sem frv. gerir ráð fyrir að fái íslenzkan ríkisborgararétt, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru í 6 liðum í nál. allshn. Nd., en í það nál. voru upp teknar þær reglur, er hv. Alþ. hefur um allmörg ár farið eftir við ákvörðun um, hvort einum eða öðrum skuli veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Allshn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþ., eins og fram kemur í nál. á þskj. 679. En ég vil í leiðinni láta þess getið, að ég er andvígur 2. gr. frv. nú eins og fyrr, en vil ekki stofna frv. í hættu með því að gera tilraun til að fella hana niður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 712).

---

47. Síldarútvegsnefnd (stjfrv. til heildarlaga).

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar [169. mál] (stjfrv., A. 366).

Á 63. og 65. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var borið fram frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem koma skyldi í stað gildandi laga um þetta efni, sem eru lög nr. 74 frá 1934. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að þetta frv. skyldi koma fram, því að lögin frá 1934 eru nú orðin 27 ára og þess vegna ekki óeðlilegt, að tímans tönn og ýmsar breytingar, sem orðið hafa á okkar atvinnuháttum, hefðu gert það nauðsynlegt og eðlilegt, að nokkrar breyt. yrðu á þessum lögum gerðar. Þetta frv. var borið fram svo seint á síðasta þingi, að það náði ekki endanlegri afgreiðslu, en var afgr. með rökst. dagskrá, sem var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, enda geri ríkisstj. ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega til fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Í framhaldi af þessari rökst. dagskrá voru svo 9. maí s. l. gefin út brbl. um breyt. á síldarútvegsnefndarlögunum, sem höfðu þá einu breyt. í sér fólgna að bæta tveim mönnum í síldarútvegsnefnd, og væru þeir tilnefndir af félögum síldarsaltenda, annar frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og hinn fyrir Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi. Þessi skipan var svo í gildi til s. l. áramóta, en lengra náðu brbl. ekki.

Hinn 4. jan. s. l. var skipuð nefnd til þess að ganga í það að endurskoða lögin, og voru í nefndina skipaðir þeir Birgir Finnsson og Jónas Rafnar alþingismenn og Jón Sigurðsson fulltrúi í atvmrn. Nefndin tók strax til starfa og hefur unnið að endurskoðun laganna síðan og hagað störfum sínum í samræmi við fyrrgreinda rökst. dagskrá, þannig að hún hefur haft samband við þá aðila, sem í hinni rökst. dagskrá er gert ráð fyrir, alla saman, og kynnt sér sjónarmið þeirra í málinu. Niðurstaðan af starfi þessarar n. er svo það frv., sem hér liggur fyrir og er flutt óbreytt eins og n. gekk frá því.

Ég skal ekki rekja gang þeirrar lagasetningar, sem gerð hefur verið um síldarmál síðustu 30—40 árin, það er nokkuð ýtarlega gert í grg. fyrir frv. En ég vil aðeins nota tækifærið til þess að leiða athyglina að því, að þessi lög, sem nú eru í gildi, hafa staðið að heita má óbreytt síðan 1934, eða í 27 ár, og það er sammæli að ég ætla flestra, að starf síldarútvegsnefndar á grundvelli þessara laga hafi verið farsælt fyrir þennan atvinnuveg og hans afkomu. Þegar Síldareinkasala ríkisins gafst upp á árinu 1931, var talið, að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess, að það hafi verið saltað of mikið umfram

samninga, og það tap, sem af því leiddi, riðið síldareinkasölunni að fullu. Eitt höfuðverkefni síldarútvegsnefndar á undanförnum árum hefur verið að samræma þá söltun, sem gerð hefur verið á síld, við það, sem mögulegt hefur verið að selja, setja ákvæði um, hvenær söltun mætti hefjast, sjá um gæði, að ekki væri saltað annað en gæðavara og ýmislegt í því sambandi. Annar aðalþátturinn í starfi n. hefur svo verið sá að gera sölusamninga um síldina og annast um sölu hennar, stundum og jafnvel oftast á þeim grundvelli, að n. hefði einkarétt til útflutnings á síld, en í öðrum tilfellum án þess að það einkaleyfi lægi fyrir.

Breytingarnar, sem í þessu frv. felast, eru ekki ýkjamargbrotnar. Aðalbreyt. er sú, að nefndarmönnum er fjölgað úr 5 og upp í 7, þannig að tveim fulltrúum síldarsaltenda er bætt við, en hinir fimm eru valdir á þann hátt, að þrír eru kosnir af sameinuðu Alþ., einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af síldarútvegsmönnum við almenna atkvgr. Þessu síðasta er nú breytt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, þannig að Landssamband ísl. útvegsmanna, sem ekki var til 1934, þegar l. tóku gildi, velji manninn, í stað þess að hann var áður valinn með almennum kosningum hjá síldarútvegsmönnum. Þetta er ekki óeðlileg breyting, þar sem síldarsaltendur þeir, sem síldina kaupa og verka, eiga náttúrlega mjög mikið í hættu og mjög mikið undir því, að störf síldarútvegsnefndar lánist vel, og með því að gefa þeim aðild að n., þá er verið að leitast við að tryggja þetta.

Í 2. gr. er svo ákveðið um tekjuöflun n. Það er mjög lítil breyt. frá því, sem verið hefur. Hún hefur fengið 2% af andvirði útfluttrar síldar, eins og stendur í l., en til þess að skilgreina það nákvæmar, er hér sett: af fob-andvirði útfluttrar síldar. Síðar fær hún 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar, og það er ákveðið í þessu lagafrv., en var áður ákveðið í reglugerð.

3. gr. er svo um starfstilhögun og lítill munur frá því, sem áður var. Síldarútvegsnefnd er heimilt að takmarka síldarsöltun, ákveða, hvenær söltun megi hefjast, eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef n. telur slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði síldarinnar eða sölu hennar.

Ráðh. er heimilt að fengnum till. síldarútvegsnefndar að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld, samkv. 8. gr. frv. Þetta hefur verið svipað í lögum áður, og heimildin til að veita síldarútvegsnefnd einkarétt hefur verið notuð í ríkum mæli og þó nokkuð oft, en ekki hefur komið til þess að veita samtökum síldarsaltenda þennan einkarétt. En í þessu frv. er þó rýmkað um möguleikana til að geta gert það, og það er samkvæmt óskum, sem fram hafa komið frá síldarsaltendum.

Fleira er raunar ekki að segja um þetta frv. Það er mjög svipað því frv., sem borið var hér fram á síðasta þingi, og flutt nákvæmlega óbreytt frá því, sem undirbúningsnefndin lagði til. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Eysteinn Jónsson: Það er að sumu leyti í tilefni af því, að ég og hv. 2. þm. Austf. flytjum frv. til l. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd o. fl. á þskj. 19, að mig langar til að segja örfá orð í sambandi við þetta mál, sem nú hefur verið lagt fyrir, frv. til nýrra laga um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru ekki stórkostlegar breytingar í þessu frv. frá því fyrirkomulagi, sem nú er. En þó er eitt atriði í þessu máli, sem ég vildi sérstaklega gera að umræðuefni. Mér finnst það þurfi ekki lengi að kynnast síldarverkun, síldveiðum og síldarsölu, eða síldarneyzlu í öðrum löndum t. d., til þess að sjá, hve geysilega margbrotin síldarverkunin þarf að vera og sölustarfið, til þess að allir möguleikar nýtist til fulls. Ef menn hugleiða þetta og líta svo á það, að mjög lítið af íslenzkri síld eða nær ekkert af íslenzkri síld er flutt út t. d. í neytendapakkningum, þá hljóta menn að fara að hugsa um, hvort allir möguleikar hafi notazt eins og skyldi.

Það stendur þannig á, að ég hef tvö sumur verið talsvert fyrir norðan og austan um síldveiðitímann á vegum síldarverksmiðjustjórnar ríkisins og hef gert mér far um að fylgjast dálítið með þessum málum, átt tal við ákaflega marga síldarsaltendur og spurt m. a., hvernig á þessu standi, að ekki skuli meira af síldinni vera unnið á síldarverkunarstöðvunum og pakkað með ýmsu móti til útflutnings úr landinu. Ég hef oft fengið það svar, að það mundi að einhverju leyti stafa af því, að það væri einkasala á saltsíldinni og ekki frjáls útflutningur á henni að neinu leyti. Þess vegna vaknaði ekki áhugi hjá mönnum að leita sér sambanda erlendis varðandi síld pakkaða með ýmsu móti.

Þetta varð svo til þess, að ég og hv. 2. þm. Austf. fluttum hér frv. snemma á þinginu um, að það yrði gefinn frjáls útflutningur á annarri síld en þeirri, sem söltuð væri í tunnur, og raunar líka smásíld í tunnum, eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð af hendi ráðherra. Skömmu eftir að þetta frv. kom fram, var gefin út tilkynning frá síldarútvegsnefnd, formanni hennar, um, að síldarútvegsnefnd hefði litið svo á undanfarið, að síld í neytendapakkningum kæmi ekki undir einkasölu síldarútvegsnefndar. Þetta kom mér algerlega á óvart, og ég er alveg viss um, að þetta hefur verið mörgum saltendum algerlega hulið.

Nú skiptir í raun og veru ekki aðalmáli, hvað rétt er í þessu, hvort síldarútvegsnefnd hefur ætlazt til, að þetta væri frjálst, eða ekki. Aðalatriðið er, að mönnum hefur áreiðanlega ekki verið ljóst, að þetta væri frjálst, og ár eftir ár lifað í þeirri trú, að þetta væri bundið.

Ég hef líka athugað söluleyfisbréf ráðuneytisins til síldarútvegsnefndar, og þar stendur fortakslaust, að n. hafi einkasölu á allri saltsíld, og ekkert undantekið í því efni. Og mér er ekki kunnugt um, að síldarútvegsnefndin hafi látið ganga nokkrar tilkynningar eða yfirlýsingar um, að síld í alls konar neytendapakkningum væri undanþegin einkasölu.

En þetta er í raun og veru ekki ástæða til að kýta um nú. Aðalatriðið er, hvernig þessu

verður komið fyrir í framtíðinni. Og ég stóð hér upp til að láta í ljós ánægju mína yfir því, að einmitt í þessu frv. er tekið fram skýrum stöfum, að söltuð síld í neytendaumbúðum sé undanþegin ákvæðum þessara laga og þar með utan valdsviðs síldarútvegsnefndar. Þarna er tekið upp annað aðalatriðið úr því frv., sem við höfum flutt, og fagna ég því. Úr þessu getur ekkert farið á milli mála um þetta. Síld í neytendaumbúðum er undanfelld þeirri einkasölu, sem síldarútvegsnefnd fær, og vænti ég þá, að öllum aðilum verði gert ljóst, hvernig ástatt er um þetta. Ætti þá að vera trygging fyrir því, að síldarsaltendum væri óhætt að leggja verk og einhvern kostnað í að kynna sér nýtízkupakkningar á síld, neytendapakkningar á síld, og útvega sér sambönd erlendis.

Með þessu ákvæði er gert ljóst, að þetta er frjálst, og það vona ég, að þetta verði látið fréttast svo skörulega, að öllum hlutaðeigandi verði þetta ljóst. Það vakti fyrir mér og þeim félaga mínum, sem flytjum frv., sem ég var að geta um áðan, að fá algerlega úr þessu skorið. Ég er því að sjálfsögðu alveg sammála þeim, sem hafa undirbúið þetta frv., að það sé nauðsynlegt að taka þetta fram skýrt, svo að ekki verði um villzt. Ég vil gera mér vonir um, að það yrði einhver árangur af því, að þannig yrði þessu háttað. Þó að ég hafi þannig stungið upp á því að gera þetta tvímælalaust frjálst, með þeim rökum, sem ég hef verið að greina, þá er ég alveg sammála um, að það á ekki að gefa síldarverzlunina almennt frjálsa. Það á að halda áfram að hafa það fyrirkomulag, sem verið hefur á sölu saltsíldar í tunnum, og er ég þá auðvitað líka alveg samþykkur þessu frv. að því leyti.

Okkur flm. hins frv. datt í hug, að það mundi vera rétt að undanþiggja einkasölunni smásíldina. En það hafa ýmsir glöggir menn talið mörg tormerki á því og sagt, að það væri mjög erfitt að draga línurnar í því efni. Okkur datt þetta í hug vegna þess, að svo mikið er talað um, að athyglin beindist allt of einhliða að því að selja hinar stærri tegundir síldar, en minna væri unnið að því að selja smærri síldina, sem kölluð væri lakari vara. Því vildum við, að til athugunar kæmi á hv. Alþ., að smásíldin saltaða yrði gefin frjáls. En við viðurkennum, að erfitt sé að draga mörkin í því efni og gæti valdið erfiðleikum í síldarverzluninni. Að svo stöddu beygi ég mig alveg fyrir þeim rökum, sem fram hafa verið færð við mig varðandi það atriði. Hef ég því upp á síðkastið aðallega haft áhuga fyrir því, að verzlun með síld í neytendapakkningum yrði alveg frjáls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 549).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. til l. um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, sem hér liggur fyrir, og mælir n. með frv. Jafnframt flytur n. tvær brtt. við frv., eins og fram kemur í nál. hennar, og eru þær báðar fluttar samkv. tilmælum síldarútvegsnefndar.

Um tildrög þess, að þetta frv. var samið, segir svo í upphafi aths., er því fylgja, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta Alþ. lögðu alþm. Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson og Eggert G. Þorsteinsson fram frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem koma skyldi í stað gildandi l. um þetta efni, nr. 74 1934. Frv. fékk ekki endanlega afgreiðslu fyrir þinglok, en var afgr. með svofelldri rökst. dagskrá í Nd.:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands, félög síldarsaltenda, enda geri ríkisstj. ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega til fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

9. maí 1961 voru síðan sett brbl. um breyt. á l. nr. 74 1934, þar sem bætt var við tveimur mönnum í síldarútvegsnefnd, tilnefndum af félögum síldarsaltenda. Hinn 4. jan. s. l. skipaði sjútvmrh. þá Birgi Finnsson alþm., Jónas G. Rafnar alþm. og Jón Sigurðsson stjórnarráðsfulltrúa í nefnd til að annast endurskoðun þessara laga. N. hefur síðan unnið að endurskoðun l. og hagað störfum sínum í samræmi við fyrrgreinda rökst. dagskrá, þannig að hún hefur haldið fundi með öllum þeim aðilum, sem þar eru nefndir, og kynnt sér sjónarmið þeirra í máli þessu.

Lög þau, sem síldarútvegsnefnd hefur starfað eftir, eru nr. 74 frá 29. des. 1934, og þótti rétt að láta gagngera endurskoðun fara fram á l. í tilefni þeirrar rökst. dagskrár, er ég gat um áðan, ekki aðeins til þess að staðfesta brbl. frá s. l. vori, heldur einnig til að breyta lögunum almennt með hliðsjón af fenginni 28 ára reynslu. Endurskoðunin hefur þó engan veginn beinzt að því að breyta grundvallarsjónarmiðum gildandi laga. Þau eru þvert á móti staðfest með þessu frv., og í því felst viðurkenning á því ágæta starfi, sem síldarútvegsnefnd hefur unnið á liðnum árum.

Verkun og útflutningur saltaðrar síldar var á árunum eftir heimsstyrjöldina fyrri og allt þangað til núgildandi skipulag komst á þau mál einhver áhættusamasti atvinnuvegur landsmanna. Framleiðslan var skipulagslaus. Fyrir gat komið, þegar lítið aflaðist, að verðið á saltaðri síld ryki upp úr öllu valdi, og þetta freistaði manna til að halda að sér höndum um sölu í þeirri von, að þeir væru stöðugt að verða ríkari. En svo kom síldin, og þá var saltað ótakmarkað með þeim afleiðingum, að verðið hríðféll, og þeir, sem hugðu sig ríka, áttu minna en ekki neitt, þegar kom að lokauppgjöri, og gátu

ekki staðið í skilum við sjómenn og verkafólk. Vöruvöndun var einnig mjög ábótavant, og svo var komið, að engin lánsstofnun í landinu vildi lána út á þessa framleiðslu. Afleiðingin af öllu þessu varð sú, að ýmsir síldarsaltendur urðu fjárhagslega háðir erlendum kaupendum, sem gátu síðan skammtað þeim verðið fyrir síldina að vild.

Alþ. gerði nokkrar misheppnaðar tilraunir til að hafa áhrif á gang þessara mála á tímabilinu frá 1926—1931, eins og frá er skýrt í aths. með frv. Sú merkasta af þeim tilraunum var stofnun Síldareinkasölu Íslands, en það fyrirtæki komst einnig í ógöngur, eins og kunnugt er, og varð gjaldþrota. Meginástæðan fyrir gjaldþroti síldareinkasölunnar mun hafa verið sú, að leyfð var allmikil söltun umfram fyrirframgerða samninga, eitthvað á annað hundrað þús. tunnur, að ég hygg, og sala þeirrar síldar mistókst síðan. Einnig mun eitthvað af fyrirframgerðum samningum hafa reynzt haldlítið. Fór þrotabú einkasölunnar í mál við ýmsa sænska síldarkaupendur og vann sum þeirra, en tapaði öðrum. Lítið mun þó hafa orðið um bætur af hálfu þeirra síldarkaupenda, sem töpuðu þessum málum, því að þeir urðu einnig gjaldþrota.

Þrátt fyrir hrakfallasögu síldareinkasölunnar mun sú tilraun, sem þar var gerð, þó hafa átt sinn þátt í því að sannfæra menn um, að hægt væri að koma fastara skipulagi á þennan atvinnuveg, og það var, eins og ég sagði áðan, gert með setningu núgildandi l. um síldarútvegsnefnd árið 1934. Fyrstu árin starfaði n. þannig, að hún löggilti útflytjendur og ákvað lágmarksverð það, sem leyfilegt var að selja fyrir út úr landinu. Einkasölu hafði n. ekki til að byrja með nema á matjessíld eða léttverkaðri síld. Í nokkur ár var úthlutað veiðileyfum á skip, þannig að hvert skip mátti leggja upp svo og svo mikið magn til söltunar, en langt er nú síðan þeirri tilhögun var hætt. Síðan 1945 hefur síldarútvegsnefnd haft einkasölu á allri útfluttri saltsíld, og hefur einkasalan verið ákveðin til eins árs í senn á grundvelli 11. gr. laganna.

Svo sem kunnugt er, gera lögin ráð fyrir því, að síldarsaltendur geti stofnað með sér samlag og ef það samlag ráði yfir 75% af útflutningnum, geti það fengið löggildingu sem einkaútflytjandi saltaðrar síldar. Þennan möguleika notfærðu saltendur norðanlands sér í eitt eða tvö ár, en hurfu síðan frá því ráði. Það hefur líka svo farsællega til tekizt, að síldarútvegsnefnd hefur oftast lánazt að gera fyrirframsamninga um sölu allrar eða mestallrar framleiðslunnar fyrir ágætt verð, og í þau skipti, sem meira hefur verið framleitt en búið var að selja fyrir fram, hefur salan einnig tekizt vel. Hvað það snertir er t. d. s. l. ár ferskast í minni.

Árangurinn af starfi síldarútvegsnefndar kom e. t. v. gleggst í ljós á tímabili útflutningsuppbótanna. Þá var saltaða síldin sú vara, sem lengst komst af án þess að fá útflutningsuppbætur, og þegar að því kom að greiða uppbætur á saltsíld, þá voru þær ákveðnar lægri en á aðrar útflutningsafurðir.

Ég gat þess áðan, að nefnd sú, sem undirbjó frv. þetta, hefði haft samráð við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, eins og fyrir hana var lagt. Um niðurstöður þeirra viðræðna segir svo í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Allir þeir aðilar, sem rætt var við um efni frv. þess, sem hér liggur fyrir, voru á eitt sáttir um, að núgildandi fyrirkomulag á síldarsölunni hafi reynzt hagkvæmt. Töldu þeir með hliðsjón af fenginni reynslu nauðsynlegt, að framboð saltsíldar frá Íslandi væri vel skipulagt í höndum eins aðila, enda væri með þeim hætti komið í veg fyrir skaðlega samkeppni um markaðina fyrir þessa vöru, svo og óheppileg áhrif erlendra kaupenda á þennan atvinnuveg. Því töldu þessir aðilar sízt til bóta að gefa síldarútflutning frjálsan, þótt eðlilegt væri að hafa opna leið til þess að löggilda einstaka útflytjendur saltsíldar, ef henta þætti, t. d. hvað snertir útflutning síldar, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða til tiltekinna landa. Af hálfu síldarsaltenda kom fram, að þeir töldu æskilegt, að í nýjum l. um þetta efni yrðu ekki lakari möguleikar en eru í gildandi l., til að samlag síldarsaltenda gæti tekið söluna í sínar hendur.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er rakið, hefur í frv. þessu ekki verið vikið verulega frá megindráttum gildandi laga, þótt ýmsu hafi verið breytt, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Frv. gerir ráð fyrir síldarútvegsnefnd, sem fari undir yfirstjórn ráðh. með skipulagningu á verkun og útflutningi saltaðrar síldar. Nefndinni ber einnig að annast markaðsleit fyrir saltaða síld og tilraunir með nýjar verkunaraðferðir. Til að sinna þessum hlutverkum sínum, eru n. veittar hinar víðtækustu heimildir til afskipta af síldarsölu og útflutningi saltaðrar síldar. Loks er ráðh. heimilað að veita síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda einkarétt til útflutnings á síld, sem hér um ræðir."

Þannig eru grundvallarsjónarmið gildandi l. staðfest með frv. þessu, eins og ég gat um í upphafi. Verkefni síldarútvegsnefndar hefur aukizt, eftir að síldveiðar hófust að ráði sunnanlands, og við það hafa einnig skapazt að nokkru leyti ný viðhorf síldarsaltenda. Það kemur m. a. fram í því, að nú eru starfandi tvö félög síldarsaltenda, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi. Þessi tvö félög hafa á margan hátt ólíkra hagsmuna að gæta, og ég hygg, að ef svo færi, að síldarsaltendur vildu sjálfir taka sölumálin í sínar hendur, þá mundu þeir vilja stofna a. m. k. tvö samlög. Væri þá meiri hætta á hagsmunaárekstrum en nú er, meðan salan er í höndum síldarútvegsnefndar. Einnig mundi sölukostnaður allur verða meiri, því að síldarútvegsnefnd fær aðeins 2% af útflutningnum til starfsemi sinnar og hefur stundum endurgreitt hluta af því gjaldi. Þetta sjá menn og skilja, og þess vegna er ólíklegt, að framleiðendur muni á næstunni notfæra sér möguleikana til stofnunar samlags, en miðað við aðstæður hefur þótt sanngjarnt að koma á

fastari tengslum milli síldarútvegsnefndar og samtaka síldarsaltenda. Þetta var gert með brbl., sem sett voru í fyrravor, og þeirri skipun síldarútvegsnefndar, sem þá var ákveðin, er haldið í frv. þessu.

Breyt. þær frá gildandi l., sem gerðar hafa verið í einstökum greinum, eru ýtarlega skýrðar í aths. með frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja það hér. Þó vil ég geta þess í sambandi við 1. gr., þar sem rætt er um aðsetur síldarútvegsnefndar á Siglufirði og í Reykjavík eftir því, hvort um er að ræða síldarvertíð norðanlands eða sunnan, að ég lít svo á, að n. geti ráðið því, á hvorum staðnum hún hefur varnarþing sitt, þótt það sé ekki tekið fram í frv.

Varðandi þær tvær brtt., sem sjútvn. flytur, er þess að geta, að þær eru fluttar samkvæmt tilmælum síldarútvegsnefndar. Er þar að vísu um að ræða atriði, sem undirbúningsnefnd frv. hafði talið að ættu fullt eins vel heima í reglugerð, en síldarútvegsnefnd telur þau svo veigamikil í starfi sínu, að hún telur áhrifameira, að þau verði í sjálfum lögunum, sem henni er ætlað að starfa eftir. Á þetta hefur sjútvn. fallizt.

Að lokum vil ég segja þetta: Framleiðsla saltaðrar síldar og sala þeirrar vöru út úr landinu hefur tekið miklum stakkaskiptum til hins betra, síðan núgildandi lög um síldarútvegsnefnd voru sett. Fjölbreytni í framleiðslunni hefur aukizt og er nú meiri hjá okkur en meðal annarra þjóða, sem fást við síldarverkun. Við fáum yfirleitt hæsta markaðsverð fyrir síldina og oft hærra en aðrir. Lánastofnanir geta óhræddar veitt lán til þessarar framleiðslu og átt það víst að fá fé sitt til baka. Vanskil við verkafólk og sjómenn munu heyra til undantekninga. Þetta er mikil framför frá þeim glundroða, sem ríkti eftir heimsstyrjöldina fyrri og fram til ársins 1935, og enginn óskar nú eftir því, að það ástand skapist á ný. Allar aðstæður eru þannig, að okkur hentar bezt að hafa sölu saltsíldarinnar á einni hendi. Hjá sumum beztu viðskiptavinum okkar, t. d. Rússum, er aðeins við einn aðila að semja, og hvaða vit væri þá í því að hafa framboðið af okkar hálfu í höndum margra aðila? Sama máli gegnir raunar einnig gagnvart öðrum löndum, t. d. Svíþjóð og Vestur-Þýzkalandi. Þar er að vísu ekki við ríkiseinkasölur að semja, heldur við stór innkaupasambönd verzlana og verksmiðja. Stundum er að vísu hægt að komast fram hjá slíkum samböndum með sölu á litlu magni, en þau viðskipti eru oft vafasöm og haldlítil. Að öllu athuguðu mun reynast bezt að framlengja það skipulag, sem gefið hefur góða raun bráðum í þrjá áratugi. Að því miðar þetta frv., sem sjútvn. mælir einróma með. Vænti ég þess, að málið geti fengið sömu afgreiðslu í hv. deild.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Meginefni þessa frv. um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar er að lögbinda nú til frambúðar þá skipan, sem sett var á í þessum efnum með brbl. á s. l. ári í öllum aðalatriðum. En með þeirri skipan var ákveðið, að í síldarútvegsnefnd skyldu vera 7 menn í stað 5, sem áður höfðu skipað n. Og þar með var ákveðið, að þeir fulltrúar, sem Alþ. kýs í síldarútvegsnefnd, skyldu vera þar í minni hluta, en þeir fulltrúar, sem þar til greindar stofnanir tilnefna í n., skyldu skipa meiri hl. þessarar nefndar.

Þegar þetta mál var fyrr til umr. á Alþ., benti ég á, að ég teldi, að þetta fyrirkomulag væri mjög vafasamt, að ætla að halda sér við það skipulag, sem starfsemi síldarútvegsnefndar hefur verið byggð á til þessa, en það er, að n. sé ríkisstofnun, sem hafi fullkomið einokunarvald, ef maður mætti svo að orði kveða, um alla þá starfsemi, sem fellur undir n. lögum samkvæmt. En það er þessi ríkisstofnun, sem raunverulega hefur ein með að gera sölu á allri saltsíld og stjórnar að verulegu leyti framleiðslu saltsíldar í landinu. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun, að menn yrðu í þessum efnum að velja á milli þess, hvort þeir vilja hafa fullkomin ríkisafskipti af afurðasölumálum eða hvort á að heimila framleiðendum að byggja upp sitt eigið skipulag og þá verði aðeins um að ræða eftirlit frá hálfu ríkisins. Þannig er þessu nú varið í flestum greinum varðandi sjávarvöruframleiðslu, að framleiðendur hafa rétt til þess að byggja upp sín framleiðenda- og sölusamtök og ríkið hefur þar ekki annað að gera en hafa hönd í bagga með rekstrinum, getur áskilið sér ákveðinn rétt til eftirlits. En þessu er í raun inni á allt annan veg farið varðandi síldarútvegsnefnd. Þar hefur verið og þar er raunverulega um ríkisstofnun að ræða. Nú eru hinir einstöku framleiðendur ekki sjálfráðir um það, hvernig þetta kerfi skuli starfa, og þeir verða yfirleitt í einu og öllu að beygja sig undir þær reglur, sem þessi ríkisstofnun setur samkv. allvíðtæku valdi, sem stofnunin hefur samkv. lögum. Að breyta svo þessu á þann hátt, sem gert hefur verið, að Alþ. skipi aðeins minni hl. n., en meiri hl. komi frá þar til nefndum félagasamtökum, það tel ég mjög óeðlilegt og í raun inni ólýðræðislega uppbyggingu. Ég held líka, að ástæðan til þess, að farið var inn á þessa braut nú að breyta þessu svona í grundvallaratriðum, að setja fulltrúa Alþ. í minni hluta hafi verið sú, að vissir stórir framleiðendur þessarar vöru vildu seilast til meira áhrifavalds innan þessarar valdamiklu stofnunar og komast inn í nefndina, því að það er auðvitað enginn vafi á því, að sú hefur verið reynslan á undanförnum árum, að aðilar meðal framleiðenda, sem bezta hafa haft aðstöðu í n., hafa á ýmsan hátt í raun og veru notið forgangsréttar fram yfir aðra framleiðendur. Og þó að einstakir saltsíldarframleiðendur hafi verið óánægðir með störf þessarar ríkisstofnunar, a. m. k. sem heildar, hafa þeir litlu fengið þar um þokað, því að þarna hafa þeir sem framleiðendur ekki haft nema lítið um að segja, þar sem hér var um ríkisstofnun að ræða.

Mér er það alveg ljóst, að það er ýmislegt, sem mælir með því, að slík stofnun sem þessi, sem hefur með alla saltsíldarsöluna að gera, sé hrein ríkisstofnun, skipuð mönnum, sem Alþ. hefur valið til þess að stjórna þeirri stofnun, og miða allan rekstur stofnunarinnar við hagsmuni þjóðarheildarinnar, þar sem sérsjónarmið einstakra framleiðenda fái ekki að yfirgnæfa. En

hins vegar neita ég því ekki, að hin aðferðin er líka fyllilega til, að framleiðendurnir, í þessu tilfelli saltsíldarframleiðendurnir í landinu, geti fengið að byggja sér upp samtök á lýðræðislegum grundvelli og ráða sjálfir sínum framleiðslu- og afurðasölumálum aðeins undir almennu eftirliti ríkisins. En þá geta vitanlega hinir einstöku framleiðendur átt það við sjálfa sig á sínum árlegu aðalfundum, hvernig framkvæmdin hefur farið úr hendi. En sem sagt, að blanda saman þessum skipulögum báðum á þann hátt, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., það tel ég óheppilegt og óeðlilegt.

Í tilefni af því, sem hér kom fram í ræðu hv. frsm. sjútvn. um hin ágætu störf síldarútvegsnefndar á undanförnum árum, vil ég segja það, að ég er að vísu samþykkur því, að margt af því, sem n. hefur gert, hefur verið gott. Og ég tel, að þegar litið er á heildina, þá verði maður að segja, að þar hafi miklu fremur tekizt sæmilega til um stjórn þessara mála. En það er þó alls fjarri því, að ég vilji skrifa undir það, að þar sé allt gott. Og ég hygg, að það séu fáir, einnig í hópi framleiðenda eða þeirra, sem bezt þekkja til í þessum efnum, sem vilja lýsa blessun sinni yfir störfum n. í öllum greinum.

Ég álít, að það hafi verið talsverð ástæða til þess að breyta nokkuð um í skipulagi þessara mála frá því, sem var. Því taldi ég, að endurskoðun á þessum l. mætti gjarnan fara fram. En mér sýnist, að harla lítil endurskoðun á skipulaginu sem heild hafi farið fram, þó að því hafi verið gefið nafn á þann hátt, sem greinir nú í grg. þessa frv., því að eins og ég sagði áður, þá er útkoman sú, að hér er í raun inni ekki gerð nein önnur breyt. en að staðfesta það, sem gert var með ákveðnum brbl. á s. l. sumri, fjölga um tvo menn í nefndinni.

Vald síldarútvegsnefndar er, eins og ég sagði, mjög mikið. Það kemur t. d. fram í því, að síldarútvegsnefnd hefur nú orðið einkarétt til þess að flytja inn allar síldartunnur til landsins. Þar geta ekki aðrir komið til. Þetta varð til þess á s. l. ári, að það tókst ekki að salta neitt nándar nærri því, sem hefði verið hægt að salta af síld, vegna þess að það varð tunnulaust á miðri síldarvertíðinni. Og þegar einstakir aðilar í landinu bentu á, að þeir gætu tryggt, þótt seint væri, nokkurn innflutning á tunnum, þá var því lengi vel neitað af síldarútvegsnefnd að heimila slíkt.

Þannig mætti í miklu fleiri efnum nefna ýmiss konar mistök, sem gert hafa vart við sig í starfi n. á undanförnum árum. Og segi ég þetta aðeins til að benda á það, að það er alls fjarri því að mínum dómi, að það sé rétt, sem hv. frsm. sjútvn. sagði í þessum efnum. Ég skal nefna annað ákvæði, en bæði þessi atriði, sem ég nefni hér, eru einmitt þess eðlis, að ég tel, að það hefði í endurskoðuninni á þessari löggjöf þurft að setja þar viss ákvæði, sem kæmu í veg fyrir slík mistök, því að það er hægt með því að breyta hér nokkuð um skipulag.

Um nokkur ár hefur það verið svo, að síldarútvegsnefnd hefur selt allverulegan hluta af saltsíldinni úr landi með þeim skilyrðum, að hinir erlendu kaupendur, þó aðeins í ákveðnu landi, hafa fengið rétt til þess að velja úr tiltekna framleiðendur hér innanlands, tiltekna síldarsaltendur, sem ættu að framleiða upp í þessa samninga við hina erlendu aðila. Á þennan hátt hefur íslenzkum saltsíldarframleiðendum verið stórlega mismunað. Sem sagt, stofnun, sem hefur haft hið mikla vald að mega ein ráða yfir sölunni út úr landinu, hefur hagað sölunni þannig, að hún hlaut í þessum tilfellum að koma fram sem stórkostleg mismunun á milli einstakra framleiðenda á saltsíld í landinu. Að þessu hefur auðvitað oftlega verið fundið, en eigi að síður hefur þetta staðið svo, og það hefur mjög verið á það bent, að einmitt þeir aðilar í síldarútvegsnefnd, sem jafnframt eru framleiðendur að síld, nytu sjálfir mjög góðs af þessum einkennilegu ákvæðum í þessum samningum.

Ég álít því, að það hafi verið full ástæða til þess að láta fara fram endurskoðun á þessari gömlu löggjöf um síldarútvegsnefnd, fulla og alvarlega endurskoðun á löggjöfinni, sem hefði náð lengra en það að fallast á þessa skyndibreyt., sem gerð var á s. l. ári, að fjölga í n. með þessum hætti um tvo menn úr hópi síldarframleiðenda og að gera skipulagið á þann hátt að alveg sérkennilegu skipulagi í sambandi við sölu á okkar sjávarafurðum, þannig að það á sér ekkert fordæmi í neinni annarri grein.

Þá vil ég einnig benda á það, að ein önnur breyt. er í þessu frv. frá því, sem verið hefur. Nú er hér svo fyrir mælt í 1. gr. frv., að Landssamband ísl. útvegsmanna skuli hafa rétt til þess að tilnefna einn mann í síldarútvegsnefnd. En áður var það svo, að það voru útgerðarmenn þeirra síldveiðiskipa, sem þátt höfðu tekið í veiðunum, sem áttu rétt til þess einir að tilnefna einn fulltrúa af sinni hálfu í n. En á þessu er allmikill munur. Í Landssambandi ísl. útvegsmanna eru miklu fleiri aðilar en aðeins þeir, sem gera út báta á síldveiðar. Í Landssambandi ísl. útvegsmanna eru m. a. — og það mjög áhrifamiklir — þeir aðilar, sem velja menn í nefndina gegnum önnur samtök, eins og samtök síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Í Landssambandi ísl. útvegsmanna eru flestir frystihúsaeigendur í landinu og fjöldamargir aðrir aðilar, sem engan þátt eiga beinan í síldarútgerð. Ég álít, að það skipulag, sem á var í þessum efnum áður, hafi verið miklu réttlátara en það, sem tekið er upp í 1. gr. frv. Það var mjög eðlilegt, að þeir útgerðarmenn, sem skip eiga á síldveiðum, fengju einir sér að velja einn fulltrúa í síldarútvegsnefnd, sem hefur jafnmikið vald yfir síldveiðunum og lögin segja til um og reynslan hefur sýnt. En ég álít, að með því að breyta þessu á þennan hátt, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi rétt til þess að tilnefna þennan fulltrúa, sé engan veginn víst, að það verði maður úr hópi síldarútvegsmanna, sem þaðan kemur. E. t. v. getur ráðh. sett ákvæði um það í reglugerð, að fulltrúinn, sem kemur frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, skuli vera einn úr hópi þeirra, sem gera út á síld, og þannig gæti hann einnig kann-

ske í reglugerð sett strangari ákvæði um það, hvernig menn í nefndina yfirleitt væru valdir. Slíkt er að vísu hugsanlegt. En ég efast um, að reglur verði settar um það, miðað við þá framkvæmd, sem verið hefur á þessum málum fram til þessa, ekki aðeins af núv. hæstv. sjútvmrh., heldur og öllum fyrirrennurum hans, þá hafa menn ekki yfirleitt blandað sér í það, hvernig þau samtök velja sína fulltrúa, sem til þess hafa rétt samkvæmt lögum.

Það eru auðvitað mörg atriði í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, sem bera þess alveg glögglega merki, að það hefur, eins og ég sagði, engin raunveruleg endurskoðun farið fram á þessum l. Það er aðeins verið að leggja samþykki sitt á efni brbl. frá s. l. sumri. Í 1. gr. segir enn fremur, að síldarútvegsnefnd skuli hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nm. eða varamenn þeirra dveljast þar þann tíma. Það er ekki einu sinni farið að tala um það hér, að þessi síldarvertíð, sem hér er um að ræða, sé norðan- og austanlands, þó að reynslan sé nú orðin sú, að þessi síldveiði fari ekki minna fram fyrir norðausturhluta og austurhluta landsins. En það var nefnilega svo hér í gamla daga, að þessi sumarsíldveiði fór aðallega fram fyrir Norðurlandinu, og því er þessu orðalagi auðvitað haldið óbreyttu enn. Og svo á að ákveða það, vegna þess að það var réttmætt einu sinni, að síldarútvegsnefndarmenn eða varamenn þeirra væru staddir á Siglufirði, aðalsíldarsöltunarbænum, yfir síldveiðitímann, þá skal það vera ákveðið enn, að þar skuli þeir vera yfir sumarið, jafnvel þó að svo færi, sem hæglega gæti gert af þeirri reynslu, sem við höfum séð, að þar yrði sáralítil síldarsöltun. Ég hefði hins vegar talið miklu eðlilegra við endurskoðun að fenginni reynslu að ákveða það, að nm. í síldarútvegsnefnd skyldu yfir sumarsíldveiðitímabilið vera á þessu síldveiðisvæði eftir nánari ákvörðun n. í heild. Ef svo færi, að síldarsöltunin yrði að langmestu leyti annars staðar á síldarsvæðinu en t. d. á Siglufirði, væri ekkert við því að segja, þó að n. héldi sig þar. En samkv. l. er beinlínis til þess ætlazt, að hún dúsi á Siglufirði, hvað sem öllu öðru líður. Orðalagið bendir til þess, þó að framkvæmdin kynni nú kannske að verða eitthvað önnur.

Þessi atriði, sem ég hef aðeins minnzt á, sýna það ásamt mörgum öðrum í frv., að það hefur engin raunveruleg endurskoðun farið fram á þessari gömlu löggjöf, sem hefði þó verið full ástæða til og samþ. hafði verið hér á Alþ. að skyldi gert. Og ég hygg líka, að þó að svo hafi verið fyrir mælt í samþykktinni frá Alþ., að þessi endurskoðun skyldi gerð í samráði við þar til greinda aðila, síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, þá hafi samráðin ekki verið önnur en þau, að þeir menn, sem ríkisstj. til þess valdi, hafi rétt aðeins orðað það lauslega, einu sinni eða svo, við flesta þessa aðila, en alls ekki gefið þeim kost á því að vera með í sjálfri endurskoðuninni.

Ég vil fyrir mitt leyti láta það koma fram hér, að ég tel þetta óheppilegt og að eftir standi málið raunverulega þannig, að það þarf að láta þessa endurskoðun fara fram. Og þá held ég, að það eigi ílka að taka afstöðu til þess, að hvoru þessu skipulagi á að hallast, sem ég nefndi hér í upphafi míns máls, því að byggja hér upp raunverulega ríkisstofnun með kosnum fulltrúum frá Alþ., eða hvort á að byggja upp hitt kerfið, að gefa samtökum framleiðendanna, sem hér eiga hlut að máli, kost á því að byggja upp sín lýðræðislegu samtök og annast þessi sölumál þá sjálf, aðeins með hinu almenna eftirliti og þá nauðsynlegri íhlutun ríkisins, þegar ríkinu þykir það vera nauðsynlegt.

Ég fyrir mitt leyti hef rekið mig á það, að það er mjög hættulegt að blanda þessu valdi saman á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég skal nefna mönnum hér eitt dæmi, sem mætti kannske verða til þess, að þeir glöggvuðu sig betur á þessu. Samkv. því skipulagi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., hafa aðilar utan Alþ. meirihlutaaðstöðu í n., en hins vegar gildir áfram það gífurlega mikla vald, það ríkisstofnunarvald, sem síldarútvegsnefnd var upp byggð á og hinir einstöku framleiðendur eiga tiltölulega erfitt með að hnekkja á nokkurn hátt á sínum félagslega grundvelli. Nú er það svo, að hagsmunir hinna einstöku framleiðenda eru mjög misjafnir og jafnvel breytilegir frá ári til árs varðandi síldarsöltun. Það kemur stundum fyrir, að síldarsaltendurnir sjálfir eru orðnir algerlega á móti því, að það sé haldið áfram söltun á síld, jafnvel þó að hægt sé að tryggja meiri sölu. Ég veit, að þetta hljómar heldur einkennilega í eyrum ýmissa, en við höfum alveg skýr dæmi af þessu. Þegar svo hefur til tekizt, að saltendur vita það, að þeir hafa gengið nokkuð nærri hráefninu, þeir hafa orðið nokkuð djarftækir, þá er þeim mjög illa við það, að söltunin verði þá mikil, úr því að svo er komið. Þá vita þeir, að öll yfirtaka, eins og skipulagið er byggt upp nú, verður torveldari og þeim kannske hættuleg. Það hefur því komið fyrir oftar en einu sinni, að það hafa orðið nokkur átök á milli ríkisvaldsins annars vegar og framleiðenda í þessum tilfellum, þar sem þeir, sem höfðu gengið lengst í þessum efnum, beittu sér fyrir því að stöðva framleiðslu á þessari vöru, þjóðarheildinni til ógagns og auðvitað fiskimönnum sérstaklega til ógagns. Ég álít því, að slíkt feiknavald sem síldarútvegsnefnd er fengið samkv. þessum l. og eldri l., þá sé mjög vafasamt að ætla að færa meirihlutavaldið í n. út fyrir hið opinbera og til vissra framleiðendasamtaka.

Ég skal ekki tefja þessar umr., enda liðið nokkuð á nóttu, en ég vildi láta þessar athugasemdir mínar koma hér fram í framhaldi af því, sem ég hef sagt um þetta mál hér áður, að ég tel, að sú breyting, sem hér er gerð, sé mesta hálfkák, það hafi enn þá ekki verið tekið á sjálfu verkefninu, hvorki að því leyti að endurskoða þessa löggjöf, sem þó var þörf á, né heldur taka ákvörðun um það, hvaða raunverulegt skipulag á hér að leggja til grundvallar varðandi framleiðslu og sölu á saltsíld. Ég hefði því talið miklu eðlilegra, að þetta mál fengi að bíða enn um sinn og fram yrði látin fara sú endurskoðun, sem Alþ. hafði gert samþykkt um,

sem ég álít að hafi raunverulega ekki farið fram enn þá nema að nafninu til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 549,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 549,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 602).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um síldarútvegsnefnd o. fl. er komið til þessarar deildar frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ., eins og það var lagt fram, með örlitlum breytingum, sem ég skal aðeins minnast á.

Aðdragandi þessa máls er sá, að á síðasta Alþ. var borið fram frv. af hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ) og fleirum um breyt. á gildandi l. um síldarútvegsnefnd. Þetta frv. kom nokkuð seint fram og náði ekki afgreiðslu, en það var afgr. með rökst. dagskrá, sem með leyfi forseta hljóðaði svo:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, enda geri ríkisstj ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Í samræmi við þá ósk, sem fram kom í þessari rökst. dagskrá, að komið yrði sem fyrst á endurbótum þeim, sem þingmeirihluti örugglega væri fyrir, voru 9. maí gefin út brbl., sem raunverulega báru það eitt í sér, að fjölgað var um tvo menn í nefndinni, einn fulltrúa frá hvoru, félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi. Við svo búið stóð þangað til um áramótin, en þá féllu þessi brbl. úr gildi af sjálfu sér, því að þeim var ekki ætlað að ná lengra. Þá um svipað leyti var skipuð nefnd til þess að endurskoða lögin, og voru í henni alþingismennirnir Birgir Finnsson og Jónas G. Rafnar og Jón Sigurðsson fulltrúi í atvmrn. N. hefur unnið þetta starf og lagt fram það frv., sem hér liggur fyrir og er flutt, að ég ætla, óbreytt frá því, sem n. lagði til.

Saga þessa máls er allýtarlega rakin í grg. fyrir frv., en afskipti hins opinbera af síldarsöltun og síldarsölu hafa verið talsvert mikil í 30—35 ár. Orsakirnar til þess eru þær, að það kom fyrir æ ofan í æ, að ég vil ekki segja hóflaus, en nokkuð skipulagslaus söltun á síld varð til þess, að verð á henni féll mikið úr hófi fram yfir það, sem eðlilegt var, og olli síldarsaltendum miklu tjóni. Það má nefna ýmis ár frá þeim tíma, þegar síldarsöltunin var hömlulaus, að mikil veiði gaf hvað lélegasta afkomu. Þetta var ábyggilega ástand, sem alls ekki var hægt að una við, og þess vegna kom íhlutun hins opinbera fyrst til framkvæmda 1926, síðar með síldareinkasölunni og loks með l. um síldarútvegsnefnd frá 1934, sem enn eru í gildi.

Höfuðbreyt., sem í þessu frv. er gerð á núgildandi l., má segja að sé sú, að hagsmunasamtökum síldarsaltenda er gefinn kostur á að eiga fulltrúa í nefndinni. N. var fyrr, eða samkvæmt núgildandi l., valin á þann hátt, að þrír voru kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþ., einn skipaður samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og sá fimmti samkv. tilnefningu þeirra, sem gerðu skip út til síldveiða. Þessu er haldið óbreyttu um þessa fimm í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að öðru leyti en því, að fulltrúi þeirra, sem gera skip út á síldveiðar, er nú ekki lengur valinn beint af þeim, enda er það umsvifamikið form á vali mannsins, heldur er Landssambandi ísl. útvegsmanna gefinn kostur á því að velja manninn, en í þeim samtökum eiga þessir síldarútgerðarmenn allir eða flestir a. m. k. sæti. En Landssamband ísl. útvegsmanna var ekki til, þegar lögin voru sett 1934, og hefur nú þótt eðlilegt, að það veldi manninn.

Að öðru leyti eru breyt. í frv. nánast lagfæringar á hlutum, sem reynslan hefur sýnt að heppilegra væri að færa í annað form, þó að ekki sé um beinar stórbreytingar að ræða, og verður að segja, að það er ekki óeðlilegt, að á þeim 27 árum, sem liðin eru frá setningu l., hafi komið ýmislegt fram, sem gefi tilefni til þess, að um nokkrar breyt. þurfi að vera að ræða eða lagfæringar, sem í þessu frv. felast. Ég skal aðeins nefna það, að í 2. gr. eru skýrari ákvæði um tekjur nefndarinnar heldur en er í núgildandi l. Í núgildandi l. er sagt, að síldarútvegsnefnd megi taka 2% af andvirði útfluttrar síldar, en þetta er nánar tiltekið í þessu frv., þannig að það eiga að vera 2% af fob-andvirði útfluttrar síldar. Nefndin hefur tekið 5% gjald af rekstrarvörum til síldarsöltunar, sem n. hafði til sölumeðferðar. Þetta hefur verið reglugerðarákvæði, en er nú tekið upp í sjálft frv. Annars eru þetta mest smávægileg atriði. Þó er nú rýmkaður frá því, sem er í núgildandi lögum, möguleikinn fyrir samtök síldarsaltenda til þess að taka störf síldarútvegsnefndar í sínar hendur. Til þess hefur að vísu ekki komið, að síldarsaltendur hafi gert þetta, en það hefur þótt eðlilegt og sjálfsagt að hafa þann möguleika

opinn, ef nægilega mikill hluti af síldarsaltendunum sjálfum óskar eftir því. Hins vegar hefur samkv. núgildandi l. síldarútvegsnefnd oft verið gefið einkaleyfi til útflutningsins, og er möguleikanum til þess líka haldið opnum í þessu frv. og sömuleiðis til þess að veita samtökum síldarsaltenda þetta, ef þeir taka útflutninginn í sínar hendur.

Smábreyt. tvær voru gerðar á frv. í hv. Nd. Sú fyrri er eingöngu um það, að síldarútvegsnefnd sé heimilt að setja umráðamönnum skipa, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndunina. Og sé réttum reglum ekki hlýtt, þá getur n. svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að 9. gr. verði breytt nokkuð og að greitt skuli af óskiptu síldarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi síldarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað.

Þetta ætla ég, að séu helztu breyt. Þær eru fyrst og fremst fram komnar vegna þess, að það hefur komið fram mjög ákveðin ósk um það, að síldarsaltendur fengju fulltrúa í nefndina, og tækifærið svo um leið notað til þess að gera á l. þær smálagfæringar, sem breytt viðhorf hafa kallað á, þar sem svo langt er liðið frá þessari lagasetningu, eða 27 ár.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 602, n. 678).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., er ætlað að komi í staðinn fyrir lög um síldarútvegsnefnd frá 1934. Lögin, sem nú eru í gildi, eru sem sagt 28 ára gömul, svo að það er eðlilegt, að endurskoðun á þeim hafi farið fram og þurft að breyta ýmsu.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 10. þm. Reykv. frv. um þetta sama efni, sem gekk mjög í sömu átt. Það, sem sérstaklega er breytt frá fyrri l., varðar skipun nefndarinnar, að fulltrúum er nú fjölgað úr fimm upp í sjö. Tveir nýir koma til viðbótar, annar frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og hinn frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Aðrir, sem skipa n., eru: þrír, sem kosnir eru í Sþ., einn frá Alþýðusambandi Íslands og einn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Samkvæmt þessu frv. er ekki kveðið á sérstaklega um það, á hvern hátt eigi að tilnefna þessa fulltrúa frá hinum ýmsu félagssamtökum. Við hefðum talið eðlilegt, eftir því sem því yrði við komið, að það væru aðalfundir félaganna, sem kysu fulltrúana, en n. taldi þó ekki ástæðu til að flytja um það sérstaka brtt., þar sem eins er hægt að hafa þetta reglugerðarákvæði. En það var álit n., að það væri eðlilegast, að aðalfundirnir, sem haldnir eru í flestum tilfellum árlega, — að vísu ekki hjá Alþýðusambandi Íslands, — að það væru þeir, sem tilnefndu mennina í síldarútvegsnefnd. Að öðru leyti mælir n. eða fjórir nm. með því, að frv. verði samþ. eins og það var afgr. frá Nd., en þar var gerð nokkur breyt. á 3. og 9. gr. frv., sbr. þskj. 602. Einn nm., Björn Jónsson, tók ekki afstöðu til málsins á fundi nefndarinnar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta mál var til meðferðar á Alþ. í fyrra, og var þá nokkur ágreiningur um það. Fór svo í það sinn, að það náði ekki afgreiðslu þingsins, en á s. l. sumri gaf hæstv. ríkisstj. út brbl. um síldarútvegsnefnd, og hafa þau verið að sjálfsögðu í gildi þar til um síðustu áramót, ef ég man rétt.

Ég er ekki alveg sammála hv. n. um skipun þessara mála, eins og þetta er í frv. Sérstaklega finnst mér það athugavert og eiginlega alls ekki viðeigandi, að Alþ. sé að kjósa minni hluta í stjórn stofnunarinnar. Mér finnst, að annaðhvort eigi Alþ. ekki að kjósa í nefndina eða þá meiri hl., en þarna á Alþ. að kjósa 3 menn af 7.

Að öðru leyti hef ég það út á frv. að setja, að mér sýnist allar horfur á, að síldarsaltendur geti átt meiri hl. og það mikinn meiri hl. í síldarútvegsnefnd. En það hafa fleiri hagsmuni af því, að þar sé vel haldið á málum, ekki síst sjómenn. Ég hygg, að það geti jafnvel átt sér stað, að síldarsaltendur eigi fimm af sjö í þessari nefnd. Þetta tel ég ekki æskilegt. En síðan í fyrra hefur sú breyt. á orðið, og það á þessu þingi, að komið er á verðlagsráði sjávarútvegsins, og það breytir málinu nokkuð. Vegna þeirrar lagasetningar get ég látið þetta frv. hlutlaust, en mundi ekki hafa gert það, ef sú lagasetning væri ekki komin. Þar með er verðlagning síldar í landinu komin í hendur verðlagsráðs sjávarútvegsins, svo að hér er nokkur breyt. á orðin.

Af því að þetta mál var svo mjög til umr. á síðasta þingi, vil ég ekki, að það gangi svo í gegnum þessa hv. deild, að ég lýsi ekki þessari afstöðu minni og vegna hvers ég mun ekki greiða atkv. gegn því, en ég greiði ekki heldur atkv. með því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

48. Innlend endurtrygging.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. [179. mál] (stjfrv., A. 390).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Það er í sambandi við frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem flutt eru níu önnur frv. Það eru þau, sem eru á dagskránni í dag, 5.—13. dagskrármál, að báðum meðtöldum. Í sambandi við ákvæði frv. um tekjustofna sveitarfélaga um landsútsvör, aðstöðugjald og fasteignaskatta þykir rétt að breyta einstökum lögum, eins og þessi frv., 9 að tölu, fara fram á. Það eru í fyrsta lagi lög frá 1947 um innlenda endurtryggingu o. fl., en gert er ráð fyrir, að á þá stofnun megi leggja fasteignaskatt og aðstöðugjald. Þá er næst breyt. á l. frá 1936, um landssmiðju, og gert ráð fyrir, að hún skuli greiða bæði fasteignaskatt og landsútsvar. Í þriðja lagi lög frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sem er gert ráð fyrir að greiði fasteignaskatt og aðstöðugjald. Þá er breyt. á l. frá 1948, um sementsverksmiðju, sem er gert ráð fyrir að greiði fasteignaskatt og landsútsvar. Þá er breyt. á l. frá 1949, um áburðarverksmiðju, sem ætlazt er til að greiði fasteignaskatt og landsútsvar. Þá er breyt. á l. frá 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, sem gert er ráð fyrir að greiði fasteignaskatt og landsútsvar. Þá er breyt. á l. frá 1934 um útvarpsrekstur ríkisins. Það fjallar um viðtækjaverzlunina, og gert ráð fyrir, að hún greiði fasteignaskatt og landsútsvar. Þá er breyt. á l. frá 1954, um brunatryggingar í Reykjavík, og gert ráð fyrir, að í sambandi við þá starfsemi skuli greiða fasteignaskatt og aðstöðugjald. Loks er breyt. á l. frá 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir, að hlutaðeigandi félag eða félög greiði fasteignaskatt og aðstöðugjald.

Ég vildi leyfa mér að óska þess í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og enn fremur dagskrármálin frá 6—13, að báðum meðtöldum, að þeim verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 390, n. 469).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í framhaldi af máli því, sem er fyrst á dagskrá þessarar hv. d. á þessum fundi, þ. e. a. s. frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Í þessu frv. er lagt til, að félag það, sem þar á hlut að máli, sé undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta mál og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. landsk. þm., var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í n.

Um 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. dagskrármálið stendur eins á og um 2. dagskrármálið. Þau eru öll flutt í framhaldi af frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Heilbr.- og félmn. leggur til, að auk annars dagskrármálsins verði 4., 9. og 10. dagskrármál samþ. óbreytt. Ég leyfi mér að mæla fyrir þessum frv. öllum sameiginlega, og vænti ég, að hæstv. forseti hafi enga aths. við það að gera. Enn fremur leggur n. til, að 3., 5., 6. og 8. dagskrármál verði samþ. með þeirri breyt. við 2. gr. frv., að l. skuli öðlast þegar gildi, þó þannig, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963. Þessar brtt. skýra sig sjálfar, og hef ég ekki um þær fleiri orð. Loks leggur heilbr.- og félmn. til, að 7. dagskrármálið, þ. e. a. s. frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, verði samþ. með þeirri brtt., að lögin öðlist gildi 1. jan. 1963. Í sambandi við þetta mál leyfi ég mér að geta þess, að það hefur verið nokkuð rætt um það í n. að taka inn í þetta frv. heimild fyrir sveitarstjórnir að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri síldarverksmiðjanna en síldarbræðslu, þ. á m. vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra. Það mun ekki hafa verið meiningin að undanþiggja t. d. rekstur hraðfrystihúss og niðursuðuverksmiðju aðstöðugjaldinu. N. mun taka þetta atriði til athugunar milli umr. og e. t. v. flytja till. um það við 3. umr.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að öllum þessum málum verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 715).

---

49. Landssmiðja.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju [180. mál] (stjfrv., A. 391).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 391, n. 470).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 470 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 537).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 716).

---

50. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip [181. mál] (stjfrv., A. 392).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 392, n. 471).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 717).

51. Sementsverksmiðja.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju** [182. mál] (stjfrv., A. 393).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 392, n. 472).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 472 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 718).

52. Áburðarverksmiðja (stjfrv. um skattfrelsi).

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju** [183. mál] (stjfrv., A. 394).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 394, n. 473).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 473 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 539).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 719).

---

53. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins** [185. mál] (stjfrv., A. 396).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 396, n. 475).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 475 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 720).

54. Brunatryggingar í Reykjavík.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík** [186. mál] (stjfrv., A. 397).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 397, n. 476).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 721).

55. Brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur** [187. mál] (stjfrv., A. 398).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 398, n. 477).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 722).

---

56. Vernd barna og ungmenna.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna [204. mál] (stjfrv., A. 489).

Á 71. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér er til umr., er hvorki mikið né margbrotið. Í 55. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna eru ákvæði um það, hvernig farið skuli með rannsókn og meðferð brota, og kveðið svo á, að með það skuli fara að hætti opinberra mála. En ákvæði gr., eins og það er nú orðað, tekur aðeins til brota samkvæmt 44., 45. og 46. gr. l., en hins vegar eru einnig refsiákvæði í öðrum gr. þessara sömu l., 39., 41., 42., 47. og 53. gr. l., og telur dómsmrn. því, að ekki sé unnt að fara með brot gegn þessum gr. að öðrum hætti en sem einkamál, það sé ekki hægt að fara með þau að hætti opinberra mála. En það er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt, að ekki skuli vera farið með sama hætti með brot gegn öllum ákvæðum þessara laga. Virðist vera um mistök að ræða, þegar l. var eitt sinn breytt, því að engin sjáanleg ástæða er til þess, að ekki skuli eiga að fara með rannsókn og meðferð brota gagnvart öllum, samkv. l. í heild, að hætti opinberra mála. Þess vegna er í frv. lagt til, að 55. gr. verði breytt þannig, að um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í l. um meðferð barna og ungmenna, skuli fara að hætti opinberra mála.
Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 489, n. 560).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og fram kemur í aths. og fram kom við 1. umr. málsins í þessari hv. þd., er hér nánast um að ræða leiðréttingu á mistökum. Menntmn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm. var fjarverandi, þegar málið var afgr. í n., eins og fram kemur í nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 489, n. 680).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Hæstv. forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta. Hér er aðeins um leiðréttingar að ræða á fyrri l., nr. 29 frá 1947. 55. gr. þeirra l. nær aðeins til 44., 45. og 46. gr. laganna, um meðferð á brotum samkv. þeim greinum. Hins vegar er einnig refsiákvæði í 4 öðrum greinum í þessum lögum, en þar sem 55. gr. nær ekki til meðferðar þeirra, þá er hér aðeins um leiðréttingu að ræða, og var n. öll sammála um að mæla með, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 723).

---

57. Þjóðskrá og almannaskráning.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um þjóðskrá og almannaskráningu [196. mál] (stjfrv., A. 454).

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Núgildandi lög um þjóðskrá og almannaskráningu voru sett árið 1956. Þá hafði allsherjarspjaldskráin, eins og þjóðskráin þá var kölluð, starfað í nokkur ár. Var það aðallega á grundvelli eins ákvæðis í tekjuskattslögum frá 1954 um, að gjaldendur skyldu skattlagðir þar, sem þeir væru taldir heimilisfastir skv. allsherjarspjaldskrá hagstofunnar hinn 1. des. á viðkomandi tekjuári. Starfsemi allsherjarspjaldskrárinnar var komin í fastan farveg, þegar þjóðskrárlögin voru sett 1956, en með þeim var hið nýja skráningarkerfi lögfest.

Reglur þjóðskrárlaganna hafa reynzt vel í framkvæmd, en ástæðan til þess, að nú er lagt fyrir Alþ. frv. til nýrra heildarlaga um þjóðskrána, er fyrst og fremst sú, að hagstofan hefur f. h. þjóðskrárinnar orðið við eindregnum tilmælum þjóðskjalavarðar og menntmrn. um að taka við vottorðagjöfum af þjóðskjalasafninu. Í sambandi við þessa breyt. þykir rétt að breyta nokkrum ákvæðum þjóðskrárlaganna til samræmis við breyttar aðstæður.

Efnisbreytingar eru mjög litlar í frv., þegar undanskilinn er flutningur vottorðsgjafa til þjóðskrárinnar og að niður er lögð hin sérstaka stjórn þjóðskrárinnar.

Allt frá því, að Þjóðskjalasafn Íslands eða Landsskjalasafn, eins og það hét áður fyrr, var opnað til almenningsnota um síðustu aldamót, hefur það verið háð þeirri kvöð að annast vottorðagjafir úr kirkjubókum safnsins, en þessi vottorð eru fæðingarvottorð, aldursvottorð, hjúskaparvottorð og dánarvottorð. Þessar vottorðagjafir hafa aukizt stórlega á síðustu áratugum og sívaxandi hluti af starfstíma safnvarða farið til þess að sinna þessu verkefni, sem verður að teljast óviðkomandi hlutverki safnsins. Afgreiðsla þessara vottorða hefur orðið til truflunar og mikilla óþæginda bæði fyrir starfsmenn safnsins og fræðimenn, sem þar eru að störfum. Hins vegar eru engin vandkvæði á því fyrir þjóðskrána að taka við þessu verkefni. Hún hefur sitt eigið afgreiðslukerfi, og vottorðagjafirnar eru ekki tiltakanleg viðbót við þá upplýsingastarfsemi, sem fyrir er. Einhver stofnkostnaður mun fylgja breytingunni, sennilega þarf að gera handa þjóðskránni mikrófilmur af þeim blaðsíðum kirkjubóka frá 1890—1915, þar sem fæðingar eru skráðar, til þess að þjóðskráin geti látið í té fæðingarvottorð fólks, sem fætt er á þessu tímabili. Frá árinu 1916 eru hins vegar tiltækar á hagstofunni skýrslur presta um allar fæðingar á landinu, og eru þær fullnægjandi grundvöllur vottorðagjafa. Aukinn rekstrarkostnaður vegna yfirtöku þjóðskrárinnar á vottorðagjöfum verður lítill.

Það skal tekið fram, að vottorðagjafir presta halda áfram óbreyttar frá því, sem verið hefur.

Aðrar breyt. á þjóðskrárlögunum, sem felast í þessu frv., eru þessar: Í stjórn þjóðskrárinnar eru nú sex menn, og þeir eru tilnefndir af hverjum eftirtalinna aðila: berklavörnum ríkisins, borgarsjóði Reykjavíkur, fjmrn., Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og félmrn. Hinar fimm fyrst töldu stofnanir voru stofnaðilar þjóðskrárinnar, og félmrn. tilnefndi einn mann í stjórn hennar vegna sveitarfélaga utan Reykjavíkur. Þessi skipan yfirstjórnar þjóðskrárinnar var miðuð við það aðallega, að samkv. ákvæðum frv. um þjóðskrá, sem lagt var fyrir Alþ. 1956, áttu sveitarfélögin að standa undir verulegum hluta af rekstrarkostnaði hinnar nýju stofnunar. Við meðferð málsins á þingi varð á þessu sú breyt., að ríkissjóður tók að sér að greiða allan rekstrarkostnaðinn að undanskildum 1/10 hluta, er Tryggingastofnunin skyldi greiða. Af þessum sökum hefði legið beinast við að breyta þá einnig ákvæðum frv. um tilhögun stjórnar þjóðskrárinnar, en af því varð þó ekki, einkum vegna ótta við, að það mundi tefja afgreiðslu frv. Reynsla þeirra sex ára, sem liðin eru, síðan lög um þjóðskrá voru sett, staðfesta það, að ekki er þörf á sérstakri stjórn yfir þjóðskrána, og er því lagt til, að hún sé lögð niður. Það er gert með samþykki allra þeirra aðila, sem fulltrúa eiga í stjórn þjóðskrárinnar.

Þá eru enn fremur felld niður ákvæði um, að árlega skuli gera kjörskrárstofna handa sveitarstjórnum, en það ákvæði er orðið úrelt vegna þess, að með lögunum frá 1959 um alþing-

iskosningar var ákveðið, að kjörskrár skyldu aðeins samdar, þá er kosningar ættu fram að fara. Sú breyt. var einmitt gerð vegna þess, að þjóðskráin getur með stuttum fyrirvara framleitt kjörskrárstofna fyrir allt landið.

Enn fremur er gert ráð fyrir að fella niður ákvæði um skil dánarvottorða o. fl., sem gert er ráð fyrir að komi síðar í frv. um dánarvottorð. Einnig eru fyllri og skýrari ákvæði um ýmis atriði, án þess að um efnisbreyt. sé að ræða.

Ég vænti þess, að þetta frv. geti gengið ágreiningslaust í gegnum hv. Alþ., og legg ég til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 524).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Sumarið 1952 bundust nokkrir opinberir aðilar samtökum um það að koma á fót vélaspjaldskrá yfir alla landsmenn. Þessir opinberu aðilar voru berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Þegar haustið 1952 var hafizt handa um undirbúning þjóðskrárinnar, eins og þetta var kallað síðar, og var tekið almennt manntal 16. okt. 1952 og á grundvelli þess var þjóðskráin síðan gerð. Kom það smám saman til framkvæmda á næstu missirum.

Á vorþinginu 1956 voru á Alþ. samin lög um þjóðskrá og almannaskráningu, og er það núgildandi löggjöf um þessi efni.

Eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu við 1. umr. þessa máls, var frv. það, sem hér liggur fyrir, borið fram skv. óskum hagstofunnar, en hagstofan hefur haft með höndum starfrækslu spjaldskrárinnar, síðan hún var stofnuð. Þær efnisbreytingar, sem frv. felur í sér frá því fyrirkomulagi, sem er, eru aðallega tvær: Í fyrsta lagi það, að vottorð þau, sem þjóðskjalasafnið hingað til hefur gefið skv. kirkjubókum, færast nú til þjóðskrárinnar. Í öðru lagi er breytt um yfirstjórn stofnunarinnar, þannig að framvegis er gert ráð fyrir, að hagstofan hafi hana með höndum, en ekki þeir fimm aðilar, — þeir urðu nú reyndar seinna sex, því að félmrn. bættist við, — sem áður höfðu tekið þátt í undirbúningi þjóðskrárinnar og ætlað var að eiga aðild að stjórn hennar, þannig að gert er ráð fyrir, að umboð þeirra í þessu efni falli niður. Reynslan hefur sýnt, að þetta fyrirkomulag er óeðlilegt og það hefur verið óvirkt að undanförnu og jafnvel valdið ýmsum töfum og óþægindum. Að öðru leyti eru þær breyt., sem hér er um að ræða, aðallega orðalagsbreytingar og smærri breyt. á framkvæmd þessara mála, sem reynslan hefur sýnt að eðlilegt mundi vera að gera.

Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 728).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Hæstv. forseti. Ég tel óþarft að skýra frá frv. þessu frekar en gert hafði verið í framsöguræðu og aths. við frv. Allshn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

---

58. Dánarvottorð.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um dánarvottorð [212. mál] (stjfrv., A. 556).

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er í nánu sambandi við frv til l. um þjóðskrá, sem hv. d. hefur nú haft til athugunar og afgreitt til hv. Nd. Má segja, að það sé eins konar fylgifiskur þess og komi samþykkt hins frv. ekki að fullu gagni, nema þetta

frv. sé einnig samþ. Tilgangur þess er að gera söfnun dánarvottorða einfaldari en nú er og tryggja betur en hingað til, að þau komist sem fyrst til þeirra, sem hafa umsjón með þjóðskránni.

Frv. hefur verið borið undir alla þá aðila, sem mest hafa með framkvæmd þessara mála að gera, og þeir eru allir sammála, að frv. sé til bóta og geri það líklegra, að þessi vottorð komi að gagni og fullnægjandi skrár geti orðið samdar sem fyrst.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstök ákvæði frv. Þetta er mjög tæknilegs eðlis og í raun og veru ekki á færi annarra en þeirra, sem hafa daglega framkvæmd þessara mála með höndum, að segja til um, hvernig þessu skuli háttað. Ég treysti því þess vegna, að frv. fái hér greiðan framgang. Það er nokkuð seint fram borið, en mér fannst rétt að sjá fyrst, hvað yrði um hitt frv., hvort það ynnist tími til þess, að það næði samþykki.

Ég legg til, að málið verði samþ. til 2. umr. og fari til sömu n. og fjallaði um þjóðskrárfrv. Í Nd. var talið, að það væri allshn., en ég veit ekki, hvort það hefur verið svo hér. Legg ég til, að það fari til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 556, n. 599).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði við 1. umr. málsins, leiðir flutning þess af þeirri breyt., sem gerð var með samþykkt frv. um þjóðskrá og almannaskráningu.

Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþykkt. Frv. snertir aðeins tæknileg framkvæmdaratriði, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er eins konar fylgifiskur með frv. um þjóðskrá og fjallar eingöngu um tæknileg atriði. Á það að leiða til þess, að auðveldara sé að fylgjast með dánarvottorðum en verið hefur. Málið hefur þegar hlotið meðferð í Ed. og sætti þar engum ágreiningi, og vonast ég til þess, að það fái einnig afgreiðslu hér. Ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og sömu n., sem hafði þjóðskrármálið, allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 556, n. 729).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Herra forseti. Frv. þetta, sem hefur gengið ágreiningslaust í gegnum Ed. og er eins konar fylgifiskur með lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, hefur allshn. einnig athugað og leggur eindregið til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 772).

---

59. Ríkisreikningurinn 1960.

Á 30. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:
Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960 [110. mál] (stjfrv., A. 179).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fjárlagaræðunni við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir 1962 í okt. s. l. gerði ég allýtarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1960, og vil ég vísa til þeirrar grg. og tel því ekki þörf nú, þegar frv. um samþykkt á ríkisreikningnum er lagt fram, að endurtaka þá grg. Ég vil aðeins taka það fram, að tvenns konar breytingar hafa verið gerðar nú á þessum ríkisreikningi frá því, sem áður hefur verið. Annars vegar, að efnisyfirlitið er allmiklu ýtarlegra en áður hefur

verið, til glöggvunar fyrir hv. þm. og aðra, sem vilja fletta upp í reikningnum, en áður hefur efnisyfirlit þótt fullstuttaralegt og nokkrum örðugleikum bundið fyrir menn að finna fljótlega það, sem þeir vildu leita að í reikningnum. Annars staðar er svo gefið yfirlit, sem ekki hefur verið gert áður í ríkisreikningnum, um greiðslujöfnuðinn á því ári. Þegar menn hafa viljað finna, hver væri greiðslujöfnuður, hagstæður eða óhagstæður, á ríkisbúskapnum, þá hefur ekki verið unnt að finna í ríkisreikningnum neina grg. um það. Nú er á bls. 227 gerð grein fyrir því máli. Eins og ég tók fram í fjárlagaræðunni, voru hins vegar mismunandi skoðanir uppi um það, hvernig eigi að reikna greiðslujöfnuð ríkissjóðsins. Ég benti þá á m. a., að nokkurt misræmi er þar milli þeirra reglna, sem ríkisbókhaldið hefur fylgt undanfarin ár, og hins vegar þeirra reglna, sem Seðlabankinn notar og m. a. kemur fram í tímariti hans, Fjármálatíðindum. Þessar mismunandi reglur leiða m. a. til þess, að eftir reglum ríkisbókhaldsins er greiðslujöfnuðurinn hagstæður á árinu 1960 um 10.7 millj. kr., en eftir reglum Seðlabankans var hann hagstæður um 35.4 millj. Rétt þykir að sjálfsögðu um sinn að nota þá sömu aðferð og notuð hefur verið undanfarin ár, en hins vegar eru lögin um ríkisbókhald og endurskoðun til endurskoðunar og verið að undirbúa nýtt frv. um þau mál, og er þá gert ráð fyrir, að reynt verði að komast að fastri reglu um það, hversu reikna beri greiðslujöfnuð ríkissjóðsins, til þess að festa og samræmi fáist í þeim efnum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 179, n. 410, 446, 452).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 410 ber með sér, stendur n. ekki öll að þeirri till. um afgreiðslu ríkisreiknings eða frv. um staðfestingu á ríkisreikningi, sem þar um ræðir, en meiri hl. n., sem stendur að þessu nál., leggur til, að reikningurinn verði samþ. óbreyttur.

Það er rétt að taka það fram, að svo sem kemur fram í nál., hefur farið fram samanburður, svo sem venja er, um niðurstöðutölur ríkisreikningsfrv. og ríkisreikningsins sjálfs, sem er fskj. með frv., og hefur um allar niðurstöðutölur borið saman. Ágreiningur er því raunverulega enginn í n. um það, að reikningurinn sé að efni til að þessu leyti réttur og frv. því tölulega rétt.

Frv. um staðfestingu á ríkisreikningi var vísað til fjhn. nokkru fyrir jól, og var þá óskað eftir því af hæstv. fjmrh., að frv. yrði afgreitt þannig, að það hlyti staðfestingu fyrir áramót, og var það í samræmi við þá stefnu hans að flýta framlagningu og staðfestingu ríkisreikninga, sem að sjálfsögðu horfir mjög í jákvæða átt frá því, sem áður var, því að það hefur litla þýðingu að vera mörgum árum eftir á að fjalla um reikningsskil, og er harla fánýtt hlutverk að vera að rifja allar slíkar tölur upp á nýtt eftir að mörgum árum er lokið frá því að reikningsskil voru gerð.

Ástæðan til þess, að nál. er ekki skilað fyrr en nú, er sú, að af hálfu tveggja nm., þeirra hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. e., var óskað eindregið eftir því, að frv. yrði ekki afgreitt úr n. fyrir áramót vegna upplýsinga, sem þeir töldu sér nauðsynlegt að fá í sambandi við vissar aths. í reikningnum, sem ég mun síðar koma að, og var orðið við þeim óskum. Það er enn í dag, eins og kemur fram á nál. frá hv. 1. minni hl. fjhn., talið af hans hálfu, að enn sé ekki auðið að afgreiða ríkisreikninginn, og byggir hann það á þeim röksemdum, sem þar eru tilgreindar í nál., sem hann mun gera hér vafalaust nánari grein fyrir á eftir. Ég vík að þessu máli hér vegna þess, að ég tel, að af hálfu meiri hl. n. hafi verið sýnd öll sú tilhliðrunarsemi, sem auðið var að sýna, og raunverulega meir en það, vegna þess að það, sem hér var um að ræða, snerti alls ekki afgreiðslu frv. sjálfs efnislega. En þó þótti rétt að gefa mönnum færi á að afla allra þeirra upplýsinga, er þeir teldu nauðsynlegt að fá í sambandi við þá aths. endurskoðenda ríkisreiknings, sem raunverulega allar umr. hafa snúizt um, en það er aths. þeirra um rekstur á botnvörpungnum Brimnesi á sínum tíma.

Engar aðrar aths. hafa verið gerðar við ríkisreikninginn í n., enda er engum af till. endurskoðenda beint til aðgerða Alþingis, eins og stundum hefur verið gert, og eigi heldur þeirri aths., sem varðar togarann Brimnes, sem mjög er rakið ýtarlega þó í aths. endurskoðenda, og þær aths. hafa valdið þessari seinu afgreiðslu n. á ríkisreikningnum.

Það er eindregin skoðun okkar, sem skipum meiri hl. n., að raunverulega hafi engin ástæða verið til þess að bíða svo lengi með afgreiðsluna, þó að rétt þætti að gera það í þeirri von, að það gæti orðið samkomulag í n. um endanlega afgreiðslu, og ástæðan er skiljanlega sú, að þessa aths. og sérstaka meðferð á því máli, sem þar um ræðir, er í rauninni ekki hægt að taka formlega upp í sambandi við þetta frv. Hins vegar er það eðlilega svo, að ef eitthvað þykir aðfinnsluvert við reikningshald ríkissjóðs, svo sem t. d. hér á sér stað, þá er að sjálfsögðu í fyrsta lagi það hlutverk endurskoðunarmanna Alþingis, sem eru sérstaklega kjörnir sem trúnaðarmenn þingsins, að gera þá till. um meðferð þess máls. Það hafa þeir gert í aths. sinni, þar sem þeir leggja áherzlu á, að þetta verði kannað til hlítar og þeirri athugun hraðað sem mest, og jafnframt er því svarað af hálfu ráðh., að það muni verða hagað sér í samræmi við þá niðurstöðu ríkisendurskoðenda. Það gefur auga leið, að verði ekki svo, þá hljóta ríkisendurskoðendur að fylgjast með framhaldi þess máls og gera þá sínar aths. á sínum tíma, eftir því sem þeir telja ástæðu til. Að auki er svo auðvitað

opin leið fyrir hv. þm. að vekja máls á því með öðrum hætti hér í Alþingi, ef þeir telja, að taka þurfi til meðferðar einhver sérstök atriði, hvort sem það er í sambandi við ríkisbúskapinn eða annað. En þar sem hér er ekki neinn ágreiningur um tölulegar niðurstöður ríkisreiknings né tölulegar niðurstöður þess frv., sem hér er um að ræða, þá getur það ekki á neinn hátt verið eðlilegt að stöðva staðfestingu ríkisreikningsins, þó að aths. sem þessar komi fram, sem hafa ekki nein áhrif á þær niðurstöður. Það er því skoðun okkar í meiri hl., að ekki hafi lengur verið auðið að bíða eftir þessum hugleiðingum og athugunum hv. minnihlutamanna, og teljum við, að við höfum sýnt fullkomna tillitssemi með því að bíða allan þennan tíma með afgreiðslu reikningsins.

Varðandi viðskipti hv. 1. minni hl. við hæstv. fjmrh., þá hef ég ekkert um það mál annað að segja en það eitt, að af hálfu formanns n. var gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að greiða fyrir því, að hv. 1. þm. Norðurl. e., sem stendur að áliti 1. minni hl., fengi aðstöðu til að kynna sér öll skjöl og gögn varðandi rekstur Brimnessins, og það mun hafa staðið þessum hv. þm. algerlega opið að gera og hafa fengið af hálfu n. og formanns hennar alla þá fyrirgreiðslu, sem í n. valdi stóð að veita. Þetta tel ég rétt að hér komi fram, til þess að ljóst verði hv. þm. öllum um meðferð málsins í fjhn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta mörgum fleiri orðum, herra forseti. Það er till. meiri hl., að ríkisreikningurinn, sem tölulega er enginn ágreiningur um að sé réttur og frv. í samræmi við reikninginn, verði samþ. Það er hins vegar rétt að taka það fram, að auðvitað göngum við í meiri hl. út frá því, að framfylgt verði þeim aths., sem hv. yfirskoðunarmenn ríkisreiknings gera, bæði í sambandi við það mál, sem ég hef hér að vikið, og einnig annað það, sem þeir kunna að telja athugunarvert, og að sjálfsögðu er þess að vænta varðandi þetta sérstaka mál, að því verði framfylgt eftir því, sem öll efni standa til. Og við teljum ekki nokkurt tilefni til þess og fullkomlega ástæðulaust að láta afgreiðslu ríkisreikningsins og frv. um staðfestingu á honum bíða eftir endanlegri athugun og niðurstöðu þess máls. Legg ég því til f. h. meiri hl., herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að ég sé ekki, að hæstv. fjmrh. sitji í sæti sínu eða sé mættur hér í d., og af því að þetta er hans mál tvímælalaust og af því líka að búið er að vekja athygli á því, að ágreiningur sé milli mín og hans í þessu máli, þá vil ég eindregið óska þess, að fjmrh. sé viðstaddur, þegar ég flyt mína ræðu. Mér virðist ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að ég geri mínar aths. án þess, að hann sé við. Mér finnst ekki sanngjarnt að veita honum rétt til þess að hvíla sig frá því að fylgjast með þessu máli. — Þá er hæstv. fjmrh. kominn eins og hann væri kallaður, og get ég þá þess vegna sagt það, sem ég ætla að segja.

Hv. frsm. meiri hl. talaði á þá leið, að það er ekki hægt að segja, að hann kallaði eftir neinum mótmælum, og fór það saman við það nál., sem hann var að gera grein fyrir. En nál., sem þm. hafa hér fyrir sér, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn. Hefur n. ekki fundið neitt athugavert við niðurstöðutölur. Leggja undirritaðir nm. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir nm. (KK og BjörnJ) munu væntanlega skila séráliti."

Það er til gömul skrýtla, sem hljóðar eitthvað á þessa leið, höfð eftir tilteknum manni: Það er leiðinlegast við lognið, að enginn veit, hvaðan hann er. — Það má segja bæði um þetta nál. og að töluvert miklu leyti um ræðu hv. frsm., að það er ekki gott að átta sig á því vegna lognsins, hvaðan hann er. Jú, það er sagt frá því í nál., að niðurstöðutölur hafi verið bornar saman milli ríkisreikningsins og frv. og fundizt réttar í þeim samanburði. Og út af því leggja svo hv. meirihlutamenn það til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Nú hlýtur sú spurning að vakna, til hvers ríkisreikningurinn sé lagður fyrir hv. Alþingi. Er það til þess, að þessar tölur séu bornar saman? Þyrfti svo mikið við að hafa? Ég held varla, að það eitt sé tilefnið. Vitanlega er það eitt af því, sem sjálfsagt er að gera, ég er ekki að hafa á móti því. Og ber þá Alþingi eftir því, ef það hefur samþ. reikning, aðeins ábyrgð á því, að þessum niðurstöðutölum beri saman? Ég held, að það geti varla verið aðeins þetta formsatriði, sem verið er að fullnægja með því að leggja ríkisreikninginn árlega fyrir hv. Alþingi. Ég held, að það hljóti að vera eitthvað meira, og ég held, að þrátt fyrir lognið, sem er þarna á ferðinni, séu áreiðanlega fyrir hendi þær staðreyndir, að beri eitthvað sérstaklega út af eftir á með ríkisreikninginn, — og þá á ég ekki við það, þótt leiðréttar séu villur, sem fram kunna að koma, því að með slíkum fyrirvara eru jafnan reikningar samþ., bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar, — en komi eitthvað sérstakt fyrir, sem gerir það að verkum, að sýnt hefur verið, að gallar hafi verið á reikningnum aðrir eða í sambandi við hann hafa verið einhverjir skuggar, sem ekki hafa verið upplýstir og í hefur falizt eitthvað það, sem telja má til ámælis fyrir Alþingi, að það hafi ekki veitt athygli, þá verður það svo, að það verður talið Alþingi til óvirðingar og vanrækslu að hafa ekki gert sér grein fyrir því.

Mál þetta er, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, búið að liggja æðilengi fyrir Alþingi. Því var útbýtt hér á Alþingi 11. des. í vetur og lagt fyrir þessa hv. d. og vísað til fjhn. sama dag. Það, sem hefur valdið því, að reikningurinn hefur ekki verið afgreiddur, er, að það er við hann tengt sérstakt mál, sem er sérstaklega mikið óreiðumál, og á ég þar við útgerð togarans Brimness. Menn vita, hvernig sú útgerð lenti á vegum ríkisins, og það þarf ekki að rifja þá sögu upp. Forstjóri var ráðinn til þess að stýra þessari útgerð fyrir ríkið. Hæstv. núv. fjmrh. réð ekki þann forstjóra, heldur fyrrv. ráðh., þ.

e. a. s. fyrirrennari núv. hæstv. ráðh. og núv. hæstv. utanrrh. Þegar þessi forstjóri var ráðinn, lítur út fyrir, að ekki hafi þótt ástæða til þess að gera við hann nokkurn samning. Hins vegar rétti sá hæstv. ráðh., sem hann réð, honum 2.5 millj. kr. til að koma fyrirtækinu af stað, koma fyrirtækinu úr því dauðamóki, sem það hafði fallið í, og til þess hafði hann fulla heimild Alþingis að leggja fram þetta fé skv. 22. gr. fjárl. Brimnes fór á veiðar í maí 1959, og um það var heimild frá Alþingi, að ríkisstj. gerði hann út til 1. sept., en lengur ekki. Þetta var árið 1959, 1. sept. 1959. En hins vegar var útgerðartíminn framlengdur þar til í maí 1960, og þess vegna kemur hluti af útgerðartímanum á stjórnartíð núv. hæstv. fjmrh. En ég skal ekki að þessu sinni gera framlengingu útgerðartímans að umtalsefni. Það munu vera afsakanir fyrir því, að tíminn var framlengdur, en það má benda á, að vist hefði hæstv. fjmrh. getað útvegað sér heimild á Alþ., ef hann hefði leitað eftir því, eða a. m. k. var tækifæri fyrir hann til þess. Ég er ekkert að segja, að líklegt hefði verið, að Alþingi hefði neitað um þessa heimild, en formlegra hefði vitanlega verið að fá hana. Þessu skal þó sleppt.

Eins og vænta mátti á þessu útgerðarári ultu margar millj. kr. í rekstri togarans Brimness, þegar útgerðarstjórinn var þannig settur, að líta mátti á hann sem starfsmann hv. núv. ríkisstj. og þá a. m. k. fjmrh. seinni hluta rekstrarársins. Er hann hætti, kom í ljós, að tregt var um glögg skil á fjárreiðum fyrirtækisins. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna segja frá þessu í 39. aths. sinni við ríkisreikninginn 1960. Skilanefnd var skipuð. Í henni eiga sæti Sigurður Ólason, Jón Sigurðsson og Jónas Jónsson framkvæmdastjóri. Enn fremur voru tveir menn settir til að endurskoða bókhald Brimness, og skiluðu þeir ýtarlegum aths., sem fylla mundu nokkurt kver á prenti. Hinn 3. des. 1960 ritaði skilanefndin fjmrn. og sagði, að meðan stór atriði, sem hún tilgreindi, væru svo óljós sem raun bæri vitni um, gæti hún ekki lokið reikningsskilum útgerðarinnar og gæti ekki heldur upplýst málin frekar en orðið væri með þeim ráðum, sem henni væru tiltæk. Útgerðarstjórinn svaraði sumum aths., en margt er, sem hann virðist ekki hafa reynt að bera hönd fyrir höfuð sér í. Aths. yfirskoðunarmannanna við ríkisreikninginn, þessar aths. nr. 39, eru svo gerðar, eftir að gögn þau, sem ég hef lýst, komu fram, eftir að endurskoðendurnir höfðu athugað bókhaldið, eftir að skilanefndin hafði gefizt upp og sagzt ekki geta meira að svo stöddu og eftir að útgerðarstjórinn hafði svarað. Gögnin, sem ég hef nefnt, eru þess vegna undirstöður þeirra aths., sem yfirskoðunarmennirnir gera.

Yfirskoðunarmennirnir reka eftir afgreiðslu málsins, eins og þeim var skylt. Ráðh. svaraði þessari aths. yfirskoðunarmannanna 5. des. 1960, og vitnaði hv. frsm. meiri hl. í svarið áðan, en svar hæstv. ráðh. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið hefur fullan hug á því, að reikningsskilum þessarar útgerðar ljúki sem allra fyrst. Hefur endurskoðanda verið falið málið, og vinnur hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós eða eigi hafa verið skýrð á fullnægjandi hátt, og leggur rn. áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað svo sem verða má.“

Síðan þetta gerðist eru nú meira en þrír mánuðir liðnir. Mál þetta er auðsæilega svo mikið óreiðumál, að það er einstakt, og þess vegna tel ég, að reikningur sá, sem það kemur fram í, hljóti að fá sérstaka meðferð. Yfirskoðunarmennirnir hafa auðsjáanlega áhyggjur af þessu máli. Þeir hafa, að mér virðist, ekki venjulega verið að hrópa: úlfur, úlfur, en það gera þeir í athugasemdum sínum nú, og þess vegna er vert að gefa sérstaklega vel gaum að athugasemdunum.

Ég óskaði þess, að formaður fjhn. útvegaði mér til skoðunar ýmisleg gögn, er yfirskoðunarmennirnir vitna til, svo sem bréf skilanefndarinnar frá 3. des. 1960 og svör útgerðarstjórans, og þetta gerði formaðurinn. Og hann kvað hæstv. fjmrh. hafa gefið heimild til þess, að ég mætti skoða þessi skjöl og fá þau hjá endurskoðanda ríkisins. Af þessum gögnum, sem ég hef allrækilega kynnt mér, þykist ég fullkomlega sjá, að fjármálastjórn og bókun fyrir togarann Brimnes hefur verið óskapleg. Ég get þess í nál. mínu, að ég leggi til, að afgreiðslu ríkisreikningsins sé frestað, og legg á það áherzlu, að afgreiðslunni verði frestað, meðan fyllri upplýsingar liggja ekki fyrir um þau atriði, sem eru óupplýst, eða fullkomnar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar til þess, að málið verði gert upp að lögum. En ég tek fram, að ég muni lesa upp úr þessum gögnum, sem ég hef verið að minnast á, ef meiri hl. finnst ekki, að ástæða sé til að fresta afgreiðslu ríkisreikningsins. Nú hefur komið fram vefenging á því frá hv. frsm. meiri hl., og þess vegna vil ég strax á þessu stigi umr. lesa upp til sönnunar því, að ég fari með rétt mál um það, að hér sé óvenjulegt óreiðumál á ferð, sem ekki er enn búið að greiða úr óreiðunni í, og til sönnunar því líka, að full ástæða sé til að doka við með afgreiðsluna á ríkisreikningnum fyrir hv. Alþingi, svo að ekki verði síðar talið, að það hafi tekið á sig ábyrgð í þessu máli, sem það hefur þó veitt athygli. Ég ætla að lesa upp bréf nokkurt, — ég held, að það skipti ekki máli, þótt ég lesi upp allt þetta bréf. Það er nógur tíminn, sýnist mér. (**Fjmrh.**: Því ekki ljúka því fyrir páska?) Ég býst við, að það verði hægt, það er sagt, að mikið megi, þegar vel vill. Mér skilst, að það sé mikill vilji fyrir því hjá vissum aðilum, þeim sem fara með verkstjórn hér á hv. Alþ., að ljúka þessu máli og þess vegna sé nógur tíminn.

Þetta bréf er skrifað af skilanefnd þeirri, sem ég sagði frá áðan. Það er til fjmrn., dags. 3. febr. 1960:

„Með bréfi fjmrn., dags. 16. ágúst s. l., var okkur undirrituðum falið að annast uppgjör og reikningsskil vegna útgerðar botnvörpungsins Brimness þann tíma, sem Axel Kristjánsson framkvæmdastjóri gerði skipið út í umboði fjármálaráðuneytisins.“

Ég tel mig lesa þetta bréf með leyfi hæstv. forseta.

„2. ágúst hafði Axel Kristjánsson skilað efnahags- og rekstrarreikningi fyrir útgerðina og bókhald hennar þá þegar verið sett í endurskoðun hjá endurskoðunardeild fjmrn. Endurskoðunina önnuðust Guðmundur Magnússon endurskoðandi og Jón Ólafsson fulltrúi. Skýrslu um meginþátt endurskoðunarinnar skiluðu endurskoðendur í lok september, og kom í ljós, að þeir töldu margt athugavert. Skýrsla endurskoðendanna hefur þegar verið send fjmrn. Þar eð Axel Kristjánsson var erlendis, er skýrsla endurskoðenda var tilbúin, var ekki unnt að halda fund með honum til að ræða hana þá þegar, en 4. okt. var slíkur fundur haldinn í fjmrn. Frásögn af fundinum hefur þegar verið send fjmrn. Svo sem fram kemur af þeirri frásögn, var óskað upplýsinga og skýringa um ýmsa helztu liði athugasemda endurskoðenda, án þess þó að þeir upplýstust í neinu verulegu. Hins vegar var Axel Kristjánssyni fengið eintak af skýrslu endurskoðenda og honum gefið tækifæri til að gefa skrifleg svör við henni og lagfæra það í bókhaldinu, sem hann taldi ástæðu til. Svör við aths. töfðust nokkuð, einkum vegna utanfarar Axels Kristjánssonar, en bárust oss 25. okt. s. l., og fylgja þau hér með.

Með svörum þessum er fullnægjandi gerð skil á 15 aths. endurskoðenda af hér um bil 55. Meðal þeirra atriða, sem ekki er fullnægjandi gerð grein fyrir, eru öll hin veigamestu, og munu nokkur þeirra rakin nánar hér á eftir:

1) Þóknun fyrir framkvæmdastjórn, skrifstofukostnað o. fl. Í bókhaldinu, eins og því var skilað 2. ágúst, voru fjórir reikningar frá Axel Kristjánssyni: Fyrsti dagsettur 26/7 1960 fyrir framkvæmdastjórn, skrifstofukostnað, húsaleigu, ljós, hita o. fl. í 15 mánuði, frá 1/4 1959 til 1/7 1960, 214 þús. kr. Ódagsettur, en ársettur 1960, vegna botnvörpungsins Brimness, 1500 kr. á mánuði í 12 mánuði eða 18000 kr. Þriðji ódagsettur, en ársettur 1960, fyrir leigu á geymsluplássi með ljósi og hita, 2000 kr. á mánuði í 12 mánuði eða 24 þús. Fjórði ódagsettur, ársettur 1960, fyrir vörzlu á veiðarfærum o. fl., hirðu á þeim og viðhald, 3000 á mánuði í 12 mánuði, 36 þús. Samtals verða þetta 292 þús. Frekari sundurliðun eða skýringar á þessum liðum hafa ekki fengizt. Einkum hefur verið reynt að fá þóknun til framkvæmdastjórans aðgreinda, en án árangurs.

Í svörum Axels Kristjánssonar segir um þetta efni: Fskj. 459, 460, 461 og 462 falli í burt, og í stað þeirra komi meðfylgjandi reikningur frá Axel Kristjánssyni fyrir þessa liði. Reikningurinn var jafnhár hinum fjórum. Ekki mun hafa verið samið um það fyrir fram, hver þóknun framkvæmdastjórans skyldi vera fyrir útgerðarstjórn skipsins. Þess skal getið til upplýsingar um, hvernig skrifstofuhaldið, sem þessi greiðsla er fyrir, hefur verið, að auk þeirra 55 atriða, sem endurskoðendur höfðu ástæðu til að gera athugasemdir við, þurftu þeir að færa 47 færslur í bókhaldinu, ýmist vanfærðar eða rangar, og þá ótaldar 53 leiðréttingar á kauputreikningum skipverja, sem hver um sig snertir allt frá einum skipverja til allrar skipshafnarinnar.

2) Vaxtakostnaður samanborinn við sjóðreikning. Á bls. 10—11 í skýrslu endurskoðenda eru gerðar aths. við greiðslur vaxta af tveimur hlaupareikningum Axels Kristjánssonar, öðrum við Iðnaðarbankann, hinum við Útvegsbankann. En annar þessara reikninga, hlaupareikningur 2152 við Útvegsbankann, mun hafa verið notaður fyrir útgerð botnvörpungsins Brimness, en þó ekki eingöngu. Aths. endurskoðenda um þetta efni stafa af því, að á sama tíma og hlaupareikningsskuldir þær, sem nefndir vextir eru greiddir af, eru breytilegar á bilinu 57 þús. til 283 þús., eiga peningar í sjóði botnvörpungsins Brimness að vera 410—611 þús. samkv. sjóðreikningi, og því næsta óeðlilegt, að botnvörpungurinn Brimnes hafi þurft að greiða vexti á þeim tíma, ef þetta fé hefur þá raunverulega verið til í sjóði.

Í skriflegum svörum Axels Kristjánssonar er engu til svarað um samanburðinn á sjóðreikningi og hlaupareikningi. Hins vegar er bent á, hversu háir vaxtaliðirnir eru í útgerðaráætlun togara, sem FÍB hefur gert fyrir árið 1960 og Svavar Pálsson endurskoðandi fyrir árið 1958. Þær áætlunarfjárhæðir breyta að sjálfsögðu engu um raunverulegan vaxtakostnað útgerðarinnar. Þess ber að geta hér, að svo virðist sem fé það, sem sjóður útgerðarinnar hafði til ráðstöfunar eftir 31. maí, hafi nettó verið um 580 þús. kr. Af þessu sýnast um 250 þús. kr. notaðar til greiðslu reikninga ýmissa aðila, en um 330 þús. kr. er samkvæmt bókhaldinu greitt: Axel Kristjánssyni um 241 þús. kr. og Ásfjalli h/f, sem er hlutafélag, að mestu leyti eign Axels Kristjánssonar, um 89 þús. Á fundinum 2. okt. viðurkenndi Axel Kristjánsson, þótt ekki sé þess getið í frásögn af fundinum, að téðar 89 þús. kr. til Ásfjalls h/f hafi einungis verið færsla. Það er síðasta færslan í dagbók til þess bókhaldslega að tæma sjóðinn, sem raunar var þurr fyrir.

3) Viðskipti við Peter Hein, Cuxhafen. Í skýrslu endurskoðenda, bls. 2, aflasölur erlendis, er gerð aths. við viðskipti við Peter Hein, Cuxhafen, eftir aflasölu skipsins í Cuxhafen 20. jan. s. l. Samkv. uppgjöri nefnds firma var söluverð aflans 57 914.08 mörk. Samkvæmt sama uppgjöri er skuld útgerðar botnvörpungsins Brimness, eftir að öll útgjöld hafa verið færð, 16558.44 mörk. Meðal útgjaldanna voru 19302.80 mörk, sem var kostnaðurinn við viðgerð, sem fram varð að fara á skipinu vegna áreksturs í höfninni þar. Þessa síðast nefndu fjárhæð greiddu Samvinnutryggingar síðan til viðgerðarverkstæðisins ytra sem sjótjónsbætur. Þegar svo var komið, átti að standa inni hjá Peter Hein 2744.36 mörk. Af bókhaldi útgerðar botnvörpungsins Brimness eða fskj. verður ekki séð, að fjárhæð þessi hafi verið greidd, en með óskýranlegum færslum í dagbók og viðskiptamannabók hefur inneign þessari verið eytt úr bókhaldinu. Samkv. upplýsingum Peters Heins var firmað aðeins umboðsmaður Gerexim í Bremerhafen í sambandi við téða sölu. Það firma hefur enn ekki svarað fsp. um þetta efni.

Svar Axels Kristjánssonar við þessari aths. er svo hljóðandi:

„Uppgjör frá Peter Hein í Cuxhafen virðist eitthvað hafa ruglazt. Mörg bráðabirgðauppgjör bárust frá þessu firma, en endanlega var þessi túr gerður upp fyrir milligöngu Gerexim í Bremerhafen."

Þetta svar haggar í engu aths. endurskoðenda. Um leið og Axel Kristjánsson skilaði svörum sínum, skilaði hann yfirlýsingu frá firmanu Gerexim í Bremerhafen ásamt reikningum samtals 14693.29 mörkum, sem skyldu skýra mismuninn, sem fram kom á viðskiptunum við Peter Hein. Reikningum þessum verður að taka með varúð. Þeir eru fram komnir nær 9 mánuðum eftir að viðskiptin samkvæmt þeim eiga að hafa farið fram, löngu eftir að reikningsyfirliti fyrir útgerðina er skilað og þá fyrst, þegar gerðar hafa verið aths. af hálfu endurskoðenda um skil á erlendum gjaldeyri. Gjaldeyriseftirlitið hefur og ekki stimplað þessa reikninga eins og aðra slíka reikninga.

4) Viðskipti við firmað Gerexim í Bremerhafen. Meðal úttektarreikninga frá Gerexim í Bremerhafen í sambandi við aflasölu botnvörpungsins Brimness þar 13.—15. okt. 1959 er ein fyrir steel bobbins („bobbinga"), various sizes, together 82 pieces, að fjárhæð 9872.30 mörk. Reikningurinn er ókvittaður við móttöku og alls óstaðfestur, eins og raunar fleiri sams konar reikningar. Reikningurinn ber númerið 33. Með reikningi þessum fylgdu þrjár kvittanir, merktar 33-A, 33-B og 33-C, fyrir samtals 382.48 mörkum, sem eru kvittaðar af skipstjóra, (einn) og fyrsta matsveini (tveir). Gjaldeyri þennan hafa þessir menn greitt af launum sínum hér heima auk þess gjaldeyris, sem þeim ber í söluferð. Nefndar kvittanir sýnast augsýnilega vera fskj. með bobbinga-reikningnum. Rétt þykir að geta þess, að þetta er langstærsta bobbingaúttektin og jafnframt eini reikningurinn fyrir þessa vöru, þar sem ekki er getið, hversu margir bobbingar séu af hverri stærð. Við þetta gerðu endurskoðendur aths. Svar Axels Kristjánssonar var svo hljóðandi: „Þrjár kvittanir, úttektir í Þýzkalandi, hafa verið færðar á viðkomandi."

Eftir sem áður er jafnóljóst, hvernig á þessari úttekt stendur, því að útgerð botnvörpungsins Brimness hefur greitt þetta fyrir bobbinga. Þess skal jafnframt getið, að bobbingakaup samkv. reikningunum eru mun meiri en svo, að einn togari geti hafa komið þeim í lóg við venjuleg skilyrði.

5) Viðskipti við Rinovia Steam Fishing Company, Grimsby. Samkvæmt yfirlitsreikningi Rinovia um aflasölu í Grimsby 18. marz s. l. voru eftirstöðvar útgerðar b/v Brimness af aflasöluferðinni £ 2025—15—11. Eldri innstæða var £ 5–18–6, svo að inneignin samkvæmt þessu var £ 2031–10–5. 13. apríl er yfirfærð frá Rinovia til Axels Kristjánssonar £ 2547–18–10 og gagngert tekið fram, að yfirfærslan sé vegna sölu b/v Brimness 18/3 1960. Hér er yfirfært rúmum £ 500 meir en útgerðin átti inni samkvæmt fyrrgreindu fskj., en þó talið vera af söluverði afla b/v Brimness 18/3 1960. Mismunur þessi var ekki greiddur inn til útgerðar b/v Brimness, heldur til Ásfjalls h/f. Svar Axels Kristjánssonar um þetta atriði er svo hljóðandi:

„Einhver mismunur hefur orðið í reikningi Rinovia í Grimsby. Virðist eitthvað hafa bætzt við, eftir að yfirlit var sent. Gögn liggja ekki fyrir til viðbótar færðu."

Eftir sem áður er engin skýring fengin á því, hvernig stendur á þessum mismun, og þá ekki heldur, hvers vegna Ásfjall h/f á að fá hann, en ekki útgerð b/v Brimness.

Hér hafa verið rakin nokkur helztu atriðin í bókhaldi útgerðar b/v Brimness og jafnframt þau, sem stærsta fjárhagslega þýðingu hafa, sem enn eru óupplýst af hálfu útgerðarstjórans. Auk þeirra grúir af minni atriðum, sem aths. hefur verið hreyft við, en ekki þykir gerlegt að rekja hér, nema hvað ástæða er til að geta ófullnægjandi fskj. fyrir kaupi á koparskrúfu. Upphaflega var ekki annað fskj. fyrir þessum viðskiptum en ókvittað pappírsblað, sem gaf til kynna, að keypt hafði verið koparskrúfa í skipið fyrir 135 þús. kr. Þegar Axel Kristjánssyni var bent á aths. endurskoðenda um þetta á fundinum 4. okt., færðist hann undan að segja nokkuð um kaup á skrúfunni, en taldi málið þurfa athugunar við. Með svörum sínum skilaði Axel reikningi frá starfsmanni sínum, sem ekki verður talinn mikils virði sem fskj. og engan veginn skýrir þessi viðskipti.

Meðan þessi stóru atriði eru svo óljós og með því að þau hafa úrslitaáhrif á afkomu útgerðarinnar, telur skilanefnd sig ekki geta lokið reikningsskilum útgerðarinnar hvað þau snertir. Það er hins vegar ljóst nú þegar, að nefndin getur ekki upplýst þessi mál frekar en orðið er með þeim ráðum, sem henni eru tiltæk."

Þá hef ég lokið upplestri þessa bréfs, sem ég hafði í raun og veru ekki ætlað mér að lesa, ef vel væri tekið í það að fresta afgreiðslu málsins, en hef nú lesið, til þess að hv. þdm. gefist kostur á að fá dálitla innsýn í það, sem stendur að baki aths. yfirskoðunarmanna. Ég tel, að þessi hv. deild hafi átt heimtingu á því að fá þessa innsýn.

Hæstv. fjmrh. segir í svörum sínum við aths. yfirskoðunarmannanna, þeim sem ég las upp áðan, að hann hafi falið ríkisendurskoðanda að ljúka svo fljótt sem unnt væri rannsókn þessa máls. Ríkisendurskoðandinn sagði mér fyrir um það bil mánuði, að hann væri búinn að skila ráðherranum skýrslu sinni. Ég og við minnihlutamennirnir báðir óskuðum svo eftir því við fjhn., að við fengjum að sjá þessa skýrslu endurskoðandans, sem hann hafði skilað ráðh. Því var vel tekið af formanni nefndarinnar að óska eftir því, að ráðh. leyfði okkur að athuga þessa skýrslu, sem hlaut að geta verið örlagarík til upplýsinga í þessu máli. En hann kom síðar með svarið, að ráðh. neitaði um að láta nm. eða nefndina hafa þessa skýrslu. Og ég veit ekki betur en þessi ósk hafi verið borin upp tvisvar og synjað tvisvar um að verða við henni. Ég get ekki kvartað um það, hvernig meiri hl. fjhn. kom fram gagnvart okkur minnihlutamönnum að því leyti, að hv. formaður var fús til að bera fram óskir okkar. En ég veit ekkert um það, hvað meiri hl. hefur lagt mikla áherzlu á, að við þessum óskum okkar yrði orðið. Ég álít, að það sé leyfilegt að hugsa sér

það, að ef stjórnarstuðningsmennirnir þrír í nefndinni hefðu lagt á það ýtrustu áherzlu, að nefndin fengi þessa skýrslu endurskoðandans til athugunar, þá hefði ráðh. orðið við því. Ég hygg, að það sé mjög sennilegt, að hann geri svo mikið með meiri hl. nefndar, þegar í þeim meiri hl. eru stuðningsmenn hans einir saman.

Nú hefur hæstv. ráðh. gengið frá, þegar ég ætla sérstaklega að tala um þetta atriði, synjun hans um málaleitun þingnefndarinnar, og ætla ég þess vegna að gera — með leyfi hæstv. forseta — hlé á tali mínu, meðan ráðh. er úti. — —

Ég hygg, að það muni vera fordæmalaust, og vona ég, að það verði leiðrétt strax, ef rangt er, að ráðh. hafi neitað þingnefnd, sem máli hefur verið til vísað af þingdeild, um gögn til athugunar, og það þau gögn, sem hann hefur lagt áherzlu á að þyrftu fljótt að koma fram og lýst yfir í fskj. með reikningnum að hann vilji að komi sem fyrst fram og leggi áherzlu á að komi sem fyrst fram. Ég get raunverulega ekki skilið það, að ráðh. hafi rétt til þess að synja um slík upplýsingargögn. Ég ber fulla virðingu fyrir ráðherrastöðum, en ég leyfi mér samt að líta svo á, að hæstv. ráðh. sé í þessum efnum frekar þjónn Alþingis en húsbóndi þess. Ofbeldi er vitanlega hægt að sýna, a. m. k. um stundarsakir, en venjulega takmarkað, hvað lengi er. Og ofbeldi hefnir sín fyrr eða síðar. Og slíkt ofbeldi sem þetta, það vekur réttmætar — ég segi: réttmætar — grunsemdir um, að mélið í pokanum sé í meira lagi óhreint. Mér sýnist nefnilega, að þó að logn sé yfir hjá meiri hl. fjhn. og sjór sé sléttur, þá verði þarna vart við eitthvað, sem líkist skriði hákarla eða skötu. Geti hæstv. ráðh. réttlætt neitun sína, þá óska ég, að hann geri það hér við þessa umr. Persónulega vildi ég gjarnan, að hann gæti gert það, en ég sé ekki enn, að hann geti það. Til hvers er ríkisreikningur lagður fyrir Alþingi til samþykktar? Vafalaust til þess, að Alþingi beri ábyrgð á honum, eins og ég sagði áðan, og vitanlega þannig, að venjulegar leiðréttingar geti talizt þar fyrir utan. Hann er áreiðanlega ekki lagður fram eingöngu að forminu til. Og til hvers ætli honum sé vísað til nefndar? Það getur ekki verið, að það sé aðeins formsins vegna, þó að venjulega reyni ekki á, heldur er það gert til athugunar, til að fá umsögn nefndar. Það er gert til öryggis.

Þegar kemur fyrir mál eins og Brimnesmálið, þá má ekki eiga sér stað það tómlæti, sem kemur fram hjá hv. meiri hl. fjhn. Hvað væri eftir á hægt að segja fyrir þá, sem vilja ekkert gera úr óreiðunni og breiða yfir hana? Hvað væri hægt að gera, sem væri þeim hentugra en þetta? Þeir mundu segja: Alþingi er búið að samþykkja reikninginn fyrirvaralaust fyrir sitt leyti, nefndir þess sögðu ekkert. — Gætu þeir, sem vilja hlífa óreiðu, fengið betri aðstöðu eftir atferli nefndarinnar? Ég mun ekki taka þátt í að vefa slíka ábreiðu yfir óreiðuna. Ég tel þess vegna, þó að ég vitanlega telji mig ekki hafa aðstöðu til þess að kveða upp neinn úrskurð í þessu máli, því að upplýsingar vantar mig til þess auk annars, þá tel ég hiklaust, að málið sé á því stigi, að það eigi að fresta afgreiðslu þess, þangað til upplýsingar eru fengnar eða óyggjandi ráðstafanir hafa verið gerðar, til þess að óreiða þessi verði gerð upp að lögum.

Uppgjöri togaramálsins liggur á, eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt. Það þarf að hraða því sem mest, m. a. til þess að það slái ekki í það. En ríkisreikningnum liggur ekkert sérstaklega á. Það er náttúrlega gaman fyrir hæstv. fjmrh. að geta skilað fljótt ríkisreikningi, en hann verður að neita sér um það gaman að fá hann afgreiddan strax, þegar hann dregur þennan slóða, reikningurinn, sem hann dregur nú. Ég skora á hæstv. forseta, sem er nú verkstjóri hér í þessari hv. deild, að taka till. mína til greina. Ég tel, að hann gæti fyrir sitt vald, sem er meira en vald ráðh. í þessari hv. deild að mínu viti, þá gæti hann úrskurðað, að málinu skuli frestað, og það væri myndarlegt af hans hálfu. En vilji hann ekki taka á sig þá ábyrgð, þá treysti ég honum hiklaust til þess að bera upp till. mína um, að reikningnum verði að afgreiðslu til frestað, þangað til meiri og betri upplýsingar liggja fyrir. Og ég þykist hafa fært full rök að því, að sú krafa og till. er sjálfsögð.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það mun vera næsta fátítt, að ágreiningur verði hér á hv. Alþingi um afgreiðslu ríkisreiknings, eins og nú hefur orðið að þessu sinni. Og það vill svo til, að þessi óvenjulegi atburður á sér stað, þegar reikningurinn fyrir fyrsta viðreisnarárið liggur fyrir. Til þessa ágreinings liggja ástæður, sem hv. frsm. 1. minni hl. hefur að verulegu leyti gert grein fyrir, en ég hlýt þó einnig að gera, þar sem ég stend að sérstöku nál.

Þegar frv. til samþykktar á ríkisreikningnum var lagt fram hér í hv. deild snemma í desembermánuði, var ljóst, að því fylgdu óvenjulegar og harðorðar athugasemdir frá yfirskoðunarmönnum, en allir vita, sem einhver kynni hafa haft af þeim mönnum, sem nú gegna því starfi, að þeir eru mjög langt frá því að vera sérstakir orðhákar eða árásarseggir, heldur eru það aldurhnignir og orðvarir sómamenn, sem hafa vafalaust á langri endurskoðunarævi sinni séð ýmislegt misjafnt, séð sitt af hverju af misjafnri fjármálastjórn, og þeir hafa sýnt það, að þeir kunna manna bezt að stilla orðum sínum í gott hóf, þó að jafnvel hafi verið stundum vikið af þrengsta vegi dyggðarinnar hvað fjármálastjórnina snerti af þeirra hálfu, sem hafa haft hana á hendi. Það vakti þess vegna vissulega athygli og það langt út fyrir sali Alþingis, þegar athugasemdir yfirskoðunarmanna nú urðu kunnar, og það alveg sérstaklega athugasemdirnar varðandi hinn víðfræga rekstur togarans Brimness. En það voru nokkrar aðrar athugasemdir, sem einnig vöktu nokkra athygli, t. d. eins og aths. nr. 36 við ríkisreikninginn, þ. e. a. s. varðandi útgáfu áróðursbæklingsins „Viðreisnar", og reyndar mætti þar telja fleiri. En það er þó eingöngu Brimnesmálið, sem varðar afgreiðslu þessa máls, og ágreiningur um það, sem hefur klofið fjhn. um afgreiðslu

þessa frv. til samþykktar á ríkisreikningnum, því að þar skilur á milli, að Brimnesmálið er að ýmsu leyti óupplýst, en hvað viðkemur öðrum aths. yfirskoðunarmanna, þá liggja málin miklu ljósar fyrir og raunar að mestu leyti í augum uppi, hvað þar er um að vera.

Eins og öllum má vera ljóst, eru yfirskoðunarmenn ríkisreikninga fyrst og fremst trúnaðarmenn kosnir af Alþingi, til þess kjörnir að hafa sem nánasta gát á því, að ríkisstj. fari með fjármálavald sitt eftir fyrirmælum Alþingis, eins og þau felast í fjárlögum og öðrum lögum, sem varða fjárhagsmál, og til þess að gæta hagsmuna ríkisins í hvívetna og til þess að gefa Alþingi skýrslu í formi athugasemda, þegar þeir telja, að brugðið sé út af fyrirmælum þess eða vanrækt að gæta hagsmuna ríkisins í fjármálaviðskiptum þess við aðra aðila, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Mér finnst, að Brimnesmálið sé alveg táknrænt dæmi um það, að ríkisstj. geri hvort tveggja í senn — og það án nokkurrar nauðsynjar — að fara langt út fyrir takmörk þeirra heimilda til fjárútláta, sem fjárlög setja, og jafnframt að halda alveg sérstaklega illa á málum með hliðsjón af beinum hagsmunum ríkisins. Þetta mál er þess vegna stórmál, ekki fyrst og fremst vegna þeirra fjárhæða, sem um er að ræða, því að þær eru ekki stórar, miðað við annað á þessum síðustu tímum, heldur vegna þess, að afdrif þess hljóta að marka eða geta a. m. k. markað það mjög í framtíðinni, hvað einni ríkisstj. telst sæmandi að ganga langt út fyrir allar heimildir, sem henni hafa verið veittar af Alþingi, og hve illa hún má gæta beinna hagsmuna ríkisins í viðskiptum við aðra aðila, án þess að hv. Alþingi telji sér skylt að gera sérstakar ráðstafanir. Í slíku máli hlýtur það að vera höfuðatriði, að það sé upplýst fyrir Alþingi, að það fái vitneskju um öll málsatriði, svo að það geti byggt hugsanlegar aðgerðir sínar á staðreyndum í öllum atriðum.

Það er langt frá því að vera rétt, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. hélt hér fram áðan, að það væri ekki hægt í sambandi við afgreiðslu ríkisreiknings að gera neinar sérstakar ráðstafanir af hálfu Alþingis. Fyrst og fremst er um það að ræða, að oft og tíðum beina yfirskoðunarmenn athugasemdum sínum til sérstakra aðgerða Alþingis, og þó að slíkt sé ekki um að ræða að þessu sinni, er það vitanlega alltaf á valdi Alþingis hverju sinni að gera sínar ráðstafanir, jafnvel þótt yfirskoðunarmenn hafi engar tillögur um það gert. En til þess að Alþingi sé fært um það að gera slíkar ráðstafanir, hlýtur það að vera höfuðatriði, eins og ég sagði, að það fái allar hugsanlegar upplýsingar, sem fyrir liggja, og það virðist alveg óhugsandi annað en alþm., nefndir, sem ætlað er að fjalla um ríkisreikninginn, og hv. Alþingi í heild eigi bæði stjórnarfarslegan og siðferðilegan rétt á að fá í þvílíku máli allar þær upplýsingar, sem eru fyrir hendi, því að annars er í raun og veru verið að gera þessum aðilum algerlega ófært að gegna skyldum sínum, þeim skyldum sínum að gera viðeigandi ráðstafanir eða tillögur um ráðstafanir í samræmi við sannfæringu sína og samvizku. En nú hafa þau undur, vil ég segja, skeð, að hæstv. fjmrh. hefur synjað minni hl. fjhn og í raun og veru nefndinni allri, því að ég ætla, að það sé ekki rangt, að meiri hl. hafi einnig verið því mjög hliðhollur, að nefndin fengi þær upplýsingar, sem við í minni hl. fórum fram á, og ég vil ekki — reyndar andstætt því, sem hv. frsm. 1. minni hl. hélt fram, skella þar skuldinni á meiri hl. nefndarmanna, því að ég get alveg viðurkennt það, að það var rétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér, að það var full tilhliðrunarsemi sýnd af hálfu meiri hl. n., og ég hef fulla ástæðu til þess að halda, að þeir hafi verið sama sinnis og við, að þeir hafi talið, að það væri óhæfa, að nefndin fengi ekki þessi gögn í hendur. En eins og ég sagði, þá hefur það nú skeð, að hæstv. fjmrh. hefur synjað þeirri nefnd, sem um þetta mál átti að fjalla, um að fá að sjá þau málsskjöl, sem vitað er að eru fyrir hendi og e. t. v. — það er ekki hægt að fullyrða um, fyrr en menn fá að sjá skjölin — geta skýrt þetta mál allt til fulls eða a. m. k. að svo miklu leyti, sem það yfirleitt verður skýrt. Ég tel, að þessi ráðabreytni hæstv. ráðh. sé svo fráleit, að engu tali taki. Ríkisreikningur, sem lagður hefur verið fram á Alþingi til samþykktar, til synjunar eða til sérstakra aðgerða af hálfu Alþingis í einstökum atriðum, er vissulega ekki orðinn neitt einkamál hæstv. ráðh., og hann er yfirleitt ekki fremur í hans höndum en hvers annars hv. alþm., sem vera skal. Og hann hefur þá heldur engar heimildir til þess að halda neinu, sem ríkisreikninginn varðar, leyndu fyrir Alþingi, hvorki skýrslum umboðslegu endurskoðendanna né öðrum gögnum, sem geta haft áhrif á afstöðu til reikningsins í heild eða geta haft áhrif á aðgerðir Alþingis varðandi eitthvert sérstakt mál, sem reikningurinn felur í sér.

Eins og fram hefur komið, er nú ekki frekar en áður um það að ræða, að það sé ágreiningur um tölulega niðurstöðu reikningsins, og þess vegna hefðu án efa allir getað mælt með samþykkt hans. En það, sem nú orðið a. m. k. er orðið aðalatriði þessa máls, er synjun hæstv. fjmrh. á þeirri kröfu minni hl. í fjhn. að láta henni í té fyrirliggjandi gögn varðandi óupplýst atriði, sem gætu varðað hugsanlegar aðgerðir af hálfu Alþingis. Og ég vil segja a. m. k., að eftir að þessi synjun er komin fram, þá er það atriði, sem varðar meðferð hæstv. ríkisstj. á fyrirmælum Alþingis í sambandi við Brimnesmálið, í raun og veru orðið aukaatriði, sem engin ástæða er þó til að gleyma. Það skal alveg fúslega viðurkennt af mér, að ég hef ekki kynnt mér þetta svonefnda Brimnesmál til neinnar hlítar og raunar alls ekki að öðru leyti en því, að ég hef lesið vandlega yfir þær athugasemdir, sem koma fram í ríkisreikningnum frá yfirskoðunarmönnum. Og það er því fjarri mér, að ég ætli að gerast einhver dómari um það, hvað hugsanleg og meint brot Axels Kristjánssonar eru alvarleg, því að eins og hefur komið fram, bæði í aths. yfirskoðunarmanna og raunar eins í bréfi skilanefndar, sem hér var lesið áðan, þó að vissulega megi segja, að ekki batni málið við það að hafa hlýtt á þann lestur, að samt sem

áður er málið, eins og það liggur fyrir í aths. ríkisreikninga, enn á athugunarstigi, rannsóknarstigi að ýmsu leyti og mjög margt óljóst.

Það er líka augljóst, að hæstv. fjmrh., bæði núv. og fyrrv., verða út af fyrir sig ekki sakfelldir fyrir það, þó að misferli eigi sér stað hjá einhverjum viðskiptaaðila ríkisins, og jafnvel ekki þó að ríkið verði fyrir beinu tjóni af þeim sökum, ef hann hefur í þeim viðskiptum frá upphafi til enda farið eftir fyrirmælum Alþingis og leitazt við að tryggja hagsmuni ríkisins á hverju stigi viðskiptanna, eftir því sem unnt var og krafizt verður. En nú sýnist mér, að það liggi augljóst fyrir, að hvorugt þetta hafi átt sér stað í Brimnesmálinu, þegar m. a. eftirfarandi staðreyndir eru hafðar í huga: Í fyrsta lagi, að í 22. gr. fjárlaga 1959 var ríkisstj. heimilað að gera botnvörpunginn Brimnes út til 1. sept. 1959, en hann var hins vegar gerður út í algeru heimildarleysi frá 1. sept. 1959 til maíloka 1960, og eins og kunnugt er, fóru tveir fjmrh. með völd á því tímabili. Það er af þessu augljóst, að útgerð togarans í níu mánuði af röskum tólf, sem útgerð hans stóð yfir, hefur verið með öllu heimildarlaus. Og það tjón, sem vafalaust er mjög mikið, sem ríkissjóður hefur beðið við það, að farið hefur verið svo geipilega langt út fyrir þá heimild, er því raunverulega á ábyrgð hæstv. ráðh. eða ríkisstj. þeirra. Í öðru lagi er það, að engir skriflegir samningar voru gerðir um útgerðina, þegar hún var fengin Axel Kristjánssyni í hendur, hvorki um það, hvernig útgerðinni skyldi hagað í aðalatriðum, né neitt annað, ekki heldur um svo sjálfsagt atriði eins og það, hvaða þóknun viðkomandi maður skyldi fá fyrir að gegna þessu starfi að sjá um útgerðina. Og í þriðja lagi, að ekkert eftirlit hefur nokkru sinni á því tímabili, sem þarna ræðir um, verið haft með útgerðinni af hálfu hæstv. ríkisstj., og engra reikningsskila virðist hafa verið krafizt, fyrr en Axel Kristjánsson eftir eigin ákvörðun, en ekki eftir ákvörðun hæstv. ríkisstj. eða ráðh., hætti að reka skipið og tilkynnti ríkisstj. það með bréfi 25. maí 1960. Það virðist sem sagt hafa verið meiningin, að hann skyldi halda áfram að reka þessa útgerð algerlega eftirlitslaust, svo lengi sem honum þóknaðist. A. m. k. liggur fyrir, að það er ekki að tilmælum hæstv. ríkisstj., að þessi maður hættir útgerðinni. Hann hefði þess vegna getað haldið henni áfram enn í dag á ríkisins kostnað.

Ég hjó eftir því, þegar bréf skilanefndarinnar var lesið hér áðan, að þar var talið, að 31. maí hefðu átt að vera allt að 600 þús. kr. í sjóði hjá útgerðinni, og virðist af því og ýmsu öðru, að það sé ekki svo lítið tjón, — og getur hver maður sagt sér það sjálfur, — sem orðið hefur á útgerðinni á því tímabili, sem hún var rekin í algeru heimildarleysi. Og það er a. m. k. algerlega augljóst, að þessi sjálfskaparvíti hæstv. ríkisstj. og reyndar þeirrar fyrrv. einnig eigi mjög drjúgan þátt í þeirri óreiðu, sem hefur átt sér stað í þessari útgerð, og misferli, sem hefur átt sér stað í sambandi við hana. Í aths. yfirskoðunarmanna er það svo rakið, eftir því sem fyrirliggjandi gögn þá bentu til, að mikil óregla hafi verið á bókhaldi útgerðarinnar, og eftir að hafa skilað útgerðinni af sér, þá séu óumdeilanlega bókhaldsskekkjur og aðrar skekkjur, sem ekki séu rannsakaðar til hlítar, að upphæð a. m. k. 660 þús. kr., sem allar halli á ríkissjóð, en auk þess fleiri, sem séu grunsamlegar og nemi hundruðum þúsunda. Eftir að yfirskoðunarmennirnir hafa rakið þetta, ljúka þeir svo aths. sinni með svofelldri ályktun:

„Yfirskoðunarmenn álíta, að ekki sé viðunandi, að þessu máli sé ekki ráðið til lykta svo fljótt sem verða má og það rannsakað til fulls. Frekari dráttur á afgreiðslu málsins getur ekki orðið til gagns eða neinum til góðs."

Hæstv. fjmrh. svarar svo þessari niðurstöðu yfirskoðunarmanna með eftirfarandi:

„Ráðuneytið hefur fullan hug á því, að reikningsskilum þessarar útgerðar ljúki sem allra fyrst. Hefur ríkisendurskoðanda verið falið málið, og vinnur hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós eða eigi hafa verið skýrð á fullnægjandi hátt, og leggur ráðuneytið áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað svo sem verða má."

Í till. yfirskoðunarmanna, eftir að þessi yfirlýsing frá hæstv. ráðh. liggur fyrir, segir svo að lokum, að rn. hafi lýst því yfir, að reikningsskilum og rannsókn þessa máls verði hraðað svo sem föng eru á og það upplýst til fulls, afgreiðsla málsins sé því til athugunar framvegis. Í svari rn. segir, eins og ég las, að ríkisendurskoðanda hafi verið falið málið og hann vinni nú, þ. e. a. s. væntanlega í byrjun desembermánaðar s. l., að því að upplýsa það að fullu. Síðan er nú liðið á fjórða mánuð, og eins og hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. upplýsti hér áðan, barst fjhn. sú vitneskja fyrir alllöngu, að ríkisendurskoðandi hefði lokið sínu verki, sem væntanlega hefur verið í því fólgið, eins og hæstv. fjmrh. tók fram í svari sínu, að upplýsa málið til fulls, og að hann hafi sent ráðh. endanlegar niðurstöður þessarar rannsóknar.

Þegar þessi vitneskja hafði borizt okkur í n., þá er það, að við í minni hl. krefjumst þess, að n. fái að kynna sér þessa lokaniðurstöðu þessarar athugunar, sem fjmrh. hafði í svari sínu við aths. ríkisendurskoðanda talið að mundi upplýsa málið til fulls. Við fengum fljótlega þau svör við þessu, að hæstv. ráðh. hefði enn ekki haft tíma til að kynna sér skýrsluna og niðurstöður þessarar rannsóknar og við gætum því ekki fengið að sjá þetta að svo stöddu. Síðan eru liðnar nokkrar vikur, og annaðhvort er, að hæstv. ráðh. hefur ekki enn getað leyft sér sakir embættisanna við önnur störf að kynna sér þetta mál, eða þá, sem virðist líklegra, þegar svo langur tími er liðinn, að hann vilji alls ekki, að þn. eða hv. Alþingi fái þær upplýsingar, sem í þessari fullnaðarrannsókn felast, og fyrirheit hans um það að upplýsa þetta mál að fullu og svo fljótt sem verða má eru sem sagt efnd á þann hátt að halda leyndu fyrir hv. Alþingi skýrslum og upplýsingum og jafnvel endanlegum niðurstöðum í málinu. Það er fyrst og fremst þetta, sem við í minni hl. viljum ekki una, og þess er vissulega að vænta, að hv. þd. vilji ekki heldur una því, að hún sé leynd mikilsverðum

gögnum, sem henni eru nauðsynleg, til þess að hún geti byggt afstöðu sína á öruggum staðreyndum. Eða er e. t. v. svo komið, að sérstaklega þurfi að minna meiri hl. hv. alþm. á það, að þeir eru miklu fremur húsbændur hæstv. fjmrh. en hjú hans, og þá jafnframt hæstv. fjmrh. á það, að hann er enginn einræðisherra, sem getur leyft sér að storka þingheimi með því að neita að upplýsa mál eins og það, sem hér ræðir um, og halda leyndum gögnum, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninga leggja áherzlu á að sé aflað og vitað er, að eru fyrir hendi? Eða telur hæstv. ráðh., að viðskipti hans og fyrirrennara hans við Axel Kristjánsson séu ríkisleyndarmál? Telur hann það? Og hverju getur yfirleitt verið hér að leyna, sem Alþingi og raunar öll þjóðin, úr því sem komið er, hafa ekki fyllsta rétt á að fá að vita?

Vissulega er öll forsagan í þessu máli og frammistaða tveggja fjmrh. í því þvílík, að þar virðist ekki vera á neitt bætandi fyrir þá um auknar grunsemdir, heimildarlaus hallarekstur, afhending milljóna af almannafé án trygginga og eftirlits eða samninga af nokkru tagi virðast vera alveg nægileg sakarefni, þó að eftirleikurinn sé ekki eins og þessi síðustu viðbrögð benda til að þau verði.

Engan veginn getur verið um það að ræða, að dragi úr grunsemdum, hvorki í garð hæstv. ráðh. né heldur þess manns, sem þarna á sérstakan hlut að máli, við slík vinnubrögð. Ef Axel Kristjánsson er ekki sekur eða minna sekur en yfirskoðunarmenn gefa tilefni til að álíta, þá virðist mér eina leiðin til þess að hreinsa hann af ásökunum um misferli, sem hann kann að vera saklaus af, að fram fari fullkomin rannsókn, réttarrannsókn, ef ekki vill betur til, nema þá því aðeins að endanleg rannsókn ríkisendurskoðanda, sem átti skv. fullyrðingum hæstv. ráðh. að upplýsa málið til fulls, hafi kollvarpað öllum ásökunum yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna í garð þessa manns og í garð hæstv. ríkisstj. Og ef svo er, þá er það vissulega ekki lítill ábyrgðarhluti af hálfu hæstv. fjmrh. að halda leyndum gögnum, sem gætu hreinsað þennan mann af þungum ásökunum. Ef hins vegar rannsókn ríkisendurskoðanda staðfestir þær ásakanir, sem yfirskoðunarmenn bera á þennan viðskiptaaðila ríkisins, þá er það auðvitað líka augljós skylda hæstv. ráðh. eða Alþingis eftir atvikum að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við það.

Það er þess vegna alveg sama, hvernig þetta mál er skoðað, að sú ákvörðun hæstv. fjmrh. að neita að gefa upplýsingar, sem hann hefur í höndum, er óverjandi með öllu og hlýtur að ýta undir enn þá verri grunsemdir en enn hafa komið fram í þessum málum. Eins og þetta mál liggur nú fyrir, virðist mér, að engin sæmileg leið sé til fyrir hv. þd. til þess að afgreiða það endanlega eins og sakir standa. Hv. d. hlýtur að gera þá kröfu til hæstv. fjmrh., að öll fyrirliggjandi gögn séu lögð á borðið, svo að hún fái eftir réttum upplýsingum mótað sína afstöðu. Til þess að þrýsta á þá kröfu, sem virðist ekki vera vanþörf á, sýnist mér eðlilegast, að hv. d. samþykki að fjalla ekki frekar um þetta frv., fyrr en hæstv. ráðh. hefur veitt fjhn. eða allri hv. d. þær upplýsingar, sem enn er haldið leyndum fyrir okkur.

Ég hef þess vegna leyft mér að flytja með nál. mínu, sem að vísu hefur enn ekki verið útbýtt, dagskrártillögu, sem felur slíka frestun í sér, og ég tel, að ef hv. d. féllist á þá till., þá væri skapað glöggt fordæmi og eftir því sem nú virðist alveg nauðsynlegt fordæmi um það, að hv. Alþingi eigi fullan rétt á því að fá í sínar hendur allar fyrirliggjandi upplýsingar varðandi ríkisreksturinn og að ráðh. verði ekki, hvorki nú né síðar, liðið að ögra valdi Alþingis með því að halda slíkum upplýsingum leyndum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1960 liggur hér fyrir til afgreiðslu, og vekur það í fyrsta lagi nokkra undrun, að hv. frsm. minni hl. fjhn., sem hafa ekki borið gæfu til þess að geta skilað sameiginlegu áliti í þessu máli, hvorugur þeirra hefur í rauninni gert ríkisreikninginn, fjárstjórn og afkomu ríkisins á árinu 1960, að umtalsefni, að öðru leyti en því, að hv. frsm. 2. minni hl., sem síðast talaði, minnti á það, að þetta ár væri fyrsta starfsár núv. ríkisstj. Nú hefði maður getað látið sér detta í hug, að þessir hv. þm. og meðlimir fjhn. teldu það einhverju máli skipta, þannig að rétt væri a. m. k. að minnast á það, hvernig tókst til um fjárstjórn og afkomu ríkissjóðs og ríkisstofnana á þessu ári. En það er eins og þessa hv. þm. skipti það engu máli og þeir telji einnig, að þingheim og þjóðina skipti það ekki nokkru, hvernig það hefur farið úr hendi, t. d. hvort greiðsluhalli eða greiðsluafgangur hafi verið hjá ríkinu. Þeim virðist ekki ástæða til þess að nefna það, þó að orðið hafi greiðsluafgangur á þessu ári, og hefur það þó verið undanfarinn áratug mjög sitt á hvað, að halli og afgangur hefur orðið, eða það, hvort um útgjöldin hafi verið reynt að fylgja áætlunum fjárl. og forðast umframgreiðslur. Þessa hv. þm. virðist skipta það engu, að á þessu ári, 1960, gerðist það í fyrsta skipti, að útgjöldin urðu undir áætlun, í stað þess að þau hafi jafnan í sögunni áður orðið yfir áætlun fjárl. og oft og tíðum um mjög verulegar umframgreiðslur að ræða.

Ég skal ekki fara út í þessi atriði frekar, en furðulegt er það, að þessir hv. þm. skuli telja öll meginatriðin í ríkisreikningnum og fjárþörf ríkisins og afkomu þess engu máli skipta. Þeir hafa varið öllum sínum ræðutíma hér til þess að ræða um eitt tiltekið mál, sem nú er í athugun og rannsókn, og verið með harðorðar árásir og dylgjur, vil ég segja, í minn garð, sem allt saman er byggt á hugarburði og sandi einum saman.

Varðandi meðferð reikningsins er ástæða til þess aðeins að minnast á hann.

Sá hafði verið háttur hér um margra ára skeið, að Alþingi fékk ekki ríkisreikning til samþykktar og endanlegrar afgreiðslu fyrr en yfirleitt þremur eða fjórum árum eftir reikningsárið. Það var öllum ljóst, að slíkur seinagangur var ekki heppilegur fyrir fjárstjórn

ríkisins. Hvert einasta sæmilega rekið fyrirtæki telur það skyldu sína að gera upp sína reikninga sem fyrst eftir lok reikningsárs, fá þá endurskoðaða og afgreiða þá endanlega af þeim aðila, sem það á að gera. Flest fyrirtæki munu á næstu mánuðum eftir lok reikningsárs sjá um, að þetta sé gert. En sjálft Alþingi Íslendinga, sem er endanlegur úrskurðaraðili um ríkisreikninga, hefur ekki fengið reikningana til úrskurðar og meðferðar fyrr en mörgum árum eftir að reikningsárinu var lokið. Þessi óstjórn, vil ég segja, á uppgjöri og fjármálum, sem tíðkazt hefur hér alllengi, var náttúrlega síður en svo til fyrirmyndar og jafnvel stórhættuleg.

Eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. var að gera hér umbætur á, að hraða uppgjöri, prentun ríkisreikninga og leggja sem fyrst fyrir Alþingi frv. til endanlegrar afgreiðslu á reikningnum. Þegar ég tók við starfi fjmrh. seint á árinu 1959, lá það fyrir, að það var ekki einu sinni farið að leggja fyrir Alþingi frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957. Það voru gerðar ráðstafanir til þess að hraða þessu og gera hreint borð, og á árinu 1960 voru afgreiddir hér á Alþingi endanlega tveir ríkisreikningar. Vorið 1960 var reikningurinn fyrir fyrsta ár vinstri stjórnarinnar, árið 1957, loksins afgreiddur. Í desember sama ár var reikningurinn fyrir árið 1958, annað ár vinstri stjórnarinnar, afgreiddur. Reikningurinn fyrir 1959 var lagður fyrir Alþingi til samþykktar í desembermánuði það ár. Það var í lófa lagið að afgreiða þann reikning fyrir áramót, og hefði það þá gerzt í fyrsta sinn, að Alþingi hefði sýnt þann myndarskap af sér að afgreiða endanlega ríkisreikning á næsta ári eftir reikningsárið. En hvað gerðist? Framsfl. taldi sér það skylt að tefja afgreiðslu þess reiknings, og flokkurinn eða málsvarar hans lýstu því yfir, að þeir mundu gera það, sem í þeirra valdi stæði, til þess að hindra, að reikningurinn næði afgreiðslu fyrir áramót. Þar sem tiltölulega skammur tími var eftir af þinghaldinu þá, var auðséð, að þetta mundi þeim takast, og var því ekki unnt að afgreiða reikninginn fyrr en eftir áramótin eða í febrúar. Í sambandi við þennan ríkisreikning fyrir 1959 segir meiri hl. fjhn. í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar telur það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eftir lok viðkomandi fjárhagsárs, enda þótt afleiðingin sé sú, að á skorti, að hinni umboðslegu endurskoðun sé lokið. En þess eru dæmi oft áður, að hinni umboðslegu endurskoðun hefur ekki verið lokið, þegar ríkisreikningurinn er lagður fyrir Alþingi."

Þegar málið hafði verið afgreitt út úr þessari hv. d. og kom til Nd., þá sem sagt snerust málsvarar Framsfl. þannig, að þeir höfðu í hótunum um tafir á afgreiðslu nauðsynlegra mála, ef ætlað var að afgreiða ríkisreikninginn fyrir áramót. Af þeim ástæðum var það ekki gert.

Nú gerist það í annað sinn, þegar ríkisreikningur er lagður fyrir á næsta ári eftir reikningsárið, í desember s. l., að hv. framsóknarmenn viðhafa sömu vinnubrögð. Þeir mótmæla því algerlega, að frv. um samþykkt á reikningnum sé afgreitt fyrir áramót. Og þeir hafa í bæði skiptin borið fram vissar ástæður. Í fyrra skiptið átti ástæðan að vera sú, að hinni umboðslegu endurskoðun hafi ekki verið nándar nærri lokið. Það var að sjálfsögðu bent á það, að því færi fjarri, að þetta hefði nokkru sinni verið talin ástæða til þess að fresta afgreiðslu ríkisreiknings, því að hin umboðslega endurskoðun hefur jafnan verið varðandi sumar stofnanir nokkur ár á eftir, og vitanlega hefur það engin áhrif, eftir að búið er að gera upp reikning og prenta hann, þá hefur það engin áhrif á hann sjálfan, reikninginn fyrir það ár, þó að við hina umboðslegu endurskoðun kæmu fram einhverjar athugasemdir eða einhverra breytinga væri þörf, því að það kemur að sjálfsögðu fram í næsta reikningi á eftir. Þetta voru því tylliástæður einar. Nú var gripið til annarra ástæðna. Ástæðan til þess, að ekki væri hægt að afgreiða frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1960 fyrir jól, var sú, að hv. framsóknarmenn þyrftu að rannsaka alveg sérstaklega útgerð og rekstur togarans Brimness, og þess vegna væri ekki hægt að samþykkja ríkisreikning fyrir árið 1960. Vegna andstöðu þeirra var því ekki hægt að afgreiða reikninginn.

Nú verður mönnum að spyrja, af því, eins og ég kem að síðar, þá er þetta ekki ástæða, heldur átylla, — nú verður mér að spyrja: Hvernig stendur á þessu ofurkappi, sem framsóknarmenn leggja á það að hindra, að ríkisreikningur fái endanlega afgreiðslu Alþingis á næsta ári eftir reikningsár? Hv. frsm. 1. minni hl. lýsti nú hér yfir, að ríkisreikningnum lægi hreint ekkert á. Ríkisreikningnum liggur ekkert á, sagði hann. Það er gamla Framsóknarsjónarmiðið, að það sé alveg jafngott og kannske betra, að ríkisreikningurinn verði dálítið gamall og slái í hann, megi bíða 3—4 ár og Alþingi eða fjármálastjórn ríkisins hafi þannig þau vinnubrögð, sem mundu þykja til vansæmdar í hverju sæmilega reknu fyrirtæki, að gera ekki upp sína reikninga fyrr en mörgum árum eftir á. Hvort ástæðan er sú, að hv. framsóknarmenn geti ekki hugsað sér, að umbætur séu gerðar í þessum efnum frá því, sem var, þegar þeir réðu, — það má vel vera, að það sé meginástæðan og þess vegna stafi þessi andstaða þeirra nú tvö þing í röð gegn eðlilegri afgreiðslu ríkisreiknings, hún stafi af tregðu þessa hæggenga flokks, sem kennir sig við framsókn, við að sætta sig við umbætur. En heldur er nú lítilmannlegt að hafa þann hugsunarhátt annars vegar að geta ekki sætt sig við, að umbætur séu gerðar í jafnsjálfsögðum málum og hér er, eða geta ekki unnt ríkisstj. þess að gera þessa hluti betur en þeir sjálfir gerðu, meðan þeir fóru með fjárstjórnina. Þetta er nauðsynlegt að minna hér á, vegna þess að þetta er Framsfl. til svo mikillar vansæmdar, að hann skuli hegða sér þannig þing eftir þing, að það verður einnig ákaflega leitt að þurfa að vera að ræða svona hluti. Hins vegar er það nauðsynlegt til skýringar á ýmsu öðru í sambandi við þessi mál.

Í þetta skipti er aths. sú, sem yfirskoðunar-

menn ríkisreikninga gera út af rekstri togarans Brimness, aths. nr. 39 í þeirra aths. Hún er notuð sem átylla og hefur verið notuð sem átylla til þess að tefja afgreiðslu ríkisreikningsins frá 11. des. og fram til þessa dags. Nú er það athugandi, hvort nokkur heil brú er í þessari afstöðu. Í fyrsta lagi er þess að geta, að hvaða afgreiðslu og endalok sem þetta svokallaða Brimnesmál fær, þá getur það vitaskuld ekki breytt einum staf og ekki einni tölu í ríkisreikningnum fyrir 1960. Hann liggur fyrir endanlega uppgerður og hver sem niðurstaðan verður af rannsókn, uppgjöri, málaferlum eða hverjar aðgerðir sem yrðu í sambandi við Brimnessmálið, þá getur það ekki haft nokkur minnstu áhrif á ríkisreikninginn. Ef þetta mundi leiða til einhverra breytinga á niðurstöðum, þá kemur það vitaskuld fram í ríkisreikningum á næstu árum, þannig að það er auðvitað ekki vottur af röksemdafærslu í þessu, að vegna þess að þetta svokallaða Brimnesmál liggi ekki fyrir endanlega, endanlegar niðurstöður liggi ekki fyrir í því, það séu rök fyrir því að fresta samþykkt frv. um ríkisreikning.

Við skulum nefna dæmi. Stundum hafa á undanförnum árum komið upp vandræða- og óreiðumál hjá einstökum ríkisstofnunum eða starfsgreinum. Rannsókn þeirra og endanlegt uppgjör hefur oft og tíðum tekið mörg ár. Hvenær hefur nokkrum alþm. eða öðrum dottið í hug, að ríkisreikningum fyrir viðkomandi ár ætti að fresta og láta þá bíða kannske 2—3—4 ár, þangað til endanlegum málarekstri er lokið? Slíkt dettur auðvitað engum í hug. Í annan stað er þess að geta, að samþykkt þessa frv. um ríkisreikninginn, hvort ríkisreikningurinn er samþykktur nú eða síðar, hefur auðvitað ekki minnstu áhrif á gang þessa Brimnesmáls. Meðferð þess enn hefur farið fram eftir eðlilegum embættislegum reglum í þeim ráðuneytum, sem þar eiga hlut að máli, og hvort ríkisreikningi er frestað í nokkrar vikur eða mánuði eða 1—2 ár, hefur það ekki minnstu áhrif á gang þess máls. Þessar ástæður eða átyllur, sem fram eru bornar, að þetta mál þurfi að fresta ríkisreikningnum, eru engin rök. Það eru engar ástæður og engin rök og engin heil brú í þessu.

Það er svo rétt að víkja aðeins að meðferð þessa máls. Hinni ýtarlegu aths. yfirskoðunarmanna var svarað af hálfu fjmrn. á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, að ráðuneytið hafi „fullan hug á því, að reikningsskilum þessarar útgerðar ljúki sem fyrst. Hefur ríkisendurskoðanda verið falið málið, og vinnur hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós eða eigi hafa verið skýrð á fullnægjandi hátt, og leggur ráðuneytið áherzlu á, að þeirri rannsókn sé hraðað svo sem verða má.“ Hver er svo niðurstaða yfirskoðunarmanna eftir þetta svar ráðuneytisins? Afstaða yfirskoðunarmanna er ekki sú að vísa málinu til aðgerða Alþingis og ætlast þar með til, að Alþingi geri sérstaka ályktun um málið. Það hefur oft komið fyrir áður, og ég ætla, að flest, ef ekki öll ár fram að 1960 hafa yfirskoðunarmenn vísað einhverjum athugasemdum sínum eða einhverjum málsatriðum til aðgerða Alþingis. Í sambandi við þennan reikning er ekki einu einasta atriði vísað til aðgerða Alþingis, ekki þessu heldur. Yfirskoðunarmenn telja því svarið í rauninni fullnægjandi, enda er það alveg í samræmi við þeirra eigin óskir um, að rannsókn sé haldið áfram og hraðað, eftir því sem föng eru á.

Varðandi þetta Brimnesmál sjálft, þá hef ég í þinginu fyrir að ég ætla mánuði í sambandi við tillögu, sem liggur fyrir í Nd. um málið, skýrt frá því, að þegar útgerð Axels Kristjánssonar á Brimnesi lauk, var af hálfu ráðuneytisins þegar í stað gerð gangskör að því að krefjast reikningsskila. Þegar reikningsskil bárust ráðuneytinu, var skipuð skilanefnd til athugunar á þeim og til þess að hafa umsjón með endurskoðun reikninganna. Endurskoðunina framkvæmdu tveir starfsmenn ríkisendurskoðunarinnar á vegum skilanefndarinnar. Eftir að endurskoðun var lokið og skilanefnd hafði afhent athugasemdir sínar, taldi fjmrn. rétt að fá umsögn ríkisendurskoðanda um málið, og er málið nú til lokaathugunar í ráðuneytinu.

Í sambandi við meðferð ríkisreikningsins í fjhn. var óskað eftir því að fá upplýsingar og gögn um málið hjá ríkisendurskoðanda. Ég taldi það, þegar sú málaleitun kom, alveg sjálfsagt, og ríkisendurskoðandi, sem hv. frsm. 1. minni hl., Karl Kristjánsson, sneri sér til, veitti honum aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum, sem þessi hv. þm. óskaði eftir. Og ég spurði ríkisendurskoðanda í dag til frekara öryggis um það, og hann endurtók, að hann hefði fengið allar þær upplýsingar og gögn um málið, sem hann hefði óskað eftir, og hefur hann því ekki yfir neinu að kvarta í þeim efnum. Það, sem þessi hv. þm. og frsm. hins minni hl. belgja sig svo hér upp út af, er það, að eitt tiltekið bréf, sem þeir segjast hafa frétt að ríkisendurskoðandi hafi sent ráðh., hafi þeir ekki fengið til yfirlesturs og birtingar. Það, sem hér er um að ræða, er það, að ríkisendurskoðandi ritaði mér fyrir nokkru trúnaðarbréf, tók það sjálfur fram, að þetta væri trúnaðarmál, og skrifaði það eigin hendi á þetta bréf. Í þessu bréfi eru út af fyrir sig engar nýjar upplýsingar um málið, sem ekki liggja fyrir áður. Það, sem þetta bréf fjallar um, er í rauninni athugun á því, hvernig eigi að snúast við þessu máli, þ. e. a. s. hvernig málsmeðferð og afgreiðsla þess eigi að vera. Nú er það í fyrsta lagi, að ég fullyrði, að allar þær upplýsingar, sem liggja fyrir í þessu máli, hafa verið afhentar þessum hv. þm., Karli Kristjánssyni, sem hann bað um, og það hefur engu verið leynt. Hitt er svo annað mál og sýnir hugsunarhátt og skilning þessa hv. þm. á meðferð opinberra mála, að hann viðhefur hin hörðustu orð um mig fyrir það, að ég skuli ekki rjúfa trúnaðarheit og afhenda honum til birtingar opinberlega skjal, sem einn embættismaður ríkisins hefur afhent mér sem trúnaðarmál. Varðandi meðferð slíkra mála almennt, þá hlýtur það öllum mönnum að vera ljóst, að þegar einstakir embættismenn eða starfsmenn í ráðuneyti hafa mál til meðferðar og láta viðkomandi ráðh. fá álitsgerðir eða hugleiðingar um mál, sem þeir óska eftir á því stigi að séu

trúnaðarmál, ef þá ætti að verða við ósk einhvers og einhvers þm., hvenær sem er, og birta þetta opinberlega, hvar stæðu menn þá? Ég er svo undrandi yfir því, að þessi hv. þm., frsm. 1. minni hl., skuli halda þessu fram, vegna þess að hann veit það og ég var búinn að skýra honum frá því áður, að þetta bréf, sem hann er alltaf að heimta fram lagt, var trúnaðarmál og tekið fram munnlega og bréflega af hálfu ríkisendurskoðanda. Mér var því hvorki heimilt né skylt að afhenda þetta bréf til birtingar. Og það, sem fyrir þessum hv. þm. vakti, var auðvitað ekkert annað en fá þetta til þess að lesa hér upp í þinginu og þar með gera það að blaðamáli. Ég tel, að þá hefði ég verið ámælisverður, hefði ég rofið þennan trúnað, og brugðizt þar með skyldum mínum að mínu áliti.

Þeir hv. frsm. minni hl. hafa slegið því hér föstu, að ríkisendurskoðandi hafi lokið rannsókn málsins, upplýst öll atriði, sem voru óupplýst, og skilað mér endanlegri grg. um málið. Þetta er allt saman eintómur misskilningur. Ríkisendurskoðandi hefur alls ekki skilað neinni endanlegri grg. um þetta mál. Hann hefur skilað mér þeirri álitsgerð sem trúnaðarmáli, sem ég gat um. Og það eru viss atriði í þessu máli, sem enn eru óupplýst.

Hv. frsm. 1. minni hl. hefur látið blað sitt, Tímann, birta viðtal við sig í dag, þar sem því er slegið upp á forsíðu með myndarlegri fyrirsögn, að þingnefnd fái ekki að sjá reikninga Brimness. Mér er spurn: Hvernig dettur þessum hv. þm. í hug að bera á borð svona staðlausa stafi? Í þeim gögnum, sem þessi hv. þm. hefur fengið, er m. a. uppgjör um rekstur Brimness, sem skilanefndin lét gera. Það má vel vera, að þessi hv. þm. hafi ekki samið sjálfa fyrirsögnina í blaðinu, en allt er þetta byggt á viðtali við hann. Sem sagt, ég endurtek, að þessi hv. þm. og minni hl. n. hefur fengið þau gögn, sem um var beðið. Það hefur engu verið haldið leyndu fyrir þeim. Þeir hafa fengið allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja í málinu, að öðru leyti en því, að þetta bréf, þessi álitsgerð ríkisendurskoðanda, sem er fyrst og fremst til athugunar á því, hvernig málsmeðferð og afgreiðslu eigi að hátta, og var algert trúnaðarmál til mín, út af þessu gera þeir þetta líka litla númer í nál., þingræðum og blaðaskrifum.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil aðeins segja það að lokum, að hv. frsm. 1. minni hl. kallaði þetta ofbeldi. Hann sagðist ætla, að það sé fordæmalaust, að ráðh. skuli hafa synjað um slíkt. Ég vil segja, að ef ég væri ámælisverður fyrir eitthvað, þá hefði það verið það að birta eða gera ráðstafanir til birtingar opinberlega á bréfi, sem einn af embættismönnum ríkisins hefur afhent mér sem trúnaðarmál.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virtist vera nokkuð mikið niðri fyrir í ræðu sinni, og undrar mig það ekki, vegna þess að bagginn, sem hann ber, er óþægilegur. Samt varð ég dálítið hissa á því, að hann byrjaði á því að lýsa því beint og óbeint yfir, að hann væri dálítið móðgaður yfir því, að minni hlutar fjhn. skyldu ekki í sambandi við þetta mál minnast á fjármál ríkisins og prýðilega frammistöðu sína, sem reikningurinn fyrir 1960 bæri með sér. Hann saknaði um þetta auðheyrilega lofsyrða. Ég get nú ekki fundið það sem sök hjá okkur minnihlutamönnum, þó að við færum ekki út í þessa sálma. Ég hygg, að hann hafi frá okkur eða okkar flokksbræðrum heyrt dóminn um fjármálamennskuna á árinu 1960 í sambandi við eldhúsdagsumr. t. d., og ég vil skírskota til þess. En á það vil ég líka minna, að meiri hl. minntist ekki á þetta heldur. Anzi var það nú miklu harðara, að stuðningsmennirnir skyldu ekki sjá ástæðu til þess að fara lofsorðum um niðurstöðuna á reikningnum. Kannske það sé þannig með hæstv. fjmrh., að hann sé svo ógæfusamur að fá ekki heldur lof hjá þeim nokkurn tíma. Núna fékk hann það ekki. Þeir gleymdu því alveg.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við framsóknarmenn værum anzi örðugir í sambandi við afgreiðslu ríkisreikninga. Hann hefði gert stóra umbót á því, að ríkisreikningarnir væru nú afgreiddir miklu fyrr en áður hefði tíðkazt, en við vildum tefja fyrir því, að þeir væru samþykktir strax og þeir væru lagðir fram. Og hann leit svo á, að þetta væri eins konar afbrýði. Nú vil ég segja það og rifja það upp, að ég hafði einhvern tíma orð um það, að mér þætti það ágætt, að lagt væri kapp á það, að reikningurinn væri sem fyrst afgreiddur, þ. e. a. s. ef hann væri þá byggður upp og undirbúinn í samræmi við það, sem þyrfti að vera, þegar Alþingi legði á hann samþykki sitt. Ég vil ekki draga úr því, að það er bót að því, að það dragist ekki í mörg ár, að ríkisreikningur sé fullgerður og frágenginn. Hann sagði sögu af því, hæstv. ráðh., að við framsóknarmenn hefðum alveg að tilefnislausu 1960, að því er snertir reikninginn 1959, byrjað að tefja fyrir honum og tekizt að tefja fyrir afgreiðslu hans, — og af því að hann sagði, að það hefði verið að tilefnislausu, þá vil ég minna á það, sem stendur í aths. endurskoðenda þá á bls. 248—249 og er 42. aths. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmönnum barst ósk um það frá fjmrh., að hraðað yrði yfirskoðun ríkisreikningsins fyrir árið 1959, eftir því sem unnt væri. Við þessum tilmælum vildu yfirskoðunarmenn verða, eftir því sem þeim væri mögulegt. Við yfirskoðun reikningsins kom í ljós, að umboðslega endurskoðunin átti mjög mikið eftir að endurskoða, og ef yfirskoðunarmenn hefðu átt að bíða eftir því, að því verki væri lokið, hefði reikningurinn ekki getað verið afgreiddur frá þeim fyrr en löngu síðar. Fyrir þessar sakir hurfu yfirskoðunarmenn að því ráði að afgreiða reikninginn frá sér svo fljótt sem þeim var mögulegt. Samkv. greinargerð frá ríkisendurskoðuninni, dags. 12. okt. s. l., hafði hún lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en hins vegar voru athugasemdir við þá óafgreiddar. Endurskoðun var ólokið á reikningum 42 aðila.“

Við framsóknarmenn vöktum athygli á því, að það væri óviðkunnanlegt, að ríkisreikningurinn hefði ekki að miklu leyti hlotið afgreiðslu

hjá hinni umboðslegu endurskoðun, áður en ætlazt væri til þess, að Alþingi staðfesti hann. Og við bentum á það, að þarna í október, þegar yfirskoðunarmenn lýsa þessu yfir, þá taka þeir einmitt fram, að umboðslega endurskoðunin er aðeins búin að ganga frá endurskoðun á 15 aðilum af 57, en hins vegar ekki búin einu sinni að ganga frá aths., — ekki ganga frá aths. við þessa 15, hinir 42 voru eftir. Þó að þessar aths. okkar tækju dálítið fartina af reikningnum 1959, þegar átti að fá hann afgreiddan í einni roku, þá álít ég, að það hafi ekki verið nema afar eðlilegt, úr því að svona stóðu sakir, og ég hygg, að hæstv. fjmrh. þurfi ekkert að telja það til afbrýði hjá okkur, þó að við vildum ekki láta svona mikla fljótaskrift eiga sér stað í þessu máli.

Þá segir sami hæstv. ráðh., að nýi ríkisreikningurinn 1960 verði fyrir þessum töfum, ekki fyrir ástæður, heldur aðeins átyllur, og hann bendir á til sönnunar því, að yfirskoðunarmenn hafi ekki verið óánægðir með þá yfirlýsingu, sem hann gaf og ég las upp í minni frumræðu, að máli þessu skyldi hraðað svo sem unnt væri og ráðuneytið hefði á það ýtt, því að þeir hefðu sem svar við þessari yfirlýsingu sagt, að þetta væri til athugunar framvegis, þ. e. a. s. ekki sagt, eins og þeir höfðu stundum gert að undanförnu í ýmsum atriðum gagnvart reikningunum, að þeir vísuðu málinu til aðgerða Alþingis, og nú stæði það hvergi í reikningnum 1960, að aths. væri vísað til aðgerða Alþingis, eins og þó hefði tíðkazt stundum áður. Má geta þess í þessu sambandi, að yfirskoðunarmenn, sem höfðu þennan hátt á oft, eru kannske orðnir þreyttir á því að vísa málum til aðgerða Alþingis, því að Alþingi hefur gert allsnarpar kröfur til þeirra um það að segja þá til um það, gera þá tillögur um það, hvað þeir ætluðust til að Alþingi gerði, en það gerðu þeir yfirleitt ekki í sambandi við þessa reikninga. Ég man svo langt, að þetta var töluvert snerpumál í umr. hér í hv. Ed., meðan Gísli Jónsson átti hér sæti, og hann gerði strangar kröfur til þess, sem eðlilegt var, að yfirskoðunarmennirnir segðu til um það með tillögum, hvers þeir ætluðust til af Alþingi, þegar þeir afgreiddu sínar aths. á þennan hátt. Og þá var ekki að fá neinar tillögur. Ég gæti trúað því, að þeir kærðu sig ekkert um að lenda oft í því að verða fyrir kröfum um beinar tillögur, sem þeir ættu að búa í hendur Alþingis. En þetta svar þeirra er, með leyfi hæstv. forseta, núna í sambandi við Brimnesmálið á þessa leið:

„Ráðuneytið lýsir yfir, að reikningsskilum og rannsókn þessa máls verði hraðað svo sem föng eru á og það upplýst til fulls. Afgreiðsla málsins er til athugunar framvegis."

Hvað þýðir þá þetta „til athugunar framvegis" hér? Sums staðar stendur hér við aths.: „Verður við svo búið að standa." „Til eftirbreytni." „Til viðvörunar framvegis." En þarna stendur: „Til athugunar framvegis." Þ. e. a. s., þeir ætlast til þess, að Alþingi fylgist með málinu. Og síðan þetta er sagt, eru liðnir meira en þrír mánuðir, og ekki er vitað enn, að nokkuð hafi gerzt, þrátt fyrir hina frómlegu yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem þeir vitna í, yfirskoðunarmennirnir og hann hefur sjálfur vitnað í. Við héldum, fjhn.-mennirnir, að eitthvað nýtt mundi geta komið fram á þessum tíma, sem liðinn er, og ég hafði fullkomlega ástæðu til þess að ætla það, vegna þess að þegar ég fór á fund ríkisendurskoðandans, Einars Bjarnasonar, til þess að fá að sjá þau gögn, sem vitnað er í af yfirskoðunarmönnum í aths. þeirra, þá var mér að vísu vel tekið og ég fékk að sjá þau gögn. Það er alveg rétt, það var ekkert undan dregið af þeim, sem ég bað um. En það voru allt gögn frá því fyrir þann tíma, sem yfirskoðunarmennirnir sömdu sínar aths. En þá sagði endurskoðandinn mér, af því að ég spurði um, hvað liði málinu, að hann væri búinn, fyrir stuttu þá, en ég hygg, að það sé um mánuður síðan þetta var, — hann væri búinn að afhenda hæstv. fjmrh. lokaskýrslu sína um málið. Ég hef fulla ástæðu til þess að ætla, að í þeirri skýrslu komi fram yfirlýsingar, sem gætu gert það að verkum, að forsvaranlegt væri af Alþingi að afgreiða ríkisreikninginn. Og það var þessi skýrsla, sem ég óskaði eftir í fjhn., að formaður n. útvegaði. Svarið var neitandi. Mig minnir, að það væri sagt, að ráðh. teldi sig ekki vera búinn að athuga þetta erindi endurskoðandans. Ætli það sé ekki rétt, eins og þá stóðu sakir? Enn liðu tímar, og aftur var um þetta beðið, og kom synjandi svar. Ég man, að í spjalli um þetta mál tókum við hv. 5. þm. Norðurl. e. fram, að það væri vel hægt að taka á móti þessari skýrslu þannig, að farið yrði með hana í nefndinni sem trúnaðarmál, ef þess væri krafizt. En ég minnist ekki að hafa heyrt það í hinu synjandi svari, að þarna væri í raun og veru um privatmál milli endurskoðandans og hæstv. fjmrh. að ræða, eins og hann vildi nú túlka að væri. Ég minnist þess ekki. Ég hef ekki heyrt það fyrr en hér áðan. (**Fjmrh.**: Ég hef ekki sagt það.) En trúnaðarmál? (**Fjmrh.**: Er trúnaðarmál og privatmál sama?) Ja, trúnaðarmál getur verið það sama og privatmál. En ef þarna væri um trúnaðarmál, venjulegt trúnaðarmál að ræða, þá gat það verið og væri eðlilegt að líta svo á, að það væri sameiginlegt trúnaðarmál ráðh. og fjhn. í þessu sambandi, eðlilegt, að það væri sameiginlegt trúnaðarmál, vegna þess að ég get ekki séð stóran mun á því, hvert verksvið er í þessu sambandi, fjmrh. eða þingnefndar. En af því að hann lagði svo ríka áherzlu á það, að hann hefði ekki mátt láta þetta í hendur nefndarinnar, þá fannst mér eðlilegast að skilja það þannig, að trúnaðarmálið hefði verið privatmál, og þá rifjaðist upp fyrir mér, að líklega væri þetta ekki fordæmalaust, eins og ég hafði þó haldið að það væri, því að ég minntist þá hins svonefnda drottningarbréfs, sem annar hæstv. ráðh. gat um að hann hefði í höndum, las að vísu, gerði þar meira en hæstv. fjmrh. hefur enn gert, að hann las einar tvær til þrjár setningar upp úr þessu bréfi, en sagði að öðru leyti, að það væri of mikið trúnaðarmál til þess, og menn kölluðu það privatmál, þ. e. a. s. litu svo á, að það væri einkabréf frá Englandsdrottningu til ráðherrans. Þetta fordæmi er sennilega fyrir hendi, hvort sem hæstv. fjmrh. telur það vera full-

nægjandi handa sér. Þeir eru að vísu, þessir ráðh., báðir útgerðarstjórar í sambandi við Brimnesmálið. Hver dregur dám af sínum sessunaut, er sagt. Ég veit ekki, hvort það kemur til greina hér.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði ekki viljað afhenda mér þetta bréf til að lesa það upp eða til birtingar í blaði. Hann hafði tök á því að setja hvaða reglur sem hann vildi um trúnaðarskyldu okkar fjhn.-manna í þessu sambandi, og ég þykist ekki hafa gefið efni til þess að ætla, að ég kynni ekki með að fara það, sem hefur verið mér í hendur látið sem trúnaðarmál, og vísa þess vegna algerlega á bug þeim ástæðum. Þær eru bara vífilengjur og undanbragðahjal.

Í þessu sambandi leyfði hæstv. ráðh. sér að segja, að ég hefði farið rangt með þetta mál í viðtali við Tímann og um það bæri frétt vott, sem stæði á forsíðu Tímans í dag. Ég hafði satt að segja ekki aðgætt þetta í Tímanum, en ég minntist þess, að blaðamaður Tímans hafði í gær spurt mig að því, hvort það væri rétt, að fjhn. hefði ekki fengið að sjá gögn, sem til væru í þessu togaramáli. Ég fór svo nú í fundarhléinu að líta í Tímann og sé, að þar er dálítil klausa, og að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. með því að telja, að ég hefði farið rangt með staðreyndir, þá vil ég biðja hæstv. forseta um leyfi til þess að mega lesa það, sem stendur í Tímanum um þetta:

„Tíminn hafði spurnir af því í gær," segir hér, „að fjármálaráðherra Gunnar Thoroddsen mundi hafa neitað þingnefnd þeirri, sem hefur ríkisreikninginn fyrir 1960 til athugunar, um aðgang að gögnum og athugasemdum ríkisendurskoðanda (E. B.) við endurskoðun á skiptum fjmrn. og Axels Kristjánssonar í Rafha og bókhald togarans Brimness. Er hér um algert einsdæmi að ræða í þingsögunni.

Tíminn sneri sér til Karls Kristjánssonar alþm., fulltrúa Framsfl. í fjhn. Ed., en nefndin hefur haft ríkisreikninginn til athugunar að undanförnu, og spurðist fyrir um sannleiksgildi þessarar lausafregnar. Karl Kristjánsson sagði, að þetta væri alveg rétt, minni hl. fjhn. hefði verið neitað um aðgang að þessum gögnum, endurskoðunargerðum ríkisbókara (E. B.) við fjárreiður og rekstur togarans Brimness. Hins vegar kveðst Karl hafa fengið að sjá fyrri skýrslur um þetta mál, þ. e. gögn þau, sem yfirskoðunarmenn byggðu aths. sínar á, en þeir höfðu talið þær skýrslur með öllu ófullnægjandi og höfðu krafizt frekari skýringar. Karl Kristjánsson sagði, að þetta væri algert einsdæmi í þingsögunni, kvaðst ekki vita um neitt dæmi slíks." — Þetta er það sama, sem ég hef sagt hér, og þó gert svolitla leiðréttingu við. — „Það má teljast furðulegt, að fjmrh. skuli svo mikið sem láta sér detta í hug að Alþingi samþykki ríkisreikning, sem yfirskoðunarmenn hafa gert svo róttækar athugasemdir við, neita svo að gefa þingnefnd kost á að kanna málið til botns og athuga endurskoðunargerðir ríkisbókara á þeim atriðum, sem endurskoðunarmenn hafa athugasemdir við. Eins og sakir standa er fráleitt, að Alþingi geti samþykkt ríkisreikninginn, og því ber skylda til að kanna til hlítar og fá fullnægjandi skýringar við athugasemdum yfirskoðunarmanna, en yfirskoðunarmenn eru sérstakir trúnaðarmenn Alþingis."

Yfir þessari klausu stendur: „Þingnefnd fær ekki að sjá reikninga Brimness."

Ég svaraði fréttamanni Tímans án þess að skrifa nokkuð eða fá að heyra, hvað hann setti á pappírinn, því að hann gerði það víst bara með einhvers konar uppkasti, þar sem hann hitti mig. Og ég skal játa, að slíkt er máske óvarlegt. En þó virðist mér, að í meginmálinu sé ekkert það sagt, sem ekki sé rétt. Hins vegar er það, að fyrirsögnin er ekki nákvæm, þar sem segir: „Þingnefnd fær ekki að sjá reikninga Brimness." Fyrirsögnin er ekki nákvæm. Ég á engan þátt í henni, en ég vildi óska þess vegna hæstv. fjmrh., að hann yrði aldrei fyrir því hjá blöðum sínum, að meira bæri út af með, að hárrétt væri skýrt frá, en hér, og það væri vel og hann mætti vera ánægður að mínu viti.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á flest þau atriði, sem ræða hæstv. fjmrh. gaf efni til, — hafi minnzt á þau öll, ég man ekki fleiri. En mér þykir það undarlegt, ef hv. þdm. líta svo á yfirleitt, að ríkisreikningurinn með sínum slóða sé kominn á það stig, að það sé viðkunnanlegt, forsvaranlegt og sómasamlegt af hv. Ed. að leggja samþykki sitt á hann. Ég lít svo á, að það væri undarlegt, ef ekkert nýtt hefur í ljós komið á þeim langa tíma, sem liðinn er, síðan hæstv. fjmrh. svaraði yfirskoðunarmönnum á þá leið, sem hér hefur margsinnis verið upplýst, að ráðuneytið hefði áhuga á því að ljúka þessu máli sem fyrst og mundi gera allt, sem unnt væri, til þess að svo mætti verða. Það er svo langur tími liðinn, að það væri undarlegt, ef ekki væri eitthvað komið í ljós meira en var, eitthvað það, sem gæfi grundvöll til þess, að hægt væri að samþykkja með góðri samvizku, — sæmilegri samvizku, skulum við þá segja, ríkisreikninginn, ella gera þá við hann þann fyrirvara, sem dygði. En ef hann er samþykktur nú eins og hann liggur fyrir með allt á hulu það, sem áður var óupplýst, og meira að segja undir því ástandi, að hæstv. fjmrh. neitar að gefa upplýsingar um það, sem endurskoðandi ríkisins hefur gefið honum skriflega til kynna um þetta mál, þá held ég, að tortryggni almennings um fullkominn heiðarleika eða fullkomna aðgát Alþingis mundi verða vakin. Mér þykir það einkennilegt fóstbræðralag, ef það er til, milli þeirra, sem eru stuðningsmenn ríkisstj., og getur orðið fóstbræðralag áfram um að láta sér í léttu rúmi liggja að afgreiða reikninginn hiklaust, þótt svona standi á.

Ég las upp í dag til áherzlu því, að hér væri ekki um neitt venjulegt bókhaldsmál að ræða, þar sem er Brimnesmálið, bréf, þar sem margt kemur fram, sem gerir það að verkum, að það þarf undarlega menn til að sætta sig við að telja það allt samþykkjandi og að láta reka á reiðanum með það. Það er t. d. talað um, að kaup á veiðarfærum hafi verið meiri en togari hafi getað komið þeim veiðarfærum í lóg á tilgreindum tíma. Það er sagt, að með óskýranlegum færslum hafi vissum upphæðum verið eytt úr bókhaldi. Og enn er það

svo, að skipsskrúfa var keypt, sem ekki fyrirfinnst hjá fyrirtækinu. Ég aðeins rifja þetta upp til áherzlu orðum mínum. Ég er sannfærður um það, að ef við samþ. reikninginn eins og hann er án eðlilegs fyrirvara, án þess að hafa fengið frekari upplýsingar, þá muni almenningur líta svo á, að við förum gáleysislega með atkv. okkar og berum ábyrgð á þeim niðurstöðum, sem kunna að verða í þessu máli. Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að till. min um frestun á afgreiðslu málsins verði samþ. Hún er þannig, að það er ekki að því stefnt með henni að tefja reikninginn stórkostlega, því að ef sæmilegar upplýsingar lægju fyrir á morgun, skyldi ég taka þátt í því í fjhn. að leggja til, að reikningurinn fái afgreiðslu. Og það er trú mín, að hæstv. fjmrh. búi yfir slíkum upplýsingum, hafi möguleika til að leggja þær fram, ef hann vill.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. kvartaði yfir því í fyrri ræðu sinni, að í málflutningi minum hér og framsögu fyrir meiri hl. n. hefði verið mikið logn, eins og hann orðaði það, og verða naumast orð hans skilin á annan veg en þann, að honum hafi þótt ástæða til, að ég hefði verið hvassari í orðum minum, er ég talaði fyrir meiri hl. Ég sá ekki ástæðu til á því stigi málsins að vera að efna til neinna eldhúsumræðna, því að sannast sagna gefur málið, sem fyrir liggur, ekki tilefni til þess. Ég ræddi því málið á sama hátt og gert hefur verið, þegar talað hefur verið fyrir ríkisreikningi á undanförnum þingum, og hefur stundum fallið í minn hlut að gera það og ríkisreikningur jafnan verið afgr. án þess, að mikið stórviðri geisaði í deildum þingsins, þegar það var gert. Og ef hefði verið farið að venjulegum starfsháttum í þingi á undanförnum árum og ekki komið annað til, þá átti það auðvitað einnig að vera svo nú, enda lá ekki fyrir nein gagnrýni frá minni hl. n. á nokkrum einstökum atriðum reikningsins sjálfs, og er það út af fyrir sig eftirtektarvert, ekki sízt þegar lögð var á það áherzla hér áðan af frsm. 2. minni hl., að þessi reikningur væri merkilegur að því leyti, að hann væri fyrsti reikningur viðreisnarstjórnarinnar. Engin gagnrýni á efni reikningsins hefur komið fram og því ástæðulaust að vera með neinn eldhúsdagsblæ á sinni ræðu. Hitt er svo aftur annað mál, að málflutningur minnihlutamanna hér og þá fyrst og fremst málflutningur hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), þegar hann talaði fyrir sínu nál. og nú í síðustu ræðu hans, er með þeim hætti, að það gefur fullt tilefni til þess að taka nokkuð harðara til orða en ég gerði í minni frumræðu, og er mér þó, held ég, ekkert sérstaklega gjarnt til að nota stærri orð en tilefni gefst til. Hitt er annað mál, ef haldið er fram málflutningi, sem ósæmandi má teljast, þá hlýtur það af eðlilegum ástæðum að leiða til þess, að svarað verði með nokkuð ákveðnara orðalagi.

Ég mun ekki í þeim orðum, sem ég mæli hér, ræða sérstaklega um það atriði, sem var nokkuð veigamikið í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., að hv. fjmrh. hefði neitað um upplýsingar, sem honum hafi verið skylt að gefa fjhn. Hæstv. ráðh. hefur svarað því sjálfur svo rækilega, að það er ástæðulaust, að ég taki upp hans rök fyrir því máli. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki séð heldur það bréf, sem hann minntist hér á. Ég hef hins vegar séð þær athuganir, sem gerðar hafa verið á reikningum Brimnesútgerðarinnar, og þó að ég hafi ekki skoðað það allt niður í kjölinn, hef ég haft eins og aðrir nm. fulla aðstöðu til þess að skoða þau gögn öll, og ég verð að taka algerlega undir það með hæstv. ráðh., að það væri í alla staði fjarstæða, að hann færi að birta þingnefnd, hvort sem það væri í trúnaði eða ekki, bréf, sem er á þann hátt og þannig til komið eins og hann lýsti hér í sinni ræðu. Það væri fráleitt, að það væri gert. Og þingnefnd á sannarlega enga kröfu á, að slíkt sé gert. Hitt er allt annað mál, sem er auðvitað jafnrétt, að ef um er að ræða rannsóknir og niðurstöður rannsókna í sambandi við efnisatriði máls sem þessa, þá tel ég það jafnsjálfsagt, að n. þingsins fái rétt til að skoða það. Það, að trúnaðarmenn ráðh. hverju sinni og embættismenn, sem eru nánir samstarfsmenn hans, megi vænta þess, að hugleiðingar, sem þeir kunna að vilja koma á framfæri við ráðh. og eins og hér hefur verið upplýst af hæstv. ráðh. snerta formsatriði þessa máls og eru nánast hugleiðingar um, hvernig eigi að vinna að einstökum þáttum þess, — ef embættismenn ættu það í húfi, að slíkar upplýsingar yrðu ætíð birtar þingnefnd eða einhverjum öðrum aðilum, sem þóknaðist að heimta þær, þá hygg ég, að það geti skapað mikil vandkvæði og erfiðleika. Ég hef sjálfur starfað í stjórnarráði og unnið að *ýmsum skýrslugerðum fyrir ráðh., og ýmsar* þær athuganir eru þess eðlis, að það væri fráleitt og ég hefði talið það fjarstætt með öllu og alls ekki hægt að vinna að málum og koma fram *ábendingum, sem eðlilegt var að fram* kæmu og óskað var eftir af ráðh., ef slíkar skýrslur hefði átt að nota á opinberum vettvangi. Það er fjarstætt að ætla að fara að gera það að meginatriði máls hér, að það séu framin einhver stórvægileg afbrot af ráðh. að neita um upplýsingar, sem eru af þessu tagi. Það tel ég svo fjarstætt, að það sé alls ekki þinglegt að halda fram slíkum fullyrðingum.

Það var upplýst og hefur enda ekki verið mótmælt hér af talsmönnum minni hlutanna, að í fjhn. hafi verið sýnd mikil tillitssemi með frestun á afgreiðslu þessa máls, — frestun, sem var þó raunar ástæðulaus. Allir, sem hafa kynnzt meðferð ríkisreikninga á þingum á undanförnum árum, vita, að hvað eftir annað hafa komið þar fram ýmsar ábendingar og aðfinnslur og það oft í töluvert veigamiklum málum, sem beinlínis hefur verið vísað til aðgerða Alþ. Það hefur aldrei komið fyrir, að það hafi komið fram sú hugmynd, sem enda hefði verið fráleit, að fresta afgreiðslu ríkisreikningsins út af slíkum athugasemdum. Þótt slíkar aths. komi fram, geta þær ekki, eins og hæstv. ráðh. réttilega upplýsti, haft nokkur áhrif á niðurstöður reikningsins sem slíks. Hitt er allt annað mál, að athugasemdir sem þessar geta vel gefið tilefni til, að gerðar verði sérstakar ályktanir á Alþ.,

sem alls ekki er efnislega hægt að koma að í sambandi við afgreiðslu frv. um staðfestingu ríkisreiknings. Það er naumast hægt að hugsa sér, að formlega sé hægt að koma slíkum bollaleggingum að í sambandi við það frv. eða afgreiða það efnislega. Þegar slíkar aths. koma fram, sem endurskoðendur benda á, þá er auðvitað sjálfsagt, eftir því sem þm. og þingn. telja tilefni til, að það sé tekið til athugunar og eftir atvikum þá gerðar sérstakar ályktanir, lagðar fram sérstakar ályktunartillögur, jafnvel þáltill., til að marka afstöðu Alþ., ef ástæða þykir til.

Það er auðvitað alger misskilningur hv. 1. þm. Norðurl. e. á mínum orðum, að ég telji það eitt hlutverk Alþ. að bera saman niðurstöðutölur á reikningnum við frv. og að það eigi ekki að skoða málið efnislega. Það liggur í augum uppi, að fjhn. þingsins hljóta að skoða efnislega og athuga athugasemdir trúnaðarmanna Alþ., yfirskoðunarmanna, og svör ráðh. við þeim athugasemdum. Það hygg ég að jafnan sé gert í fjhn. og oft í framsöguræðum vikið að, ef sérstakar ástæður þykja til að ræða þau efni, og því út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó að t. d. hefði verið vakið máls og vakin athygli á athugasemdum — í þessu tilfelli varðandi útgerð Brimness. Það er síður en svo og ekki nema eðlilegt, að það sé gert. En að fresta ríkisreikningi vegna þess, að það séu einhverjar slíkar athugasemdir, sem fram koma, og getið um, að séu viss mál, sem séu í rannsókn eða athugun, annaðhvort hjá ríkisstj. eða endurskoðendum ríkisreiknings, — að fresta ríkisreikningi af þeim sökum er auðvitað gersamlega fráleitt, því að það getur ekki haft nokkur áhrif á gang málsins.

Það er í rauninni ákaflega einkennileg ályktun, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. segir hér með miklum þunga, að ef þessi hv. d. ætlaði að fara að afgr. ríkisreikninginn núna, þá væri hún að leggja blessun sína yfir þær misfellur, sem hafa átt sér stað. Ég skil ekki, hvernig er hægt að draga slíka ályktun, vegna þess að með samþykkt ríkisreikningsins er að sjálfsögðu einnig lagt samþykkt á aths. endurskoðenda, og í þeim athugasemdum, sem þessir hv. minnihlutafulltrúar einmitt byggja rök sín á, er einmitt sú áherzla lögð á rannsókn þessa máls og að fá niðurstöður í því máli svo fljótt sem verða má og undir það tekið í svari fjmrn., að með samþykkt reikningsins er beinlínis verið að staðfesta, að það sé vilji þingdeildarinnar, að þessu máli sé fylgt eftir eins og þar er gert ráð fyrir. En að þingdeild eða fjhn. Alþ. fari að vera rannsóknaraðili á eitthvert einstakt mál af því tagi, sem er um að ræða, það held ég að sé algerlega einstakt fyrirbrigði, svo að ég taki nú upp orð hv. 1. þm. Norðurl. e., sem mikið vitnaði um fordæmalausa hluti. Það er gersamlega útilokað, að þingnefnd geti framkvæmt slíka athugun. Það er þá nær lagi, eins og lagt hefur verið til í ályktun hér á Alþ., að sett verði upp sérstök rannsóknarnefnd skv. stjórnarskránni á vegum Alþ. til að rannsaka þetta mál. Það er að sjálfsögðu formlega rétt, en hitt atriðið er fráleitt og útilokað, að hægt sé að framkvæma málið þannig.

Af þessu er því augljóst, að því fer víðs fjarri, að Alþ. með því að samþ. ríkisreikninginn, sem hér liggur fyrir, sé að taka á sig ábyrgð á þeim misfellum, sem hér kunna að hafa átt sér stað í sambandi við útgerð Brimness. Það er eiginlega lítt skiljanlegt, að menn skuli geta dregið slíkar ályktanir af meðferð málsins. Það er auðvitað ekkert nýtt, að það hafi komið fram ýmiss konar misfellur eða grunur um misfellur í sambandi við ýmis atriði, sem beinlínis snerta ríkið eða ríkissjóð, og þeim málum hefur af eðlilegum ástæðum verið þannig hagað, að þau hafa verið rannsökuð eftir venjulegum leiðum, annaðhvort af ríkisendurskoðun eða ráðuneytið hefur látið sérstaklega athuga þau mál.

Það liggur vitanlega í augum uppi, að ef það væri niðurstaða þessarar hv. d. að taka undir þá kröfu hv. minnihlutamanna í fjhn., að það verði að stöðva ríkisreikninginn og að fjhn. eigi að taka þetta mál að einhverju leyti í sínar hendur, þá er það um leið að sjálfsögðu fullkomin vantraustsyfirlýsing á hæstv. fjmrh., að honum sé ekki treystandi til þess að framkvæma þá skyldu sína, sem á honum hlýtur eðlilega að hvíla, að þetta mál verði rannsakað til hlítar og að menn verði látnir sæta ábyrgð, eftir því sem efni standa til, ef um sök er að ræða. Þetta held ég að hljóti að liggja í augum uppi. Því er það meir en lítil — ég vil segja nánast ósvífni að gera þá kröfu hér, sem er auðvitað fjarstæða, til hæstv. forseta, að hann beiti forsetavaldi til þess að hindra, að það séu gerðar ályktanir hér um þetta mál. Slíkt væri náttúrlega einsdæmi, og getur engum hugkvæmzt í alvöru að bera fram slíka kröfu. En þessi málflutningur, einkum hv. 1. þm. Norðurl. e., gæti helzt valdið því, að mætti sjá eftir því af hálfu okkar meirihlutamanna í fjhn. að hafa verið að gefa allt þetta tóm, sem gert hefur verið, og fresta þessu máli, svo sem var gert, í þeirri trú, að hér væri hv. 1. þm. Norðurl. e. að sækjast eftir að vilja afgreiða málið á eðlilegan máta og með eðlilegum röksemdum, og í því trausti voru þessir frestir gefnir, en ekki til að nota það með jafneindæma furðulegum og óvenjulegum hætti og hann hefur gert hér með ræðum sínum í dag.

Ég held, að það geti naumast dulizt nokkrum hv. þm., að það mál, sem hér er verið að blása út, sem verður auðvitað látið lúta alveg sömu lögum um rannsókn og önnur slík mál hljóta og eiga að fá, að allt moldviðrið út af þessu máli í sambandi við ríkisreikning er auðvitað borið fram af allt öðrum hvötum en svo einlægri réttlætisást, að menn geti ekki af þeim sökum hugsað sér að afgreiða efnislega ríkisreikning. Það held ég að engum geti dulizt, að það er allt annað, sem liggur að baki. Það er full ástæða til þess að álíta, að ítrekaðar tilraunir og aðgerðir hv. framsóknarmanna, sem hafa sérstaklega gengið fram fyrir skjöldu til þess að hindra afgreiðslu ríkisreiknings nú í tvö skipti, stafi að verulegu leyti af því, að þeim mislíkar það, að sú mikla breyting hefur orðið á reikningshaldi ríkissjóðs, að nú er farið að afgreiða ríkisreikning með eðlilegum hætti. En ég verð mjög að harma það, að slík afstaða hefur verið tekin. Það hefur ekki verið venja á undanförn-

um árum, hvaða ráðh. sem hefur haft með ríkisreikning að gera, annað en að ríkisreikningur væri afgreiddur með eðlilegum hætti. Vitanlega hefði æ ofan í æ verið hægt að gera svipaðar aths. við ríkisreikning eins og gerðar hafa verið bæði nú og í fyrra. Ég skyldi leika mér að því að taka hvern einasta ríkisreikning, sem hæstv. fjmrh. Framsfl. lagði hér fyrir Alþ., og gera hann upp með þeim aðferðum, sem hér hafa verið notaðar. Það eru mýmargar ástæður í þeim reikningum til þess að viðhafa slíkan málflutning, ef menn á annað borð vilja fá sig til þess. Þetta hefur ekki verið gert, vegna þess að menn hafa ekki talið það eðlileg vinnubrögð að gera þetta á þennan hátt og fara að nota ríkisreikninginn út af fyrir sig sem einhvern grundvöll til eldhúsumræðna.

Eins og ég sagði í framsöguræðu minni, er það að sjálfsögðu skoðun meiri hl. fjhn., sem leggur til, að þetta frv. til staðfestingar ríkisreikningi verði samþ., að málum verði haldið áfram eins og fjmrh. hefur lýst yfir að gert verði og beinlínis er tekið fram í aths. með reikningnum. Það er beinlínis með hliðsjón af þessu og af því að við viljum taka undir þær aths., að við sjáum ekki ástæðu til að fara að breiða sig yfir þetta mál á þessu stigi, þegar málið er alls ekki fullathugað. Það gefast áreiðanlega tækifæri til þess, þegar öll kurl eru til grafar komin, ef menn telja, að vanrækt hafi verið af hálfu hæstv. fjmrh. að fylgja máli eftir á eðlilegan hátt, að gagnrýna það. En þessi stund er ekki hin rétta stund til að gagnrýna þá málsmeðferð, meðan niðurstöður alls ekki liggja fyrir og ekkert er vitað um það, hvað af ráðuneytisins hálfu verður gert í þessu máli, og ekkert liggur heldur fyrir, sem gefur tilefni til þess að halda, að af ráðuneytisins hálfu sé málinu seinkað, — ekki neitt. Það er því að eyða tíma Alþingis algerlega að ástæðulausu og ég vil segja á ósæmilegan hátt, hvernig reynt er að nota þetta mál til að halda uppi þeim málflutningi, sem hér hefur verið gert og þá fyrst og fremst af hv. 1. minni hl. fjhn.

Það er svo mál út af fyrir sig, sem hlýtur að valda því, að manni verði að brosa, a. m. k. með sjálfum sér, þegar maður hlustar á hv. framsóknarmenn, þegar þeir æ ofan í æ á þingi nú síðustu árin, síðan þeir urðu áhrifalausir, hafa breitt úr sér af vandlætingu yfir meðferð, aðgerðum eða aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í einstökum málum. Ég skal ekki á þessu stigi fara út í þá sálma, en manni kynni nú kannske að leyfast að láta í ljós þá spurningu, hvort það sé í huga hv. framsóknarmanna sú hugsun, að það gæti verið, að valdhafar létu sér detta í hug að svæfa mál, sem væri eitthvað hæpið. Ég skal ekkert segja, af hverju sú hugsun kemur sérstaklega fram hjá þeim, það verða þeir að eiga við sjálfa sig. En það er ekki skoðun okkar, sem skipum meiri hl. fjhn., að þetta mál, sem hér er um að ræða, verði látið sæta nema eðlilegri meðferð og viðkomandi aðilar, ef þeir reynast sannir að einhverri sök, verði látnir sæta ábyrgð. Það er hinn eðlilegi háttur, hverjir sem hlut eiga að máli. Og það er fullkomlega í trausti þess, sem við viljum afgr. þetta mál og teljum gersamlega ástæðulaust á þessu stigi málsins að vera með nokkrar fullyrðingar eða aðdróttanir um það, að þessu máli verði ekki haldið til réttra laga, eftir því sem tilefni gefst til, þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Ég vil aðeins að lokum endurtaka það, að ég harma það mjög, að svo mætur maður sem hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli ljá sig til þess að taka upp orðræður sem þessar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir formlega að afgreiða, og skuli nota svipaðan málflutning og ég vil nú ekki segja röksemdir, heldur tilraunir til röksemda, sem hann hefur gert í þessu sambandi. Ég held, að það sé í rauninni andstætt skoðunum hans sjálfs, sem lengi hefur haft afskipti af þessum málum og veit, hvað eðlilegir starfshættir eru í sambandi við afgreiðslu máls sem þessa, og það hljóti því að vera önnur öfl, sem þar standa að baki, að þess hafi verið krafizt af honum, að hann færi að gera hér eitthvert eldhús út af þessu máli, reyna að tefja það með öllu móti, að það fái eðlilega afgreiðslu, og reyna að gera tortryggilega hluti, sem gersamlega er ástæðulaust að halda að verði ekki leystir með eðlilegum og lögmætum hætti.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel nú ástæðu, þó að umræðurnar hafi ekki orðið lengri en þær eru orðnar, til þess að minna á það, sem var aðalatriðið í ræðu minni og raunar frsm. 1. minni hl. fjhn. líka, að hvorugur okkar vildi una því, að hæstv. fjmrh. héldi fyrir þeirri n., sem um ríkisreikninginn átti að fjalla, og fyrir hv. Alþ. upplýsingum, sem fyrir lægju. Þetta var aðalatriðið í okkar ræðum og okkar ásökun á hendur hæstv. ráðh. Nú hefur það komið fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann telur, að þessar ásakanir okkar séu hreinn hugarburður, sem sé byggður á sandi og hafi við ekkert að styðjast, vegna þess, að því er manni skilst, að engar upplýsingar aðrar en þær, sem fyrir liggja í athugasemdum yfirskoðunarmanna og í öðrum gögnum, sem við höfum fengið í hendur, lægju fyrir. Ég hlýt af þessu tilefni og vegna þess, að þetta er í raun og veru kannske aðalatriðið í málinu, eins og það hefur verið rætt hér, rifja upp örlítið, hvernig umræður hafa verið um þetta í fjhn. og hvernig, ef svo má segja, upplýsingar frá hendi ráðh. og meiri hl. fjhn. hafi smám saman verið að taka breytingum við meðferð málsins.

Ég man nú ekki lengur glöggt, hve langt er síðan upplýst var í fjhn., — ég hygg, að það séu 2—3 vikur a. m. k., kannske er það upp undir mánuður, síðan það var upplýst í nefndinni af hv. 1. minni hl. fjhn., Karli Kristjánssyni, eftir að hann hafði rætt við ríkisendurskoðanda, að ríkisendurskoðandi hefði lokið skýrslugerð sinni, þeirri rannsókn, sem um er rætt í aths. við ríkisreikninginn og svari ráðh., — hefði lokið þeim og sent þau til ráðh. Og þegar þessar upplýsingar lágu fyrir eftir beztu hugsanlegum heimildum að minum dómi, þá er það, að hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. og ég gerum þá kröfu, að við fáum að sjá þessa niðurstöðu. Síðan er tekinn frestur í málinu af hálfu meiri

hl., án þess að nokkrar aths. komi fram hjá honum um það, að þessi lokaniðurstaða liggi fyrir, og það eftir að hv. meirihlutamenn höfðu haft tal af hæstv. fjmrh. Eftir sem áður var talað í nefndinni fullum fetum um lokaniðurstöðu ríkisendurskoðanda og engar brigður bornar á það af meiri hl., að þessi lokaniðurstaða lægi fyrir. Það var ekki fyrr en á lokafundinum, sem haldinn var um þetta mál, að einhverjir úr meiri hl. fóru að impra á því, að þetta hefði ekki verið lokaniðurstaða, heldur hefði þetta verið uppkast að skýrslu til hæstv. fjmrh. um málið. Hér sýnist mér, að verið sé að skjóta sér á bak við það, að að sjálfsögðu getur ráðh., sem hefur yfirstjórn rannsóknar með höndum, krafizt sífellt meiri og meiri rannsókna af hálfu ríkisendurskoðanda eða annars þess manns, sem hann kann að fela rannsóknina, og neitað að viðurkenna, að sá maður, sem falið hefur verið verkið, hafi skilað því eins og hann hafi ætlazt til. Það eru slíkar vífilengjur, sem hér eru hafðar í frammi. Svo hefur það enn þá gerzt, að nú í dag hefur hæstv. fjmrh. kallað þessa skýrslu, þessa lokaskýrslu ríkisendurskoðanda, trúnaðarbréf til sín. Reyndar var það nú í lokin nefnt álitsgerð. Ef hér er yfirleitt verið að tala um eitt og sama skjalið, þá er það nefnt sums staðar lokaskýrsla ríkisendurskoðanda, annars staðar uppkast að lokaskýrslu, enn annars staðar trúnaðarbréf um málsmeðferð og enn annars staðar álitsgerð. Maður fer að efast um, að það sé verið að tala um eitt og sama skjalið. Eða getur það verið, að hæstv. ráðh. eigi hér við tvenns konar gögn, að lokaskýrsla hafi komið frá ríkisendurskoðanda og hann hafi e. t. v. þar að auki ritað hæstv. ráðh. eitthvert bréf? Ég skal ekki segja um það. En afskaplega verð ég að telja það ósennilegt, að eftir að ríkisendurskoðandi hefur haft málið með höndum frá því í byrjun desembermánaðar og fyrir hann hefur verið lagt að hraða rannsókninni svo sem kostur væri, þá liggi málið þannig fyrir nú seinni hluta marzmánaðar, að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram og hann hafi ekki gefið ráðh. neina vitneskju um neitt annað en það, sem lá fyrir, þegar yfirskoðunarmenn ríkisreikninga rituðu sínar aths. Það vil ég segja, að þetta finnst mér ólíklegt. Og ef við berum svo þetta aftur saman við þær kröfur, sem ég og hv. frsm. 1. minni hl. n. höfum sett fram, þ. e. a. s. að við viljum fá að sjá þau gögn, sem liggja nú fyrir, ef málið er ekki fullrannsakað, þá er ekki um það að fást, en við teljum, að fjhn. og hv. þingdeild eigi fulla kröfu á því að fá þær upplýsingar í hendur, sem fyrir hendi eru. Annað höfum við ekki farið fram á. Og það má vel vera, að við getum ekki gert neinar kröfur um það að fá að sjá einkabréf ríkisendurskoðanda, trúnaðarbréf ríkisendurskoðanda til hæstv. fjmrh. En upplýsingar í þessu máli geta áreiðanlega ekki verið neitt einkamál embættismanna í fjmrn. eða að það geti verið um það að ræða, að þar séu slíkar upplýsingar um málið, að fjhn. og þd. eigi ekki fullan rétt á að sjá það.

Ég hjó ekki eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að hann fullyrti nokkurn tíma berum orðum og beinlínis, að engin lokaniðurstaða væri fengin frá ríkisendurskoðanda. Það var farið í kringum málið, en ég held, að hann hafi aldrei fullyrt það berum orðum, að þessi endanlega niðurstaða lægi ekki fyrir. En það gefur svo aftur tilefni til nokkurrar íhugunar, að bréfaskriftir skuli eiga sér stað frá embættismanni í fjmrn. til hæstv. ráðh. um vandamál í sambandi við málsmeðferðina. Hvaða vandamál geta það verið? Geta það verið nokkur önnur vandamál en þau, sem kynnu að rísa af því, að það væri frekari aðgerða þörf um rannsókn, t. d. hvort ætti að fyrirskipa réttarrannsókn eða ekki? Eða gætu slík vandamál risið upp að öðrum kosti, nema þá lokaniðurstaðan lægi niður? Málið hefur verið rannsakað, eftir því sem hægt er að rannsaka það í ráðuneytinu. Mér sýnist því, að þrátt fyrir allar fullyrðingar hæstv. ráðh., sem hann ber fram í trausti þess, að hann hafi yfirburðaaðstöðu fram yfir okkur aðra um að geta haft í frammi fullyrðingar í málinu, þá berist böndin illilega að því, að þeirri rannsókn, sem yfirleitt getur verið um að ræða í fjmrn. eða endurskoðunardeild þess, sé lokið og að þeim upplýsingum, sem kunna að hafa komið fram þar nýjar fram yfir þær, sem liggja fyrir, þegar yfirskoðunarmenn birta sínar aths., sé haldið leyndum fyrir fjhn og fyrir hv. þd., og það er það, sem er aðalatriðið í þessu máli.

Ég vil svo líka geta þess, því að það skýrir þetta ofur lítið allt saman, að ég fór fram á það, eftir að fjmrh. a. m. k. tvívegis hafði neitað að gefa þessar upplýsingar, án þess að bera það nokkurn tíma fram, að þær væru í einhverju trúnaðarformi til sín, að ráðh. mætti á fundi nefndarinnar, svo að ekkert væri um að villast og ekkert færi á milli mála, þar sem milligöngumaður væri hafður við. Þessu var algerlega neitað af meiri hl., sem þá var orðinn svo órólegur að afgreiða málið, að það þoldi enga bið, og þeir töldu líka og þar á meðal hv. frsm. meiri hl. fjhn., að slíkt væri með öllu tilgangslaust, hvort tveggja væri, að ráðh. mundi ekki mæta á fundi nefndarinnar, og þar að auki mundi hann ekki gefa neinar upplýsingar. Ég veit, að þetta er öllum nm. í fjhn. kunnugt, en hjá því verður ekki komizt að rifja það upp, þegar slíkur málflutningur er hafður í frammi, sem hæstv. ráðh. hefur hér gert í dag. Það var vissulega ekkert auðveldara fyrir hæstv. ráðh. en að koma til n. og segja, að það lægi engin lokaniðurstaða fyrir og það eina, sem hann hefði nýtt í höndunum, væri trúnaðarbréf um málsmeðferðina. En hann gerði það bara ekki. Og það er ekki fyrr en nú, að hann er opinberlega ásakaður fyrir það að halda leyndum gögnum fyrir hv. þingdeild, sem hann grípur til þess að fullyrða, að sú skýrsla, sem hér hefur verið gerð að mestu umtalsefni, sé ekki til.

Hv. frsm. 1. minni hl. fjhn. kom inn á það hér réttilega, að við hefðum ekki krafizt þess, eins og ráðh. fullyrti, áreiðanlega gegn betri vitund, að við hefðum heimtað að fá þessi gögn frá ríkisendurskoðanda bæði til yfirlesturs og birtingar, — við hefðum heimtað að fá þau til birtingar. Það sýnir nokkuð inn í það, hvað hæstv. ráðh. er aðþrengdur, að hann skuli leyfa sér að fara með svona algerlega staðlausa stafi,

að við höfum heimtað að fá skjöl til birtingar, þegar við tókum það sérstakliega fram, að við værum reiðubúnir til þess að taka við þessu sem algeru trúnaðarmáli, ef ástæða væri til og þess væri óskað.

Það var sýnilegt, að hæstv. ráðh. var gramur yfir því, að hv. frsm. 1. minni hl. skyldi lesa hér bréf skilanefndarinnar, því að það kom auðsjáanlega ekki vel við hann, en þar var sá mikli munur á, að það hafði aldrei verið neinum hleypt í það sem trúnaðarmáli.

Þetta eru í raun og veru aðalatriði af því, sem ég vildi segja nú um málið til viðbótar við það, sem áður hefur komið fram. Það er naumast umtalsvert, þó að hæstv. ráðh. kvarti um annað eins og það, að við syngjum hér ekki einhvern lofsöng yfir því, að honum hafi tekizt að fá örlítinn greiðsluhagnað á ríkisreikninginn með því að hækka skatta um 45—50% og fella gengið að auki eða að honum hafi tekizt að fara ekki mikið fram úr umframgreiðslum með því að hafa allar áætlanir nógu háar, og um það, hve fljót og góð reikningsskil hann hafi gert og miklu betri en hv. fyrrv. fjmrh., 1. þm. Austf. Ég held a. m. k., að mér yrði ekki brugðið um afbrýðisemi, eins og kannske er hægt að gera gagnvart framsóknarmönnum, því að aldrei mun ég hirða um það, hver verði eftirmaður hæstv. núv. ráðh. eða hv. 1. þm. Austf.

En um leið og hæstv. ráðh. var að ásaka okkur, að við gleymdum svona mikilsverðum atriðum, þá láðist honum að svara að nokkru því, sem ég hafði sérstaklega spurt hann um viðvíkjandi hans eigin fjármálastjórn. Ég spurði hann t. d. að því, með hvaða heimildum hann hefði látið reka togarann Brimnes frá því 1. sept. 1959 og til maíloka 1960, hvaða heimildir hann hefði haft til þess frá hv. Alþingi. En honum láðist alveg að svara þeirri spurningu. Og honum láðist líka að bera fram afsakanir fyrir því, að hann hafi ekki efnt til neins eftirlits með þessari útgerð, sem svona hefur reynzt, eins og dæmin sanna. Og honum láðist að geta um það, að það var ekki einu sinni hann sjálfur, sem fyrirskipaði það, að þessari útgerð skyldi hætt, heldur var það Axel Kristjánsson, sem gerði það. Honum hefði sennilega verið ljúft að halda þessari útgerð áfram enn í dag, ef viðskiptavinurinn hefði ekki gefizt upp.

Mér finnst, að hæstv. ráðh. hafi tekið raunverulega þann kostinn, sem hann átti nú einna lakastan, þ. e. a. s. að skýla sér á bak við ósannar fullyrðingar, sem hann veit að enginn tekur trúanlegar af þeim, sem hafa nokkuð kynnt sér þessi mál, og stangast algerlega á við allt, sem fram hefur komið í málinu til þessa, því þó að það sé að vísu ekki gott og eins og ég hef rakið algerlega óverjandi að halda upplýsingum fyrir hv. Alþingi, — upplýsingum eins og þessum, sem nú hefur verið krafizt, — þá var það þó a. m. k. karlmannlegra en sú afstaða, sem hæstv. ráðh. hefur nú tekið.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 452 felld með 11:8 atkv.
Frestunartill. í nál. á þskj. 446 kom ekki til atkv.
Frvgr. samþ. með 11:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960 er að vanda samið eftir ríkisreikningi. Frv. til fjáraukalaga eftir tillögum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings var um leið og þetta frv. lagt fyrir þingið og hefur þegar verið afgreitt í Sþ. sem lög. Í athugasemdum yfirskoðunarmanna er að þessu sinni engu máli vísað til aðgerða Alþingis. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. nánar að sinni og legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 710 og 739).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960. N. hefur yfirfarið niðurstöðutölur ríkisreikningsins og borið saman og ekki fundið neitt athugavert við, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. mun hins vegar skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Það hefur ekki orðið samkomulag í fjhn. d. um afgreiðslu á þessu máli, eins og sjá má á þeim tveim nál., sem fyrir liggja.

Þessum ríkisreikningi fylgja eins og venjulega aths. frá yfirskoðunarmönnum. Að þessu sinni eru aths. 42 að tölu. Það er, eins og áður hefur komið fyrir, ýmislegt, sem yfirskoðunarmenn hafa gert aths. við. Má þar til nefna t. d. nokkrar aths. um útistandandi skuldir hjá ríkisfyrirtækjum, sem yfirskoðunarmenn telja að séu óeðlilega miklar og leggja áherzlu á að innheimt sé það, sem þessi fyrirtæki eiga útistandandi.

Ein af þessum 42 aths. hefur valdið ágreiningi um málið í fjhn. og það er ágreiningur um það mál, sem veldur því, að n. hefur klofnað. Við, sem skipum minni hl. n., ég og hv. 4. þm. Austf. (LJós), leggjum til í nál. á þskj. 739, að samþykkt á ríkisreikningnum verði frestað og frv., sem fyrir liggur, afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er í okkar nál. Þessi aths.,

sú 39. í röðinni, snertir útgerð ríkisins á botnvörpungnum Brimnesi.

Ríkið hafði útgerð þessa togara í u. þ. b. eitt ár, frá því í maí 1959 og þar til seint í maí 1960. Það lítur út fyrir, að þessi útgerðarrekstur hafi heyrt undir fjmrn., og tveir hæstv. fjmrh. hafa því haft yfirstjórn þessarar ríkisútgerðar, fyrst á árinu 1959 hæstv. núv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sem þá var fjmrh., og síðan tók við af honum hæstv. núv. fjmrh.

Þegar afgreidd voru hér fjárlög fyrir árið 1959, var samþ. í 22. gr. fjárlaga heimild fyrir ríkisstj. til þess að reka þennan botnvörpung fram til 1. sept. það ár. Ríkisstj. fól manni úr Hafnarfirði, Axel Kristjánssyni framkvstj., að annast um þessa útgerð fyrir ríkið. Ekki munu hafa verið tilkvaddir neinir aðrir til að vera með í ráðum um þessa útgerð. Liðu nú tímar fram, og togaranum var haldið úti til veiða, þar til það gerðist 25. maí 1960, að útgerðarstjórinn skrifaði fjmrn. og sagði af sér, að því er mönnum skilst, þessari útgerðarstjórn, og var rekstri togarans þar með hætt. Eftir að þetta bréf barst til ráðuneytisins, fól *ráðuneytisstjóri í fjmrn.* tveim mönnum að ganga eftir uppgjöri af hálfu útgerðarstjórans vegna útgerðarinnar. En það leið alllangur tími, þangað til hann skilaði af sér reikningum og bókhaldi fyrir útgerðina. Það var ekki fyrr en í ágústbyrjun 1960. Leið þannig nokkuð á þriðja mánuð, frá því að hann sagði af sér þessum starfa og þar til reikningum var skilað. Eftir að þessi bókhaldsgögn voru komin til þeirra manna, sem til þess höfðu verið settir að ganga eftir reikningsskilum, skipaði fjmrn. skilanefnd þriggja manna til þess að annast um endurskoðun á reikningunum og jafnframt að sjá um greiðslu skulda, sem á fyrirtækinu hvíldu, og ganga eftir inneignum útgerðarinnar hjá viðskiptaaðilum. Síðan voru fengnir tveir menn, endurskoðandi og fulltrúi, frá endurskoðunardeild fjmrn. til þess að framkvæma endurskoðun á reikningum útgerðarinnar. Þeir skiluðu aths. sínum í síðari hluta sept. 1960. Næst gerist það í málinu, að skilanefndin fær útgerðarstjórann á sinn fund, ræðir við hann um aths., sem gerðar höfðu verið við reikningana, og afhendir honum eintak af þeim aths., svo að hann geti svarað þeim. Útgerðarstjórinn svaraði þessum aths. 25. okt. 1960. Skilanefndin skrifaði svo fjmrn. bréf 3. des. 1960, hafði þá haft nokkuð á annan mánuð til að athuga þessi svör útgerðarstjórans. Hún segir m. a. í þessu bréfi um svörin, með leyfi hæstv. forseta: „Með svörum þessum er fullnægjandi gerð skil 15 athugasemdum endurskoðenda af u. þ. b. 55. Meðal þeirra atriða, sem ekki er fullnægjandi gerð grein fyrir, eru öll hin veigamestu, og munu nokkur þeirra rakin nánar hér á eftir.“ Er síðan í bréfi n. skýrt frá þessum atriðum, nokkrum atriðum.

Við meðferð þessa frv. í hv. Ed. fékk fjhn. þeirrar d. þetta bréf skilanefndarinnar til athugunar, og í umr. um málið á fundi þar í deildinni las hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, einn af fjhn.-mönnum, þetta bréf upp. Er því hægt að lesa það í umr. um málið. Eftir að skilanefndin hefur í bréfi sínu skýrt frá þessum atriðum, segir hún svo í bréfinu til ráðuneytisins: „Hér hafa verið rakin nokkur helztu atriðin í bókhaldi útgerðar botnvörpungsins Brimness og jafnframt þau, sem stærsta fjárhagslega þýðingu hafa, sem enn eru óupplýst af hálfu útgerðarstjórans. Auk þeirra grúir af *minni atriðum, sem aths. hefur verið hreyft við*“ o. s. frv. Og í niðurlagi bréfsins segir skilanefndin svo: „Meðan þessi stóru atriði eru svo óljós og með því að þau hafa úrslitaáhrif á afkomu útgerðarinnar, telur skilanefnd sig ekki geta lokið reikningsskilum útgerðarinnar, hvað þau snertir.“ Og síðan segir: „Það er hins vegar ljóst nú þegar, að nefndin getur ekki upplýst þessi mál frekar en orðið er með þeim ráðum, sem henni eru tiltæk.“ Þarna lýsir n. því yfir, að hún telji sér ekki fært að upplýsa þessi atriði nánar.

Menn skyldu nú ætla, þegar hér var komið, að þá hefði bráðlega verið gerð gangskör að því að fá þessi atriði rannsökuð, eftir að n. var þannig bréflega búin að lýsa því yfir, að hún gæti ekki upplýst málin frekar með þeim ráðum, sem henni eru tiltæk. En ekkert slíkt hefur gerzt. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga byggðu að sjálfsögðu sínar aths. að verulegu leyti á þessari skýrslu skilanefndarinnar. Á bls. 240—241 í ríkisreikningnum birta yfirskoðunarmenn *lista yfir það, sem þeir kalla óumdeilanlegar* skuldir útgerðarstjórans, og eru þær samtals rúmlega 121 þús. kr., og síðan birta þeir annan lista yfir ágreiningsatriði, sem svo eru nefnd, og þar er upphæðin samtals rúml. 520 þús. kr. Þeir geta þess að vísu á eftir, að útgerðarstjórinn hafi í lok okt. 1960 lagt fram ýmsa reikninga frá þýzku firma, sem fyrirtækið hafði skipti við, og löngu síðar hafi einnig verið lagðir fram reikningar, — „en ekki sýnist ástæða til að fjölyrða frekar um þá, en auðvitað koma þeir til athugunar og afgreiðslu við framhald málsins“, segja yfirskoðunarmenn. Síðan nefna þeir enn einstök atriði, og má lesa um það á bls. 241 í ríkisreikningnum.

Aths. yfirskoðunarmanna eru dagsettar 21. nóv. 1961. Svör ráðh. við aths. eru dagsett 5. des. 1961, *og um þessa aths. segir hann aðeins það*, að ráðuneytið hafi fullan hug á, að reikningsskilum þessum ljúki sem fyrst, og að ríkisendurskoðanda hafi verið falið málið og vinni hann nú að því að upplýsa þau atriði, sem enn eru óljós.

Ekki kemur það fram, hvenær ríkisendurskoðanda hefur verið falið þetta. Það er því ekki ljóst, hvað langur tími hefur liðið, frá því að skilanefndin ritaði rn. sitt bréf 3. des. 1960 og þar til er ríkisendurskoðandi fékk málið til athugunar.

Það verður öllum ljóst, sem kynna sér bréf skilanefndarinnar og aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, að þessi togaraútgerð ríkisstj. hefur verið mikið óreiðufyrirtæki. Í fjhn. hv. Ed. var þess óskað, að upplýsingar yrðu fengnar um athuganir ríkisendurskoðanda á þessu máli, og það kom fram, meðan mál þetta var í hv. Ed., að ríkisendurskoðandi hafði fyrir nokkru sent hæstv. fjmrh. bréf eða skýrslu um málið. Það var gengið eftir því af mönnum í fjhn.

þeirrar d., að n. fengi þetta bréf ríkisendurskoðanda til athugunar. En hæstv. fjmrh. neitaði að láta n. fá aðgang að þessu bréfi. Hann hélt því fram í umr. í Ed., að þar væri um að ræða trúnaðarmál og hann gæti þess vegna ekki birt þetta bréf eða skýrslu frá ríkisendurskoðandanum.

Þegar málið var rætt hér í fjhn. þessarar hv. d. á einum fundi, var einnig um það talað að fá upplýsingar, meiri en þegar hafa borizt um málið, en hv. meiri hl. fjhn. taldi, að þess væri ekki að vænta, að neinar nýjar upplýsingar fengjust frá rn. um þessa athugun ríkisendurskoðandans, og samþykkti fyrir sitt leyti að mæla með samþykkt þessa frv.

Eins og ég sagði áður, tel ég, að þegar hafi orðið óhæfilegur dráttur á því að fá þetta mál upplýst og uppgert, og við í minni hl. fjhn. teljum málið þannig vaxið, að það sé ekki rétt að samþykkja ríkisreikninginn, meðan ekki fást frekari upplýsingar en þegar hafa fengizt um þessi reikningsskil og uppgjör þessarar útgerðar. Við teljum því rétt að fresta því að afgreiða ríkisreikninginn, — það er ekki útlit fyrir, að neinar nýjar upplýsingar fáist, áður en þessu þingi lýkur, því að gert er ráð fyrir, að því ljúki eftir örfáa daga, — og mundi reikningurinn þá verða tekinn til afgreiðslu á næsta þingi, væntanlega í haust, og gera mætti ráð fyrir því, að þá væri eitthvað nýtt komið fram um lyktir þessa máls.

Það er því till. okkar, hæstv. forseti, að frv. verði afgreitt nú með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem ekki hafa fengizt upplýsingar frá ráðuneytinu í sambandi við 39. aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir árið 1960, um rekstur og reikningsskil togaraútgerðar ríkisins, ályktar deildin að fresta afgreiðslu frv. um samþykkt á ríkisreikningnum og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér eru ríkisreikningarnir til umræðu, og það hefur stundum brugðið svo við á undanförnum árum, að hæstv. fjmrh. hefur haft nokkurn áhuga fyrir afgreiðslu ríkisreikninga, að fá þá afgreidda snemma. Nú eru þeir til umr., með einhverjum mestu aths., sem við þá hafa komið, og með ágreiningi í fjhn. þessarar deildar og með allalvarlegum ásökunum á hendur fjmrh. Ég kann satt að segja betur við, að þegar Nd. ræðir slík mál, þá sé hæstv. fjmrh. viðstaddur. Ég vildi leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess, að fjmrh. væri hér við. Er þá ekki viðkunnanlegra, að þessu máli sé frestað, það er búið að afgr. málið í Ed., og þetta er 2. umr.? Það eru þó það margir dagar eftir af þinginu, að ég kann satt að segja ekki við það, að — (**Forseti:** Það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk hv. ræðumanns.) — [Umr. frestað um sinn.]

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er nú ekki kominn. Hins vegar kom höfuðsökudólgurinn, hæstv. fyrrv. fjmrh., hér inn áðan, en ég sé, að hann er sloppinn, svo að ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann sé orðinn vonlaus um að fá annan hvorn, fyrrv. eða núv. fjmrh., hérna inn, svo að það sé einhver til að svara til saka, því að mér sýnist, að það, sem hér sé að gerast, hljóti að kosta það, að það verði bornar allþungar sakir á menn, sem setið hafa í fjmrn. Íslands sem ráðh. nú og síðast, þannig að ég vildi óska, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess, að einhver sökudólganna væri þó við.

Það er öllum hv. þm. vonandi ljóst, að annar höfuðþátturinn í allri baráttu, jafnt Alþingis sem annarra þjóðþinga í Evrópu, gagnvart konungsvaldinu, sem réð áður löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi, var að fá í hendur Alþingis að fullu og öllu allt vald yfir fjármálum þjóðarinnar, þannig að það væri alveg ótvírætt, að sá aðili, sem réði í fjármálum þjóðar, það væri Alþingi. Það væri Alþ., sem réði, hvaða skattar væru lagðir á, það væri Alþ., sem yrði að veita fé, og það væri Alþ., sem léti rannsaka fjármálin, og það er sérstaklega ákveðið í stjórnarskránni, með hverjum hætti, hve marga yfirskoðunarmenn skuli kjósa til þess að sjá um, að ráðh. m. a. steli ekki af fé ríkisins, m. a. af þeirri mjög slæmu reynslu, að það var einu sinni fjmrh. yfir Íslandi, sem fór beint í tukthúsið úr fjmrn., af því að hann gat þá ekki lengur dulið það, sem hann var búinn að stela. Menn kannast við Alberti-málið vonandi. Það er því nokkurn veginn ljóst, að þegar Alþingi vill fara að ráða sínum fjármálum, þá gerir það ákveðnar kröfur í því sambandi. Samkvæmt stjórnarskránni setur Alþingi þrjá yfirskoðunarmenn og þessir yfirskoðunarmenn hafa aðgang að öllum plöggum ríkisins. Það er ekki heimilt neinum fjmrh. að stela neinu undan eða hylma yfir með neinum, og ef fjmrh. gerir það, þá hefur hann gerzt samsekur. Þá er hann að gerast samsekur þeim, sem hefur framið brot. Ég veit ekki, hvort núv. hæstv. fjmrh. er þetta ljóst, þó að hann hafi verið lögfræðiprófessor. Ég veit það ekki. Ég veit ekki heldur, hvort fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hæstv. utanrrh., er það ljóst, þó að hann sé lögfræðingur. Það er stundum vitnað hér af sumum ráðherrum í lögfræðinga sem alveg úrslitaröksemd fyrir hinum og þessum málum. En mér sýnist nú, að sá háttur, sem nú er hafður hér á, komi til með að gera nokkuð lítið úr lögfræðivizku sumra lögfræðinga, a. m. k. þegar þeir eiga að gæta hagsmuna ríkisins og hagsmuna almennings. Ég skal ekkert segja, hvað viðkomandi lögfræðingar væru duglegir í því að gæta hagsmuna t. d. manna, sem væru í fjármálaráði Alþfl., annars stjórnarflokksins, manna, sem virðast hafa ausið út fé til þess að koma af stað nýjum dagblöðum í Reykjavík. Ég held, að það sé full ástæða til þess að rannsaka, hvað hér er að gerast nú.

Athugasemdum yfirskoðenda ríkisreikninganna, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. gerði hér að umtalsefni áðan, svaraði rn. eins og stendur í ríkisreikningnum á bls. 259, aths. við 39. liðinn. Rn. lýsir yfir, að reikningsskilum og rannsókn þessa máls skuli hraðað svo sem föng eru á og það upplýst til fulls, m. ö. o. það liggur loforð fyrir um það til Alþingis, áður en þessir reikningar verða samþykktir, að fjmrh. muni beita sér

fyrir því, að þetta verði rannsakað og hraðað rannsókninni og upplýst til fulls, og það liggur fyrir fjhn. d. nú þegar yfirlýsing um, að ríkisendurskoðandi sé búinn að rannsaka þetta og búinn að skila skýrslu. Og hvað skeður þá, sem ég man ekki eftir allan þann tíma, sem ég hef setið á þingi, í þann aldarfjórðung, sem ég hef átt hér sæti, — hvað gerist þá? Þá gerist það samkvæmt því, sem stendur hér í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Í svari ráðh. við athugasemdum yfirskoðunarmanna, dags. 5. des. 1961, segir, að ríkisendurskoðanda hafi verið falið mál þetta til athugunar. Og við umræður um þetta mál í Ed. var upplýst, að ríkisendurskoðandi hefði fyrir nokkru afhent fjmrh. bréf eða skýrslu um málið. Hins vegar synjaði ráðh. tilmælum um að láta þingmenn fá bréf ríkisendurskoðandans til athugunar."

Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að auðvitað hefur fjhn. Nd. farið fram á að fá þetta bréf til athugunar og verið neitað um það. M. ö. o.: *fjmrh., sem er skyldur til þess að mæta á* fundum fjhn., hvenær sem hún heimtar það, skyldugur til þess að koma hingað niður eftir og mæta á fundum fjhn., til þess að hún geti yfirheyrt hann um svona hluti, hann neitar að láta af hendi skýrslu, sem ríkisendurskoðandi, — það var ekki einhver einkaendurskoðandi hans, það er ekki einhver einkaendurskoðandi Brimness eða Ásfjalls, það var ríkisendurskoðandinn, sem er búinn að afhenda skýrslu, og fjmrh. neitar að láta fjhn. Alþingis hana í té. Hvað mundi venjulegur dómari álíta út af þessu? Venjulegur dómari mundi álíta, að þarna væri samsæri á ferðinni, samsæri ákveðinna manna um að hylma yfir ákveðinn hlut. Ef brot hefur verið framið, ef ríkisendurskoðandi er búinn að gera meiri athugasemdir og harðvítugri en gerðar hafa verið í áratugi við ríkisreikningana, ef ráðh. er nú búinn að lofa að upplýsa þetta til fulls, eftir að það liggur fyrir, að ríkisendurskoðandinn er búinn að semja skýrslu um þetta mál, þá fær fjhn. Alþ. ekki að sjá það. Þetta er hlutur, sem er það alvarlegur, að ég vil, að hv. þm. geri sér ljóst, hvað hér er um að ræða. Heldur fjmrh., sem nú situr í því sæti, að hann sé hér konungkjörinn og konungsskipaður, eða heldur hann, að hann sé útnefndur af Alþingi — eða hvað? Er þeirri hugsun farið að skjóta hér upp hjá hæstv. ráðh., að þeir séu óháðir Alþingi í þessum hlutum, að þeir séu einhverjir herrar Alþingis? Eru máske þeirra fylgjendur farnir að gefa þeim þá hugmynd, að þeir geti leyft sér hvað sem vera skal? Ef einn ráðh. stelur milljón úr ríkiskassanum, er hann þá bara orðinn enn þá finni maður? Kannske hann eigi að verða forseti fyrir, fyrst ekki er hægt að lyfta honum upp úr ráðherrastólnum í neitt annað meira. Hvað er hér að gerast? Ráðh. eru starfsmenn Alþingis, þjónar Alþingis. Þeir eru ekki neinir herrar Alþingis. Og ef fjmrh. ætlar að haga sér svona, þá er ég hræddur um, að þar komi, að það verði hæstv. dómsmrh., sem fyrst og fremst hefur með það að gera, — jafnvel ekki sem ráðh. Mér finnst þess vegna, að þetta framferði, sem hér kemur í ljós, að fjmrh. neitar fjhn. um bréf eða skýrslu, sem ríkisendurskoðandinn hefur gert um mál, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa gert miklar athugasemdir við og er til umr. í Alþingi og rn. í ríkisreikningunum á bls. 259, 39. aths., er búið að lofa að upplýsa til fulls, — mér finnst það svo alvarlegt, þegar fjmrh. svo neitar að láta fjhn. þessa skýrslu í té, neitar að vera við umr. í d. um þetta og ætlar þannig að skjóta sér undan þessu máli, að þetta þarf Alþingi að láta til sín taka.

Það er satt að segja illa farið í stjórnarflokkunum, ef það eru ekki lengur menn þar, sem geta sagt sínum ráðh. til syndanna um svona hluti. Ég veit, að einn af elztu þm., sem lengi hefur verið einmitt yfirskoðunarmaður landsreikninganna, hefur verið ósmeykur við að gagnrýna þessa hluti, og sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna stendur hann einmitt að þeim athugasemdum, sem hafa verið gerðar við þetta. Ég veit líka, að ef hv. 1. þm. Vestf. hefði verið form. fjhn., þá hefði hann látið svona mál *til sín* taka. Það *hafa* verið þann undanfarna aldarfjórðung, sem ég hef fylgzt vel með starfi Alþingis, verið menn hér líka í stjórnarflokkum allan tímann á Alþingi, sem hafa þorað að segja sinni eigin ríkisstj. og sínum eigin ráðh. til syndanna um svona hluti. Og það er mjög illa farið, ef það er komið svo, að nú eru þessi *mál látin fljóta hér í gegn á þögninni, hrein* hneykslismál, bara vegna þess að menn hafa ekki haft hugrekki til þess eða nenna ekki að fylgjast svo mikið með almennum málum, að þeir skipti sér af því, hvað þarna er að gerast.

Hvað er svo þetta mál, sem hér er um að ræða? Ég skal segja það, að það gildir í raun og veru einu, hvers konar mál þetta væri. Bara það, að fjmrh. leyfir sér svona yfirgang gagnvart Alþingi og svona frekju, það væri nóg til þess að gera þetta að stórmáli hér, að máli, sem varðar stjórnarskrána, að máli, sem varðar aðstöðu og afstöðu Alþ. gagnvart ríkisstj., afstöðu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds í *einu landi. En hvert er svo málið?* Höfuðatriðið, sem hérna er um að ræða í þessu, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa gert athugasemdir við, er hin svokallaða Brimnesútgerð. Nú vitum við, að það hneykslismál, sem hér er um að ræða, er svo stórt, að þetta Brimnesmál er satt að segja ekki nema partur af því. *Það eru tvö mál, sem þarna er um að ræða* og hefur áður borið á góma hér á Alþingi. Það er annars vegar spursmálið um Ásfjall h/f og þá ábyrgð, sem fjmrh. hefur tekið á ríkissjóð gagnvart því félagi, og það er hins vegar spursmálið um útgerðina á Brimnesi, og við getum kallað það útgerð fjármálaráðherranna á Brimnesi.

Hvernig var með Ásfjall h/f? Það mál er raunverulega ekki til umr. í sambandi við þetta hérna, en við vitum samt, hvernig það var. Við vitum, að einn fjmrh., sem nú er utanrrh., beitti þeirri aðstöðu í þessu máli að taka á hendur ríkissjóðs meiri ábyrgð, svo að skipti millj. kr. meiri ábyrgð en hann hafði heimild til. Og það er hugsanlegt, að ríkissjóður geti tapað á því, — ég skal ekkert fullyrða, hvað það verður,

ein, tvær, kannske þrjár, fjórar millj. Mér sýnist ekki neinn vafi á því, að það er fjmrh. persónulega, sem á að borga slíkt. Hann hefur í heimildarleysi tekið á sig ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, og það er náttúrlega eins og hvert annað fé, sem menn taka í heimildarleysi, og það eiga menn náttúrlega að borga sjálfir, ekki láta ríkið borga. Það hefur verið farið fram á rannsókn á þessum hluta málsins, á óleyfilegri meðferð fyrrv. fjmrh., sem nú er utanrrh., á ríkisfé. Það hefur verið flutt hér till. um, að það sé sett rannsóknarnefnd í þetta mál í þessari hv. d. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Sú tillaga hefur ekki fengizt samþykkt. Fyrst þegar sú till. var flutt — og hún hefur tvisvar sinnum verið flutt, þá var skammazt út af henni, og þá var sagt, að þetta væri pólitísk ofsókn og þetta væri allt í stakasta lagi. Þegar till. var flutt aftur, var svo við brugðið, að það var þögn — mikil þögn — alger þögn frá hálfu stjórnarflokkanna í málinu og málið fór til n. Hæstv. utanrrh., sem áður var fjmrh. og gerði sig sekan um þetta, hélt einhverja þá — hvað á ég að segja? — meinleysislegustu ræðu, sem hann hefur haldið, hann er vanur að beita sínu valdi og krafti, ef hann á nokkurn til. Það var mjög greinilegt hjá honum, að hann fann til sektar sinnar, og þarf hann mikið til að finna til sektar. Málið fór til n., til fjhn., og hefur ekki sézt síðan. Það var bara um 2 millj. að ræða eða eitthvað slíkt, sem var tekið þarna óleyfilega úr ríkiskassanum af fjmrh., og þegar hann var búinn að því, þá var hann gerður utanrrh. Síðan hefur honum ekki fundizt hann þurfa að segja neitt út af sínum ráðstöfunum, og meiri hl. hv. d. hefur ekki enn þá fengizt til þess að draga hann fyrir þann dóm, sem stjórnarskráin heimilar að draga hann fyrir. Ég tók eftir því þá, ég talaði í því máli, að einmitt hæstv. núv. fjmrh. var meinilla við, ef fjármálaráðherrunum tveimur var blandað saman, þeim fyrrv. og núv. Og mér liggur næstum við að spyrja, af því að þeir sitja nú þarna saman venjulega, þegar þeir mæta, og maður sá svipbrigðin á þeim, þegar verið var að tala um sökudólgana, þá liggur mér við að spyrja: Er hæstv. núv. fjmrh. orðinn samábyrgur hæstv. fyrrv. fjmrh. með þetta svindl? Er það þess vegna, sem hann fæst ekki til þess að tala um það? Er ríkisstj. eða þessir tveir fyrrv. og núv. fjmrh. búnir að éta sig saman um, hvernig afgreiða skuli málið? Það er ekkert undarlegt, að við viljum fá eitthvað að vita um þetta. Þm. hafa flutt hér till. til þess að nota þá heimild, sem stjórnarskráin gefur þeim til þess að láta rannsaka mál, það er búið að tvíflytja hana, það er reynt að svæfa hana.

En það tekst ekki betur með svæfinguna á þessu hneykslismáli en það, að þegar nefnd, sem Nd. hefði átt að setja í þetta, fæst ekki sett, þá eru það sjálfir yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, sem taka það upp hjá sér, af því að málið hrópar á þá, að gera athugasemdir, ekki að vísu um Ásfjall, því að það kemur ekki beint undir þá, en um Brimnesútgerðina. Hvað segja þeir? Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 241: „Yfirskoðunarmenn álíta, að ekki sé viðunandi, að þessu máli sé ekki ráðið til lykta svo fljótt sem verða má og það rannsakað til fulls.“ Yfirskoðunarmenn Alþingis eru búnir að kveða upp sinn dóm. Það á að rannsaka þetta mál til fulls, og það á að leiða það til lykta svo fljótt sem verða má. Og ráðh. er búinn að viðurkenna, að hann sé búinn að láta ríkisendurskoðandann rannsaka þetta mál, búa til skýrslu um það, og neitar að sýna skýrsluna. Það er kannske búið að framkvæma það, sem yfirskoðunarmennirnir heimtuðu, og málið verið rannsakað til fulls, en það er neitað að sýna Alþingi þetta. Þetta eru hlutir, sem Alþingi á ekki að þola. Svona er ekki hægt að haga sér. Ef haldið verður áfram á þennan hátt, þá verður ríkisstjórn, sem er gefið undir fótinn af hálfu meiri hl. Alþ. með svona framferði, búin að fá svo að segja einræðisvald í sínar hendur í öllum fjármálum landsins eftir nokkurn tíma, og þá geta fjmrh. farið með ríkiskassann eins og hann væri þeirra einkafjársjóður.

Ég verð að segja það, að ég undrast þá ósvinnu, sem er í sambandi við þetta mál, þegar það er vitað, að einn sökudólgurinn í þessu máli, hæstv. núv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., er aðalmaður í fjármálaráði Alþfl., annars stjórnarflokksins, að maðurinn, sem er ákærður í málinu og undir rannsókn í málinu, Axel Kristjánsson, er líka einn aðalmaðurinn í fjármálaráði Alþfl., og þegar það þar að auki er vitað, að maðurinn, sem þar næst á undan var aðalmaðurinn í því fjármálaráði, er þegar dæmdur. Ég fæ ekki skilið, hvernig menn geta látið það viðgangast, að ríkið sé leikið á þennan máta, að Alþingi sé sýnd slík óvirðing, að það sé ekki tekið tillit af hálfu eins starfsmanns þess, fjmrh., til þeirra athugasemda, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa gert, og til þeirra krafna, sem þm. og fjhn. hafa gert um að fá að sjá þau plögg, sem búin hafa verið til einmitt út frá kröfu yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Ég verð að segja það, að í sporum eins fjmrh. hefði ég álitið, að ég vildi ekki fá ríkisreikninga afgreidda, meðan svona væri.

Af hverju leggur hæstv. fjmrh. svona mikið upp úr því að fá þennan ríkisreikning endilega afgreiddan nú? Því má ekki þessi ríkisreikningur bíða, þegar svona athugasemdir koma fram? Er ekki skynsamlegra að láta þá athuga þetta mál til fulls og láta þessa hluti koma algerlega fram? Því er verið að flýta þessu svona núna, að það er helzt neitað að láta fjmrh. mæta hérna, þegar verið er að ræða ríkisreikningana? Maður gæti skilið, ef það væri um mál að ræða, sem væri frv. til laga um að veita ríkisstj. einhverjar heimildir, sem hún þyrfti endilega að hafa. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Það er ekkert sérstakt, sem liggur fyrir með afgr. endilega ríkisreikningana á þessu þingi. Ég veit að vísu, að það er til fyrirmyndar að afgr. ríkisreikninga tiltölulega fljótt og vel, en því aðeins að þeir séu afgreiddir vel. Og þetta er ekki góð afgreiðsla. Ég veit ósköp vel, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa oft verið óánægðir með þá á undanförnum áratugum, að þeim hefur ekki þótt Alþingi gera nægjanlega mikið með þeirra

athugasemdir. Það hefur verið vísað til aðgerða Alþingis um hitt og þetta, það hefur verið vísað til athugunar framvegis um hitt og þetta, og yfirskoðunarmönnum hefur ekki þótt Alþingi vera nærri nógu vakandi til þess að taka undir við þá, og þeir eru þó fulltrúar Alþingis í þessum málum. Það hefur þá aldrei verið um að ræða mál, sem kynni að vera að einhverju leyti kríminelt, sem sé mál, sem nálguðust hvorki fjárdrátt, slæma meðferð á fé, ábyrgðarlausa meðferð á fé eða eitthvað þess háttar. Hér aftur á móti eru þess háttar mál á ferðinni, að tveir af fimm í fjhn. vilja ekki afgr. málið, og meira að segja þeir, sem tala með málinu, mæla með afgreiðslu ríkisreikninganna úr fjhn., þeir koma ekki inn á þetta mál, þeir ræða það ekki. Það er auðséð, að þeim finnst málið svo skítugt, að þeir vilja ekki flekka sig á því, ætlast bara til, að með þögninni á Alþingi sé hægt að hylja þetta. Og rannsóknartillögurnar, sem fyrir liggja hjá fjhn., á auðsjáanlega að svæfa. Athugasemdir yfirskoðunarmannanna á alls ekki að gera neitt með. Ráðh. láta ekki sjá sig í þingsalnum, þegar þetta er til umr. Það er máske í því, sem þeirra sekt birtist, og ég skil það ósköp vel. En þá kemur til kasta stjórnarfylgismannanna hér á Alþingi, hvort þeir láta bjóða sér slíkt. Ég býst við, að þeir kjósi nákvæmlega sömu aðferðina, hafa sig burt úr þingsölunum, máske til þess að geta sagt eftir á: Ég vissi ekki, hvað ég var að gera. — Þetta er eitt af því, sem mest hefur verið misnotað úr biblíunni, — ég held, að það hafi upprunalega verið úr henni, ég þori annars ekki að segja það fyrir víst, því að það getur farið fyrir mér eins og fjmrh. að flaska á tilvitnunum í hana. Einhvern tíma var sagt við einhvern: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gera.“ En ég er hræddur um, að þjóðin muni ekki hugsa á þá leið um þá þm., sem koma sér hjá því að heyra, hvaða hneyksli það eru, sem eru í gangi, og gæta þess að vera ekki við, rétt eins og þeir væru fjmrh., og ætla svo að afsaka sig með því eftir á, að þeir hafi ekkert vitað, hvað þeir voru að gera. Og eitt er a. m. k. víst, að það hafa komið raddir úr öðrum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., um, að það sé eitthvað gruggugt við málin viðvíkjandi Brimnesi og Ásfjalli, þannig að ég á bágt með að skilja, að það sé alveg 100% eining í báðum stjórnarflokkunum um það að hylma yfir öll þessi mál. Ég veit ekki, hvort þessi Hilmisútgáfa, sem er með þeim stærstu í Reykjavík núna, á að hafa eitthvað með þessi yfirhylmingarmál að gera eða hvort hún á að birta myndir af því, sem kom með Brimnesinu, og nýju rafgrafvélunum, sem verið er að setja upp, sem ég veit ekki hvernig er með tollana af. En það gæti e. t. v. verið, ef það væri farið að rannsaka þessi mál, eins og einn af rannsóknardómurunum vildi gera, að það kæmi nokkuð margt fram, sem væri nokkuð óþægilegt fyrir þá aðila, sem hér standa að.

Víðast hvar erlendis er það svo, að þeir, sem í fjmrn. standa, reyna venjulega að sjá um að ná tekjum í ríkissjóð og standa vörð um ríkissjóðinn, og þorrinn af allri ráðandi borgarastétt viðkomandi lands álítur það skyldu sína að vinna að því, að þess sé gætt, að fjmrn. passi upp á þessa hluti, vegna þess að borgarastéttin í þessum löndum er það stór, að þótt einn og einn eða jafnvel fleiri en einn geri sig seka um einhverja hluti, þá vill viðkomandi stétt, að þessir menn séu dæmdir, vegna þess að stéttina sem heild munar ekki um það. Þetta heldur uppi hennar áliti. Hér hjá okkur á Íslandi er það svo, að yfirstéttin í okkar landi er svo lítil, braskarastéttin er svo fámenn, að hún er hrædd í hvert skipti, sem eitthvert hneyksli kemur upp hjá einum aðilanum, og það gerir það að verkum, að það er meiri tilhneiging hér til þess að hylma yfir þessa hluti heldur en annars staðar og þar með meiri tilhneiging til að gera okkar fjármálalíf sjúkara en annarra þjóðfélaga. Og þetta er hættuleg tilhneiging. Þess vegna er illa farið, að það skuli bara básúnað út sem einhvers konar pólitískar ofsóknir eða eitthvað slíkt, þegar þingmenn, þegar næstum helmingurinn af fjhn., þegar allir yfirskoðunarmenn landsreikninganna gera aths. við ákveðna fjármálalega hluti. Svo framarlega sem þeir hefðu verið konungkjörnir þessir ráðherrar og Íslendingar ekki skipað þá, heldur danskur konungur, þá hefði Alþingi risið upp á móti þessum mönnum, og í Danmörku hefði ríkt það siðferði, að einn fjmrh. gat gengið beint úr ráðherrastólnum og í tugthúsið eins og gerðist fyrir fimmtíu árum. Það er auðséð, að hér á að skapa öðruvísi siðferði. Það er ekki það siðferði, sem okkur dreymdi um, þegar við skópum lýðveldið. Við gengum út frá, að það yrði betra eftirlit með þessum málum, þegar við Íslendingar tækjum þau í okkar eigin hendur, heldur en meðan danskur kóngur hefði það, að við hefðum ekki siðspilltari yfirstétt og frekari, sem sæti við völdin hérna, heldur en sú danska var, þegar hún réð yfir okkur. Þetta er réttur, sem er búinn að standa í stjórnarskránni, frá því að við fengum hana fyrst, og það hefur ekkert Alþingi enn þá misvirt svona álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna, og það hefur enginn fjmrh. leyft sér að vera fjarverandi og neita að koma á fund, þegar verið var að afgreiða mál eins og hér er um að ræða, og það fjmrh., sem er ákærður fyrir að hafa tekið ábyrgð á hendur ríkissjóðs í heimildarleysi upp á milljónir króna og hafa stjórnað þannig togaraútgerð fjmrn., Brimnesútgerðinni, að það fást ekki skil í þessu enn þá. Og þegar skil koma frá ríkisendurskoðanda, þá neitar fjmrh. að birta nefndum Alþingis þau. Þetta er ekki að verða mál bara um Axel í Rafha eða Brimnes og Ásfjall. Þetta er að verða mál um tvo fjmrh. Ég gat skilið það undir einum kringumstæðum, að hæstv. fjmrh. hefði ekki komið. Ég gat skilið það undir þeim kringumstæðum, að eftir skýrslu ríkisendurskoðanda væri slík óreiða á þessum málum, að hann vildi hylma yfir það. Við vissum, að hann og fleiri voru reiðir í fyrra, þegar málið var tekið fyrir. Nú þagði hann. Ég hefði skilið þetta, ef hann hefði rofið þögnina með því, að hann hefði sent sín skilaboð og sagt: Ég er búinn að senda þetta mál til saksóknara ríkisins, þess vegna er ekki meira um það að tala. — Og þá hefðum við náttúrlega getað hætt umr. um þetta mál hér og vonazt eftir, að þetta gengi eitthvað dálítið fljótar en olíumálið.

Ég held þess vegna, að á meðan við fáum ekki þau skilaboð frá hæstv. fjmrh., að hann hafi sent málið til saksóknara, þá hljótum við að bera fram þá spurningu til stuðningsmanna ríkisstj., ef enginn ráðh. vill svara því, hvort þeim finnist það viðkunnanlegt, að Alþingi, sem hefur barizt fyrir því um áratugi að fá fjármálavöldin í þjóðfélaginu í sínar hendur, afhendi þetta vald nú í hendur hvaða fjmrh. sem kann að vilja hrifsa það til sín. Það er það, sem er að gerast núna. Ef Alþingi ætlar að gefast upp við að fylgjast með slíku, ef Alþingi ætlar að daufheyrast við öllum aths. yfirskoðunarmannanna, ganga frá hneykslismálum þannig, að þau fáist ekki upplýst, þá er verið að gefa fjármálaráðherrunum, hverjir sem þeir eru, einræðisvald í fjármálum þjóðarinnar. Þess vegna vil ég eindregið skora á hv. þm. að láta þetta mál til sín taka. Það er ekki bara um aths. í 39. liðnum að ræða. Það er um að ræða vald Alþingis gagnvart fjmrh.

Jón Pálmason: Herra forseti. Af því að svo stendur á, að ég er staddur hér við þessa umr., þykir mér rétt að segja örfá orð í sambandi við þennan reikning og þær umr., sem hér hafa farið fram.

Við yfirskoðunarmenn höfum eins og venjulega gert nokkuð margar aths. við þennan reikning, að vísu færri og að sumu leyti smærri en oft áður, og það er m. a. vegna þess, að þetta er fyrsti reikningur í fjöldamörg ár, sem kemur þannig út, að rekstrarreikningur er undir áætlun fjárl. En þrátt fyrir það er það eins og venjulega, að ýmsar þessar aths., sem við höfum gert, eru þannig, að með svörunum er ekki að fullu upplýst það, sem við höfum beðið um og gert aths. við, og þess vegna förum við fram á það, að þetta og þetta mál sé til athugunar framvegis og fáist betur upplýst. Þetta hefur verið svo á undanförnum árum, slag í slag, og það hefur mjög mörgum málum, stórmálum sumum, verið vísað hér til Alþingis og oftast farið svo, að Alþingi hefur ekkert út af þeim gert.

Nú skeður það, að út af einni okkar aths., sem er um togarann Brimnes, hefur verið gert hér mikið uppistand bæði í blöðum og á Alþingi, og verð ég þó að segja, að þótt þetta mál sé slæmt, þá er það engu verra en mörg önnur, sem við höfum gert aths. við á undanförnum árum og ekkert hefur verið um talað.

Þetta Brimnesmál skal ég ekki mikið ræða. Það er kunnugt, að það er eitt af þessum vandræðamálum Seyðisfjarðarkaupstaðar, og það tekur sig ljóst út í okkar aths., að þetta mál er ekki að fullu upplýst. Þess vegna var það krafa, að málið yrði betur upplýst, og það var samþ. af fjmrh. í svari við okkar aths., og um það var samkomulag, þegar við gerðum okkar úrskurðartillögu varðandi þetta mál. Hún er á þessa leið: „Ráðuneytið lýsir yfir, að reikningsskilum og rannsókn þessa máls verði hraðað svo sem föng eru á og það upplýst til fulls. Afgreiðsla málsins er til athugunar framvegis.“ Þetta er að okkar allra dómi eðlileg afgreiðsla þessa máls, og tilefnið til okkar aths. er, að það hefur á árinu 1960 verið greidd ábyrgðarskuld fyrir þennan togara, sem nemur 457 001.41 kr. Það efast enginn um það af okkur yfirskoðunarmönnum og ég held enginn, að þessi upphæð hefur verið greidd, og það að ætla sér að fara að fresta afgreiðslu ríkisreikningsins vegna þess, að þetta mál eins og mörg önnur er ekki að fullu upplýst, það verð ég að telja að sé alveg ástæðulaust, því að þetta mál á að upplýsast, verður að upplýsast og það til fulls, og það kemur til athugunar við yfirskoðun næsta reiknings og meðferð á honum, hvort það kemur þá eitthvað upp meira í þessu sambandi en enn liggur fyrir.

Næsta upphæðin hér á sömu blaðsíðu í ríkisreikningnum er miklu hærri, og það er líka fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Það er fiskiðjuver Seyðisfjarðar. Það eru m. ö. o. 1 948 545.81 kr. Við fengum upplýsingar um, hvernig þessari vandræðagreiðslu var háttað, og þess vegna gerðum við ekki neinar aths. um að heimta betri upplýsingar um það mál, en það er eins og komið er, svo sem menn sjá, miklu stærra en hitt. Hitt er alveg sjálfsagður hlutur, að að svo miklu leyti sem vantar upplýsingar, svo sem er um þetta Brimnesmál, þá verður að heimta þær, og það er til athugunar við yfirskoðun og afgreiðslu næsta ríkisreiknings. Þess vegna er það, að ræður eins og hér hafa verið haldnar eiga alls ekki heima í sambandi við ríkisreikninginn, heldur þá um málið í heild sinni, því að á ríkisreikningi er ekki þetta mál neitt falsað eða hylmað yfir neitt enn þá.

Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv. (EOl), var hér með alveg ósæmilegar fullyrðingar um það jafnvel, að fjmrh. hafi stolið eða hylmað yfir eitthvað. Það hefði nokkuð oft á undanförnum árum mátt nefna þau orð, ef það ætti sérstaklega að vera í sambandi við þetta mál, því að það er ekki neitt tilefni til þess að fara fram með slíkt. Mér er sagt, og kom það fram í síðustu ræðu, að það hefði komið skýrsla, eftir að reikningurinn kom fram, þá hefði komið skýrsla frá endurskoðunardeild stjórnarráðsins, framhaldsskýrsla, og ég veit ekki annað en hún hafi verið lögð fyrir fjhn. Ed. og sjálfsagt fjhn. þessarar deildar líka. (Gripið fram í.) Nei, ekki skýrsluna. Hitt hef ég einhvers staðar séð, að yfirendurskoðandi ríkisins hafi skrifað fjmrh. trúnaðarbréf, þar sem eitthvað hafi verið vikið að þessu máli, það hafi ráðh. ekki viljað leggja fyrir. Því ræður hann sjálfur, hvort hann leggur fyrir n. þingsins trúnaðarbréf. En hitt er alveg sjálfsagður hlutur, að þetta vandræðamál, þetta togaramál verður að upplýsast alveg að fullu á þessu yfirstandandi ári og í sambandi við næsta reikning. Þó að það sé ekki upplýst nú, þá er að mínu áliti alveg ástæðulaust að vera að fresta afgreiðslu þessa ríkisreiknings, því að það hefði þá eftir sömu reglum átt að fresta afgreiðslu allra ríkisreikninga lengi á undanförnum árum.

Það eru hér ýmis fleiri atriði. Ef hv. þm. vilja lesa yfir úrskurðartillögur okkar yfirskoðunarmanna, geta þeir séð, að það eru hér fleiri mál, sem við höfum lýst því sama með, að það er ekki að fullu upplýst og það er til athugunar framvegis. Og það er okkar krafa við yfirskoðun, hefur alltaf verið og er, við erum samtaka um

það, að þegar við fáum ekki nægilegar upplýsingar um eitthvert mál í sambandi við yfirskoðun þessa reiknings, þá heimtum við það í sambandi við næsta reikning. Það er sjálfsagt, og eins er með þetta mál. Allar ásakanir í garð hæstv. fjmrh. út af þessu máli, um það, að hann hafi hylmað yfir eitthvað eða stolið einhverju, það álít ég að eigi á engan hátt við. Það, sem er vafasamast í þessu máli og kannske er mest ástæða til þess að finna að og skammast yfir, er það, að það skuli nokkuð hafa verið farið í það að gera út þennan togara, eftir að hann var orðinn uppgefinn þarna austur frá og allt komið á hausinn með þá útgerð. En það er nokkuð margt annað, sem er svipað og hliðstætt ástand með, þó að hér sé mál, sem fullgild ástæða er til þess að heimta alveg fullnægjandi upplýsingar um. En að menn séu þess vegna að heimta það, að afgreiðslu þessa ríkisreiknings sé frestað og honum vísað frá, það nær frá mínu sjónarmiði ekki neinni átt, því að þið vitið, að það er ekki búið að ganga frá þessu máli, sem auðvitað verður að upplýsa, áður en kemur til greina með afgreiðslu ríkisreikningsins 1961.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Mér þótti margt einkennilegt í þessari ræðu, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) var að flytja, en hann er sem kunnugt er einn af þremur yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna. Hann sagði: Þetta mál, sem hér er deilt um, er engu verra mál en mörg önnur, sem við höfum gert aths. við.

Ég man ekki eftir máli þessarar tegundar, sem betur fer. Yfirskoðunarmenn hafa oft gert aths. um ýmsa liði á ríkisreikningunum. Þeir hafa gert aths. um það, þegar einhverjar greiðslur fóru mjög fram úr áætlun fjárl. Þeir hafa gert aths. um það nú og áður, þegar mikið var óinnheimt hjá ríkisstofnunum, mikið af útistandandi skuldum hjá þeim, og lagt áherzlu á, að hert væri á innheimtunni. Þeir hafa gert aths. um það, þegar þeir hafa talið, að ríkisstj. hafi varið fé í heimildarleysi úr ríkissjóði, og eins líka núna gerðu þeir aths. við það, að ríkisstj. hefur borgað í fullkomnu heimildarleysi nærri 300 þús. kr. úr ríkissjóði fyrir að gefa út áróðurspésa sinn og dreifa um allt landið snemma árs 1960. Þó að svona aths. komi, þá sé ég ekki ástæðu til að fresta afgreiðslu ríkisreiknings út af því. Ég geri ráð fyrir, að það liggi fyrir, að þessi upphæð hafi verið greidd úr ríkissjóði, og það verður að deila á ríkisstj. réttilega á öðrum vettvangi fyrir að fara þannig með ríkisfé og er auðvitað gert. En ég man ekki eftir, að svipað mál þessu hafi verið hér til meðferðar í sambandi við ríkisreikning. Ég man ekki eftir því. Og það er full ástæða til út af þessum orðum yfirskoðunarmannsins að nefna aðeins örfá atriði, sem hér hafa komið fram í þessu máli og alls ekki eru hliðstæð öðrum athugasemdum nú eða áður.

Þeir tala hér um, — það er í kaflanum um óumdeilanlegar skuldir útgerðarstjórans, — skuld Ásfjalls h/f, rúml. 68 þús., og segja hér innan sviga: „Skuld þessi er orðin til með þeim hætti, að inneign í sjóði, sem bókhaldið leiddi í ljós við uppgjör A. K., var færð sem peningagreiðsla til Ásfjalls h/f án nokkurra fskj. Það er viðurkennt af hálfu A. K., að hér hafi ekki verið um að ræða raunverulega greiðslu, heldur einungis færslu til bókhaldslega að tæma sjóðinn, sem enginn var fyrir.“ Þeir tala hér um eftirstöðvar af aflasölu hjá þýzku firma, ísl. krónur 25 074.15. Eftirstöðvar þessar voru ekki greiddar inn til útgerðarinnar, en munu hafa blandazt uppgjöri vegna b/v Keilis. Og í skýrslu skilanefndarinnar, sem ég vitnaði til áður og er dags. 3. des. 1960 og yfirskoðunarmenn höfðu vitanlega til athugunar og vitna einmitt í og taka atriði upp úr hér í sínum athugasemdum, er ýmislegt, sem er ákaflega athugavert og ég held að eigi sér ekki hliðstæðu í sambandi við uppgjör hjá ríkinu og ríkisreikninga. Ég fer ekki að eyða tíma í að lesa þetta upp allt. Ég ætla að taka hér eitt eða tvö atriði, sem sýna, hvernig þarna hefur verið haldið á málum. Það er hér einn liðurinn, það eru viðskipti við firma í Bremerhafen. Meðal úttektarreikninga frá þessu firma í sambandi við aflasölu b/v Brimness þar 13.—15. okt. 1959 er einn fyrir steel-bobbins — í svigum (bobbingar) — various sizes, together 82 pieces — að fjárhæð þýzk mörk 9872.30. Reikningurinn er ókvittaður við móttöku og alls óstaðfestur eins og raunar fleiri sams konar reikningar. Reikningurinn ber nr. 33. Með reikningi þessum fylgdu 3 kvittanir merktar 33 A og 33 B og 33 C, fyrir samtals þýzk mörk 382,45, sem eru kvittaðar af skipstjóra ein og fyrsta matsveini tvær. Gjaldeyri þennan hafa þessir menn greitt af launum sínum hér heima, auk þess gjaldeyris, sem þeim ber í söluferð. Nefndar kvittanir sýnast augsýnilega vera undirfylgiskjöl með bobbinga-reikningnum. Rétt þykir að geta þess, að þetta er langstærsta bobbinga-úttektin og jafnframt eini reikningurinn fyrir þessa vöru, þar sem ekki er getið, hversu margir bobbingar séu af hverri stærð. Við þetta gerðu endurskoðendur athugasemd. Svar Axels Kristjánssonar var svo hljóðandi: „Þrjár kvittanir úttektar í Þýzkalandi hafa verið færðar á viðkomandi.“ Eftir sem áður er jafnóljóst, hvernig á þessari úttekt stendur, því að útgerð b/v Brimness hefur greitt þetta fé fyrir bobbinga. Þess skal jafnframt getið, að bobbingakaup samkv. reikningunum eru mun meiri en svo, að einn togari geti komið þeim í lóg við venjuleg skilyrði.

Mönnum er sjálfsagt ljóst, hvað í þessari seinustu aths. felst. Útgerðin og þar með ríkissjóður hafði verið látinn greiða þarna, mér skilst án þess að kvittanir lægju fyrir, mun meira fyrir þessa bobbinga en skilanefndin telur að einn togari hafi getað komið í lóg við venjuleg skilyrði.

Næsta athugasemd er um viðskipti við firma í Grímsby. Það er víst fisksölufirma þar. Samkv. yfirlitsreikningi um aflasölu í Grimsby 18. marz og úttekt eru eftirstöðvar útgerðar b/v Brimness af söluferðinni £ 2025—15—11, eldri innstæða £ 5—18—6 og inneign samkv. þessu varð £ 2031—10—5. 13. apríl eru yfirfærð frá firmanu til Axels Kristjánssonar £ 2547—18—10 og gagngert tekið fram, að yfirfærslan sé vegna sölu botnvörpungsins Brimness 18/3 1960. Hér

er yfirfært rúmum £ 500 meira en útgerðin átti inni samkv. fyrrgreindu fskj., en þó talið vera af söluverði afla b/v Brimness 18/3 1960. Mismunur þessi var ekki greiddur inn til útgerðar b/v Brimness, heldur til Ásfjalls h/f. Svar Axels Kristjánssonar um þetta atriði er svo hljóðandi: „Einhver mismunur hefur orðið á reikningi Rinovia, Grimsby. Virðist helzt eitthvað hafa bætzt við, eftir að yfirlitið var sent. Gögn liggja ekki fyrir til viðbótar færðu." Eftir sem áður er engin skýring fengin á því, hvernig stendur á þessum mismun, og þá ekki heldur, hvers vegna Ásfjall h/f á að fá hann, en ekki útgerð b/v Brimness.

Þetta eru nú bara sýnishorn, sem ég hef hér lesið úr þessari skýrslu. Ég minnist þess ekki, að hliðstæðar athugasemdir hafi verið áður við ríkisreikninga. Og svo segir hv. 2. þm. Norðurl. v.: Þetta er eitt af vandaræðamálum Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þessi útgerðarstjórn og þetta reikningshald, það er eitt af vandræðamálum Seyðisfjarðarkaupstaðar. — Hvernig geðjast mönnum að svona málflutningi? Á kannske að gera kröfu á Seyðisfjarðarkaupstað í sambandi við þetta?

Þá vitnar hv. þm. í svar fjmrh. um, að hann vilji láta hraða málinu. Ég hef lýst því nokkuð áður, hver hraðinn hefur verið hér á. Það er seint í maí 1960, sem útgerðarstjórinn segir af sér útgerðarstjórninni og skipinu er lagt. Það dregst fram í ágústmánuð að skila reikningum og bókhaldi, eftir að tveir menn höfðu af ráðuneytinu verið til kvaddir til að ganga eftir reikningunum. Síðan er sett þriggja manna skilanefnd. Hún fær tvo valda menn frá endurskoðunardeild fjmrn. og þaulæfða til þess að yfirfara bókhaldið og reikningana. Þeir skila eftir nokkurn tíma sínum athugasemdum. Skilanefndin heldur fund með útgerðarstjóra og fær svör nokkur, þó aðeins um mikinn minni hl. aths. og minni háttar atriði, og þá er svo komið 3. des. 1960, að skilanefndin skrifar fjmrn. og segir, að hún sjái ekki, að hún hafi nokkra möguleika til að upplýsa neitt frekar um málið eða komast til botns í því með þeim ráðum, sem tiltæk eru fyrir n. Þetta er 3. des. 1960, og maður veit ekki til, að það hafi neitt gerzt í málinu síðan. Það er komið töluvert á annað ár. Í þessari skilagrein skilanefndarinnar eru svona alvarlegir hlutir eins og hér hafa verið nefndir og eins og vikið er að í aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, og það er liðið mikið á annað ár, frá því snemma í desember 1960 og nú er kominn apríl 1962, og það liggur ekki fyrir, að það hafi neitt verið gert til að upplýsa þetta mál frekar. Ráðh. fól að vísu ríkisendurskoðanda að taka málið til athugunar, en eru miklar líkur til þess, að ríkisendurskoðandi hafi getað komizt lengra áleiðis í málinu en tveir menn úr hans stofnun, sem höfðu haft það áður, og þriggja manna skilanefndin? Það er sagt, að ríkisendurskoðandi hafi skilað einhverju bréfi eða skýrslu til fjmrh. nú fyrir nokkru, en fjmrh. segir, að það sé trúnaðarmál og hann megi ekki birta það. En var þá ekki möguleiki, ef ríkisendurskoðandi hefði nú komizt alveg til botns í málinu, að fá hann til að senda til Alþingis einhverja skýrslu um málið, ekki endilega þetta trúnaðarbréf, sem ekki mátti vitnast um, hvað í stóð? Það er ekkert, sem bendir til þess, að það sé búið að upplýsa málið, og má fullyrða, að það er ekki, þrátt fyrir allan þennan biðtíma.

Og svo kemur hv. 2. þm. Norðurl. v. næst í ræðu sinni að málinu, sem er næst á eftir, og segir: Það er miklu stærra en hitt, af því að þar segir í 40. aths.: „Samkvæmt ríkisreikningi hafa verið greiddar 49 884 015.61 kr. vegna ábyrgðarlána 1960." Þetta er miklu stærra mál en hitt. Það er hér birtur listi yfir þessar ábyrgðargreiðslur, sundurliðaður listi, og það hefur verið greitt fyrir marga aðila, og þar í eru margar stórar upphæðir, og þessi yfirskoðunarmaður virðist líta bara á þessa stóru upphæð og finnur það út, að þetta sé miklu stærra mál. Það er náttúrlega ekki hægt að líkja þessum málum saman. Ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir fjölda aðila og orðið samkvæmt þeim skuldbindingum að greiða stórar fjárhæðir á þessu ári. En ég geri ráð fyrir, að yfirskoðunarmenn, bæði í endurskoðunardeildinni í fjmrn. og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga kjörnir af Alþingi, hafi gengið úr skugga um það, að þetta hafi verið greitt úr ríkissjóði, og þetta voru greiðslur, sem ekki var hægt að komast hjá að inna af höndum, af því að ríkið var þarna í ábyrgð, og það er engin ástæða til að fresta samþykkt á ríkisreikningnum út af því. Og eins og ég sagði áðan, það er engin ástæða til að fresta samþykkt á ríkisreikningnum, þó að það hafi komið upp, að ríkisstj. hafi m. a. tekið í heimildarleysi nærri 300 þús. kr. til að dreifa um landið sínum áróðurs- og blekkingapésa fyrir rúmum tveimur árum. Ég geri ráð fyrir, að það liggi fyrir fullgildar kvittanir fyrir því, að þetta fé hafi verið borgað fyrir að ganga frá þessu þokkalega riti, hvort dreifingarkostnaðurinn er þarna með, ég veit það ekki.

Nei, það er fullkomin ástæða til, eins og haldið hefur verið á þessu máli og þar sem það er þannig óupplýst enn, að fresta því að samþykkja ríkisreikninginn, eins og við í minni hl. fjhn. höfum lagt til. Ég man ekki eftir hliðstæðu máli áður, hliðstæðu þessu. A. m. k. hafi slík mál komið fyrir, þá hafa þau vafalaust verið látin ganga rétta boðleið til fullnaðarrannsóknar, án þess að slíkur óhæfilegur dráttur hafi á orðið.

Jón Pálmason: Hæstv. forseti. Þessi upplestur hv. síðasta ræðumanns úr aths. og skýrslum varðandi þetta Brimnesmál raskar engu af því, sem ég tók hér fram áðan. Ég fór ekkert inn á það og geri heldur ekki að verja þetta vandræðamál, hvorki reikningshald né annað, en hitt stendur og er sjálfsagt: Það, sem óupplýst er í þessu máli, á að upplýsast og það til fulls, og það raskar ekki neinum reglum frá því, sem verið hefur, þó að það sé látið bíða yfirskoðunar og afgreiðslu næsta ríkisreiknings. — Hv. þm. sagði, að það væri liðið á annað ár, síðan þetta hefði gerzt, að hér væri um þessar aths. að ræða. Það er alger misskilningur. Okkar aths. eru undirskrifaðar 21. nóv. og okkar úrskurðartillögur 7. des. s. l. Það er þess vegna

fjarri því, að það sé liðinn mjög langur tími síðan, og málið hefur verið í áframhaldandi athugun og endurskoðun hjá endurskoðunardeild fjmrn., og eins og þegar hefur komið fram, þá er þeirri rannsókn ekki lokið. En að fara að heimta það, að afgreiðslu ríkisreikningsins sé frestað vegna þess, að upplýsingum er ekki að fullu lokið um þetta mál, það er alveg ný aðferð. Og það hefur ekkert komið fram, hvorki frá minni hl. fjhn. né öðrum, sem hér hafa um þetta talað, að þeir efist um, að þessar 497 þús. kr., sem var greitt sem ábyrgðarskuld við þetta, það hafi verið borgað, og það er það eina, sem í ríkisreikningnum er. Allt, sem við höfum fundið að og er í þeim skýrslum, sem hv. þm. var að lesa upp úr, það er í reikningum fyrirtækisins og þeim skýrslum, sem um það hafa komið fram. Hér er þess vegna engu spillt varðandi upplýsingar í þessu máli, þó að þessi ríkisreikningur sé samþykktur eins og hann liggur fyrir og þess krafizt, eins og við gerum, að málið sé athugað í sambandi við næsta reikning.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er óvenjulegt, að svo miklar umr. verði um afgreiðslu ríkisreikningsins, en sannast að segja eru umr. líka út af algerlega óvenjulegu fyrirbæri. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert skýra grein fyrir því, að hinar almennu athugasemdir endurskoðenda nú við reikninginn eins og mörg undanfarin ár eru yfirleitt þess eðlis, að þær gera ekki nauðsynlegt, að afgreiðslu ríkisreiknings sé frestað. En hér er um játuð og upplýst stórfelld misferli að ræða í sambandi við útgerð á togara, sem ríkið hefur tekið á sig, langt út yfir þær heimildir, sem Alþingi hefur veitt, og við það er eðlilegt og sjálfsagt að Alþ. sjálft geri athugasemdir. Og það hefur Alþingi gert, að fengnum ábendingum yfirskoðunarmanna ríkisins, kosinna af Alþ., sem sinna trúnaðarmanna. Það er út frá þeirra athugasemdum, sem Alþ. vill kafa dýpra í málið. Og þess vegna finnst mér það ákaflega óeðlilegt, að hv. yfirskoðunarmaður skuli hér koma og segja: Ja, málið er slæmt, það er óupplýst svo og svo mikið í því, en það mega bíða upplýsingar þangað til í sambandi við næsta ríkisreikning. — Þetta eru misferli, sem eru upplýst í sambandi við þennan ríkisreikning, og það er algerlega eðlilegt mál, að Alþingi heimti upplýsingarnar á borðið, áður en gengið sé frá afgreiðslu þessa ríkisreiknings frá Alþingi. Það kemur ekkert næsta árs ríkisreikningi við, og þá verður ekki gerð gangskör að málinu, ef það er hummað fram af sér núna.

Hv. yfirskoðunarmenn gera fjölda athugasemda við þetta úthald allt saman, 55 athugasemdir, og fá upplýsingar um 15 þær smávægilegustu. Um hitt er þagað, og fást engar upplýsingar um það. Þá hefði maður ætlað, að þeir hefðu hert á, úr því að þeir höfðu vakið athygli á þessu máli, og sagt, hér dugir ekkert kák, það verður að fá svör við aðalatriðunum í málinu, ekki bara einhvern tíma, heldur nú. — Og ég er alveg undrandi á því, að yfirskoðunarmennirnir með alþingisumboð á bak við sig skuli láta leiða sig af með því að segja: Þetta er til athugunar framvegis. Og þeir hafa eftir því sem hv. yfirskoðunarmaðurinn upplýsir, haft þau slælegu vinnubrögð sem yfirskoðunarmenn, að þegar við fáum ekki upplýsingar, segir hann, þá gerum við athugasemd við næsta reikning, — við næsta reikning. Þetta álít ég vera slöpp vinnubrögð og óhæf af völdum trúnaðarmanna Alþingis. Og svo mæla þeir með því við Alþingi, að það taki upp þessi sömu vinnubrögð og segi: Það liggur hér fyrir opið, að það eru misferli, og menn fá ekki vitneskju um, hvað mikil þau eru eða í hverju fólgin í meginatriðum. En það má láta það bíða að fá þessar upplýsingar, þangað til í sambandi við næsta reikning. — Ég álít, að Alþingi megi ekki haga sér svo að ganga inn á það. Þetta á skylt við yfirhylmingar, og Alþingi má ekki bletta sig á því.

Auk þess er nú komið nýtt atriði í málinu, og það er það, að þegar ríkisreikningurinn er til meðferðar Alþingis, til athugunar hjá Alþ., og spurningin er um það, hvort Alþ. á að samþ. reikninginn eða ekki, þá er fjmrh. kallaður til og það liggur fyrir vitneskja um það, að hann hefur lagt fyrir ríkisendurskoðandann að rannsaka málið. Ríkisendurskoðandinn hefur síðan starfað að rannsókninni og afhent fjmrh. bréf sem skýrslu um málið. Nú segir þingnefndin: Við óskum að fá að sjá þetta plagg. Við viljum fá upplýsingar um málið, þess manns, sem var settur til að rannsaka það, eftir að skilanefndinni tókst ekki að knýja fram upplýsingar. — Og þá kemur að þessu furðulega og undarlega. Fjmrh. segir: Nei, þið fáið ekki að sjá plaggið. Það er leyniplagg. Það er leyndarmál. — Milli undirmanns fjmrh. og fjmrh. er það leyniplagg, sem þingnefnd má ekki fá að sjá. Hver getur nú tekið þetta sem góða og gilda vöru? Á maður að trúa því, að starfsmaður fjmrh., sem hefur verið settur til að rannsaka mál í rn., leyfi sér að skrifa á hornið á bréfið til fjmrh.: Trúnaðarmál? Það þýðir það, að „ég trúi þér fyrir þessum leynilegu upplýsingum, sem þarna eru, að þú kjaftir ekki frá þeim." Á nokkur undirtylla rétt á því að haga sér þannig gagnvart sínum fjmrh.? Ég segi nei. Og það leyfir sér auðvitað engin undirtylla að gera það. Það að skrifa „trúnaðarmál" á bréf, það eru fyrirmæli til viðtakandans um að kjafta ekki frá og ekkert annað. Og mönnum er sagt það á Alþingi, að starfsmaður ráðh. hafi uppálagt honum að segja ekki frá þeim atriðum, sem ráðh. fól hinum manninum að rannsaka og upplýsa. Nei, slíkt lætur Alþingi ekki bjóða sér. Slíkt eiga yfirskoðunarmenn Alþingis ekki að láta bjóða sér heldur. Og þingmennirnir, sem gerðu athugasemd við þetta í Ed., höfðu rétt fyrir sér, þeir áttu heimtingu á að fá það skjal, sem hafði komið út úr fyrirmælum ráðh. um að rannsaka málið frekar af ríkisendurskoðunarmönnunum. Og það er mín skoðun, að eins og yfirskoðunarmennirnir hefðu átt að segja, þegar þeim er neitað um upplýsingar: þá setjum við punkt hér við okkar starf og það verður ekki haldið áfram við endurskoðun þessa ríkisreiknings og þeirri endurskoðun ekki lokið, fyrr en við höfum fengið þær upplýsingar, sem við heimtum í umboði Alþingis, — á sama hátt er eðlilegt, að Alþingi segi: Hér skal verða stanz á. Við

viljum fá að skoða það bréf, sem kom frá ríkisendurskoðandanum til ráðh., því að það er þýðingarmikið atriði varðandi mál, sem Alþingi hefur til meðferðar og þingnefnd á að segja sitt álit á. Slíku máli má ekki halda fyrir þingmönnum, áður en þeir eiga að greiða atkv. um málið, hvers eðlis það sé. — Þá er auðvitað eðlilegast, að Alþingi segi: Nei, við afgreiðum ekki, við tökum ekki þátt í að afgreiða reikninginn, fyrr en við höfum fengið eðlilega starfsaðstöðu til þess að gera það, til þess að inna af hendi okkar þingmannsskyldur. — Og við skulum sjá, ef hv. yfirskoðunarmenn hefðu þá stutt þetta og þingmenn í liði stjórnarinnar fallizt á, að Alþ. ætti heimtingu á að fá upplýsingar um veigamikil atriði þessa máls, áður en það rétti upp hendurnar til þess að samþ. reikninginn, þá hefðu vitanlega plöggin komið á borðið. Þá hefðu þau komið á borðið og Alþ. fengið að afgreiða ríkisreikninginn vitandi, hvað það væri að gera.

Það er haft fyrir satt, að ríkisendurskoðunarmaðurinn hafi sagt: Ef þið fengjuð að sjá það plagg, sem ég sendi fjmrh., þá mundi ekki batna útlitið í þessu máli. — Og eitthvað hlýtur það að vera meira en lítið krassandi, sem má ekki koma fyrir almenningssjónir í þessu máli.

Þetta atriði snýr svo alveg sérstaklega að Alþingi, að Alþingi getur ekki látið það atriði fram hjá sér fara. Og eins og ég tel, að yfirskoðunarmenn eigi að stöðva sitt yfirskoðendastarf, þegar þeim er neitað um upplýsingar, með umboð Alþingis á bak við sig til að heimta slíkt, þá tel ég það alveg ótvírætt, að Alþingi á að neita afgreiðslu á þingplaggi, sem þm. er ætlað að rétta upp hendurnar með eða móti, ef þeir vita, að haldið er fyrir þeim upplýsingum um efnisatriði málsins. Það dugir ekkert að segja: Við skulum sleppa því að heimta upplýsingar um þetta núna. Við skulum láta okkur nægja, að þær komi við afgreiðslu næsta ríkisreiknings. — En hv. yfirendurskoðandinn eða yfirskoðunarmaður ríkisreikninga sagði: Þetta mál á að upplýsast, en það má gera það í sambandi við reikning ársins 1961. — Það á ekkert skylt við þann ársreikning. Og það á að fá upplýsingar um efnisatriði, sem hafa komið fram í aths. yfirskoðunarmanna við þann ríkisreikning, sem við erum hér að ræða um, og við annan ríkisreikning ekki. Og það verður ekkert ljúfara hæstv. ráðherra að láta í ljós upplýsingarnar að ári liðnu. Eða hverju ætti það að breyta fyrir honum? Þær upplýsingar, sem hann neitar um í ár, er nokkuð líklegra, að hann í sambandi við afgreiðslu annars ríkisreiknings láti þær upplýsingar í té, eftir svo sem 12 mánuði? Ég sé engar líkur til þess.

Sannleikurinn er sá, að menn, sem eiga að vera starfsmenn Alþingis, því að það eru ráðherrarnir líka, þeir sleppa við að gefa Alþingi þær upplýsingar, sem þeim er skylt að gefa því, ef það er ekki staðið fast á því, að þeir gefi þær upplýsingar nú í sambandi við þetta mál. Þeir munu ekki gefa þær upplýsingar síðar í sambandi við síðari ára ríkisreikninga eða önnur mál. Hér er a. m. k. um að ræða hundruð þúsunda króna, það sem er fullyrt að séu óumdeilanlegar skuldir útgerðarstjórans við ríkissjóð. En síðan er sagt, að það vanti sannanir, séu ófullnægjandi fylgiskjöl og engin fylgiskjöl, og svo hafi blandazt á milli útgerða, og vakna sérstakar grunsemdir í sambandi við það.

Það var einmitt hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm), yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna, sem nefndi það, að það hefði blandazt á milli, og það var einmitt það, að Axel Kristjánssyni var hjálpað til þess að hafa tvo togara í takinu — tvo togara. Það var ekki eins auðvelt að koma blöndunarreglunni við, ef togarinn var bara einn. Honum var hjálpað til að hafa þá tvo. Og svo kemur einmitt upplýsing um það, að einn af reikningunum — einn af þessum óstaðfestu reikningum, ófullnægjandi fskj., hafi verið um svo stórkostleg innkaup af bobbingum, að ógerlegt sé að hugsa sér, að einn togari hafi getað komið þeim í lóg. Er ekki Alþingi þarna gefin nokkuð skýr vitneskja um það, að þarna sé ekki hreint mjöl í poka, þarna sé um að ræða vöru, sem ekki hafi verið notuð í sambandi við útgerð þessa skips? Ég get ekki séð, að það sé hægt að orða það öllu skýrara. Það er augljóst hverjum manni, að þarna er sagt, að vörur hafi verið færðar á reikning þessa skips og á ríkisins kostnað þar með, en hafi vafalaust tilheyrt öðru skipi, — og þarna voru í útgerðarstjórn þessa sama manns samtímis togararnir Brimnes og Keilir.

Ég fyrir mitt leyti geri sérstaklega strangar kröfur um það, að hæstv. núv. fjmrh. fallist á það sem réttmæta ósk og kröfu alþingismanna, að hann sýni þeim, áður en atkvæði ganga um þetta mál, það bréf, sem hann fékk frá ríkisendurskoðandanum og líta verður á að hafi verið skýrsla þessa starfsmanns ríkisins til ráðh. Það er fánýtt að segja þingheimi, að undirmaðurinn hafi skrifað á bréf til ráðh. „trúnaðarmál", sem þýðir: Þú mátt ekki kjafta frá, m. ö. o., að undirmaðurinn hafi verið að gefa hæstv. ráðh. fyrirmæli um að hafa ekki í hámæli þau mál, sem ráðh. hafði fyrirskipað honum að rannsaka. Þetta bréf, þessa skýrslu um þetta umrædda mál, sem varðar afgreiðslu ríkisreikningsins, á Alþingi heimtingu á að fá að sjá, áður en þingnefndirnar ljúka störfum um málið og áður en atkvæði ganga um það á Alþingi Íslendinga. Og ég álít, að hvað sem um efnishlið málsins er að segja og hversu ljótt eða slæmt mál þetta er, eins og hv. yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna skilgreindi málið hér áðan í ræðu, þá er það þó verst af öllu gagnvart Alþingi, að hæstv. fjmrh. nú brjóti skyldur sínar við Alþingi Íslendinga. Það eitt út af fyrir sig er ljótt mál og slæmt mál og ekki hægt við að una.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. hér í gær, var ég bundinn við umr. í Ed. um annað stjórnarfrv.

Áður en til atkv. er gengið um þá rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir, tel ég óhjákvæmi-

legt að gefa hv. þm. vissar upplýsingar, vegna þess að þessi rökstudda dagskrá er byggð á forsendum, sem eru rangar og ósannar.

Í hv. Ed., þegar málið var þar til meðferðar í fjhn., óskaði einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, eftir því, að hann mætti fá hjá ríkisendurskoðanda þau gögn og upplýsingar varðandi Brimnesmálið, sem hann óskaði eftir. Ég varð að sjálfsögðu við þeim tilmælum og fól ríkisendurskoðanda að veita hv. þm. allar upplýsingar og aðgang að gögnum, sem hann hefði. Það fékk hv. þm., og honum var sýnt allt, sem hann óskaði eftir. Síðar gerðist það, að þessi sami hv. þm. krafðist þess að fá að sjá bréf, sem ríkisendurskoðandi hafði síðar sent mér og afhent mér sem trúnaðarmál og hafði skrifað það á það bréf. Þetta bréf hafði einkum inni að halda hugleiðingar hans um sjálfa málsmeðferðina, en ekki um staðreyndir eða atvik málsins. Þar sem þetta bréf var afhent mér sem trúnaðarmál, taldi ég að sjálfsögðu hvorki skylt né heimilt að afhenda það hv. þm. til birtingar. Það hefði verið að mínu áliti mjög ámælisvert, ef ráðh. ryfi þannig trúnaðarskyldu og birti opinberlega það, sem honum er afhent af embættismanni sem trúnaðarmál.

Þegar svo málið kemur hingað til þessarar hv. d., þá leyfir minni hl. fjhn., þeir Skúli Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson, sér að flytja till. til rökstuddrar dagskrár, þar sem dagskráin er rökstudd á þessa leið: „Þar sem ekki hafa fengizt upplýsingar úr rn. í sambandi við 39. gr. aths. yfirskoðunarmanna o. s. frv. Í því sambandi vil ég upplýsa, að hvorugur þessara þm. hefur með einu orði farið fram á nokkrar upplýsingar frá minni hendi. Þeir hafa ekki beðið ráðuneytisstjóra fjmrn. um neinar upplýsingar. Þeir hafa ekki beðið ríkisendurskoðanda um neinar upplýsingar. Þegar þetta er haft í huga, taldi ég nauðsynlegt að kveðja mér hljóðs utan dagskrár. Vegna þess að ég var hindraður vegna umr. í hv. Ed. í gær frá þessum umr., tel ég mér skylt að upplýsa þetta, og af því má það ljóst vera, að forsendur þessarar till. til svokallaðrar rökstuddrar dagskrár eru rangar og ósannar.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég vil gera athugasemd við það, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra. Hann segir, að við í minni hl. höfum ekki óskað eftir frekari upplýsingum um málið hjá sér í ráðuneytinu.

Þegar frv., sem hér liggur fyrir, var til meðferðar í fjhn. þessarar d., spurði ég að því í n., hvort ekki mundi vera unnt að fá frekari upplýsingar en þegar höfðu fram komið um málið, t. d. um það, sem farið hefði á milli ríkisendurskoðanda og fjmrh., en hv. meiri hl. fjhn. taldi, að það mundi ekki þýða að fara fram á slíkt, það fengjust ekki meiri upplýsingar um þetta mál, og ég efast ekkert um, að hv. meiri hl. eða fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. eru fúsir til að votta, að þetta sé rétt, og þeir ákváðu þegar á þeim sama fundi að mæla með samþykkt frv. Ég tel það alveg rangt, sem hæstv. ráðherra heldur fram, að við höfum farið með rangt mál í þessari dagskrártill. Það liggur fyrir í þessu máli, að það eru engar upplýsingar fram komnar um athugun á því eða niðurstöður neinna rannsókna á málinu, frá því að skilanefndin skrifaði rn. og tilkynnti, að hún treysti sér ekki til að upplýsa málið frekar með þeim ráðum, sem henni væru tiltæk. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga gerðu svo sínar athugasemdir, m. a. á grundvelli þessarar skýrslu frá skilanefndinni, og meira vita menn ekki um málið, svo að það er ekkert rangt í þessari dagskrártill.

Einar Olgeirsson: Ég vil í fyrsta lagi átelja það að eiga að fara að gera mun hér á milli þm. um málfrelsi. Ég þykist hafa hér sama rétt til málfrelsis og hæstv. fjmrh. Ég fór fram á það í gær, að þessu máli yrði frestað, sem hér á að greiða atkv. um, þangað til hæstv. fjmrh. gæti verið við. Og ég lagði áherzlu á það í gær, að 2. umr. yrði ekki lokið, ef hæstv. fjmrh. ætti erfitt með að vera við.

Nú kemur hæstv. fjmrh. hér og segir: Ég var borinn ljótum sökum hér í gær. — Hans var valdið, ef hann var upptekinn í Ed., þá gat hann óskað eftir því, að þetta mál biði, þangað til hann hefði tíma til að mæta hér í Nd. Honum ber skylda til að mæta hér, þegar verið er að ræða mál eins og ríkisreikningana. Það er ekki hægt fyrir einn ráðherra að koma, þegar á að ganga til atkv. og umr. er slitið, og fara að hefja umr. um málið þá, nema þm. hafi sama rétt og hann og umr. hefjist á ný, og það skil ég ósköp vel, að hæstv. forseta er ekki vel við. Þess vegna hefði hæstv. fjmrh. átt að hugsa um það í gær, þegar það var borið undir hann, hvort ætti að halda áfram 2. umr., hvort honum væri ekki nær að koma hingað og taka þátt í þeirri umr.

Það er alveg rétt, að það voru bornar þungar sakir á þennan hæstv. ráðherra og ekki síður á fyrirrennara hans. Hæstv. utanrrh. hefði haft tíma til að vera hérna við í gær og kannske svara fyrir ríkisstj., og hann var höfuðsökudólgurinn, svo að hann hefði átt að gera það. Ég var neyddur til þess að bera þetta fram hér í gær, forseti vildi ekki fresta umr. lengur, eins og ég óskaði, vegna þess að ég kunni ekki við það að ljúka umr. að hæstv. fjmrh., bæði núv. og fyrrverandi, fjarstöddum. Þess vegna er það óviðeigandi að fara að koma nú og fara að gefa einhverjar yfirlýsingar hér utan dagskrár, sem eiga að fara að hafa áhrif á afstöðu manna við atkvgr. Það vantar þorrann af öllum upplýsingum um þetta mál enn þá. Það liggur fyrir frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, að þeir hafi ekki fengið þessar upplýsingar. Og það liggur sá grunur á, að ráðherrann hafi ýmsar upplýsingar enn þá í þessu máli, sem Alþ. hefur ekki fengið.

Ég vil ekki vera að þreyta þolinmæði hv. forseta. Ég skil ósköp vel, að hæstv. fjmrh. kemur hæstv. forseta í klípu með því að ryðjast svona fram og fara að gefa hér yfirlýsingar utan dagskrár. Honum hefði verið nær að vera hér við í gær. Þetta sýnir bezt, að það er ekki til neins að vera að hafa þann hátt á, sem sumir hæstv. ráðherrar hafa tilhneigingar til, að reyna að knýja mál fram án þess að geta sjálfir

verið við til þess að ræða þau. Það var ekki langur tími, sem fór í þetta mál í gær. Það var ekki það, sem var að. Það er óviðeigandi að hafa þessa starfshætti hér í þinginu. Þess vegna vil ég lýsa því yfir, að það, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt um þetta, er markleysa og á ekki að hafa nein áhrif á þá atkvgr., sem hér fer fram. Og ég skora á hann að vera við 3. umr. þessa máls, til þess að hægt sé að fá að ræða þetta mál enn þá betur.

Á sama fundi var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Till. til rökst. dagskrár á þskj. 739 felld með 22:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, KGuðj, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HS, IG.
nei: JóhH, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, GJós, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JP, GÞG, IngJ, RH.
BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (LJós, HÁ, HV) fjarstaddir.
Frvgr. samþ. með 21:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 786).

---

60. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 59. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [170. mál] (stjfrv., A. 367).

Á 63. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Með frv. er lagt til að mynda einn sjóð úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði, er nefnist stofnlánadeild landbúnaðarins.

Um þetta frv. hefur verið nokkuð rætt og ritað, áður en það er tekið fyrir hér í hv. deild, og er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja. Eitt dagblaðanna hefur tekið afstöðu til málsins, og hefur sézt þar, að frv. er talið árás á bændur, að það hindri uppbyggingu í landbúnaðinum, ef að lögum verður, að bændurnir eigi að greiða gengistöpin. Það verður að ætla, að þessar fullyrðingar blaðsins hafi verið skrifaðar, áður en frv. var lesið til enda, og hygg ég, að hv. þm., þegar þeir hafa kynnt sér frv. í heild, verði ekki á sömu skoðun og blaðið, og allra sízt þegar þess er gætt, að þeir, sem að frv. standa, greiddu atkv. með því, hv. þm. Framsfl., að leggja gjald á búvörur bænda til þess að byggja bændahöllina hér í Reykjavík, án þess að búnaðarsjóðirnir eða landbúnaðurinn fengi nokkuð þar á móti. Það er vitað mál, að þetta gjald var allmikið umdeilt, þegar það var lögfest. Ég skal ekki fara út í það, en afstaða mín til þess gjalds, þegar það var á dagskrá, markaðist af því, að það væri ekki bændunum sérstaklega til gagns að byggja stærra en svo, að það nægði yfir þeirra starfsemi, og að það væri eðlilegt, að þeir legðu kapp á að byggja yfir sig og gera jarðabætur í sínum sveitum, áður en það væri gert. Hitt hefði mátt koma á eftir. Það er þess vegna fróðlegt að vita, eftir að hv. þm. hafa kynnt sér frv., sem nú hefur legið á borðum þeirra í nokkra daga, hvort afstaðan getur orðið eitthvað lík og ég hef lýst í blaðinu.

Það hefur einnig verið sagt, sem er nokkuð ótrúlegt, en sennilega aðeins í hita dagsins, að óathuguðu máli, að lánasjóðir landbúnaðarins hafi orðið út undan að því leyti, að öllum bönkum og sjóðum hafi verið bætt það gengistap, sem þeir urðu fyrir, en lánasjóðir landbúnaðarins skildir eftir. Hér er um svo mikil öfugmæli að ræða, að hv. þm. hljóta að vera sammála um það, þegar þeir hafa kynnt sér málið, að það þarf ekki að eyða tíma til umr. um það. Það er vitað, að bönkum hefur ekki verið bætt gengistapið, heldur hefur gengishagnaðurinn verið tekinn af bönkunum. Hlutunum er gersamlega snúið við, og er vitanlega hægt að færa gild rök fyrir því, ef þess gerist þörf, ef einhverjir hv. þm. ætla að verja það, sem hefur verið sagt að óathuguðu máli í hita dagsins af einhverjum flokksbróður.

Með þessu frv., sem hér er um að ræða, er lagt til, að búnaðarsjóðunum verði ekki aðeins bætt gengistapið að fullu, heldur miklu meira. Það er lagt til, að þeir fái árlega margfalt meira en sem nemur hallanum vegna gengistapsins. Og það er þess vegna, sem þetta frv. er gott, ekki aðeins fyrir nútíðina, heldur og ekki síður fyrir framtíðina, því að verði það lögfest, þá gerir það búnaðarsjóðunum fært að auka útlán og efla landbúnaðinn, verða sú styrka stoð, sem landbúnaðurinn þarf á að halda. Og það er eðlilegt, að það sé athugað, hvers virði það er að bæta gengishallann út af fyrir sig. Það er vitanlega spor í rétta átt. Og að því miðar það frv., sem hér er á dagskrá í dag og flutt af hv. þm. Framsfl. Það er vitanlega spor í rétta átt, en það bara nær allt of skammt, því að þótt það frv. verði lögfest eitt út af fyrir sig, verða sjóðirnir vanmegnugir, algerlega vanmegnugir að lána og búa áfram við fjárskort. Það er þess vegna ekki nema aðeins spor í rétta átt, það frv., sem hv. framsóknarmenn hafa lagt fram. Það verður meira að ske, ef sjóðirnir eiga að byggjast upp, ef þeir eiga að geta innt af hendi það hlutverk, sem þeim er ætlað. En það munu þeir gera og geta, eftir að þetta frv. hefur verið lögfest. Þá munu sjóðirnir fá miklu meira fé til umráða en þeir áður hafa haft og geta hækkað útlánin og tekið að sér að lána t. d. út á vélar og annað, sem aldrei hefur verið

hægt að lána út á áður vegna fjárskorts. Það er vitanlega höfuðatriði, að sjóðirnir geti byggt sig upp og geti fengið nauðsynlegt fjármagn til umráða, og það er það, sem ræður mestu um uppbyggingu landbúnaðarins, bæði nú og eftirleiðis, hvort landbúnaðurinn á greiðan aðgang að hagstæðum lánum. Það skal tekið fram, að eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, er ætlunin að lengja lánstíma ræktunarsjóðs, — sem ekki heitir á eftir ræktunarsjóður, — stofnlánadeildarinnar í 20 ár út á útihús og ræktun, svo sem áður var, en það hefur verið, eins og kunnugt er, nú um tveggja ára skeið til 15 ára. Þetta verður gert, ef frv. verður lögfest, vegna þess að sú uppbygging, sem í frv. felst, leyfir það.

Ég vil þá í nokkrum orðum lýsa því, hvaða tillögur eru í frv., sem gera það fært að byggja sjóðina upp eins og ég hef lýst. Það þarf vitanlega ekki að taka það fram, að stofnlánadeildin á að vera tengd Búnaðarbanka Íslands á sama hátt og ræktunarsjóður og byggingarsjóður eru nú.

Samkv. 3. gr. er, auk núverandi eigna ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, lagt til, að stofnlánadeildin fái nýtt stofnfé, 60.5 millj. kr., sem ríkissjóður hefur ýmist lánað stofnlánasjóðum landbúnaðarins eða greitt vegna þeirra í áföllnum ábyrgðum. Þannig eignast stofnlánadeildin strax nokkurn höfuðstól, í stað þess að sjóðirnir skulda nú 34 millj. kr. Það er sem sagt öfugur höfuðstóll hjá þessum deildum nú, sem nemur 34 millj. kr.

Samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin fái tryggðar miklar árlegar tekjur. Í fyrsta lagi er lagt til, að núv. fjárframlag verði óbreytt. Það er 4 millj. kr. á ári. Í 2. og 3. tölul. er lagt til, að bændastéttin og ríkissjóður leggi fram að jöfnu árlegt tillag til stofnlánadeildarinnar. Með hliðsjón af því alvarlega vandamáli, sem hér er við að fást, og mikilvægi þess fyrir alla framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins í landinu er lagt til að leggja 1% gjald á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem ákvarðast og innheimtist á sama hátt og ½% gjald til búnaðarmálasjóðs og ½% gjald til bændahallarinnar, eins og það er nú innheimt. Það skal tekið fram, að þetta ½% gjald til bændahallarinnar fellur niður lögum samkvæmt á þessu ári. Mér er ekki kunnugt um, hvort þeir, sem stóðu að samþykkt þessa gjalds á sínum tíma, óska eftir, að það verði framlengt. En verði það ekki framlengt, verður hér ekki um að ræða nema ½% hækkun á búvörur bænda, og fá þeir þá stóran hluta annars staðar frá, eða mætti segja, að þeir greiddu í viðbótargjald frá því, sem nú er, aðeins 1/9—1/8 hluta af árlegum tekjum deildarinnar. Það er erfitt að áætla nákvæmlega tekjur af gjaldinu, en miðað við framleiðsluverð og framleiðslumagn nú má áætla það á næsta ári 8 millj. 240 þús. Eins og kunnugt er, hefur sjávarútvegur í mörg undanfarin ár greitt útflutningsgjald af sjávarafurðum, og nemur það nú 6.15%. Að vísu fær sjávarútvegurinn talsverðan hluta af þessu aftur í gegnum tryggingar og fleira. En það mun vera nú 1.8% af útflutningsverði sjávarafurða, sem lagt er í fiskveiðasjóð. Þetta gjald hefur gert það að verkum, að fiskveiðasjóður er þegar orðinn öflug stofnun, sem lánar út á fiskiskip. En fiskveiðasjóður hefur á undanförnum árum fengið aðeins lítið framlag á móti þessu gjaldi, sem lagt hefur verið á sjávarútveginn. En sjávarútvegurinn á vegna þessa gjalds, sem hefur verið lagt á útflutningsvöruna, öfluga lánastofnun, sem er útveginum alveg ómissandi.

Það er lagt til, að lagt verði gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð allra annarra landbúnaðarvara, er nemi 0.75% af verði til framleiðenda. Þessi 0.75% bætist við útsöluverð vörunnar, og er gert ráð fyrir, að það nemi 5.5 eða jafnvel 6 millj. á ári. Þetta er alveg nýtt í löggjöf hér á landi, en fyrirmyndina má sækja til Noregs, að verkamannastjórnin þar hefur lagt gjald á búvörur, útsöluverðið, og er það viðurkenning á því, að Norðmenn líta svo á, að landbúnaðurinn sé ekki aðeins fyrir bændurna, heldur fyrir þjóðarheildina. Um leið og lagt er til að lögfesta þetta ákvæði hér, er það einnig viðurkenning af löggjafans hendi, að landbúnaður á Íslandi sé fyrir alla þjóðina og það sé þess vegna ekki aðeins eðlilegt, að ríkissjóður leggi fram ríflegan skerf til þess að bæta gengishallann og til þess að byggja upp þessa starfsemi, heldur einnig hinn almenni neytandi, um leið og hann kaupir vöruna. Það má þess vegna gera ráð fyrir, að hinn árlegi tekjustofn deildarinnar verði: 8.24 millj., 1% frá bændum, sama upphæð úr ríkissjóði, það eru 16,5 millj., 4 millj. fast gjald úr ríkissjóði, 20.5 millj., 5.5 millj. eða jafnvel 6, 0.75% gjaldið, það eru 26 millj. En auk þess má meta nokkurs stofnframlagið, sem ríkissjóður leggur fram nú þegar. Væri miðað við 12 ár og 7.5% vexti af þessu stofnfé, jafngildir það rúmlega 9 millj. kr. á ári fyrir stofnlánadeildina, þannig að hér eru sama sem 35 millj. kr. árlegar tekjur í stofnlánadeildina.

Ég vænti þess, að þegar hv. þm. hafa áttað sig á þessum atriðum, geri þeir sér ljóst, að þetta frv. stefnir ekki að því að hindra uppbyggingu landbúnaðarins. Það stefnir ekki að því að leggja byrðar á landbúnaðinn og láta bændurna greiða gengistöpin. Ég veit, að hv. þm. í Ed. gera sér fulla grein fyrir því, hverja þýðingu þetta mál hefur. Ég veit, að þeir gera sér ljóst, að sé reiknað með 1% gjaldi af vörum, þá borga bændur ekki ¼ af því, sem deildin fær árlega. Og sé reiknað með aðeins ½% nýju gjaldi, sem kannske væri eðlilegra að gera, þá væri þetta milli 1/9 og 1/8 hluti, og væri það borið saman við það, sem útvegurinn greiðir, og það, sem hann hefur fengið úr ríkissjóði, þá held ég, að þeir, sem tala fyrir landbúnaðinn, mundu ekki segja, að bændurnir ættu í þessu tilfelli að fá sama rétt og útgerðin, vegna þess að þarna er um annan og meiri rétt að ræða en útgerðin hefur búið við.

Ég veit, að einhverjir munu segja, að það sé erfitt fyrir bændur að borga 1% gjald, vegna þess að þeir fái ekki fullt grundvallarverð fyrir afurðirnar og þeir fái ekki útgjaldaliði við framleiðsluna viðurkennda. En það var ekki heldur, þegar bændahallargjaldið var lögfest. Þá höfðu bændur ekki útflutningstryggingu, þá fengu þeir ekki viðurkennda kostnaðarliði í

grundvellinum, og var verðgrundvöllurinn vitlaus eins og hann er nú. En þá var það þannig, að þeir fengu ekki það verð, sem skráð var eftir grundvellinum, vegna þess að það vantaði útflutningstryggingu, og ég efast um, að bændur hafi þá verið nokkru færari um að bera gjöld heldur en það 1% gjald, sem nú verður lagt á. Það vitanlega miðast ekki við það, að bændurna vanti á næstu árum viðurkenningu á útgjaldaliðum við búrekstur, jafnvel þó að það vanti nú. Það hlýtur að koma að því, að þeir liðir, sem hægt er að færa rök fyrir til útgjalda við búreksturinn, verði viðurkenndir, og jafnvel þótt það gengi illa og fengist ekki, þá er nauðsynin svo brýn að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, að á því veltur framtíð íslenzks landbúnaðar, að það megi takast.

Samkv. 5. gr. tekur stofnlánadeildin að sjálfsögðu við öllum skuldbindingum, sem ræktunar- og byggingarsjóður hafa haft. Sú breyting er gerð á gildandi ákvæðum um lán út á framkvæmdir, að bætt er við framkvæmdum í sambandi við lax- og silungseldi, sem ætla má að verði í vaxandi mæli hér eftir. Það hefur sem sagt ekki vantað að undanförnu heimildir til þess að lána út á vélar, vinnslustöðvar og annað tilheyrandi landbúnaðinum. Það hefur einfaldlega ekki verið gert, vegna þess að það hefur vantað fé. Og einmitt vegna þess, að þessar heimildir voru í lögum, þurfti litlu við að bæta. Þá er gert ráð fyrir lánum allt að 60% kostnaðarverðs, sem nú er í lagaákvæðum um ræktunarsjóð. Og það er fellt niður gildandi ákvæði um lánsupphæðir til byggingar íbúðarhúsa, því að það var algerlega úrelt, enda ekki eftir því farið. Öðrum ákvæðum er lítið breytt í sambandi við væntanlegar lánveitingar. Þá er vitanlega ákvæði um tryggingar fyrir lánum í samræmi við gildandi lög.

Tekið er í 9. gr. ákvæði um lánstíma á lánum, bæði í byggingarsjóði og ræktunarsjóði, og gert ráð fyrir, að lánstími verði nánar ákveðinn með reglugerð, en lánstími út á íbúðarhús í sveitum hefur verið 42 ár og úr ræktunarsjóði lengst af 20 ár, og er gert ráð fyrir að lengja lánstímann til framkvæmda, byggingar útihúsa og ræktunar, eins og ég áðan sagði, aftur upp í 20 ár.

Þá er ekki heldur ákveðið í þessum lögum með vaxtafótinn, því að eins og vitað er vegna ákvæða laga um efnahagsmál, eru vextir ákveðnir með öðrum hætti. Það gerir Seðlabankinn í samráði við ríkisstj. En það þykir hins vegar rétt að mæla fyrir um vaxtamismun, og er gert ráð fyrir, að það verði eins og áður, að vextir hafa alltaf verið hærri á lán til íbúðarhúsabygginga heldur en úr ræktunarsjóðnum. Er gert ráð fyrir, að það verði framvegis sami mismunur. Þá er, eins og verið hefur, samkv. 11. gr. gert ráð fyrir, að ríkissjóður sé ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum fyrir stofnlánadeildina, eins og er fyrir ræktunar- og byggingarsjóð.

Þrátt fyrir þá uppbyggingu, sem augljós er samkv. þessu frv., verður að gera ráð fyrir, að stofnlánadeildin taki lán fyrstu árin, og þess vegna er lánsheimild í 12. gr., og má þá ætla, að aðallega verði tekin lán innanlands og að það verði, eftir að augljóst er, að stofnlánadeildin byggir sig upp og getur staðið undir lánunum, greiðara en áður, þegar um það var að ræða að útvega uppbyggingar- og ræktunarsjóðslán s. l. 2 ár. Ég komst í kynni við það, þegar ég talaði við Seðlabankann, hvernig þeir litu á það í Seðlabankanum að lána ræktunarsjóði og byggingarsjóði, eins og rekstur þeirra hefur verið.

Það var beinlínis skilyrði frá þeirra hendi, til þess að geta lánað þessum sjóðum, að rekstrargrundvöllur þeirra yrði á annan veg en verið hefur. Og það er vitanlega ekkert að undra, þótt svo sé, þegar um það er að ræða að lána einni stofnun, jafnvel þótt ríkisábyrgð sé á bak við. Það má einnig hugsa sér að taka eitthvert erlent lán til þess að lána vinnslustöðvum og jafnvel út á vélar til stutts tíma. Það er t. d. kunnugt, að Mjólkursamsalan og fleiri stöðvar mundu glaðar taka erlent lán og kemur ekki til hugar raunverulega annað, eða lán t. d. í gegnum Búnaðarbankann, sem væri endurlánað með gengisklásúlu. Það er svo mikið fjármagn, sem þarf þannig á einn stað, að þeim kemur ekki til hugar, að það sé hægt að fá það innanlands. Hins vegar kemur vitanlega ekki til mála, að bændur geti tekið lán með gengisklásúlu til byggingar, ræktunar eða annars, nema ef það væri þá að einhverju leyti til vélakaupa og væri til skamms tíma. Það gæti verið til athugunar.

Það er kunnugt, að veðdeildin hefur búið við algeran fjárskort undanfarin ár og alls ekki getað innt það hlutverk af hendi, sem henni er ætlað. Samkv. 13. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin geti keypt bankavaxtabréf af veðdeildinni allt að 10 millj. kr. á ári. Og það mundi gera veðdeildinni fært að lána samkv. þeim reglum, sem henni var upphaflega ætlað að gera. Og 10 millj. kr. á ári er sú upphæð, sem tvö síðustu búnaðarþing hafa samþykkt og óskað eftir, að ríkisstj. hefði forgöngu um að útvega veðdeildinni, 10 millj. kr. á ári.

14.—21. gr. eru algerlega í samræmi við gildandi ákvæði. Um byggingarsjóð og ræktunarsjóð eru ákvæði í lögum um Búnaðarbanka Íslands, en ekki þykir þó ástæða til að gera nú breytingu á þeim lögum, heldur láta nægja almennt ákvæði, er í 22. gr. felst. Í sambandi við innheimtu álags á landbúnaðarvörur er ekki ákveðið í þessu frv., hvernig að því skuli farið, það verður gert með reglugerð og sennilega með svipuðum eða sama hætti og búnaðarmálasjóðsgjaldið er innheimt.

Um aðrar greinar frv. er í rauninni ekkert að segja. Það er aðeins breytt orðalagi í samræmi við aðrar breytingar á frv.

Ég hygg, að hv. alþm. séu sammála um þá miklu þörf, sem fyrir því er að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins. Það þarf þess vegna ekki að eyða mörgum orðum til þess að rökstyðja það, og þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var gefin yfirlýsing um, að hún mundi leitast við að koma styrkum stoðum undir þessar stofnanir, og á grundvelli þeirrar yfirlýsingar var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um uppbyggingu og endurreisn sjóðanna. Það var mikið starf, og starfaði nefndin í samráði við ríkisstj. Í nefndinni voru upphaflega Magnús Jóns-

son bankastjóri og alþm., Jóhannes Nordal bankastjóri og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri. Síðar var bætt við í nefndina Jóni Þorsteinssyni alþm., sem var með í samningu frv. undir lokin.

Eins og augljóst er þeim, sem lesa frv., miðar það að því að efla sjóðina, koma styrkum stoðum undir þá og gera þá bæra um að auka útlánin og verða landbúnaðinum meiri og styrkari stoð en búnaðarsjóðirnir hafa verið á undanförnum árum. Skal þó ekki lítið gert úr því, sem búnaðarsjóðirnir hafa verið landbúnaðinum undanfarið, enda þótt þeir vegna fjárskorts hafi alltaf lánað minna en nauðsyn bar til, og vegna þessa fjárskorts hafa safnazt lausaskuldir hjá landbúnaðinum, sem nú er verið að gera ráðstafanir til að losa bændur við.

Frv. fylgja skýrslur og útreikningar um efnahag, rekstur og greiðsluyfirlit byggingar- og ræktunarsjóðs. Það sýnir annars vegar, hvaða ástand skapast með því að hafast ekkert að, og hins vegar, hvernig sjóðirnir byggja sig upp, ef þetta frv. verður að lögum. Og ég vil sérstaklega biðja hv. alþm. að lesa þessar töflur og þessar skýrslur vel og greinilega og átta sig á þeim, því að þær sýna svo glögglega, að ekki verður um villzt, að sjóðirnir byggja sig mjög ört upp, að stofnlánadeild landbúnaðarins verður sterk stofnun, sem ræður yfir miklu fjármagni, meira fjármagni en ýmsir okkar hafa áður látið okkur dreyma um að mundi skapast og safnast fyrir í stofnlánadeildum, sem landbúnaðurinn á að njóta góðs af.

En áður en við förum út í það, er rétt að gera sér grein fyrir, jafnvel þótt hv. þm. hafi gert það áður, hvaða ástand hefði skapazt hjá byggingarsjóði og ræktunarsjóði með því að hafast ekkert að. Ef ekkert hefði verið hafzt að og miðað við óbreytt ástand, gæti byggingarsjóður ekkert lánað, en greiðsluhalli hans næmi 50 millj. kr. næstu 14 árin. Og á fskj. III má sjá árlegan rekstrarhalla ræktunarsjóðs. Hann var 1961 6 millj. kr., en 1970 mundi hann verða 16.5 millj. kr. Skuld ræktunarsjóðs í árslok 1961 nam 52.5 millj. kr. umfram eignir. Að óbreyttu ástandi héldi hagur sjóðsins áfram að versna, þannig að 1970 væri skuld umfram eignir 156 millj. kr. Ástæðan er vitanlega aðallega gengishallinn, en hann er um 156.5 milli. kr., og útgjaldaaukning vegna hans, og ég skal þess vegna ekkert gera lítið úr því, það er vitanlega mikils virði fyrir sjóðina að losna við gengishallann. En þeir verða eigi að síður févana. Þeir byggja sig ekki upp og verða févana, og það þarf þess vegna meira að gera, ef ætlazt er til, að sjóðir landbúnaðarins verði það aflögufærir og geti lánað eins og nauðsyn ber til, til þess að uppbygging verði í landbúnaðinum, eins og æskilegt er. En þetta frv. leggur til, að hvort tveggja sé gert, að gengishallinn verði að fullu greiddur með hækkuðu framlagi ríkissjóðs og að sjóðirnir verði byggðir upp, sbr. fskj. II með frv. Það sýnir, hvernig stofnlánadeildin byggist upp, að eigið fé stofnlánadeildar vex mjög ört. Árið 1962 mundi stofnlánadeildin hafa eigið fé 31.7 millj. kr. og þarf þess vegna að taka lán á þessu ári til þess að geta innt af hendi það, sem þarf að gera í sambandi við lán á þessu ári, og einnig það, sem er að nokkru leyti eftir frá fyrri árum. 1963 verður eigið fé deildarinnar komið upp í 50 millj., 1964 56.5 millj., 1965 61.6 millj., 1970 101.6 millj. og 1975 148.4 millj. Þetta er miðað við óbreytt verðlag, en hækki verðlagið, þá hækkar einnig framlag til deildarinnar, þannig að lánsfjármáttur deildarinnar ætti lítið að minnka, þótt verðlagið hækkaði. Það er þess vegna ljóst, að ef hv. þm. athuga fskj. og töflurnar, sem frv. fylgja, og greiðsluyfirlitin, þá verður það ljóst, að stofnlánadeildin verður á tiltölulega skömmum tíma mjög sterk stofnun.

Efnahags- og rekstrarreikninginn geta menn séð á fskj. I, sem fylgir frv. Í árslok 1961 er öfugur höfuðstóll ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs um 45 millj. kr., í árslok 1962 verður réttur höfuðstóll, ef frv. verður lögfest, 28.3 millj. kr., í árslok 1963 47.7 millj., í árslok 1956 93.2 millj., í árslok 1967 148.8 millj., í árslok 1970 255 millj. og í árslok 1975 507.1 millj., höfuðstóll deildarinnar. Ég hef ekki reiknað út, hvað deildin hefur yfir að ráða á árinu t. d. 1980, þegar höfuðstóllinn er kominn upp í 507 millj. og árlegur rekstur kominn upp í 60 millj. Þá náttúrlega byggist þetta ótrúlega ört upp, og þarna höfum við undirstöðuna og trygginguna fyrir áframhaldandi uppbyggingu í íslenzkum landbúnaði.

Á fskj. I má einnig sjá rekstraryfirlit, og það sýnir, að rekstrarafgangur stofnlánadeildarinnar hækkar ár frá ári og tryggir öra uppbyggingu hennar. Búnaðarsjóðirnir hafa á undanförnum árum fengið allmikið fé úr mótvirðissjóði, eins og hv. þm. er kunnugt um, eða helminginn af fé mótvirðissjóðs. Framkvæmdabankinn hefur haft milligöngu með þau lán. Vaxtakjörin hafa verið óhagstæð, eins og sjá má af fskj. V með frv. Með óbreyttum vaxtahalla af lánum úr mótvirðissjóði mundi sjóðurinn tapa 100 millj. kr. í vaxtahalla á 15 árum. Þetta er vitanlega algerlega óþolandi ástand. Þess vegna hafa verið teknir upp samningar við Framkvæmdabankann um lækkun vaxta á eldri lánum og einnig þeim lánum, sem hér eftir verða tekin úr mótvirðissjóði, um niðurfærslu á vöxtunum, þannig að það verði a. m. k. enginn vaxtahalli á þessum lánum og helzt að vextirnir verði færðir það langt niður, að það verði enginn vaxtahalli. Ég get fullyrt það hér, að Framkvæmdabankinn er mjög vinsamlegur í þessu máli og þess vegna full ástæða til þess að ætla, þó að ekki sé rétt að fullvrða fyrr en máli er lokið, að samningar takist við Framkvæmdabankann um þetta atriði.

Frv. miðar að því að gera það mögulegt, eins og áður hefur verið sagt, að hækka lán til landbúnaðarins og veita lán út á vélar og aðrar framkvæmdir, sem hefur ekki verið unnt að sinna áður vegna fjárskorts. Og þegar hv. þm. gera sér grein fyrir því, hvernig deildin byggist upp, mun enginn verða í vafa um, að þetta er mögulegt. Það verður náttúrlega nú í fyrstu að bæta þetta upp með lánum, en frv. þetta, eftir að það hefur verið lögfest, gerir mögulegt að fá lán, því að augljóst er, að stofnlánadeildin er þess virði með þeirri uppbyggingu, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta. Ég hef hér hjá mér töflu um útflutningsgjald af sjávarafurð-

um, en ég drap á það fyrr í ræðunni, hvað það væri, og sé ekki ástæðu til þess að fara lengra út í það að sinni og þá sízt vegna þess, að hv. þm. er kunnugt um, að ég ætla, hvernig það er framkvæmt. Það er augljóst, að með stofnframlagi ríkissjóðs, 60.5 millj., er ekki aðeins réttur við sá öfugi höfuðstóll, sem nú er, heldur einnig lagður hornsteinn að þeirri mikilvægu uppbyggingu, sem felst í fjáröflun þeirri, sem lagt er til að verði lögfest. Og eins og ég áðan drap á, hefur sjávarútvegurinn byggt upp sína lánastofnun á útflutningsgjaldi án þess að fá nokkuð að ráði á móti frá ríkissjóði eða annars staðar frá, og það er áreiðanlegt, að enginn útgerðarmaður væri þess fýsandi, að útflutningsgjaldið, sem gengur til fiskveiðasjóðs, yrði fellt niður. Þá má einnig geta þess, að nú er fyrir hv. Ed. frv., sem var lagt fram fyrir síðustu helgi, um hlutatryggingasjóð, og í því frv. er lagt til, að 1¼% verði lagt á sem útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem gengur í hlutatryggingasjóð. Þetta er nokkuð hliðstætt því, sem hér er lagt til með búvörugjaldið, að öðru leyti en því, að prósenttalan er miklu hærri á sjávarafurðum heldur en hér er lagt til að verði og að útvegurinn fær ekkert svipað á móti í fiskveiðasjóð eða til sinnar starfsemi eins og lagt er til með þessu frv.

Ég hef minnzt á það áður, hversu mikið það er, sem stofnlánadeildin fær árlega í tekjum. Það er í fyrsta lagi 8.24 millj., áætlað á næsta ári, 1% gjald af búvörum, sama upphæð á móti úr ríkissjóði, 16.5 millj., 4 millj. fast gjald og 5.5—6 millj., sem kemur sem álag á útsöluverð landbúnaðarvara, þannig að þetta eru 26—27 millj. kr., og sé reiknað með í 12 árum og 7½% vöxtum af 60.5 millj. kr. framlagi ríkissjóðs, þá jafngildir það rúmlega 9 millj. kr. á ári, þannig að árlegar tekjur stofnlánadeildarinnar eru samkv. þessu 35 millj. kr. og fara vaxandi með ári hverju, eins og greinilega kemur fram á þeim töflum og útreikningum, sem fylgja með frv. Það er þess vegna ljóst, að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því, að gengishallinn verði aðeins bættur, það er svo augljóst. Það er rétt, að með því frv., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt, er gert ráð fyrir að bæta gengishallann, að ég ætla að fullu, sennilega alveg að fullu, en þá er gert ráð fyrir, að það séu 10 millj. kr. á ári. Ég hygg, að þeir útreikningar séu réttir, a. m. k. í aðalatriðum, og engin ástæða til þess að rengja það. En hér er ljóst samkv. þessu frv., að greiðsla ríkissjóðs verður á árinu 1963, bein greiðsla ríkissjóðs, 21 millj. 740 þús., sé miðað við árlegar greiðslur af þessum 60.5 millj. kr., sem þegar eru lagðar fram, og reiknað með þeim vöxtum, sem þessi upphæð gefur. Og auk þess kemur annars staðar frá en frá bændunum 5½—6 millj. kr. Þá sjáum við það, hversu miklu lengra þetta frv. gengur en hitt frv., og það má segja, að hv. framsóknarmenn í sinni stjórnarandstöðu hafi, eftir að ljóst var, hvernig komið var fyrir búnaðarsjóðunum, sýnt hógværð í kröfum á hendur ríkissjóði með því, að í þessu frv., sem þeir nú hafa lagt fram, er gert ráð fyrir að dreifa þessu í árlegar greiðslur, öfugt við það, sem var í fyrra frv., þar sem ætlazt er til, að ríkissjóður taki summuna í einu. En ég veit, að hv. þm., sem hafa ætlað að gera að þessu leyti vel við búnaðarsjóðina, eru mér sammála um það, að jafnvel þótt þeirra frv. væri lögfest, þá gengur það of skammt til þess að gera búnaðarsjóðina færa um að veita lán til landbúnaðarins eins og nauðsyn ber til. Ég tek þetta fram hér, án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr þessu frv. Ég met það sem viðleitni og sem örþrifaráð, sem menn grípa til, þegar augljóst er, að komið er í vandræði, því að það erum við öll hér í þessari hv. deild áreiðanlega sannfærð og sammála um, að ástand búnaðarsjóðanna í dag er í fullkomnum vandræðum, og ég veit þess vegna, að hv. þm. eru mér fyllilega sammála um, að sá dráttur, sem orðið hefur á því að flytja þetta frv., er fyllilega eðlilegur, vegna þess að leiðin út úr ógöngunum var vitanlega alls ekki greið.

Ég hitti einn hv. framsóknarþm. í gær og átti tal við hann, og hann sagðist hafa lesið frv. og hann sæi það, að með þessu móti væri greitt úr málinu vel og farsællega, að hann taldi. Og ég veit, að fleiri hv. þm. Framsfl. munu taka undir þetta og vitanlega flestir kjósendur flokksins — (**SE**: Hver var þessi þm.?) þrátt fyrir það, þótt Tíminn hafi skrifað í þessum tón um málið. (**ÁB**: Hvaða þingmaður var þetta?) Það er ekkert leyndarmál, hvaða þm. þetta er, því að ég veit, að það verða fleiri þm. Ég vona, að hv. 1. þm. Vesturl. beri gæfu til þess að fylgja góðu máli, og ég ætla ekki að trúa því, að hann komi hér upp í ræðustólinn og segi, að hér sé ekki um gott mál að ræða. Ef hann gerir það, þá getum við talað saman um málið frekar.

Ég minntist á það í upphafi ræðu minnar, að það hefði verið sagt, að bönkunum og öðrum sjóðum en landbúnaðarsjóðunum hefði verið bætt gengistapið að fullu, en lánasjóðir landbúnaðarins hefðu orðið út undan. Sannleikurinn er sá, og það veit ég, að hv. þm. Ed. vita, að það hefur engum sjóðum verið bætt gengistap, engum sjóðum nema landbúnaðarsjóðunum, það er lagt til, að þeim verði bætt gengistapið og miklu meira en það. Ef einhver vill enn halda því fram, sem sagt var í hita dagsins í hv. Nd. og prentað var í Tímanum, þá væri eðlilegt, að það væri nefndur einhver sjóður, sem hefur fengið gengisfallið bætt. Ríkissjóður fékk gengistapið bætt, og hann tók gengishagnaðinn af bönkunum, sem var 40 millj. kr., og hann fékk 112 millj. kr. af mótvirðisfé, sem var geymt á bundnum reikningi í Seðlabankanum, einnig upp í sín töp. En gengistap Seðlabankans var 80 millj. kr., og hann varð vitanlega sjálfur að bera það. Ég veit, að hv. þm. Ed. taka sér ekki orð í munn, þar sem þessum hlutum er alveg snúið við.

Ég vænti þess, að þegar hv. þm. hafa kynnt sér frv., eins og ég vænti að þeir hafi nú þegar gert, þá verði þeir mér sammála um, að hér sé verið að byggja upp trausta stofnun, sem landbúnaðurinn muni njóta góðs af. Og eins og töflurnar sýna, sem fylgja með frv., er það séð, að árið 1965 verður eigið fé stofnlánadeildarinnar 61.7 millj., 1970 101.7 millj. og 1975 148.4 millj., og hækki verðlag, minnki kaupmáttur, þá hækkar þessi fjárhæð nokkurn veginn, ekki kannske alveg í hlutfalli við það, en mikið til

samræmis við það. Og þá er einnig rétt að hafa í huga og má endurtaka, að öfugur höfuðstóll í árslok 1961 er 34.67 millj., réttur höfuðstóll í árslok 1965 verður 93.2 millj., í árslok 1970 255 millj. og í árslok 1975 507.1 millj. Og þegar þetta liggur fyrir, dettur mér ekki í hug að ætla, að einhver ætli að fullyrða, að hér sé verið með mál, sem kemur ekki landbúnaðinum að miklu gagni, að hér sé verið með eitthvert hégómamál eða með þessu sé verið að leggja byrðar á bændur, að með lögfestingu þessa frv. sé verið að hindra framgang og uppbyggingu landbúnaðarins. Ég veit, að hv. þm., ef þeir vilja líta á þetta mál með sanngirni og láta dómgreindina ráða, þá verða þeir sammála mér um það, að þessi lausn málsins er sú bezta, sem hægt var að fá. Og ég er því sannfærðari um það, þegar hv. framsóknarmenn, sem vissulega vildu leysa málið, — það efast ég ekkert um, — höfðu ekki annað fram að bera en það frv., sem hér liggur fyrir á dagskránni í dag og fer fram á að leiðrétta gengishallann, en ekki annað. Þegar uppbygging stofnlánadeildarinnar er komin vel á veg, eins og sýnt er að verður eftir stuttan tíma, þá má segja, að hana muni ekki mikið um að kaupa af veðdeildinni bankavaxtabréf fyrir 10 millj. kr. árlega. Það má hins vegar segja, að hún geti það ekki af eigin fé fyrstu árin. En eins og áður hefur verið að vikið, er ætlunin fyrstu árin að afla deildinni fjár með lánum. Og ég hef rökstudda ástæðu til þess að ætla, að ef þetta frv. verður lögfest, liggi peningar lausari fyrir en áður fyrir stofnlánadeildina, sem komin er á fjárhagslegan grundvöll, eftir að þessi löggjöf er komin á.

Til þess að ekki þurfi í hvert sinn, sem lán þarf að taka, að leita heimildar, er gert ráð fyrir með þessu frv., að stofnlánadeildin hafi heimild til þess að taka alls allt að 300 millj. kr. lán. Það má vel vera, að það þurfi ekki að nota þessa heimild að fullu, en það getur ekki skaðað neitt, þótt hún sé fyrir hendi.

Það er ekki mikil ástæða til að hafa þessa framsöguræðu öllu lengri. Ég held, að ég hafi tekið fram öll meginatriðin, og ég efast ekki um, að hv. þm. er vitanlega ljóst, hvaða gildi þetta hefur fyrir landbúnaðinn, ef það verður lögfest. Ég er sannfærður um, að bændur gera sér ljóst, hvaða þýðingu þetta hefur. Og það, sem máli skiptir, er, að eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, verða lán út á framkvæmdir í sveitum aukin frá því, sem verið hefur. Það verður að auka lán til íbúðabygginga í sveitum. Það er ekki nóg að lána 100 þús. kr., eins og gert var s. l. ár. Það verður að hækka það verulega. Það verður að lána út á vélar, sem hefur ekki verið gert áður. Það verður að lána út á vinnslustöðvar, sem lítið hefur verið gert að áður. Og það þarf meira. Ég minnist þess, að hv. framsóknarmenn hafa flutt hér frv. um bústofnslánasjóð. Sú viðleitni er vitanlega virðingarverð, en það vantar ekki nýjan sjóð í Búnaðarbankann til þess að geta lánað út á bústofn. Það vantar fjármagnið, og veðdeildin og stofnlánadeildin gætu vitanlega tekið þetta verkefni að sér, ef fjármagn er fyrir hendi, og með þessu frv. skapast grundvöllur til að ná því fjármagni, sem nauðsyn ber til.

Þegar ég las hina óvæntu frétt í Tímanum og sagt var, að hér væri árás á bændur og frv. miðaði að stöðnun í landbúnaðinum, þá var einn kunningi minn, sem sagði við mig: Þetta er vont fyrir þá, sem hafa skrifað þetta og talað þetta, en þetta er vitanlega gott fyrir þá, sem að flutningi þessa máls standa. — Og ég er vitanlega sannfærður um, að þetta er rétt. Hver mundi ekki vilja hafa flutt þetta frv., t. d. eftir 5 eða 10 ár, þegar árangurinn er orðinn staðreynd? Og hver mundi ekki vilja hafa flutt þetta frv. t. d. eftir 15 eða 20 ár, þegar staðreyndin er, að þarna er komin saman fjárhæð og höfuðstóll, stærri en nokkur atvinnuvegur hefur látið sig dreyma um, að hægt væri að eignast? Eða hvað haldið þið, hv. þm., — ég efast ekki um, að þið eruð margir góðir reikningsmenn, — hvað haldið þið, að höfuðstóll þessarar deildar verði hár t. d. 1980, 1990? Við vitum, að hann verður á 6. hundrað millj. í árslok 1975. Ég hef ekki setzt niður að reikna lengra, en það eru áreiðanlega margir hv. þm., sem gætu gert það, og vissulega væri fróðleikur í því. En einmitt þetta sýnir og sannar, hvaða gildi þetta frv. kemur til með að hafa, ef að lögum verður, fyrir þann atvinnuveg, sem lengst af hefur orðið að búa við fjárskort þrátt fyrir góðan vilja margra manna að útvega lánasjóðum landbúnaðarins fé. Menn geta sagt ýmislegt í hita dagsins og óhugsað og fullyrt, en getur nokkur, eftir að hann hefur lesið þetta frv. og kynnt sér það ofan í kjölinn, tekið undir það, sem áður hefur verið sagt, að þetta sé árás á bændastéttina, að frv. miði að því að hindra uppbyggingu landbúnaðarins, að bændum sé gert að greiða gengishalla búnaðarsjóðanna, sem aðrir sjóðir og bankar hafi ekki þurft að gera? Ég hef haft það álit á hv. Ed.-mönnum, að ég á ekki von á, að þeir að athuguðu máli taki undir þessi ummæli, sem hljóta að hafa verið viðhöfð áður en frv. var lesið ofan í kjölinn.

Ég tel ekki ástæðu til að svo stöddu að fjölyrða meira um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert svo rækilega grein fyrir þessu frv. og rakið efni þess, að ég tel ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum til viðbótar, en vildi þó segja örfá orð, sem ætti þá að vera að einhverju leyti annað en ræða hans, því að ég vil ekki vera að endurtaka það, sem hann hefur sagt.

Á umliðnum aldarfjórðungi eða svo hefur gerzt mikið ævintýri hér á landi á sviði verklegra umbóta og tækniumbóta, en varla þó annars staðar eins mikið og í sveitunum, miðað við alla aðstöðu þar. Á þessum tíma hefur bóndinn orðið að byggja upp hvert hús á jörð sinni í gerbreyttu formi frá því, sem var um aldaraðir, rækta völl handa tvöfalt, þrefalt, fjórfalt stærri bústofni en jörðin áður bar, kaupa vinnuvélar fyrir 100, 200, 300 þús. kr., miðað við núgildandi verðlag, til þess að geta skilað fullu dagsverki á nýræktinni. Allt þetta hefur kostað hann í minnsta lagi 1 millj., 2 millj., 3 millj. kr., miðað við núv. verðlag. Sam-

hliða þessu hefur svo uppvaxandi æska horfið þaðan jafnt og þétt yfir í aðra atvinnuvegi, þegar búið var að ala hana upp, svo að annar hver bóndi hefur verið einyrki. Það er þess vegna alveg furðulegt, hverju þeir hafa getað komið í verk.

En hvers vegna standa sveitabændur í þessu stímabraki, erfiði og tilkostnaði við að byggja hús og rækta jörð? Þeir gera það auðvitað af ýmsum ástæðum, en öðrum þræði og einkum þó margir hverjir til að búa í haginn fyrir eftirkomendurna, hverjir sem það verða. Aðrar stéttir búast við að geta selt sín handaverk fullu verði, jafnvel með ágóða. Allir vita, að ekki verður sveitabýli selt, þegar bóndinn hættir að geta búið þar, fyrir heila millj. eða meira, í mesta lagi ¼ af því, sem búið er að leggja í jörðina. Uppbygging sveitanna hefur ekki verið fyrst og fremst fyrir líðandi stund. Sé hún reist á réttum grunni, er hún fyrst og fremst fyrir framtíðina.

Þegar lög voru gerð um byggingarsjóð sveitabæja og ræktunarsjóð nokkru síðar, eða 1935, vakti sá skilningur undir, að bændur væru ekki að byggja fyrir sjálfa sig aðeins, heldur einnig fyrir komandi tíma. Hið sama liggur til grundvallar smávægilegum styrkjum, sem þeir hafa fengið fyrir jarðabætur samkv. jarðræktarlögum. Búnaðarsjóðirnir hafa af þessum ástæðum jafnan verið látnir lána til langs tíma með vægari vöxtum en aðrar lánastofnanir til að dreifa skuldaþunganum á lengri tíma og flytja nokkuð af honum yfir á þann, sem koma skyldi á eftir þeim, sem framkvæmdina gerði. Að þessu hefur orðið mikill styrkur og hvöt til athafna. Jafnan hafa þessir sjóðir þó verið mjög févana og ekki getað lánað líkt því eins mikið og þurft hefði, og í reynd hefur það orðið, að hið opinbera hefur greitt þann kostnað, sem af starfsemi þeirra stafaði, og nokkurn mismun vaxta. En er fram leið, fóru framkvæmdir, einkum í byggingum, mjög vaxandi. Þá fóru að myndast skuldir á vegum sjóðanna, sem aka varð með einhverju móti áfram, unz taka varð til skóflunnar og moka frá. Við og við hefur ríkisvaldið létt þannig af sjóðunum nokkrum upphæðum. Það skal hér fyllilega viðurkennt, að talsvert hefur á þennan hátt verið greitt af almannafé til stuðnings þeirri ótrúlegu fjárfestingu, sem búið er að gera á tveim til þrem áratugum í sveitunum. Fjarri fer því, að ég vilji fara út í meting um eitt eða neitt, en minni aðeins á, að það eru þær aleinu ríkisábyrgðir, sem fallið hafa á ríkissjóð vegna bænda og raunar þó ekki þeirra bænda, sem unnið hafa verkin, heldur þeirra, sem á eftir koma.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir til umræðu, er gert mjög myndarlegt átak og leitazt við að tryggja starfsgrundvöll stofnlánasjóða landbúnaðarins, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, og breyta báðum í eitt með nýju nafni, stofnlánadeild landbúnaðarins. Markmið þeirrar deildar er nokkurn veginn það sama og hinna gömlu sjóða, lánveitingar út á umbætur á sveitabýlum, en nokkru þó við bætt frá því, sem áður var, og tilætlunin að lána út á margt fleira en til þessa hefur reynzt fært, þótt lög væru fyrir því, og olli þar féleysi. Af töflum, sem fylgja með athugasemdum um þetta frv., er sýnt á reikningslegan hátt, hvernig lánadeildinni er ætlað að byggja sig upp með tímanum, er hún hefur fengið fasta tekjustofna árlega, sem nú eru mjög auknir með þessu frv., eða a. m. k. 25 millj. og þar að auki 60.5 millj. til þess að mæta gömlum skuldum, sem hvíla á stofnlánasjóðunum. Það mun varla leika á tveim tungum, að hér er um mjög mikla umbót að ræða frá eldri lögum og lagður grundvöllur að nauðsynlegri lánastarfsemi Búnaðarbankans og hann mjög treystur, ef frv. verður að lögum. Athugasemdir, sem fylgja, eru ýtarlegar og allvel sannfærandi. Hins vegar dylst ekki, að það muni taka nokkurn tíma að byggja upp stofnlánadeildina, svo að hún þurfi ekki á miklum lántökum að halda fyrst í stað til að geta valdið hlutverki sínu, en það er það að lána verulega miklu hærri upphæðir en verið hefur út á íbúðarhús, einkanlega þau, og einnig út á peningshús og um leið að taka upp lánveitingar út á vélar til landbúnaðarstarfa og til bústofnskaupa. Þetta kallar mjög á að auka lánveitingar til þessara hluta vegna aukinnar dýrtíðar.

Um einstakar greinar frv. skal ég ekki vera fjölorður. Ég vil þó aðeins minnast á 12. gr., en þar er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin geti að fengnu ríkisstjórnarleyfi tekið allt að 300 millj. kr. erlend lán og endurlánað síðan, „fyrst og fremst til vinnslustöðva og vélakaupa," segir í greininni. Þetta „fyrst og fremst" hefði ég viljað láta fella niður úr gr., enda er gert ráð fyrir í athugasemd við þessa grein, að einungis verði lánað með gengisáhættu til vinnslustöðva og vélakaupa. Ég hefði kosið, að það yrðu tekin af öll tvímæli um þetta. Ég get verið því samþykkur, að lánað sé á þennan hátt til vélakaupa og vinnslustöðva, því að það er allt annars eðlis en til fjárfestingar í húsum og ræktun.

Í öðru lagi tel ég rétt að minnast á 4. gr., 2. tölulið. Get ég búizt við, að um það atriði verði margt sagt og allskiptar skoðanir, því að þar er gert ráð fyrir að leggja 1% gjald á söluvörur landbúnaðarins til styrktar stofnlánadeildinni. Þetta er alveg nýtt í lögum um stofnlánasjóði Búnaðarbankans, en ég lít svo á, að bændur eigi ekki að víkjast illa við þessu ákvæði, vegna þess að hér er verið að gera það stórt átak til umbóta að því er snertir lánveitingar til landbúnaðarins og þetta er einn liður af mörgum, og að nokkru leyti má segja, að það geti verið metnaðarmál bænda að taka einhvern þátt í þessari uppbyggingu. En ég vil taka það fram, að þetta er talsvert tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir bændur, því að það mun gilda í kringum 2% af kaupi þeirra, því að þetta er tekið af bruttóframleiðslunni, ekki sízt þegar þetta bætist við önnur 2%, sem fyrir eru, af kaupi þeirra til búnaðarmálasjóðs. En þrátt fyrir þetta tel ég einboðið að samþykkja þetta atriði sem einn lið í þeim nauðsynlegu aðgerðum, sem hér er verið að gera.

Ég er því mjög samþykkur, að ekki er tekið fram í lögunum eða frv. um, hverjir vextir skuli vera af stofnlánum, vegna þess að yfirstandandi tími er sérstakur að því leyti er vexti snertir á lánum og þess vegna ekki skynsamlegt að binda vexti í lögum nú um langan tíma, sem e.

t. v. yrðu þá óhagstæðari en kynni að geta orðið, þegar betri tímar renna upp. En ég vil taka það fram sérstaklega, að vegna þess hlutverks, sem ég lýsti hér í upphafi, vegna þess hlutverks, sem stofnlánadeildin hefur gagnvart fjárfestingu í sveitum, sem er ekki fyrir líðandi stund, heldur einnig og jafnvel kannske meira fyrir framtíðina, þá tel ég afar nauðsynlegt, að vextir af lánum til þeirra hluta geti verið sem allra lægstir og lánstími sem lengstur, svo að eitthvað færist yfir á þá, sem á eftir koma. Og ég vænti þess, að þegar fjárhagsmöguleikar þessarar stofnlánadeildar leyfa, verði vextir færðir eins mikið niður og mögulegt er.

Ég vil svo aðeins bæta því við að lokum, að ég fagna þessu frv. og tel það mjög mikils virði fyrir landbúnaðinn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 10. landsk. (BGuðm) talaði hér síðast og gat hann þess réttilega, að það væri seintekinn gróði í landbúnaði og útilokað fyrir bændastétt landsins, þegar bændur hyrfu frá störfum að dagsverki loknu, að fá sannvirði fyrir sínar eignir, sem þeir hefðu unnið að í sínu ævistarfi. Þetta var alveg rétt hjá hv. 10. landsk. þm. Og rökin fyrir því hjá hv. þm. voru þau, að það færi svo mikið af fé bændanna í framkvæmdir, sem eingöngu kæmu framtíðinni að notum. Þess vegna hélt ég í upphafi máls hv. 10. landsk. þm., að framhaldið mundi verða eftir því, að hann mundi ekki ætlast til þess, jafnframt því sem bændurnir legðu í varasjóð varðandi jarðyrkju og byggingar fyrir framtíðina, að það væri lagður sérstakur skattur á tekjur bænda landsins. Ég hélt, að hann mundi ekki fylgja því ákvæði þessa frv., þar sem það er nokkuð sérstætt, að jafnhliða því, sem ætlazt er til þess, að bændurnir byggi upp fyrir framtíðina og þar af leiðandi njóti ekki nema að nokkru leyti sinna verka, þá er það merkilegt, að nokkur skuli geta fundið upp á því að skattleggja þá sérstaklega umfram það, sem gert er um aðrar stéttir. Hvað mundu launamenn landsins segja, ef þeir ættu að borga í sérstakan sjóð af sínum tekjum til að lána sjálfum sér?

Hv. 10. landsk. gat þess einnig, að það væri heimild í þessu frv. að taka 300 millj. kr. erlent lán. Ég hélt, að það væri bara 300 millj. kr. innlent lán. En eitthvað er hann samt hræddur við, að þarna sé um erlent lán að ræða. Hann óttast, hv. þm., og hann veit sennilega meira en ég og ýmsir aðrir um það mál, og má vel vera, að hann hafi rétt fyrir sér í þeim efnum, — og hann virtist bera mjög mikinn kvíðboga fyrir því, að bændastétt landsins yrði til neydd að taka þessi lán með gengisklásúlu, sem er alveg nýtt varðandi stofnlánasjóði landbúnaðarins. Það hafa aldrei verið ákvæði í lögum um það, þótt tekið væri erlent fé til útlána, að lána það síðan út með gengisklásúlu. En hv. 10. landsk. þm. virtist bera mikinn kvíðboga fyrir því, ef bændur þyrftu á slíku að halda, og hygg ég, að sá ótti hans sé ekki algerlega ástæðulaus.

En þrátt fyrir þessa annmarka, sem hv. þm. sá á þessu frv., ætlar hann dyggilega að fylgja því, eftir því sem hann lýsti yfir í lokin, og má það merkilegt heita, að til skuli vera sá bóndi í landinu, sem er því fylgjandi að skattleggja sjálfan sig og sína stétt, um leið og hann er að leggja stóra fjármuni í sjóði fyrir framtíðina með sínum verkum í búskapnum. Það er merkilegt. Ég kem nokkuð að þessu síðar, en vildi minnast á þetta fyrst, vegna þess að mér kom ræða hv. þm. mjög á óvart.

Út af fyrir sig verð ég að játa það, að mér kom fátt eitt á óvart, sem hæstv. landbrh. minntist á, því að hann hefur smám saman í þeim ræðum, sem hann hefur haldið á þessum vetri, verið að boða þennan boðskap, sem loksins brauzt út í sambandi við þetta mál í dag, og var hann ákaflega lukkulegur yfir því, að það skyldi þó takast að uppfylla eitt af þeim loforðum, sem mér skildist að hæstv. ríkisstj. hefði gefið, um leið og hún settist í valdastólinn, að treysta öryggi stofnlánasjóða landbúnaðarins. Já, það er nú svo. En hverjir hefðu trúað því, að það skyldi gert á þennan hátt, sem þetta frv. mælir fyrir um, og hver skyldi hafa trúað því fyrir nokkrum árum, að núv. hæstv. landbrh. mundi verða fyrstur talsmaður þessa máls, því að hann sagði í þingræðu 1958, með leyfi forseta, í sambandi við annað mál að vísu: „Hér er um dálítið sérstakt mál að ræða. Það er um það að ræða, hvort bændur eigi að borga nýjan skatt, sem nemur nú a. m. k. 2 millj. kr.“ Þetta var 1958. Þá var 2 millj. kr. skattur á bændastéttina mjög mikill skattur í augum þessa hæstv. ráðh., en nú er 8 millj. kr. skattur bara ofur lítið smáræði. En það er nú svo, að „þetta, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann“, það sannast áþreifanlega á þessum hæstv. ráðh. Og það má með sanni segja, að það er ekki ein báran stök, hvorki hjá þessum hæstv. ráðh. né þessari hæstv. ríkisstj., því að þegar ein báran rís, þá er önnur vís. Og það hefur aldrei síðan með löggjöf var farið að vinna að uppbyggingu landbúnaðarins verið búið jafnilla og verið staðið jafnilla að þeirri löggjöf eins og nú hjá þessari hæstv. ríkisstj., þannig að það er um alger straumhvörf að ræða. Og ég get nefnt nokkur dæmi og sýnt hæstv. ráðh. og þm. fram á það, hvernig búið hefur verið að uppbyggingu landbúnaðarins á liðnum áratugum, því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hugsi lítið um það og kæri sig kannske ekki mikið um að vita það, en það skal þó staðfest í þingtíðindum, hvernig að landbúnaðinum hefur verið búið á hinum einstöku tímum.

Árið 1928 eru lán samkv. byggingar- og landnámssjóðslögunum til endurhýsingar með 5% vöxtum og lánstíminn 42 ár, lán út á nýbýli á ræktuðu landi með 3½% vöxtum og lánin til 50 ára og lán til nýbýla á óræktuðu landi með 2% vöxtum og til 50 ára. Ræktunarsjóður hafði frá 1925 til 1946 aðeins 4½% vexti og frá 1947 2½% vexti, veðdeildin frá 1930 til 1946 4% vexti, og frá 1947 til 1954 veitti byggingarsjóður lán til 42 ára, þegar um varanlegar byggingar var að ræða, en annars til 25 ára með 2% vöxtum. Ræktunarsjóður tók á sama tíma 2½% vexti og lánstíminn 25 ár, allt til þess að þessi hæstv. ráðh. kom til valda, og veðdeildin 4% vexti til 30 ára. En síðan hin nýja landbúnaðarstefna hófst og hin nýja viðreisn hófst í þessu landi, eru lán hjá byggingarsjóði með 6% vöxt-

um og ræktunarsjóði 6½%, jafnframt því sem lánstíminn var styttur niður í lengst 15 ár, og lánstími veðdeildar styttur fyrir skömmu niður í 25 ár með 8% vöxtum. Samhliða því sem lánakjör landbúnaðarins eru stórskert, er lagður nýr skattur á bændastétt landsins, um það bil 2% af launum hvers bónda í landinu, og nemur sú upphæð samkv. verðlagsgrundvallarverði um 1700 kr. á vísitölubúið í landinu, — um 1700 kr. skattur á vísitölubúið eða hvern bónda, sem hefur tekjur samkvæmt vísitölubúinu í landinu. Þetta er fáheyrt, að úrræðaleysið skuli vera svona mikið hjá þeim, sem hafa endurskoðað þessi lög og átt að byggja upp þessa sjóði fyrir framtíðina. Og þetta er líka alveg gagnstætt því, sem bændastétt landsins hefur ætlazt til. Eða hefur Stéttarsamband bænda verið spurt, hefur verið leitað ráða til þess varðandi þessa lagasetningu — eða Búnaðarfélags Íslands? Ég bara spyr. Hafi þau gefið svar í þá átt, eins og þetta frv. mælir fyrir um, þá er það algerlega gagnstætt því, sem samþykkt hefur verið á aðalfundum Stéttarsambands bænda. Á síðasta fundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var að Bifröst í byrjun september 1961, voru óskir Stéttarsambands bænda í lánamálum eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1961 lítur svo á, að þær stórstígu breytingar á verðlagsmálum í landinu, sem átt hafa sér stað að undanförnu, einkum þó á síðasta ári, hafi svo neikvæð áhrif á þróun landbúnaðarins meðal þjóðarinnar, sér í lagi að því er snertir byrjendur í búskap, að ekki sé unandi við það ástand, er ríkir í þessum málum nú. Sem tilraun til að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þarna er við að stríða, telur fundurinn nauðsynlegt, að Stéttarsamband bænda beiti sér fyrir eftirfarandi:

1) Veðdeild Búnaðarbankans verði efld, svo að hún verði fær um að veita frumbýlingum nægileg lán með hagstæðum kjörum til kaupa á jörð, búi og landbúnaðarvélum.

2) Að tryggt verði fjármagn til stofnlánasjóða landbúnaðarins.

3) Að lausaskuldir bænda fáist yfirfærðar í bankana og verði lánað til langs tíma með lágum vöxtum.

4) Að ríkissjóður taki að sér greiðslu hinna erlendu lána, sem sjóðir Búnaðarbankans hafa fengið.

5) Að vextir stofnlána verði lækkaðir og lánstíminn lengdur í það, sem áður var."

Og svo er hér ein tillaga til viðbótar:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1961 skorar á þing og stjórn að hlutast til um það, að rekstrarlán til landbúnaðarins vaxi í hlutfalli við aukna framleiðslu og njóti að öðru leyti svipaðra kjara og sjávarútvegurinn."

En á þetta skortir allmikið, að það sé í nokkru fylgt óskum Stéttarsambands bænda frá þessum aðalfundi eða öðrum þeim fundum, sem Stéttarsambandið hefur gert ályktanir á. Það skortir mikið á, að svo sé. Og það er vert að geta þess líka, af því að á stéttarsambandsfundi eru fulltrúar bænda innan allra stjórnmálaflokka landsins, að þessar till. voru samþykktar einróma, með öllum atkvæðum fundarmanna, þannig að það var enginn ágreiningur um þessi atriði á meðal bænda landsins.

Það er ekki mikið verið að hlusta á bændurna og þeirra vilja og þeirra getu til uppbyggingar í landbúnaðinum. Og það er mikill uggur í bændum um, að hin nýja stefna hæstv. landbrh. kunni að valda gífurlegum samdrætti í landbúnaðarframleiðslunni á komandi árum. En í þessu sambandi vil ég geta þess, að á árinu 1950 var gerð áætlun um framfarir innan landbúnaðarins næstu 10 ár, og stóðst sú áætlun fullkomlega og fór að nokkru fram úr því, sem gert hafði verið ráð fyrir, vegna þess að það var það vel búið af löggjafarvaldinu að landbúnaðinum á þeim árum, á þessu tíu ára tímabili. Og það erlenda kapital, sem kom til landsins á þeim árum, varð því þjóðarheildinni til mikils gagns varðandi uppbyggingu, bæði í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ýmsum öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar. Það er því engin goðgá að ætlast til þess, að ríkið, sem nýtur framleiðslunnar, sem fer fram í landinu, taki á sig þau gengistöp, sem núverandi valdhafar hafa valdið þjóðinni, síðan þeir komust í stólana. En í Árbók landbúnaðarins stendur, með leyfi forseta, þar sem er lýst áhrifum þess fjármagns, sem veitt var til landbúnaðarins á þeim árum:

„Þetta viðhorf og þær þjóðfélagsaðstæður, sem að framan eru greindar, voru frumorsök þess, að á árunum 1950—1960 má segja, að bylting hafi átt sér stað í vélvæðingu og ræktun í íslenzkum landbúnaði, og óhætt er að fullyrða, að meira hafi verið framkvæmt á þessu tíu ára tímabili í íslenzkum landbúnaði en nokkru öðru tíu ára tímabili í sögu þjóðarinnar."

En við skulum nú bara líta ofur lítið á dæmið og vita, hvort þessi sama þróun á sér stað, síðan þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda. Það er að vísu ekki liðinn langur tími, og maður gæti búizt við, að það færu ekki að verða djúp sporin innan landbúnaðarins enn þá eftir svo skammaan tíma. En því miður eru staðreyndirnar allt aðrar. Og það stendur í bók, sem útbýtt var í þinginu fyrir nokkru, þ. e. Til búnaðarþings 1962, og allir þm. hafa þetta á borðunum fyrir framan sig og geta vitanlega fylgzt þar með málum. Ef maður tekur eina sýslu, eins og t. d. Rangárvallasýslu, sýslu þessa hæstv. landbrh., hvernig hefur þróunin verið þar árið 1960, á því fyrsta herrans ári, sem hæstv. landbrh. ræður ríkjum í þessu landi? Þar stendur, með leyfi forseta: „Nýrækt 381.03 hektarar árið 1960." En hvað var hún árið áður? Hún var 648.46 hektarar eða 267 hekturum meiri í sýslu þessa hæstv. landbrh. Og hvernig er með girðingarnar? Það voru girtir 58138 m árið 1960, en árið áður 73 366 m. Það er yfir 15 þús. m, sem minna er girt á árinu 1960 en árinu áður. Hvernig skyldi það vera með byggingarnar í þessu ágæta héraði? Þurrheyshlöður steyptar 10396 rúmmetrar árið 1960, en 20369 rúmmetrar árið 1959, eða um 10 þús. rúmmetrum meira. Og vélgrafnir skurðir voru árið 1960 317 496 rúmmetrar, en árið áður 609 747 rúmmetrar, eða 292 þús. rúmmetrum meira. En einhver mundi kannske segja, að það væri ekki rétt að taka svona út úr eina sýslu. En sannleikurinn er bara sá, að þessi eina

sýsla er ekkert sérstök í sinni röð, vegna þess að í flestöllum sýslum landsins á sér stað svipaður samdráttur í framkvæmdum á vegum bændastéttar landsins. Og heildarniðurstaðan fyrir árið 1960 er — með leyfi forseta — á þennan veg:

„Í sambandi við ræktunarframkvæmdir, er unnar hafa verið 1960, er nokkur ástæða til að vekja athygli á því, að árið 1960 er eina árið um tíu ára skeið, þar sem dregið hefur úr framkvæmdum, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði. Í tíu ár, nánar tiltekið frá 1949, hafa framkvæmdir bænda aukizt ár frá ári, einkum nýrækt, en árið 1960 snýst blaðið við. Frá 1959 hafa eftirtaldar framkvæmdir minnkað sem hér segir:

Nýrækt um 826.34 hektara eða 19%.

Vélgrafnir skurðir um 831 700 rúmmetra eða um 19%.

Girðingar um 67 929 metra eða ca. 11%.

Þurrheyshlöður um 53 408.7 rúmmetra eða 30%."

Þetta er heildarniðurstaðan á árinu 1960. Á því herrans ári, þegar núv. landbrh. er búinn að sitja eitt ár í ríkisstj. Svona verkuðu hans aðgerðir þrátt fyrir fögur loforð til bændastéttar landsins það herrans ár. Og það er vitað mál, að árið 1961 varð þessi samdráttur meiri, eins og greinilega kom fram í þeirri útvarpsræðu, sem Gísli Kristjánsson flutti snemma á þessu ári. Og þetta liggur líka tölulega fyrir, þótt það sé ekki aðgangur að því í einu lagi nú, enda ekki orðið það áliðið árs, og hægt er að fá upplýsingar um það, áður en langir tímar líða.

En hver er svo ástæðan fyrir þessum samdrætti? Er það vegna þess, að framleiðslan sé nóg, ræktunin sé nóg, að bændur hafi það svo gott, að þeir þurfi ekki meira að gera? Er það aðalorsökin og eina orsökin? Nei, aðalorsökin er fjárskortur. Og þetta hefur líka hæstv. ríkisstj. viðurkennt með þeim kreppulöggjöfum, sem hún hefur verið að beita sér fyrir hér á Alþingi. Það hefur ríkt kreppa á meðal atvinnuveganna og orðið að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að atvinnuvegirnir gætu gengið nokkurn veginn óhindrað. Í fyrra var sett löggjöf um stofnlánadeild sjávarútvegsins, og svo aftur nú í ár er a. m. k. að nafninu til verið að koma á svipaðri löggjöf varðandi lausaskuldir bænda, um að koma þeim í föst lán. En kverkatökin hafa ekki verið nógu sterk hjá hæstv. ríkisstj. á bændastétt landsins með gengisfellingunni, vaxtahækkuninni, styttingu lánstímans og minnkuðum ríkisframlögum, heldur þarf enn fremur nú að höggva í sama knérunn og sérstaklega skattleggja bændastétt landsins. Það er seint nóg að gert. En allar þessar ráðstafanir miða fyrst og fremst að höfuðstefnu núv. ríkisstj., það er samdráttur í allri framleiðslu, og þetta frv. er byggt á því, að það eigi sér stað samdráttur og þess vegna verði hægt að fullnægja eftirspurn eftir lánum í framtíðinni. En það veitir engin sérstök fríðindi í lánastarfsemi fram yfir það, sem áður hefur verið.

Það er ekki í fyrsta skiptið, sem reynt er að byggja upp þessa sjóði fyrir framtíðina. Ég man ekki betur en það væri 1946, þegar sjálfstæðismenn beittu sér þá fyrir breytingu á bygginga- og landnámssjóðslögunum, að þá væri búið að bjarga þessum málum um alla framtíð. Bændurnir ættu að vísu ekki að fá styrk út á byggingar, en þeir ættu að fá svo hagkvæm lán, að það yrðu ekki mikil vandræði hjá bændunum eftirleiðis. Hver er svo reynslan af þessu? Ég held, að höfuðsjónarmiðin, þegar sú löggjöf var sett, 1946 eða 1947, — ég man nú ekki, hvort árið það var, — hafi verið þau, að ríkið átti að greiða með sérstökum fjárframlögum vaxtamismuninn á þeim lánum, sem byggingar- og ræktunarsjóður tækju, og útlánsvöxtum til bænda frá þessum sjóðum. Ríkisframlagið átti að brúa bilið þarna á milli, en gert ráð fyrir því, að sjóðirnir gætu notað innlent fé til útlána, eftir því sem möguleikar gæfust, samhliða því sem reynt yrði að efla höfuðstól sjóðanna, eftir því sem tækifæri gæfust til hverju sinni. Ef maður flettir upp í Morgunblaðinu frá þessum árum, þá var búið að tryggja þetta um alla framtíð. Hvers vegna hefur það þá ekki orðið í reyndinni? Við getum líka minnzt annars atviks í sambandi við þessa sjóði, að þegar mótvirðisframlagið kom til sögunnar og það var lögfest á Alþingi, að lánasjóðir landbúnaðarins fengju helming mótvirðissjóðs til útlána, þá var svo sem búið að tryggja þetta um alla framtíð. Og á þeim árum, miðað við það verðlag, sem þá ríkti, nægði að vísu mikið af mótvirðissjóðsframlaginu til útlána úr byggingar- og ræktunarsjóði. En Adam var ekki lengi í Paradís að þessu sinni frekar en endranær. Og þær verðbreytingar, sem orðið hafa í landinu, hafa valdið því í og með, að uppbygging sjóðanna hefur ekki reynzt á þann veg, sem til hefur verið stofnað í upphafi, og á því hygg ég, að verði ákaflega lítill munur að þessu sinni, þótt þessi tilraun sé gerð. Og það er nokkuð víst, að undir forustu þeirrar ríkisstj., sem nú er, standast ekki þeir útreikningar, sem nú eru gerðir, lengi, ef fram heldur sem byrjað hefur með þær verðbreytingar í landinu, sem hófust í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Það er nokkuð víst, að það stendur ekki lengi.

Hér er um algera stefnubreytingu að ræða í sambandi við lánamál landbúnaðarins. Það er tekin upp ný stefna, samhliða því, sem lánakjörin eru stórum skert frá því, sem áður var. Með háum vöxtum og stuttum lánstíma þykir ekki nóg að gert, heldur á þar ofan í kaupið að skattleggja bændur. Þetta er vel að verið hjá þessari hæstv. stjórn.

Höfundar þessa frv., sagði hæstv. ráðh., að væru Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Magnús Jónsson bankastjóri Búnaðarbankans og Gunnlaugur Briem í stjórnarráðinu, og síðan hefði verið fenginn höfundur einn úr Alþingi, úr Alþfl., Jón Þorsteinsson, til þess að leggja blessun sína yfir þetta frv. Ráðh. gat þess, að það væru miklar líkur til þess, ef á þyrfti að halda og þetta frv. næði fram að ganga, að það yrði þægilegra um vik að útvega sjóðunum fjármagn í framtíðinni, ef þessi ákvæði laganna næðu öll fram að ganga, það væri eiginlega búið að tryggja það á einhvern hátt, að ef skatturinn á bændurna stæði um nokkurra ára skeið, þá yrðu ýmsir viljugri til að lána þessum sjóðum, ef á þyrfti að halda, en ella væri. En hverjir eru

það? Það væri fróðlegt að vita, hverjir það eru, sem hafa gefið þannig loforð upp á framtíðina. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi sagt það satt, að það sé e. t. v. svo, að það hafi kannske verið kaup kaups að taka inn þetta ákvæði til þess að tryggja sjóðunum lán frá Seðlabankanum eða einhverjum öðrum aðila.

Það var að skilja á hæstv. ráðh., að það hafi ákaflega lítið verið gert til þess að afla þessum sjóðum fjár á undanförnum árum og höfuðstóll sjóðanna væri sem sagt í mínus nú. Ég hugsa, að hann segi það satt, að þeir séu í mínus og hafi komizt það fyrst í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Árið 1953 ákvað Alþingi með sérstökum lögum að láta ræktunarsjóð hafa 14.4 millj. og byggingarsjóð 14.4 millj., eða 28.8 millj. þá á einu ári, til að efla höfuðstól sjóðanna. Og aftur árið 1957 er ræktunarsjóður látinn hafa 32.3 millj. og byggingarsjóður 4.3 millj., eða 36.6 millj. þá í einu, og á þessu fimm ára tímabili fengu sjóðirnir í óafturkræft framlag frá ríkinu auk þess, sem árlega er tekið inn á fjárlög, 65.4 millj. kr. eða álíka háa upphæð og mér skilst að eigi að láta sjóðina hafa nú samkvæmt þessu frv., þrátt fyrir það að dýrtíðin hefur margfaldazt, síðan þessar fjárupphæðir voru látnar til sjóðanna.

Ég hef lýst hér nokkuð lánamálum landbúnaðarins áður fyrr og einnig þeirri nýju stefnu, sem nú er upp tekin í lánamálum landbúnaðarins. Og það má segja sem svo, að þetta komi engum á óvart, þessi nýja stefna, því að henni hefur skotið upp hér og þar á vegum sjálfstæðismanna, og það verður mörgum landsmönnum minnisstæður kafli úr ræðu, sem einn af framámönnum Sjálfstæðisfl. flutti, — ég held, að það hafi verið 1. maí, — hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum, en það var Guðjón í Iðju, þegar hann lýsti því yfir, að það ætti að fækka bændum um helming. En þetta er sennilega stefna sumra sjálfstæðismanna, þótt ég trúi því tæpast, að þetta sé almenn skoðun sjálfstæðismanna í landinu, þótt vafalaust séu nokkrir til, sem vilja gera þetta að sinni meginhugsjón, en eru þá ragir við að láta mikið á því bera. En þetta kemur óneitanlega fram í huga manns nú, þegar maður stendur frammi fyrir aðgerðum hæstv. ríkisstj. í lánamálum landbúnaðarins og mörgum öðrum gerðum hennar, sem skella á bændastéttinni, því að allt miðar þetta í hina einu og sömu átt, þ. e. í samdráttarstefnuna. Við höfum hlustað á það oft og mörgum sinnum í þinginu í vetur, að nú ætti að tryggja, að hver einasti bóndi gæti fengið það mikil lán til sinna framkvæmda og vélakaupa, að það kæmi ekki til mála, að söfnuðust neinar lausaskuldir í framtíðinni. Það er fjarstætt. Og meira að segja er því nú haldið fram í sambandi við lausaskuldamálin, að það hafi verið lánað það mikið út á framkvæmdir 1961, að það beri ekki að taka til greina lausaskuldasöfnun á því ári, vegna þess að þær séu svo hverfandi litlar, miðað við það, sem áður var.

Þessi nýja stefna hæstv. ríkisstj. á sinn líka hvergi í heiminum, því að allar þjóðir, sem hafa unnað landbúnaði, hafa notað ríkisvaldið til þess að miðla málum og byggja upp öflugan landbúnað í sínu landi. Og Bretar skildu það, ekki sízt á stríðsárunum, hvers virði landbúnaðurinn var þeim, og einmitt eftir þann tíma og frá þeim tíma hafa þeir lagt mikið af mörkum til uppbyggingar brezka landbúnaðinum. Fyrir utan hin óafturkræfu almennu framlög, sem hver einasti bóndi nýtur í Bretlandi, greiða þeir til þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðuna, vissa fjárupphæð á framleiðslu bændanna, til þess að þeir fái hærra verð en þeir, sem betri hafa aðstöðuna, fyrir utan svo það, að þar er lánað út til framkvæmda í landbúnaði, til bygginga og ræktunar, lán til langs tíma með mjög lágum vöxtum. Þeir telja, að þetta séu ein af aðalbjargráðunum fyrir landbúnaðinn, að geta haft vaxtafótinn nógu lágan og lánstímann nógu langan. Og bændur landsins hér finna það líka vel, hver breytingin hefur orðið á í þessum efnum, því að það er ekki sama, hvort maður borgar lánið upp á 15 árum eða 30 árum eða hvort maður borgar 3% eða 6% vexti. Ég tala nú ekki um, ef þar ofan í kaupið á að leggja 2% skatt á laun bændanna í landinu, eins og gert er með þessu frv.

Alveg sama þróun hefur átt sér stað í Noregi. Norsku fjallabyggðirnar hafa haldizt í byggð fyrir það, að valdhafarnir í Noregi hafa skilið hlutverk landbúnaðarins norska og reynt að miða styrki og kjör bænda við það, að þeir gætu haldið áfram sinni framleiðslu. Og svona má víðar fara. Það er alþekkt, að danskir bændur búa við sérstaklega hagstæð lánakjör, og ég efast mjög um það, sem hæstv. ráðh. gat um hér áðan, að það fyrirfinnist nokkur hliðstæður skattur í norskri löggjöf, sem aflar fjár til útlána innan norska landbúnaðarins, eins og hér er lagt til, — ég efast um, að það sé nokkur fótur fyrir því. Það er líka augljóst mál, að íslenzkur landbúnaður getur ekki lengi haldið áfram við þau kjör, sem honum eru nú búin, það er alveg augljóst mál, og þetta veit ég að margir skilja, þótt þeir styðji þetta mál hér í þingi. Ég hygg, að margir muni skilja það, þótt þeir fái af einhverjum annarlegum ástæðum ekki við það ráðið og séu eitthvað blekktir í málinu, sem ég efast ekki um að þeir eru.

En ég verð að segja það, að ég hélt nú satt að segja, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki enn á ný ofan í það, sem hún hefur áður gert í garð bændanna, koma með frv. líkt þessu og þann skatt, sem á að leggja á bændur skv. þessu frv. Ég hélt satt að segja, að hún hefði fengið sig fullsadda af því að stytta lánstímann og hækka vextina. En það er nú ekki svo, og virðast engin takmörk vera fyrir því, hvað hún ætlar sér að gera til þess að minnka landbúnaðinn verulega frá því, sem annars væri. Það er vert að minna á það, að ef núv. stjórnarstefna hefði ríkt á 10 ára tímabilinu frá 1950—1960, þá yrði að flytja inn landbúnaðarvörur nú fyrir á fjórða hundrað millj. kr. En fyrir framsýni þeirra ríkisstjórna, sem verið hafa að undanförnu, á árunum frá 1950—1960, og ekki sízt þeirra ráðh., sem fóru þá með landbúnaðarmálin, tókst að auka framleiðsluna svo mikið, að við gerum betur en fullnægja því, sem við þurfum innanlands af landbúnaðarframleiðslu, og getum flutt nokkuð út, enda er það alveg augljóst mál, að ef landbúnaðurinn á að vera

hlutverki sínu vaxinn, sínu fyrsta hlutverki, að sjá þjóðinni fyrir hollri landbúnaðarfæðu, þá verður alltaf að flytja út kúfinn af framleiðslunni, því að annars verður skortur á þessum vörum annað slagið.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr því, hvað við hefðum gert fyrir þessa sjóði landbúnaðarins á undanförnum árum, og minntist eiginlega ekki á neitt annað en erlendu lánin, sem höfðu verið tekin og hafa engan veginn orðið til skaða þjóðarheildinni eða landbúnaðinum, nema síður sé. Og við höfum lagt til, framsóknarmenn, á mörgum þingum, að ríkið tæki að sér að greiða þann gengismun, sem er á þessum lánum og hefur komið fram við þær gífurlegu gengisbreytingar, sem orðið hafa, síðan lánin voru tekin. Og það er táknrænt fyrir þessa hæstv. ríkisstj., að um leið og hún lætur ríkið taka að sér gengistöp annarra banka, þá skilur hún eftir eina sjóði Búnaðarbankans, sem voru landbúnaðinum til handa. Það er táknrænt fyrir hæstv. ríkisstj. og eftir öðru í garð bændastéttarinnar. En hver heilvita maður í þessu landi skilur, að það er fyrst og fremst þjóðarheildin, sem á að borga þennan gengismun, þar sem það eru valdhafarnir, sem hafa orðið til þess að valda þessum breytingum. Og það er merkilegt, að hæstv. landbrh. skyldi geta stutt það, þótt það kæmi fram í milliþn., er hann skipaði, að láta leggja þennan sérstaka skatt á bændur landsins. Og það stangast algerlega á við hans skoðun á slíkum sköttum á árum áður. En hann er bara miklu stórstígari en nokkur annar hefur verið á undanförnum árum, því að nú ætlar þessi hæstv. ráðh. að láta bændur landsins greiða um 140 millj. kr. skatt á um það bil 14 árum — um 140 millj. kr. skatt — og að auki láta leggja skatta á framleiðsluvörur landbúnaðarins, sem til samans eru nokkuð á þriðja hundrað millj. kr., þannig að sá höfuðstóll, sem hann var að tala um hér í dag að mundi verða til 1975, mundi verða 507 millj. 150 þús. það ár, *en af þeim höfuðstól er komið* í hann af framleiðsluvörum landbúnaðarins, ⅔ af upphæð höfuðstólsins, ⅔ af þeim höfuðstól, sem stofnlánadeild landbúnaðarins á á því herrans ári. Og það kalla ég sannarlega vel að verið ofan á annað að ætla að skattleggja bændur svo gífurlega.

Þá eru ýmis ákvæði þessa frv., sem eru varhugaverð bændastéttinni, eins og ég gat um áðan, eins og 12. gr. frv., sem ber það með sér, að hér er um algera nýjung að ræða, alveg nýja stefnu, þar sem sagt er, að það skuli heimilt að lána út lán, sem kunni að vera tekin erlendis, með gengisklásúlu. Við vitum nokkurn veginn, hvernig þetta mundi hafa verkað á undanförnum árum, ef það hefði verið siður og ef yrði lögboðið að lána bændum lán til ræktunar og byggingar með gengisklásúlu. Við skulum segja, að bóndi keypti dráttarvél á s. l. ári fyrir 100 þús. kr. og nú felli hæstv. ríkisstj. gengið á ný, því að hún er alltaf að fella gengið, t. d. um 50%, og það sé lánað út á þessa vél 100 þús. kr. eða kaupverðið, þá kostar hún ekki aðeins 100 þús., heldur er hún komin upp í 150 þús., með kannske lán til 5 ára, eins og mér skildist að mundi verða lánstíminn fyrir vélarnar, ef væri lánað út á þær með 6½% vöxtum. Það bætast þarna við 50 þús. með 6½% vöxtum til skamms tíma. Það sér hver heilvita maður, að það er útilokað mál, að bændastétt landsins geti notfært sér slík lán. Og það kemur líka greinilega fram í grg. þessa frv., að þeir, sem það hafa samið, höfundar þess, þeir sakna þess, að það skuli ekki hafa verið lánuð út þau erlendu lán, sem voru tekin fyrir stofnlánasjóðina, með gengisklásúlu. Það er söknuður hjá þeim um það atriði. Og þeir segja, með leyfi forseta:

„Þar sem engu að síður verður að teljast fráleitt að taka erlent lánsfé án þess að endurlána það með gengistryggingu, þykir rétt að takmarka slík endurlán við vinnslustöðvar og vélakaup, enda hljóta vélakaupalán jafnan að verða til tiltölulega stutts tíma, auk þess sem vélar hækka í verði, ef gengislækkanir verða.“

Þannig er augljóst mál, að ef ekki verður hægt að fá innlent lánsfé til þessara sjóða, þá verður reynt að fá erlend lán og lána þau síðan út með gengistryggingu, eins og lögin mæla fyrir um, en slíkt tel ég vera mjög óheppilegt og útiloka, að bændastéttin almennt geti notfært sér þau.

Það er sannarlega vel hugsað fyrir bremsunni á því hjóli, sem á að takmarka hraðann í framkvæmdum á vegum bændastéttarinnar á komandi árum, því að þar er margföld bremsa, sem ég hef áður getið um.

Tekjurnar samkvæmt frv. eru í 5 liðum í 4. gr. frv. Þar er minnkað fjárframlagið frá því, sem verið hefur á fjárl., fastaframlagið. Síðan kemur 1% á söluverð landbúnaðarins, sem er um 1700 kr. á bónda, sem hefur tekjur samkvæmt meðalbúinu í landinu, og er sérstakur tekjuskattur á bændur. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að ríkið greiði jafnháa upphæð og innheimtist samkvæmt 2. lið frv. Því ber að sjálfsögðu að fagna, og sá liður getur að sjálfsögðu staðið, þótt hinn yrði felldur úr frv. Fjórði möguleikinn er sérstakt gjald, sem á að leggjast við söluverð *varanna, 0.75%, en þó* að miðast við grundvallarverð landbúnaðarafurða. Það á að miðast við grundvallarverð landbúnaðarafurða, en bætast ofan á heildsöluverðið, þannig að ég geri ráð fyrir, að neytendum sé ætlað að greiða þetta. En fari svo, að það skorti á, að bændur fái sitt grundvallarverð fyrir afurðirnar, þá vitanlega tekst þetta gjald af þeirra verði einnig, og tæplega trúi ég því, að neytendur verði mjög spenntir fyrir því að greiða þetta gjald, því að það er nokkuð táknrænt, að fyrir nokkrum árum urðu málaferli hér á landi milli framleiðsluráðs landbúnaðarins annars vegar og að mig minnir neytendasamtakanna hins vegar út af 90 aura gjaldi, sem framleiðsluráðið bætti ofan á heildsöluverð kjöts til þess að bæta upp útflutningsverð landbúnaðarafurðanna. Þetta var heimilt samkvæmt lögum, en neytendur risu öndverðir gegn þessu gjaldi, þannig að þetta fór í mál, og hæstaréttardómur féll á þann veg, að framleiðsluráð hefði verið í fullum rétti með að leggja þetta gjald á til að bæta útflutningsverðið. Ég er því ekki búinn að sjá, að neytendur verði sérstaklega ánægðir yfir þessu gjaldi. Fimmti möguleikinn með tekjuöflun eru vaxtatekjur.

Í frv. er ekki um neinar nýjungar að ræða gagnvart lánastarfseminni. Það eru ekki teknir upp neinir nýir liðir í þetta frv., aðrir en til lax- og silungseldis, umfram það, sem áður hefur verið í lögum um ræktun og byggingar. Það er það eina. Og ef maður lítur á veðin, þá er þar ekki heldur um neinar nýjungar að ræða. Það hefur verið talað um, að það ætti að lána út á vélar skv. þessu nýja frv. Þá þarf eftir sem áður að veðsetja fasteign eða fá þá ábyrgð sýslufélags, að mér skilst, þannig að þar er ekki um neina breytingu að ræða heldur, að bóndi, sem ekki á sína jörð og á erfitt með að fá veðleyfi hjá jarðareiganda, getur eftir sem áður ekki fengið nein lán, jafnvel þótt fé væri fyrir hendi.

Hér er gert ráð fyrir skv. þessu frv. að slengt sé saman byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Ég skal ekkert segja um það, hvaða áhrif það kann að hafa, en ég hygg þó, að ef stofnlánadeildin hefur mjög takmarkað fé, þá muni þetta sízt verða til bóta. Svo er líka gert ráð fyrir því, að það sé ekki lánað til neins meira en 60% af kostnaðarverði, en áður stóð í lögum um byggingarsjóð og lagaheimildin náði til 75% af kostnaðarverði húsa. Það skal að vísu játað, að því ákvæði laganna hefur ekki verið hægt að framfylgja, en ef spá hæstv. landbrh. rætist, þannig að stofnlánadeildin hafi nú fullar hendur fjár innan nokkura ára, þá held ég, að það væri ekkert úr vegi að láta þetta ákvæði standa áfram, vegna þess að ég er sannfærður um það, að þeim, sem byggja íbúðarhús í sveit eftirleiðis, veitir sannarlega ekki af því, og því væri æskilegt, að sú heimild yrði áfram í lögum, ef fjármagn yrði fyrir hendi til þess að sinna þeirri lánastarfsemi. Lánstíminn á að vera frá 5 og upp í 42 ár, og er það að sjálfsögðu á valdi hlutaðeigandi ríkisstj. og bankastjóra, hvað lánstíminn verður langur í hverju og einu tilfelli. En hitt vita allir, að það er mjög bagalegt, að stytting lánstímans var gerð jafnframt vaxtahækkun.

Um vextina hef ég talið, að væri hyggilegt að binda þá fasta í lögum og færa þá í það horf, sem þeir áður voru, vegna þess að það er þegar búið að sýna sig, að vaxtakjörin hafa valdið bændum landsins stórkostlegum baga og gert það að verkum, að meiri lausaskuldasöfnun hefur orðið hjá þeim en ella hefði verið.

Það er að sjálfsögðu ekkert að segja við þeirri lántöku, sem hér er heimiluð. Það veitir sjálfsagt ekki af henni. Geri ég ráð fyrir, að ef svo fer eins og fram kemur af þessum skýrslum, sem hér eru birtar með frv., þá þurfi þegar á þessu og næsta ári, ef sinna á nokkurn veginn lánsbeiðnum í hlutfalli við það, sem var s. l. ár, þó að maður miði við nokkurn samdrátt, þá veitti ekki af verulegum lánum. En ég harma, að það skuli vera tekið upp í lög að heimila að lána út með gengisklásúlu, ef um erlent lánsfé er að ræða, því að ég hef þegar sýnt fram á það, að slíkt getur ekki orðið nema bagi einn fyrir bændastétt landsins.

Þá er það 13. gr. Hún fjallar um heimild til þess fyrir stofnlánadeildina að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Búnaðarbankans allt að 10 millj. kr. á ári. Nú skal ég ekkert um það segja, hvað veðdeildin kann að þarfnast mikils fjár, en ég hygg þó, að það sé töluvert, vegna þess að mér er ekki kunnugt um og að minnsta kosti hef ég ekki fengið eitt einasta lán afgreitt úr veðdeild árið sem leið og bið með fjöldamörg lán fyrir ýmsa, og ég veit, að það er mikil þörfin á því, að hægt sé að efla þá deild. En ég fæ ekki séð af því, sem þegar er upplýst í þessu máli, að veðdeildin verði starfhæf nú á þessu eða næsta ári, vegna þess að fjárráð stofnlánadeildarinnar virðast vera það lítil nú í fyrstu að minnsta kosti, að það er óhugsanlegt, að hún geti keypt bankavaxtabréf af veðdeildinni.

Það hefur verið líka margsinnis skýrt frá því í tíð núv. stjórnar, að það sé verið að afhenda fjármagn til veðdeildar Búnaðarbankans, og því hefur margsinnis verið heitið, að það liðu ekki langir tímar, þar til hægt yrði að veita lán úr veðdeildinni. En ef ekkert annað liggur fyrir varðandi veðdeildina en það, sem getið er um í þessu frv., þá hygg ég, að fjöldi bænda verði að bíða nokkuð lengi eftir lánum úr veðdeildinni, fyrir utan svo það, að það er mikil þörf á því að hækka verulega lánsupphæðir úr veðdeildinni frá því, sem verið hefur.

Ég held, að það séu engar sérstakar breytingar gerðar hér á lögum um landnám ríkisins frá því, sem gilt hefur í lögum áður, nema að því er snertir aðrar breyt., sem gerðar eru á stofnlánasjóðum landbúnaðarins frá því, sem var. Ef svo er, væri fróðlegt að vita um það, því að ég minnist þess ekki, að hæstv. landbrh. gæti þess neitt sérstaklega. Í 3. gr. þessa frv. er talið upp stofnfé stofnlánadeildarinnar. Það er í fyrsta lagi eignir ræktunarsjóðs Íslands og byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær verða, þegar lög þessi taka gildi, í öðru lagi lán, sem ríkissjóður veitti ræktunarsjóði og byggingarsjóði 1960, ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34,9 millj. kr., og í þriðja lagi skuldabréf, sem ríkissjóður afhenti deildinni til eignar, samtals að fjárhæð 9 millj. 142 þús. kr., sem sundurliðast þannig: Skuldabréf sex sveitarfélaga, skuldabréf veðdeildar Búnaðarbankans, skuldabréf bjargráðasjóðs og skuldabréf Sölufélags garðyrkjumanna. Þetta eru skuldabréf, og ég geri ráð fyrir, að þau greiðist inn í deildina smátt og smátt, og þess vegna spyr ég: Hvað eru þessi skuldabréf hvert fyrir sig til margra ára? Og út frá því getur maður séð, hvað stofnlánadeildin kann að fá mikið fjármagn gegn þessum skuldabréfum á næstu árum, því að það skiptir höfuðmáli, hvort skuldabréfin eru til nokkurra ára, 5 eða 10 ára eða 50 eða 60 ára. Þetta vænti ég að hæstv. landbrh. upplýsi, því að vafalaust er honum það kunnugt, eða a. m. k. er hv. 6. þm. Norðurl. e. þetta mál kunnugt, þar sem hann er bankastjóri Búnaðarbankans, auk þess sem hann hefur staðið að samningu þessa frv. Þetta er æskilegt að fá upplýsingar um.

Ég andmæli því, að það sé nú gripið til þeirra ráða, örþrifaráða, að leggja sérstakan skatt á bændur landsins ofan á allt annað, sem búið er að gera í garð bændastéttarinnar af þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú ríkir í landinu. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. og höfunda þessa frv. að endurskoða þetta mál á þann veg, að það sé

hægt að finna tekjuleiðir fyrir sjóðina, án þess að það sé sérstaklega seilzt ofan í vasa bænda í landinu til þess að lána þeim sjálfum. (Gripið fram í.) Nei, það er alveg rétt hjá bankastjóranum, það er ekki betra, að aðrir fengju það. Það má vel vera, að það hafi skotið upp kollinum, að það ætti sérstaklega að skattleggja bændurna til þess að lána almennt út í landinu. Þetta er svo ofarlega í huga hv. þm., að sennilega hefur það eitthvað komið til tals, en ég trúi því tæplega á hann, að hann mundi hafa stutt slíka till. Ég skora mjög á þessa aðila að endurskoða afstöðu sína í þessu máli og finna aðrar leiðir þar til úrbóta, jafnframt því sem mér finnst, að úr því að verið er að endurskoða þessa löggjöf nú, þá eigi að tryggja bændum landsins lán til lengri tíma en verið hefur og með mun lægri vöxtum en núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, því að það er fráleitt að ætla sér að skattleggja bændurna ofan á það, að það er búið að tvífella gengið nú með stuttu millibili, hækka vextina, stytta lánstímann, leggja á söluskatta, og síðan að fara ofan í vasa bænda til þess að lána þeim til að geta risið undir sínum framkvæmdum í framtíðinni. Þetta er fráleit hugsun, ofan á það, að allar rekstrarvörur landbúnaðarins hafa stórhækkað, gífurlega hækkað frá því, sem áður var. Þetta er merkileg uppfinning.

Það kann aldrei góðri lukku að stýra svona gífurlegt undanhald og hratt undanhald í málefnum bændastéttarinnar eins og hefur verið 2—3 síðustu ár, — alveg gífurlegt undanhald. Það er hvergi staðið í stað, ekki á neinu sviði, og þetta frv. sýnir úrræðaleysi þessara hæstv. valdhafa kannske einna bezt, því að þetta mundi fáum hafa dottið í hug, að seilast ofan í vasa félítilla manna og margra félausra til þess að ná í krónur til þess að geta síðan lánað þeim eða einhverjum öðrum innan landbúnaðarins. Það er vitað mál, að landbúnaðurinn þarfnast fjármagns annars staðar að en úr eigin vasa, og tilgangur þessa frv. og þessara laga og þessara sjóða er sá að veita fjármagni í landbúnaðinn annars staðar að en frá landbúnaðinum sjálfum. Þetta hefur verið höfuðatriði þessara stofnana frá upphafi, allt þar til nú, að á að fara að skattleggja bændurna til þess að lána þeim sjálfum.

Hæstv. ráðh. gumaði mikið af því, að nú væri alveg öruggt mál, að það þyrfti ekki mikið að hugsa um fjáröflun til þessara sjóða í framtíðinni. Það væri svo tryggilega gengið frá þessum málum nú, að það væri alveg öruggt mál, að það yrði gaman að lifa 1975, því að þá hefðu sjóðirnir fullar hendur fjár. Þetta er nákvæmlega sama og sjálfstæðismenn sögðu 1946, þegar lögin um byggingar- og ræktunarsjóð voru samþ. í þinginu. Þá voru ekki mikil vandræði. En af hverju erum við í vandræðum nú? Það er a. m. k. nokkuð víst, að þessi stjórn situr ekki lengi að völdum, ef þetta frv. á að koma að fullum notum, því að svo hefur dýrtíðin vaxið í tíð þessarar stjórnar, að ef áfram heldur eins og byrjað hefur, verða ekki lengi not að þeirri fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir og byggð er á því, að allt verðlag í landinu sé stöðugt. En þess er varla að vænta hjá þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú ríkir, því að hún virðist vera ákaflega lagin á það að kreppa skóinn æ meira, eftir því sem hún situr lengur að völdum.

Ég skal að lokum segja það, að ég tel fyllilega þörf á því að gera ýmislegt landbúnaðinum til handa. En ég vantreysti hæstv. núv. ríkisstj. mjög til þeirra hluta, því að allar hennar gerðir miða í aðra átt. Ég vil þó mælast til þess, að hæstv. landbrh. og sá bankastjóri Búnaðarbankans, sem hér á sæti á Alþingi, að hann og þeir í sameiningu vinni að því að byggja stofnlánasjóðina upp á þann veg, að þeir veiti nýju lífi, nýju blóði og nýju fjármagni til landbúnaðarins, án þess að það sé nokkur blóðtaka fyrir bændastéttina sjálfa, jafnframt því sem þeir betrumbæti sínar gerðir og lengi lánstímann verulega frá því, sem þeir hafa sjálfir stungið upp á, og lækki vextina til muna frá því, sem nú er. Ef það tækist að koma þessu í kring með þessu frv. og gera það að lögum að veita verulegu nýju fjármagni til landbúnaðarins, þá gæti orðið þar blómaskeið enn á ný, eins og var frá 1950—1960, en ekki áframhaldandi gífurlegur samdráttur, eins og hefur verið hin síðari ár, síðan núv. stjórn kom að völdum, eins og ég færði rök að í upphafi míns máls. Ég vænti þess, að þessir aðilar, sem völdin hafa, skilji hlutverk landbúnaðarins í þjóðarbúinu og skilji bændastétt landsins það vel, að þeir geri sitt ýtrasta til þess að betrumbæta á þessum sviðum. Og ég vil benda á, að þessar aðgerðir allar stangast algerlega á við allt, sem félagasamtök bændanna í landinu hafa farið fram á. Hvert einasta atriði, sem hér er gert, stangast á við það, sem Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands hafa farið fram á við valdhafa landsins. Það er fráleitt, þegar mann vantar fjármagn, að segja við hann: Láttu mig hafa svo og svo margar krónur sjálfur, þá skal ég láta þig hafa kannske eitthvað meira. — Þetta er fráleit hugsun. Þess vegna vænti ég þess, að þessir aðilar, þegar þetta mál er nú til 1. umr. í fyrri deildinni, endurskoði sína afstöðu, áður en málið er afgreitt frá Alþingi, og að það verði til bóta fyrir bændastétt landsins, en ekki álögur ofan á álögur, eins og átt hefur sér stað í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að till. hæstv. ráðh. um, að þessu máli verði vísað til landbn., verði samþykkt. Þá fer málið til nefndar, þar sem ég á sæti, og gefst mér þá kostur á að athuga frv. og ræða um það síðar, eftir að sú athugun hefur farið fram. Ég mun því að mestu láta bíða að ræða þetta mál almennt, en vil nú við þessa umr. segja aðeins fáein orð og gera örfáar athugasemdir við málið.

Hæstv. ráðh. vitnaði oft í framsöguræðu sinni fyrir málinu til útreikninga, sem birtir eru sem fskj. með frv., og vitnaði til þeirra þannig, að þær niðurstöðutölur, sem þar eru sýndar, séu óyggjandi. Það er í sjálfu sér mjög vel farið og eðlilegt, að vitnað sé til þessara útreikninga, vegna þess að þeir eru grundvöllur undir ákvæðum frv. sjálfs, sem hníga að fjárhag búnaðarsjóðanna eða stofnlánadeildarinnar, eins og

hún á að verða, allt til 1975. Það liggur í augum uppi, að það er ógerningur fyrir þm., sem fá svona þskj. í hendur með mörgum og flóknum töflum, að gera sér fulla grein fyrir því, hvaða athuganir á bak við hverja tölu liggja, og sannprófa þannig það öryggi, sem í þessum útreikningum felst. Ég hef ekki heldur aðstöðu til þess að leggja fullan dóm á þetta, en vil aðeins með þessum orðum, sem ég segi hér, benda á örfá atriði, sem eru þess eðlis, að mér virðist nokkurrar ónákvæmni gæta og að ýmsir liðir, sem vega mikið í þessum útreikningum, séu harla óvissir.

Í grg. segir á bls. 15 í frv. t. d.: „Á meðfylgjandi töflu, fskj. III, má sjá rekstrarhalla ræktunarsjóðs næstu 10 árin.“ Þetta sést ekki af fskj. III, heldur af fskj. VIII. Þá segir neðar á sömu bls.: „Meðfylgjandi tafla, fskj. IV, sýnir, að árin 1961—1973 nema útgjöld sjóðanna vegna gengishalla á lánum þessum 11 millj. kr. á ári, eða samtals 156 millj. kr.“ Þetta virðist mér ekki koma fram í fskj. IV, heldur fremur í fskj. V, og nær það þó lengra, þar eru klipptar aftan af tvær tölur, þegar þetta er tekið upp í grg. Þá segir á bls. 16 í frv.: „Á meðfylgjandi töflu, fskj. V, er sérstaklega sýndur vaxtahalli vegna lána úr mótvirðissjóði.“ Þetta virðist mér mega finna í fskj VI, en ekki í fskj. V. Enn fremur segir neðarlega á bls. 15: „Enda þótt ræktunarsjóður hafi á undanförnum 30 árum fengið sem óafturkræf framlög frá ríkissjóði um 67.5 millj. kr., þá er efnahagur sjóðsins svo bágborinn, að hann skuldar nú 52.5 millj. kr. umfram eignir.“ Og svo er haldið áfram: „Að óbreyttu ástandi mundi hagur sjóðsins versna enn svo stórkostlega næstu árin, að 1970 mundi hann skulda 156 millj. kr. umfram eignir.“ Ef þetta er borið saman við þá töflu, sem um þetta gildir og birt er hér með frv., þá sýnist mér, að talan 52.5 millj. standi ekki í töflunni, heldur ofur lítið hærri tala. Ég segi ekki þetta í því skyni, að þetta séu svo stór atriði, að þau hafi áhrif á meginefni málsins, heldur aðeins sem dæmi um ónákvæmni, sem kemur fram í frv.

Það liggur í augum uppi, að fskj. I, um efnahagsreikning stofnlánadeildar landbúnaðarins og rekstrarreikning deildarinnar, ásamt fskj. II, um greiðsluyfirlit stofnlánadeildar landbúnaðarins, eru þau fskj., þar sem grundvöllurinn undir löggjöfinni er í raun og veru lagður, grundvöllur stofnlánadeildarinnar, sem hún á að byggja á og starfa eftir allt til ársins 1975.

Ef litið er á greiðsluyfirlitið, fskj. II, þá má segja, að töluliður 2, þ. e. afborganir lána, sem veitt eru fyrir árslok 1961, sé nokkurn veginn öruggur, vegna þess að það er kunnugt, hver þau lán eru. En ef litið er á tölulið 3, þ. e. lán veitt eftir árslok 1961 og allt til ársins 1975, þá liggur í augum uppi, að sá liður getur engan veginn verið örugg tala. Hér er um áætlun eða þó líklega fremur ágizkun að ræða, eins konar spádóm um það, hvernig starfsemin verði og hve útlánin verði mikil á næstu 10—15 árum. Vegna þess, að liðir í útreikningunum eru svona óvissir, verður vitanlega að taka niðurstöðutölu töflunnar með nokkurri varúð.

Ef við lítum nú á fskj. I, efnahagsreikninginn, þá kemur svipað fram. Þar er langhæsti liðurinn skuldabréf fyrir lánum, og sá liður fer sihækkandi allt til ársins 1975 samkvæmt töflunni. Þetta er líka mjög óviss tala. Þetta er fremur ágizkun um það, sem gerast kann á næstu árum, heldur en að hér sé um örugga og óyggjandi staðreynd að ræða.

Ef við lítum svo á skuldahlið efnahagsreiknings, kemur í ljós, að liðurinn erlend lán nemur nú eða á árinu 1961 samkv. þessum útreikningum 226 millj. kr. Síðan fer þessi fjárhæð lækkandi ár frá ári allt tímabilið, sem reikningarnir ná yfir, og verður 31.6 millj. árið 1975. Ég geri mér þá grein fyrir þessu, að hér sé miðað við þau erlendu lán, sem nú hvíla á byggingar- og ræktunarsjóði. En þess ber að gæta, þegar á þetta er litið, að eitt ákvæði frv. og það mikilvægt ákvæði er heimild til þess, að stofnlánadeildin taki á því tímabili, sem hér ræðir um, hvorki meira né minna en 300 millj. kr. lán, innlent eða erlent eftir atvikum. Mér skilst, að efnahagsyfirlitið sé miðað við, eins og þessu er stillt upp hér, að þessi lánsheimild verði alls ekki notuð á tímabilinu og að aukin lán, innlend eða erlend, komi ekki fram í töflunni. En ætli efnahagsyfirlitið liti ekki nokkuð öðruvísi út, ef búið væri að taka 300 millj. kr. lán, sem kæmi inn í skuldahlið þess?

Þá skulum við líta á rekstrarreikning. Það er viðurkennt, bæði í grg. frv. og í ræðu ráðherrans, framsöguræðu hans fyrir málinu, að það sé erfitt að ákveða eða áætla alveg nákvæmlega það framleiðslugjald, sem bændur eiga að greiða samkv. frv., og enn fremur gjald það, sem á að taka samkv. 4. tölulið 2. gr. frv. Þetta er vitanlega alveg rétt og liggur í augum uppi, því að það er háð breytingum á framleiðslunni, hvort þetta gjald hækkar eða lækkar og hve miklu sá mismunur nemur frá ári til árs. En hæsti liðurinn á rekstrarreikningi eru vaxtatekjur. Mér virðist sá liður vera þannig fenginn, að stafliðir b, þ. e. a. s. þær tölur, sem á eftir þeim standa, í 2. og 3. tölulið greiðsluyfirlits, fskj. II, séu lagðar saman og sú samtala, sem þannig fæst, sé færð sem vaxtatekjur á rekstrarreikningi á fskj. I. Ég fæ ekki betur séð en þessu sé þannig stillt upp. Nú virðist mér, að þessar vaxtatekjur séu við það miðaðar í útreikningunum, að allt tímabilið, sem útreikningarnir ná yfir, verði vextir af ræktunarsjóðslánum eða hliðstæðum lánum þeim, sem nú eru veitt úr ræktunarsjóði, 6½%, en af lánum til íbúðarhúsa í sveitum 6%. Ég fæ ekki betur séð en reikningarnir séu miðaðir við þetta. Og ef þetta er ekki rétt skilið, þá óska ég þess, að það verði leiðrétt nú þegar við þessa umr., því að þetta er þýðingarmikið atriði. En ég byggi mál mitt á því, að þannig sé þetta, því að mér virðist það liggja alveg í augum uppi eftir fskj. II, að þetta sé þannig fengið. Og ég vek athygli á þessu vegna þess, að hér er um ekkert lítilvægt atriði að ræða, þegar meta skal rekstrarhagnað stofnlánadeildarinnar samkvæmt rekstrarreikningnum, eins og honum er stillt upp hér á fskj. I, því að vaxtatekjurnar, sem þannig eru fengnar, eru fullur helmingur allra tekna á rekstrarreikningi. 1962 eru vaxtatekjur 16.3 millj. af 28.4, svo hreyfist þetta dálítið, en þegar líður á tímabilið, sem reikningarnir ná yfir

eykst hlutdeild vaxtateknanna þannig, að 1970 eiga vaxtatekjurnar að nema 38 millj. af 69 alls, 1971 41.9 millj. af 73, 1972 46 millj. af 78, 1973 50 millj. af 83, 1974 54 millj. af 88 og 1975 59 millj. af 94. 1975 nálgast það, að vaxtatekjurnar nemi ⅔ af heildartekjum stofnlánadeildarinnar samkv. rekstrarreikningi. Og þetta er byggt á því, samkv. því, sem ég fæ bezt skilið, að núv. vaxtafótur haldist allt tímabilið, sem reikningarnir ná yfir. M. ö. o.: með þessu þskj. er það gefið til kynna af hæstv. ríkisstj., að hún og flokkar þeir, sem hana styðja, hafi í hyggju að beita valdi sínu og áhrifum til þess, að hinir háu „viðreisnarvextir" af stofnlánum landbúnaðarins haldist allt til ársins 1975, þrátt fyrir það þó að sumir ráðherranna láti í það skína eða orð liggja að því í umr. um önnur mál, að sá dagur muni ekki vera langt undan, að almenn vaxtalækkun í landinu geti átt sér stað. En yrði nú sú breyting á, að vextirnir lækkuðu þrátt fyrir þann ásetning, sem virðist koma fram í þessu þskj., og yrðu t. d. eins og þeir voru, þegar þeir voru lægstir, 2% hjá byggingarsjóði til íbúðarhúsa og 2½% úr ræktunarsjóði, þá hljóta vaxtatekjurnar, sem eru aðalliðurinn í tekjum stofnlánadeildarinnar, að stórlækka. M. ö. o.: þá er botninn í þessum reikningum suður í Borgarfirði.

Nú er það mikið umræðuefni út af fyrir sig, hvort landbúnaðurinn þolir að bera mjög háa vexti af stofnlánum. Sú var tíðin, að það þótti til afreka af ráðherra Sjálfstfl. að beita sér fyrir því, að vextir af stofnlánum landbúnaðarins væru ákveðnir 2% af byggingarlánum í sveitum og 2½% af lánum til ræktunar og útihúsa. Þessi vaxtafótur var ákveðinn á tíma nýsköpunarstjórnarinnar, þegar Pétur heitinn Magnússon fór með yfirstjórn landbúnaðarmála. Ég hef nokkuð oft, árlega á undanförnum árum, lesið það í Morgunblaðinu og Ísafold, að þetta hafi sýnt góðan hug Sjálfstfl. og þáv. landbrh. til landbúnaðarins, enda hafi Pétur Magnússon verið landbúnaðinum hollur vinur. Nú er það á hinn bóginn í sambandi við þetta mál talið núv. hæstv. landbrh. til gildis og að mér skilst Sjálfstfl. til afreka að ætla að beita sér fyrir því, að hinir háu „viðreisnarvextir" af stofnlánum landbúnaðarins haldist næstu ár. Þetta sveiflast svo langt hvort frá öðru, þessar aðgerðir, að hvort tveggja getur ekki verið til hagsbóta landbúnaðinum. Annaðhvort er það sú stefna að hafa vextina lága til hagsbóta fyrir landbúnaðinn eða þá það, sem hér kemur fram í þessu frv.

Hæstv. ráðherra minntist á það í framsöguræðu sinni, að það væri unnið að samningum við Framkvæmdabankann um það, að vextir af lánum af mótvirðisfé, sem þaðan er greitt inn til búnaðarsjóðanna, lækki frá því, sem verið hefur um skeið. Þetta er mjög góðra gjalda vert. En í þessu sambandi vaknar sú hugsun: Voru ekki þessir vextir hækkaðir af Framkvæmdabankanum í samræmi við hina almennu vaxtahækkun í landinu samkv. efnahagslögunum frá því, sem verið hafði að undanförnu? Og sé þetta rétt skilið, þá er núv. ríkisstj. hér aðeins að glíma við sinn eigin draug.

Hæstv. ráðherra lét það hæfa í framsöguræðu sinni, í upphafi hennar, að fara að minnast á gjald til búnaðarmálasjóðs og sérstaklega það gjald, sem greitt er vegna byggingarkostnaðar við bændahöllina. Um búnaðarmálasjóð og þá baráttu, sem háð var fyrir þeirri löggjöf, er löng saga. Það var háð hér á fjórum þingum samfleytt löng og hörð barátta um búnaðarmálasjóð, þar sem fylkingar skipuðust svo, að sumir hinna mætustu þingmanna Sjálfstfl., eins og Jón á Reynistað, Pétur Ottesen og Gísli Sveinsson, stóðu með þingmönnum Framsfl. í baráttu gegn meginhluta Sjálfstfl. Í þessari sögu á hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson sérstakan kapítula. Mér finnst þessi saga ekkert erindi eiga inn í þessar umr., og ég drep á þetta aðeins að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., en ætla mér ekki að fara að rekja þessa sögu að öðru leyti, nema þá frekara tilefni gefist til síðar í umr. En af því að hæstv. ráðh. taldi hæfa að fara að vitna í það gjald, sem bændur greiða vegna byggingarkostnaðar bændahallarinnar, finnst mér ekki verða komizt hjá því að minna á, að það gjald er lögfest vegna beiðni og áskorunar bændasamtakanna í landinu. Þegar það gjald var lögfest, kom það fram í þskj., að búnaðarþing hafði gert samþykkt um málið, þar sem skorað er á Alþingi að lögfesta þetta gjald. Ályktun búnaðarþings er svo hljóðandi samkv. því þskj., sem þá lá fyrir:

„Á búnaðarþingi, er háð var í febrúar þessa árs, kom fram frá fjárhagsnefnd svo hljóðandi tillaga:

Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði í lögin ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi: Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóð." — Og svo er bætt við: „Þessi till. var samþykkt með 18:2 atkv."

Og á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í Bifröst í Borgarfirði 3.—4. sept. 1958, kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Bifröst dagana 3. og 4. sept. 1958, ályktar að fela stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði inn í lögin ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra er í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjaldið, sem nú er." — Þessi till. var samþykkt með 39:8 atkv.

Afstaða bændasamtakanna til þeirrar breytingar, sem gerð var á lögunum um búnaðar-

málasjóð 1958, var því skýr og afdráttarlaus. En það hefur ekki komið fram í umr. um þetta mál, að leitað hafi verið umsagnar eða álits bændasamtakanna um þau gjöld, sem á að leggja á bændur samkv. 4. gr. þessa frv. Og ég segi það sem mína skoðun, að í mínum huga vegur það mjög mikið, það er þungt á metaskálunum, hvort vissa er fyrir því, að bændastéttin og fulltrúar hennar á stéttarsambandsfundi og búnaðarþingi sætta sig við slíka skattálagningu eða óska eftir henni, ellegar að þetta sé lögfest algerlega án þess að leita álits þeirra eða jafnvel gegn þeirra vilja og óskum. Þetta er mjög þungt á metaskálunum, þegar ég geri mér grein fyrir þessu máli.

En þótt þetta mál, sem hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni, væri svo vel undirbúið og athugað, áður en frá því var gengið hér á hv. Alþingi, þótti Ingólfi Jónssyni, þáverandi þm. Rangæinga, ekki nógu tryggilega um þá hnúta búið, því að hann flutti sérstaka brtt. um þetta mál, einmitt um þetta gjald, sem hann er nú að vitna til. Þær brtt. eru svo hljóðandi á þskj. 177 1958:

„1) Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Gjöld þessi teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, og skal tekið tillit til þess við verðlagningu þeirra.

2) 2. gr. orðist svo:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, að fram fari um þau almenn atkvæðagreiðsla í öllum hreppabúnaðarfélögum landsins. Þau taka gildi, ef meiri hluti þeirra bænda, sem þátt taka í atkvgr., er þeim samþykkur."

Svona varlega vildi Ingólfur Jónsson stiga fram, þegar skattleggja átti bændastéttina 1958 að eigin ósk bændasamtakanna í landinu. Og Ingólfur Jónsson vildi 1958, að það gjald, sem þá stóð til að lögfesta, teldist með í framleiðslukostnaði landbúnaðarvara og tekið yrði tillit til þess við verðlagningu þeirra. Mér virðast spor hæstv. ráðherra stefna nokkuð í gagnstæða átt við þá braut, sem hann gekk í þessu máli 1958, því að nú er lagt til af hans hálfu, að skattur, sem áætlaður er 8 millj. á ári, verði tekinn beinlínis af launatekjum bændanna sjálfra, það reiknist ekki inn í verðlag landbúnaðarvaranna. M. ö. o.: hér er stefnt að því að koma á sérstökum launaskatti á bændastéttina, og það fé á að renna inn í stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hvað skyldu nú verkalýðs- eða launastéttirnar í landinu, sem svo eru oft nefndar, segja, ef það yrði lagt til að leggja 2% skatt á laun þeirra og fé yrði látið renna inn í hið almenna veðlánakerfi til útlána vegna íbúðabygginga? Þessi skattur jafngildir 2% af kaupi bóndans, þó að það sé 1% af brúttóframleiðslu. Nú er það vitað mál, að húsnæðismálastofnunin hefur allt of lítið eigið fé til útlána og þarf að afla sér mikils fjármagns með lánum, aðallega með lánsfé, sem fengið er af því fjármagni, sem er í umferð í þjóðfélaginu, þannig að ef þetta er snjallræði gagnvart bændastéttinni, þá væri vissulega þörf fyrir slíkt fé hjá húsnæðismálastofnuninni líka. En ég er alls ekki viss um, að launastéttirnar í landinu tækju því með þökkum, að sú leið yrði farin gagnvart þeirra byggingarmálum. Það hefur verið vitnað til fiskveiðasjóðs eða sjávarútvegsins í þessu sambandi og borið saman það gjald, sem innheimt er af sjávarafurðum í fiskveiðasjóð. Það er ekki að öllu leyti sambærilegt. Á því er mikill eðlismunur við þetta gjald, vegna þess að það gjald, sem tekið er af sjávarafurðunum inn í fiskveiðasjóð, er reiknað inn í verðlagsgrundvöll sjávarafurða og það er metið sem einn kostnaðarliður. Þegar af hálfu Alþ. og þjóðfélagsins er athugað, hvað gera þurfi vegna sjávarútvegsins með uppbótum eða gengisfellingu eða öðru slíku, þá er þetta gjald metið þar sem einn kostnaðarliður sjávarútvegsins.

Um það gjald, sem greint er í fjórða tölulið 4. gr., vil ég aðeins segja það, að á meðan svo er, og því miður hefur það endurtekið sig ár eftir ár, að bændur fá ekki í sinn vasa fullt grundvallarverð, hlýtur þetta gjald í reyndinni, þó að það leggist á heildsöluverðið, að dragast frá því verði, sem endanlega kemur í vasa bændanna. Það er einn kostnaðarliður, sem dregur til sín tilsvarandi hlut af afurðaverðinu, sem á að renna í vasa bændanna.

Ég sé, að fundartími er nú þrotinn, og skal ljúka máli mínu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mig langar til, áður en ég vík að því máli sjálfu, sem fyrir liggur, að minnast á eitt atriði, sem hv. 1. þm. Vesturl. hóf ræðu sína með og lauk enda einnig ræðu sinni með að vísa til upphafsins, og má í rauninni segja, að það hafi farið vel á því, því að það, sem þar var á milli, var í svipuðum dúr. Hann vitnaði til þess, að það hefði verið mikill samdráttur í framkvæmdum í landinu, og m. a. og sérstaklega gat hann um upplýsingar um það efni, sem munu sennilega hafa átt að hitta hæstv. landbrh. sérstaklega, hversu mikill samdráttur hefði orðið í nýrækt og vélgröfnum skurðum í Rangárvallasýslu á árinu 1960, miðað við árið 1959, og bætti því við, að síðan hefði þetta enn þá meira hallazt á ógæfuhlið. Það vill svo til, að fyrir stuttu hefur verið birt í blaðinu Suðurlandi viðtal við jarðræktarráðunaut Búnaðarsambands Suðurlands, og ég geri ráð fyrir, að þær upplýsingar, sem hann gefur, séu réttar. Það eru að vísu nokkrar sveiflur í þessu til og frá, þannig að það er rétt, að á einstökum liðum hafa minnkað framkvæmdir, en á öðrum aftur mjög verulega hækkað. Um þá liði, sem hann sérstaklega minntist á, skal ég aðeins lesa þær tölur upp varðandi Rangárvallasýslu, og um nýræktina er það að segja, að á árinu 1961 eru það 565 hektarar á móti 381 á árinu 1960 og vélgrafnir skurðir eru 700 þús. kúbikmetrar 1961 á móti 317 þús. 1960. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. tortryggi þessar tölur, enda getur hann borið þær saman. En þetta er eins og svo margt annað staðreyndir, sem rekast heldur illilega á fullyrðingar hv. framsóknarmanna um móðuharðindi og samdrátt á öllum sviðum í þjóðfélaginu.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, varðar langstærsta vandamál landbúnaðarins í dag, og það hefði því mátt ætla með hliðsjón af mikilvægi

málsins, að það væri rætt hér á þann hátt, að menn reyndu í alvöru að gera sér grein fyrir eðli vandans og kryfja til mergjar þær hugsanlegu leiðir, sem kæmu þar til úrbóta, og létu hjá líða að gera málið fyrst og fremst að uppistöðu í pólitískum áróðri til þess á ódýran hátt að reyna að notfæra sér óánægju, sem alltaf er til staðar, þegar kvaðir á að leggja á, og reyna þannig að fiska í gruggugu vatni, ef svo mætti segja. Min skoðun er sú, að þetta mál sé miklu þýðingarmeira en svo, að leyfilegt sé að ræða málið á þann hátt, sem hv. 1. þm. Vesturl. gerði, og sannast sagna furðaði mig mjög á því, að jafnmætur maður og hann er skyldi flytja þá endemisræðu, sem hann flutti hér áðan, þar sem úði og grúði svo af rangfærslum, að það er í rauninni leitun að öðru eins. Mér kom þetta sannast sagna mjög á óvart úr þeirri átt, og ég efast um, að sú ræða, sem hann hér flutti, muni af ábyrgum aðilum í forustusveitum landbúnaðarins vera talin heppileg leið til þess að ræða þetta mál út frá. Mér er vel kunnugt um það, ég hef rætt um þetta vandamál við marga og það einnig flokksbræður hv. þm., m. a. um þær úrbætur, sem um er rætt í þessu frv., og það kveður þar mjög við annan tón. Það er auðvitað svo, að það er enginn út af fyrir sig glaður að þurfa að fara að leggja á þær kvaðir, sem hér er gert ráð fyrir, en þeir menn, sem ég hef rætt um þetta mál við, og það eru ýmsir mjög mætir framámenn í bændasamtökunum og flokksbræður hv. þm., þeir hafa sannarlega hugsað þar út frá ábyrgari afstöðu en kom fram í þeirri ræðu, sem hv. þm. hér flutti. Auðvitað væri hægt að svara fullum hálsi margvíslegum staðhæfingum þessa hv. þm., þar sem hann fór vítt og breitt til þess að reyna að finna sem flest atriði til árása á hæstv. ríkisstj. og það svo mjög, að margt af því, sem hann sagði, kom í rauninni lítið sem ekkert þessu máli við, en allt þjónaði það því hlutverki að reyna að gera hæstv. landbrh. tortryggilegan, ráðast á hann með fullyrðingum, sem áttu sér ekki nokkra stoð í veruleikanum, eins og t. d. þegar hv. þm. lætur sér það um munn fara, að allt, sem gert hafi verið af þessum hæstv. landbrh., hafi verið til bölvunar fyrir landbúnaðinn. (**ÁB**: Það er ekki mitt orðalag.) Ekki nákvæmlega þetta, en það var meiningin, og því býst ég við að hv. þm. muni eftir, þeir hv. þm., sem hér voru inni og hlýddu á hans ræðu, að hann tók það hvað eftir annað fram, að allt hefði hallazt á ógæfuhlið nú síðustu árin, eftir að hæstv. núv. landbrh. hefði farið að fást við þessi mál, og ekkert af hans málum eða þeim úrræðum, sem hann hefur verið með fyrir landbúnaðinn, hefði miðað í jákvæða átt. Þetta var tónninn í ræðu hv. þm. Veit ég, að hann er það sanngjarn og réttsýnn maður, þó að hann tali hér í æsingu í ræðustól til þess að gefa Tímanum dálkafyllingu, þá veit hann mætavel, að hér er að sjálfsögðu verið að fara með fullyrðingar, sem eiga sér ekki neina stoð í veruleika og áreiðanlega eru ekki til þess fallnar að auka hróður hv. þm. né þess flokks, sem hann telur sig vera að þjóna með þessum málflutningi.

Ég skal láta alveg liggja á milli hluta að fara að ræða hér almennt um þróun landbúnaðarmála á síðustu árum, en í þeim orðum, sem ég segi, takmarka við þetta mikla viðfangsefni, sem hér liggur fyrir, og ræða örlítið um þær tillögur, sem hér eru fram bornar, því að það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði og ég er á engan hátt að mælast undan, að ég ber allmikla ábyrgð á þeim tillögum, sem hér eru fluttar, og blygðast mín ekkert fyrir það.

Það er rétt, áður en vikið er að tillögunum, að fara aðeins örfáum orðum um þann vanda, sem hér er við að glíma, og skal ég þó aðeins stikla á stóru, því að hæstv. landbrh. vék glögglega að því máli í sinni ræðu.

Því miður hefur frá fyrstu tíð verið búið illa að sjóðum landbúnaðarins, þ. e. a. s. þannig, að það hefur ekki verið unnið kerfisbundið að því að byggja þá upp, eins og hefði átt að gera, og það er sú sorgarsaga í dag, að ef strax í upphafi hefði verið lagður nægilega traustur grundvöllur að fjáröflun til sjóðanna, þannig að þeir hefðu getað byggzt upp meira af eigin fé, þá hefðum við staðið andspænis allt öðru vandamáli í dag. Ég geri ráð fyrir, að hv. framsóknarmenn muni segja sem svo, að hér sé ég að vega að þeim, sem upphaflega hafi lagt þessi frumvörp fram. Ég skal láta það alveg liggja á milli hluta, að hverjum er verið að vega í þessu efni. Löggjöf þessi var upphaflega merkileg löggjöf, og hugmyndin, sem að baki henni fólst, um það að tryggja fé til framkvæmda í landbúnaði, er að sjálfsögðu mál, sem allir, sem landbúnaðinum unna, hafa sameinazt um og talið gott, svo langt sem það nær. En stofnlánasjóðunum var aldrei séð fyrir nægilegu eigin fé, og þess vegna varð að byggja þá upp annars vegar með lántökum og hins vegar reyna svo að létta þeim baggann með því á ýmsum tímum annaðhvort að afhenda þeim hluta af greiðsluafgangi ríkissjóðs eða gefa eftir lán, sem sjóðunum hafa verið veitt. Þetta var að sjálfsögðu allt lofsvert, en voru í rauninni þó hrossalækningar að því leyti, að það var ekki séð fyrir því að leggja hinn trausta grundvöll, sem þurfti.

Hv. 1. þm. Vesturl. vék hér að einu atriði, sem var alveg rétt, að það var frá upphafi sjáanlegt, að það mundi verða mjög verulegur vaxtahalli á þessum sjóðum, vegna þess að þeir urðu að taka lán með miklu óhagstæðari lánskjörum en þeir lánuðu út, vegna þess að útlánskjör sjóðanna, einkum vextirnir, voru miklu lægri en fé fékkst fyrir á hinum almenna lánamarkaði. Framlög ríkissjóðs, hin föstu árlegu framlög, nægðu engan veginn, eftir því sem árin liðu, til þess að mæta þessum halla, og hann óx þannig ár frá ári og át meira og meira af stofnfé sjóðanna. Það má auðvitað segja, að það hafi verið galli í uppbyggingu sjóðanna frá upphafi að sjá ekki nægilega fyrir þessu, en ef menn á annað borð vilja fara að leggja það á eftir pólitískum línum, þá má að sjálfsögðu einnig á það benda, að þeir aðilar, sem síðan hafa ráðið þessum málum, þ. á m. þeir menn, sem hafa verið landbrh., sem lengst af hafa verið framsóknarmenn, þeir hafa sennilega ekki megnað að fá því framgengt, að framlögin í fjárlögum væru hækkuð til þess að

mæta vaxtahallanum. Þótt litið sé fram hjá áhrifum gengisbreytinganna, var því vaxtahallinn einn orðinn svo hár, að það hlaut að leiða af sér hina alvarlegustu þróun fyrir sjóðina, ef það mál út af fyrir sig væri ekki tekið til alvarlegrar athugunar og fundin úrræði til lagfæringar á þeim vanda.

Það var minnzt á það hér áðan af einum ræðumanni í sambandi við yfirlit, sem er með frv. um vaxtahalla af mótvirðissjóðslánum, að sá vaxtahalli hefði komið til nú á síðustu árum, þannig að hinar nýju vaxtareglur, sem ríkisstj. hefði átt hlut að, hefðu valdið þessum mikla vaxtamismun á mótvirðissjóðslánum. Þetta er alger misskilningur, vegna þess að hallinn á mótvirðissjóðslánum var meiri áður. Þá voru útlán úr sjóðunum 4%, en vextir af mótvirðissjóðslánum voru 6½%. Það skiptir ekki miklu máli sá mismunur, hvort hann er minni eða meiri. En það er svo kjarni málsins, að það er sannarlega ekki nýtt fyrirbæri, að sjóðirnir *hafi þannig verið látnir* bera vaxtahalla af mótvirðissjóðslánum, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram tillögur um það frá hv. framsóknarmönnum, meðan þeir réðu þessum málum, að afnema þennan vaxtahalla, og hefði það þó væntanlega verið þeim innan handar, þannig að þó að megi segja, að hér sé mál, sem sé einfalt viðureignar fyrir hæstv. ríkisstj., þá er það þó engu að síður svo, að það hefur ekki öðrum áður dottið í hug að létta þessu af sjóðunum á þennan hátt, þannig að það er vissulega eitt atriði út af fyrir sig, sem er lofsvert, enda þótt það beri að taka fram, að þetta muni ekki auka ráðstöfunarfé sjóðanna, hvort vextirnir eru meiri eða minni, því að þannig er háttað, að mótvirðisféð, þ. e. a. s. afborganir og vextir, sem eru greiddir frá sjóðunum til mótvirðissjóðs á hverju ári, er endurlánað aftur. En það gefur auga leið, að þessi tilhögun, þessi vaxtahalli, hann gerir hag sjóðanna stöðugt verri og verri, eftir því sem tímar líða.

Þetta er annar þátturinn í vandamálunum í uppbyggingu sjóðanna. Hinn þátturinn er svo sá, eða við getum sagt, að það séu í rauninni þrír þættir, sem hér skipti máli, það eru vextirnir, það er stofnfjáröflun og það er í þriðja lagi gengishalli. Stofnfjáröflun hefur verið töluvert mikil á þessu tímabili, en þó þannig, að það hefur ekki verið um fasta tekjustofna að ræða, heldur hefur, eftir því, hversu á hefur staðið fyrir ríkissjóði, verið lagt fé til sjóðanna á hinum ýmsu tímum. Þar er um allverulegar fjárhæðir að ræða, þó að það sé ekki mjög mikið á hverju ári, ef því er deilt á starfstíma sjóðanna. Hefur byggingarsjóðurinn fengið í óafturkræft framlag um 65 millj. og ræktunarsjóðurinn rúmar 67 millj. kr. Þetta eru hin óafturkræfu framlög frá ríkissjóði á því tímabili. En fasta tekjustofna hafa sjóðirnir ekki haft, ef undan eru skilin framlögin í fjárlögum, sem hafa ekki einu sinni nægt til að mæta vaxtahallanum. Það, sem svo skapar að sjálfsögðu höfuðvandann í dag, er gengishallinn, sem stafar fyrst og fremst af yfirfærslugjaldinu, 55% gjaldinu, og síðar af tveimur gengisbreytingum.

Því hefur af hv. framsóknarmönnum verið mjög haldið á loft, að raunverulega sé þetta núv. hæstv. ríkisstj. að kenna og þess vegna beri henni í rauninni að leysa þetta, helzt á þann veg, að það komi við engan, þetta sé hennar mál. Nú skal ég ekki fara langt út í þá sálma, það vita auðvitað allir hv. þm., að gengisbreytingarnar og ekki heldur yfirfærslugjaldið á sínum tíma, sem vinstri stjórnin lagði á, er í rauninni sök þeirra ríkisstj., sem þar hafa verið að verki, heldur eru það afleiðingar þróunar, sem stefnt hefur í mjög óheillavænlega átt í þjóðfélaginu. Og þetta, bæði yfirfærslugjaldið á sínum tíma og gengisbreytingarnar, eru ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af hálfu stjórnarvaldanna á hverjum tíma til þess að mæta þessum vanda. Þetta gat auðvitað hver maður sagt sér, að gæti hent, þegar hin erlendu lán voru tekin fyrir sjóðina, og ef nokkurn á að saka í þessu efni, þá má saka þann hæstv. ráðh. báv., sem tók þessi lán á þann *hátt að láta sjóðina taka lánin og vera ábyrga* fyrir þeim, í stað þess að ríkissjóður tæki lánin og endurlánaði sjóðunum, því að þá hefði sjóðunum verið forðað frá þessum vanda, sem hér var við að fást. Það var horfið að því ráði að láta sjóðina endurlána þetta fé, án þess að nokkur gengisáhætta væri tekin, og mun ég víkja að því atriði út af fyrir sig síðar varðandi gengistrygginguna á lánum almennt í landbúnaði. Og það var eða mátti vera augljóst mál hverjum sæmilega skynbærum manni, að það var þannig ástatt í efnahagslífi þjóðarinnar, að við því mátti búast, hvenær sem var, að gerðar yrðu gengisbreytingar, og það var enda vitanlegt og er ómótmælt, að á tímum vinstri stjórnarinnar voru uppi mjög háværar raddir um og raunverulega var það till. Framsfl., að gengisbreyting yrði framkvæmd, þannig að ekki gat þetta komið þeim ágætu mönnum á óvart, sem þá stjórnuðu þessum málum. Ég get jafnframt upplýst það hér, að það var ákveðið varað við því af bankastjóra Búnaðarbankans, hvaða afleiðingar þetta gæti haft, og enn þá frekar varaði hann við þróuninni, sem fram undan væri, eftir að yfirfærslugjaldið var lagt á, sem eitt út af fyrir sig olli sjóðunum tugmilljóna tjóni, þó að vissir aðilar kæri sig ekki mikið um að minnast á það tjón nú. En það var látið sem vindur um eyru þjóta, og hefði þó óneitanlega vandamálið verið léttara í dag, ef strax hefði verið snúizt gegn vandanum og reynt að mæta honum þá þegar. En það var ekki gert. Það voru engar tillögur gerðar í sambandi við yfirfærslugjaldið um það að létta þeim byrðum af sjóðunum. Það var talið, að slíkt gæti allt beðið. Og það er einnig vert að vekja athygli á því, af því að hv. þm. Framsfl. telja það nú geysilegt hneyksli, að ekki skuli hafa verið létt gengishallanum af sjóðum landbúnaðarins, að ég hygg, að það sé rétt með farið hjá mér, að í sambandi við gengisbreytingalögin hafi ekki komið fram ein einasta till. frá þeirra hendi um það að taka þennan gengishalla með, þegar var verið að gera upp gengisjöfnunarreikninginn. Það er svo aðeins eins og annað í málflutningi þeirra hv. framsóknarmanna, þegar þeir bera þá firru á borð, að gengishalla hafi

verið létt af bönkunum, þegar staðreynd málsins er sú, að gengishagnaðurinn var tekinn af þeim, en engum gengishalla af þeim létt, og sá bankinn, sem bjó við gengishalla, Seðlabankinn, var látinn bera sinn gengishalla sjálfur.

Það, sem er því útkoman úr þessu dæmi öllu nú og við stöndum andspænis, hvort sem við viljum eða viljum ekki, og það breytir engu, hvort við hendum á milli okkar hnútum og kennum einum um þetta og öðrum um hitt, þær staðreyndir blasa við, að sjóðir þessir eru gersamlega gjaldþrota. Byggingarsjóður á að vísu enn um 19 millj. kr. umfram skuldir. en þá hefur hann eytt öllu sínu stofnfé og öllum þeim óafturkræfu framlögum. sem hann hefur fengið, og býr raunverulega hvað greiðslujöfnuð snertir svo illa, að það er milljónagreiðsluhalli á honum á hverju ári. Og þessar 19 millj. mundu étast upp á næstu tveimur árum í hallarekstur. Ræktunarsjóðurinn stendur svo illa að vígi, að þrátt fyrir óafturkræf framlög á undanförnum árum yfir 67 millj. kr. skuldar hann umfram eignir um síðustu áramót 52.5 millj. Eins og ég áðan sagði, getum við náttúrlega gert okkur það til dundurs að elta hér ólar hver við annan um það, hverjum allt þetta sé að kenna á undanförnum árum. En hvernig sem við deilum fram og aftur um það, komumst við aldrei fram hjá því að horfast í augu við þessar staðreyndir. Og þessar staðreyndir leiða af sér aðra alvarlega staðreynd, og hún er sú, að eins og háttað er hag þessara sjóða, þá fæst ekkert lánsfé til þeirra úr nokkurri átt, því að sjóðirnir eru raunverulega gjaldþrota, eru ekki færir um að taka neitt fé að láni og enginn vill lána þeim, hvorki innanlands né utan. Það fé, sem fékkst á s. l. hausti til að leysa sárustu vandræði varðandi stofnlánaveitingar, fékkst frá Seðlabanka Íslands með því skilyrði, að það væri ríkissjóður, sem tæki lánið, en ekki stofnlánasjóðir landbúnaðarins, og það var vitanlegt, að þó að menn hefðu látið sér detta í hug að taka erlent lán, þá var gersamlega útilokað að taka nokkurt slíkt lán, eins og ástatt var um þessa sjóði. Hvaða skoðanir sem við annars höfum á baráttu flokka fyrir hagsmunamálum bænda á ýmsum tímum, verðum við að horfast í augu við þetta, og ég efast um — og er í rauninni fullviss um, að í dag er ekkert mál til, sem skiptir meira máli fyrir bændastétt landsins en að takist að leysa þennan Gordionshnút, sem hér er um að ræða. Og það þjónar sannarlega ekki málstað eða hagsmunum bænda að vera að reyna að æsa til illinda út af þeim tillögum, sem hér eru fram lagðar. Það er auðvitað ekki hægt að krefjast þess, að menn hafi allir sömu skoðun um þær og standi allir upp og lýsi hrifningu sinni, — ég ætlast ekki til þess. En það verður að krefjast þess, að þeir menn, sem gagnrýna þær, bendi þá á önnur úrræði, sem líklegri séu til að leysa vandann, en vísi ekki til þess, eins og hv. 1. þm. Vesturl. gerði hér áðan, að krefjast þess, að þeir, sem undirbúið hefðu þessar tillögur, fyndu aðrar leiðir til þess að leysa þennan vanda. Þeir finna ekki aðrar leiðir. (**ÁB**: Þeir hafa völdin.) Það gæti nú skeð, þó að menn hafi ekki völdin, að þá hefðu þeir einhverjar skoðanir, og ég held, að það væri ekkert á móti því. að þær skoðanir kæmu fram og þær birtust á annan hátt en þann einan að varpa hnútum og fúkyrðum að öðrum fyrir þær tillögur, sem þeir flytja, og láta þar við sitja. Það leysir engan vanda.

Hv. 1. þm. Vesturl. spurði áðan í sinni ræðu, hvaðan hefði verið leitað tillagna um þetta mál, hvort það hefði verið leitað til Stéttarsambandsins eða annarra samtaka bænda til þess að benda á úrræði til að leysa vandann. Það hefur ekki verið gert. Það hafa verið settir menn til þess að reyna að benda á úrræði, sem hugsanleg væru. Hv. þm. sagði: Hvaða hliðsjón var höfð af ábendingum og samþykktum Stéttarsambandsins um þetta mál á sínum tíma? Ég held, að þær tillögur séu ákaflega lítill leiðarvísir, því að það eru einhliða kröfur þeirra, eins og svo oft hendir samtök, hvers eðlis sem þau eru, í okkar landi. Þau gera kröfur um að fá þetta og fá hitt, og það eiga aðrir að útvega hlutina. Það er ekkert einstakt um þessi samtök fremur en önnur. Ég hygg, að hv. 1. þm. Vesturl. sé það stjórnvanur, búinn að vera það lengi ábyrgur aðili að ríkisstj., að hann viti mætavel, að það mundi vera erfitt að stjórna þessu landi, ef ætti bara að spyrja hin ýmsu samtök um það, hvað þau vildu gera, og síðan ætti að tengja allar þær lausnir saman og reyna að fá eitthvað viturlegt út úr því. Ég er ekki með þessu að varpa neinum hnjóðsyrðum að þeim ágætu mönnum, sem sátu þetta stéttarsambandsþing. Þeir benda á þau vandamál, sem þeirra samtök eiga við að glíma, að það vanti alls staðar fé. Og vissulega vantar fé. Það er þess vegna hið alvarlega vandamál í dag, hvernig eigi að útvega það fé. Þeir hins vegar láta liggja á milli hluta, hvernig eigi að útvega féð. Og það vill verða svo með æðimargar af þessum ályktunum, sem beint er til þings og stjórnar frá öllum samtökum, að það er látið liggja á milli hluta og öðrum ætlað að leysa þann vanda, þannig að þegar kröfur eru gerðar, eins og var gert af hálfu Stéttarsambandsins um aukið fé í sjóðina, aukið fé í veðdeildina og lægri vexti, þá láðist að gera sér grein fyrir þessu atriði, og þá verða aðrir að reyna að höggva á þann hnút, til þess að mæta þeim óskum, sem þarna voru settar fram frá Stéttarsambandinu, sem vissulega eru réttar, svo langt sem þær ná.

Hv. þm. sagði, að það væri fáheyrt úrræðaleysi að benda ekki á önnur ráð til lausnar vandanum en fælust í þessu frv. Það er þó a. m. k. sá munurinn á þessu fáheyrða úrræðaleysi og aðgerðum hv. framsóknarmanna í þessum málum fyrr og síðar, að hvað sem menn kann að greina á um einstök atriði málsins, þá verður ekki um það deilt, að með því frv., sem hér liggur fyrir, er leyst til frambúðar lánsfjárvandamál landbúnaðarins til stofnlána og lagður grundvöllur að því, að hægt sé að bæta úr því mikla vandamáli, sem hv. þm. réttilega benti á að væri við að stríða í dag, að fá aukið fjármagn til lánveitinga í sveitum. Þetta er fyrsta frv. um þetta efni, sem gengur það langt að leysa þennan vanda. Og þegar sagt er, eins og hér var áðan gert, að það væri óvíst,

að þetta mundi leysa vandann, vegna þess að það gætu orðið gengisbreytingar og ný verðbólga og þar fram eftir götunum, þá er að vísu að verulegu leyti séð fyrir því einnig í þessu frv., vegna þess að slík þróun mundi auðvitað hækka þann grundvöll, sem tekjustofnar frv. eru byggðir á eða meginhluti þeirra, þannig að það ætti ekki að vera ástæða til að óttast það.

Ég vil ákveðið halda því fram, að með þessu frv. hafi verið efnt það fyrirheit að tryggja öryggi stofnlánasjóðanna, — fullkomlega efnt. Það er gengið lengra í fjáröflun til þeirra en nokkurn tíma áður hafa verið lagðar fram tillögur um á Alþingi. Tillögur þær, sem hv. framsóknarmenn hafa borið hér fram, eru aðeins um brot af því fé, sem hér er um að ræða. Það væri vissulega spor í áttina að létta af sjóðunum gengishalla, en það er ekki lausn á vandanum, sem hér er við að glíma, og mundi ekki tryggja það fé, sem nauðsynlegt er að fá til lánveitinga fyrir landbúnaðinn. Grundvallardeiluefnið skilst mér vera 1% gjald, sem hér er lagt til að leggja á framleiðsluvörur landbúnaðarins og greiðist þannig af bændum. Að vísu voru ýmis önnur atriði, sem hv. 1. þm. Vesturl. ræddi um að einkennilegt væri, að ekki væri breytt. Og ég er nú satt að segja hissa á því, að hann skuli ekki á sínum tíma, þegar hans landbrh. lagði fram þetta mál á Alþingi, hafa flutt þær tillögur og látið breyta þeim ákvæðum, — þetta eru ekki ýkjagömul lög. Og það voru hans flokksbræður, sem þá réðu landbúnaðarmálunum, þegar þau lög voru sett. Að öðru leyti skal ég láta það liggja á milli hluta, það voru allt smávægileg atriði.

Það er auðvitað ljóst, og því hafa auðvitað allir gert sér grein fyrir, sem að þessum málum stóðu, að það væri ekki líklegt til vinsælda að leggja á þetta gjald. En að halda því fram, að hér sé einhver ofsókn á bændastéttina og sýni illan hug til hennar að reyna að leysa vandann með þessu gjaldi, sem um leið lagði grundvöll að kröfunni um það, að ríkissjóður legði jafnt á móti, það hygg ég að muni ekki fá hljómgrunn hjá neinum þeim bónda, sem af alvöru hugsar um þetta vandamál. Það hefur verið upplýst, enda öllum kunnugt, að stofnlánasjóður sjávarútvegsins hefur verið byggður upp svo að segja eingöngu af gjaldi sem þessu. Ríkissjóður hefur aðeins lagt 2 millj. á ári til þess sjóðs, en á s. l. ári lagði sjávarútvegurinn til fiskveiðasjóðs 41 millj. Og ég er ákaflega hræddur um, að það mundi sumum úr öðrum áttum, — það eru sumir með önnur sjónarmið, — geta látið sér detta í hug að taka upp þau rök, sem hér er mjög haldið á loft í sambandi við annað mál, þ. e. a. s. lausaskuldalán til bænda, hvort það væri ekki rétt, að það væri þá jöfnuður hér á líka, því að hér er vissulega ekki um neinn jöfnuð að ræða á milli atvinnugreina, miðað við framlög ríkisins til þessara tveggja sjóða. Iðnlánasjóður, sem er aðalstofnlánasjóður iðnaðarins, fær 2 millj. kr. frá ríkissjóði. Að vísu er ekki lagt gjald á framleiðsluvörur iðnaðarins til þess sjóðs, en ég lýsi því hiklaust yfir sem minni skoðun, að að því hlýtur að koma og öðruvísi er ekki hægt að byggja þann sjóð upp.

Þó að vafalaust sé hægt að blása upp óánægju ýmissa út af þessu gjaldi, er ég sannfærður um, að við nánari athugun og með skoðun málsins í heild, — en það er það, sem hv. framsóknarmenn mjög forðast, enda er málið flutt á svo furðulegan hátt í aðalblaði flokksins, að það er dæmalaust að bera slíkt á borð fyrir menn, og sýnilega flutt á þann hátt vegna þess, að menn óttast, að öðruvísi verði á málið litið, ef öll sagan er sögð, — þá má þó, auk þess sem má benda á, hvernig sjóður sjávarútvegsins hefur verið byggður upp á mjög farsællegan hátt, þá má einnig á það benda, að þegar við stöndum andspænis þeim geysilega vanda, sem þarna er við að glíma, og um það er að ræða, hvort hægt verði að komast út úr feninu eða sökkva svo, að það stöðvist að verulegu leyti fjárfestingarlán til landbúnaðarins, þá muni fáir, þegar þeir standa andspænis þessum tveimur möguleikum, horfa í það að leggja á sig þessa kvöð. Og á það má líka benda, að þeir, sem hafa mesta framleiðslu í landbúnaðinum í dag, eru að sjálfsögðu þeir, sem eru búnir að fá lán með miklu hagstæðari kjörum en bændur fá í dag, á liðnum árum, og er því í rauninni ekki nema sanngjarnt, að þeir gengju þarna nokkuð til móts við starfsbræður sína til þess að tryggja áframhaldandi uppbyggingu í landbúnaðinum.

Við vitum það einnig varðandi sjávarútvegsinn, að það er ekki öll sagan sögð með gjaldinu til fiskveiðasjóðs. Það eru einnig mörg önnur gjöld, sem greidd eru af sjávarafurðum, bæði til fiskimálasjóðs, til Landssambands ísl. útvegsmanna, sem er nokkuð hliðstætt því ½%, sem lagt er á landbúnaðarvörur til samtaka landbúnaðarins, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins, til rannsóknarskips og til ferskfiskmats, og síðan, sem er nokkuð sérstaks eðlis og í rauninni kannske ekki eðlilegt að telja hér með, til greiðslu tryggingariðgjalda, sem ganga þó beint til útvegsins aftur, þannig að það má segja, að það sé nokkuð annars eðlis.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði það réttilega æ ofan í æ, að það yrði að sjá fyrir miklu meira fé. Hann sagði, að það mætti ekki taka útlend lán til að lána með gengistryggingu. Hann segir, að ekki megi leggja skatt á landbúnaðarvörurnar, þetta eina prósent. Og hann segir, eða orð hans urðu ekki skilin öðruvísi en svo, að hann vildi einnig gera tortryggilegt þetta 0.75% gjald, sem gert er ráð fyrir að neytendur borgi, því að hann talaði mjög um, að það væri ekki líklegt, að það yrði vinsælt gjald. Ef þetta hvort tveggja er tekið út, færi held ég að fara nokkuð glansinn af fjáröfluninni, þó að eftir standi að vísu hið fasta tillag ríkissjóðs, 8+4 millj., eða um 12 millj. kr., og stofnféð. Ef ætti því að fallast á þá skoðun að afgreiða frv. á þennan hátt, þá er á engan veg séð fyrir málum landbúnaðarins og stofnlánaþörf hans og málið í rauninni engin lausn á þeim vanda, sem þar er við að glíma.

Hv. þm. ræddi réttilega um hið mikla vandamál að geta ekki starfrækt veðdeildina, og ræddi um það heimildarákvæði í þessu frv., að heimilt væri að verja allt að 10 millj. kr. af fé stofnlánadeildarinnar til kaupa á bankavaxta-

bréfum veðdeildarinnar. En það eru þær 10 millj. á ári, sem búnaðarþing hefur gert ályktun um, að nauðsynlegt væri að tryggja veðdeildinni. Hann taldi ekki miklar líkur til þess, að á næstu árum væri hægt að kaupa þessi bréf, og vissulega er það rétt. En ég spyr: Er líklegra, að hægt verði að kaupa bréfin, ef á að taka burt stóra tekjustofna frá stofnlánadeildinni? Það þarf auðvitað ekki að segja mönnum það, hvorki hv. 1. þm. Vesturl. né öðrum, að það er auðvitað hruninn gersamlega grundvöllurinn undan þessari löggjöf, ef á að taka burt þessa tekjustofna, og það eru litlar líkur til þess, að það væri hægt að fá það fé, sem gert er ráð fyrir að ríkið leggi fram að sínu leyti, láta það eitt standa eftir, vegna þeirra krafna, sem óhjákvæmilega hlytu að koma úr öðrum áttum um það, að ríkið stóryki þá einnig framlag sitt til þeirra sjóða. Það kann vel að vera, að það sé skoðun þessara hv. þm. í dag, að ríkissjóðinn muni ekkert um það að borga nú milljónatugi í allar áttir til allra sjóða, og vissulega væri það gleðilegt, ef svo væri, og sýnir þá aðra afkomu hjá ríkissjóði en þessir þm. að öðru leyti í öðru orðinu vilja vera láta og sannarlega aðra afkomu en var á sínum tíma, þegar hv. formaður þess flokks var fjmrh. og þegar hann einmitt lýsti því yfir hér fyrir nokkru í Alþingi, að það hefðu ekki verið nein úrræði að afla fjár til búnaðarsjóðanna nema með því móti að taka þessi erlendu lán.

Ég held í alvöru talað, að ef við sleppum allri áróðurslöngun og reynum að ræða málið í alvöru, þá hljóti menn að komast að þeirri niðurstöðu að lokum, að eitthvað í þessa átt, sem hér er lagt til, hljóti að verða að fara til að leysa þennan vanda. Að gera ekkert, er ekki gerlegt, nema því aðeins að menn vilji horfa upp á það, að framkvæmdalán til landbúnaðar stöðvist. Að ætla að leysa málin áfram með nýjum lántökum er einnig útilokað, vegna þess að engin lán fást til þessara sjóða, eins og ástatt er, og jafnvel þó að þau fengjust, þá er það aðeins til að fresta gjaldþroti þeirra um skamma hríð. Það er því engin leið önnur en að horfast í augu við það alvarlega vandamál, sem hér blasir við. Og þegar menn eru að ræða um, að það sé nauðsynlegt að lána með hagstæðari vöxtum til landbúnaðar en er á hinum almenna lánamarkaði, — og það er vissulega rétt, og á það er bent í þessu frv. eða grg. þess, — þá er undirstöðuatriðið, að slíkt sé hægt, að sjóðirnir, sem lána eiga, eigi nóg eigið fé, vegna þess að ef á að byggja þetta allt upp með lántökum, þá hlýtur það að enda í algeru öngþveiti. Einmitt með því að byggja stofnlánadeildina upp eins og hér er lagt til opnast nýir möguleikar til þess að ákveða vaxtakjör án þess að þurfa að óttast það á hinn bóginn að kyrkja starfsemi stofnlánadeildarinnar vegna vaxtahalla og vandræða. Ég held því, að hvernig sem á málið er litið, verði ekki komizt fram hjá þeirri staðreynd, að með þeim tillögum, sem hér eru gerðar um fjáröflun til stofnlána í landbúnaði, sé lögð frambúðarlausn að þessu vandamáli og létt af því óþolandi ástandi, sem hefur stórkostlega hamlað starfsemi stofnlánasjóðanna, að vita aldrei, hvaða fé stofnlánasjóðirnir hafa til útlána. Ríkisstjórnir hafa um fjölda ára orðið að stríða í því síðari hluta árs að reyna með einhverjum ráðum að herja út lán í þessa sjóði. Og það hefur aldrei verið vitað fyrir fram, hversu fjáröflun gengi eða hvaða fé væri til ráðstöfunar í sjóðunum. Þetta hefur stórkostlega spillt allri aðstöðu þeirra og hindrað möguleikana til þess að geta gengið kerfisbundið til verks í sambandi við lánveitingar, því að vissulega þarf í því efni að gera margvíslegar breytingar, sem ég skal ekki hér fara inn á, en mundi verða auðið að gera til mikilla hagsbóta fyrir bændur á margan hátt, ef hægt væri að skapa þann fjárhagslega trausta grundvöll, sem hér er lagt til að tryggja.

Ég get ekki stillt mig um, þótt ég ætli ekki að fara út í önnur einstök atriði í þessu máli, að minnast á það atriði, sem hryggði mig raunar mjög, að það skyldi henda jafnmætan mann og hv. 1. þm. Vesturl. að gefa hér beinlínis villandi mynd af því, sem sagt er í grg. frv. um gengistryggingu, þar sem hann leyfði sér að lesa síðari hluta af ummælum um þetta efni. (**ÁB**: Það var orðrétt.) Það var lesið orðrétt, það sem lesið var, en það var bara ekki lesið allt. Það var sleppt að lesa það, sem er upphaf málsins. Hv. þm. las: „Þar sem engu að síður verður að teljast fráleitt að taka erlent lánsfé án þess að endurlána það með gengistryggingu, þykir rétt að takmarka slík endurlán við vinnslustöðvar og vélakaup“ o. s. frv. En hann sleppti að lesa næstu setningu á undan, þar sem stendur: „Að sjálfsögðu verður að leggja allt kapp á að fá innlent lánsfé, því að ekki verður talið fært að láta bændur taka á sig gengisáhættu á lánum til bygginga eða annarra framkvæmda á jörðum sínum.“ Þetta kalla ég ekki heiðarlegan lestur. (**ÁB**: Það var búið að upplýsa, að það væru 300 millj., erlenda lánsféð). Það stendur hvergi hér, að það séu 300 millj. af erlendu lánsfé, sem eigi að koma. (**ÁB**: Það var upplýst í ræðu minni.) Ég get ekki borið ábyrgð á því, hvað er upplýst í því efni. Það er frv. sjálft, sem talar sínu máli um það, og það veit hv. þm., að það er venja að orða það svo, eins og hér er gert: jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef það þyrfti að taka að einhverju leyti erlent lánsfé. En það er vert að benda á það, sem hv. þm. er vafalaust kunnugt, að hinn illi landbrh., sem er nú, hefur þó megnað það, sem fyrirrennari hans megnaði ekki, og það er að tryggja sjóðunum innlent lánsfé. Hann hafði þó úrræði til þess, þó að hann eigi allt illt að gera. Nú síðast í haust, þrátt fyrir allt þetta öngþveiti, sem er í málefnum þessara sjóða, þá tókst enn að tryggja innlent lánsfé til sjóðanna. Og ég held, að það bæti ekki neitt úr að vera með rangfærslur og útúrsnúninga í þessu máli, það þjónar engu góðu, og allra síst, að það þjóni málstað bænda. Það skal hins vegar alveg fullkomlega sagt, að ef á annað borð verður tekið erlent lánsfé til sjóðanna, þá verður að lána út með gengistryggingu, því að það er ekkert vit í öðru. Það er ekki hægt að horfa upp á það, að slíkir hlutir gerist aftur. Hins vegar tel ég æskilegt, ef slík lán þyrfti að taka, þá væri það

ríkissjóður, sem tæki þau og endurlánaði þau sjóðunum sem innlent fé. En þó að þyrfti að taka að einhverju broti til erlent lánsfé til vinnslustöðva, þá sé ég ekki, að það þurfi að vera neitt glæpsamlegt. Það er ekki annað en það, sem vinnslustöðvar sjávarútvegsins verða að gera, og jafnvel þeir, sem taka lán til skipakaupa, verða að taka það lán með gengisáhættu. Hitt er alveg rétt, og ég skal taka undir það með hv. 1. þm. Vesturl., að það hefði auðvitað verið hið alvarlegasta áfall og ég vil segja horft til fullkomins öngþveitis fyrir bændur, ef þeir hefðu verið látnir taka til almennra framkvæmda gengisáhættulán á sínum tíma. Þess vegna held ég, að það sé enginn í dag, a. m. k. enginn, sem stendur að þessu frv., sem lætur sér koma til hugar, að það sé hægt að láta bændur taka gengisáhættulán til sinna almennu framkvæmda, ræktunar og bygginga, þó að þær staðhæfingar nægi vafalaust ekki til þess, að því verði ekki slegið upp oft og mörgum sinnum í Tímanum, að þetta sé stefnan hjá ríkisstj. Það getur enginn gert við því.

Ég bið afsökunar á því, herra forseti, að ég hef orðið langorðari en ég hefði viljað um þetta mál. En ég verð að segja það, að mér kom það mjög á óvart, að sá ágæti bóndi, hv. 1. þm. Vesturl., skyldi ausa svo úr skálum reiði sinnar og láta skapsmunina, en ekki rólega yfirvegun, sem ég hafði búizt við af honum, ráða málflutningi sínum í sambandi við þetta stóra mál, sem hér liggur fyrir og ég vil segja að sé langstærsta mál bændastéttarinnar í dag.

Hv. 5. þm. Austf. talaði hér í nokkuð öðrum dúr og mun hógværara. Að vísu skal ég játa það, að ég heyrði ekki alla ræðu hans, en sá hluti hennar, sem ég heyrði, var í rauninni ekki efnislega mjög þýðingarmikill. Hann var að tína upp úr grg. misræmi, sem var í tilvitnun í einstök fskj. með frv., sem vissulega er slæmt að skuli hafa brenglazt, þessi fskj., en ég held, að flestir muni samt átta sig á því, vegna þess að fskj. eru öll með fyrirsögnum um það, hvert er efni þeirra, enda kom það líka í ljós, að hv. þm., sem er glöggur maður, hafði ekki haft neitt erfiði við að finna hin raunverulegu fskj., sem við áttu. En það skiptir gróflega litlu í sambandi við þetta mál efnislega. Hann vildi hins vegar gera töluvert mikið úr því, hvernig þessar áætlanir væru upp settar, og ræddi um það töluvert langt mál. Vitanlega geta ýmis atriði í áætlunum langt fram í tímann aldrei orðið nákvæm, vegna þess að þar er um tekjuliði að ræða og útgjaldaliði, sem er gersamlega ómögulegt að segja nákvæmlega fyrir um. Og ég geri raunar ekki ráð fyrir því, að neinn hv. þm. hafi hugsað sér, að þetta yfirlit væri þannig upp byggt, að aðstandendur þessa máls væru ábyrgir fyrir því, að þróunin hlyti að verða í þessa átt. Það verður að sjálfsögðu að miðast við það ástand, sem er í dag, og það viðhorf, sem við þekkjum nú um, hvernig slík yfirlit fram í tímann eru byggð upp.

Varðandi það atriði, sem hann vildi gera mikið úr, hvaða vöxtum væri reiknað með í þessu yfirliti, þá get ég glatt hann með því, ef það er einhver gleði, — það kynni að verða það, sennilega verður því slegið upp í Tímanum, — að það er miðað við vextina, sem eru í dag. En það er ekki endilega miðað við þá vegna þess, að það sé skoðun þeirra, sem semja þetta yfirlit, að þeir vextir eigi að gilda um alla framtíð. En hvernig í ósköpunum áttum við að vita, hvaða vextir yrðu á næstu árum? Auðvitað varð að miða við þann vaxtafót, sem við höfðum nú við að miða, og raunverulega skipti þetta ekki stóru máli varðandi þróun og fjárráð þessarar stofnlánadeildar. En hefðum við farið að búa til einhvern vaxtafót fyrir næstu ár, 5%, 4% eða 3%, þá er það náttúrlega alveg gersamlega út í hött. Hins vegar, þegar menn fá gefinn þennan vaxtafót, þá geri ég ráð fyrir, að a. m. k. jafnglöggum manni og þessi hv. þm. er muni ekki reynast erfitt að umreikna þessar vaxtatekjur eftir þeim vaxtafæti, sem hann gefur sér þá sjálfur, eftir því sem honum sýnist. Hækkunin á hinum áætluðu tekjustofnum, bæði af framleiðslugjaldinu, mótframlagi ríkissjóðs og ½% heildsölugjaldinu, er auðvitað líka áætluð, en stuðzt við vissa prósentutölu, sem hefur verið talið við athugun vera sennileg aukning framleiðslunnar. En þá er ekki gert ráð fyrir neinum verðhækkunum, þannig að ef verðhækkanir verða, sem gera má auðvitað ráð fyrir, þá mundi það vega upp á móti þeim tekjumissi, sem kynni að verða í lækkuðum vöxtum. Að sjálfsögðu er einnig, enda er það beinlínis tekið fram í greiðsluyfirlitinu á fskj. II, gengið út frá þeim útlánareglum, sem nú gilda, og hversu lán verði veitt til langs tíma. Það var ekki við annað hægt að miða, og ef breytingar verða vegna lengingar á lánstíma, verður auðvitað að taka tillit til þeirra, þegar þar að kemur. En ég býst við, að hv. þm., bæði hv. 5. þm. Austf. og aðrir, muni játa, að það hafi í rauninni ekki verið annar kostur fyrir hendi en að gera yfirlitin á þessum grundvelli, og yfirlitin hafa ekki heldur neina efnislega þýðingu aðra en þá að gefa í stórum dráttum mynd af því, hver verður sennilega þróun þessara mála, annars vegar ef ekkert er aðhafzt til bjargar þessum sjóðum og hins vegar ef farið er eftir þeim tillögum sem fram eru settar í þessu frv. Og ég hygg, að þessar áætlanir séu þó mönnum til mikillar leiðbeiningar við alla meðferð málsins.

Varðandi þau atriði, sem hv. 1. þm. Vesturl. ræddi um og eru tæknilegs eðlis mest, varðandi lánveitingar og lánstíma, veð og annað þess konar, þá er það rétt, að það er litlu breytt um það efni frá því, sem er í núgildandi lögum. Hann virtist sakna þess mjög, að það væru ekki gerð einhver stór átök í því efni og bætt inn mörgum nýjungum. Sannleikurinn er sá, að yfirleitt eru heimildir til að lána til allra þeirra hluta, sem líklegt er að þurfi að lána til á næstu árum í landbúnaði, nema eitthvað alveg nýtt komi til. Þessar heimildir eru búnar að vera lengi, en þar hefur bara gallinn verið sá, að það hefur ekkert fé verið til þess að lána til þeirra hluta, þannig að það þurfti ekki að búast við neinum breytingum varðandi það atriði. Hin stóra breyting er hins vegar sú, að með þessu frv. er lagður grundvöllur að því, að þessar heimildir geti orðið að veruleika í náinni framtíð.

Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar, herra forseti. Ég vil aðeins að lokum láta í ljós þá von, að hvað sem líður tilhneigingum manna til þess að nota þetta mál til pólitísks ávinnings, ef menn telja það ávinning á annað borð að gera það tortryggilegt, þá muni menn þó setjast í alvöru niður við það að kryfja málið til mergjar og reyna að finna þá lausn á þessu vandamáli, sem geti orðið landbúnaðinum til farsældar og geti leyst þann alvarlega hnút, sem er á varðandi alla framtíðaruppbyggingu hans, ef ekki tekst að finna nauðsynlegan grundvöll til eflingar lánasjóða þessa atvinnuvegar. Það er áreiðanlega það, sem þjónar bezt málstað landbúnaðarins í dag og er í mestu samræmi við hagsmuni bændastéttarinnar, að á þetta mál verði horft af raunsæi og reynt að gera sér í alvöru grein fyrir því, hvort hér sé ekki stefnt í rétta átt eða hvort menn hafi sannfæringu fyrir því, að aðrar leiðir komi þar til álita, sem geti verið heppilegri. En ég fullyrði það hiklaust, að það má ekkert missa sig af tekjustofnum í þessu frv., nema síður sé. Það er full þörf á öllu þessu fé, og þrátt fyrir það, þó að þessa fjár sé aflað, mun á næstu árum þurfa á mjög miklu lánsfé til viðbótar að halda. Og það, sem gefur okkur von um, að hægt sé að afla þess fjár, eins og hæstv. landbrh. sagði, er einmitt það, að með því að koma sjóðum þessum á þennan grundvöll, byggja þá upp á heilbrigðan hátt, þá er allt annað viðhorf að leita til aðila, bæði innanlands og utan, um að fá aðstoð til þess að brúa það bil, sem hér verður, þangað til sjóðirnir verða þess megnugir sjálfir að standa undir nauðsynlegum lánveitingum til uppbyggingar í landinu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja, að hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) þyrfti ekki að vera jafnsár, óskaplega sár, og hann var í sinni ræðu. Ég hef oft hlustað á hv. þm. verja fjárlög, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, þar sem oft hefur verið á hann deilt, en ég hef aldrei fundið nein sárindi í því. En sannarlega var hv. þm. ákaflega sár, þegar hann var að verja sínar gerðir gagnvart bændastétt landsins með því frv., sem hér liggur fyrir. Og vel má vera, að undirstaðan fyrir því sé sú, að hann hafi orðið að láta þar nokkuð af sínum kröfum og guggnað fyrir öðrum aðilum sér sterkari. Skal ég ekkert um það ræða, hverjir þeir kunna að vera, en vafalaust eru þeir einhverjir til, þó að hv. þm. sé nú valdamikill.

Hann ræddi mikið um það, að menn þyrftu að hafa ábyrga afstöðu í málinu. Hver hefur ábyrga afstöðu í málinu? Ég efast um, þegar hv. þm. fer að hugleiða þetta frv. af ró og skynsemi, að honum líði alls kostar vel gagnvart bændastétt landsins. Hann veit það ósköp vel sem bankastjóri í þeim banka, sem á mest og bezt að þjóna landbúnaðinum og bændastétt landsins, hver þrýstingurinn á aukið fjármagn til landbúnaðarins er. Það þekkir þessi hv. þm. kannske manna bezt í Alþingi. Og þess vegna getur hann varla með góðri samvizku seilzt í vasa þeirra, sem eru að sækjast eftir fjármagni til hans, og beðið þá um að leggja í sjóði hjá sér, svo að hann geti lánað einhverjum aðilum meira. Ég veit, að það er eðlilegt, að hv. þm. finni mjög fyrir þessu, enda kom það greinilega fram í ræðu hans, að hann er óttasleginn gagnvart bændastétt landsins út af þessum gerðum sínum. Og hv. þm. var ákaflega hneykslaður yfir því, — hann sagði, að ég hefði snúið út úr málinu, en hann benti hvergi á, að ég hefði farið með neitt rangt. Hann gat ekki á það bent, en á hitt benti hann, að honum fannst orð mín í garð hæstv. landbrh. ekki vera viðeigandi, vegna þess að það væri ekki rétt með farið, að það hefði hallað mjög innan landbúnaðarins, síðan þessi hæstv. ráðh. kom til valda. Nú vil ég ekki segja, að það sé eingöngu hæstv. landbrh. að kenna, það eru fleiri, sem sjálfsagt hafa þar lagt hönd á plóginn. En þá finnst mér, úr því að hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á þessa hluti, þá hefði hann þó átt að nefna dæmi um það, sem hefur farið til betri vegar gagnvart landbúnaðinum, síðan þessi hæstv. ráðh. og þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda. En það gerði hann ekki, og ástæðan er sú, að það er af svo sáralitlu að taka.

Ég benti á það í ræðu minni í dag, að það hefði fyrr átt að byggja þessa sjóði upp með tilliti til framtíðarinnar, og því héldu sjálfstæðismenn fram 1946, þegar lögin um byggingar- og ræktunarsjóð öðluðust gildi. Þá átti að byggja þá upp með fyrst og fremst innlendu fjármagni og ríkissjóður að greiða þann vaxtamismun, sem yrði á útlánum úr sjóðunum, og aftur þeim lánum, sem sjóðirnir tækju. Þetta var hugmyndin. En vegna verðbreytinga fór það út um þúfur. Og síðan var reynt að brúa bilið með mótvirðissjóði, sem átti að verða fullnægjandi um aldur og ævi, og við höfum nú heyrt lýsinguna hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., hvernig sú tilraun tókst. Og ég er ekki búinn að sjá það, að sú tilraun, sem verið er að gera nú, bjargi málinu um aldur og ævi, þótt hún kunni nokkuð að bjarga því um stundarsakir.

Þá minntist hv. þm. á það, að við hefðum aldrei gert neitt til þess að rétta hag þessara sjóða, framsóknarmenn, þegar við höfum setið að völdum. Þetta er ekki rétt. Bara á fimm ára tímabili fá þessir sjóðir, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, yfir 60 millj. kr. sem óafturkræft framlag frá ríkinu. Eftir að vinstri stjórnin fór frá völdum snögglega í árslok 1958, höfum við æ ofan í æ borið fram frv. hér á Alþingi um það, að ríkið tæki á sig gengistöp þeirra erlendu lána, sem sjóðirnir tóku, en á það hefur ekki verið hlustað af þeim þingmeirihluta, sem fer með völdin í landinu. Og ég vil benda á það, að í árslok 1959 eru eignir þessara sjóða rúmar 100 millj. kr., þegar hæstv. núv. ríkisstj. kemst að völdum. En eftir upplýsingum hv. 6. þm. Norðurl. e. er skuldin í árslok tæpar 35 millj. kr., sem sagt, hagurinn hefur versnað í tíð núv. ríkisstj. um rúmlega 135 millj. kr., og ástæðan er sú, að þeir, sem með völdin hafa farið, hafa ekki hugsað um það í jafnríkum mæli og áður var að sjá þessum sjóðum fyrir nægjanlegu fé, þannig að þeir ætust ekki smám saman upp. Þessi ríkisstj. er búin að sitja að völdum síðan í nóvember 1959, og það er fyrst nú, sem verið er að sýna lit á því að efna fyrirheitið, sem gefið var í nóvembermánuði 1959,

þegar núv. stjórn kom til valda. Málin hafa verið dregin á langinn, og það er eðlilegt af þeim sökum, þar sem ekkert hefur verið gert í þessum málum, að ástandið hafi farið versnandi heldur en hitt.

Það er alveg rétt, að þessa stofnlánasjóði vantar tekjustofna. Það vitum við ósköp vel allir, þótt við hins vegar deilum um það, hvaðan þessir tekjustofnar eigi að koma. Það er að sjálfsögðu ýmislegt, sem getur orðið tekjulind fyrir þessa sjóði, þótt sleppt væri þeim sérstaka tekjuskatti, sem lagður er á launatekjur bænda samkv. frv. þessu. Og ég vil spyrja hv. 6. þm. Norðurl. e., hvort ekki hafi komið neitt til tals og hvort ekki sé möguleiki nú að efla þessa sjóði af mótvirðisfé, hvort ekki sé þar um tekjulindir að ræða, sem gætu komið sjóðunum að gagni í framtíðinni og aukið verulega þeirra höfuðstól í framtíðinni. Ég tel, að ef svo er, þá mundi verða hægt að leysa þetta mál á miklu farsælli hátt en lagt er til að öllu leyti með því frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. sagði, að við hefðum aldrei lagt neitt til þessara mála, framsóknarmenn. Það er ekki rétt. Eins og ég gat um áðan, höfum við lagt fram frv. á hverju einasta þingi síðan 1958 um, að ríkið taki á sig gengistöpin á þessum erlendu lánum, eins og mörgum öðrum erlendum lánum, sem gengisbreytingin kom mjög illa við, þar eins og annars staðar hjá landsmönnum, og þeim mun verr við fjöldann vegna þess, að fyrir kosningarnar um haustið 1959 var ekki verið að segja fólkinu frá gengisbreytingu. Það var ekki á stefnuskrá þeirra, sem fara nú með völdin. Og þegar hv. 6. þm. Norðurl. e. er að tala um blekkingar, má hann gjarnan hugleiða loforðin, sem hann og hans flokksmenn gáfu fyrir haustkosningarnar 1959, því að ef nokkurn tíma stangast á loforð og efndir hjá nokkrum manni, þá er það hjá þeim, sem með völdin fara í landinu nú, því að það, sem þeir sögðu hvítt fyrir kosningarnar, varð fljótlega svart eftir kosningarnar og hefur ekki hvitnað síðan.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, að það þýddi lítið að vera að leita til stéttasamtaka eða hlusta á þau, t. d. búnaðarþing, Búnaðarfélag Íslands eða Stéttarsamband bænda, þetta væru félög, sem væri ákaflega lítið leggjandi upp úr, fjarska lítið leggjandi upp úr. Ég skil þá, vegna hvers hv. þm. hefur ekki leitað neitt til þessara aðila og reynt að tryggja á þann hátt framgang þessa máls, þegar hann var að undirbúa þetta frv., vita, hvort einhver möguleiki væri á því. En einræðiskenndin hjá hv. þm. og hæstv. ríkisstj. er svo mikil, að slíkt kom vitanlega ekki til hugar. Það er þetta blákalda strik, hvort sem um góð mál eða ekki er að ræða, þá á að halda áfram eftir þessu striki, hvað sem hver segir, og allt annað hlýtur að vera vitleysa heldur en núv. ríkisstj. og hennar aðilar vilja vera láta, hvaða málefni sem þeir bera hér fram á Alþingi, því að það væri ábyggilegt, að það væri í annála setjandi, ef tillit væri tekið til nokkurra breytinga frá andstæðingum hæstv. ríkisstj. hér í Alþingi, svo blákalt er þetta strik hæstv. stjórnarsinna og ríkisstj.

Það er nú vel séð fyrir sjóðunum í framtíðinni, sagði hv. þm., vegna þess að ef verða gengisbreytingar og verðlagið hækkar, þá hækka afurðir bændanna, þá hækka tekjur sjóðanna, þá hækkar ríkisframlagið, og þetta er allt til samræmis, þannig að bændurnir geta alltaf fengið nóg lán, nógir peningar í sjóðunum og nóg lán. Sem sagt: fyrirheitið er áframhaldandi um enn þá hærri skattlagningu á bændurna en þó er gert ráð fyrir í þeirri áætlun, sem fylgir þessu frv. Það er þess vegna, sem áfram á að halda á þessu blákalda striki.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér í dag, að landbúnaðinn vantar mikið fjármagn til þess að geta byggt sig upp í framtíðinni til samræmis við þá þróun, sem verið hefur innan landbúnaðarins á liðnum árum og ekki sízt áratuginn frá 1950—1960. Og það fjármagn þarf að koma annars staðar að en úr landbúnaðinum sjálfum. Hann þarf allt sitt fjármagn, og hann verður að fá fjármagn annars staðar að sér til uppbyggingar. Það er fest árlega mikið fjármagn í landbúnaði, og á því 10 ára tímabili, frá 1950—1960, var fest mikið fjármagn í landbúnaði, og 88% af því fjármagni urðu bændurnir að leggja fram sjálfir og útvega sjálfir, aðeins 12%, og er þá talið með allt, sem fór til nýbýla í landinu, — aðeins 12% komu sem framlag frá því opinbera, en 88% urðu bændurnir að leggja fram og útvega sjálfir. Og mér finnst það koma úr hörðustu átt, um leið og bændurnir eru að leggja í fjársjóði fyrir framtíðina, sem framtíðin nýtur fyrst og fremst, þá eigi á sama tíma að fara að skattleggja þá fyrir framtíðina. Það á bæði að taka undan og ofan af. Og ég er sannfærður um það, að þetta skilur hv. 6. þm. Norðurl. e. og gerir sitt ýtrasta til þess að breyta um í þessum efnum, eins og honum er mögulegt. Og það eru þá áreiðanlega einhver annarleg öfl, sem ráða hlutunum, ef engu fæst um þokað í þessum efnum. Það væri mjög æskilegt að fá upplýst, hvaða öfl það eru.

Hæstv. landbrh. gat þess í ræðu sinni í dag, að ef bændurnir væru skattlagðir á þennan hátt, þá yrði kannske þægilegra að útvega þeim fjármagn. En hvaðan kemur það fjármagn, og hver setur þetta skilyrði? Hver er sá aðili? Það er ákaflega fróðlegt að fá þær upplýsingar strax, áður en þetta mál fer í nefnd. En mér skildist á hv. 6. þm. Norðurl. e., að hann væri undrandi yfir því, að það væru gerðar kröfur til ríkisins. Að sjálfsögðu má gera mikið af ósanngjörnum kröfum til ríkisins og hefur vafalaust verið gert oft og einatt. En ég vil minna þennan hv. þm. á það, að ríkið tekur nú þegar af landsmönnum um tvo milljarða í ríkiskassann, og þess vegna finnst mér það engin goðgá, þótt örlítið brot af þessu fjármagni renni til þess atvinnuvegar, sem ríkið hefur ekki þurft að greiða neinar vanskilaskuldir fyrir, því að ég hygg, að þótt um það hafi verið rætt oft í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og alltaf hafi farið vaxandi hluti ríkisins í þeim ábyrgðum, sem ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir á undanförnum árum, þá hefur það ekki verið vegna þessa atvinnuvegar hjá þjóðinni. Og því finnst mér, að það sé ekki nein ósanngirni í því, þótt ríkið greiði nokkru hærri framlög til landbúnaðarins, þar sem það hafi sýnt sig, að hann hefur

staðið í skilum þannig lagað, að ekki hefur komið neitt til kasta hins opinbera að greiða fjárhagslega úr vanskilaskuldum bændanna. Ef þetta er ekki rétt með farið hjá mér, væri æskilegt að fá það upplýst.

Þá minntist hv. þm. á það, að það væri ekkert meira fyrir landbúnaðinn að greiða þetta eina prósent í stofnlánasjóð landbúnaðarins heldur en sjávarútveginn, sem greiðir miklu meira í sjóði, sem ganga þar til útlánastarfsemi og annarrar uppbyggingar. Þetta er ekki rétt, að ég hygg, vegna þess að það gjald, sem lagt er á sjávarútveginn, er innifalið í útflutningsverði sjávarafurða og tekst ekki af kaupi þeirra manna, sem útgerð stunda. Það er innifalið í verðinu, því endanlega verði, sem þeir fá, og tekst því ekki af þeirra kaupi, sem þeir eiga að hafa til lífsviðurværis fyrir sig og sína fjölskyldu. Þarna er því nokkur skilsmunur á. Þetta leggst eingöngu á útfluttar sjávarafurðir, en aftur á móti er skatturinn, sem lagður er á bændurna, tekinn af sölunni innanlands, en undanþegið það, sem útflutt er, og ræður þar, að ég hygg, það sjónarmið, að það sé ekki hægt að flytja landbúnaðarvörur úr landi án þess, að einhver tilstyrkur þess opinbera komi þar til. Um það skal ég ekkert segja.

Það er margt breytilegt í þessum efnum nú, og skal ég ekki fara langt inn á þá hluti. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki enn þá upplýst í þessum umr., að það sé ekki hægt að ná sama fjármagni á annan hátt samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, en að ganga í vasa bændanna sjálfra. Ég minntist hér á mótvirðissjóðinn, og það eru ýmsir sjóðir hér til alls konar starfsemi og uppbyggingar í landinu, og það er ekki upplýst, að þeir kunni ekki að koma þarna að neinum notum. En ég mótmæli algerlega þeim skatti, sem á að leggja á bændastéttina samkvæmt þessu frv., vegna þess að það er ósanngjarnt á allan hátt og ekki sízt þegar maður horfir á það frá þeim sjónarhól, sem blasir bezt við manni.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér í dag. En það var eðlilegt, að hv. 6. þm. Norðurl. e. væri nokkuð sár, því að sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan, að hann ætlaði ekki að endurtaka það, sem hann hefði sagt hér í dag. Hann hefur nú flutt tvær alllangar ræður, síðan ég talaði hér í dag, en seinni ræðan var hrein endurtekning á öllu því, sem hann sagði í fyrri ræðunni, og það hygg ég, að allir, sem hlustuðu á báðar ræðurnar, hafi heyrt. Hann hefur rétt til, hv. þm., að gera athugasemd í þriðja sinn og endurtaka eitthvað af því, sem hann hefur sagt, og hygg ég þá, að hv. þingmenn viti gerla, hvað þingmaðurinn hefur sagt.

Hv. þm. var að tala um, hvernig á því stæði, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði verið sár, hefði verið sár yfir því, hvað sagt hefði verið hér í dag í sambandi við þetta mál. Mig undrar það ekkert. Ég hygg, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi haft talsvert álit á bóndanum í Ásgarði, hv. 1. þm. Vesturl. Ég hygg, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi búizt við því, að þessi hv. þm. fagnaði því, að gerðar eru ráðstafanir til þess að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, leggja grundvöll að áframhaldandi uppbyggingu í landbúnaði, og þegar það kemur svo allt annað í ljós og þessi hv. þm. talar hér tvisvar, flytur hér tvisvar sömu ræðuna, gegn betri vitund, og fer með vísvitandi blekkingar, þá er ekkert undarlegt, þótt þingbróðir hans og deildarbróðir hér í hv. deild verði sár. Það má segja, að hann hafi misst einn mann, — mann, sem hann bar áður nokkurt traust til. Og ég verð að segja það, að ég hef að ýmsu leyti búizt við því, að það mætti reikna með þessum hv. þm., þegar til þess kæmi að gera góða hluti fyrir bændastéttina, að hann léði ekki máls á því að snúast gegn því, sem sýnilega horfir til bóta.

Þessi hv. þm. talaði um skattlagningu á bændur. Hann talaði um, að það sé verið að skattleggja bændur. En hann hefur sjálfur áður verið með því að skattleggja bændur, ekki til þess að létta af landbúnaðinum og skapa grundvöll til aukinnar lánastarfsemi landbúnaðinum til handa, heldur í allt öðru formi. Og þegar hann var að bera það saman, að ég hafði snúizt gegn skattlagningu 1958, sem þá voru 2 millj., ½% gjaldið til bændahallarinnar, en nú eru 4 millj. eða á 5. millj., þá er það ekkert sambærilegt, því að nú er lagt gjald á búvörur bænda til þess að skapa aukna möguleika til að byggja yfir bændurna sjálfa, til að rækta, til að veita þeim lán til vélakaupa o. s. frv., og til þess að unnt sé að fá margfalda þá upphæð, sem bændurnir sjálfir greiða, úr öðrum stað. En 1958 fékkst ekkert framlag á móti því gjaldi, sem þá var á lagt. Það var seinheppni hjá hv. þm. að bera þetta saman, og það er hreysti, það er dugnaður út af fyrir sig að geta kinnroðalaust staðið hér í ræðustólnum og borið þetta saman. Maður, sem greiddi atkvæði með skatti á bændur 1958 til þess að reisa bændahöllina hér í Reykjavík án þess að fá nokkurt framlag á móti, segir nú, að það sé verið að leggja óeðlilega skatta á bændur, þegar það miðar að því að útvega þeim fé annars staðar frá, margfalt á við það, sem þeir eiga nú að greiða, sem tryggir starfsemi lánasjóða landbúnaðarins, eins og sýnilegt er með þessu frv. og þeim töflum, sem því fylgja.

Það er þrek hjá hv. þm., þegar hann talar um það, að núv. ríkisstj. hafi í rauninni komið öllu í kaldakol og kynt undir dýrtíðinni í landinu. Þetta er maður, sem studdi vinstri stjórnina, greiddi atkvæði með öllu, sem hún bar fram, — eða minnizt þið þess, að þessi hv. þm. hafi nokkurn tíma greitt atkvæði gegn tillögum, sem vinstri stjórnin bar fram? Ég minnist þess ekki, og ég hygg, að þau dæmi fyrirfinnist ekki í þingtíðindunum. En ég skal ekki telja eftir mér að sitja hér í nótt og hlusta á umr. sem þessar, þótt þær séu ekki gagnlegar eða uppbyggilegar. Það má þó segja, að eitt vinnist á þeim, og það er það, að okkur tekst að skyggnast nokkuð inn í og kynnast mönnum nánar en áður hefur tekizt.

Hv. 1. þm. Vesturl. talar um, að það þurfi nauðsynlega aukið fjármagn í landbúnaðinn. Þetta hefur hann komið auga á. Það út af

fyrir sig undrar mig ekki, þar sem hann er bóndi. Hann segir einnig, að bankastjóri Búnaðarbankans, hv. 6. þm. Norðurl. e., þekki þetta af eigin reynslu og af viðtölum við bændur, sem koma í bankann. Vissulega. Og einmitt vegna þess, að bankastjóri Búnaðarbankans þekkir þetta, þá fylgir hann því frv., sem hér er um að ræða, og hefur átt stóran þátt í því að semja það, og ég vil leyfa mér að þakka honum og öðrum, sem að því hafa staðið að semja þetta frv. og finna leiðirnar út úr þeim ógöngum, sem lánasjóðir landbúnaðarins voru komnir í. Ég vil færa þeim þakkir fyrir, því að þeir eiga vissulega skilið þakklæti fyrir það. Og það er eðlilegt, þegar hv. 1. þm. Vesturl. talar um aukið fjármagn til landbúnaðarins, en í leiðinni að kippa í burtu 14 millj. kr. tekjustofni, að spurt sé að því, hvaða tillögur hv. framsóknarmenn hafi fram að bera. Hv. 1. þm. Vesturl. vill kippa í burtu 1% gjaldinu af búvörum. Hann vill kippa í burtu 0.75% gjaldinu, sem neytendur eiga að borga. Þetta gerir um það bil 14 millj. kr. Og hann segir, að það megi afla þessa fjár með öðrum hætti, án þess þó að tilgreina, á hvern veg skuli að því farið.

Hv. þm. var óheppinn. Hann var mjög óheppinn, og það sýnir glögglega getuleysi hans, þrátt fyrir góða viðleitni, að ég ætla, þegar hann talaði um, að það mætti fá aukið fé úr mótvirðissjóði. Við höfum mótvirðissjóð, sem Búnaðarbankinn hefur vissulega notið góðs af, því að landbúnaðurinn fær helming úr mótvirðissjóðnum að láni í gegnum Framkvæmdabankann. Aðrir atvinnuvegir fá hinn helminginn. Hefur hv. þm. hugsað sér það, að landbúnaðurinn gæti nú fengið allan mótvirðissjóðinn? Ég held, að því hafi verið fagnað á sínum tíma, þegar Pétur Ottesen og Jörundur Brynjólfsson fluttu tillögu hér á Alþingi fyrir nokkrum árum um það, að landbúnaðurinn fengi helminginn af mótvirðissjóðnum, og það hefði engum þá dottið í hug að gera hærri kröfur landbúnaðinum til handa en að landbúnaðurinn fengi helminginn af mótvirðissjóðnum. Og ég er alveg sannfærður um, að það er algerlega tilgangslaust að hugsa sér í dag að taka þann hluta mótvirðissjóðsins, sem sjávarútvegur, iðnaður og aðrir atvinnuvegir hafa fengið, og ætla landbúnaðinum meira en helming af þessu fé. En þessi uppástunga hv. þm. sýnir, hversu fánytt þetta hjal framsóknarmanna er, hversu getulausir þeir eru í þessu efni, um tillögur til fjáröflunar fyrir búnaðarsjóðina, og vitanlega sannar bezt það frv., sem þessir hv. þm. hafa flutt hér í deildinni og er á dagskrá í dag, að þeir hafa ekki haft fyllri tillögur til lausnar þessu máli en það, sem felst í þessu frv. Og hvaða tillögur eru það? Það eru tillögur um það, að ríkissjóður taki á sig gengishallann og ekkert meira. Það eru hinar fyllstu kröfur, sem framsóknarmenn áttu, áður en þetta frv. kom fram. En eftir að þetta frv. kom fram, vilja þeir halda því fram, að það beri að gera hærri kröfur, án þess að gera gáfulegri tillögur en það, sem hv. 1. þm. Vesturl. gerði hér áðan í sambandi við mótvirðissjóðinn.

Hann sagði einnig, að það væru fleiri sjóðir til en mótvirðissjóður, án þess að nefna, hvaða sjóðir það væru. Það mætti ef til vill fara með höndina þar ofan í og ná einhverju þar upp og flytja yfir í Búnaðarbankann. En svona málflutningur er vitanlega ekki frambærilegur á hv. Alþingi, — gersamlega óframbærilegur, — og það er þess vegna ekkert undarlegt, þótt vinir og kunningjar þessa hv. þm. verði sárir að uppgötva það, að hv. þm. er þá ekki stærri karl en það, sem auglýsir sig í þessum málflutningi.

Hv. þm. sagði hér áðan, að búnaðarsjóðirnir hafi tapað miklu, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, — tapað miklu síðan, sagði hann. Að vísu voru þeir farnir að tapa áður, það viðurkenndi hann. Hann viðurkenndi, að þeir höfðu tapað nokkru, á meðan vinstri stjórnin var við völd. En kröfurnar um að lagfæra það og bæta sjóðunum töpin voru ekki gerðar, fyrr en Framsókn fór frá. Kröfurnar um að bæta sjóðunum töpin komu ekki fram af hendi Framsóknar, fyrr en þeir voru farnir frá völdum. Það er þetta, sem er táknrænt. Það er þetta, sem er alveg sérstakur einkennisstimpill á Framsfl., þ. e. að bíða með kröfugerðina, bíða með endurbæturnar fyrir hönd þeirra, sem þeir þykjast vinna fyrir, þangað til þeir eru komnir frá völdum, og þakka sér svo, eftir að þeir eru farnir frá völdum, allt það, sem vel er gert. Vitanlega bar Framsfl., ef hann hefði viljað vera samkvæmur þeirri kenningu, sem hann nú flytur, að gera ráðstafanir til 1958, þegar 55% gjaldið var lagt á, að bæta sjóðunum það tap, sem þeir sýnilega urðu þá fyrir, sem voru margir milljónatugir. En það kom engin tillaga um það. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði ekki eitt orð í þá átt þá, vegna þess að þá var ekki tímabært að gera kröfuna, á meðan framsóknarmenn voru við völd. Það átti að koma í hlut annarra að lagfæra þessa skekkju. Og það voru ekki aðeins nokkrir milljónatugir, sem töpuðust á árinu 1958. Það voru ekki bara milljónatugir, sem búnaðarsjóðirnir töpuðu 1958, því að krónan féll á því ári meira en sem nam þessu 55% gjaldi. Hún féll miklu meira. (**Gripið fram í**: Hvað féll hún?) Hún féll það mikið, sem hún var skráð í ársbyrjun 1960, því að þegar vinstri stjórnin fór frá völdum, — og það veit ég, að hv. 2. þm. Vestf. veit, ég veit, að hann skilur það, og ég veit líka, að þessi hv. þm. var innilega sammála flokksforingja sínum, hv. 2. þm. Vestf. núv., hv. fyrrv. formanni Framsfl., hann var innilega samþykkur þeirri yfirlýsingu, sem flokksforinginn gaf þá, að það væri óðaverðbólga og það yrði ekki við neitt ráðið, og fólkið í þessu landi veit, að einmitt þá var krónan felld, og þegar vinstri stj. fór frá, þá var krónan ekki meira virði en það, sem hún var skráð í ársbyrjun 1960. En þessi hv. þm. var svo óheppinn að spyrja, hvort það hefði líka verið 1961. En ég vil þá spyrja þennan hv. þm. um það, hvort hann hafi ekkert samvizkubit af afskiptum Framsfl. af því máli, á árinu 1961, og hvort það sé þá ekki eðlilegt að rekja orsakirnar til gengisfellingarinnar á s. l. ári einnig að nokkru leyti til hinna sömu manna. Eða vill þessi hv. þm., sem hefur orð á sér fyrir að vera fasttengdur Alþb., koma hér

upp á eftir og afneita því samfélagi? Ég hygg, að hv. þm. geti það ekki. Ég hygg, að hann hafi svarið sig svo fast í samfélag við þann flokk, að hann telji ekki tímabært að afneita honum, vegna þess að hann ætlar að sjá, hvernig næstu kosningar fara. Það er draumur þessa hv. þm. Það er draumur hans að geta myndað stjórn eftir næstu kosningar með Alþýðubandalagsmönnum. En meiri hluta þjóðarinnar dreymir ekki um það. Meiri hl. þjóðarinnar mun afstýra því, að það takist að vinna slíkt skemmdarverk á ný, sem unnið var með því að mynda vinstri stj. 1956, og meiri hluti þjóðarinnar mun hafa lært það mikið af fenginni reynslu, að slíkt ævintýri tekst ekki aftur. Vill hv. þm. reyna að þvo af sér blettinn? Það væri meiri von til þess, að það tækist, eftir því sem meira hefur verið til reynt.

Hv. 1. þm. Vesturl. var að tala um það hér áðan, hvað hefði verið sagt fyrir kosningarnar 1959. Þá hefði fólkinu ekki verið sagt frá því, að það stæði til gengislækkun. Ég skal ekki fullyrða um það, hvað sagt hefur verið á framboðsfundum í Vesturlandskjördæmi. Hitt veit ég, hvernig frambjóðendur núv. stjórnarflokka skrifuðu. Ég veit, hvað þeir sögðu í útvarpsumr. Og ég veit, hvað sagt var í Suðurlandskjördæmi á framboðsfundum. Það, sem sagt var, var þetta, að efnahagsástandið í þjóðfélaginu væri með þeim hætti, að það þyrfti róttækra aðgerða við. Það var ekki rengt, það sem fyrrv. formaður Framsfl. sagði, að það væri í rauninni allt komið í kaldakol, eftir að vinstri stjórnin hafði setið að völdum í rúmlega tvö ár. Það var staðfest fyrir kosningarnar. Og hvers vegna er svo hv. 1. þm. Vesturl. að tala um það, að núv. stjórnarflokkar eða við sjálfstæðismenn höfum lofað gulli og grænum skógum, ef við kæmumst að völdum? Það, sem við sögðum, var, að það væru erfiðleikar fram undan, en tímabundnir erfiðleikar. Ef þjóðin bæri gæfu til að velja sér þingmeirihluta, sem þyrði að taka á verkefnunum, þá mundi sigur vinnast og erfiðleikarnir ekki standa nema takmarkaðan tíma. Og þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var hafizt handa um að bjarga þjóðinni frá bjargarskorti, bjarga atvinnuvegunum frá hruni, forða þjóðinni frá atvinnuleysi og örbirgð. Og þegar hv. framsóknarmenn eru nú að tala um, að það hafi hallað undan fæti hjá landbúnaðinum, síðan núv. ríkisstj. komst að völdum, er eðlilegt, að spurt sé að því, hvernig landbúnaðurinn væri staddur í dag, ef framsóknarmenn ásamt Alþýðubandalagsmönnum hefðu ráðið ríkjum síðan 1958. Hvernig væri það? Þarf ég að svara því? Ég held ekki. Ég held, að hv. alþm., hver fyrir sig, hafi gert sér grein fyrir því og muni gera það, ef þeir gefa sér tíma til rólegrar yfirvegunar um þessi mál. Ég held, að það liggi í hlutarins eðli, að það mátti ekki lengur dragast, að það væri spyrnt við fótum og það væri gerð fullkomin stefnubreyting.

Hv. framsóknarmenn eru stöðugt að tala um samdrátt, — samdrátt í framleiðslunni, samdrátt í landbúnaði. Hver er svo þessi samdráttur? Í hverju lýsir hann sér? Ekki lýsir hann sér í minnkandi framleiðslu, því að framleiðsluaukningin í landbúnaðinum hefur aldrei verið meiri en síðustu tvö árin. Ekki lýsir samdrátturinn sér í atvinnuleysi, því að allir hafa eins mikla vinnu og þeir geta afkastað og hafa þrek til að leysa af hendi. Í hverju lýsir hann sér þá? Hann lýsir sér aðeins í orðagjálfri framsóknarmanna. Og það er leiðinlegt, að hv. 1. þm. Vesturl. kom hér fram áðan með algerlega staðlausa stafi, sem voru gersamlega hraktir, þegar vitnað var í skýrslu ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands og sú skýrsla var lesin og hrakti algerlega þær firrur, sem þessi hv. þm. hafði komið með. Það sýndi sig, að framkvæmdir í Rangárvallasýslu höfðu vaxið meira á árinu 1961 en nokkru sinni fyrr. (**Gripið fram í**: Það gerir kornræktin.) Nei, fyrir utan kornræktina, hv. þm. getur lesið blaðið. Hann getur lesið skýrslu ráðunautarins, sem staðfestir það. Og er það þá nokkuð undarlegt, þótt bankastjóri, sem hefur setið með hv. 1. þm. Vesturl. hér í deildinni árum saman, verði sár, þegar hann uppgötvar, að þessi hv. þm. kemur hér upp í ræðustólinn og skrökvar vísvitandi án þess að roðna? Satt að segja hefði mér ekki dottið í hug, að hv. þm. væri svo kaldrifjaður sem raun ber vitni.

Út af fyrir sig er ekki ástæða til að ræða miklu meira við hv. þm. út af þessum tveim ræðum, sem hann hefur flutt, eftir að ég talaði hér í dag, enda voru báðar ræðurnar svipaðar. Hv. þm. spurði að einu, sem er eðlilegt að sé svarað. Hann spurði að því, hvort þetta frv. eða þær tillögur, sem í því felast, hafi verið bornar undir Stéttarsamband bænda, búnaðarþing eða Búnaðarfélag Íslands. Hv. 6. þm. Norðurl. e. svaraði þessu, að það hefði ekki verið gert. En hvers vegna hefur það ekki verið gert? Ekki vegna þess, að við viljum lítilsvirða Stéttarsambandið, Búnaðarfélagið eða búnaðarþing, heldur vegna þess, að við erum sannfærðir um, að forustumenn bændanna hljóta að vera fylgjandi þessum tillögum, og ef þeir snúast gegn þessum tillögum, eru þeir ekki bærir um að hafa forustu fyrir bændastéttina. Hvers vegna skyldi búnaðarþing, Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda snúast gegn því, að fjár verði aflað til lánasjóða landbúnaðarins með þeim hætti, sem hér er lagt til, þegar sömu menn gátu samþykkt það á árinu 1958, að lagður væri einhliða skattur á bændastéttina, án þess að þeir fengju nokkuð á móti, án þess að verið væri að vinna með því á nokkurn hátt að uppbyggingu landbúnaðarins? Ég þekki marga forustumenn bændastéttarinnar, og ég þekki þá að mjög góðu. Ég þekki þá að raunsæi, og ég þekki þá að viðsýni. Ég hef rætt við marga þessa menn um þetta mál, þótt það hafi ekki formlega verið borið undir félagssamtökin, og ég hef fengið af eðlilegum ástæðum jákvæðar undirtektir. Búnaðarþing situr í dag. Það hefur vissulega tækifæri til þess að taka afstöðu til þessa frv. Er einhver hv. þm. staddur hér í þessari deild, sem reiknar með því, að búnaðarþingið snúist gegn þessu frv.? Reiknar hv. 1. þm. Vesturl. með því, að búnaðarþing samþykki ekki frv. og þá tekjustofna, sem hér er farið fram á? Ég tel það ekki. Og þeir sömu menn, sem voru á búnaðarþingi 1958, munu trauðla gera slíkt. Mér dettur ekki í hug, að

hv. búnaðarþingsmenn og stjórn Stéttarsambands bænda taki að sér það hlutverk, sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur gert. Hann greiddi atkv. með skattinum vegna bændahallarinnar, en hann ætlar að greiða atkv. á móti því, sem hér er farið fram á. Ég öfunda hv. þm. ekkert af þessari afstöðu. Það er kannske ekki ástæða til að vorkenna honum, vegna þess að hann hefur sýnt það við þessar umr., að hann er kaldrifjaður og getur sett sig í gervi, sem brynjar hann að einhverju leyti. En trú mín er sú, að samvizkan muni slá hann, áður en langt um líður.

Hv. þm. talaði um, að það væri tekin upp ný stefna í landbúnaðinum, eftir að núv. stjórn tók við völdum. Hver er nú þessi nýja stefna? Það hefur margt gerzt, síðan núv. stjórn tók við og vinstri stjórnin gafst upp, og bændur hafa áreiðanlega gert sér grein fyrir því, að það er að vissu leyti ný stefna, sem horfir til batnaðar frá því, sem var. Hv. þm. sagði t. d. hér áðan, að það væri viðurkennt nú, að það væri eðlilegt, að ríkið bætti það tjón, sem yrði af útfluttum landbúnaðarvörum. En hvenær fékkst þessi viðurkenning? Ef ég man rétt, var þessi hv. þm. á búnaðarþingi 1958, — ég held það hafi verið. Og ef svo hefur verið, þá er áreiðanlegt, að þessi hv. þm. man eftir því, að mikill tími búnaðarþings fór í að ræða um þann halla, þau töp, sem bændur yrðu fyrir, vegna þess að þeir yrðu að flytja út osta, mjólkurduft og kjöt fyrir mun lægra verð en fengist á innlendum markaði. Ekki man ég eftir því, að þessi hv. þm. sæi nokkurt ráð til þess að bæta bændum þennan halla, — því man ég ekki eftir. Ekki kom till. frá honum um það. Bændur urðu að búa við þennan halla, og 1958 munaði þetta 22 aurum á lítra hjá bændum á Suðurlandsundirlendinu, hjá Mjólkurbúi Flóamanna, vegna þess að þeir höfðu flutt út osta á verðlagsárinu. Þá vantaði 22 aura á grundvallarverðið. Og bændur um allt land vantaði mikið á grundvallarverðið. Vissulega hefur komið upp ný stefna í landbúnaðinum að þessu leyti að viðurkenna það, að bændur skuli fá þetta bætt. En það bara varð ekki fyrr en framsóknarmenn voru komnir úr ríkisstj., — varð ekki af því fyrr. Og það hefur komið upp ný stefna í sambandi við lánasjóði landbúnaðarins, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, sú stefna að útvega þeim innlent fé til að lána. Og ef það hefði verið gert undanfarin ár í staðinn fyrir það að taka útlent fé, þá þyrftum við ekki að vera að ræða um frv. eins og þetta, sem hér hefur verið lagt fram til viðreisnar og til endurlífgunar búnaðarsjóðunum. Hvers vegna var ekki útvegað innlent fé, fyrr en framsóknarmenn voru komnir úr stjórn? Það var vegna úrræðaleysis og skilningsleysis. Vitanlega hefði þurft að útvega sjóðunum innlent fé, eða eins og við sjálfstæðismenn höfum oft sagt áður, ríkissjóður átti að taka erlendu lánin og lána búnaðarsjóðunum aftur til þess að aflétta gengisklásúlunni af búnaðarsjóðunum, sem þeir á engan hátt gátu borið, eins og sýnilegt er. Og það er athyglisvert, að það kemur engin viðleitni fram hjá framsóknarmönnum til að bæta búnaðarsjóðunum gengistöpin, fyrr en þeir eru komnir úr stjórn. Þá flytja þeir frv. hér í hv. Alþingi, bæði á s. l. þingi og svo aftur nú. Það er sem sagt þetta, eins og oft hefur komið fram hjá framsóknarmönnum, að gera hærri kröfur til annarra en sjálfra sín, og það hefur ekki þótt stórmannlegt fram að þessu og ekki talinn kostur á einstaklingi og væri ekki heldur talinn kostur á þjóðarheild, ef hún væri stimpluð með því merki. Framsóknarmenn hv. hafa einkarétt á því að bera þetta merki.

Hv. 1. þm. Vesturl. var að tala um lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 1946 og að sjálfstæðismenn hefðu látið mikið yfir þessari lagasetningu, þessi lagasetning mundi tryggja landbúnaðinn um alla framtíð. Þetta var vitanlega aldrei sagt, að það mundi tryggja landbúnaðinn um alla framtíð. En þessi lagasetning var ákaflega mikils virði fyrir landbúnaðinn og var fyrsta stóra átakið, sem gert var til uppbyggingar í landbúnaðinum. Það voru miklir peningar 1946, þegar ákveðið var að leggja til 5 millj. kr. á ári næstu 10 ár í þessu skyni. Það var miklu meira en áður hafði þekkzt, á meðan framsóknarmenn fóru með völd. Þeir þekktu ekki svo háar tölur til handa landbúnaðinum. Og það er vissulega rétt, sem oft hefur verið sagt, að Pétur heitinn Magnússon hafi verið velviljaður landbúnaðinum og hann hafi viljað láta landbúnaðinn njóta lágra og góðra vaxtakjara. En þess ber að minnast, að þegar vextirnir voru ákveðnir 1946, bjó landbúnaðurinn ekki við það öryggi í verðlagsmálum, sem hann þó gerir nú, þótt bændur séu ekki alls kostar ánægðir með það. Þá var ekki útflutningstrygging á landbúnaðarvörum, og þá gengu vextirnir ekki nema að sáralitlu leyti inn í verðlagsgrundvöllinn. Þeir gengu ekki að sama skapi inn í verðlagsgrundvöllinn og þeir gera nú, þar sem þó 16500 kr. eru reiknaðar til útgjalda í verðlagsgrundvellinum hvað vextina snertir. Og það er vitanlega alveg í samræmi við hugsunarhátt Péturs heitins Magnússonar að byggja þetta upp og skapa þannig grundvöll fyrir landbúnaðinn með ótrúlega miklum framlögum árlega úr ríkissjóði. Ef við förum að reikna það út, hvað 5 millj. kr. gerðu 1946, þá eru það margar millj. miðað við núv. verðgildi peninga. Ég hef ekki lagt það nákvæmlega niður, en við megum margfalda það talsvert. Ég býst við, að það samsvari að nokkru því, sem lagt er til með þessu frv., kannske hefur það verið meira tiltölulega 1946. En vextirnir eru vitanlega aldrei fastir. Landbúnaðurinn býr nú við lægstu vexti á lánasjóðum landbúnaðarins, 6% til íbúðabygginga og 6½% til útihúsabygginga og ræktunar. Það eru ekki aðrir atvinnuvegirnir, sem eiga kost á að fá lægri vexti.

Hv. 5. þm. Austf. var að tala um, að það væri reiknað með þessum vöxtum í þeirri töflu, sem fylgir frv., og vildi gefa í skyn, að það væri þar með ákveðið að hafa þennan vaxtafót til ársloka 1975. Þetta er náttúrlega hreinn misskilningur hjá hv. þm. Það er ekkert ákveðið um það. En hitt er annað mál, að ef vextirnir verða lækkaðir, þá tel ég, að það þurfi að útvega sjóðunum tekjur með öðrum hætti, sem nemur lækkun vaxtanna, til þess að uppbygging

sjóðanna verði ekki lakari en taflan sýnir, og það er vitanlega á valdi hverrar ríkisstj. og hvers þingmeirihluta á tímabilinu 1962—1975 að taka það til athugunar, hvort ekki sé unnt að lækka vextina og bæta sjóðunum upp vaxtalækkunina með auknu framlagi úr ríkissjóði, og verði talið eðlilegt að lækka vextina almennt og miðað við annað í þessu þjóðfélagi, þá vitanlega ber að athuga, hvernig er unnt að bæta sjóðunum upp vaxtalækkunina með peningum annars staðar frá. Hitt er svo aðalatriðið, og það veit ég, að við erum sammála um, ef við gefum okkur tíma til að hugsa um þessi mál af hógværð, að það er meira atriði fyrir bóndann að eiga greiðan aðgang að lánum, þótt vextirnir séu 6 eða 6½%, heldur en að eiga ekki greiðan aðgang að lánum, þótt vextirnir væru færðir niður í 4%.

Hv. 5. þm. Austf. var að tala um, að þessar töflur væru kannske ekki alveg áreiðanlegar, þótt hann hefði engin stóryrði eða fullyrðingar uppi í því efni. En ég vil upplýsa hv. þm. um það, að þessar töflur eru vitanlega í aðalatriðum alveg ábyggilegar, jafnvel þótt það væri hægt að finna einhverja aura- eða krónuskekkju í þeim, og þótt það hafi komið fyrir, að númerin á fskj. hafi ekki verið rétt færð, þá var það auðheyrt á ræðu hv. þm., að hann fann hina réttu niðurstöðu, eins og ætlazt var til. Það, sem skiptir meginmáli í þessu, er það, að ef verðbreytingar verða, þá heldur sú áætlun, sem hér er gerð, miklu betur að því leyti en hinar fyrri áætlanir, vegna þess að tekjur sjóðanna vaxa, ef verðbreytingar verða, ef verðhækkanir verða. Ef það skyldi henda okkur, sem við skulum vona, að ekki þurfi að koma til, að gengisbreyting yrði á ný, þá hækkar verðlag landbúnaðarvara, þá hækkar sú prósenta, sem af þeim er greidd, 1%, þá hækkar framlag ríkissjóðs, þá hækkar einnig það, sem 0.75% gefur, o. s. frv., þannig að sjóðirnir halda áfram að byggja sig upp, og má segja, að lánamáttur sjóðanna breytist eða minnki tiltölulega lítið, þótt verðhækkanir komi.

Það er hrein blekking, þegar hv. framsóknarmenn eru að halda því fram, að 0.75% gjaldið muni lenda á bændum. Það er hrein blekking, vegna þess að það er beinlínis ákveðið, að það skuli lagt ofan á heildsöluverðið. Ef bændur ná ekki grundvallarverðinu, er það vitanlega ekki vegna þess, að 0.75% gjaldið er með. Þeir mundu ekkert frekar ná því, þótt það væri ekki, og þetta er ómerkileg tilraun til blekkinga, sem vitanlega verður reynt að halda fram í Tímanum, að 0.75% gjaldið, þótt það sé lagt ofan á heildsöluverðið og sé hreinn neytendaskattur, muni samt sem áður lenda á bændum.

Ég skrifaði eina firru, sem hv. 1. þm. Vesturl. fullyrti hér áðan. Hann sagði, að bændurnir mundu leggja fram ⅘ hluta af höfuðstól stofnlánadeildarinnar. (**ÁB**: Landbúnaðarframleiðslan.) ⅘ hluta. Hefur ekki hv. þm. lesið frv.? Jú, hann hefur það, og hann hefur blað og blýant. Hvernig stendur þá á því, að hv. þm. leyfir sér að fullyrða þetta, að bændur greiði ⅘? Hvað greiða þeir? Þeir greiða 1% af búvörunni, sem er áætlað að gefi 8 millj. 240 þús. á árinu 1963, eða helming þess á árinu 1962. Á móti kemur úr ríkissjóði sama upphæð, sem er 8 millj. 240 þús., enn fremur koma úr ríkissjóði 4 millj., sem gerir 12 millj. 240 þús. Auk þess kemur frá neytendum 5½ millj. eða jafnvel 6 millj. Þá er þetta orðið 19 millj. Auk þess kemur frá ríkissjóði 60.5 millj. stofnfé strax, og ef reiknað er með vöxtum af því, og er rétt að taka það fram, vegna þess að hv. þm. var að tala um, hvað bréfin væru til langs tíma og hvaða vextir væru af þeim, ég hef það ekki fyrir framan mig, en hitt hefur verið reiknað út, að þessar 60.5 millj. gefa sem svarar rúmlega 9 millj. kr. á ári miðað við 12 ár. Við vorum komnir upp í 19 millj. + 9 millj., — við skulum ekki reikna of hátt, — þá erum við komnir upp í 28 millj. Þetta er framlag frá öðrum en bændunum, en bændurnir leggja fram 8 millj. 240 þús. Hvað er það stór hlutur? Það er nær því að vera fimmti partur heldur en fjórði partur. Það hefði þess vegna verið eðlilegt, að hv. þm. hefði sagt ⅕ í staðinn fyrir ⅘, og gæti hv. þm. rétt nokkuð við mannorð sitt og álit hér í deildinni, ef hann kæmi hér upp á eftir og segði: Mér varð mismæli, ég ætlaði að hegja ⅕, en ekki ⅘. — Ég á ekki von á því, að hv. þm. geri það. En hann um það. Við skulum lofa honum að taka þann kostinn, sem honum þykir beztur. En ég er í engum vafa um, hvað hv. deildarmenn teldu, að væri eðlilegast og réttast, — eða er hv. þm. alveg sama, þótt hann verði uppvís að því að fara vísvitandi rangt með tölur? Er honum alveg sama um það? Ég hafði haldið, að honum væri ekki alveg sama um það og hann vildi gera tilraun til að lagfæra það og hressa upp á mannorðið.

Hv. þm. gerði veðdeildina að umtalsefni hér í kvöld. Við höfum haft veðdeild við Búnaðarbankann mörg undanfarin ár, en þeir, sem hlustuðu á hv. þm., hefðu getað skilið hann sem svo, að eiginlega hefði hún alltaf verið starfhæf og haft fé til útlána nema bara síðustu árin. En sannleikurinn er sá, og því er nú verr, að veðdeildin hefur alltaf verið févana. En með þessu frv., ef það verður lögfest, ætti að skapast möguleiki á því að útvega deildinni nokkurt fé með því að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Og það má segja, að stofnlánadeildin hafi ekki fjármagn til þess núna fyrstu árin af eigin fé, en eins og að hefur verið vikið, þá vitanlega gerbreytir það aðstöðu stofnlánadeildarinnar að útvega innlent fé til starfsemi sinnar, eftir að grundvöllur hefur verið lagður að jafntraustri uppbyggingu hennar og lagt er til með þessu frv. Það er þess vegna von mín, ef þetta frv. verður lögfest, að það verði strax á þessu þingi mögulegt að kaupa eitthvað af bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, svo að hún geti veitt lán í ríkari mæli en verið hefur.

Hv. þm. var að finna að því, að ekki er gert ráð fyrir að lána nema 60% af kostnaðarverði húsa, og telur ástæðulaust að miða ekki heimildina við 75% eins og áður. Ég get verið þessu samþykkur. Ég mundi segja, að það skaðaði ekkert, þó að heimildin væri 75%. En þrátt fyrir þessa heimild, sem verið hefur áður um það, að lána mætti allt að 75% af kostnaðarverði húsa, þá hefur reyndin verið sú, að það hefur

oftast verið aðeins 25—30% lánveiting, og það hefur ekki verið gagn að heimildinni. Ég hygg, að ef hægt væri á hverjum tíma að lána 60% af kostnaðarverði, þá þætti bændum það framför frá því, sem verið hefur. Það er talið, að það kosti í dag 400 þús. kr. að byggja íbúðarhús í sveit, og ef bændur ættu nú kost á því að fá kannske 240 þús. að láni í staðinn fyrir það, sem áður hefur verið, held ég, að það þætti mikil framför. Ég er alls ekki viss um, að það verði fært að fara svo hátt. Lán til íbúðarhúsa voru lengi 45%, að ég ætla til ársins 1952, þá munu þau hafa verið hækkuð upp í 60 þús., og það mun hafa verið 60 þús. til ársins 1955, í 75 þús. mun það hafa verið hækkað 1955 og stóð í því til ársins 1960. Ég minnist ekki, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi gert nokkra till. um það að hækka lán til íbúðarhúsa með hinni miklu verðhækkun, sem var 1958. Það var hækkað haustið 1960 upp í 90 þús., sem var vitanlega allt of lítið, en það var bara ekki meira fé til, og aftur s. l. haust var það hækkað upp í 100 þús. Eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, þarf að hækka lánið ríflega. Ég vil ekki segja, hversu mikið er hægt að hækka það, en áreiðanlega verður það hækkað ríflega frá því, sem verið hefur.

Ég held, að ég láti þessi orð ekki verða öllu fleiri, því að vissulega hefur hv. 6. þm. Norðurl. e. tekið fram allt, sem máli skiptir í þessu máli, en ég hef ekki minnzt á. Það er búið að minnast á öll þau atriði, sem máli skipta, og það, sem fram hefur komið til þessa frá hv. framsóknarmönnum, er léttmeti eitt, og ég leyfi mér að segja, að þótt hv. framsóknarmenn tali eins og þeir nú tala, þá hlýtur það að vera gegn betri vitund. Þeir vita það, að þetta frv. ef að lögum verður, verður landbúnaðinum mikill léttir. Þeir vita það, að með þessu frv. er verið að skapa lánastofnun, sem getur í framtíðinni fullnægt lánsþörfinni, þótt uppbyggingin verði örari en hún hefur verið áður. Það má því segja, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi eiginlega ratað á það rétta, þegar hann talaði um nýja stefnu, því að það er ný stefna að byggja upp lánastofnanir í landbúnaðinum með þessum hætti, sem nú hefur verið gert, sem gæti fullnægt í framtíðinni lánaþörfinni. Og þegar hv. þm. er að tala annars vegar um hina miklu fjárþörf landbúnaðarins og hins vegar um það að taka út úr frv. stóra tekjustofna, þá vitanlega væri hann skyldur, ef hann vill maður heita, að benda á einhvern tekjustofn í staðinn, sem hægt væri að taka til greina. En hv. þm. hlustuðu á, hvaða tillögur hann hafði fram að færa. Hann hafði þá till. að fá meira úr mótvirðissjóði. Hann hafði þá till. að krefjast þess, að landbúnaðurinn fengi meira en hálfan mótvirðissjóð, eins og hann nú hefur fengið. Ég er alveg sannfærður um það, að þótt hv. 1. þm. Vesturl. sé að skrifa hjá sér núna það, sem hann ætlar að segja á eftir, þá dettur honum ekki í hug að gera kröfu um það, að landbúnaðurinn geti fengið meira en helminginn af mótvirðissjóði. Og ég á ekki von á því, að nokkur annar hv. framsóknarmannanna í deildinni láti sér það til hugar koma. Þegar þessi leið lokast, þá stendur hv. þm. uppi algerlega tillögulaus, og í rauninni er ekki ástæða til að hlusta frekar á hann í sambandi við umr. um þetta mál. Ég mun hins vegar ekki telja það eftir mér að sitja hér í d. og hlusta lengur á jafnómerkilegar ræður og hv. þm. flutti hér áðan, ef einhverjir flokksmenn hans vildu taka upp hans þátt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður. Ég sé ekki mikla ástæðu til þess, að á þessu stigi sé verið að ræða málið mikið, þar sem það á eftir að fara til n. og athugast þar og síðan tvær umr. eftir í deildinni.

Hæstv. landbrh. var að tala um blekkingar, en þessi ráðh. hefur víst aldrei blekkt nokkurn mann nokkurn tíma, og Sjálfstfl. hefur víst aldrei sýnt neitt slíkt, að hann væri að blekkja einstaklinga eða þjóðina? Ég fékk hér áðan Morgunblaðið frá því fyrir kosningarnar haustið 1959, og stefnuskráin var sú: Stöðvun verðbólgu, aukin framleiðsla, bætt lífskjör. — Hefur verðbólgan stöðvazt, — ég bara spyr, — síðan hæstv. núverandi ríkisstj. kom til valda? Þjóðin veitti núv. stjórnarflokkum brautargengi gegn því og í því trausti, að þeir stæðu við loforð sín um stöðvun verðbólgunnar, og þjóðin veitti þessum flokkum brautargengi gegn því, að þeir stæðu við það, að framleiðslan yxi í landinu, en hún minnkaði ekki, og þjóðin veitti þessari stjórn brautargengi gegn því, að þeir bættu lífskjörin, en að þeir væru ekki sí og æ að höggva í sama knérunn og gera lífskjörin ómögulegri með hverju árinu sem líður. Svo kemur hæstv. landbrh. og talar um blekkingar, en fáir hygg ég að hafi blekkt meira hér í þingsölum en sjálfur hæstv. landbrh.

Síðan minntist ráðh. á, að það hefði ekki staðið á mér að samþ. skatt á bændurna í sambandi við bændahöllina. Þetta er alveg rétt, og ég skammast mín ekkert fyrir það. Þetta var eftir bón bændanna sjálfra, bændasamtakanna í landinu, búnaðarþings, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Og ég skammast mín ekkert fyrir að gera það, sem starfsbræður mínir í landinu biðja um að sé gert sér til hagsbóta. En það skal fram tekið, að það gjald, sem er lagt á samkvæmt þessu frv., er allt annars eðlis og af allt öðrum rótum runnið, og hefur ekki verið leitað álits bændastéttarinnar að því er það varðar. En ég skora á hæstv. ráðh. að leita umsagnar bændasamtakanna í landinu, Búnaðarfélags, búnaðarþings og Stéttarsambands bænda, og fylgja svo því, sem þessir aðilar leggja til. Það verður farsælast fyrir hann og farsælast fyrir bændastéttina og þjóðina alla, vegna þess að ráðh. hefur upplýst það í þessum umr., að hann vill skattleggja bændurna eina, hann vill ekki skattleggja heildsala, kaupmenn, embættismenn né aðra aðila vegna stofnlánasjóða Búnaðarbankans. Það eru bændurnir einir, sem á að skattleggja til þess að fá fé í þessa sjóði, sem ráðh. hefur dregið í þrjú ár að sinna eins og vera bar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði verið að tala um mótvirðissjóð. Það má vel vera, að það sé ekki rétta nafnið. Mér er kunnugt, að það hefur verið mótvirðissjóður, sem sjóðir Búnaðarbankans hafa fengið fé úr, en hitt er mér kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hefur ótal sjóði,

ótal gjafafé, sem hún fær í erlendri mynt og myndaðir eru sjóðir innanlands, hvort sem þeir eru kallaðir mótvirðissjóðir eða annað, og það má mikið vera, ef einhvers staðar er ekki hægt að fá aura þar í stofnlánasjóði landbúnaðarins. Og á það vil ég benda hæstv. ráðh. að vinna ötullega að því, að slíkt nái fram að ganga.

Hæstv. ráðh. minntist á, að hann hefði beitt sér fyrir því, að ríkið greiddi þann hluta, sem vantaði á það verðlag, sem bændur eiga að fá fyrir sína útflutningsframleiðslu. Þetta er alveg rétt. En er þá ástæða til að fara að taka hluta af framlaginu nú í gegnum þann skatt, sem á að innheimta af tekjum bænda? Það, sem er gefið með annarri hendinni, er tekið með hinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið að blekkja með því að segja, að ⅔ hlutar af þeim höfuðstóli, sem stofnlánasjóðirnir eiga árið 1975, væru komnir frá bændum landsins eða af afurðum bænda. Ég sagði: af afurðum landbúnaðarins, og ég sný ekki til baka með það. Ég get lesið hér tölurnar, og hæstv. ráðh. getur horft á frv. og séð, hverjar blekkingarnar eru.

Þegar búið er að leggja saman það, sem getið er um í frv. á bls. 28, þar sem stendur: Framleiðslugjald, sem byrjar með 4 millj. kr. árið 1962 og endar með 11748 þús. kr. árið 1975, og allar tölurnar eru saman lagðar, þá nemur það 132 millj. 689 kr. Og í öðru lagi 0.75%, sem líka eru lögð á framleiðslu bænda, gera öll þessi ár rúmar 80 millj. kr. Þetta samanlagt er 216 millj. kr., og 216 millj. af 507 millj. kr. höfuðstól er fyllilega ⅔ af höfuðstól sjóðanna árið 1975, það hlýtur hæstv. ráðh. að sjá fljótlega.

Það var eðlilegt, að hæstv. ráðh. líkaði ekki, að verið væri að tala um nýja stefnu, því að þessi nýja stefna er samdráttarstefna. Það hefur greinilega komið í ljós og er alltaf að koma betur í ljós, enda er til þess stofnað með öllum aðgerðum ríkisstj., sem hún hefur gert bændunum til handa, síðan hún komst til valda. Hún hefur stytt lánstímann, hækkað vextina, lagt á söluskatta, og nú síðast er hún að leggja sérstakan skatt á tekjur bænda, og allt verkar þetta í samdráttarstefnu hjá uppbyggingu landbúnaðarins í framtíðinni. Þetta er hin nýja stefna, sem er algerlega öfug við þá þróun, sem átt hefur sér stað í landbúnaðinum á undanförnum árum, og leiðir til þess, að innsti kjarni í stefnu sjálfstæðismanna að fækka bændum um helming tekst miklu fyrr en annars yrði.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja, þegar ég hlustaði á aðra ræðu hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), að hann væri að ná svolitlu jafnvægi í skapsmunum. En þegar hann lauk sinni ræðu hér áðan með þeim furðulegu fullyrðingum, að það væri innsti kjarninn í stefnu Sjálfstfl. að fækka bændum um helming, þá held ég, að ég verði að endurskoða þá skoðun mína, og það kann þess vegna vel að vera, að það jafnvel gæti sárinda í þessum fáu orðum, sem ég ætla að segja, einmitt út af því, að það virðist vera mjög vonlítið að endurbæta hv. 1. þm. Vesturl. og fá hann til þess að líta öfgalaust á þetta mál, sem ég þó vissulega hafði vonað. Og það er alveg rétt, sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að að svo miklu leyti sem það kann að hafa verið sárindatónn í rödd minni, þá var það sannarlega ekki af neinu samvizkubiti. Ég get horft framan í hvern sem er með fullri einurð varðandi hlutdeild mína í þessu máli, fullkomlega. En hitt er aftur annað mál, að ég hafði haft þá skoðun, að hv. 1. þm. Vesturl., sem auk þess að vera bóndi er einn af framámönnum í samtökum landbúnaðarins, mundi í þessu tilfelli láta hagsmuni bændasamtakanna vera ofar pólitískri hlýðni við Framsfl. En það urðu því miður sár vonbrigði mín, og við því er auðvitað ekkert að gera.

Það voru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á hér út af ummælum, sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur látið falla.

Hann sagði í ræðu sinni áðan, að ég hefði sagt í ræðu minni, að framsóknarmenn hefðu aldrei neitt gert fyrir landbúnaðinn yfirleitt. Það er ekki rétt. Ég sagði aldrei, að þeir hefðu ekkert gert fyrir hann. Ég sagði, að á ýmsum tímum hefðu sjóðunum verið afhentar sem óafturkræf framlög vissar fjárhæðir, og þeir áttu vissulega hlut í því eins og sjálfstæðismenn, að það væri gert. Hitt er annað mál, og við það stend ég, að framsóknarmenn hafa ekki gert það, sem hefði í rauninni verið hægt að ætlast til af þeim sem leiðtogum þessara mála um fjölmargra ára bil, að reyna að koma fótum undir landbúnaðarsjóðina, þannig að þeir yrðu byggðir upp á jafnskynsamlegum og raunhæfum grundvelli og tekizt hefur að gera með sjóði sjávarútvegsins, ekki endilega með því að afla tekna á nákvæmlega sama hátt, heldur finna þann tekjugrundvöll, sem gerði það að verkum, að þessir sjóðir kæmust ekki í það hörmungarástand, sem þeir hafa komizt í í dag, fyrst og fremst fyrir það, að hv. framsóknarmenn hafa haldið þannig á lánamálum þessara sjóða á liðnum árum, að það hefur orðið af því fullkomið öngþveiti. En mér hugkvæmist ekki að halda því fram, að þeir hafi ekki ýmislegt gott gert fyrir þessa sjóði, þó að þeim hafi ekki auðnazt að líta það raunsæjum augum á þessi mál að kryfja þau til mergjar, heldur reynt að velta vandanum fram af sér hverju sinni. Og ömurlegasta dæmið um það er auðvitað sú staðreynd, að þeir skyldu ekki gera neitt, þegar yfirfærslugjaldið var lagt á á sínum tíma, heldur bíða með það og varpa vandanum alveg yfir á aðra og koma svo eftir á og átelja, þegar þeir sömu menn eru að reyna að bjarga undan þeirri vanrækslu, sem þá var sýnd.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um það, sem hv. þm. sagði um möguleikana á að efla sjóðina af mótvirðisfé. Ég hélt satt að segja, að hann meinti annað með sínum orðum en raunar kom þó fram í seinni ræðu hans, að hann hafði meint, því að auðvitað dettur engum heilvita manni í hug, að það sé hægt að taka úr mótvirðissjóði meira en helming mótvirðissjóðsins til handa landbúnaðinum. Það skil ég ekki í, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi látið sér hugkvæmast. Ég skildi satt að segja orð hans svo, sem ég sé þó af síðustu ræðu hans að dæma að muni hafa verið misskilningur, að

hann hafi átt við það, hvort hugsanlegt væri með því að afhenda sjóðunum þann hluta mótvirðissjóðs, sem landbúnaðinum er ætlað að fá, að bæta hag sjóðanna. Það er hugmynd, sem kom upp, þó að það yrði ekki sú niðurstaðan að framkvæma það, vegna þess að það snertir miklu flóknara mál og þyrfti að gera meiri breyt. í því sambandi. En ég álít, að það geti mjög vel komið til álita í framtíðinni að afhenda stofnlánadeildinni hluta landbúnaðarins í mótvirðissjóði. En það er rétt að taka það fram, að slík ráðstöfun mundi þó ekki auka neitt ráðstöfunarfé stofnlánadeildarinnar, vegna þess að eins og skipan þessara mála er nú, fær stofnlánadeildin alltaf lánað aftur allt það fé, sem hún greiðir í mótvirðissjóð, hvort sem það eru afborganir eða vextir. En það vitanlega bætir hins vegar efnahagsafkomu stofnlánadeildarinnar mjög, ef þetta yrði hennar eign.

Þá vil ég enn fremur mótmæla því, að ég hafi sagt, að það væri ekkert leggjandi upp úr skoðunum Stéttarsambands bænda og búnaðarþings. Það kann vel að vera, að ég hafi komizt eitthvað óljóst að orði, en ég kannast ekki við að hafa haft þá skoðun, að ekkert væri leggjandi upp úr þeirra skoðunum. Ég sagði hins vegar, að stéttasamtökin yfirleitt, þeirra tillögur og ályktanir væru fyrst og fremst kröfugerð, sem er út af fyrir sig ósköp skiljanleg. Ég hef aldrei vitað, að stéttasamtök legðu það til fyrir sitt leyti, jafnvel þótt þau viðurkenndu eftir á réttmæti þess að leggja til, að vandamál yrðu leyst með kvöðum á viðkomandi aðila. Og ég sé ekki, að það sé neitt merkilegt við það, þó að það hafi ekki um þetta frv. verið haft samráð við Stéttarsamband bænda og búnaðarþing. Í fyrsta lagi var ekki aðstaða til þess að hafa samband við búnaðarþing, það var hægt auðvitað að hafa samband við Búnaðarfélag Íslands. En kjarni málsins var auðvitað sá, að þeir menn, sem að þessu hafa unnið, reyndu að koma sér niður á það, hvaða leiðir væru heppilegastar í þessu. Ef menn hafa sannfæringu fyrir því, að það séu réttar leiðir, þá er auðvitað ekki annað að gera en leggja það fram, og það er svo að sjálfsögðu hlutverk þeirrar n. í þingi, sem fær þetta til meðferðar, ef henni sýnist svo, að leita umsagnar þessara aðila. Hin hugsunin, sem ég hélt satt að segja að menn hefði fengið nóg af í vinstri stjórninni, að ætla að fara að láta ráða málum til lykta einhvers staðar úti í bæ, í hinum og öðrum samtökum, það held ég að sé ekki giftusamleg leið. Alþm. og forráðamenn þjóðarinnar verða að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað þeirra sannfæring segir þeim að sé rétt og eðlilegt að gera. (**ÁB:** Hvar var þessu máli ráðið til lykta?) Hvaða máli? (**ÁB:** Þessu frv. Var það ekki gert úti í bæ einhvers staðar?) Úti í bæ? Ég held, að því hafi verið ráðið til lykta af ríkisstj. Þetta er stjórnarfrv. Þó að hún hafi falið ákveðnum mönnum að gera tillögur um það til sín, þá er það hún, sem endanlega hefur ákveðið þessar till. og leggur þær fyrir Alþingi, eins og frv. ber með sér, og ég hef ekki vitað, að það hefði heldur verið tiðkað að undanförnu að leita til hinna almennu borgara um álit þeirra um það, hvort ætti að leggja á þá skatta eða ekki í ýmsu formi. Almenningur verður svo að sjálfsögðu að meta það, jafnt bændur og aðrir, hvort þeir telja, að hér hafi verið farin rétt leið eða ekki, og taka þá afstöðu til manna og flokka eftir því.

Þá vék hv. þm. að útflutningsgjaldinu og taldi, að það væri ekkert sambærilegt gjald við þetta gjald hér, vegna þess að þetta væri ekki raunverulegt álag á útveginn. Þetta er auðvitað alger misskilningur. Þetta gjald er tekið af óskiptu, og þar sem útvegurinn hefur enga útflutningstryggingu einu sinni og verður að sætta sig við það verðlag, sem er hverju sinni á heimsmarkaðnum, þá gefur það auga leið, að það er ekki hægt að tryggja útveginn á neinn hátt fyrir því, að hann þurfi ekki að borga þetta gjald. Þetta gat verið hugsanlegt, mætti segja, meðan útvegurinn fékk uppbætur, þá hafi verið reiknað með útflutningsgjaldinu í þeim uppbótum. En eftir að útgerðin verður að sætta sig við markaðsverð á sínum vörum og taka áhættuna af því, þá er þetta að sjálfsögðu borgað af útgerðinni, bæði útgerðarmönnum og sjómönnum.

Mig furðar satt að segja á því, að hv. 1. þm. Vesturl. skuli leggja í það hér að breiða úr sér og jafnvel með nokkru stærilæti að mótmæla því, að þetta gjald sé jafnrétthátt og bændahallargjaldið hafi verið, og það sé sá stóri munur á, að það hafi þó verið leitað álits bænda um það. Það er alrangt. Það var ekki ósk bænda, og það veit hv. þm. sjálfur, að forustusamtök bænda vildu ekki leita til bænda úti um landið, í búnaðarfélögunum og deildunum, vegna þess að þau vissu, að þetta gjald yrði fellt, og það veit hv. þm. vel, því að um það var einmitt rætt af ráðamönnum, þegar var farið með þetta í þingið á þeim grundvelli, eins og var gert, að það voru forustumenn þessara samtaka, sem stóðu að þessu, en alls ekki bændurnir almennt. Ég skal hins vegar ekkert um það segja, hvernig hafi verið háttað skiptingu manna í afstöðu til þess gjalds, og ég skal játa, að ég greiddi atkvæði með því gjaldi, hreinlega á þeim grundvelli, að úr því að þessi samtök bæðu um þetta, þá væri ekki eðlilegt, að Alþingi væri að neita um það, þó að ég fyrir mitt leyti væri aldrei hrifinn af því. En að leggja það að jöfnu eða jafnvel að gera þessu gjaldi hærra undir höfði en gjaldi, sem er ætlað að ganga til lánasjóða landbúnaðarins til þess að byggja upp landbúnaðinn í landinu á komandi árum, það gegnir fullkominni furðu, að menn skuli láta sér detta í hug að halda fram slíkri kenningu.

Varðandi svo það atriði, að landbrh. sé á móti því að fara t. d. að skattleggja heildsala fyrir landbúnaðarsjóðina, — ég skil nú satt að segja ekki, hvaða hugmynd liggur að baki því, hvort hv. þm. hefur í huga einhverjar tillögur um það að leggja á sérstakan heildsalaskatt fyrir landbúnaðarsjóðina. Það náttúrlega má búast við ýmsu, en ég held, að það sé nokkuð fjarstætt að koma fram með slíkar hugmyndir. Það, sem liggur að baki þessum tillögum hér, er að byggja þetta upp á þann veg, að með því að bændur leggi þarna fram að sínu leyti, þá skapist ný og sterk rök til þess að

fá fé úr opinberum sjóðum, sem auðvitað eru ekkert hliðstæð rök fyrir, ef bændur leggja ekkert fram, og miðað við það framlag, sem framsóknarmenn hafa hingað til unað við í fjárl. og ekki séð neina ástæðu til að hækka og ekki komið með neinar till. um að hækka, meðan þeir réðu ríkjum, þá er hér auðvitað um að ræða svo geysilega viðbót, sem hér er lagt til að veita til landbúnaðarins, að ég skil ekki í, að bændur við nánari athugun muni telja það áhorfsmál að taka á sig þá kvöð, sem hér er lagt til, til þess að geta tryggt sér til eflingar og uppbyggingar í sinni atvinnugrein jafnstóraukið framlag frá því opinbera og hér er gert ráð fyrir, og ekki aðeins frá því opinbera, heldur einnig allt að því jafnhátt gjald frá neytendum eins og bændunum er hér ætlað að greiða.

Ég skal svo ekki eyða mörgum orðum að samdráttarstefnunni, sem alltaf er efst á blaði hjá hv. framsóknarmönnum. Ég hélt nú satt að segja, að þeir væru orðnir þreyttir á að tönnlast á jafnvitlausum orðum og samdráttarstefnu og móðuharðindum, sem eru nú orðið eiginlega einkunnarorð á þeirra flokki og hitta þá verst sjálfa, því að það er fjarstætt að bera þetta á borð fyrir heilbrigt fólk, þegar alls staðar er miklu meira að starfa í landinu en hægt er að fá vinnuafl til að framkvæma, að þá sé um að ræða stórkostlega samdráttarstefnu í framkvæmdum og allt í voða. Ég veit satt að segja ekki, hvaða sálarlíf menn eru búnir að venja sig á, — ef hægt er að tala um að venja sig á sálarlíf, — sem sjá ekki, hversu það er orðið fáránlegt og broslegt í alla staði að halda fram svona fullyrðingum, enda er náttúrlega hinn almenni borgari hreint og beint farinn að hlæja að þessum dæmalausu staðhæfingum þeirra framsóknarmanna.

Það var mjög ánægjulegt, að hv. 1. þm. Vesturl. skyldi vitna í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., því að sannleikur málsins er sá og það vita allir í dag, að undirstaðan að því að ná fram því marki, sem þar er boðað, er sú stefna, sem hefur verið fylgt. Framsóknarmenn hafa að vísu lagt sig fram, eftir því sem þeir hafa getað, í samstarfi við kommúnista um að eyðileggja það, að þessu marki yrði náð. Því hefði verið náð fyrr en ella, ef ekki hefðu verið unnin skemmdarverk á s. l. ári. Vonandi verður ekki lagt út í annað ævintýri slíkt. En það eitt er víst, að ef þessum árangri seinkar, þá er það ekki ríkisstj. að kenna og hennar stuðningsliði, heldur öðrum öflum, sem eru nátengdari hv. 1. þm. Vesturl.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég held, að hæstv. landbrh. og hv. 6. þm. Norðurl. e. muni nú sjá það, þrátt fyrir hin mörgu orð, sem hafa fallið hjá þeim, að ágreiningurinn er hér aðallega um eitt atriði í þessu frv. (**MJ:** Ég sagði það líka í ræðu minni áðan.) Þessi ágreiningur er fyrst og fremst um skattinn á bændurna. Um hann er deilt, en hitt held ég að séu öfgar, ef menn halda, að það sé andstaða gegn öllu, sem er í frv. Ég held, að það sé langt frá því. A. m. k. sýnist mér, að ákvæði 3. gr. frv. um að afhenda hinni væntanlegu stofnlánadeild lán, sem áður voru veitt ræktunarsjóði og byggingarsjóði, séu verulegur ávinningur fyrir landbúnaðinn í landinu. Um þetta er ekkert að villast, og það hefur enginn mótmælt þessu. Ég hef ekki heyrt neinum mótmælum hreyft gegn þessum ákvæðum, eða að sé ágreiningur um það, að þetta sé til gagns. Það eru aftur á móti ákvæði 4. gr., skatturinn á landbúnaðarvörur og reyndar skattur á neytendur, sem veldur verulegum ágreiningi, og er ekkert óeðlilegt við það. Og mér sýnist, að hæstv. landbrh. hefði átt að spara sér eitthvað af stóryrðunum, þegar hann var að ræða þetta mál hér áðan. (**Landbrh.:** Stóryrði?) Já, stóryrði, fúkyrði, sem hann viðhafði. Ef hann er búinn að gleyma þeim, þá ætla ég að lofa honum að heyra, hvað hann sagði um hv. 1. þm. Vesturl., hann væri kaldrifjaður og samvizkan mundi slá hann og hann þyrfti að hressa upp á mannorð sitt. Allt þetta sagði hann. Þetta eru ekki einu sinni mannasiðir, auk heldur ráðherrasiðir, að koma þannig fram, og ég er alveg viss um, að þessi hæstv. ráðh. iðrast eftir þessu á eftir. Ég treysti því að minnsta kosti. (**Gripið fram í:** Hann er samvizkulaus.) Það segi ég ekki. Þetta á ekki við, og hv. 1. þm. Vesturl. gaf ekki tilefni til svona fúkyrða. Hitt get ég tekið mér ósköp létt, þó að hæstv. ráðherra væri að fleygja því, að ég væri þjóðvarnarmaður og þess háttar. Það snertir mig ekki hið minnsta. Það er alveg rétt, að ég er einlægur andstæðingur hersetunnar í landinu, sem þessi hæstv. ráðherra ber ábyrgð á m. a., og það er fjöldi sjálfstæðismanna um allt land, sem eru sömu skoðunar og ég um þetta. Hann má þess vegna auglýsa það eins oft og hann vill. Mér er ánægja að því heldur en hitt, því að ég vil aldrei vera bendlaður við það, að ég sé samþykkur hersetu í landinu. Ég er honum frekar þakklátur fyrir þetta. Hann hélt, að þetta væri eitthvert vopn á mig, en það er ekki.

Þessi skattur á bændurna er ákaflega óeðlilegur, og mér finnst það aðalatriðið í þessu máli, að það hafi verið litið svo á af þeim, sem vildu landbúnaðinum vel í þessu landi frá fyrstu tíð, að það væri ekki hægt að ætla honum sams konar lánskjör, hvorki um lánstíma né lánsvexti, og öðrum atvinnuvegum. Þessum sjóðum landbúnaðarins er ætlað að byggja upp landið, nema landið, í raun og veru stækka landið, stækka landið fyrir komandi kynslóð, og þess vegna er ekki hægt að ætla þeim að bera slíka vexti eða þola sams konar lánskjör og aðrir atvinnuvegir geta auðveldlega þolað. Það vita það allir, að bændurnir, sem eru að rækta og byggja upp, eru að byggja upp fyrir komandi kynslóð og þeir njóta minnsta hlutans af hagnaðinum af þessu sjálfir, heldur komandi kynslóðir. Eða hvaða þjóð er það sem lætur landbúnað sinn búa við sams konar lánskjör í einu og öðru og aðrar atvinnugreinar? Þessir lágu vextir, sem upphaflega og lengi vel voru á lánum til landbúnaðarins, byggðust á því, að þetta væri þátttaka ríkisins í þessu landnámi. Það var gert í því formi að hafa vextina lága, lægri en innlánsvexti. Þess vegna hlaut að koma fram vaxtatap, og auðvitað var það alltaf ætlunin og hefur líka verið gert, að greiða þetta

vaxtatap af opinberu fé. Þetta er einn þáttur hins opinbera til að byggja upp landið. Ég tel það alveg fáránlega kenningu að ætla landbúnaði að bera sams konar vexti og sams konar lánskjör yfirleitt og öðrum atvinnuvegum. Það er þess vegna alveg á fullum rökum reist að ætla landbúnaðinum að greiða lága vexti, miklu lægri en aðrir greiða. Þetta er ráðstöfun til þess að nema landið. Það má deila um, hvort það á að vera í þessu formi eða öðru, en þetta er það form, sem hefur verið haft í meira en 30 ár, auk þess sem styrkir hafa verið veittir til landbúnaðarins. Það má gera þetta í öðru formi, ég veit það, en þetta var gert út frá þessu sjónarmiði.

Ef maður ber þetta frv. saman við t. d. gildandi lagaákvæði um byggingu íbúðarhúsa í bæjum, sem byggingarsjóður húsnæðismálastjórnar lánar til, þá er ekkert hliðstætt ákvæði í þeim lögum og þessu frv., að leggja skatt á þá, sem lánin eiga að fá. Það má þó ætla, að lánveitingar til íbúðarhúsa í sveit og í kaupstað ættu að vera háðar svipuðum lögum. Nú liggur fyrir þessari deild stjórnarfrv. um húsnæðismálastjórn, þar sem á að hækka hámark lánanna til íbúðarhúsa. En það dettur engum í hug og ekki heldur hæstv. ríkisstj. að koma þar með neinn skatt til þess að drýgja tekjur sjóðsins, til þess að lána meir. Það dettur engum í hug. Ég skal nefna annað atriði, að samkvæmt gildandi lögum um húsnæðismálastjórn má lána allt að ⅝ af kostnaðarverði húsanna, en nú á að lækka þetta hjá bændunum úr ¾ niður í ⅗, eða niður í 60%. Ég viðurkenni, að þetta hámark, 75%, sem mátti lána út á íbúðarhús í sveitum, hefur ekki verið raunhæft, af því að fé hefur ekki verið til að lána svo mikið. En það hefur ekki heldur skaðað neinn, og enginn sér ástæðu til þess að lækka hliðstætt ákvæði í lögunum um húsnæðismálastjórn, þó að hæstv. ríkisstj. finnist nú þörf á að fara að lækka þetta með þessu frv.

Það, sem mér sýnist langeinfaldasta og sanngjarnasta breytingin á þessu frv., er, að í staðinn fyrir þennan skatt á bændurna komi hreinlega framlag ríkisins, þeim mun hærra. Það er í samræmi við þann megintilgang landnámsins í landinu, að frá hinu opinbera komi þessi stuðningur við landnámið. Og það er, held ég, ekkert voðalegt, þó að hið opinbera ætti að bæta á sig þessum rúmum 8 millj. Fyrst tekjur ríkissjóðs eru nú orðnar a. m. k. eins og er um 1700 millj., þá sýnist það engin fjarstæða.

Hæstv. ráðh. hefur gagnrýnt það, að það hafi ekki komið fram tillögur eða ábendingar frá framsóknarmönnum um það, hvernig ætti að fá þetta fé. En það er ekki meira en þetta, sem ég nefndi, sem deilan stendur um, upphæðin, sem skattinum nemur. Þó að við bætum við neytendaskattinum, þá eru það kannske 13—14 millj. Ég tel, að þetta sé að vandræðalausu hægt að taka úr ríkissjóði og að núv. hæstv. ríkisstj. hafi tekið á sig slíka bagga, sem síður skyldi, þó að maður fari ekki út í hina sálmana, hvað hún er að létta sköttum af aðilum í landinu, sem síður skyldi heldur en bændastéttinni. Fyrir þessari hv. deild liggur frv. um skattalækkanir á hlutafélögum. Það er engum blöðum um það að fletta, að það skattalagafrv. hefur í för með sér, að verulegur hluti, kannske meginþorri hlutafélaga í landinu verði skattfrjáls hvað tekjuskatt snertir. Þetta hlýtur að rýra tekjur ríkissjóðs í stórum stíl. Er nú meiri þörf á því að rýra tekjur ríkissjóðs á þennan hátt heldur en taka á ríkissjóð þessa viðbót, sem nemur skattinum, sem nú á að leggja á bændur og neytendur? Hitt get ég vel tekið undir með hv. 6. þm. Norðurl. e., að það þarf að byggja upp grunninn undir þessum sjóðum betur en gert hefur verið. Það er alveg rétt, það verður að tryggja hann. Það er alveg ófær leið að standa alltaf í þessu, ár eftir ár, að útvega einhver og einhver lán að hausti til til að geta fullnægt lánsfjárumsóknum það árið. Að verulegu leyti stefnir þetta frv. í þessa átt, en það er þessi mikli ágalli á því, sem ég hef nefnt, hvað snertir skattlagninguna.

Hv. 5. þm. Austf. benti á, að í þeim töflum, sem fylgja þessu frv., virðist vera reiknað með sömu vöxtum allt fram til ársins 1975. Þetta er staðreynd, og það hafa hv. stjórnarsinnar viðurkennt, að það væri reiknað með þeim, og sagði hv. 6. þm. Norðurl. e., að það væri auðvitað ekki hægt að reikna með öðrum vöxtum en þeim, sem eru nú, því að enginn vissi, hvað þeir yrðu. En til hvers er að vera að birta töflu allt fram til 1975, ef ekki á að líta svo á, að stefna stjórnarinnar sé að fylgja þessari vaxtapólitík? Eru þeir virkilega að setja núv. vexti inn í þessa töflu, en ætla sér svo alls ekki að hafa þessa vexti? Nú geri ég ekki ráð fyrir, að hv. þm. búist við, að núv. ríkisstj. sitji til 1975. (**Gripið fram í:** Því ekki það?) Nei, ég er að gizka á það, að hann búist varla við því. En ef hún situr svo lengi, þá munu þessir vextir eiga að gilda. Þannig hlýtur manni þó að eiga að skiljast þetta, annars er ekkert mark á skýrslunni takandi.

Það er rétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, að það var ekki hann, sem hafði orð á því, að framsóknarmenn hefðu ekkert gert landbúnaðinum til hagsbóta, það var hæstv. ráðh., sem sagði það, enda held ég, að hæstv. ráðh. hefði átt að láta hv. þm. eftir að tala fyrir þessu frv., það hefði farið betur á því.

Ég veit ekki, hvort ég þarf að minna hæstv. ráðh. á það, að 1953 fóru framsóknarmenn með landbrn. Þá voru lagðar fram af tekjuafgangi til sjóða Búnaðarbankans 28.8 millj. kr. Hvað ætli þetta væri há upphæð með núv. gildi peninga? Ég fullyrði, að það er a. m. k. eitthvað á milli 60 og 70 millj. kr. virði með núverandi gengi. Það er meira en felst í þessu frv. Þetta var 1953, og þá fóru framsóknarmenn með landbúnaðarmálin.

Hæstv. ráðh. talaði líka um það, að vinstri stjórnin hefði ekkert gert nema til ills eins fyrir landbúnaðinn. En það var einmitt á árinu 1957, þegar vinstri stjórnin var við völd, sem aftur eru lagðar fram til sjóðanna 36.7 millj., sem er miklu hærri upphæð eftir núv. verðgildi peninganna. Þannig eru komnar tvisvar sinnum stórar upphæðir með fjögurra ára millibili, sem mundu vera ríflegar upphæðir núna, og sýnir það, hvort framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, sem voru í stjórn 1953, vildu

ekki sinna þessu, að sjá sjóðunum farborða. Þetta hefur nefnilega alltaf verið gert öðru hverju, þegar vaxtahallinn hefur orðið sjóðunum erfiður, og var alltaf ætlunin, að af opinberu fé kæmi stuðningur við landbúnaðinn á þennan hátt, af því voru vextirnir hafðir þannig.

En hæstv. ráðh. sagði, að ef ekki hefði verið tekið erlent lán handa sjóðunum, þá þyrfti ekki þetta frv. Ég er hræddur um, að hv. 6. þm. Norðurl. e. sé varla sömu skoðunar. Það hefði þurft að gera einhverjar ráðstafanir, varanlegar ráðstafanir, vegna vaxtamismunarins, þó að ekki hefðu verið tekin erlend lán. En hvers vegna fóru þessi erlendu lán svona illa með sjóðina? Auðvitað eru það gengislækkanirnar og ekkert annað, sem gerðu það.

Hæstv. ráðh. talaði um, að yfirfærslugjaldið hefði verið voðalegt. Það er rétt, yfirfærslugjaldið hafði sín áhrif. En allur sá halli, sem varð á sjóðunum vegna gengislækkunarinnar 1960, stafaði að ⅓ hluta, eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um í Búnaðarbankanum, af yfirfærslugjaldinu. Hallinn mun hafa numið um 97 millj., en ⅓ af því mun hafa stafað af yfirfærslugjaldinu. Og það er ákaflega trúlegt, að það sé nálægt því. En svo kom gengisbreytingin 1960, svo að megnið af öllu tapi sjóðanna er ekki frá árum vinstri stjórnarinnar, heldur síðari stjórnar. Stjórnarsinnar vilja losna við ábyrgðina af gengislækkununum, og það er það, sem þessir virðingarverðu menn eru að reyna að koma yfir á stjórnarandstæðinga, að þeir beri ábyrgð á gengislækkununum, á dýrtíðinni, á öllu, sem illa fer. Ég held, að þeir athugi það ekki, að þjóðin er fyrir löngu búin að skilja það, að gengislækkunin 1960 var ekki til að bjarga neinu, hún var gerð til að koma á nýrri stefnu í efnahagsmálum í þjóðfélaginu, koma á hinum gömlu góðu dögum, sem forsætisráðherrann talaði um þá. Til þess að framkvæma þessa stefnubreytingu var gengislækkunin framkvæmd, ekki vegna neinna annarra vandræða.

Út af lánum til íbúðarhúsa í sveitum vil ég benda enn á eitt atriði. Það er ákveðið að lækka þá prósentutölu, sem hefur verið í lögum, hvað megi lána út á íbúðarhús, úr 75% niður í 60%, og ég tek undir það með hv. forsvarsmönnum þessa frv., að eins og sakir standa, þá er þetta ekki mikið atriði. En ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því: Hvers vegna er ekki sett inn í frv. eitthvert ákvæði um það, hvað skuli lána út á hvert hús, hliðstætt því, sem nú er í frv. hæstv. ríkisstj. um húsnæðismálastjórn? Þar er tiltekið, hvað skuli lána út á hús. Væri nú ekki rétt að bæta þessu inn í frv.? Það er ekkert víst, að það þurfi að breyta þessari 60% tölu fyrir það. Bændur hafa ákaflega mikla þörf á því núna að fá meira lánað en hingað til hefur verið hægt að lána, og þar sem nú er verið að rétta við hag sjóðanna, ætti þetta ekki síður að vera hægt í þessu frv. en það er hægt að gera með stjórnarfrv. um byggingarsjóð húsnæðismálastjórnar. Hæstv. ráðh. kann kannske að segja, að þetta hafi ekki verið í lögunum áður. Það er rétt, það var ekki. En af því að nú er verið að tryggja sjóðina, a. m. k. um einhvern ákveðinn tíma, og þeir eiga að vera betur færir um að lána en áður, væri þá ekki rétt að taka þetta upp?

Það ákvæði þessa frv., sem ég tel ganga næst skattinum sem neikvætt ákvæði, er ákvæði 12. gr. um gengisáhættuna. En þar segir í 12. gr.: „Eigi er stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði.“ M. ö. o.: hvern einasta eyri, sem kann að verða tekinn að láni erlendis til hins væntanlega stofnlánasjóðs, skal lána með gengisáhættu. Mér hefur skilizt á hv. frsm. frv., að þetta eigi aðeins að ná til vinnslustöðva og vélakaupa. En það er ekki rétt. Það er fjarri því, að það eigi eingöngu að ná til vinnslustöðva og vélakaupa, því að það segir í frv.: „enda gangi slíkt lán fyrst og fremst til vinnslustöðva og vélakaupa.“ Það þýðir það, að þau lán eiga að ganga fyrir um að taka á sig gengisáhættuna. En það er ekki sagt neitt um það, að gengisáhættan eigi ekki að koma á hin lánin líka. Væri svo, að engin lán ættu að vera með gengisáhættu nema til vinnslustöðva og vélakaupa, þá hefði staðið í þessu frv.: „enda gangi slík lán eingöngu“, en það er ekki, heldur bara „fyrst og fremst“. Þetta er óefnilegt, að slíkt ákvæði skuli vera sett í lög, því að gengisáhætta er alvarlegur hlutur fyrir hvern, sem tekur lán með slíku ákvæði. Hv. 6. þm. Norðurl. e. minnti á, að nú væri búið að koma þessu á í lánveitingum fiskveiðasjóðs. Það er alveg rétt, menn hafa það til fyrirmyndar, að það var gert. Við framsóknarmenn stóðum eindregið gegn því, að slíkri áhættu var skellt á þá, sem verða að taka hið erlenda fé að láni, vegna þess að það er svo mikið ranglæti í því, að aðeins þeir, sem fá þetta erlenda fé, verði að taka á sig áhættuna, en ekki hinir, sem fá innlent fé, því að ekki ráða þeir lántakendur neinu um það, hvort þeir fá lán af erlendu fé eða innlendu. Því ekki að jafna þetta á annan hátt, svo að áhættuna beri ekki aðeins þeir, sem neyðast til þess að taka þessi lán, af því að þeir fá ekki annað?

Mig undraði það nokkuð, að hæstv. ráðh. skyldi vera að svara fulltrúum bænda fyrir fram, ef þeir féllust ekki á þetta frv., að ef bændasamtökin séu á móti þessu, þá séu forustumenn þeirra ekki frambærilegir til að vera forustumenn fyrir landbúnaðinn. Það kalla ég nokkuð djarft, að svara bændunum svona fyrir fram: Ef þið ekki samþykkið það, sem ég vil, þá eruð þið ekki hæfir til að vera það, sem þið eruð. (**Gripið fram í:** Þetta er falleg hótun.)

Að lokum skal ég aðeins minnast á þá miklu framleiðsluaukningu, sem hæstv. ráðh. talaði um nú og er búinn að tala um oft að undanförnu. Hann hefur mótmælt því, að nokkur samdráttur hafi orðið nokkurs staðar, þó að hann hins vegar geti ekki mótmælt einu einasta orði af þeim tölum, sem hafa verið birtar um samdrátt í ræktun, í byggingum og svo að segja hverri einustu grein landbúnaðar og miklu fleira en landbúnaðar, m. a. í húsbyggingum til sjávar og sveita, innflutningi skipa og hvaðeina. Öllu mótmæla þeir, enginn samdráttur neins staðar, þvert á móti stóraukin framleiðsla. Og hæstv. ráðh. hefur gert sér sérstaklega far um að sýna fram á mjólkurframleiðsluaukninguna í landinu á árinu 1961.

Það er rétt, að það varð í mörgum og ég vil segja flestum mjólkurbúum landsins aukning á innveginni mjólk á því ári. Og til þess er hann að benda mönnum á þessa aukningu, að það á að vera sönnun fyrir því, að það sé viðreisnarstjórninni að þakka, þessi aukning, þessi velmegun, viðreisnin sé að heppnast, hún sé að bera árangur. Ég ætla nú, meira kannske af gamni, að benda hæstv. ráðh. á það, að ákaflega varasöm röksemd er það fyrir hann að halda því fram, að mjólkuraukningin á s. l. ári eigi eitthvað skylt við viðreisnarstefnu. Segjum, að bændurnir hefðu aukið við sig búpeningi og í þessu tilfelli nautgripum, um leið og stjórnin hefði orðið til, fyllzt einhverri bjartsýni og trausti á landbúnaðinn við það, að þessi stjórn kom, og hefðu nú farið að setja á kvígukálfana sína, því að nú var komin góð stjórn og góður landbrh. En auðvitað gátu bændurnir ekki gert þetta, fyrr en stjórnin sjálf varð til eða m. ö. o. á árinu 1960, þegar viðreisnin byrjar. Fyrr gátu þeir ekki fengið þessa trú. Við skulum hugsa okkur, að bændurnir hefðu nú gert þetta og farið að setja á viðreisnarkálfana sína þennan vetur. En kálfarnir eru bara kálfar í eitt ár, mjólka ekki neitt. Þannig fer allt árið 1960. Svo verða kálfarnir að kvígum, og kvígurnar eru bara kvígur annað ár til og mjólka ekki neitt. M. ö. o.: hversu margar viðreisnarkvígur sem settar hefðu verið á daginn sem þessi viðreisnarstjórn var mynduð, þá væri engin þeirra farin að mjólka neitt enn þá, nema þá í fyrsta lagi nú um síðustu mánaðamót, þó með því, að þær hefðu ekki misst tíma, svo að það er hæpið að hæla sér af mjólkuraukningunni á s. l. ári sem einhverju afreki viðreisnarstjórnarinnar. En samt varð mjólkuraukning, — og hvernig stendur á því? Það stendur þannig á því, að það hefur verið fjölgað gripum, áður en þessi stjórn var til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Ed., 27. og 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 367, n. 496 og 499, 502).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 496 og annað á 499 og í þriðja lagi brtt. minni hl. n. bera með sér, hefur landbn. þessarar hv. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv.

Hin síðustu ár hafa stofnlánadeildir landbúnaðarins, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, verið í miklum fjárhagsörðugleikum. Um síðustu áramót, eftir því sem hefur verið upplýst nýlega í blöðum af formanni bankaráðs, átti byggingarsjóður útistandandi 106 millj. og ræktunarsjóður 292 millj., eða samtals þessir stofnlánasjóðir báðir 398 millj., sem eru lán, er veitt hafa verið út á byggingar og ræktun í sveitum. Vextir af þessum skuldum bændanna við Búnaðarbankann eru frá 2½% í byggingarsjóði á fyrsta starfstímabili hans og upp í 6½% í ræktunarsjóði s. l. tvö ár. Ekki hef ég gögn í höndum um meðalvexti þessara stofnlána. Þeir munu ekki vera langt frá 5% til jafnaðar, líklega svolítið lægri. Flestir bændur skulda í þessum sjóðum bæði með hærri og lægri vöxtum, fáeinir aðeins með lægri vöxtunum og einstaka einnig aðeins með hærri vöxtunum.

Íslenzkir bændur eru taldir liðlega 6000 að tölu og hefur farið lítils háttar fjölgandi hin síðustu ár, því að nýbýli hafa verið stofnuð fleiri en jarðir, sem farið hafa í eyði. Það hefur stundum heyrzt deilt um það, hver bændatalan væri, og það má ofur lítið um það togast, en sá raunverulega rétti grundvöllur til að byggja þar á tel ég að séu lögbýlin, sem skrá er haldin um hjá nýbýlastofnun ríkisins. Svo er það nokkuð á reiki, hvernig bændur telja fram samkvæmt búnaðarskýrslum, því að það eru víða talin félagsbú hjá bændum og margt á reiki um það, hvað margir eru taldir í félagsbúi frá ári til árs samkv. skýrslu, sem skattanefndir gera og er kölluð búnaðarskýrsla. En ég skal ekki fara út í það nánar. Hin raunverulega rétta tala byggðra býla er að sjálfsögðu sú, sem skráð er hjá nýbýlastofnuninni.

Samkvæmt framansögðu virðist því meðaltalsskuld hvers bús í landinu við stofnlánasjóðina vera í kringum 70 þús. En þá eru að vísu ótaldar skuldir við veðdeild Búnaðarbankans, sem ég hef ekki fullar upplýsingar um, hvað séu miklar.

Sjóðir Búnaðarbankans, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, hafa síðustu áratugi orðið uppbyggingu sveitanna að miklu liði og hafa þeir þó jafnan verið mjög févana. Árlega hefur ríkissjóður lagt þeim til lítils háttar upphæð, nú hin síðustu ár 4.1 millj. á ári, áður enn minna. Og þar sem útlánavextir þeirra hafa jafnan verið lægri en vextir af því fé, sem þeir urðu að taka til útlána, hefur skuld safnazt á skuld ofan, og er gangur þeirra mála öllum kunnugur, og skal ég ekki fara út í það hér.

Á því um það bil 30 ára tímabili, sem byggingarsjóður hefur lánað til íbúðarhúsa í sveitum, er búið að byggja upp íbúðarhús á öllum þorra jarða í landinu. En margt af þeim húsum, sem byggð voru fyrir 15—30 árum, er svo smátt, að nú er mjög mikið um kröfur um að stækka þau. Þar að auki þarf að gera ráð fyrir nokkrum byggingum á nýjum býlum, sem verða að rísa upp, ef sveitalífið á að haldast í horfi og blómgast, eins og það þarf að gera. Hins vegar er enn mjög mikið óbyggt af útihúsum, sem er mjög aðkallandi að byggja.

Hin síðustu ár hefur verið mikill þrýstingur um lán úr ræktunarsjóði og einnig nokkur úr byggingarsjóði, t. d. til nýbýla og viðbótarbygginga við eldri hús. Í mörg ár hefur þessi lánaþörf verið leyst með bráðabirgðaráðstöfunum og lántökum, þegar liðið hefur að áramótum og bankastjórn og ríkisstj. talið óumflýjanlegt að afla fjár til útlána vegna bygginga og ræktunar, sem búið var að gera. Með þessu hefur öllum ríkisstj. tekizt að leysa svo úr þessu máli, að bændur hafa fengið lán út á sínar framkvæmdir, en naumast nógu há í mörgum tilfellum. Það er mikið búið að tala um það, að nú hvíli á landbúnaðarsjóðunum óbærilegar

upphæðir erlendra lána, og er það hverju orði sannara, en ég skal sleppa því að fara út í það hér nánar.

Skuldasöfnun sjóðanna undanfarin ár er bein afleiðing af því, að hér til hafa þeim ekki verið búin nauðsynleg starfsskilyrði. Þeir hafa ekki getað með því fé, sem þeim hefur verið fengið af hálfu ríkisins, valdið hlutverki sínu fyllilega: að lána út á þær miklu framkvæmdir í sveitunum, sem gerðar hafa verið undanfarin ár, einkum s. l. áratug, nema með mikilli skuldasöfnun. Framkvæmdirnar hafa orðið meiri og örari en löggjöfin gerði ráð fyrir að yrði. Þetta er mergur málsins, en ekki það, að þessir sjóðir hafi tapað fé á útlánum til bænda. Afleiðing þessarar ófullkomnu löggjafar, einkum síðan 1950, hefur orðið sú nokkur s. l. ár, að fjármálum sjóðanna hefur verið fleytt frá einum áramótum til annarra m. a. með erlendum lántökum, sem urðu þeim óbærilegar vegna gengisbreytinga, og svo framlögum við og við úr ríkissjóði fram yfir hið fasta framlag. Um mörg ár hefur þetta ástand verið óviðunandi. Ár eftir ár hafa bændur lagt út í fjárfestingu í stórum stíl í algeru öryggisleysi um að fá lán út á byggingar og ræktun. Margir hinna gætnari hafa hikað við, og þess vegna hefur verið byggt minna en ella. Og fram undan blasir nú við, að gera verður stórátök í byggingum í sveitunum, einkum peningshúsabyggingum og ýmiss konar geymslum, t. d. fyrir vélar, og svo ræktun, og fleira mætti telja, en þetta eru þær framkvæmdir, sem lánað hefur verið út á til þessa.

Sú leið, sem gengin hefur verið í þessum efnum seinustu árin, er ekki lengur fær. Um 4 millj. kr. framlag til stofnlánasjóðanna úr ríkissjóði á ári hrekkur hvergi nærri. Tvennt verður að gera í senn: létta nokkuð af skuldabyrði sjóðanna og fá þeim um leið fasta tekjustofna, svo að þeir geti starfað sjálfstætt um ókomin ár og gegnt hlutverki sínu, sem er að skapa grundvöll og endurskapa grundvöll undir bættri aðstöðu þeirra, sem í sveitunum búa.

Frv. það, sem hér liggur nú fyrir, gengur myndarlega í þessa átt, og málið er svo aðkallandi um verulega úrlausn, að ég tel nauðsynlegt, að það verði afgreitt afdráttarlaust, áður en þessu þingi lýkur, sem nú er senn á enda. Ljúki þessu þingi svo, að sama óvissa ríki áfram um lánasjóðina og verið hefur undanfarið um hálfan áratug, mun skapast öngþveiti í þessum málum.

Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að ríkið afhendi stofnlánadeildinni sem svarar 60.5 millj. kr. sem óafturkræft fé. Í 4. gr. frv. er stofnlánadeildinni séð fyrir árlegum tekjum, um það bil 26 millj. kr. miðað við heilt ár, en til samanburðar 4.1 millj. kr. árlega hin síðustu ár. Um það er deilt mest í sambandi við þetta frv., hvort sanngjarnt sé eða eðlilegt að leggja nokkurt vörugjald á landbúnaðarframleiðslu til að skapa stofnlánadeildinni þessar árlegu tekjur, sem sé einn liður í ráðstöfun til þess. Árleg gjöld í sambandi við þetta er áætlað að geri um 8 millj. kr.

Álögur eða skattlagning er aldrei fagnaðarefni fyrir neinn og þessi fjáröflunarleið ekki heldur, og út á þessa braut hefði ekki verið farið, nema af því að í óefni var komið áður.

Eins og reyndar er áður að vikið, sundurliðast þessar árlegu tekjur stofnlánadeildarinnar þannig: fjárlög 4.1 millj., búnaðarmálasjóðsgjald 8 millj., frá ríkissjóði á móti 8 millj., álag á útsöluverð búvöru 5.5 millj., eða 25.6 millj. alls. Framlag þjóðfélagsins sem heildar til búnaðarmálasjóðanna verður því samkvæmt þessu frv. 17.6 millj. á ári á móti 4.1 millj. undanfarin ár, en fer þó hækkandi, eftir því sem landbúnaðarframleiðslan vex, eins og vænta má að verði. Við þetta árlega framlag bætast svo 60.5 millj., sem ráðstafað er með frv. til stofnlánadeildarinnar, sumpart sem skuldabréfum, sumpart sem eftirgjöf skulda og sumpart sem greiðslu á erlendum lánum á árunum 1961, 1962 og 1963, og gefa skuldabréfin a. m. k. nokkrar árlegar tekjur. Til samanburðar við álagið á landbúnaðarvörurnar, sem nú er gert ráð fyrir að bændur greiði af innleggsvörum sínum, þ. e. a. s. 1% á ári, er rétt að benda á, að útgerðarmenn hafa greitt í fiskveiðasjóð og greiða a. m. k. 1.8% af sinni framleiðslu, eða rétt að segja helmingi hærra en gert er ráð fyrir að bændur greiði, miðað við hundraðshluta. Á móti þessum skatti greiðir ríkissjóður samkvæmt fjárlögum 2 millj. á ári. Ég hef ekki í höndum öruggar tölur um, hvað það muni vera há upphæð, sem útgerðin greiðir í fiskveiðasjóð. Mér er sagt af fróðum mönnum, að það muni vera a. m. k. 40 millj., sem hún greiðir á móti 2 millj., sem ríkið greiðir til þeirra í þennan sjóð.

Ég get aðeins um þetta, af því að mörgum hættir til að bera sífellt saman, hvað þjóðfélagið sem heild fari betur með eina stétt en aðra. Allur slíkur samanburður er mér fremur ógeðfelldur, en sé hann gerður, þarf hann að vera sem réttastur.

Nú líður mjög að þinglausnum að þessu sinni. Ég tel mjög aðkallandi, að þetta mál verði afgr. á þessu þingi. Það er eitt allra stærsta mál landbúnaðarins, eins og sakir standa. Ég hef áður að því vikið, hversu framkvæmda er þörf í sveitunum, í byggingum, ræktun og aukningu á vélaeign bænda fyrst og fremst. Verði þetta frv. ekki að lögum nú fyrir þinglausnir, skapast mikið vandræðaástand að því er snertir lánveitingar til bygginga og ræktunar, sem verða gerðar á þessu ári. Bændur og þjóðfélagið allt ætlast til, að slíkt þurfi ekki að koma fyrir, og ábyrgir aðilar verða að gera sér þetta ljóst og vinna að því að leysa þetta mál málefnalega.

Lagafrv. þetta hefur lengi verið í undirbúningi. Að baki þess liggur mikil vinna, hugsun og útreikningar. Að svo miklu leyti sem ég hef getað sett mig á takmörkuðum tíma inn í þá útreikninga, er frv. fylgja í töflum, sýnist mér þeir vera fremur varfærnislegir og ekki líklegt, að áætlanir breytist mikið, þó að áætlanir séu að vísu alltaf áætlanir. Að vísu mun vera reiknað út frá útlánavöxtum stofnlánadeildarinnar, eins og þeir eru nú, í tvö ár, en tekjur hennar lækka að sjálfsögðu af vöxtum eldri lána, ef vextir verða lækkaðir, sem ég tel mjög nauðsynlegt að verði, strax og vextir lækka almennt. En þó að þarna skakki einhverju í út-

reikningum frá því, sem kann að verða í framkvæmd, þá er það ekki mikið. Aldrei áður hefur búnaðarsjóðunum verið skapaður starfsgrundvöllur slíkur sem nú, ef frv. þetta verður samþykkt. Eftir 5 ár, eða eftir 10 ár, getum við sagt, eiga þeir að vera farnir að byggja sig mjög mikið upp af því fé, sem þeim er nú ætlað samkvæmt þessu frv., og stofnlánadeildin orðin þá sterk stofnun og máttug. Og út frá nýjum möguleikum, sem mér sýnast á næsta leiti, hef ég verið að velta því fyrir mér nú þessa síðustu daga, hvort bændastéttin sé nú ekki komin í snertingu við tækifæri, sem margir bændur hafa verið að impra á síðustu árin og rætt talsvert sín á milli hingað og þangað um land, ég veit a. m. k. til þess í mínu byggðarlagi. En það er það, að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir bændur, eitthvað í líkingu við það, sem sumar stéttir hafa þegar komið á hjá sér fyrir löngu, — lífeyrissjóður með einhverju móti af framlagi bænda í stofnlánadeildina, sem gæti síðan greitt út til bænda, þegar aldur færist yfir þá. Segjum, að hugsanlegt væri, að hægt væri að greiða til bænda eftir ca. 5—6 ár, þeirra elztu, allverulegar upphæðir, sem yrðu viðbót við það, sem almannatryggingarnar greiða frá sér. Ég þori ekki að fara með tölur í þessu sambandi, vegna þess að þetta mál er ekki nægilega athugað, en þessi hugmynd hefur verið að brjótast um í mér nú síðustu dagana, að rétt væri að hreyfa þessu máli í sambandi við lausn á lánamálum og hið nýja frv., sem nú liggur fyrir um stofnlánadeildina. Ég hef rætt þessa hugmynd m. a. við hæstv. landbrh., og ég veit til þess, að hann er henni mjög hlynntur. Ég hef einnig rætt það við nokkra aðra áhrifamenn, og get ég sagt hið sama um þá. En eins og þetta mál er aðkallandi nú að leysa, áður en þessu þingi lýkur, þá hef ég ekki treyst mér til þess að hreyfa þessu í frumvarpsformi eða í brtt. við þetta frv., vegna þess að það er ekki nógu vel hugsað og þarf að sjálfsögðu alllangan undirbúning, því að öll mál þurfa mikinn undirbúning hér á hv. Alþingi, það hef ég sannreynt. En ef hægt væri að leysa þetta áhugamál, sem ég veit að er brennandi áhugamál á meðal margra bænda og hefur verið lengi, þá teldi ég mikið unnið. Ég varpa þessari hugmynd fram hér, ekki til umr. í þessari hv. deild, heldur til umr. og athugana á meðal bændastéttarinnar yfirleitt og þeirra manna, sem vilja fyrir hana vinna, og þá gæti maður vænzt einhverra framkvæmda, áður en langt um líður, og þessu máli mun áreiðanlega verða haldið vakandi á næstunni.

Þó að meiri hl. landbn. geti ekki, eins og sakir standa, lagt til að taka nokkurn tekjustofn út úr þessu frv., er mér persónulega ljóst, að 1% gjald á búvörur er dálítil upphæð fyrir bændur, því að þeir eru margir hverjir tekjulitlir. En ég tel það samt aukaatriði, samanborið við þann feng, sem er að því, að frv. nái fram að ganga, fyrir alla bændur, en stofnlánadeildin, sú sem fyrirhuguð er, þolir ekki rýrnun á þeim tekjum, sem henni eru ætlaðar með frv., og ef farið væri að hrófla við einhverjum lið í þessu frv., þá er hinum liðunum hætt og jafnvel öllu frv. í heild, en eins og ég hef þegar tekið fram, tel ég mjög nauðsynlegt, að það nái fram að ganga, áður en þingi lýkur að þessu sinni.

Meiri hluti landbn. flytur eina brtt. við 12. gr. Við nánari athugun hef ég ákveðið að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. og athuga 12. gr. betur. Enn fremur hefur minni hl. n. flutt brtt. annars efnis við 12. gr., og ég hefði álitið, að það væri einnig eðlilegt, að afgreiðsla þeirrar brtt. biði til 3. umr. Annars ráða minnihlutanefndarmenn því. En ég hefði frekar óskað eftir því, að þeir tækju hana einnig aftur til 3. umr.

Að svo mæltu tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. En ég vil endurtaka það, að hér er svo myndarlega á tekið máli, að það væri afar slæmt, ef þetta nauðsynjamál verður dregið inn í pólitísk átök, svo að það máske dagi uppi á þessu þingi. Ég vil vænta þess, að þessi deild geti komið sér saman um það að samþ. frv. í aðalatriðum eins og það liggur hér fyrir.

Frsm minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það leikur ekki á tveim tungum, að landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, enn fremur elzti atvinnuvegur hennar, og líf þjóðarinnar og lífskjör hafa á liðnum öldum verið tengdari landbúnaðinum en nokkurri annarri atvinnugrein. Á síðustu áratugum hafa orðið mjög örar framkvæmdir í landbúnaðinum eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Þessar framkvæmdir eru gerðar með einkaframtaki bændanna sjálfra og fyrir áhrif félagssamtaka þeirra. Það eru bændurnir og félagssamtök þeirra, sem leggja fram stærstan skerfinn til þeirra framfara, sem orðið hafa og eru að gerast í landbúnaðinum. En því er ekki að neita, að við þessa starfsemi nýtur bændastéttin allmikils stuðnings af hálfu þjóðfélagsins, sem er bæði nauðsynlegur og virðingarvert að látinn er í té.

Byggingarsjóður sveitabæja og ræktunarsjóður Íslands, hafa starfað um 30 ára skeið og haft áhrif á það, ásamt ýmsu öðru, að lyfta undir auknar framkvæmdir í sveitum landsins og létta bændum fjárhagsbyrðar vegna bygginga og ræktunar og fleiri framkvæmda. Þessir sjóðir hafa því gegnt mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu fyrir þennan atvinnuveg nú um þriggja áratuga skeið. Þegar líta á til þess, hve mikill sá stuðningur er, sem ríkisvaldið veitir landbúnaðinum sem atvinnugrein, er sjálfsagt að hafa í huga og taka tillit til aðstöðu þjóðfélagsins í heild og hafa til samanburðar ýmislegt, sem gert er á öðrum sviðum. Og þegar á þetta er litið, er alveg augljóst, að ef bera á saman tölur, sem nú er fengizt við, annars vegar og hins vegar það, sem var fyrir áratug eða lengri tíma, þá er það í raun og veru ósambærilegt tölulega séð vegna þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa á undanförnum árum. Ég ætla ekki að fara langt út í slíkan samanburð og alls ekki að gera hann tæmandi, en ég vil aðeins þessum orðum til stuðnings drepa á fáein dæmi, sem segja má að tekin séu að handahófi.

Það liggur nú fyrir, að bankakerfið í þjóðfélaginu veltir miklu hærri fjárhæðum nú en það gerði fyrir einum til tveim áratugum. Það er

talað um það nú að undirbúa að koma á stóriðju hér á landi, þar sem aðallega yrði um iðnrekstur að ræða, og í því sambandi er í alvöru talað um tölur, sem ekki skipta milljónatugum, heldur milljörðum. Á síðari árum hefur komið til ásamt innlendu fjármagni, sem safnast fyrir í bankakerfinu, mótvirðisfé, sem alls ekki var til að dreifa fyrir tiltölulega skömmum tíma. Allt þetta, þótt ekki sé fleira nefnt, sýnir það, að viðhorfið nú er ólíkt því, sem það var fyrir einum til tveim áratugum, að þessu leyti og tölur allar miklu hærri. Þess má t. d. geta í þessu sambandi, að einn einasti liður í fjárlögunum nú, niðurgreiðslur, nemur hærri fjárhæð en heildarupphæð fjárlaga nam 1947, þegar lögin voru sett um ræktunarsjóð, en lögin um byggingarsjóð voru sett árið áður, að mig minnir. Og ef við lítum á það, að einir tveir liðir í fjárlögunum nú, niðurgreiðslur, sem ég nefndi, og framlög til almannatrygginga, nema eins hárri fjárhæð og heildarupphæð fjárlaganna nam fyrir 6—7 árum, þá sjáum við, hve myndin, sem við höfum fyrir augum að þessu leyti, breytist ört.

Það er rétt, að landbúnaðurinn hefur að undanförnu notið nokkurra framlaga í fjárlögum, sem runnið hafa bæði til stofnlánasjóðanna og einnig beint til bændanna samkvæmt jarðræktarlögum. Allt er þetta mikils virði og virðingarvert að láta þessum atvinnuvegi þetta í té. En þegar á að skoða heildarmyndina og líta á aðstöðu landbúnaðarins að þessu leyti í samanburði við það, sem öðrum atvinnugreinum er veitt, þá verður að líta á fleiri liði en þessa, sem eru fastir liðir í fjárlögunum. T. d. liggja fyrir hv. alþm. öruggar upplýsingar um það, að ríkið hefur orðið á undanförnum árum að taka á sig veruleg útgjöld vegna ríkisábyrgða. Þau útgjöld munu hafa numið á s. l. ári um 68 millj. kr., eftir því sem mig minnir að hafi komið fram í umr. í Sþ. Ég held, að það hafi einnig komið fram þar, að mjög lítið af þeirri fjárhæð hafi runnið til landbúnaðarins. Meginhlutinn af þessum greiðslum ríkissjóðs hefur farið til stuðnings öðrum atvinnuvegum, einkum sjávarútveginum, og er ég ekki með þessu neitt að telja það eftir, heldur bendi aðeins á þetta sem staðreynd, sem við verðum að hafa í huga. Þess vil ég einnig geta, að samkvæmt grg. í stjórnarfrv., sem við höfum nú til meðferðar hér í hv. deild, hefur á undanförnum árum verið varið rúmlega 100 millj. kr. samtals í atvinnuaukningarfé. Þetta fjármagn hefur dreifzt út um byggðarlög landsins, en ég hygg, að það sé rétt, að mjög lítið af þessu fjármagni hafi runnið í landbúnaðinn, heldur hafi meginhluti þess farið til þess að byggja upp aðstöðu við sjávarsíðuna og komið þá sjávarútveginum og því fólki, sem þar býr, til góða. Þetta tel ég starfsemi, sem þarf að efla, en ekki leggja niður. Ég drep á þetta einungis til samanburðar við það, sem gert er fyrir landbúnaðinn, og til samanburðar við þær till., sem hér liggja fyrir og snerta þetta frv.

Ég skal nú þessu næst víkja að brtt., sem við í minni hl. berum fram við þetta frv. Eins og fyrir liggur í nál. og frsm. meiri hl. gat um, gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv.

Það hefur mjög verið um það rætt í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, að þeir fjárhagserfiðleikar, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins eigi nú við að stríða, stafi að verulegu leyti af breytingum á skráningu krónunnar, sem gerðar hafa verið að undanförnu. Við teljum réttmætt, að ríkið taki á sig þann halla sjóðanna, sem þannig hefur myndazt. Þegar efnahagslögin voru sett í febrúar 1960, þá var skv. 5. gr. þeirra stofnaður í Seðlabankanum vaxtalaus reikningur á nafni ríkissjóðs og á þann reikning færður gengismunur, sem fram kom hjá bönkum og vegna greiðsluviðskipta við Greiðslubandalag Evrópu, og e. t. v. fleiri liðir. Sami háttur var hafður á í sambandi við brbl., sem sett voru s. l. sumar og hafa verið hér til umr., að taka inn á sérstakan reikning í Seðlabankanum þann gengismun, sem þá kom fram, og gera hann upp á þann hátt. Við leggjum til í 1. brtt. okkar á þskj. 502, að við gildistöku laga þessara skuli færa á vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum þá hækkun í krónum, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. jan. 1960 á þeim erlendum lánum, sem hvíla á byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði Íslands. Ákvæði þessarar till. taka einungis til þess gengismunar, sem fram hefur komið við gengisfellingu 1960 og 1961, og við viljum, að fjmrn. hafi lagaheimild til þess að semja um það við Seðlabankann, að heimilt sé að greiða óráðstafaða innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum af mótvirðisfé sem framlag í þessu skyni. En það hefur komið í ljós, að reikningur sá, sem ég gat um að stofnaður var skv. efnahagslögunum 1960, var jafnaður á þann hátt, að mótvirðisfé, sem var geymslufé ríkisins í Seðlabankanum, var notað til greiðslu á skuldum skv. þeim reikningi. Nú kemur það fram í hinni nýju skýrslu Seðlabankans, þar sem rætt er um mótvirðisfé, að nú er að myndast nýr mótvirðissjóður í Seðlabankanum, en í skýrslunni segir orðrétt svo um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Mótvirðisfé nam í árslok 1961 132.3 millj. kr. Eins og áður getur, var innstæðum á reikningum mótvirðissjóðs og skuldagreiðslureikningi varið til að lækka skuld á gengisreikningi ríkissjóðs, sem áður var kallaður. Nýr mótvirðisliður, mótvirðissjóður 1961, er kominn inn í reikningana, og stóðu þar í árslok 75.3 millj. kr. Þarna er um að ræða 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar. Í árslok höfðu verið notaðar tæplega 2 millj. dollara af þessari fjárhæð.“ Þegar öll kurl verða komin til grafar í þessu sambandi, þá mun þessi nýi mótvirðissjóður verða á þriðja hundrað millj. kr. samkv. því, sem hér er upplýst í skýrslu Landsbankans.

2. brtt. okkar er við 4. gr. frv. Í þeirri gr. er ákvæði í frv. um hinn sérstaka skatt á landbúnaðarafurðir og enn fremur um gjald á útsöluverð landbúnaðarafurða. Það hefur nú komið í ljós af umsögnum, sem borizt hafa til landbn., að forustumenn í samtökum bændastéttarinnar geta ekki fellt sig við þessa skattlagningu. Við leggjum til, að 4. gr. frv. verði breytt í það form, að þessir liðir um sérstakan skatt verði felldir niður. Hugsun okkar er sú,

að stofnlánadeild landbúnaðarins eigi rétt á og verði að fá til umráða hluta af því fé, sem í veltu er í þjóðarbúinu hverju sinni, og fá það með þeim kjörum, að ríkið greiði vaxtamun. Við leggjum því til, að gr. verði orðuð svo sem segir í 2. brtt. okkar.

Hv. frsm. meiri hl. vék að því, að þetta framlag, sem ákveða á skv. 4. gr. frv., sé hliðstætt framlagi sjávarútvegsins til fiskveiðasjóðs. Ég hef látið þá skoðun í ljós áður í umr. um þetta mál, að hér sé ekki um alls kostar sambærilegt framlag að ræða, vegna þess að útflutningsgjald sjávarafurða er ekki tekið beint af kaupi þeirra, sem við þann atvinnuveg vinna, og færist sem kostnaðarliður, þegar verðlagsgrundvöllur sjávarafurða er lagður. En mér finnst miklu nærtækara, þegar við viljum beita samanburði í þessum efnum, að taka annað dæmi til samanburðar, og það er byggingarsjóður ríkisins, sem veitir lán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hann hefur of lítið eigið fé til umráða til að byggja lánastarfsemi sína upp á þeim grundvelli, en samt sem áður eru þeir aðilar, sem slíkra lána njóta, ekki skattlagðir sérstaklega til fjáröflunar fyrir þann sjóð.

3. brtt. okkar er um, að haldið verði framvegis í lögum því ákvæði, sem nú er í gildandi lögum, að lán til íbúðarhúsa í sveitum megi nema allt að 75%. Önnur breyting felst ekki í þessari brtt. en að hækka þetta hámark úr 60% í 75%, þegar um er að ræða íbúðarhús í sveitum. Það a. m. k. virðist vera óeðlilegt, að þegar á sama tíma er fjallað um frv. um verkamannabústaði og frv. um byggingar í sveitum og hvort tveggja eru stjórnarfrv., þá er haldið ákvæði í frv. um verkamannabústaði, að lánin megi nema allt að 90% kostnaðar, en markið á að færast niður í 60% skv. þessu frv. Okkur finnst eðlilegra að halda þeirri tölu, sem nú er í gildandi lögum, hvort sem það hefur mikla raunverulega þýðingu eða ekki, það skal ég ekki fullyrða á þessu stigi málsins.

4. brtt. er um vaxtakjör á lánum, er stofnlánadeildin veitir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við Framsfl.-menn erum andvígir þeirri vaxtapólitík, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, almennt skoðað, og þeir háu vextir, sem nú eru innheimtir, hvíla of þungt á atvinnuvegum landsmanna. Það hefur m. a. komið mjög glögglega fram álit forustumanna í sjávarútvegi um þetta atriði og nú síðast á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem gerði mjög skeleggar ályktanir í þessu efni. Nú er það einnig kunnara en frá þurfi að segja og hefur verið drepið á það áður í umr. hér í d., að landbúnaðurinn ávaxtar sitt stofnfé ekki svo ört, að hann geti þolað háa vexti. Til viðbótar þessu er það gefið í skyn af sumum hæstv. ráðh., að jafnvel verði horfið fyrr en seinna frá þeirri stefnu í vaxtamálum, sem fylgt hefur verið um skeið. Allt þetta styður það, að vextir af lánum, sem stofnlánadeildin veitir, verði ekki hærri en þeir voru, áður en efnahagslögin voru sett, og verði lögbundnir.

5. brtt. er um það, að 2. málsgr. 12 gr. frv. falli niður, en í þeirri málsgr. er kveðið svo á, að stofnlánadeild sé ekki heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slík lán fyrst og fremst til vinnslustöðva og vélakaupa.

Í 13. gr. frv. eru ákvæði um framlag til veðdeildar Búnaðarbankans. Við teljum, að með þessu ákvæði sé of skammt gengið til þess að efla veðdeild Búnaðarbankans, en eins og kunnugt er, hefur hana um alllangt skeið skort mjög tilfinnanlega fé til útlána. Þegar lög um ræktunarsjóð voru sett 1947, var tekið inn í þau lagaákvæði, sem ávallt síðan hafa verið í gildi í lögunum um ræktunarsjóð Íslands. Þau lagaákvæði eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó eigi yfir 10 millj. kr., gegn 1½% vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni."

Með brtt. okkar, 6. brtt. á þskj. 502, tökum við upp þetta lagaákvæði, sem verið hefur í gildi síðan 1947, og gerum þá einu breytingu á því, að í stað þess, að það gildi um ræktunarsjóð, þá gildi það framvegis um veðdeild Búnaðarbankans, og í stað 10 millj., sem ákveðnar voru 1947, komi nú 50 millj., með hliðsjón af gerbreyttu verðlagi og gildi krónunnar frá þeim tíma. 1947 var ákveðið, að lán, sem seðladeildin veitti með þessum hætti, bæri aðeins 1½% vexti. En við höfum í till. okkar breytt þessu þannig að ganga þar til móts við þá stefnu í vaxtamálum, sem nú er almennt fylgt, og leggja til, að þessi lán yrðu veitt með 5% vöxtum.

Á síðasta þingi fluttum við nokkrir framsóknarmenn, sem sæti eigum í þessari hv. d., frv. um bústofnslánasjóð. Fyrsti flm. þess er hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ). Þetta frv. fékkst ekki afgreitt á síðasta þingi. Það var síðan endurflutt snemma á þessu þingi og hefur legið í n. hér í þessari hv. d. síðan. Nú leyfum við okkur í brtt., sem við flytjum við þetta frv., að taka upp meginákvæðin úr því frv. óbreytt frá því, sem þau eru í frv. Ég geri ráð fyrir því, að þeirri aths. verði hreyft út af þessu, að með þeirri nýju skipan, sem stefnt sé að því að koma á þessi mál samkv. þessu frv., sé óþarft og jafnvel ótímabært að taka þessar till. upp. Ég vil í því sambandi benda á, að í núgildandi lögum um ræktunarsjóð eru ákvæði um það að lána til bústofnskaupa og véla í landbúnaði, og þau ákvæði hafa staðið í lögunum mjög lengi, og þetta frv. breytir engu um þau ákvæði, þau eru bara tekin óbreytt úr gildandi lögum. En reynslan hefur orðið sú, að þessum ákvæðum hefur ekki verið fylgt í framkvæmd. Það stafar af því, að ræktunarsjóður hefur ekki haft svo mikið fjármagn til ráðstöfunar, að hann hafi talið sig geta lánað til allra þeirra greina eða allrar þeirrar starfsemi, sem lögin heimila honum að veita lán til. Á lagaákvæðunum, sem að þessu lúta, verður því engin breyting samkv. þessu frv. Spurningin er þá aðeins um það, hvort stofnlánadeildin verði þeim mun öflugri en ræktunarsjóður hafi verið, að hún geti eftir-

leiðis sinnt þeim umsóknum, sem henni berast um lán til bústofnskaupa og véla til landbúnaðarins. Úr þessu verður reynslan að skera. Ég get ekki, og það mun enginn geta á þessari stundu fullyrt um, hvernig þetta reynist. Það hlýtur vitanlega að vera háð því, hve miklar framkvæmdir verða á öðrum sviðum, t. d. mikil ræktun, og hve háar fjárhæðir verður sótt um til stofnlánadeildarinnar til ræktunar og bygginga útihúsa, hvort hún sér sér fært að veita lán í allar greinar, sem lögin heimila henni. En í viðbót við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að í till. okkar um bústofnslánadeild er sérstaklega miðað við að rétta hjálparhönd frumbýlingum, þeim, sem sérstaklega erfiða aðstöðu eiga innan bændastéttarinnar, koma til móts við þá. Og í þessum till. eru einnig ákvæði um að létta byrðar lausaskulda af bændum. Nú er að sönnu verið að gera átak í því efni samkv. löggjöf, sem nýlega hefur verið afgreidd. En sú löggjöf snýr að fortíðinni, þeim skuldum, sem nú þegar hafa safnazt, og gengur þó að dómi margra þm., eins og hér hefur komið fram í umr., of skammt. Það þarf enginn að ætla, að með þeirri löggjöf verði gert hreint borð um alla framtíð. Það hljóta að skapast vandamál framvegis meðal einstakra manna innan bændastéttarinnar þrátt fyrir framkvæmd þeirra laga, sem ég hef nú gert að umtalsefni. Og þeirri deild, sem við leggjum til í okkar till. að verði sett á fót, er sérstaklega ætlað það hlutverk að sinna þessu verkefni. Á það vil ég enn fremur benda, að í frv. ríkisstj. er jafnvel gert ráð fyrir því, að einstakir menn innan bændastéttarinnar kunni að geta komizt í þá aðstöðu, að það sé hæpið, að þeir fái lán úr stofnlánadeild. Í 7. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við ákvörðun lána skal bankastjórnin hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum.“ Út af fyrir sig er þetta ekki óeðlilegt sjónarmið af hálfu bankans, og við gerum enga brtt. um að fella þetta niður. En það geta skapazt þær ástæður hjá vissum mönnum, þeim, sem erfiðastan hag eiga innan bændastéttarinnar, að þörf sé á að bæta þeirra hag eftir annarri leið. Og þá er það eitt í till. okkar um hina nýju deild, að í vissum tilvikum sé heimilt eftir mati fimm manna, sem um það fjalla, að veita styrk til þess að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum einstakra manna. (**Forseti**: Á ræðumaður mikið eftir?) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Á örfá orð eftir.

Gengislækkunin, sem gerð var 1961, hafði vitanlega í för með sér aukinn kostnað við framkvæmdir í sveitum eins og á öðrum sviðum. Ákvæðin um framlög til nýbýla og til jarða, sem hafa minna en 10 hektara tún, voru endurskoðuð og að sumu leyti sett að nýju með lögunum frá 1957. Vegna þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa frá þeim tíma, voru þær tölur, sem þá voru settar í lög, ekki raunhæfar, miðað við þann kostnað, sem orðinn var. Þess vegna var á síðasta þingi gerð veruleg leiðrétting á þessu og þessi framlög færð til hækkunar, miðað við áhrif gengisbreytingarinnar 1960. En nú koma til aftur áhrif gengisbreytingarinnar frá 1961, og till. okkar, 8., 9. og 10. till. á þskj., eru miðaðar við að hækka þessi lögákveðnu framlög til samræmis við þá verðlagshækkun, sem orðið hefur.

Síðasta brtt. á þskj. er tekin upp eftir ábendingu búnaðarþings og í samræmi við það, sem meðnefndarmaður minn hefur gert grein fyrir í sambandi við annað mál í Sþ., þ. e. að veita fast framlag, 350 þús. kr., til starfsemi byggingafulltrúa, sem kveðið er á um í núgildandi lögum og á að haldast skv. þessu frv.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt., sem við flytjum, og skal nú láta máli mínu lokið, en vil að lokum taka það fram, eins og segir í nál. okkar, að afstaða okkar til þessa frv. fer eftir því, hvort brtt. okkar hljóta samþykki eða ekki.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Svo sem frsm. meiri hl. hv. landbn. (BGuðm) sagði í ræðu sinni hér áðan, er engum efa bundið, að mál það, sem við höfum hér til meðferðar, er stærsta hagsmunamál landbúnaðarins í dag. Það er að sjálfsögðu undirstöðuatriði fyrir allar framkvæmdir í landbúnaði á næstu árum, hversu til tekst með grundvöll að stofnlánastarfsemi í þágu þessa atvinnuvegar. Og það er enn fremur ljóst, þó að menn kunni að greina á um einstök atriði þessa frv., að með því er gert stærra átak en nokkru sinni áður hefur verið gert til þess að tryggja til stofnlána í landbúnaði nauðsynlegt fjármagn í framtíðinni. Ég mun síðar nokkuð víkja að því efni í ræðu minni með hliðsjón af þeim áætlunum, sem frv. fylgja, um uppbyggingu stofnlánadeildarinnar. En áður en ég vík að því, langar mig til þess að ræða nokkuð um þau viðbrögð, sem orðið hafa hér í þessari hv. d. og raunar einnig á öðrum vettvangi, hjá samtökum landbúnaðarins, í sambandi við afstöðu til þessa máls.

Það var mjög rétt, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði í ræðu sinni, að þetta mál er svo stórt hagsmunamál bændastéttarinnar, að þess hefði vissulega verið að vænta, að þó að menn kynni að greina á um einstök atriði þess, þá yrði málið rætt af hófsemi og menn reyndu sameiginlega að tryggja það, sem sýnilegt er að vinnst, ef þetta frv. verður að lögum.

Því miður verður að harma það, að í sambandi við þá gagnrýni, sem fram hefur komið á málinu, hefur þeirri gagnrýni verið hagað þannig af hálfu hv. framsóknarmanna, að það hefur í rauninni ekki verið stofnað til neinna málefnalegra umr. um málið. Ég skal að vísu taka það fram, að ræða hv. 5. þm. Austf. (PÞ) var hófsamleg, svo sem hans er venja í málflutningi, og hann hélt sig málefnalega við þær till., sem fluttar eru af hálfu fulltrúa Framsfl. í hv. landbn. En ég sé hins vegar ástæðu til að harma það, hvernig þær till. eru, vegna þess að það er augljóst mál, að þær eru ekki fram settar með það í huga að ná fram neinni samstöðu um lausn málsins, heldur eru þær settar fram til þess að reyna í gegnum þann málflutning og tillöguflutning að tryggja sér pólitíska vígstöðu. Þetta sé ég mjög ástæðu til að harma, því að ég hafði vænzt þess af þeim mönnum, sem sérstaklega telja sig vera vini landbúnað-

arins, — og ég er alls ekki að vefengja það, að þessir ágætu menn séu það, — að þeir tækju ekki þessu máli á þennan veg.

Mig langar nú til þess að færa nokkurn stað þeim orðum mínum, að hér sé farið meir af kappi en forsjá og ekki lagður sá grundvöllur að málefnalegum umr. um þetta mál, sem nauðsynlegt og æskilegt hefði verið vegna hagsmuna þeirra aðila, sem hér eiga mest í húfi.

Till. hv. framsóknarmanna eru auðvitað mjög einfaldlega upp byggðar, og það hefði verið næsta auðvelt að leysa þetta mál, ef hægt væri að taka þeim tökum í raunveruleika, sem þeir leggja til, á þann einfalda hátt einan að gera ríkissjóði að skyldu að leggja fram allt fjármagn, sem þarf til þess að byggja þessa sjóði upp, og á hinn bóginn að skylda Seðlabanka Íslands til þess að leggja fram það fé, sem til vantar, í lánum. Þetta er ósköp einföld aðferð. En auðvitað vita þessir menn það alveg jafnvel og ég, að þessar till. eiga sér engan grundvöll og enga stoð í veruleikanum og mundu aldrei hafa verið fluttar, ef flokkur þessara hv. þm. hefði verið aðili að ríkisstjórn. Og það, sem má segja að sé kátbroslegast við þessar till., — þó að þetta sé miklu alvarlegra mál en svo, að maður geti í rauninni farið að líta á það broslegum augum, — það er, að allt þetta hefði vafalaust mátt gera miklu fyrr, ef það væri svo, að þessir hv. þm. teldu í alvöru, að það væri hægt að leysa vandann á þennan hátt. Það liti sannarlega öðruvísi út með hag landbúnaðarsjóðanna í dag, ef þeir hefðu notað áhrif sín, meðan þeir höfðu valdaaðstöðu í þjóðfélaginu, til þess að fá fram þetta stórkostlega nýja fjármagn til landbúnaðarins, sem hér er lagt til. Og þá þyrfti sannarlega ekki í dag, ef þetta hefði verið gert fyrir mörgum árum, að kvarta og það réttilega um mikinn skort á lánsfé til handa landbúnaðinum. Þá liti þetta allt miklu einfaldar og auðveldar út í dag, og það er í rauninni ástæða til að harma það, ef þetta er svona einfalt úrlausnar eins og þeir vilja vera láta í sínum till., að þetta skuli ekki hafa verið gert mörgum árum fyrr og bændum þannig forðað frá margvíslegum erfiðleikum, sem þeir hafa orðið að mæta fyrir þá sök, að þannig hefur verið að þessum sjóðum búið á undanförnum árum, að þeir hafa ekki getað lánað nema brot af því, sem þeir hefðu þurft að lána.

Auðvitað vitum við það allir mætavel, og það vita hv. flm. þessara till., að málið er ekki svona einfalt, og þess vegna hefur málið ekki verið leyst á þennan hátt á undanförnum árum. Það er ekki leysanlegt á þessum grundvelli, sem hér er lagt til að gera. Þess vegna endurtek ég það, að ég harma, að menn, sem ekki er ástæða til að halda annað en vilji bændastéttinni vel, skuli flytja jafnóraunhæfa tillögu og hér er um að ræða. Þeir leggja til og hafa gert að uppistöðu í sínum málflutningi, að 1% gjaldið sé niður fellt, og það sé mikil óhæfa, að slíkt gjald sé á lagt. Og þeir leggja ekki aðeins til, að það sé niður fellt, heldur einnig að gjald það, sem gert er ráð fyrir að neytendur greiði, verði einnig niður fellt, þannig að allar tekjur, sem eiga að koma til þessa sjóðs úr öðrum áttum en frá ríkissjóði, falli niður. Í nál. hv. minni hl. landbn. er sagt, að 1% gjaldið sé sérstakur skattur, sem eigi að leggja á eina stétt, bændastéttina. Þetta er auðvitað fullkominn misskilningur. Þetta gjald er nákvæmlega sama eðlis og það gjald, sem sjávarútvegurinn á að bera, og það vill svo til, að um það gjald hafa verið að undanförnu miklar umr. hér í Alþingi, og þar hafa þeir gert mjög mikið úr því, hv. framsóknarmenn, að með gjaldinu á sjávarútveginn væru lagðar óhæfilegar kvaðir bæði á útgerðarmenn og sjómenn. Og það er auðvitað mikill misskilningur að halda því fram, eins og hér var gert í kvöld, að þetta gjald á sjávarútveginn snerti sjómenn ekki, því að þetta gjald er tekið af óskiptu, og þar af leiðandi varðar það mjög kjör hlutarsjómanna og þeir hljóta að borga að sínu leyti þetta gjald. Jafnframt er það auðvitað misskilningur, að þetta gjald komi inn í verðlagsgrundvöll sjávarafurða. Það er ekki um neinn slíkan verðlagsgrundvöll að ræða, vegna þess að það er aðeins landbúnaðurinn, sem hefur tryggingu að lögum í sambandi við verðlagsgrundvöll og verðákvarðanir eftir ákveðnum leiðum, þar sem kostnaður er tekinn til greina, þó að, — ég skal ekki út í þá sálma fara, — þó um það sé deilt, hvort það sé gert að öllu leyti, þá er þó gert ráð fyrir því í lögunum, eins og þau eru. Sjávarútvegurinn verður hins vegar að keppa á erlendum mörkuðum með sína vöru og hefur enga útflutningstryggingu, eins og t. d. landbúnaðurinn hefur. Það er því ljóst, að að þessu leyti er það vitanlega nákvæmlega sama eðlis, þetta gjald, eins og gjald það, sem af sjávarútveginum er tekið til uppbyggingar á sjóðum sjávarútvegsins m. a., sem hefur valdið því, að t. d. fiskveiðasjóður er í dag voldug stofnun og meira að segja fiskimálasjóður hefur eflzt svo, að það hefur verið talið fært að hækka lán úr þeim sjóði. Tekjurnar í þessa sjóði koma eingöngu frá atvinnuveginum sjálfum.

Það hefur verið vitnað til þess, að 1% gjaldinu á landbúnaðarafurðir, sem sé fyrst og fremst launaskattur á bændur, megi frekar jafna til þess, ef tekið væri gjald af launamönnum til þess að byggja upp veðlánakerfi til húsbygginga í kaupstöðum. Þetta má að nokkru leyti rökstyðja að sjálfsögðu á þann veg, og skal ég ekki mótmæla því. En á hitt er rétt að benda, þó að það sé kannske nokkuð annars eðlis, að bæði er það, að af tilteknum hópi launamanna á vissu aldursskeiði, að vísu bæði til sveita og við sjó, eru teknir 6% af þeirra tekjum, sem er skyldusparnaðurinn á vissu aldursskeiði, og enn fremur er stór hópur launamanna, sem borgar 4% af sínum tekjum í lífeyrissjóð. Þetta má segja að sé nokkuð annars eðlis að því leyti til, að fólkið fær þetta síðar á ævinni. Skyldusparnaðinn fær það endurgreiddan, þegar vissum aldri er náð, og einnig borga lífeyrissjóðirnir sín framlög til fólks aftur á elliárunum. En að sjálfsögðu eru þetta engu að síður, á meðan á þessu stendur, allverulegar kvaðir á þessu fólki, og það skerðir auðvitað það fé, sem hverju sinni er til ráðstöfunar hjá almenningi. Það fer æ meira í vöxt, að það séu fleiri og fleiri atvinnustéttir, sem borgi 4% af sínum launatekjum til lífeyris-

sjóðs, og það er rétt í því sambandi að minnast á það, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. gat hér um áðan og varpaði fram þeirri hugmynd, hvort ekki væri möguleiki í sambandi við eða í framhaldi af þeim skatti, sem hér er gert ráð fyrir til landbúnaðarsjóðanna, að hagnýta þennan grundvöll að einhverju leyti til lífeyrissjóðs fyrir bændur. Ég tel sjálfsagt, að það mál verði rannsakað og athugað til hlítar. Það er flókið og vandasamt mál og oft búið um það að hugsa, hvernig væri hægt að finna grundvöll til slíks, og það er sérstaklega erfitt í sambandi við bændastéttina, vegna þess að þar er í rauninni enginn gagnaðili til þess að leggja fram á móti, svo sem gerist, þar sem eru vinnuveitendur og launþegar. En ég tel sjálfsagt, að það verði athugað til hlítar, hvort hægt væri að tengja þá hugmynd á einhvern hátt við það mál, sem hér er upp tekið. Það verður að sjálfsögðu fyrst um sinn að nota þetta gjald til þess að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins. En ég er ekki fjarri því, að innan ekki langs tíma, miðað við það, að þessum tekjustofnum verði haldið, sjáum við, að stofnlánadeildin byggist allfljótt upp fjárhagslega, þannig að það mætti hugsa sér, að það væri hægt að tengja þetta á einhvern hátt saman við framkvæmd þeirrar hugmyndar að koma á lífeyrissjóði fyrir bændur. Þetta tel ég eðlilegt og er ekki í neinum vafa um, að þeir aðilar, sem þetta mál varðar, og þá fyrst og fremst hæstv. landbrh., og vonandi einnig, að bændasamtökin séu þar til samstarfs á skynsamlegri grundvelli en um þetta mál, — að þeir aðilar vilji að því vinna, að þetta verði athugað niður í kjölinn. Það er hins vegar, eins og ég sagði, miklu flóknara mál en svo, að það sé hægt að taka það inn í sambandi við afgreiðslu málsins á þessu stigi, enda yrði það að taka nokkurn tíma, að hægt væri að tengja þetta saman. En ef sá grundvöllur fengist undir þetta að einhverju leyti, þá er auðvitað eðlilegt, að hér er ekki um nein önnur gjöld að ræða en er eðlilegt og sjálfsagt að menn tækju á sig, og það er ljóst, að þó að það um eitthvert skeið yrði að öllu leyti látið renna til þess að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins, þá er hér um svo stórkostlegt mál að ræða fyrir framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins, að það er furðulegt, að menn skuli telja það áhorfsmál, þó að ég viti hins vegar og geri ekki lítið úr því, hvaða kvöð þetta hefur í för með sér. En ég hefði talið, að a. m. k. væri ekki sæmandi forustumönnum landbúnaðarins, þó að það kunni ekki að vera hægt að gera þá kröfu til allra einstaklinga, sem um þetta mál hafa að segja, að þeir láti það sjónarmið eitt ráða að ala á óvinsældum þessa gjalds, sem auðvitað er auðvelt að fá fram, eins og í sambandi við öll gjöld, sem hafa kvaðir í för með sér. Ég hafði vænzt þess og áreiðanlega allir aðstandendur þessara mála, að það yrði af forustumönnum bændasamtakanna tekið öðruvísi á málinu og reynt að finna einhvern grundvöll til þess að mætast á og reynt að tryggja þann stóra vinning, sem fæst með þessu frv. að öðru leyti.

Það hefur verið að því vikið einnig hér í umr., að í rauninni sé ekkert eðlilegt við það að vera að safna með framlögum tekjum til þess að lána til landbúnaðarins, það megi ósköp vel gera það á þann hátt að taka lán, alveg eins og gert sé t. d. í sambandi við veðlánakerfi til húsbygginga. Hér er auðvitað á ferðinni mikill reginmisskilningur, vegna þess að veðlánakerfið einmitt býr að því og það háir stórkostlega þessari starfsemi allri, að það er byggt upp á þennan hátt. Það birtist m. a. í því, að vextir af lánum til húsbyggjenda verða að vera mjög háir til þess að mæta útgjöldum vegna vaxta, sem verður að greiða af þeim lánum, sem tekin eru. Og mönnum er vafalaust kunnugt um það, að meira að segja verða lántakendur að borga af vissum hluta lánanna vísitölutryggingu, sem er fullkomlega samsvarandi gengisáhættu eða getur verið það. Og enn fremur er þess að gæta, að lán til húsbygginga úr veðlánakerfinu eru miklu skemmri en byggingarsjóður sveitanna lánar í dag. Þau lán eru frá 15—25 ára, en byggingarsjóður sveitanna lánar til 42 ára. Og ég held, að það geti engum mönnum dulizt það, sem það mál skoða niður í kjölinn, að auðvitað er engin leið að byggja upp lánastarfsemi, sem einmitt, eins og réttilega hefur verið sagt, þarf að vera þess eðlis að geta lánað með óeðlilega lágum vöxtum, nema með því að tryggja viðkomandi sjóði sem mest eigið fé. Það liggur alveg í augum uppi. Og það, sem liggur að baki þessari lausn, sem hér er talað um á lánamálum landbúnaðarins, er ekki hvað sízt það, að með því að tryggja nægilegt eigið fé er hægt að hafa nokkurn veginn í hendi sinni vaxtakjörin án þess að tefla afkomu stofnlánadeildarinnar í hættu. Það er því alger forsenda fyrir því, að það sé hægt að hafa lága vexti, að hægt sé að tryggja sem mest eigið fé til stofnlánadeildarinnar.

Það var vikið að því hér af framsögumanni minni hl., að í rauninni væru mörg dæmi þess, að aðrar atvinnugreinar í þjóðfélaginu fengju af lánsfé þjóðarinnar og jafnvel ríkisframlög, sem væru langt umfram það, sem landbúnaðurinn fengi, og því væri ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, eins og hér er lagt til í tillögum þeirra minnihlutamanna, að þetta verði leyst eingöngu annars vegar með framlögum úr ríkissjóði og hins vegar með lánum frá Seðlabankanum. Og hann vék hér m. a. að mótvirðisfé. Nú vitum við, að það er gert ráð fyrir því, að landbúnaðinum sé tryggður helmingur mótvirðissjóðs, og það er í rauninni sá fasti kjarni, sem á er að byggja varðandi lánsfé. Og það er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt og mikils virði fyrir landbúnaðinn að fá þessa viðurkenningu, og ég vil segja, að það hafi verið sýnd ákaflega mikil tillitssemi með því að láta landbúnaðinn einan hafa helming af mótvirðissjóðnum og beri vissulega að þakka það og þar sé í rauninni landbúnaðinum gert þó betur en hinum tveimur meginatvinnuvegum þjóðarinnar, iðnaði og sjávarútvegi, varðandi þennan sjóð.

Það, sem hefur verið lýst yfir í sambandi við þetta mál, er m. a. það, að gerð verði gangskör að því að tryggja, að ekki verði vaxtahalli á þessum mótvirðislánum, eins og verið hefur til þessa og hefur verið, frá því að þau

lán hófust, um 2%, sem er að sjálfsögðu stórkostlegur baggi fyrir sjóði landbúnaðarins. Þó að það hafi ekki beint áhrif á ráðstöfunarfé sjóðanna, þá auðvitað versnar afkoma þeirra frá ári til árs vegna þessa vaxtahalla.

Þá var minnzt á ríkisábyrgðir og atvinnuaukningarfé. Um ríkisábyrgðirnar er það að segja, að það er alveg rétt, að minnst af þeim hefur fallið á ríkið vegna landbúnaðarins. En við skulum jafnframt gera okkur það ljóst, að það hefur í sambandi við sérstaka löggjöf um ríkisábyrgðir verið unnið af fjvn. Alþingis að athugun á, hvernig skuli með ríkisábyrgðirnar fara, og það er gert ráð fyrir því í þeim tillögum, að sáralítið af þessum ábyrgðum verði eftir gefið, heldur verði þær innheimtar, að vísu breytt í lán til nokkuð langs tíma, en meginhlutinn af þessu verði innheimtur, þannig að það er ekki ætlunin, að þeir, sem hafa fengið þessar ábyrgðir, geti haldið þessu fé hjá sér.

Um atvinnuaukningarféð er sömu sögu að segja. Það er að vísu ýmislegt, sem forgörðum hefur farið af því, í sambandi við neyðarráðstafanir út af atvinnuvandræðum í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum, og voru tilfinnanlegust í því sambandi áföll, sem togararnir hafa orðið fyrir, meðan reynt var að halda þeim á þessum stöðum. En að öðru leyti hafa verið gefin út skuldabréf fyrir öllum þessum lánum, og það er gert ráð fyrir því í þeirri löggjöf, sem nú er hér til meðferðar í Alþingi og væntanlega verður samþykkt nú, að þau lán verði innheimt að allverulegu leyti, þannig að hvorugar þessar fjárveitingar úr ríkissjóði eiga að renna til viðkomandi aðila sem styrkur eða bein framlög ríkissjóðs.

Það er sagt, að það sé sjálfsagt og eðlilegt, að landbúnaðurinn njóti eðlilegs hluta af því fjármagni, sem á hverjum tíma sé til útlána í þjóðfélaginu. Þetta er út af fyrir sig rétt. En við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því, að á þessu máli eru margar hliðar og það verður að hafa æðimikla hliðsjón af því, hvernig búið er að öðrum atvinnuvegum í því sambandi. Bankakerfið er þannig uppbyggt, að það hefur ærið nógu verkefni að sinna með að sjá fyrir rekstrarlánum til atvinnuveganna, og hingað til a. m. k. hefur ekki verið talið fært að byggja upp stofnlánastarfsemina nema að mjög óverulegu leyti með hinu almenna lánsfé bankanna.

Varðandi þá hugmynd, að Seðlabanki Íslands eigi að leggja fram fé, sem að vísu er gert ráð fyrir í tillögum hv. minni hl. að nú falli til veðdeildarinnar, þessi heimild hefur verið í lögum um fjöldamörg ár, það vitum við allir, og hefur aldrei verið hagnýtt og aldrei tekizt að hagnýta hana. Ég efast ekkert um, að það hefur verið vilji þeirra manna, sem hafa haft með yfirstjórn landbúnaðarmála að gera og lánasjóði landbúnaðarins í ríkisstj. að undanförnu, að hagnýta þetta ákvæði. En einhvern veginn hefur farið svo, að það hefur aldrei tekizt að hagnýta það, þannig að þessi árlegu framlög, sem var gert ráð fyrir frá Seðlabankanum, hafa á undanförnum árum reynzt dauður bókstafur. Og ég fæ ekki séð, hvernig er hægt að gera ráð fyrir, að það muni sérstaklega verða gerbreyting á því viðhorfi nú. Með þessu er ég ekki að segja, að ekki sé eðlilegt, að Seðlabankinn hlaupi undir bagga með stofnlánadeildinni eða sjóðum landbúnaðarins. En það er a. m. k. alveg ljóst, að Seðlabankinn gerir ekkert í því efni, nema sjóðum landbúnaðarins verði komið á starfhæfan og rekstrarhæfan grundvöll. Mig undrar ekkert, þó að hann geri það ekki, því að að sjálfsögðu er það að reka sjóði á þann hátt, sem landbúnaðarsjóðirnir eru nú reknir, hrein hringavitleysa, sem hlýtur að enda með algerum ósköpum og upplausn. Og ég teldi það vera hreint ábyrgðarleysi í raun og veru af Seðlabankanum, ef hann ekki samtímis því, sem hann legði fram fé til stuðnings landbúnaðinum í stofnlánum, hreinlega heimtaði það, að gengið væri frá þessum sjóðum þannig, að einhver vitlegur efnahagslegur grundvöllur væri lagður að þeim. Og þegar þeir tala hér um það, að sú fullyrðing fái ekki staðizt, að lánasjóðir landbúnaðarins geti ekki fengið lánsfé, af því að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum þeirra, þá er þetta algerlega byggt á misskilningi, þessi fullyrðing, vegna þess að það er alveg ljóst, að ef ætti t. d. að leita að erlendu lánsfé til afnota fyrir sjóði landbúnaðarins, þá er það gersamlega útilokað, að nokkur erlendur aðili mundi við okkur tala og halda nánast, að við værum geggjaðir menn, ef við færum fram á, að yrði veitt lán til slíkra sjóða sem hér er um að ræða, miðað við þann grundvöll, sem þeir hafa nú. Og það hefur áður verið upplýst hér, að það lán, sem Seðlabankinn veitti á s. l. ári til þess að leysa brýnustu þörf í sambandi við stofnlán til bænda, var veitt með því skilyrði, að grundvöllur væri lagður að fjárhagslega traustri afkomu sjóða landbúnaðarins í framtíðinni. Og ég er í engum efa um það, að hvort sem um er að ræða löggjöf eða ekki, þá verði allt annað og ekkert sambærilegt viðfangsefni að tryggja stofnlánadeild landbúnaðarins það fé, sem hana vantar til viðbótar við sitt eigið fé, sem hér er lagt til að tryggja, ef málið verður afgreitt á þeim grundvelli, sem hér er lagður, og aðeins er um það að ræða að hlaupa undir bagga með viðbótarfé, sem stofnlánadeildina vanhagar um á næstu árum til þess að leysa þær þarfir, sem hún þarf að leysa. Ég óttast ekki, að það verði erfiðleikar á að brúa það bil, ef þessi trausti grundvöllur verður lagður, sem hér er gert ráð fyrir að leggja. Og ég held, að það hljóti að vera gleðiefni öllum þeim, sem fyrir landbúnaðinn vilja vinna, að geta horft fram á, að það öngþveitisástand, sem verið hefur á undanförnum árum í þessu efni, hverfi. Við vitum það allir, hversu óviðunandi á allan hátt það ástand er, þafnvel þó að hægt sé að krafla saman eitthvert lánsfé, að það skuli hafa verið ár eftir ár undanfarið svo, að síðari hluta sumars hefst kapphlaup um það við tímann, — ég meina ekki blaðið Tímann, heldur tímann með litlu téi, — að afla lánsfjár til þess að geta leyst úr lánsfjárþörfinni fyrir áramót. Þetta er auðvitað gersamlega óviðunandi ástand, að það skuli vera þannig. Eins er um það, sem við stöndum andspænis í dag, að menn skuli hafa neyðzt inn á þær brautir, eins og var á sínum tíma gert, að taka erlent lánsfé í

stórum stíl, af því að ekkert innlent lánsfé var fáanlegt. Þá datt víst engum í hug að láta ríkissjóðinn leggja fram allt fé í sjóðina, eins og hér er lagt til, og Seðlabankann eða Landsbankann, seðladeild hans. Þá varð að fara inn á þær brautir að fá erlend lán í stórum stíl, endurlána þau að sjálfsögðu, eins og varð að gera, gengisáhættulaust og standa síðan uppi með þá stórkostlegu áhættu, sem þessu fylgdi fyrir sjóðina, úr því að sú fráleita aðferð var höfð að láta ekki ríkið taka lánin og endurlána sjóðunum. Ef við eigum að standa áfram andspænis þessu vandamáli, að stjórn sjóðanna geti aldrei vitað fyrir fram, hvaða fé er til ráðstöfunar, fyrr en kannske nokkrum dögum áður en kemur til að veita lánin, þá er hér um slíkt ástand að ræða, að ég get ekki skilið, að nokkrir menn, sem koma nálægt landbúnaði eða hafa umboð fyrir bændur, sem a. m. k. flestir hv. framsóknarmenn hafa meira og minna til lántöku og þekkja þetta þess vegna af eigin reynd, — að þeir skuli telja viðunandi slíkt ástand eins og verið hefur í þessum málum.

Þegar við svo aftur komum að hinni hliðinni, hvort það er jafneinfalt og hér er lagt til að leysa þetta mál, að það sé ekkert annað, sem þurfi, heldur en láta ríkissjóðinn bara leggja fram 25 millj. kr. á ári mótframlagslaust, þá held ég, að enginn af þeim mönnum, sem hefur orðað þessa till., sé svo skyni skroppinn að vita það ekki fullkomlega, að þessi leið er útilokuð, gersamlega útilokuð. Og þeim mundi áreiðanlega aldrei hugkvæmast að orða þessa tillögu, ef þeir gætu ráðið því í raun og veru, hver lausn þessa máls yrði. Og við skulum einmitt horfa á þá hlið málsins í fullri alvöru, að þetta er ekki eina viðfangsefnið, sem við er að fást í þjóðfélaginu. Það eru til fleiri stofnlánasjóðir í þessu landi, og ég held, að það sé engin goðgá, þó að við a. m. k. létum okkur detta í hug, að það mundi ekki verða horft á það af talsmönnum iðnaðar og sjávarútvegs alveg mótmælalaust, að ríkissjóður legði fram með beinum framlögum 25 millj. á ári í stofnlánasjóð landbúnaðarins, en 2 millj. í stofnlánasjóð sjávarútvegsins og 2 millj. í iðnlánasjóð, þegar svo, t. d. eins og á sér stað með sjávarútveginn, er þannig ástatt, að sjávarútvegurinn leggur fram yfir 90%, eða allt að því 100% af því fé, sem safnað er til fiskveiðasjóðs eða lánasjóðs sjávarútvegsins á hverju ári. Ég held, að við hljótum að sjá í hendi okkar, að svona er ekki hægt að vinna að málum, og ég efa það ekki, að hv. flm. þessarar till. muni hafa haft þann áhuga á málum landbúnaðarins fyrr en nú, að þeir mundu vissulega hafa lagt drög að því, að þessi leið yrði farin miklu fyrr, ef hún hefði verið fær. Þeir hafa haft mjög góða aðstöðu til þess, hafandi lengst af bæði fjmrh. og landbrh. í sínu liði. Og það er nú ekki aðeins, að reynslan sanni það, að þessi leið sé ekki fær, ef maður gengur út frá sama áhuga hv. framsóknarmanna um að fara þessa leið undanfarin ár eins og þeir hafa nú, heldur hefur annað atriði ekki heldur verið fært og ekki verið framkvæmt, sem þó er miklu minna mál en þetta, og það er að láta ríkissjóð borga vaxtahallann, sem myndazt hefur árlega á lánum úr bæði mótvirðissjóði og öðrum lánum. Framlög ríkissjóðs hafa um mörg ár verið 4.1 millj. til beggja þessara sjóða. Vaxtahalli sjóðanna er miklu meiri en þetta. Hann er um 9 millj. kr. nú á ári. Og það hefði þó verið það minnsta, að það hefði þó verið gengið frá því, að ríkissjóður greiddi jafnan þennan halla með hækkun á framlagi sínu árlega, eftir því sem vaxtahallinn óx. Það hefur ekki einu sinni fengizt. Og hvernig dettur mönnum þá í hug, að nú sé allt í einu kominn svo stórkostlega velviljaður aðili til landbúnaðarins, eftir að þeir eru sjálfir farnir úr stjórn, að nú sé einfaldlega hægt að leysa allt þetta mál með því að láta ríkissjóð borga alla skapaða hluti í sambandi við lánasjóðina? Þetta finnst mér vægast sagt oftrú, þó að ég viti, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur góðan vilja á því að efla landbúnaðinn, eins og líka þetta frv. sýnir.

Ég hef nú vikið að megintillögum þeim, sem hv. framsóknarmenn flytja í sambandi við þetta frv. Og mér hefur skilizt í rauninni á því, sem hv. 5. þm. Austf. (PÞ) sagði hér áðan, að afstaða þeirra til málsins velti á því, hvernig fer um þessar tillögur. Ég skil þá þau orð hans svo, að hann eða hans flokksmenn muni verða á móti þessu frv., ef þessar tillögur verða felldar. Sannast sagna furðar mig mjög á því, ef það er alvara hv. framsóknarmanna að taka þannig á þessu máli. Hvað halda þeir, að verði um lánamál í þágu landbúnaðarins, ef þessu frv. verður hafnað og ekkert gerist í sambandi við það öngþveitisástand, sem ríkjandi er í stofnlánamálum landbúnaðarins? Ég efast um, að þeir hafi hugsað þá hugsun til enda, hvaða afleiðingar það hefði. Nú í dag eru sjóðir landbúnaðarins gersamlega þrotnir að öllu fé, og það hefur ekkert fé verið til til þess að leysa þær þarfir, sem eru bæði í sambandi við vinnslustöðvarnar, þar vantar inn mikið fé, og einnig í sambandi við vélar ræktunarsambandanna. Ekkert af þessu hefur enn verið hægt að leysa. Ekkert fé er til lánveitinga á þessu ári og engin leið að fá neitt fé, ef áfram á að halda á þeim grundvelli, sem nú er í dag og raunverulega er ekki hægt að kalla grundvöll, heldur kviksyndi.

Ég satt að segja verð að lýsa mikilli furðu yfir því, ef hv. framsóknarmenn treysta sér til að taka þá afstöðu til þessa máls, þó að þessar tillögur þeirra verði felldar, sem ég veit að þeir láta sér auðvitað ekki til hugar koma að verði samþykktar, vegna þess að til þess eru þær allt of fráleitar og ekki settar fram á þann hátt, að það sé nokkur grundvöllur undir því, að hægt sé að mætast á neinn hátt og brúa það bil, sem hér er á milli þeirra skoðana, sem fram koma í frv., og þeirrar hugsunar, sem það byggist á, og svo þeirrar hugsunar, ef hugsun skyldi kalla, sem þessar tillögur byggjast á.

Ég skal ekki ræða mikið um hugleiðingar þeirra um gengishallann. Það hefur ekki verið komið inn á það, og gleðst ég yfir því, að menn eru þó fallnir frá þeirri fráleitu staðhæfingu að halda því fram, að gengishalla hafi verið létt af gjaldeyrisbönkunum með gengisbreytingunni, þegar þvert á móti allur gengishagnaður var af þeim tekinn til þess að jafna gengis-

halla ríkissjóðs. Þá má auðvitað færa rök fyrir því fullkomlega, að það hefði verið rétt að taka með gengishalla ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs og fiskveiðasjóðs, þegar gengislögin voru sett á sínum tíma. En hins vegar skulum við ekki loka augunum fyrir því, að þau gengisviðskipti, sem þar er rætt um, eru allt annars eðlis en þessi föstu lán, sem hér er talað um í sambandi við sjóði landbúnaðar og sjávarútvegs. Það var ekki létt gengishalla af neinum stofnunum eða aðilum, sem höfðu tekið föst erlend lán. Það, sem gerðist í gjaldeyrisbönkunum, var aðeins það, að það var jafnað til gengismismun í sambandi við hin venjulegu gjaldeyrisviðskipti bankanna, sem í gangi eru á hverjum tíma, en föst lán komu þar ekki undir. Látum svo vera, að þetta hefði verið hægt að gera, en þá kemur aftur fram sú spurning: Hvernig stóð á því, að engar raddir komu fram í þessa átt og engar tillögur komu fram um það? Það lá þó alveg ljóst fyrir þá, hve geysilegt áfall þetta mundi verða fyrir þessa sjóði, en það var ekki flutt nein till. um það mér vitanlega, að þessi gengishalli yrði tekinn með á þennan reikning. Og það vitum við líka mætavel allir, og skal ég ekki vera að saka einn né neinn um það, þetta eru aðeins staðreyndir málsins, að þegar yfirfærslugjaldið var lagt á, þá hafði það í för með sér tugmilljóna tap fyrir landbúnaðarsjóðina. Mér er kunnugt um, að það var vakin athygli á því af bankastjóra Búnaðarbankans, hversu alvarlega horfði með landbúnaðarsjóðina út af þessum ráðstöfunum. Það var ekki talið, að hægt væri að gera neitt þá, og sagt, að það yrði að bíða síns tíma, þannig að það má segja, að það séu mörg samverkandi atriði, sem hér hafa komið til greina og valdið þessum erfiðleikum í sambandi við landbúnaðarsjóðina. Og það er auðvitað hægt að stæla um það fram og aftur, hver eigi þar sök og hver eigi þar ekki sök. En ég held, að það séu ákaflega ófrjóar umr. og ekki til þess fallnar að leysa þennan vanda, því að það er hægt að tilgreina mörg sakaratriði á báða bóga, ef út í það er farið.

Það liggur svo auðvitað í augum uppi, þegar við erum að tala um þetta gengismál, hversu fráleit sú till. er hjá hv. minni hl. að leggja til, að að vísu sé heimilað að taka erlent lán til sjóðanna eða til stofnlánadeildarinnar, — það er ekki lagt til, að það verði útilokað, heldur verði útilokað, að það megi lána það með gengisáhættu. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það verður þá fyrir fram að útiloka, að það sé hægt að taka erlend lán. Hver á að borga slíka gengisáhættu? Það gefur auga leið, að það er ekki hægt að finna neitt form fyrir því, nema þá beinlínis að ríkissjóður eigi að taka lán og endurlána án gengisáhættu, og ég veit ekki til, að hann taki nein slík lán, þannig að við verðum þá að útiloka þann möguleika, að sé hægt að nota erlent fé í sambandi við lánastarfsemi landbúnaðarins. Og vissulega ber að því að stefna. En það stefnir vissulega ekki í þá átt, ef við eigum að láta allt fljóta sofandi áfram að feigðarósi og byggja þessa sjóði að verulegu leyti upp með lánsfjáröflun, sem getur aldrei orðið nema að takmörkuðu leyti á innlendum vettvangi, ef á að fara þá leið eina.

Það eru svo ýmis minni háttar atriði, sem brtt. hv. minni hl. fjalla um, svo sem um veðdeildina, fé til hennar, sem að vísu er ekki lítilvægt mál, en er auðvitað byggt upp á þann veg, sem þeir mætavel vita sjálfir að er erfitt að framkvæma. Annars er það auðvitað eitt þeirra mála, sem væri ella búið að framkvæma fyrir mörgum árum, meðan þeir höfðu yfirstjórn þessara mála sjálfir. Það er, eins og aðrir þættir þessa máls, ekki eins einfalt og setja það hér í nokkrum línum á pappír, að það skuli gerast bara á þann veg að skylda eina lánsstofnun til þess að leggja fram nauðsynlegt fé. Það er reynt að mæta þessu á raunhæfan hátt í frv. með því að heimila kaup á vaxtabréfum veðdeildarinnar að því marki, sem búnaðarþing hefur lagt áherzlu á að þyrfti að fá í veðdeildina. Við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir því, að að vissu leyti léttist á veðdeildinni, því að það hefur verið reynt hingað til með veðdeildarlánum að létta t. d. vélakaup og ýmis önnur útgjöld hjá bændum, það hefur ekki eingöngu verið haldið sér að jarðakaupum, þannig að að vissu leyti léttist þarna á veðdeildinni, ef stofnlánadeildinni vex svo fiskur um hrygg eins og hér er lagður grundvöllur að, þannig að fjárþörf veðdeildarinnar, þó að hún vissulega sé mikil, verður þó minni en ella. Og ég hef þá trú, að einmitt með því að leggja þennan grundvöll að stofnlánadeildinni fáist skilyrði til þess að afla aukins lánsfjár til hennar með það í huga, að hægt verði að endurlána til veðdeildarinnar. Og þar sem það jafnan hefur verið venjan, að veðdeildin lánaði út á hærri vöxtum en stofnlánadeildin, ætti þetta að vera tiltölulega miklu auðveldara mál en er að leysa þátt stofnlánadeildarinnar sjálfrar.

Um vextina skal ég ekki mikið ræða. Það er deilumál, eins og hv. frsm. gat hér um, hvað vextir eiga að vera. Það gefur hins vegar auðvitað auga leið, að það mundi fljótt verða fullkomið öngþveiti, ef ætti að lækka vexti stofnlánadeildarinnar án þess að lækka aðra vexti í þjóðfélaginu, þannig að hún þyrfti að borga af þeim lánum, sem hún tekur, kannske tvöfalda vexti á við það, sem hún lánar út. Það mál lít ég svo á, að hv. flm. telji, að það hljóti að verða í samræmi við önnur vaxtamál og till. sé eingöngu flutt til þess að ítreka enn á þessum vettvangi þeirra skoðun um það, að vextir eigi að lækka almennt, þannig að ég eyði ekki mörgum orðum að því.

Varðandi bústofnslánasjóðinn skal ég heldur margt segja. Ég minntist á það mál nokkrum orðum, þegar það frv. var rætt hér í hv. deild. Það er auðvitað ekki nema gleðilegt, að veitt sé aukið fé, og það hefur því miður ekki verið hægt að sinna því máli neitt varðandi bústofnslánin. Ég hef hins vegar ekki mikla trú á því, að það leysi neinn vanda að stofna nýja deild. Það er heimild í lögum um stofnlánadeildina til að veita bústofnslán, og ef væri hægt að fá eitthvert aukið fé, væri það gleðilegt og ágætt. En ég sé ekki, að það mundi bæta neitt úr skák að setja það í sérstaka deild, heldur rynni það til sameiginlegra þarfa stofnlánadeildarinnar.

Það er svo rétt að taka það fram, að það eru nokkur atriði, sem er nauðsynlegt að íhuga nánar í sambandi við þetta frv., áður en það fer út úr hv. deild. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þau atriði hér, en mun koma því á framfæri við hv. landbn. Ég geri ekki ráð fyrir, að það séu atriði, sem neinum deilum þurfi að valda, heldur er það í sambandi við lausn ákveðinna vandamála, sem þarf að vera hægt að ganga þannig frá frv., að sú lausn sé ekki útilokuð, og skal ég ekki frekar gera það að umtalsefni hér.

Ég hef nú kannske farið of mörgum orðum, en það var þó tilefni, sem til þess gafst, um þær tillögur, sem hv. minnihlutamenn landbn. hafa flutt hér í sambandi við þetta frv., og ég endurtek, að þrátt fyrir hófsamlega ræðu hv. 5. þm. Austf. lýsi ég mikilli hryggð yfir því, að þeir mætu menn, sem þar að standa, skuli hafa tekið þetta mál á þann veg að falla algerlega í þá gildru að gera þetta að pólitísku áróðursmáli, en reyna ekki a. m. k. að kanna leiðir til þess að finna sameiginlegan grundvöll til lausnar á þessu stórkostlega hagsmunamáli bændastéttarinnar. En látum það nú allt vera. Þeir eru stjórnmálamenn og þurfa líka að hugsa um sinn flokk. En ég kemst ekki hjá því að láta hér í ljós enn þá meiri furðu á framkomu og afstöðu búnaðarþings. Ályktun þess er furðulegt plagg, sem lengi mun geymast og því miður fyrir búnaðarþing sennilega ekki gleymast. Og þessi virðulega samkunda, sem til þess hefur verið kjörin af bændum landsins að hafa forustu um hennar mál, hefur í þessu einu stærsta máli bændastéttarinnar brugðizt svo einkennilega við, að það er eins og meiri hl. búnaðarþings hafi verið gersamlega sleginn einhverri annarlegri blindu. Og það ber þó að virða það um önnur samtök landbúnaðarins, Stéttarsamband bænda, að afstaða þess er þó byggð á meiri hófsemi og meiri skynsemi, vil ég segja, því að skynsemin virðist hafa orðið einhvers staðar utangátta hjá hv. meiri hl. búnaðarþings, þegar þeir réttu upp hendur sínar með þeirri ályktun, sem þeir hafa frá sér sent og er birt sem fskj. með nál. minni hl. Það væri freistandi að ræða þessa ályktun búnaðarþings í einstökum atriðum, en það væri of langt mál, og skal ég ekki þreyta hv. þm. með því. En það er fráleitt að taka á þessu stóra máli á þann veg, sem þar er gert, á þann óraunsæja hátt, sem er þó enn þá óraunsærri en hv. minnihlutamenn landbn. hafa þó gert hér að því leyti til, að þeir hafa þó orðað ákveðnar tillögur til lausnar á málinu. Þó að það sé ekki raunhæf lausn, þá sleppum því, en á pappír lítur það út sem lausn. En búnaðarþing hefur ekki talið þetta mál landbúnaðarins þess virði að leggja sig niður við að reyna að finna leiðir til þess að leysa málið. Það ræðir að vísu um það í fyrstu tillögu sinni, að það skuli létta af búnaðarsjóðunum gengishallanum, sleppum því, en síðar kemur firran: á sama hátt og gert hafi verið með gjaldeyrisbankana. Þetta vitum við, að er alrangt, og þetta hefðu ýmsir mætir menn á búnaðarþingi vafalaust getað upplýst, ef þeir hefðu kært sig um. Hitt er sjónarmið út af fyrir sig að létta af gengishallanum, sleppum því. Síðan er haldið áfram, að búnaðarþing geri kröfu til, að ekki þurfi að taka neina gengisáhættu af erlendum lánum. Hvernig dettur svona virðulegu þingi í hug að láta frá sér fara svona fjarstæðu? Það var þá einfaldast að segja, að ekki mætti taka erlend lán, því að auðvitað er það, eins og ég áðan sagði, fásinna að halda, að það sé hægt að taka erlend lán fyrir sjóði og þeir þurfi ekki að taka á sig gengisáhættu af lánunum. Önnur till. er þó kannske furðulegust af þessari ályktun, og þarf í rauninni ekki lengra að halda í ályktuninni. Það er sú hugkvæmni, að það sé hægt að leysa vandann með því, að stofnlánasjóðirnir fái frá Seðlabankanum fé hliðstætt því, sem ákveðið var í lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins 1946. Hafa menn nú heyrt annað eins! Stofnlánadeild sjávarútvegsins fékk þá 100 millj. kr. af gjaldeyrissjóði þjóðarinnar, sem hún þá átti, og var það talinn hluti sjávarútvegsins til uppbyggingar togaraflotans eftir stríðið af þeim gjaldeyrissjóði, sem þá var til, eins og allir vita. Þetta var eina framlagið, sem stofnlánadeildin fékk. Hún hefur aldrei fengið annað framlag, og það hefur verið þannig frá þessu máli gengið, að þetta fé er dregið inn, jafnskjótt og lánin endurgreiðast frá lántakendum. Og það er eiginlega ólýsanlegt, hvernig framámönnum landbúnaðarins dettur í hug, að það hefði verið hægt að leysa vandamál stofnlánasjóða hans með svipaðri lausn og þetta, ef þeir hefðu fengið 100 millj. kr. fyrir tíu árum og væri búið að draga meiri hlutann af fénu inn aftur. Það væri ekki ónýt hjálp. Og auk þess að vitna til þessa frv., að þessi lausn eigi að fást í dag, þá eru auðvitað ekkert sambærilegar aðstæður og voru 1946, og þetta er byggt á þeim sérstöku aðstæðum, sem þá voru, að það var verið að ráðstafa stórum sjóði, sem þjóðinni hafði áskotnazt á stríðsárunum. Ef hv. búnaðarþing er ekki meira stórhuga í málum landbúnaðarins en svo að telja, að þetta gæti leyst vandamál stofnlánasjóða landbúnaðarins, þá mega bændur sannarlega fara að biðja máttarvöldin um að hjálpa sér eða bjarga sér undan vinum sínum.

Þetta eru tvö fyrstu atriðin í ályktun búnaðarþings. Og nánast er svo engin niðurstaða, það er nánast engin leið að komast að raun um það, hver er raunveruleg skoðun búnaðarþings á málinu í heild, því að allt framhald ályktunarinnar er hrein moðsuða og blandað inn í hana ýmsu öðru, sem kemur ekki þessu máli við. En ég get ekki stillt mig um að segja það, að það eru margir mætir menn, sem á búnaðarþingi sitja. En það fær mig enginn til að trúa því, að þessir mætu menn hafi, þegar þeir sömdu þessa ályktun, — ef þeir þá hafa samið hana sjálfir, sem ég efast stórkostlega um, að hún hafi ekki verið send úr ákveðinni flokksskrifstofu, — en þegar þeir a. m. k. greiddu atkv. um þessa ályktun, þá hafi það verið hagsmunir bændasamtakanna, sem þar sátu í fyrirrúmi, að hugsa sér það um jafnstórt mál og hér er um að ræða, að þá skuli ekki hafa verið lagður raunhæfari grundvöllur að ábendingum til Alþingis um meðhöndlun þessa máls en hér er gert. Og það eru áreiðanlega engar öfgar, þó að

sagt sé, að með svona ályktun er virðulegt búnaðarþing að leggja grundvöll að því, sem ég harma mjög, að á því verði ekki tekið mark.

Herra forseti. Ég er nú þegar orðinn of langorður. En það eru mörg atriði, sem upp í hugann koma, þegar um þetta vandamál er rætt. Ég vék að því í upphafi míns máls, hversu stórkostlega mikilvægt mál það væri fyrir landbúnaðinn að tryggja grundvöll stofnlánasjóða sinna. Við vitum það í dag, að því fer fjarri, að jafnvel þó að væri hægt að starfrækja stofnlánasjóðina áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur, sem er ekki hægt, en jafnvel þótt svo væri, þá vantar mikið á, að þeir geti sinnt sínu hlutverki. Það er nauðsynlegt að hækka lánin, þó að þau hafi að vísu verið hækkuð allverulega nú síðustu tvö árin, en þá höfðu þau staðið óbreytt síðan 1956 — flest lánin. En þó að þau hafi verið hækkuð nú síðustu árin um 25% að meðaltali og sum meira, þá vantar enn mikið á, að hægt sé að lána eins og lög gera ráð fyrir.

Það var minnzt á það hér í dag, og það er ein af tillögum hv. minnihlutamanna, að lán til íbúðarhúsabygginga verði 75%, eins og var í lögunum. Með breytingunni, sem hér er, að fella þetta allt undir 60% regluna, er auðvitað ekki ætlunin að draga úr þessum lánum. En það vitum við allir, að þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt, og það á vitanlega langt í land, að hægt sé að framkvæma það, þó að það vissulega væri æskilegt. Það hefur ekki verið lánað lengst af nema 60 þús. kr. út á hvert íbúðarhús. Nú er þessi upphæð þó komin upp í 100 þús. Auðvitað þarf að hækka það mikið enn, og þó á það auðvitað mjög langt í land, jafnvel þó að lánin tvöfölduðust, að það færi upp í 60% markið, hvað þá hærra. Það má segja, að það skipti hins vegar ekki miklu máli, hvaða prósenta er höfð, nema hvað prósentan kann að gefa mönnum rangar hugmyndir og falsvonir um það, hvaða lána sé að vænta. En þessi lán, sem eru í dag, þurfa að hækka, og ekki aðeins það, heldur vita allir og a. m. k. þeir, sem við landbúnað fást og fara með umboð fyrir bændur, hversu brýn þörf er að veita lán til vélakaupa, bústofnskaupa, og nú er eitt stórkostlegt mál, sem bændur þurfa að leysa, og það er í sambandi við heyverkun, og þar af leiðandi þyrfti að vera hægt að hjálpa bændum með súgþurrkunartæki. Þannig eru mörg viðfangsefni og margt annað, sem hér kemur til, sem er undirstöðuatriði fyrir búskap í sveitum, að hægt sé að veita lán út á. Þennan vanda þarf að leysa. Og það er trú mín, að ef þetta frv. verður samþykkt, ef tekst ekki að eyðileggja það á þann hátt að skapa þá tortryggni til málsins, að talsmenn þess og þeir, sem barizt hafa fyrir að koma þessu fram til hagsbóta fyrir bændastéttina, segi ekki, að það sé þá bezt að láta málið lönd og leið, sem ég vona þó að ekki gerist, þó að það væri kannske ekki að undra eftir viðbrögð búnaðarþings til málsins og undirtektir, þá er það trú mín, að ef þetta allt fer vel, þá muni með þessari lausn, sem hér er lögð til, vera hægt að horfa fram á aukin lán, ekki aðeins til þeirra framkvæmda, sem nú hafa verið veitt lán til, heldur til nýrra viðfangsefna í þágu landbúnaðarins. Og ég vil halda því fram, að á engan hátt geti menn í dag sýnt landbúnaðinum meiri aðstoð og meiri vinsemd heldur en leggja raunhæfan grundvöll að því, að hægt sé að leysa þetta stóra vandamál, sem flestir eða allir bændur eiga við að glíma, lánsfjárskortinn til uppbyggingar í sveitum landsins. En að lokum ítreka ég hryggð mína yfir því, að svo skuli hafa verið brugðizt við þessu máli sem hér hefur verið gert, annars vegar af hv. framsóknarmönnum, sem hingað til hafa þó talið sig sérstaka vini bænda og hefði mátt vænta að hefðu tekið þessu vandamáli með mestum skilningi, og hins vegar og þá ekki síður harma ég hina furðulegu afstöðu meiri hluta búnaðarþings, hvernig þar hefur verið við brugðizt. Ég skal ekkert segja um það, hvernig framtíðin mun dæma þetta mál, en ég er persónulega þeirrar skoðunar, að í framtíðinni muni talið, að með þessu frv. hafi verið stigið farsælt spor til hagsbóta íslenzkum landbúnaði.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagðist álíta, að þetta mál, sem hér væri til umr., væri eitt stærsta mál landbúnaðarins í dag, stærsta hagsmunamál landbúnaðarins í dag. Ég álít, að stærsta hagsmunamál landbúnaðarins í dag séu verðlagsmálin, því að því aðeins getur landbúnaðurinn tekið lán til stofnframkvæmda, að honum sé tryggt rétt verðlag fyrir búvörurnar. En að því frágengnu, þá get ég samþykkt, að þetta sé næststærsta hagsmunamál landbúnaðarins í dag.

Það var sagt hér við framsögu meiri hl. landbn., að með þeim tillögum, sem liggja hér fyrir í frv. ríkisstj. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, væri myndarlega tekið á máli. Og var þá átt við það, að með þessu frv. væri landbúnaðinum tryggt mikið fé til stofnframkvæmda á næstu árum umfram það, sem tryggt hefur verið hingað til. Það er því rétt að íhuga þessi atriði nokkru nánar.

Í þessu frv. er lagt til, að stofnlánasjóðurinn fái stofnframlag með ýmsu móti frá ríkissjóði, sem nemur um 60.5 millj. kr. Nú er rétt að geta þess, að á 5 árum, 1953—1957, fengu stofnlánasjóðir Búnaðarbankans á svipaðan hátt framlög frá ríkissjóði eða fyrir tilstilli ríkisstj. samtals 65.4 millj., en þá var allt annað verðlag í landinu og hver króna um tvöfalt meira virði en nú er, svo að þetta er nú allur myndarskapurinn á þessu sviði, að veitt er tæplega sama krónutala í stofnfé nú og var gert á árunum 1953—1957 úr ríkissjóði eða að tilstuðlan ríkisins. Auk þess er samkv. þessu frv. tryggt árlegt framlag frá ríkinu, sem nú fyrst um sinn er áætlað 17.6 millj. kr. á ári. En gengistap það, sem er af erlendum lánum bankans, er áætlað að meðaltali um næstu 15 ár um 10½ millj. kr. á ári, svo að eftir eru þá 6.1 millj., eða aðeins 2 millj. kr. meira en framlag ríkissjóðs til bankans hefur verið nú á undanförnum árum. Þetta er þá allur myndarskapurinn í hinum árlegu framlögum ríkissjóðs til bankans, að þau eru aðeins 2 millj. kr. meira áætluð á næstunni en þau hafa verið hingað til, og vita þó allir, að hver króna er miklu

verðminni nú en verið hefur til þessa. En auk þessa framlags er lagt til í þessu frv., að bændastéttin leggi fram sem svarar 2% af kaupi sínu í stofnlánasjóðinn og auk þess verði lagður söluskattur á útsöluverð landbúnaðarvara, sem áætlað er að nemi 5½—6 millj. kr. árlega fyrst um sinn. Myndarskapurinn í þessu frv. er þá fólginn í því að leggja launaskatt á bændastéttina og söluskatt á neytendur landbúnaðarafurða til þess að reyna að bæta upp það tjón, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir á undanförnum 2 árum, sérstaklega í sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. og þær margháttuðu skatta- og tollaálögur, sem fallið hafa á landbúnaðinn og gert honum erfitt fyrir um það að halda áfram þeirri uppbyggingu og þeirri þróun, sem nauðsynleg er, til þess að áfram verði lífvænlegt í sveitunum. Og ég verð að segja það, að ég harma, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar skuli ekki sjá annað ráð líklegra til þess að byggja upp lífvænlega framtíð í sveitunum í þessu efni en þá að leggja á þessa skatta, bæði á bændur og neytendur, til þess að afla fjár í stofnlánasjóðinn. Það hefði mátt vænta þess, að eftir að búið er að smala saman fé í ríkissjóð með margháttuðum skattaálögum, eins og söluskattinum, sem hefur hækkað verð á öllum tækjum og vélum til landbúnaðarins stórkostlega undanfarin tvö ár, og smala saman fé í ríkissjóðinn í stórum stíl með þessum hætti, þá væri kannske einhver möguleiki til þess, að hægt væri að leggja meira fé úr ríkisjóðnum sjálfum til þess að efla þessa sjóði heldur en verið hefur á undanförnum árum. Og það hefur verið auglýst mikið núna í vetur, að efnahagsráðstafanir, hin svokallaða viðreisn ríkisstj., hafi heppnazt og safnazt fyrir hundruð milljóna af sparifé í bönkunum, og það var hægt að hugsa sér að hafa þó eitthvað af því fé til þess að efla stofnlánasjóði landbúnaðarins fram yfir það, sem hægt hefur verið á undanförnum árum, þegar oft hefur verið talað um, að það væru erfiðleikar með að fá sparifé í þessu skyni. Og hvaða trygging er í þessu frv. fyrir því, að þessi framlög, sem þó eru ætluð hér, bæði frá ríkissjóði og bændunum, rýrni ekki og verði lítilfjörleg í reyndinni vegna nýrra verðhækkana í landinu? Og hvaða trygging er fyrir því, að gengistapið á erlendu lánunum verði ekki enn þá meira en nú lítur þó út fyrir vegna nýrra gengisbreytinga? Ef svo færi t. d., að yrði kauphækkun á þessu ári, eins og varð á hinu árinu, mundi þá ekki ríkisstj. grípa til þess ráðs að lækka gengið að nýju? Og mundi ekki þessi ráðstöfun þá renna út í sandinn vegna nýrra verðhækkana? Mér sýnist, að það sé engin trygging fyrir því í þessu frv., að landbúnaðurinn hafi raunverulega tryggingu fyrir því, að þessi lán fullnægi þörfum hans í framtíðinni frekar en hingað til. Væri þá ekki nær að fara þá leið, sem við í minni hl. höfum bent á, að færa gengishallann á sérstakan reikning, sem ríkissjóður bæri ábyrgð á, og um leið tæki hann á sig ábyrgð á frekari gengisbreytingum í þessu efni? Það væri þó a. m. k. nokkurt aðhald fyrir ríkisstj. og Seðlabankann að vera ekki að ráðast í ótímabærar gengisbreytingar hér eftir, ef slíkt væri gert.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi hér nokkuð um samþykkt búnaðarþings í sambandi við þetta mál og afstöðu Stéttarsambands bænda, og þykir mér því rétt að fara um það atriði nokkrum orðum.

Á síðasta stéttarsambandsfundi var mikið rætt um erfiðleika landbúnaðarins og lánamál hans, og það var gerð ýtarleg ályktun um þau efni, sem ég vildi — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér.

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1961 lítur svo á, að þær stórstígu breytingar í verðlagsmálum í landbúnaði, sem átt hafa sér stað að undanförnu, einkum þó á síðasta ári, hafi svo neikvæð áhrif á þróun landbúnaðarins meðal þjóðarinnar, sér í lagi að því er snertir byrjendur í búskap, að ekki sé unandi við það ástand, er ríkir í þessum málum nú.

Sem tilraun til að draga nokkuð úr þeim erfiðleikum, sem þarna er við að stríða, telur fundurinn nauðsynlegt, að Stéttarsamband bænda beiti sér fyrir eftirfarandi: 1) Veðdeild Búnaðarbankans verði efld, svo að hún verði fær um að veita frumbýlingum nægileg lán með hagstæðum kjörum til kaupa á jörð, búi og landbúnaðarvélum. 2) Að tryggt verði fjármagn til stofnlánasjóða landbúnaðarins. 3) Að lausaskuldir bænda fáist yfirfærðar í bankana og verði lánaðar til langs tíma með lágum vöxtum. 4) Að ríkissjóður taki að sér greiðslu hinna erlendu lána, sem sjóðir Búnaðarbankans hafa fengið. 5) Að vextir stofnlána verði lækkaðir og lánstíminn lengdur í það, sem áður var."

Finnst ekki hv. alþm., að tillögur okkar í minni hl. séu nokkuð í sama dúr og þessar tillögur aðalfundar Stéttarsambands bænda? Að lausaskuldum, — það er ekki tilheyrandi þessu máli, því að það er búið að afgreiða það áður, — undanskildum, eru allir þessir liðir innifaldir í þessum tillögum okkar hér, að ríkissjóður taki að sér greiðslu hinna erlendu lána, að stofnlánasjóðurinn verði efldur, og þá er að sjálfsögðu átt við það, að hann sé efldur með því sparifé, sem þjóðfélagið á, að veðdeild Búnaðarbankans verði sérstaklega efld til að sinna sínu hlutverki og að vextir verði lækkaðir í það, sem þeir áður voru.

Bændurnir gera sér áreiðanlega ljóst, að landbúnaðurinn er þess eðlis, að hann þolir ekki háa vexti. Þess vegna er alveg sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, að hann njóti hagstæðra vaxtakjara, og þetta hefur verið viðurkennt á undanförnum árum og um langt árabil, þessi sérstaða hans. Af þeim sökum var það í upphafi, að þetta sérstaka ríkisframlag, sem stofnlánasjóðir Búnaðarbankans hafa fengið, var veitt. Það var veitt til þess að standa undir þeim vaxtamismun, sem orðið hefur hjá bankanum vegna lægri útlánsvaxta en hann hefur þurft að greiða af því fé, sem hann hefur fengið að láni. Og þessi framlög dugðu lengi vel til þess að standa undir vaxtamismuninum. Það er aðeins nú allra síðustu árin, síðan vextir hækkuðu stórkostlega, að þetta fé hefur ekki dugað til. Og það er einmitt sök þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að hún hækkaði vextina svo mikið, að þetta fé dugði ekki til. Að því

leyti ber henni að sjálfsögðu sérstök skylda til þess að leggja stofnlánasjóðunum til aukið fé til þess að standa einmitt undir þessum aukna vaxtamismun.

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hann teldi, að það hefði verið illa séð fyrir lánsfjárþörf sjóðanna, meðan Framsfl. gat ráðið hér í landinu. En ég verð að segja það, að hafi verið illa séð fyrir þeim þá, þá er illa séð fyrir þeim nú tvö síðustu árin, því að hlutfallslega, miðað við verðgildi fjár í landinu, voru þau framlög, sem stofnlánasjóðirnir fengu á þeim árum, miklu, miklu hærri en þau framlög, sem þeir hafa fengið nú tvö síðustu árin. — Það var alltaf höfð gát á því, að sjóðirnir gætu lánað nauðsynleg lán til ræktunar og bygginga á hverju einasta ári, og ríkisvaldið hljóp alltaf undir bagga til þess að tryggja, að slíkt gæti átt sér stað. Og þessir erfiðleikar, sem hv. stjórnarstuðningsmenn tala svo mikið um í sambandi við lánasjóðina, komu fyrst til sögunnar eftir gengisbreytinguna, þegar bankinn þurfti að borga miklu meira fé fyrir erlendu lánin í vexti og afborganir en áður hafði verið, og það var vegna sjálfrar gengisbreytingarinnar. Af þeim sökum ber líka hv. stjórnarstuðningsmönnum að leysa þessa þörf með sérstökum fjárframlögum af hálfu ríkisins.

Þá vil ég víkja að ályktun búnaðarþings í sambandi við þetta mál. Hv. síðasti ræðumaður vildi halda, að hún hefði verið samin á einhverri flokksskrifstofu, — þeir þekkja sína og vita, hvar ályktanirnar eru samdar. En það verð ég að segja um búnaðarþing, að enn þá geta búnaðarþingsmenn samið sínar ályktanir sjálfir, og vonandi verður það alltaf svo.

Fyrsta atriði í þessari ályktun fjallar um þá kröfu, að ríkið greiði gengishallann af erlendu lánunum. Þetta er sú meginkrafa, sem bændastéttin hefur alltaf og mun alltaf gera, að ríkissjóður taki á sig þennan halla. Og ég hef þegar fært rök að því, að það er réttmætt að gera þá kröfu, og ég held, að það sé líka fullkomlega í samræmi við það, sem gert var í sambandi við önnur mál, þegar efnahagslögin voru sett, að gera þessa kröfu. En ég harma það hins vegar, að hv. síðasti ræðumaður skyldi þó ekki lesa rétt það, sem búnaðarþing samþykkti um þetta. Það hefði verið það minnsta, að hann hefði lesið það rétt.

Önnur krafan er um það, að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á sem einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar að fá fjármagn til stofnlána landbúnaðarins af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar. Þetta á einfaldlega við það, að sparifé þjóðarinnar verði notað jöfnum höndum í þágu landbúnaðarins eins og annarra atvinnuvega, og það mætti ætla, að svo mikið sem safnazt hefur fyrir af sparifé að sögn bæði ríkisstj. og stuðningsflokka hennar og stjórnar Seðlabankans nú undanfarandi ár, þá væri til eitthvað af sparifé, sem mætti og gæti farið í landbúnaðinn í þessu skyni. Búnaðarþing leit svo á, að landbúnaðurinn ætti fulla kröfu á sínum hluta í þessu efni. Og í framhaldi af þessu gerir þingið kröfu til þess, að auk árlegra fjárframlaga úr ríkissjóði fái stofnlánadeildin lán frá Seðlabankanum hliðstætt því, sem ákveðið er í lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins frá 29. apríl 1946. Þetta var hugsað sem einn þáttur í því að efla stofnlánasjóðinn, alveg sérstaklega nú í bili að fá sérstakt framlag úr Seðlabankanum í þessu skyni og þá alveg sérstaklega til veðdeildarinnar. Það var eðlilegt að gera þessa kröfu, þar sem svipuð ákvæði höfðu verið sett varðandi sjávarútveginn fyrir nokkuð mörgum árum, og enn virðist vera nokkuð af því eða helmingurinn af því fé í umferð. Samkv. plöggum, sem liggja á borðinu mínu, sá ég, að það væru nær 50 millj. kr. enn í umferð af þessu fé, sem þá var veitt til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Og það var ekki óeðlilegt, að núna, þegar Seðlabankinn er búinn að draga til sín mörg hundruð milljónir af sparifé þjóðarinnar víðs vegar af landinu, líka úr sveitunum, gæti hann lagt fram a. m. k. í þetta skipti eitthvert verulegt fjármagn til að efla lánasjóði landbúnaðarins. Ég sé ekki, að það sé nema full sanngirniskrafa og réttlætiskrafa af hálfu þeirra, sem vilja landbúnaðinum vel. En hv. síðasti ræðumaður sagði: Hvers vegna eru framsóknarmenn ekki búnir að gera þessa kröfu miklu fyrr? Í fyrsta lagi er því til að svara, að sjóðirnir hafa aldrei verið eins illa stæðir og nú. Í öðru lagi er því til að svara, að framsóknarmenn hafa aldrei ráðið yfir Seðlabankanum, en hins vegar hafa núverandi stjórnarflokkar tryggt sér full umráð yfir Seðlabankanum, og að því leyti hafa þeir miklu betri aðstöðu til þess að koma þessu fram.

Þriðja atriði í ályktun búnaðarþings, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo:

„Búnaðarþing mótmælir eindregið þeirri sérstöku skattlagningu á bændastéttina og gjaldi á útsöluverð landbúnaðarvara, sem kveðið er á um í 4. gr. frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi."

Það er þessi sérstaka skattlagning, og það er alveg sérstök ástæða til að taka það fram, að enginn búnaðarþingsmaður greiddi þessu atkv. Það fór fram nafnakall um þennan lið tillögunnar og hann var samþykktur með 17 shlj. atkv., en fjórir menn sátu hjá. Sumir þeirra lýstu yfir, að þeir væru andstæðir þessu, en vildu ekki spilla fyrir málinu að öðru leyti og vildu því sitja hjá. Á sama hátt hefur stjórn Stéttarsambandsins mótmælt þessum skatti. Og mig furðar nú það, að menn, sem eru velviljaðir landbúnaðinum, skuli sjá sér fært að leggja til, að tekjulægsta stétt þjóðfélagsins skuli leggja fram sérstakt framlag í sína lánasjóði, þegar á sama tíma er verið að fjalla um lánamál annarra stétta á hv. Alþingi og þykir ekki fært að leggja til, að þær leggi á sig launaskatt í þessu skyni.

Ég verð að taka undir með síðasta ræðumanni um það, að þetta efni hefði horft nokkuð öðruvísi við, ef þetta hefði átt að verða lífeyrissjóður. Og ég einmitt hreyfði þeirri tillögu á búnaðarþingi, að það kæmi mjög til álita, ef á annað borð þætti nauðsynlegt að leggja á slíkan skatt sem þennan, að fara fram á það, að þessu væri breytt í það form, að það yrði myndaður lífeyrissjóður fyrir bændastéttina, sem yrði þá í senn til þess að veita þeim bændum lífeyri, sem eru hættir að geta stundað búskap, og yrði

lánasjóður um leið. En þá yrði líka að gera þá kröfu, að sá lífeyrissjóður yrði undir stjórn bændasamtakanna, alveg skilyrðislaust, eins og aðrir lífeyrissjóðir. Og af þeim sökum sá ég mér ekki fært að forma slíka brtt. við þetta frv., því að þá hefði orðið að taka þann þátt alveg út úr og mynda sérstaka deild í Búnaðarbankanum, sem yrði þá undir stjórn stéttarsamtaka bændanna. En þessi hugmynd er þess verð, að hún sé skoðuð vel og athuguð.

En þá er það næst söluskatturinn á útsöluverð landbúnaðarvara. Það má segja, að bændastéttin þurfi ekki endilega út af fyrir sig að vera að mótmæla þessu, frekar en þá almennt sölusköttum. En þó hefur þessi skattur þá sérstöðu, að hann mundi auka andstöðu neytendafulltrúa, sem bændur verða að semja við um sín verðlagsmál, — auka andstöðu þeirra gegn því, að það fengjust eðlilegar verðhækkanir á landbúnaðarvörum, og að því leyti kynni hann að skaða stéttina og koma niður á bændunum sjálfum. Þess vegna og í því ljósi var það, að búnaðarþing mótmælti þessari skattlagningu sérstaklega.

Í sambandi við þetta má minna á það líka, sem er stórt atriði í sambandi við þessi mál, að bændastéttin er eina stétt þjóðfélagsins, sem hefur um langt árabil unað því að hafa gerðardóm í sínum kaupgjaldsmálum, og það sýnir sig, að í reyndinni hefur það orðið til þess, að bændastéttin hefur lægst laun allra stétta þjóðfélagsins. Þó að það sé reynt að miða við aðrar stéttir, hefur útkoman alltaf orðið sú, að tekjur bændanna verða almennt minni.

Fjórða atriði í ályktun búnaðarþings er, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing lýsir yfir því, að landbúnaðinum er það mjög nauðsynlegt, að vextir af stofnlánum séu lágir, vegna þess að stofnfé til bygginga í sveitum og ræktunar skilar arði seinna en stofnfé annarra atvinnuvega."

Þetta held ég að sé viðurkennt af öllum, að landbúnaðurinn getur ekki velt fjármagni sínu eins fljótt og aðrir atvinnuvegir. Og ég sé ekki annað en þetta sé réttmætt, eins og það hefur alltaf verið á undanförnum árum, að gera þá kröfu, að landbúnaðurinn hafi búið og búi við lága vexti. Og það hafa aldrei komið fram þau rök hér í þessum umr. um þetta mál né önnur mál varðandi landbúnaðinn, að þau réttlæti það að hafa háa vexti af lánum til landbúnaðarins. Eins og ég gat um áðan, var framlag ríkissjóðs til Búnaðarbankans eða stofnlánasjóðanna í upphafi ætlað til þess að standa undir vaxtamuninum í þessu efni.

Fimmta atriði í ályktun búnaðarþings, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing telur, að tryggja þurfi veðdeild Búnaðarbankans sérstakt fjárframlag, sbr. ályktun búnaðarþings 1961."

Það er í þessu frv., sem hér er til umr., ákvæði um það, að heimilt er stofnlánasjóðnum að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 10 millj. kr. á ári. En það er engin trygging fyrir því, að slíkt fé verði til. Það er aðeins, ef afgangur er frá öðrum þörfum stofnlánasjóðsins, að þetta yrði notað. En eins og ég hef getið hér um áður, getur alveg eins farið svo innan lítils tíma, að þessi breyting, sem fyrirhuguð er á stofnlánasjóðnum, verði eyðilögð af nýjum verðhækkunum, þannig að það eru ekki neinar líkur til þess, að það verði fé afgangs í stofnlánasjóðnum til þess að veita í veðdeildina í þessu skyni. Það er því eðlilegt, að veðdeildinni verði tryggt sérstakt fjárframlag í þessu skyni, og það er því í fullu samræmi við þennan vilja búnaðarþings og Stéttarsambands bænda, að við minnihlutamenn í landbn. leggjum til, að veðdeildinni verði einmitt tryggt slíkt framlag. Það er að sjálfsögðu eitt mesta vandamál landbúnaðarins í dag, einmitt það að geta fengið fé, til þess að hægt sé að færa jarðeignir á milli kynslóða eða milli manna, og á undanförnum árum hefur Búnaðarbankinn því miður ekki getað sinnt þessari þörf sem skyldi, og alltaf verður þessi fjárþörf meiri vegna þeirra stórfelldu verðhækkana, sem orðið hafa. Þetta er því alveg sérstaklega brýnt nú, eins og margbent hefur verið á.

Ég hef nú gert grein fyrir öllum meginatriðum ályktunar búnaðarþings. En svo er lokaatriðið varðandi þetta mál. Það var það að mæla með samþykkt frv., sem hér um ræðir, ef þær breytingar, sem búnaðarþing óskaði eftir, yrðu teknar til greina. Og ef tillögur okkar minnihlutamanna, sem fara í öllum meginatriðum eftir tillögum búnaðarþings og Stéttarsambands bænda, verða samþykktar, þá getum við stutt málið. En við teljum, að með þessari sérstöku skattlagningu, sem fyrirhuguð er, sé stigið svo stórt spor til þess að skerða kjör bændanna og rétt þeirra, að það sé ekki verjandi að samþykkja slíkt ákvæði eins og það er formað hér. Mér finnst, að það sé álíka og að gefa kúnum mjólkina úr sér í harðindum, það sé álíka gáfulegt að taka fé frá fjárvana atvinnuvegi og rétta honum það aftur og að mjólka kúna og gefa henni mjólkina aftur.

Það hefur komið fram við uppgjör á 10 ára áætlun, sem Stéttarsamband bænda gerði fyrir tímabilið 1950—1960, að fé það, sem fest hefur verið í landbúnaði á því tímabili, hafi verið nærri þrír milljarðar, og 69% af því fé hafa komið frá bændunum sjálfum, 19.1% sem lánsfé frá Búnaðarbankanum og hitt sem styrkir eða framlög frá ríkinu. Það sést af þessu, að bændur eru ekki að fara með fé sitt í annað en í landbúnað. Þeir leggja allt, sem þeir geta við sig losað, alla þá vinnu, sem þeir geta lagt fram auk bústarfanna, í umbætur á sínum jörðum, og allt laust fé, sem þeir hafa ráð á, leggja þeir í umbætur á sínum jörðum. Og hvers vegna að vantreysta þeim þá til þess, ef þeir hefðu afgang af sínum litlu launum í framtíðinni, að leggja það sjálfir í sínar umbætur? Er meiri ástæða til þess að fela Búnaðarbankanum að fara með það fé, ef það kynni að verða eitthvað afgangs hjá þeim, heldur en bændunum sjálfum? Ég held, að það sé vafasöm leið. Kannske er það hugsað eins og þegar er verið að tyggja matinn í litlu börnin, blanda bakteríum þess, sem tyggur, í fæðuna, til þess að rétta hana svo litla barninu aftur. Ég veit það ekki, en mér dettur það helzt í hug. Mér sýnist, að þessi myndarlega aðferð, eins og hv. frsm. meiri hl. nefndi, til þess að efla stofnlánasjóð

landbúnaðarins sé svo óraunveruleg og eigi svo lítinn rétt á sér, að ekki sé sæmandi að mæla með slíku.

Það hefur verið í sambandi við þetta mál rætt nokkuð um atvinnuaukningarfé og ríkisábyrgðir, og það er rétt að koma að því, því að það er nú svo, að það er nálega ekkert fyrirtæki stofnað varðandi sjávarútveg, án þess að það fái lán eða styrk af atvinnuaukningarfé, og ungir menn, sem ráðast í það stórræði að kaupa báta eða stofna til fyrirtækja á því sviði, hafa nokkurn veginn tryggingu fyrir því að fá eitthvert fé þannig sem stofnfé. Það er ekki nema gott um það að segja, að slíkt skuli vera gert, og ég tel, að það ætti að gera meira að því en venja hefur verið hingað til. En það er nákvæmlega sama, sem við erum að leggja til hér með því að gera kröfu til þess, að ríkið leggi fram framlag til stofnlána í landbúnaði. Það er nákvæmlega hliðstætt þessu, að við teljum eðlilegt, að ríkið leggi fram fjármagn til þess að hjálpa ungu fólki, sem vill setjast að í sveit, til þess að koma af stað sínum búskap og stofna heimili. Það er því ekki nema til jafnvægis við þetta, að farið er fram á það, að ríkisframlagið í þessu skyni sé hækkað. Þá má líka minna á það, að t. d. stofnlán sjávarútvegsins, bæði úr stofnlánadeild og fiskveiðasjóði, eru öll veitt með ríkisábyrgð, og þetta skapar þessum atvinnuvegi vissa tryggingu fyrir því að fá meira fjármagn í útlánin, og það er að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja. En þetta verður líka til þess, að ríkið leggur fram í gegnum þetta með greiðslu á áföllnum skuldbindingum vegna ríkisábyrgða allverulegt fé til þessa atvinnuvegar, sem landbúnaðurinn nýtur ekki. Og það er líka eðlilegt að gera kröfu til þess, að á móti því fái hann eitthvert aukið fjármagn í sín stofnlán.

Hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði hér áðan, að lögin um stofnlánasjóði landbúnaðarins hefðu verið ófullkomin allt síðan 1950. En þegar þessi lög voru sett, að ég ætla 1947 eða 1946, líklega 1946, þá var því haldið fram af þáv. stjórnarflokkum, en Sjálfstfl. réð mestu um löggjöf þá, að þau væru mjög fullkomin og þau mundu tryggja landbúnaðinum nægjanlegt lánsfé um næstu eða kannske alla framtíð. En hafi þau reynzt ófullkomin, skyldi þá ekki geta farið svo, að líka þessi löggjöf, sem nú er formuð og hugsuð og sögð eiga að vera mjög fullkomin, yrði ófullkomin eftir fá ár, — kannske tvö, þrjú eða fjögur ár? Ég er hræddur um það. Mér sýnist nefnilega bragurinn á henni vera þannig, að það sé engin von til þess, að hún verði fullkomin eða leysi allar þarfir landbúnaðarins á næstu árum. Og einmitt með hliðsjón af því er það, að við minnihlutamenn í landbn. flytjum þær brtt., sem eru hér á þskj. 502. Og ég hefði kosið, að hv. stjórnarstuðningsmenn hefðu litið á þær með meiri velvilja en komið hefur hér fram, og þá er ég sannfærður um, að hefði verið hægt að ná samstöðu um það að bæta aðstöðu stofnlánasjóðanna meira en þeir hafa hugsað sér að gera og kannske gera löggjöfina fullkomnari, þó að aldrei sé hægt að sjá neitt fram í tímann um það, hvernig málin snúast. En ég hefði kosið það, og ég er sannfærður um það, að ef sýnd hefði verið meiri framsýni og vilji til þess að tryggja þetta til frambúðar, þá hefði verið hægt að ná samstöðu um þessar tillögur okkar í minni hl.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu meira um þetta að þessu sinni. Það gefst kannske tækifæri til þess að tala um þetta meira seinna. En ég vildi þó undirstrika að lokum, að það er stórt mál fyrir landbúnaðinn, að lánaþörf hans verði leyst, en allra stærsta mál hans er þó að fá það verðlag að geta staðið undir lántökum. Ef maður hugsar sér það, að t. d. íbúðarhús kosti núna allt að hálfri milljón króna og bóndinn fengi lánað eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, hámarkið, 60% af kostnaði, þá yrðu vextir samkvæmt frv. 18 þús. kr. á ári. Það er varla hægt að hugsa sér, að fátækur bóndi geti lagt 200 þús. kr. úr eigin vasa í þetta, þó að hann leggi verulega vinnu fram sjálfur, svo að það mætti gera ráð fyrir, að hann þyrfti að taka 100 þús. kr. til viðbótar þessu láni og þá með 9% vöxtum, og þá eru það önnur 9 þús. í vexti af því. Þá eru komin 27 þús. Skatturinn, sem hugsaður er á bændur í sambandi við þetta mál, nemur 1700 kr. á meðalbúum. Þetta gerir samtals 28 700 kr., skatturinn og vextirnir af lánum vegna slíkrar byggingar sem þessarar. Þar til viðbótar koma svo afborganir. Hugsið þið ykkur fátækan bónda að standa undir svona lánum. Væri ekki rétt að reyna að hugsa þetta til enda, reyna að létta átökin í þessu efni með því að lækka vextina og reyna að tryggja hlutfallslega hærri lán með lágum vöxtum, tryggja það betur en hér er gert ráð fyrir? Er nokkur von til þess, að ungt fólk byggi upp í sveitunum í framtíðinni, ef svona á að búa að því?

Ég held, að það þurfi að taka á þessu með meiri skilningi, sýna meiri víðsýni og skilning á þörfum þessa fólks, til þess að svo megi verða, og ég vonast til þess, að jafnvelviljaðir menn sveitunum og hv. síðasti ræðumaður er sýni það í verki í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að hann hafi skilning og velvilja á þessu og taki tillit til brtt. okkar í minni hlutanum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar virðast tala með meiri hófsemi um þetta mál við þessa umr. en við 1. umr. málsins. En sá galli er samt á málflutningi þeirra enn, að hann styðst illa við rök og kemur ekki heim við veruleikann og sízt af öllu við þeirra orðstír og það, sem þeir hefðu átt að gera, þegar þeir höfðu valdaaðstöðu, ef þeir telja það nú rétt, sem þeir halda fram í ræðum sínum og tillögum. Það er í rauninni ekki ástæða fyrir mig að fara að flytja hér ræðu í þessu máli eftir þá ræðu sem hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj) flutti hér áðan, því að hún tók ekki af neitt það, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hafði sagt. Það stendur allt óhrakið. Ég er sammála hv. 1. þm. Vesturl. um eitt meginatriði, og það er það, að það sé mikils virði fyrir bændastéttina að fá rétt verðlag fyrir afurðirnar, þar erum við alveg sammála, að fá kostnaðarverð fyrir framleiðsluna, að fá fullt kaup fyrir erfiðið og þá vinnu, sem bóndinn leggur fram. Þetta er ekki nema eðlilegt og nauðsynlegt að

stefna að því að tryggja. Nú var það svo á s. l. hausti, að það varð ekki samkomulag í 6 manna nefnd um verðlag landbúnaðarafurða. Þetta vitum við. Í stað þess að hækka verðið um allt að 30%, eins og framleiðsluráð lagði til, var meðalhækkunin aðeins 14.5%. Ég býst við því, að kröfur Stéttarsambandsins og framleiðsluráðsins hafi verið í aðalatriðum réttar. En hitt vitum við, að verðgrundvöllurinn skekktist ekki um 30% á síðasta verðlagsári. Við vitum, að skekkjurnar eiga sér lengri aðdraganda, og þegar við þurfum að athuga verðlagsgrundvöll og tala um verðlagsmálin, þá getum við ekki annað en staldrað við haustið 1957, þegar landbúnaðarverðið var hækkað um 2%, eða 1.88% minnir mig, en vorið og sumarið áður höfðu tekjur launþega hækkað um allt að 12%. Og það er eðlilegt, að maður spyrji: Hvernig mátti þetta ske? Þá var sátt og samlyndi. Framleiðsluráð andaði lítið þetta haust, og þá heyrðist lítið talað um það af hendi framsóknarmanna, að verðlagningin væri ekki í lagi. En ég held, að þeir, sem skyggnast inn í verðlagið og kynna sér söguna, sannfærist um, að þarna hafi skapazt allrifleg skekkja, sem farið var fram á að vissu leyti að leiðrétta s. l. haust, og það er eðlilegt, að það sé spurt að því, hvernig stendur á því, að það heyrðist ekkert í bóndanum á Hjarðarfelli þetta haust? (Gripið fram í.) Jæja, gott, þá bið ég afsökunar. En ég leyfi mér nú að halda því fram, að bóndinn á Hjarðarfelli hafi ekki talað hátt þá, og mig minnir, að 1958 hafi bóndinn á Hjarðarfelli verið á búnaðarþingi. Er það ekki rétt? (**GGuðbj.:** Já.) Og ég man ekki betur en þá væri mikið rætt um það, hvað ætti að gera við umframframleiðslu landbúnaðarins. Það hafði nefnilega skeð, að talsvert var flutt út af landbúnaðarvörum fyrir sáralítið verð, og bændur voru látnir bera hallann af því, sem flutt var út, og af þessu leiddi það, að bændur fengu ekki einu sinni það verð, sem skráð var í grundvellinum. Þá var það þannig, að það vantaði mikið á, að verðgrundvöllurinn væri réttur, og bændur fengu ekki grundvallarverðið. Búnaðarþing hafði ekki mjög hátt um það 1958, en það hafði hæst um það og talaði mikið um það, hvað ætti að gera við umframframleiðsluna. En það kom engin raunhæf tillaga um, hvernig ætti að tryggja bændum fullt verð fyrir það, sem væri flutt út fyrir lítið verð, og það hefur þó lagazt núna, síðan núv. ríkisstj. kom að völdum, að það eru ekki tvær ástæður lengur fyrir því, að bændur fái ekki fullt kaup. Önnur ástæðan hefur verið burt numin með því, að ríkissjóður tekur nú á sig að greiða þann halla, sem verður af útfluttum landbúnaðarvörum. Sá halli var um 18 millj. síðasta verðlagsár, en er áætlaður 45 millj. á þessu verðlagsári og verður ef til vill meiri vegna stórfelldrar lækkunar á dilkakjöti, sem er flutt út í stærri stíl en verið hefur. Það má þess vegna ganga út frá því núna, að bændur fái þetta skráða verð, grundvallarverðið, sem þeir fengu ekki áður. En þá er eftir að leiðrétta skekkjuna í grundvellinum, og það er náttúrlega verkefni, sem þarf að vinna. En þegar fullt samkomulag verður, eins og 1957, um 2% hækkun á landbúnaðarvörum, eftir að launatekjur hafa hækkað um 12%, þá er eðlilegt, að það skapist skekkjur, og það er í sjálfu sér eðlilegt, að það taki nokkurn tíma að leiðrétta skekkjur, sem þannig skapast, og það sé jafnvel ekki í fyrsta sinn, sem reynt er að leiðrétta þetta með því að stilla kröfum upp, eins og Stéttarsambandið gerði s. l. haust, að það vinnist ekki í fyrsta áfanga. Ég held því fram, að þetta hljóti að koma. Með því að undirbyggja kröfurnar réttilega og jafnvel enn betur en gert var s. l. haust er ekki hægt annað en taka þær til greina.

Hv. síðasti ræðumaður var að tala um íbúðarhús í sveitum, sem mundi kosta 500 þús. að byggja, og hvernig væri mögulegt fyrir fátækan bónda að standa undir því, a. m. k. ef hann fengi ekki fullt verð. Ég segi, að bóndi, sem hefur lítið bú, getur vitanlega aldrei fengið það verð fyrir afurðirnar, að hann standist það að búa í 500 þús. kr. húsi, jafnvel þó að vextirnir væru lækkaðir, og ég gæti bezt trúað því, að bóndinn á Hjarðarfelli, þegar hann byrjaði að búa, — ég þekki ekki til þess, — ég gæti bezt trúað því, að hann hefði ekki hugsað sér að byrja á því að byggja stórt íbúðarhús á jörðinni, þegar hann byrjaði að búa. Ég hygg, að hann hefði heldur haft annan hátt á, byrjað á því að auka bústofninn, byrjað á því að fjölga kúm og ám og tryggja sér þannig tekjur til þess að geta síðar meir búið í góðu húsi. Ég er hins vegar ekki að mæla gegn því, að það eigi allir að búa í góðum húsum. Það er vitanlega æskilegt. En menn mega ekki byrja á því að byggja dýr hús. Þó að margir bændur búi jafnvel í húsi, sem kostar hálfa milljón, þá er það nú svo, að þrátt fyrir dýrt byggingarefni er enn hægt að komast af með sæmileg íbúðarhús, sem kosta minna, og sem betur fer er búið að byggja mikið upp í sveitum landsins, og undanfarið hafa menn ekki fengið að láni nema sem nemur 25—30% af kostnaðinum. Það er allt of lítið. Það var lengi ekki nema 45 þús. kr.; 1956 var það hækkað upp í 75 þús. kr., 1960 upp í 90 þús. kr. og s. l. haust 100 þús. kr. Það var alveg rangt, þegar hv. ræðumaður sagði áðan, að s. l. tvö ár hafi verið staðið verr að því að leysa lánamál bænda en undanfarin ár, — algerlega rangt. 1958 varð geysilega mikil verðhækkun á byggingarefni, en útlán úr sjóðum Búnaðarbankans, bæði ræktunarsjóði og byggingarsjóði, voru ekkert hækkuð, en eins og tekið var fram hér áðan, hafa útlán úr sjóðunum, síðan núv. ríkisstjórn tók við, verið hækkuð um 25—30% og eru sízt hlutfallslega lægri nú en þau voru 1958, — hlutfallslega hærri, ef reiknað er eftir byggingarvísitölu. Það er þess vegna mjög leiðinlegt, þegar hv. þm., sem er nýliði hér á Alþingi, leyfir sér að fara með svona fullyrðingu, sem hann hefur ekki hugsað út í, hvað á bak við er. Það þarf ekki annað en taka blað og blýant og taka byggingarvísitöluna og reikna út, hvort það er hlutfallslega minna lán núna af byggingarkostnaði heldur en 1958, þegar hv. 1. þm. Vesturl. var stjórnarstuðningsmaður og hefði getað gert kröfur til sinnar ríkisstj.

Hv. þm. vildi ekki gera mikið úr því framlagi, sem þetta frv. felur í sér, vildi ekki gera mikið úr þeirri uppbyggingu, sem í þessu frv.

felst. Ég er dálítið hissa á því, vegna þess að ég er sannfærður um það, að hv. þm. hefur lesið frv. rækilega og kynnt sér það. Ég er alveg sannfærður um það líka, að hv. þm. ber skyn á það, hvað í frv. felst, og þess vegna er leiðinlegt, að hann fullyrðir eins og hann gerði hér áðan, af því að það er gegn betri vitund, þegar hv. þm. hefur lesið frv. og kynnt sér, að hann fullyrðir, að það sé lítils virði, sem í því felst. Þeir, sem kynna sér þetta mál og sjá, hvað í því felst, geta ekki komizt hjá því að sannfærast um, að með því er lagður traustur grundvöllur að uppbyggingu og starfsemi þessara sjóða. Það er blindur maður, sem sér það ekki, að eftir fimm ár verður eigið fé stofnlánadeildarinnar um 100 millj. kr. með þessari uppbyggingu, eftir 10 ár verður það orðið 150 millj. kr., eigið fé, eftir önnur 10 ár verður höfuðstóll deildarinnar um 500 millj. Þetta er kannske ekki alveg nákvæmt, þetta gæti kannske munað allt að 10%, hvað þetta yrði minna. Jafnvel þótt svo væri, er þetta geysileg upphæð, sem hér er um að ræða. Svo leyfir hv. 1. þm. Vesturl. sér að halda því fram, að þetta sé eiginlega sáralítið, sem kemur af nýju fé, fram yfir það, sem hefur verið. Ég þarf ekki að taka fram, hvað þetta er. Stofnframlagið er samkv. 3. gr. frv. 60.5 millj. kr. Ef við reiknum aðeins með 7½% vöxtum í 14 ár, jafngildir það 9.5 millj. kr. á ári, bara þetta, því að vitanlega er óhætt að reikna vexti af þessu framlagi, þessum höfuðstól. Ef féð væri lagt inn á banka, fengjust af því 9% vextir. Þetta eru sama sem 9—9.5 millj. á ári í nýju fé. Auk þess leggur ríkissjóður á móti 1% gjaldinu, sem er áætlað 8 millj., 4 millj. Þetta gerir 21.5 millj. kr. árlegt framlag frá ríkissjóði, en áður var þetta aðeins 4 millj. Til viðbótar þessu kemur söluskatturinn, sem er áætlaður 5.5 millj., kannske 6. Það eru þá 27 millj. á ári til stofnlánadeildarinnar annars staðar frá en frá bændum auk vaxtateknanna.

Ég býst við, að sumir hv. þm., sem hlustuðu á hv. 1. þm. Vesturl. áðan, hugsi sem svo: Hvers vegna að vera að eyða tíma í það að rökræða við mann, sem fullyrðir svona út í bláinn, svona fjarri veruleikanum? Og mig undrar ekkert, þó að hv. þm. hugsi sem svo, það taki því alls ekki að vera að rökræða, þegar þannig er á málum haldið. En ég geri þetta nú samt í von um það, að hv. þm. sannfærist um, að svona málflutningur er alls ekki viðeigandi, og ef svo ólíklega vildi til, að hann hefði gert sér alveg rangar hugmyndir um málið, er náttúrlega nauðsynlegt að upplýsa hann um það og sannfæra hann um það, að hann fór rangt með.

Hv. þm. talaði um, að það væri engin trygging fyrir því, að þessar tölur, þessar upphæðir, sem hér eru lagðar fram, hafi í rauninni nokkurn kaupmátt eða nokkurt gildi eftir nokkur ár. Hugsum okkur það, sagði hann, að það verði launahækkun á þessu ári og ný gengisfelling, — hvað þá? Ég vænti þess, að hv. þm. og hans flokksbræður stuðli ekki að því, að það þurfi til þess að grípa að lækka gengið að nýju. Ég vænti þess, að hv. þm. og hans flokksbræður læri eitthvað af reynslunni frá s. l. ári og að það sé alls ekki viðeigandi fyrir þá að stuðla að því að rýra krónuna meira en orðið er. Við skulum vera sammála um, að það beri að halda vörð um gengi krónunnar og halda gildi hennar við. En það er þó eitt, sem er rétt að benda á, að jafnvel þótt dýrtíðin vaxi og jafnvel þótt gengi krónunnar lækkaði, sem við skulum vona að ekki verði, þá vex framlag til stofnlánadeildarinnar, ekki ef til vill alveg í hlutfalli við rýrnun krónunnar eða dýrtíðina, en talsvert. Söluskatturinn verður hærri, ríkisframlagið hækkar í hlutfalli við það, sem 1% gefur meira, og að þessu leyti er deildin tryggð að talsverðu leyti gegn þeirri rýrnun, sem áður hefur orðið með vaxandi dýrtíð. Og ég fagna því út af fyrir sig, að heyra það frá hv. 1. þm. Vesturl., að hann vill vinna, hann hlýtur að vilja vinna gegn því, að nýtt dýrtíðarflóð og dýrtíðarskriða komi, og það er alveg rétt, sem hér hefur verið sagt, að landbúnaðurinn á vissulega mikið undir því, að verðlagið geti orðið stöðugt og gengi krónunnar tryggt. Það er áreiðanlega mikils virði fyrir landbúnaðinn. Við skulum hafa það hugfast.

Hv. þm. fullyrðir það, að núv. ríkisstj. beri að sjá stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir nægilegu fé, vegna þess að hún, núv. ríkisstj., beri ábyrgð á dýrtíðinni og rýrnun krónunnar. Hv. þm. fullyrðir þetta hér og talaði alveg eins og hann meinti þetta í fullri alvöru, að núv. ríkisstj. beri ábyrgð á dýrtíðinni og lækkun krónunnar. Hv. þm. hefur ekki setið í Nd., en það eru ekki margar vikur síðan formaður Framsfl., 1. þm. Austf. hv., var að tala um það, að í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá, hefði eiginlega ástandið í þjóðmálum verið ágætt, og ef hv. 1. þm. Vesturl. vill fletta upp í ræðum, sem liggja hér frammi á lestrarsalnum, mun hann sjá þessa setningu hér um bil orðrétta, að meiningunni alveg, að hv. þm. sagði, að það hefði eiginlega allt verið í lagi, nema það réðst ekkert við vísitöluna og dýrtíðina. Og það var þessi mikla dýrtíðarvísitala, sem lék alveg lausum hala í tíð vinstri stjórnarinnar. 1958 var gengið fellt um 55% með yfirfærslugjaldinu, og allt það ár hélt dýrtíðarskriðan áfram að renna og krónan að falla árið út, og þó að það væri allt í lagi nema dýrtíðin og vísitalan, þá varð það til þess, að vinstri stjórnin hrökklaðist frá í fullkomnu úrræðaleysi eftir að hafa fellt gengið í það, sem það var skráð í febrúarmánuði 1960. Það gengur ekki fyrir hv. 1. þm. Vesturl. að vera svo trúgjarn á það, sem stendur í Tímanum, og svo lítið kritískur á það, sem þar er sagt, að bera það svo á borð í ræðu hér á Alþingi, að það sé núv. ríkisstj., sem ber ábyrgð á því, hvað raunverulegt gengi krónunnar er og dýrtíðin í dag. Það, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er að skrá krónuna á því gengi, sem hún hefur raunverulega, viðurkenna það, hafa rétt gengi, en ekki falskt gengi og mörg gengi. Núv. ríkisstj. er vissulega ekki völd að þeirri dýrtíð, sem ríkir í landinu, heldur er þetta afleiðing þess, sem varð vinstri stjórninni að falli, og skal ég ekki fara lengra út í þá sögu. Ég hélt, að allir hv. þm. þekktu þetta, en vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. virðist hafa trúað því, sem var sagt í Tímanum, og

byggði málflutning sinn á því, að það væri satt, sem þar hefði verið sagt, taldi ég ástæðu til að vekja að nokkru máls á þessu.

Hv. þm. las hér upp úr ályktun, sem aðalfundur Stéttarsambands bænda gerði s. l. haust, og einnig vitnaði hann í ályktun búnaðarþings og byggði málflutning sinn að nokkru á því, sem þar stóð. Ég vil nú segja það, að aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur meira traust og meira álit hjá mér en meiri hluti búnaðarþings hefur gefið tilefni til nú síðast að gefa því. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, það eru vitanlega margir mætir og góðir menn á búnaðarþingi eins og á aðalfundi Stéttarsambands bænda, en öfgarnar og fjarstæðurnar, sem fram komu hjá meiri hluta búnaðarþings, hafa náttúrlega slegið öll met, eins og lýst var hér réttilega áðan, og ég skal ekkert segja um það, hvort hv. 1. þm. Vesturl. hefur átt nokkra forustu þar, ég veit það ekki, en hann hefur tekið þátt í þessum leik og verið með í þeim meiri hluta, sem hefur auglýst á margan hátt vanþekkingu og leyft sér að gera opinbera ályktun, sem er byggð algerlega á skökkum forsendum. Ég þarf ekki að fara nánar út í það, það var gert hér áðan. Ályktunin er byggð algerlega á skökkum forsendum, og þessi ályktun hefur verið prentuð hér og liggur hér fyrir á þskj. búnaðarþingi til angurs og rauna um langa framtíð. Það verður erfitt að gleyma því, sem stendur í skjölum þingsins, og það verður þjóðlegt plagg, hvernig ályktun meiri hluti búnaðarþings gerði á því herrans ári 1962. Það er t. d. liður nr. 1. Þar er gerð ályktun um það, að búnaðarþing geri kröfu til, að ríkissjóður greiði þann halla, sem deildir Búnaðarbankans, byggingarsjóður sveitabæja og ræktunarsjóður, hafa orðið fyrir vegna gengisfellingarinnar, — gerir kröfu til þess, enda þótt það sé komið fram frv. um það, sem ekki aðeins tryggir það, að þessi gengishalli verði greiddur, heldur miklu meira en það, og telur ekki hægt að samþ. frv., nema það verði gengið inn á það, sem í þessum lið felst, enda þótt það liggi fyrir skjalfest í frv., að það eigi að gera miklu meira en greiða gengishallann. Svo hefur því verið lýst hér af hv. 6. þm. Norðurl. e., hversu fáránlegur 2. liðurinn er, 3. liðurinn og allir liðirnir út í gegn. Ég ætla ekki að taka það upp aftur, sem hann sagði hér áðan.

Hv. þm. fullyrti það, og það þykir mér enn leiðinlegt, og það er ekki góður málflutningur hjá honum, að enginn búnaðarþingsfulltrúi hafi viljað játa sig samþykkan 1% gjaldinu á búvörur. Það vill svo til, að ég hef hér frávísunartillögu minni hlutans. Hv. 1. þm. Vesturl. vitnaði ekkert í hana áðan. Það hefði líka tæplega staðizt, sem hann fullyrti, ef það hefði verið gert. Ég vona þó, að það hafi verið sagt í trausti þess, að þetta væri ekki við höndina. En af því að ekki hefur verið prentuð á þskj. frávísunartillaga minni hlutans og hv. þm. kannske eru henni ókunnugir, þá held ég, að það væri rétt — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hana upp, og þá geta hv. þm. sannfært sig um það, hvort þeir, sem að minni hl. stóðu, eru samþykkir frv. í öllum aðalatriðum eða bara að einhverju leyti. En ef þeir eru samþykkir frv. í öllum aðalatriðum, eru þeir líka samþykkir þessu 1% gjaldi. Ég held, að það geti enginn efazt um það. Þessi rökstudda dagskrá minni hl. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð frv. til laga um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum tryggir stóraukið fé til stofnlána í landbúnaðinum í framtíðinni, sem er mikilvægasta hagsmunamál bændastéttarinnar, og þar eð eigið fjármagn stofnlánadeildarinnar er forsenda þess, að auðið sé að lána stofnlán með hagstæðum kjörum, og þar eð gert er ráð fyrir í frv. að tryggja veðdeild Búnaðarbankans fé í samræmi við fyrri ályktun búnaðarþings, og þar eð frv. gerir ráð fyrir mun hærra nýju framlagi ríkissjóðs til stofnlána í landbúnaði en svarar gengisfalli á erlendum lánum sjóðanna, og þar eð fullyrðingar um, að gengishalla hafi verið létt af gjaldeyrisbönkum, eru rangar, en gengishagnaðurinn af þeim tekinn, og þar eð tilvitnun í fjáröflun til stofnlánadeildar sjávarútvegsins hlýtur að byggjast á misskilningi á eðli málsins, og þar eð frv. leysir á myndarlegan hátt stórt vandamál landbúnaðarins, sem ekki verður skotið á frest, og um 70% (það er nú reyndar miklu meira en 70%) af árlegum framlögum til stofnlánadeildar koma frá öðrum en bændum, telur fundurinn ályktunartillöguna ekki vera í samræmi við hagsmuni bænda og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vona, að þetta hafi verið rétt lesið, og ef það er, þá er náttúrlega ekki neinn vafi á því, hvað minni hl. búnaðarþings vildi í þessu máli. Og sem betur fer, áttu menn sæti á búnaðarþingi, sem gátu bjargað heiðri þess, og það er þess vegna ekki talað um búnaðarþing, heldur meiri hl. búnaðarþings, þegar rætt er um, að það hafi skotið fram hjá markinu og orðið sér til minnkunar.

Ég held, að hv. 1. þm. Vesturl. hefði átt að taka það vel upp hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., þegar hann taldi vafasamt, að ályktun meiri hl. hafi verið samin á búnaðarþingi. Það var vissulega af velvilja sagt hjá hv. þm., og ég er dálítið hissa á því, að hann skyldi ekki taka því með þökkum. En látum það vera, það kannske skiptir ekki miklu máli, en ég verð að segja það, að meiri hl. búnaðarþings hefur ekki aukið virðingu sína og hann hefur ekki í þessu tilfelli hagað sér á þann hátt, að bændur geti leitað þar halds og trausts.

Búnaðarþing gerði aðra samþykkt. Það gerði samþykkt um það að framlengja búnaðarsjóðsgjaldið til bændahallarinnar, sem er ½% af búvörum og þá 1% af launatekjum. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði áðan, ég skrifaði það orðrétt, hann sagði eitthvað á þá leið, að 1% gjaldið skerti kjör þeirra manna í landinu, sem lægst eru launaðir, og það væri svipuð hagfræði og að mjólka kúna og gefa henni svo mjólkina. Ef ástæða er til þess að fara svona stórum orðum um 1% gjald af búvörum, sem verður til þess að fá á móti annars staðar frá margfalda upphæð og gerir mögulegt að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, til þess að þeir geti lánað bændum hærri lán með betri kjörum en áður til þess að byggja yfir sjálfa sig og búpening-

inn og rækta jörðina, ef það er einhver glæpur, þá skil ég ekki þau vísindi og rök, að það sé hagræði fyrir bændur að láta 1% af launatekjum sínum í hallarbyggingu hér í Reykjavík. Sá meiri hl. búnaðarþings, sem fordæmir uppbyggingu búnaðarsjóðanna með þeim hætti, sem hér er fyrirhugað, en samþ. að leggja 1% launaskatt eða ½% gjald á búvörur til þess að byggja höll hér í Reykjavík, — sá meiri hl. er ekki trausts verður, og það er engin ástæða fyrir menn, að taka tillit til þess. Og ég segi það, að þótt þessi ályktun sé prentuð hér á þskj., til þess að það gleymist ekki, hvað meiri hl. gerði á síðasta búnaðarþingi, þá verður það vitanlega ekki til þess, að hv. þm. snúist á þá sveif, og það er raunalegt, að búnaðarþing skyldi haga sér á þann hátt, sem staðreyndin lýsir.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég held, að menn séu farnir að átta sig á, að meiri hl. búnaðarþings hefur verið sleginn pólitískri blindu. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Þarna áttu sæti margir vel skynsamir menn og almennilegustu menn á margan hátt, en þeir hafa verið slegnir pólitískri blindu. Það er eina afsökunin, sem þeir hafa fyrir því að láta svona frá sér fara, — ef það er þá afsökun. Í rauninni er það ekki.

Hv. þm. var að tala um það, að 0.75% gjaldið, sem leggst við útsöluverðið og er réttilega eins og söluskattur, gæti orðið til þess að gera bændum erfiðara fyrir að semja við neytendur í sex manna nefnd. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar. Ég býst við því, að neytendur skilji, hvað þetta gjald raunverulega þýðir. Og þetta gjald er notað sem tekjustofn fyrir lánastofnanir landbúnaðarins víðar en hér. Þetta er búið að vera nokkuð lengi í Noregi. Og ég held einmitt, að þetta gjald geti orðið til þess að auka skilning milli bænda og neytenda, en ekki til þess að skapa óeiningu. Ég held, að þetta verði til þess, að fólk hugsi alvarlegar um það, að landbúnaðurinn er ekki aðeins fyrir bændurna eða það fólk, sem lifir í sveitunum, landbúnaðurinn er fyrir þjóðina alla, og því betur sem að landbúnaðinum er búið, því meiri möguleika hefur hann til þess að framleiða góðar vörur og ódýrari vörur. Því betri lánakjör sem landbúnaðurinn hefur, því lægra verð á landbúnaðarvörum. Ég er alveg sannfærður um það, að þetta er nýmæli í íslenzkri löggjöf, sem reynslan á eftir að sanna að á fullan rétt á sér.

Hv. þm. hefur átt þátt í því á undanförnum búnaðarþingum að gera kröfur til ríkisstj., að hún útvegi veðdeild Búnaðarbankans 10 millj. kr. á ári. Nú er hv. þm. horfinn frá því að biðja um 10 millj., nú skal það vera nokkuð miklu meira. Hv. þm. segir: Það er engin trygging fyrir því, að stofnlánadeildin geti keypt veðdeildarbréf, þótt gert sé ráð fyrir því með þessu frv. Tryggingin felst aðeins í því, að það verði traustar stoðir fjárhagslega undir stofnlánadeildinni, eins og verður með því að lögfesta þetta frv. Þá skeður það, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. lýsti hér áðan, að stofnlánadeildin getur komið til annarra lánastofnana og fengið lán til viðbótar sínu eigin fé, sem hún vitanlega verður að gera nú fyrstu árin, meðan hún er að byggja sig upp. En þá er kinnroðalaust hægt að tala við lánastofnanir og óska eftir viðbótarláni til deildarinnar, vegna þess að það er augljóst og þarf ekki annað en leggja spilin á borðið, að deildin getur staðið undir þessum lánum og endurgreitt þau. Dæmið snýst alveg við frá því, sem verið hefur, þegar s. l. haust og áður hefur verið reynt að fá lán til búnaðarbankasjóðanna, meðan þeir voru gjaldþrota og augljóst var, að þeir gátu ekki af eigin rammleik endurgreitt lánin. Ég tel því, að með þessu ákvæði í frv. að heimila stofnlánadeildinni að kaupa veðdeildarbréf allt að 10 millj. kr. á ári sé kröfu búnaðarþings, sem send var á s. l. ári til ríkisstj., fullnægt. Hitt er svo annað mál, að það má vel vera, að það væri æskilegt að hafa meira en 10 millj. En eins og hér var sagt áðan, eftir því sem stofnlánadeildinni vex fiskur um hrygg og hún getur tekið að sér nokkuð af því, sem veðdeildinni var ætlað, þá vitanlega nægja 10 millj. fremur nú eftir þessa lagasetningu en t. d. á s. l. ári, þegar búnaðarþing gerði kröfu um 10 millj. kr. framlag til deildarinnar. Þegar stofnlánadeildin fer að lána út á dráttarvélar, fer að lána ræktunarsamböndunum og fer að auka starfsemi sína frá því, sem verið hefur, þá náttúrlega verður hlutverk veðdeildarinnar þrengra og ekki eins nauðsynlegt og áður var. En kröfur hv. framsóknarmanna um fé til veðdeildarinnar, til stofnlánadeildarinnar nú, byggjast, eins og sagt var, ekki á veruleika og alls ekki á þeirri trú flm. till., að það sé möguleiki á að gera þetta, því að það er kunnugt, að veðdeildin hefur verið févana mörg undanfarin ár, síðasta áratug og lengra aftur í tímann. Og það hefur verið krafa frá bændum um aukið fé til deildarinnar, en það hefur ekki fengizt. Þrátt fyrir 75% ákvæðið, heimildina til að lána allt að 75% af byggingarkostnaði, hefur vegna fjárskorts ekki verið lánað nema 25—30%. Það var sagt hér áðan, það mun ekki hafa verið af viljaleysi hjá hv. framsóknarmönnum, að þeir útveguðu ekki þetta fé, meðan þeir studdu ríkisstj., heldur af getuleysi, og þess vegna hefði verið eðlilegt að ætlast til þess, að þessir hv. menn, sem eru kunnugir getuleysi fyrrv. stjórna, hefðu fagnað þessu frv., sem hér er lagt fram, fagnað því að sjá, að hér er lagður traustur og raunhæfur grundvöllur að stofnlánadeild landbúnaðarins til frambúðar. Það hefði verið ástæða til að ætlast til þess. En hv. 6. þm. Norðurl. e. afsakaði þetta áðan, að hv. þm. Framsfl. hefðu fallið fyrir þeirri freistingu að reyna að hasla sér betri baráttugrundvöll á sviði stjórnmálanna, og vitanlega var tilgangurinn sá, en ég efast um, að það takist með þessum till. Ég held, að bændur í landinu fylgist betur með en margir ætla. Og þeir þekkja áreiðanlega stjórnmálasöguna síðustu árin. Þeir hafa fylgzt með þeirri viðleitni, sem stjórnarvöldin hafa haft uppi á hverjum tíma að tryggja búnaðarsjóðunum fé, og þeir hafa líka fylgzt með getuleysinu og þeim fjárskorti, sem af því hefur leitt. Ég veit, að bændur landsins, þegar þeir kynna sér þetta frv., skilja það, hvers virði það er að byggja sjóðina upp eins og hér er lagt til. Þeir gera sér fyllilega grein fyrir því, að það mun ekki hafa verið hægt að fá sem svarar 26—27 millj. kr. árlega annars staðar

frá, úr ríkissjóði og með söluskatti, nema þeir legðu eitthvað til sjálfir. Ég er sannfærður um, að bændur skilja þetta. Ég er sannfærður um, að það tekst ekki að gera okkur, sem að þessu frv. stöndum, tortryggilega í augum bænda fyrir þetta. Það tekst ekki að fá bændur til að trúa því, að við flytjum þetta frv. á annan hátt en að byggja upp fyrir nútíðina og framtíðina og skapa landbúnaðinum bætt lánskjör frá því, sem verið hefur.

Ég sagði við einn hv. framsóknarmann hér í kvöld: Hvernig mundi ykkur líða, ef það færi nú svo, að þessu frv. væri kippt til baka og það væri hætt við að lögfesta það? Hvernig mundi samvizkan verða hjá þeim mönnum, sem standa að minni hl. hv. landbn., ef þeir væru teknir alvarlega? Og hvernig mundi fulltrúum bænda á búnaðarþingi, sem mynduðu meiri hl., líða, ef þeir væru teknir alvarlega og farið væri eftir þeirra óskum að lögfesta ekki frv.? Ég er viss um, að þeir mundu fá samvizkubit og þeir mundu hafa harmað það að hafa látið stjórnast af pólitískum sjónarmiðum.

Um till. hv. meiri hl. þarf ég raunar ekki að ræða, vegna þess að það hefur verið gert hér. Ég þarf ekki að ræða það nánar. Hv. framsóknarmenn tala um, að framlag sjávarútvegsins til fiskveiðasjóðs sé ekkert sambærilegt þessu framlagi, sem ætlazt er til að bændur leggi til. En það er eftir því, hvar hv. framsóknarmenn standa og um hvaða mál þeir eru að tala, að hverju fullyrðingar þeirra miða nú síðustu dagana. Það hefur sennilega verið sagt í báðum hv. d. Alþ. fyrir nokkrum dögum, og Tíminn sagði það fyrir nokkrum dögum, að þetta væri alls ekki sambærilegt. En í hv. Nd. er komið fram þskj. frá hv. framsóknarmanni, þar sem það er staðfest, að hann lítur alveg sömu augum á þetta gjald til fiskveiðasjóðs og gjaldið af búvörum til stofnlánadeildarinnar, því að hann talar á þessu þskj. um álögur á sjávarútveginum. Áður sögðu hv. framsóknarmenn, að það væru engar álögur á sjávarútveginum, vegna þess að sjávarútvegurinn fengi þetta bætt. Það var auðvitað alltaf rangt, vegna þess að sjávarútvegurinn hefur enga verðtryggingu. Sjávarútvegurinn hefur greitt til fiskveiðasjóðs 1.8% af útflutningsverðinu mörg undanfarin ár, og þess vegna er fiskveiðasjóður orðinn sterk lánastofnun, enda þótt ekki hafi verið greitt í hann úr ríkissjóði nema 2 millj. kr. eða aðeins örlítið brot af tekjum sjóðsins. Stundum hafa hv. framsóknarmenn verið að heimta sama rétt til handa landbúnaðinum og sjávarútvegurinn hefur, en það verður vonandi aldrei gert að þessu leyti. Ég held, að það væri bezt fyrir þá, sem hugsa um landbúnaðinn, að gera ekki samanburð þar.

Hv. 1. þm. Vesturl. var að tala um lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 1946, talaði um það, að sjálfstæðismenn hefðu miklazt af þessum lögum, talið þau góð og varanleg. Já, vissulega voru þetta góð lög og eru góð lög, og ég held, að við hljótum allir að vera sammála um það, að landbúnaðurinn býr að þessari löggjöf. Hvernig var þessi löggjöf? Hún var þannig, að ríkissjóður skyldi leggja fram 5 millj. kr. á ári í 10 ár, eða samtals 50 millj. Þetta var 1946. Þá voru 5 millj. mikil fjárhæð, og þetta var fyrsta raunhæfa átakið til að leggja grundvöll að stórstígum framförum í sveitum landsins. Eftir að þessi lög fóru að verka, var hægt að hefja ræktunarframkvæmdir í stórum stíl, áður var það ekki, og byggja upp. En það, sem þetta frv., sem nú stendur til að lögfesta, hefur fram yfir það, er, að það er tryggt, að ef dýrtíðin vex og krónan rýrnar, þá aukast tekjur stofnlánadeildarinnar einnig. En það var ekki með lögunum frá 1946, sem landbúnaðurinn hefur vissulega notið góðs af undanfarin ár.

Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að fara út í till. minni hl., vegna þess að það var gert hér og það væri bara endurtekning. Ég get þess vegna stytt mál mitt, get látið því lokið. Ég tel, að hv. framsóknarmenn, sem að minni hl. standa, hafi farið algerlega rangt að með því að gera till., sem þeir sjálfir vita að þeir geta ekki fengið samþ., og það er eftirtektarvert, að hv. framsóknarmenn hafa fram að þessu engar till. haft til raunhæfra úrbóta fyrir lánasjóðina. Þeir hafa tvö þing flutt frv. um það, að ríkissjóður taki á sig gengishallann, sem sumir segja að sé 10 millj. kr. á ári, aðrir 9 millj., — það er nú líklega nær, að það séu 9 millj. Það er þeirra till. í frv. í þessari hv. d. Þótt það frv. hefði verið samþ. og ekkert hefði annað verið gert, þá stæðu sjóðirnir algerlega févana uppi og hefðu ekkert fé til útlána. Það var aðeins till. um það að bjarga líðandi stund. En þegar frv. ríkisstj. hefur verið lagt fram og hv. framsóknarmenn sjá, hvaða till. eru þar gerðar, þá fara þeir að gera till., þá kemst hugmyndaflugið í gang. Það er eftirtektarvert, að sumu leyti eru þessar till. líkar till. ríkisstj., t. d. það, að þeir tala um 25 millj. kr. framlag á ári úr ríkissjóði, en í frv. eru tryggðar 26—27 millj. kr. á ári annars staðar frá en frá bændum. Till. hv. minni hl. er þess vegna að þessu leyti sniðin eftir till. ríkisstj. í frv. Þeir bara ætlast til, að þetta sé tekið úr ríkissjóði, án þess að nokkuð komi annars staðar frá.

Ég þarf ekki að bæta við þau rök, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. lagði hér fram áðan í sambandi við það, hvort það væri líklegt, að það væri hægt að fá þetta til stofnlánasjóðanna án nokkurs framlags annars staðar frá, án þess að það kæmu kröfur úr öðrum áttum, því að víðar vantar fé.

Um mótvirðissjóðinn og sérstakan gengisreikning, sem ætti að setja gengishalla búnaðarsjóðanna á, er náttúrlega óþarfi að ræða nokkuð, því að þetta gengistap hv. framsóknarmanna er allt byggt á misskilningi. Og það er í sjálfu sér eðlilegt, að það komi víðar fram en hjá formanni flokksins. Við munum, að formaður flokksins, hv. 1. þm. Austf., fullyrti í Nd., að það væri búið að bæta öllum sjóðum og bönkum gengistöpin. Tíminn tók þetta upp, hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, fullyrti það líka í þessum ræðustól, en nú eru hv. framsóknarmenn hættir að bera þetta upp í sig, því að þeir hafa nú sannfærzt um, að þetta hefur ekki við rök að styðjast. Það hefur engum sjóðum verið bætt gengistapið, heldur hefur gengishagnaðurinn verið tekinn af gjaldeyrisbönk-

unum til þess að greiða ríkissjóði hallann, og Seðlabankinn hefur sjálfur borið þann gengishalla, sem á honum lenti. Gengistap fiskveiðasjóðs mun vera 37—40 millj. kr. og er vitanlega óbætt, og þarf ekki fleiri orðum um þetta að eyða enda eru hv. framsóknarmenn nú sannfærðir um, að formaður þeirra fór þarna með fleipur eitt.

En þegar minnzt er á mótvirðissjóðinn, skulum við minnast þess, að landbúnaðurinn hefur fengið hálfan mótvirðissjóðinn og notið góðs af, og það er enginn vafi á því, að þótt nú sé að safnast upp nokkurt fé í nýjum mótvirðissjóði, sem er vegna óafturkræfs framlags frá Bandaríkjunum, þá mun landbúnaðurinn fá sinn hlut þar af, þegar tímabært þykir að hreyfa það fé. En þetta fé fékk íslenzka þjóðin 1960 til þess að tryggja gjaldeyrisstöðuna, og er gert ráð fyrir því, að það verði í Seðlabankanum, — ég skal ekki segja hvað lengi, þangað til ríkisstj. og hagfræðingar hennar telja tímabært og heppilegt að nota þetta fé. En þótt nú sé lagður grundvöllur að lánasjóðunum, verður áreiðanlega nú á næstunni gott að geta farið í þetta forðabúr, og landbúnaðurinn mun fá sinn skerf þar af.

Þess skal getið, sem kannske hefur verið minnzt á áður, að lánasjóðir landbúnaðarins hafa búið við vaxtahalla af lánum mótvirðissjóðs um 2½% alla tíð síðan mótvirðissjóður fór að lána, en nú hefur Framkvæmdabankinn fallizt á það, að vextir af lánum mótvirðissjóðs, bæði þeim eldri og þeim, sem síðar kunna að verða veitt, skuli verða jafnháir og stofnlánadeildin lánar gegn. Þetta verður vitanlega til þess að skapa hagstæðari rekstur fyrir deildina en áður.

Ég held ég láti þá máli mínu lokið, það er orðið miklu lengra en ég ætlaði í fyrstu. En ég vil að lokum segja það, að enda þótt meiri hl. búnaðarþings hafi lagt til, að þetta frv. verði ekki samþ., og enda þótt minni hl. n., sem vitnað hefur í þann meiri hl., leggi það til með sömu rökum, þá vona ég, að bændur njóti þeirrar giftu, að þetta frv. verði lögfest á þessu þingi og að það megi takast að leggja nú þegar trausta undirstöðu að lánasjóðum landbúnaðarins.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál, en aðeins segja nokkur orð.

Það virðist sem stjórnarandstæðingar séu öllu hógværari í umr. um þetta mál en var við 1. umr. málsins. Eins og við minnumst, var þetta frv. þá talið árás á bændastéttina. Það er ekki óeðlilegt, að það sé þá lítillega athugað, hvað það er í þessu frv., sem sérstaklega gæti heyrt undir það að vera kallað árás á bændastéttina.

3. gr. frv. kveður á um það, hver á að vera stofn þessa stofnlánasjóðs. Það eru eignir ræktunarsjóðs Íslands og byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær verða, lán, sem ríkissjóður veitti ræktunarsjóði og byggingarsjóði 1960 ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34.9 millj., skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir deildinni til eignar, samtals 9 millj. 142 þús., sem síðan er sundurliðað, 16.5 millj., sem ríkissjóður eða ríkisábyrgðasjóður greiðir af erlendum lánum til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs fyrir árin 1961, 1962 og 1963. Ekkert af þessu ætla ég, að gæti verið fært undir það, að þetta væri árás á landbúnaðinn eða bændastétt landsins.

Í 4. gr. frv. er síðan vikið að því, hverjar tekjur þessi stofnlánasjóður landbúnaðarins á að hafa. Þar er, eins og hér hefur verið margrætt um, 1% gjald af búvöruverði bænda, sem áætlað er að muni nema 8 millj. 240 þús. kr., á móti því er gert ráð fyrir að sama upphæð komi frá ríkissjóði, 0.75% af útsöluverði mjólkur, rjóma og af heildsöluverði annarrar búvöru, það er áætlað að verði 5.5—6 millj. kr., og veitt úr ríkissjóði á fjárlögum 4 millj. Þessar tekjur sjóðsins verða 17—18 millj. umfram 1%, sem gert er ráð fyrir, eins og ég áðan gat um, að verði 8 millj. 240 þús. kr., auk þess, sem raunverulega er innifalið í stofnframlagi ríkissjóðs til sjóðsins. Það hefur ekki verið ágreiningur um það, að eins og hag landbúnaðarsjóðanna var komið, voru þeir algerlega ómegnugir að gegna sínu hlutverki. Það var svo á hverju hausti, að það varð að leggja mikla vinnu í að útvega fé, til þess að sjóðirnir gætu starfað. Með þeim grundvelli, sem hér er lagður að stofnlánadeild landbúnaðarins, er unnið markvisst að því að byggja sjóðina upp til frambúðar, en það er einmitt það, sem þurfti að gera.

Það hefur verið vikið að samanburði við sjávarútveginn og talið, að það sé ekki sambærilegt. Það má segja, að það sé vissulega rétt, að það sé ekki sambærilegt að því leyti til, að það, sem tekið er af framleiðsluverði sjávarútvegsins, er miklu hærri upphæð og prósenta af heildarframleiðslunni en hér á sér stað. Ég vil lítillega að því gefna tilefni rifja hér upp, hvernig þessu er háttað með sjávarútveginn. Það hefur aðeins verið talað um 1.8%, sem hefur runnið til fiskveiðasjóðs, en það eru til viðbótar talsverðar upphæðir þar umfram, sem teknar eru af framleiðsluverði sjávarútvegsins. Þessi 1.8%, sem tekin eru af útflutningsvöru sjávarútvegsins, er áætlað að muni nema um 41 millj. kr. Auk þess rennur til fiskimálasjóðs 0.3%, sem er áætlað að verði 6.7 millj. kr. Þá rennur til L. Í. Ú. 0.042%, sem gerir tæpa milljón, til rannsókna í þágu sjávarútvegsins 0.06%, sem gerir 1.2 millj., til þess að koma upp hafrannsóknarskipi í þágu sjávarútvegsins er varið 0.078%, sem gerir 1.6 millj., í ferskfiskmat 0.15%, sem gerir 3.7 millj., og eins og nú er ákveðið 3.72%, sem varið er til tryggingakerfisins. Það má segja, að sá þáttur af þessu útflutningsgjaldi, sem rennur til vátryggingakerfisins, sé upphæð, sem kemur beint strax til góða í sambandi við rekstur sjávarútvegsins. En alls er áætlað, að þetta muni nema um 92 millj. kr., en það, sem rennur til tryggingakerfisins, hins vegar um 36.7 millj. Nettó er sú upphæð, sem hér er um að ræða og tekin er af útflutningsandvirði sjávarafurða, um 55.3 millj. kr. Að því leyti má segja, að það sé ekki sambærilegt við þá upphæð, sem hér er verið að ræða um til þess að byggja upp sjóði landbúnaðarins.

Hv. 1. þm. Vesturl. (GGuðbj) var að tala um, að það þyrfti að leggja ríka áherzlu á það, að vextirnir yrðu mjög lágir. Vitanlega vilja allir

atvinnurekendur, hvort sem er til sjós eða lands, reyna að fá sem hagstæðasta og lægsta vexti. En það gefur aftur auga leið, að uppbygging sjóða, hvort sem eru sjóðir landbúnaðarins eða sjávarútvegsins, verða þess frekar megnugir að veita hagstæða vexti, eftir því sem þeir eru byggðir upp meira af eigin fé, því að ef þann hátt á að hafa á lánastarfseminni að taka stórlán, sem síðan eru endurlánuð til atvinnuveganna, þá segir það sig sjálft, að þá verður að miða við þá prósentu eða þann vaxtafót, sem lánið er tekið á. Að öðrum kosti verður halli á rekstrinum, og það er það, sem hefur átt sér stað hjá sjóðum landbúnaðarins og hefur étið upp allt það, sem var búið að byggja upp, áður en verðbólgan átti sér stað. Og það er einmitt það, sem þetta frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins tryggir í framtíðinni, að stofninn verður ekki étinn upp. Hann fær auknar tekjur, eftir því sem krónan verður lægri í verði og afurðaverðið hækkar.

Í sambandi við fiskveiðasjóðinn og starfsemi hans var það allt fram á síðasta ár, að hann veitti öll lán án gjaldeyrisklásúlu. En í lögum, sem samþykkt voru hér í þinginu á s. l. ári, segir svo í 2. gr., með leyfi forseta:

„Þegar fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum."

Áður en þetta lagaákvæði kom hjá sjávarútveginum eða fiskveiðasjóðnum, fram að þeim tíma, hafði sjóðurinn tapað um 28 millj. kr., eins og um getur í aths. við það lagafrv.

Það var, að ég ætla, hv. 5. þm. Austf., sem vék að því, að í þessu frv. væri ákvæði, sem jafnvel útilokuðu einstaka aðila frá því að geta fengið lán úr sjóðnum. Vitnaði hann þar sérstaklega til 7. gr. laganna. En ég vil benda á, að í 7. gr. er sérstakt ákvæði, sem ætti að skapa aðstöðu, þegar sérstaklega stendur á í þeim efnum, því að þar segir, með leyfi forseta:

„Um lánveitingar, sem stjórn deildarinnar telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins."

Þarna er varnagli, sem skapar stjórn sjóðsins möguleika til þess að teygja sig lengra en önnur ákvæði greinarinnar marka.

Það eru orðnar nokkuð langar umr. um þetta mál við þessa umr., og ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég þegar hef sagt. En ég vil endurtaka það, að eins og hagur sjóðanna var og eins og honum er komið, þá voru þeir öldungis ómegnugir að gegna sínu hlutverki. En ég vænti þess, að ef þetta frv. verður að lögum, þá muni skapast aðstaða fyrir stofnlánasjóð landbúnaðarins til þess að veita lán og efla landbúnaðinn yfirleitt á allan hátt. Það þarf að skapa aðstöðu, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði, til þess að geta veitt svo mikil lán, að það verði hægt að færa jarðirnar á milli kynslóðanna. En það verður aðeins gert með þeim hætti, að sjóðirnir verði þannig byggðir upp, að þeir vaxi ár frá ári, en gangi ekki í þá átt, eins og hefur verið að undanförnu, að þeir hafa sífellt minnkað.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það hafa mjög mörg atriði komið fram í umr., síðan ég flutti ræðu mína hér í dag og gerði grein fyrir brtt. minni hl. n. Það er því í sjálfu sér mikið umræðuefni, en það liður nú fast að miðnætti, og mörg þau atriði, sem rædd hafa verið, eru þess eðlis, að þau liggja ljóst fyrir hv. þm. og koma jafnvel til umr. í sambandi við fleiri mál en þetta frv., svo að ég ætla að taka þann kost að gera aðeins stuttar aths. og takmarka mál mitt við einstök fá atriði.

Ég ætla fyrst að víkja að því, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni út af því, sem ég vék að í dag, að það gætu komið fyrir þau atvik, að einstakir menn í bændastétt fengju ekki lán úr stofnlánadeild. Það gerði ég ekki að neinu meginatriði í ræðu minni í dag, heldur vék að því í sambandi við eina tillögu okkar, en þau orð, sem hv. 4. þm. Vesturl. lét falla nú um þetta, hagga í engu því, sem ég sagði í dag, því að þótt svo sé fyrir mælt, að leita skuli álits Búnaðarfélags Íslands og nýbýlastjórnar um einstök atriði, áður en lán eru veitt, ef vafi þykir leika á um lánveitingar, þá er það ekkert úrslitaatriði í málinu. Bankastjórnin hefur vitanlega eftir sem áður valdið til þess að ákveða lánveitingarnar, og bankastjórnin er bundin af lögunum, sem hún starfar eftir. Og í lagagreininni segir beinlínis, eins og hún er orðuð, „að við ákvörðun lána skal bankastjórnin hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum."

Hér hefur verið rætt nokkuð um mótvirðissjóð eða mótvirðisfé. Og mér virtist mega a. m. k. lesa það af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), að hann miðaði eingöngu sitt mál við hinn gamla mótvirðissjóð, þar sem Búnaðarbankinn eða sjóðir hans fá vissan hluta af. Út af fyrir sig var það myndarlegt átak, þegar þeirri reglu var komið á, og upphafsmenn að því voru tveir gildir og gegnir þm., sem nú eru horfnir úr okkar hópi, annar úr Sjálfstfl. og hinn úr Framsfl., eins og við munum. En mótvirðisféð er ekki einungis bundið við þennan gamla sjóð, sem þá voru sett ákvæði um, því að þetta er að verða fastur liður í þjóðarbúskapnum, erlendar lántökur og að mótvirðisfé safnist upp vegna þeirra. Og það er með tilliti til þess, að við höfum flutt tillögur okkar, en miðum þær ekki við hinn gamla mótvirðissjóð, sem ræktunarsjóður nýtur nú þegar stuðnings af.

Þá hefur verið rætt nokkuð um ákvæðið, sem við leggjum til að haldist í lögum, um skyldu seðladeildarinnar eða Seðlabankans til þess að veita lán. Þetta ákvæði er, eins og ég sagði í dag, búið að standa í lögum síðan 1947, og þá var því komið í lög að tilhlutun landbrh., Bjarna Ásgeirssonar, og fjmrh., Jóhanns Þ. Jósefssonar, og með fylgi yfirgnæfandi hluta þingheims. Ég fæ nú ekki séð, að við, sem þá vorum ungir menn, eins og ég og hæstv. landbrh., og tókum þátt í afgreiðslu þessa máls, höfum verið svo óvitrir þá, þótt við værum þá yngri en nú, og aðrir þeir, sem studdu að samþykkt þessa ákvæðis, að það sé óréttmætt, að þetta haldist enn í lögum.

Nú eru líka sérstakar ástæður fyrir hendi,

sem gera það kleift eða jafnvel auðvelt að gera þetta ákvæði raunhæft. Það, sem oft hefur staðið í vegi fyrir því, að þetta lagaákvæði væri talið raunhæft, er, að það hefur verið litið þannig á, að það kynni að leiða til aukinnar peningaþenslu, að það mundi þurfa að láta út í hagkerfið raunverulega nýtt fé, sem þessu næmi. Nú er það kunnugt, að Seðlabankinn dregur saman gildan sjóð, m. a. fé utan af landsbyggðinni, fé, sem bændastéttin í raun og veru hefur aflað að nokkrum hluta með erfiði sínu og lagt síðan fyrir í innlánsdeildum kaupfélaganna. Við framsóknarmenn erum algerlega á móti þessari fjárdráttaraðferð, eins og oft hefur komið fram hér í þingi. En fyrst þetta er gert og fyrst þarna er orðinn stór sjóður, sem nemur hundruðum milljóna króna, þá er það ekki nein goðgá, það hefur ekki neina verðbólguhættu í för með sér, þó að hluti af því yrði tekinn til þess að lána veðdeild Búnaðarbankans.

Þá hefur verið vikið að því í þessum umr., að það gjald, sem á að leggja á landbúnaðinn eða bændastéttina samkv. 4. gr. þessa frv., sé hliðstætt útflutningsgjaldi á sjávarafurðir. Og hv. 4. þm. Vesturl., sem hér talaði áðan, dró það mjög fram, hvaða byrðar sjávarútvegurinn hefði tekið á sig með greiðslu útflutningsgjalds. Mér þykir það nú í sjálfu sér ekki hæfa að gera mikið að því að ræða mál þannig, að skapa meting á milli atvinnuvega. Mér er það vel ljóst, og það er okkur sjálfsagt öllum, að landbúnaður og sjávarútvegur eru hvorir tveggja nauðsynlegir atvinnuvegir, undirstöðuatvinnuvegir þjóðarbúsins. Og þessa atvinnuvegi þarf að styðja og efla jöfnum höndum. En ég get þó ekki varizt því að benda á það í þessu sambandi, að framkvæmdir við sjávarútveg og landbúnað eru ekki að öllu leyti sambærilegar. Sjórinn er okkar mikla bjargarlind, Íslendinga, og við eigum velgengni okkar að miklu leyti undir því, að hann bregðist ekki. En sjómaðurinn þarf ekki að rækta hafið, hann ræktar ekki fiskinn í sjónum, hann kaupir bara sitt tæki og tekur síðan afraksturinn eins og hann getur komið við með því tæki, sem hann eignast. En það er ekki nóg fyrir bóndann að kaupa vélina og fara síðan og ætla að hirða afraksturinn. Hann þarf að gera miklu meira. Hann þarf að breyta landinu til þess að geta komið véltækninni við, og um leið og hann leggur í þennan stofnkostnað að breyta landinu, þá er hann ekki einungis og jafnvel ekki fyrst og fremst að vinna fyrir sjálfan sig, heldur er hann að vinna fyrir framtíðina, fyrir það þjóðfélag, sem hann er aðili að og er að efla. Þessa sérstöðu landbúnaðarins verður að hafa í huga og skoða hlutdeild þjóðfélagsins í þessu starfi bóndans í réttu ljósi að þessu leyti. En ef litið er á þetta í þrengri merkingu, þá er það svo, að útflutningsgjald sjávarafurða er talið einn af kostnaðarliðum við rekstur sjávarútvegsins. Og því hefur verið haldið fram hér í umr., að það væri ekki rétt að orða það svo að tala um verðlagsgrundvöll sjávarútvegsins, vegna þess að hann yrði að taka sínar tekjur af sölu á erlendum markaði og hefði í sjálfu sér engan verðlagsgrundvöll. Þetta er nú nánast talað orðaleikur, því þó að það sé kannske ekki alveg bókstaflega rétt, að sjávarútvegurinn búi við ákveðinn verðlagsgrundvöll, þá vitum við, sem setið höfum á Alþingi um nokkur undanfarin ár, að það er ekki litið af starfstíma þingsins, sem mörgum sinnum hefur farið til þess að leggja rekstrarhæfan grundvöll fyrir sjávarútveginn, og að þjóðfélagið sem slíkt hefur verið látið taka á sig eigi litlar byrðar í því sambandi, bæði með útflutningsuppbótum á vissu tímabili, bátagjaldeyri og nú síðast með gengisfellingunni, sem leiðir það af sér, að almenningur í landinu verður að taka á sitt bak miklar byrðar í hækkuðu verði til þess að skapa rekstrarhæfan grundvöll fyrir sjávarútveginn. Og alltaf þegar þessar ráðstafanir hafa verið til athugunar og umr. á Alþingi, þá er vitanlega litið á kostnaðarliði sjávarútvegsins í heild, og einn af þeim liðum er þetta útflutningsgjald, sem hér um ræðir.

Þá hefur því verið haldið fram í þessum umr., og það kemur í raun og veru oft fram svona eins og innan sviga, jafnvel þótt rætt sé um önnur efni, hjá ýmsum ræðumönnum, að við Framsóknarflokksmenn séum nú með vakandi áhuga á því að bæta hag stofnlánasjóða landbúnaðarins, eða a. m. k. tölum við svo, segja nú ýmsir ræðumenn, en Framsfl. hafi bara látið undir höfuð leggjast, þegar hann hafði völdin, að gera nokkuð í þessu efni. Ég ætla aðallega með þeim orðum, sem ég segi hér á eftir, að gera nokkra grein fyrir þessu atriði.

Þess er þá fyrst að geta, að það var Framsfl. á sinni tíð, sem kom því til leiðar með harðri pólitískri baráttu, að byggingarsjóður var stofnaður. Þá snerust íhaldsöflin í landinu, þáv. íhaldsflokkur, á móti þessari ráðstöfun. Það er náttúrlega ekki hægt að skrifa það á ábyrgð þeirra, sem nú starfa, það voru fyrirrennarar þeirra á hinu pólitíska sviði, sem þá gengu að verki. En alla tíð síðan Framsfl. kom því til leiðar, að byggingarsjóður sveitanna var stofnaður og ræktunarsjóður efldur a. m. k. og honum breytt í nýtt form, hefur Framsfl. borið hag þessara sjóða mjög fyrir brjósti, og það vill nú svo til, að á þrjátíu ára skeiði, sem þessir sjóðir hafa starfað, hefur Framsfl. mikinn meiri hluta af þeim tíma setið í stjórn landsins, og jafnan þegar hann hefur átt sæti í ríkisstj., hefur hann farið með landbúnaðarmálin og þar með yfirstjórn þessara sjóða, sem hér um ræðir, og oft farið með fjármálastjórn ríkisins jafnhliða. Sú starfsemi, sem sjóðirnir hafa haldið uppi og verið séð um, að þeir gætu innt af hendi, hefur því sérstaklega getað átt sér stað vegna þess, hvernig Framsfl. bar ávallt hag þessara sjóða fyrir brjósti.

Ef vitna á í einstök atriði í þessu sambandi, má geta þess, að nú á síðasta áratug, þegar Framsfl. fór með fjármálastjórn ríkisins, varð mörg árin greiðsluafgangur hjá ríkinu, og framsóknarmenn beittu sér fyrir því í ríkisstj. og á Alþingi, að verulegur hluti af þeim greiðsluafgangi, sem ráðstafað var með sérstökum lögum, rynni einmitt til þessara sjóða, og settu það sem númer eitt á sínum óskalista. Framsfl. beitti sér einnig fyrir því, eins og ég gat um áðan, eða studdi það eindregið ásamt Sjálfstfl. eða

a. m. k. miklum hluta Sjálfstfl., að á sínum tíma var ræktunarsjóði tryggt það mótvirðisfé, sem hann hefur notið góðs af nú um mörg ár. Og þegar hagur sjóðanna hallaðist, beitti Framsfl. sér fyrir því, að sum af þeim lánum, sem höfðu verið veitt af ríkisfé, voru gerð að óafturkræfum framlögum með sérstökum lagaákvæðum í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Ég ætla, að það hafi komið fram við fjárl. bæði 1953 og 1957 á stjórnartíma vinstri stjórnarinnar, sem oft er nú vitnað til. Þegar svo þetta allt nægði ekki, var gripið til þess að taka erlent lán, til þess að starfsemi sjóðanna þyrfti ekki að leggjast niður eða bíða mikið áfall.

Nú hefur hæstv. landbrh. haldið því fram, að það hafi verið yfirsjón að láta sjóðina taka erlend lán, það hefur ekki sérstaklega verið lögð áherzla á það í þessum umr., en hann hefur haldið því fram hér á þingi, og þá liggur næst að spyrja: Álítur þá hæstv. ráðh., að landbúnaðurinn hafi fengið nóg fé án þess að fá þetta fjármagn, sem hin erlendu lán veittu? Ef hann þurfti á því fé að halda, sem honum var látið í té, var þá hægt að vísa á sjóði innanlands á þeim tíma til þess að verða við þessum þörfum stofnlánasjóðanna? Það var ekki fylgt þeirri reglu á þeim tíma að draga inn fé í Seðlabankann og halda því þar föstu. Ég held, að það umráðafé, sem þjóðfélagið hafði yfir að ráða á þessum árum, hafi verið notað til útlána.

Þá kemur að því, sem hæstv. ráðh. hefur raunar sagt hér á þessu þingi, að ríkið hefði átt að taka lánin og endurlána sjóðunum. Hér ber þá að þeim sama brunni, að eftir þessari leið, sem ráðh. hefur talið að hefði verið eðlileg, hefði ríkið borið og átt að bera að dómi ráðh. gengisáhættuna, því að ríkið átti þá ekki að endurlána sjóðunum með gengisáhættu, heldur sat hún eftir á vegum ríkisins, þegar það endurlánaði sjóðunum fé. Hér ber því að sama brunni eins og við höfum lagt til, framsóknarmenn, bæði fyrr og nú, að það sé eðlilegt, að ríkið beri gengisáhættuna, sem á þessum sjóðum hefur lent.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að erfiðleikar þessara sjóða, sem hér um ræðir, urðu fyrst miklir, þegar gengishallinn fór að segja til sín. Og hvenær myndaðist þessi gengishalli? Það má segja, að fyrstu drögin til þess, að gengishallinn myndaðist, eða fyrsti þátturinn í því máli hafi gerzt 1958, þegar yfirfærslugjaldið var lagt á, síðan í enn stærra mæli 1960 og loks enn viðbót 1961. Ég hef fengið tölur um þetta frá Búnaðarbankanum, hvað þessi gengishalli í heild nemi miklu, og samkvæmt þeim tölum nemur hann 123 millj. kr., og ef á að skipta því á þessa þrjá liði, þá lætur nærri skv. þeim tölum, sem ég hef fengið, að það séu rúmar 30 millj., eða 32—33 millj., vegna yfirfærslugjaldsins, milli 60 og 70 millj. vegna gengisfellingarinnar 1960 og um 26 millj. vegna gengisfellingarinnar 1961.

Nú segja ræðumenn hér, hæstv. ráðh. og fleiri: Framsfl. stóð fyrir því á sínum tíma að leggja þetta yfirfærslugjald á, en svo skildi hann við sjóðina í óreiðu. — Þegar þetta er skoðað, verður að rifja upp samhengi atburðanna, hvernig stjórnmálaviðhorfið og valdaskipting milli flokkanna þróaðist á þessum tíma. Yfirfærslugjaldið var lagt á með lögunum um útflutningssjóð 1958. Þau lög eru samþ. alveg í þinglokin, eða 29. maí 1958, og áhrifa þeirrar löggjafar á sjóðina fór aðallega að gæta um haustið eða á síðustu mánuðum ársins 1958, þegar sjóðirnir eru vanir að fá fé til útlána og afgreiða sín lán. Um haustið, þegar þing kom saman 1958, er komið að því, að stjórnarskipti verða, og stjórnarskiptin urðu í byrjun desember, — vinstri stjórnin sagði af sér í byrjun desember, 4. des. 1958, og stjórn Emils var mynduð 23. des. það sama ár. Við vitum það, sem sitjum hér á þingi, að þegar stjórnmálaviðhorfið er með þessum hætti, er ekki unnið að stórmálum, á meðan svona ástand ríkir hér á þingi og stjórnmálasviðinu. Þetta er eins konar biðtími, þegar ein ríkisstj. er að fara frá og önnur að taka við, og það voru engin skilyrði til þess á þeim fáu vikum, sem vinstri stjórnin sat haustið 1958, að koma því við að gera stórátök á þessu sviði. Þegar stjórn Emils var mynduð, færðist meirihlutavaldið yfir í hendur núv. stjórnarflokka, þó að það væri önnur stjórn, sem þá sat, heldur en sú, sem nú situr. Og síðan er framhaldið þetta, að einn liður í viðreisnarstefnunni er hin mikla gengisfelling 1960 og svo enn gengisfelling 1961. Framsfl. hefur verið andvígur þessum efnahagsaðgerðum, sem núv. stjórn hefur beitt sér fyrir, og ber ekki ábyrgð á þeim. En hér kemur fleira til. Á árinu 1959 þótti það mestu varða að koma fram kjördæmabreytingunni, og afgreiðsla efnahagsmála og annarra þýðingarmikilla mála var öll miðuð við það að fleyta þjóðarbúskapnum um stuttan tíma, þangað til hin nýja kjördæmabreyting væri um garð gengin. Þetta er okkur kunnugt. En svo þegar kosningarnar um haustið 1959 eru um garð gengnar, ganga núverandi stjórnarflokkar þá þegar til samninga um stjórnarmyndun. Það tók ekki langan tíma að strika yfir kosningaloforðin um stöðvunarstefnuna og batnandi lífskjör. Það var viðreisnin, sem þá kom til skjalanna, og núverandi stjórn var mynduð, áður en þingið kom saman, og á fyrsta degi þingsins haustið 1959 kemur núv. ríkisstj. og sezt í sína ráðherrastóla, tilkynnir þingheimi sinn stjórnarboðskap, og einn liður í honum er það, að hún taki að sér að koma sjóðum Búnaðarbankans á fjárhagslega traustan grundvöll. Þar með hafði hún þegar lýst því yfir, að hún tæki að sér þetta verkefni. Þá var náttúrlega ekkert annað að gera fyrir Framsfl., þó að hann út af fyrir sig bæri hag þessara sjóða fyrir brjósti, heldur en að bíða eftir tillögum valdhafanna. Þeir höfðu sjálfir lýst því yfir, að þeir ætluðu að leysa þetta verk af hendi, og þegar framsóknarmenn buðu það fram, að stofnað yrði til víðtækrar samvinnu um lausn efnahagsmálanna með því að skipa nefnd allra flokka, sem athugaði þau gaumgæfilega, þurftu stjórnarflokkarnir ekki lengi að hugsa sig um. Viljinn til víðtæks samstarfs á sviði efnahagsmálanna kom fram í því, að þeir synjuðu um viðræður um víðtækara samstarf. Þeir voru ákveðnir í því að vinna þessi verk á eigin spýtur og hafa að ýmsu leyti hagað sér í sinni stjórnaraðstöðu eftir boðorðinu: Vér einir vitum. Og

undir slíkum kringumstæðum er ekki með nokkrum rétti hægt að krefjast þess eða ætlast til þess, að Framsfl. væri að beita sér fyrir því að flytja gagngerar breytingar á þeirri löggjöf, sem hér um ræðir. Hitt er svo annað mál, að við höfum flutt frv. um það, að ríkið bæri gengisáhættu þessara sjóða. Það höfum við flutt oftar en einu sinni. Það var aldrei hugsað sem allsherjarlausn af okkar hálfu, heldur þáttur í málinu, sem við töldum eðlilegan og teljum enn eðlilegan og réttmætan. En þá bar svo við, þegar við fluttum þetta frv. um þessa aðstoð ríkisins við þessa sjóði, að hæstv. landbrh. taldi skrefið nokkuð stórt. Hann talaði um, að við legðum til, að ríkið tæki á sig í einu lagi 160 millj. kr. vegna þessara sjóða. Þá þótti honum skrefið nógu stórt, þó að hann nú í ræðu sinni hér áðan vildi gera lítið úr þessum till. okkar, sem aldrei voru hugsaðar nema bara einn þáttur í þessu máli.

Ég ætla, að þegar þessi saga er rakin og málsatvik öll skoðuð í réttu ljósi, verði ekki með réttum rökum hægt að ámæla Framsfl. fyrir það, að hann hafi látið undir höfuð leggjast um skör fram að efla sjóði Búnaðarbankans.

Þetta frv. gengur nú sjálfsagt til atkvæða og úrslita hér, fyrst í þessari hv. d. og síðar í Nd. Reynslan sýnir, hvernig um þær brtt., sem fyrir liggja, fer og um afgreiðslu málsins. En af því að hæstv. ráðh. fór að minnast í ræðu sinni á samvizku og að einhverjir mundu hafa vonda samvizku, þá hygg ég, að það sé bezt að láta dóm reynslunnar tala í því efni. Það getur farið svo um þá, sem að þessari löggjöf standa, ef þeir knýja hana fram með offorsi óbreytta, að samvizka þeirra kunni síðar að verða eitthvað óró. Og satt að segja bendir það til þess, að eins og haft er eftir gömlum og gegnum þm., sem sat hér um langt árabil fyrir mörgum árum, hann hafi haft það að orðtaki, að það væri hægt að smíða skábretti á mál, sem voru dálítið óþægileg, að það sé ekki laust við, að þetta komi nú fram, eða mér kom í hug, þegar hæstv. landbrh. fór nú við þessa umr. og frsm. meiri hl. landbn. að tala sérstaklega um að breyta þessum skatti síðar í lífeyrissjóð fyrir bændur, að samvizkan væri nú þegar farin að verða óró hjá þessum mönnum og nú væru þeir sjálfir byrjaðir á að smíða skábretti á sitt eigið mál til þess að reyna að komast þannig frá því á sómasamlegan hátt.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. helgaði mér verulegan hluta af sinni ræðu áðan, og verð ég að segja, að mér finnst það veruleg virðing, að svo háttsettur maður telur sig þurfa að eyða nærri því klukkutíma ræðu á lítt vanan þm. til þess að setja ofan í við hann, og verð ég að þakka fyrir það.

Hann hóf sína ræðu á því að minnast á verðlagsmál landbúnaðarins og minna á það, að landbúnaðurinn hefði litla verðlagshækkun fengið 1957, og kvartaði undan því, að hann hefði ekki orðið var við andstöðu mína eða búnaðarþings í sambandi við þau verðlagsmál. Ég get huggað hæstv. landbrh. með því, að ef hann kynnti sér búnaðarþingstíðindi frá 1958, mundi hann sjá þar mjög ákveðna ályktun einmitt um verðlagsmál landbúnaðarins, sem ég gekkst fyrir að fá samþykkta á búnaðarþingi, sem gerði mjög ákveðnar kröfur um það, að bændastéttinni yrði tryggt rétt verðlag og örugg verðskráning á sínar afurðir. Ég ætla að láta þetta nægja um það atriði, því að þessi verðlagsmál eru ekki hér til umr. En nú er þegar komið fram á nótt, og ég er ekki vanur því á mínu heimili að hafa svefn af hvorki mínu fólki né hjúum mínum, og ég vil ekki hafa svefn af ykkur félögum mínum hér á Alþingi með því að teygja lopann um óskyld mál.

Þá ræddi hæstv. landbrh. um, að það væri ekki hyggilegt af ungum mönnum að gera kröfur til þess að hafa fullkomin íbúðarhús, þeir ættu fyrst og fremst að hugsa um að rækta og koma sér upp bústofni. Þetta eru að vissu leyti búhyggindi og sízt að lasta það. En oft hef ég fundið til þess bæði heima hjá mér og reyndar víðar, að það væri leiðinlegt og í rauninni grátlegt, að fólk, sem sezt að í sveit og helgar sig landbúnaðinum, sem er þó okkar elzti og virðulegasti atvinnuvegur hér á þessu landi, geti ekki boðið fólki sínu jafngóð húsakynni og fólk, sem sezt að í öðrum atvinnustéttum, og geti ekki boðið fólki sínu upp á sömu þægindi innanhúss, sömu eða hliðstæð híbýlaþægindi eða híbýlaprýði og aðrar stéttir og fólk, sem sezt að í öðrum stöðum. Og ég finn til þess — finn sárt til þess, að landbúnaðinum skuli ekki vera sköpuð skilyrði til jafnréttis í þessu við aðrar atvinnugreinar og aðrar stéttir, til þess að hann geti einmitt dregið að sér það unga fólk, sem gjarnan vildi setjast að í sveit. Það er ekki nóg að hafa sæmilega stórt bú og sæmilega aðstöðu til búrekstrar, ef fólkið hefur ekki þau þægindi eða þá aðstöðu á heimilunum, að því geti liðið vel og unað sér á heimilunum, því að einmitt heimilin eru aðalaðsetursstaður fólksins mestan hluta ævinnar. Þó að það sé unnið úti að deginum, þá er heimilið þó sá staður, sem fólkið dvelst á mestan hluta sinnar ævi, það er heimilið, sem markar viljann og löngunina til þess að dveljast á þeim stað, sem það hefur setzt að á. Þess vegna geri ég þá kröfu f. h. landbúnaðarins, að einmitt í þessu efni geti hann haft sömu aðstöðu og aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Þá fannst hæstv. landbrh., að ég hefði gert lítið úr hinu myndarlega átaki um fjáröflun fyrir stofnlánasjóðinn, og líklega hef ég misskilið frv. að einu leyti. Hann taldi, að ég hefði ekkert gert úr því mikla fé, sem stofnlánasjóðurinn fengi í vaxtagreiðslur af því stofnfé, sem honum er ætlað skv. 3. gr. frv. Hann taldi, að það mætti reikna með því, að hann fengi 7½% vexti af því fé, sem væri um 60 millj. kr. alls, og vaxtatekjurnar mundu því verða um 9 millj. kr. á ári. (Gripið fram í.) Vaxtatekjurnar. Þá hef ég misskilið hæstv. ráðh. (**Landbrh.:** Ef vöxtunum væri bætt við stofnframlagið, þá jafngilti það 9 millj. á ári í 12—14 ár.) Ég hef þá misskilið þetta atriði. En sannast sagna hélt ég, að þetta stofnfé ætti að fara til útlána í landbúnaðinum, en ekki í hinar og aðrar stofnanir, og vextirnir yrðu þá ekki 7½%, ef það ætti að lána í landbúnaðinn, og þar

af leiðandi yrðu þessar tekjur þó í öllu falli nokkru minni. Þá hélt ég líka, að nokkuð af þessu stofnfé, þessar 16½ millj. kr., sem er ætlað til að greiða gengishalla árin 1961 og 1962 og 1963, gæti ekki orðið líka til útlána fyrir stofnlánasjóðinn. Ég hélt, að það fé færi burt hreinlega.

Hæstv. landbrh. ræddi mikið um viðskilnað vinstri stjórnarinnar í sambandi við þessa sjóði, en hv. 5. þm. Austf. hefur nú svarað því svo rækilega, að ég sé ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í það. En það má þó minna á það, að þegar vinstri stjórnin fór frá, áttu þessir sjóðir verulegt eigið fé eða næri 100 millj. kr., en núna eru þeir svo komnir, að þeir eru mínus um 34 millj. Það sýnir þá, að hagur þeirra hefur mjög versnað, síðan þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, kom til valda.

Landbrh. vildi mælast undan ábyrgð á þeirri dýrtíð, sem myndazt hefur tvö síðustu ár, og þeim gengisbreytingum, sem orðið hafa. Ég fæ ekki skilið, að hæstv. ríkisstj. geti mælt sig undan ábyrgð á þeim gengisbreytingum, sem hún hefur ákveðið. Mér virðist það augljóst mál, að hún verður að bera ábyrgð á þeim.

Þá ræddi hæstv. landbrh. um öfgar þær og fjarstæður, sem hefðu komið fram í ályktunum búnaðarþings nýafstaðins um **lánamál landbúnaðarins**, og það einkennilega henti hann í annað sinn, síðan ég kom hér **inn á þing, að** hann bar mér á brýn ósannindi í sambandi við frásögn af afgreiðslu þessa máls. Ég vona, að ég fái tækifæri til að geta sannað það, að eins og ég sagði hér áðan í fyrri ræðu minni, þá var sá liðurinn, sem fjallaði um andmæli gegn skattgjaldi á landbúnaðarvörurnar, samþykktur á búnaðarþingi með 17 shlj. atkv., en fjórir sátu hjá við nafnakall. Og það var yfirlýst, m. a. af Einari Ólafssyni, sem situr í stjórn Stéttarsambands bænda og hefur líka skrifað undir álit frá stjórn Stéttarsambandsins, að hann teldi það hreint neyðarúrræði — hreint neyðarúrræði — að leggja slíkt skattgjald á landbúnaðinn sem þetta, og hann vildi ekki greiða því atkvæði, en hins vegar teldi hann, að frv., sem hér um ræðir, hefði ýmis önnur ákvæði að geyma, sem hann gæti stutt, þess vegna vildi hann ekki lýsa yfir andstöðu við það.

Ég skil það, að hæstv. landbrh. sárnar afstaða búnaðarþings. Afstaða búnaðarþings var einfaldlega sú að standa fullkomlega á rétti bænda í þessu efni, krefjast jafnréttis og þess, að bætt yrði úr þeim erfiðleikum, sem landbúnaðurinn á í þessum málum núna. En það er annað og meira en segja má um hæstv. landbrh., sem hefur sætt sig við það, að landbúnaðinum sé íþyngt fram yfir ýmsar aðrar atvinnugreinar með ýmsum efnahagsráðstöfunum núv. ríkisstj., og hann sættir sig við það, að nú er enn á ný lagður skattur á bændastéttina, á sama tíma og undir sömu skilyrðum og þegar farið er með hliðstæð mál fyrir aðrar **stéttir** hér á Alþingi þykir ekki fært að leggja slíkan skatt á aðrar stéttir. Hann stendur ekki jafnvel á rétti bændastéttarinnar í ríkisstj. eins og búnaðarþing stendur á rétti bændastéttarinnar í sínum ályktunum.

Þá vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, væri tryggt, að ríkið greiddi gengismuninn á erlendu lánunum. En ég sé ekki, að það sé tryggt nema þessi þrjú ár, sem tiltekin eru, 1961, 1962 og 1963. Hitt veltur á því, hvernig fjáröflunin nægir fyrir fjárþörfinni í heild.

Ég vil þá að síðustu, ég ætla ekki að teygja lopann lengi um þetta, taka undir það, sem hæstv. landbrh. lét í skína hér síðast í sínu máli um það, að landbúnaðurinn ætti að fá hluta af því mótvirðisfé, sem væri að myndast hjá Seðlabankanum núna vegna erlendra lántaka, og það er einmitt það sama og við minnihlutamenn í landbn. leggjum til í okkar nál. og okkar till. Ég vona, að það eigi eftir að koma fram í meðferð málsins hér, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar samþykki þetta atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var **fram haldið** 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. **með 14 shlj. atkv.**
Brtt. 502,1 felld með 11:8 atkv.
— 502,2 felld með 11:8 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 502,3 felld með 11:8 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 502,4 felld með 11:8 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 502,5 tekin aftur til 3. umr.
— 496 tekin aftur til 3. umr.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,6 felld með 11:8 atkv.
14.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,7 felld með 11:8 atkv.
24.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,8 felld með 11:7 atkv.
27.—47. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,9 felld með 11:8 atkv.
48.—63. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,10 felld með 11:7 atkv.
64—70. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 502,11 felld með 11:7 atkv.
71.—82. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 496, 502,5).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Í nál. meiri hl. landbn. er ein brtt. við 12. gr., sem ég óskaði að tekin væri aftur við 2. umr. Ég gerði efnislega grein fyrir þessari breytingu við 2. umr. þessa máls, og er breytingin við 2. málsgr. 12. gr.: „Í stað orðanna „fyrst og fremst" komi: aðeins." Þetta á að taka af öll tvímæli um það, að ekki verði lánað út til bygginga og ræktunar í sveitum með gengisákvæði. Nú óska ég, að þessi brtt. komi til atkvæða við 3. umr., eins og ég gerði grein fyrir og tók fram við 2. umr. málsins.

Í öðru lagi hefur landbn. orðið sammála um að gera tvær brtt. við frv. við þessa umr. Það er í fyrsta lagi ein mjög lítil breyting við 8. gr.: „Aftan við næstsíðustu málsgrein komi: ef nauðsynlegt þykir." Þetta lýtur að tryggingum, sem banki taki fyrir lánum, og er við nánari athugun talið nauðsynlegt, að þetta komi inn í greinina.

En svo er önnur allmikil breyting, sem er við 12. gr. og hljóðar svo:

„Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, enda séu skuldabréf fyrir þeim lánum með gengisákvæði."

Þessi viðbót við greinina er fram komin vegna þess, að það þykir ástæða til þess, að þarna sé möguleiki til að lána fé til stærri bygginga, sem bændasamtökin standa að. En tekin eru af öll tvímæli um það, að slík lán skuli þá aðeins veitt með gengisákvæði, ef erlent lán verður tekið til slíkra hluta.

Um þessar tvær breytingar, sem ég legg hér fram skriflega við 3. umr. málsins, hefur orðið fullt samkomulag í landbn., og vænti ég, að hv. þd. geti einnig fallizt á þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 571) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 367, 496, 502,5, 571).

ATKVGR.

Brtt. 571,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 502,5 felld með 10:8 atkv.
— 496 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 571,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:. BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

nei: ÁB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE.

BjörnJ, FRV, AGl greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 583).

Á sama fundi og 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í hv. Ed. og er nú hér til 1. umr. Það hefur þegar verið mikið rætt og ritað um þetta mál, og er hv. þm. því málið nokkuð kunnugt, og munu flestir hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því, um hvað hér er að ræða.

Það er kunnara en um það þurfi að fjölyrða, að búnaðarsjóðirnir eru févana og eru gjaldþrota. Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum árum, þótt þeir hafi haft nokkurt fé til umráða og verið landbúnaðinum mikil stoð, þá hafa þeir engan veginn getað innt af hendi það hlutverk, sem þeim var ætlað í fyrstu. Samkv. lögunum um ræktunarsjóð og byggingarsjóð er heimilt að lána allt að 75% af byggingarkostnaðinum. En vegna fjárskorts hafa lánin ekki verið hærri en 25 eða mest 30%. Það hefur einnig verið heimild til þess að lána út á vélar. Það hefur verið heimild til þess að lána út á bústofn. Það hefur verið heimild yfirleitt til þess að lána út á allt, sem veðhæft gæti talizt hjá bændum við bústofnun og búrekstur. En það hefur ekki verið unnt vegna fjárskorts að lána út á annað en íbúðabyggingar, útihúsabyggingar og ræktun. Vélarnar hafa orðið út undan, bústofninn hefur orðið út undan, og það er þess vegna ekkert nýtt, þótt bændur og þeir, sem eru að byrja búskap, eigi erfitt með að fá lán. Þannig hefur þetta verið mörg undanfarin ár. Aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur ár eftir ár sent áskorun til ríkisstj. um það að bæta úr þessu. Búnaðarþing hefur einnig gert hið sama. En það hefur ekki enn sem komið er verið gert neitt raunhæft í þessum efnum. Það, sem hefur verið látið nægja, er það, að ríkisstj. á hverju hausti hefur hafizt handa um að slá lán til þess að leysa úr brýnustu nauðsyn vegna bygginga og ræktunar. Og þetta var ekki betra í tíð vinstri stjórnarinnar, ef menn líta til þeirrar sögu, sem er nærtæk.

Hv. framsóknarmenn hafa á undanförnum þingum flutt frumvörp um nýja lánadeild við Búnaðarbankann, bústofnslánadeild. En það er ekki það, sem vantar við Búnaðarbankann, ný lánadeild. Það, sem hefur vantað, er fé til útlána. Það er þess vegna nægilegt að hafa eina stofnlánadeild. En með þessu frv. er gert ráð fyrir að sameina byggingar- og ræktunarsjóð í eina deild, stofnlánadeild landbúnaðarins. Hins vegar er gert ráð fyrir, að veðdeildin haldi áfram að starfa, en hún hefur raunar undanfarin ár verið lítt starfhæf vegna fjárskorts. Það er tími til þess kominn, að menn hætti því að flytja sýndarfrv. og sýndartill. um lausn þessara mála. Það er nauðsynlegt, að nú verði hafizt handa með raunhæfum aðgerðum. Og það er það, sem er gert með þessu frv., sem hér er til umr.

Það merkilega hefur skeð, að hv. framsóknarmenn hafa snúizt gegn þessu frv. Og það merkilega hefur skeð, að meiri hl. búnaðarþings hefur einnig gert það. Það er ekki óeðlilegt, þótt menn reyndu að gera brtt. við frv., ef þeir hefðu ráð í pokahorninu til þess að gera það enn betur úr garði en það er. En því er ekki fyrir að fara. Meiri hl. búnaðarþings hafnar frv. án þess að gera nokkrar jákvæðar tillögur um lausn þessa vandamáls. Hv. framsóknarmenn hafa fram að þessu látið sér nægja að flytja frv. og till. og áskoranir til ríkisstj. um að leggja fram fé án þess að benda að nokkru leyti á leiðir eða úrræði til þess að afla fjárins. Á tveimur þingum hafa hv. framsóknarmenn flutt frv. um það, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengishallann, sem þessir sjóðir hafa

orðið fyrir. Og með flutningi þessara tillagna hafa hv. framsóknarmenn talið, að þeir væru að gera kröfur til lagfæringar á sjóðunum svo víðtækar og háar, að lengra væri naumast unnt að ganga. Við skulum segja það, að þetta sé út af fyrir sig virðingarvert. Með því að samþykkja frv. hv. framsóknarmanna, sem nú liggur fyrir hv. Ed. um, að ríkissjóður taki á sig gengishallann, er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði um 9 millj. kr. á ári til þessara sjóða. Og það má segja, að með því að ríkissjóður fengi 9 millj. kr. á ári til þess að bæta gengishallann, sé sjóðunum forðað frá gjaldþroti a. m. k. En sjóðirnir verða jafnvanmegnugir um að lána bændum út á framkvæmdir. Þá vantar fé til þess að inna það hlutverk af hendi, sem þeim er ætlað. Ef frv. hv. framsóknarmanna væri samþykkt eitt út af fyrir sig, þarf að halda áfram að slá fé fyrir hver áramót til hinna brýnustu nauðsynja. Sjóðirnir byggja sig ekki upp. Sjóðunum yrði ekki fært að færa út verksviðið. Þeim yrði ekki fært að hækka útlánin til bænda, svo sem brýn nauðsyn er á.

Eftir að þetta frv. kom fram, hafa hv. framsóknarmenn að vísu flutt tillögur, og það merkilega skeður, að í þessum till. framsóknarmanna er gert ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi beint úr ríkissjóði árlega, og er auðséð, að hv. framsóknarmenn hafa haft frv. ríkisstj. til hliðsjónar, þegar þeir skrifuðu þessa till. Sú till. er þó aðeins lægri en sú fjáröflun, sem þetta frv. felur í sér, því að samkv. 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi strax fram 60.5 millj. kr. sem stofnfé, sem gerir höfuðstól deildarinnar strax jákvæðan og jafngildir 9.5 millj. kr. á ári í 14 ár, sé miðað við 7½% vexti, en rúmlega 8 millj. kr. á ári sama árafjölda, ef miðað er við 6½% vexti. Og það er rétt að hafa þetta í huga. En auk þessa framlags er gert ráð fyrir, að gamla framlagið haldist, 4 millj. kr., að ríkissjóður borgi jafnt á móti 1% gjaldinu, sem lagt er á búvörur, en það munu vera 8 millj. kr. á ári eða jafnvel rúmlega það. Þegar þetta er lagt saman og ef við tökum lægri vaxtatöluna af stofnfénu, þá höfum við 20.5 millj. kr. beint framlag frá ríkissjóði árlega til þessara sjóða, og við höfum auk þess það framlag, sem kemur frá neytendum landsins, sem er 5.5 eða jafnvel 6 millj. kr. á ári. Við höfum þá samkv. þessu frv. annars staðar en frá bændunum 26—27 millj. kr. árlega. Þetta frv. gerir þess vegna miklu meira en það að gera ráð fyrir að borga gengishallann, eins og fyrri frumvörp hv. framsóknarmanna. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að það komi frá ríkissjóði og öðrum en bændum 26—27 millj. kr. á ári. Bændur borga svo 1% af búvörum, sem gerir nú fyrstu árin rúmar 8 millj. kr. og fer hækkandi eftir því, sem framleiðslan eykst, og er þá árlegt fé, sem sjóðirnir fá, 34—35 millj. kr. auk vaxtatekna. Það er þetta, sem frv. gerir ráð fyrir, og með lögfestingu þess eru sjóðirnir byggðir upp á traustan hátt og það verður gert mögulegt að lána bændum hlutfallslega hærri lán en áður og lána út á framkvæmdir, sem hefur ekki verið fé til að lána út á áður.

Það er öruggt, að ef þetta frv. verður að lögum, er með því stigið stórt og heilladrjúgt spor til þess að veita landbúnaðinum þá aðstoð, sem hann hefði þurft að vera búinn að fá fyrir löngu, en hann mun nú fá í auknum mæli eftir lögfestingu þessa frv.

Það verður tæplega unnt að taka hv. framsóknarmenn eða málgögn þeirra alvarlega, þegar þeir ræða um þetta mál. Ég sá í Tímanum í gær eða í fyrradag, að þeir tala um 2 millj. kr. nýtt fé samkv. þessu frv., 2 millj. kr. nýtt fé til þessara sjóða. Hv. framsóknarmenn standa ekki á traustum grunni, þegar þeir eru að gagnrýna þetta frv., og ég er viss um það, að sumir þeirra eiga eftir að iðrast þeirra orða, þeirra ummæla, sem þeir hafa haft hér í þingsölunum um þetta mál. Reynslan mun sanna, að hér er rétt stefnt og hér er heillavænlega að unnið. Hitt er svo aukaatriði, þótt hv. framsóknarmönnum virðist nauðsynlegt að gera málið tortryggilegt, gera allt, sem þeir geta, til að gera þá menn, sem að því standa, tortryggilega í augum bænda. En hv. framsóknarmenn mega gera sér grein fyrir því, að bændur fylgjast vel með þessum málum og hafa meiri dómgreind til að bera en þeir, sem Tímann rita, og þeir, sem tala fyrir Framsfl. í hv. Alþingi um þetta mál.

Ég sagði áðan, að það furðulega hefði skeð, að meiri hl. búnaðarþings hefði snúizt gegn þessu máli. Minni hl. bjargaði áliti búnaðarþings með því að flytja rökstudda dagskrá, og þessi rökstudda dagskrá endar þannig:

„Fundurinn telur ályktunartillöguna ekki vera í samræmi við hagsmuni bænda og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Það var ályktunartillaga meiri hl. um að vísa þessu frv. frá eða telja það gagnslaust og jafnvel árás á bændur, eins og fram hefur komið. Það er svo annað mál, þegar hv. framsóknarmenn hér í Alþingi mæla fast með því að láta bændur borga ½% af búvörum til bændahallarinnar hér í Reykjavík, en telja það árás á bændur, að þeir greiði 1% gjald af búvörum til þess að byggja upp búnaðarsjóðina. Ég ætla ekki að eyða orðum að því að sýna fram á, hversu þessi málflutningur er fráleitur. Ég hygg, að það dæmi sig sjálft. Það þarf ekki skýringa við. Og það er vonlaust verk að hamra það inn í bændur landsins, að það sé samkv. hagsmunum þeirra að borga ½% til bændahallarinnar, en það sé gegn hagsmunum þeirra að borga 1% til þess að byggja upp búnaðarsjóðina. Það er algerlega vonlaust verk.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir traustri og tiltölulega fljótri uppbyggingu sjóðanna. Og samkv. fskj., sem fylgja með frv., og útreikningum geta hv. þm. séð greinilega, hvernig sjóðirnir byggja sig upp, og það verður ekki um það villzt. Það kemur í ljós, að fyrsta árið, 1962, vantar sjóðina fé. Það er á fskj. II á bls. 22 í frv., sem þetta kemur fram, að eigið fé til útlána úr stofnlánadeildinni á árinu 1962 er ekki nema 31 millj. 702 þús. kr. Það er vitanlega allt of lítið á þessu ári. Á árinu 1963 verður eigið fé 51 millj. 70 þús. kr. Á árinu 1964 verður eigið fé 56 millj. 525 þús. kr. Á árinu 1965 verður eigið fé 61 millj. 670 þús. kr., á árinu 1966 67 millj. 801 þús. kr., og þannig vex þetta smátt og smátt, þannig að 1970 verður eigið fé til út-

lána árlega 101 millj. 617 þús. kr. Nú er útlánaþörfin 60—70 millj. kr. árlega a. m. k. Það vantar því mikið til þess, að fyrstu árin verði nægilegt fé. En það er sá munur, eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, frá því, sem áður hefur verið, að stofnlánadeildin getur sjálf staðið undir lánunum og hún er stofnun, sem er traust og byggir sig upp, og enginn verður hræddur við að lána henni. Það má fullyrða, að fyrstu fimm árin verður deildin að taka nokkurt fé að láni til þess að geta innt af höndum þá skyldu eða þá nauðsyn, sem til þess er að veita bændum aukin lán. En deildin heldur áfram að byggja sig upp, þannig að 1975 er eigið fé deildarinnar til árlegra útlána 148 millj. 426 þús. kr.

Nú hefur verið sagt: Er þetta tryggt? Hvað skeður, ef verðlagið breytist, ef aftur verður gengisfelling? Er þetta þá traustur grunnur? Hefur þá verið lagður framtíðargrundvöllur að uppbyggingu deildarinnar? Það má náttúrlega segja, að það sé erfitt að tryggja þessa deild eins og annað gegn öllum áföllum. Hitt er þó ljóst, að ef verðbreyting verður til hækkunar og ef til þess komi, að gengisfelling verði aftur, sem við skulum vona að ekki verði, þá hækkar verðlagið á landbúnaðarvörunum, 1% gjaldið verður hærri fjárhæð, og framlag ríkissjóðs hækkar þá að sama skapi. Söluskatturinn eða hvað við viljum nefna það, 0.75% gjaldið, gefur þá einnig hærri fjárhæð, þannig að með þessu móti vinnst mikið gegn þeim verðhækkunum og krónufellingum, sem gætu átt sér stað í framtíðinni. Og það er e. t. v. einn höfuðkostur þessa frv., að jafnvel er stofnlánadeildin verulega tryggð, þótt svo óheillavænlega færi, að krónan ætti enn eftir að lækka.

Á annarri töflu hér er sýnt, hvernig efnahagsreikningurinn kemur út og hvernig deildin byggir sig upp að því leyti. Skuldir umfram eignir voru um síðustu áramót 34 millj. 678 þús., þegar ræktunarsjóður og byggingarsjóður höfðu verið lagðir saman. Árið 1970 er réttur höfuðstóll 206 millj. kr., en 1975 er réttur höfuðstóll orðinn 507 millj. kr. Við skulum gera ráð fyrir því, að frv. eins og þetta hefði verið lögfest fyrir 10 eða 15 árum og að búnaðarsjóðirnir hefðu búið við slíka löggjöf s. l. 10 eða 15 ár. Við getum gert okkur grein fyrir þeim reginmun, sem þá væri í þessari lánastofnun frá því, sem nú er. Við getum gert okkur grein fyrir því, að þá væri mögulegt að lána bændum til bústofnskaupa, til kaupa á vélum, hækka útlánin verulega út á byggingar og ræktun. Við getum gert okkur grein fyrir því, að þá væri stofnlánadeild landbúnaðarins traust stofnun, sem gæti fullnægt lánaþörf landbúnaðarins. En því miður höfum við ekki átt löggjöf eins og þessa, sem nú er verið að skapa. En það er betra seint en aldrei. Það má ekki lengur dragast, að löggjöf sem þessi komi. Það má ekki lengur dragast, að nú verði lagður grunnur að því og hann traustur, að landbúnaðurinn eigi greiðan aðgang að stofnlánum og rekstrarlánum. Og ég er sannfærður um, að það líður ekki langur tími, þangað til þeir, sem nú berjast gegn þessu frv., verða sannfærðir um, að þeir unnu illt verk, þegar þeir snerust gegn því. Vera má, að ýmsir af þeim, sem tala gegn málinu, geri það í trausti þess, að það verði samþykkt þrátt fyrir þann mótþróa, sem þeir sýna. Það er vitað, að ríkisstj. hefur flutt þetta mál, að stjórnarflokkarnir standa sameiginlega að því. Og það má þess vegna vera, að sumir hv. framsóknarmenn snúist nú gegn málinu í trausti þess, að það verði samt sem áður samþykkt. En slíkur málflutningur er lítt skiljanlegur og með öllu ástæðulaust fyrir hv. framsóknarmenn að vera að snúast gegn þessu máli gegn betri vitund og tala gegn sannfæringu sinni, gegn því, að þetta mál komist fram, og reyna að telja bændum landsins trú um, að hér sé verið að vinna illt verk, í stað þess að viðurkenna, að með þessu frv. er lykillinn fundinn að lausn þess vandamáls, sem landbúnaðurinn hefur haft við að búa undanfarin ár, þ. e. fjárskortinn í stofnlánadeildum landbúnaðarins.

Hv. framsóknarmenn hafa flutt till., eins og ég sagði áðan, um það, að ríkissjóður leggi fram fé, að ríkissjóður leggi fram 25 millj. kr. á ári, án þess að nokkurt framlag komi á móti. Sjálfsagt dettur hv. framsóknarmönnum ekki í hug, að iðnaðarmenn gerðu einhverja kröfu til framlaga úr ríkissjóði fram yfir það, sem áður hefur verið, ef þetta væri lögfest. Sjálfsagt dettur hv. framsóknarmönnum ekki í hug, að útvegsmenn gerðu kröfu til þess að fá meira en 2 millj. úr ríkissjóði á móti tugum milljóna, sem þeir leggja fram árlega, sem er útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ég hygg, að hv. framsóknarmenn, sem flytja þessa sýndartill. á þskj. 502, hafi alveg gert sér grein fyrir því, að slík till. gæti ekki orðið samþykkt, og ef hv. framsóknarmenn hefðu í rauninni trúað því, að slíku væri mögulegt að koma fram, þá hlytu þeir að hafa flutt till. í þessa átt, á meðan þeir voru í ríkisstj., fóru með landbúnaðarmálin og fjármálin. En á meðan þeir voru í ríkisstj., höfðu lykilinn að ríkiskassanum og landbrh., þá bólaði ekki á slíku, heldur var allt látið fljóta sofandi að feigðarósi í þessum málum. 1958, þegar vinstri stjórnin felldi gengið, bar ekki á neinum tillögum til þess að bæta sjóðunum gengishallann, þvert á móti. Það var ekki fyrr en þessir hv. menn voru komnir úr ríkisstj., að þeir fluttu till. um, að gengishallinn yrði bættur. Og það var ekki fyrr en frv. það, sem hér er verið að ræða um, um stofnlánadeild landbúnaðarins, kom fram og séð var, að með því frv. er lagt til, að ríkissjóður stórhækki framlög sín frá því, sem verið hefur, að hv. framsóknarmenn létu sér detta í hug að koma með sýndartillögu, sem fór nokkuð í þá átt að byggja upp þessa sjóði. Áður treystu þeir sér ekki til að ganga lengra en svo, að gengishallinn einn yrði bættur, sem út af fyrir sig var alls ófullnægjandi til þess að gera sjóðunum kleift að auka lánin eða til þess að lána yfirleitt nokkuð. Það er svo eftirtektarvert, að í þessum till. hv. framsóknarmanna er enn talað um bústofnslánasjóð, alveg eins og það vanti heimild fyrir stofnlánadeildina til þess að lána til bústofnskaupa. Það eru vitanlega í þessu frv., sem hér er um að ræða, víðtækar heimildir til þess að lána, og það vantar ekki neina sérstaka deild í því efni. Það, sem vantar, er fé. Og það

vantar ekki heldur stjórn til þess að úthluta þessum peningum. Sú stjórn er í Búnaðarbankanum og getur einnig tekið að sér að úthluta lánum til búfjárkaupa, ef peningar væru fyrir hendi.

Ég veit, að hv. alþm. hafa lesið þetta frv., hafa lesið töflurnar og útreikningana, sem eru fskj. með málinu. Ég er sannfærður um, að það er enginn hv. þm. svo illa að sér, að hann eigi ekki gott með að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta byggist upp. Og eina ástæðan, sem hv. framsóknarmenn hafa fundið til þess að vera á móti málinu, er þetta margumtalaða 1% gjald á búvörur bænda. Hv. framsóknarmenn telja þetta beina árás á bændastéttina, um leið og þeir telja rétt og sjálfsagt að borga ½% af búvörum til bændahallarinnar. Látum bændahöllina liggja á milli hluta, það er þegar komið fram frv. hana varðandi, sem hv. landbn. hefur flutt að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. En eru rök fyrir því að telja þetta 1% gjald árás á bændur? Er rangt stefnt með því að gera þetta? Var rangt stefnt hjá sjávarútveginum að taka upp útflutningsgjald af sjávarafurðum og borga í fiskveiðasjóð? En sjávarútvegurinn hefur borgað nú um árabil 1.8% útflutningsgjald í fiskveiðasjóð. Sjávarútvegurinn hefur fengið úr ríkissjóði 2 millj. kr. á ári, en útflutningsgjaldið, sem er tekið af útveginum, nemur nokkrum tugum milljóna árlega. En fiskveiðasjóður er fyrir þessar aðgerðir öflug lánastofnun fyrir útveginn. Og ég er sannfærður um það, að sá útvegsmaður finnst ekki, sem vill afnema útflutningsgjaldið og hætta að greiða í fiskveiðasjóðinn og leggja drög að því, að lánastofnun sjávarútvegsins verði þannig lömuð. Það vilja útvegsmenn ekki gera. En hv. framsóknarmenn hafa sagt stundum, að þetta væri ekki sambærilegt við landbúnaðinn, vegna þess að útvegurinn fengi útflutningsgjaldið reiknað inn í verðið og útvegurinn borgaði þetta raunverulega ekki sjálfur þess vegna. Að vísu er hér komið fram þskj. frá hv. framsóknarmanni og fleiri hv. framsóknarmenn hafa nú síðustu dagana mótmælt útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, vegna þess að þeir vildu mótmæla auknum álögum á útveginn. Þarna stangast málflutningur framsóknarmanna nokkuð á. Ef útvegurinn fengi útflutningsgjaldið bætt í gegnum verðlagið, væri ekki um neinar álögur að ræða. Og sannleikurinn er sá, útvegurinn hefur ekki möguleika á því að fá útflutningsgjaldið nema þá að litlu leyti í gegnum verðlagið. Og það, sem hv. þm. skrifaði, þegar hann samdi nefnt þskj., var það, sem hann meinti. E. t. v. hefur sami þm. sagt eitthvað öfugt hér í hv. Alþingi á þessu þingi eða fyrri þingum. En það er vissulega lofsvert, þegar hv. þm. vanda sig einhvern tíma og bera fram mál á þskj., sem hægt er að taka mark á. Og ég hygg, að við athugun þessa máls sannfærist menn um, að það er réttara, sem stendur í þskj. þessa hv. þm., heldur en það, sem t. d. hv. 1. þm. Austf. hefur stundum sagt í sambandi við þessi mál, þegar hann hefur verið að mótmæla 1% gjaldinu á landbúnaðarvörur. Það er líka eitt, sem kemur alveg í veg fyrir það, að útvegurinn hafi nokkra tryggingu fyrir því að fá útflutningsgjaldið bætt, og það er, að útvegurinn hefur enga verð- eða sölutryggingu á sínum vörum. Útvegurinn verður að sæta þeim mörkuðum, sem hverju sinni finnast, og þótt verð á fiski og sjávarafurðum sé ákveðið einu sinni á ári, þá er engin leið að sjá fyrir verðfall, sem kann að verða, og við vitum, að markaðirnir verða oft svo ákaflega misjafnir, og það er ekki langur tími síðan stórkostlegt verðfall var á ýmsum sjávarafurðum frá því, sem reiknað var með. Aftur á móti hefur landbúnaðurinn verð- og sölutryggingu. Og bændur fá, sem betur fer, sama verð fyrir kjötið, þótt það seljist ekki nema hálfu verði á erlendum markaði. Þeir fá fullt verð fyrir mjólkina, þótt það þurfi að flytja út mjólkurduft fyrir aðeins brot af því verði, sem þeir þurfa að fá fyrir það. En hv. framsóknarmenn tala lítið um þetta. Á meðan þeir voru í ríkisstj., var mikið talað um það, hvað ætti að gera við offramleiðsluna. Hv. búnaðarþing eyddi löngum tíma í það 1958 að ræða um það, hvað ætti að gera við offramleiðsluna. Það ætti að flytja út kjöt og það ætti að flytja út osta, eins og gert er nú. Þá urðu bændur að taka á sig þennan halla. Bændur í Flóabúinu urðu að taka á sig 22 aura halla af hverjum mjólkurlítra eitt ár, vegna þess að það voru fluttir út ostar. Þá komu ekki tillögur frá hv. framsóknarmönnum, sem höfðu landbúnaðarmálin og fjármálin, um það að bæta bændum þennan halla. Það gleymdist. Það var ekki eins auðvelt að fara í ríkiskassann og hv. framsóknarmenn gera ráð fyrir, ef nokkuð ætti að taka mark á þeirri brtt., sem þeir hafa flutt við þetta frv. Og hvar var þá öll vinsemdin og umhyggjan fyrir bændastéttinni? Það er nauðsynlegt að rifja þetta upp, þegar talað er við þá hv. þm., sem snúast gegn þessu frv., setja upp vandlætingarsvip, þykjast vera einir málsvarar bændastéttarinnar og þess umkomnir að gæta hagsmuna hennar. Og ég veit, að hv. alþm. fyrirgefa mér, þótt ég taki takmarkað mark á málflutningi slíkra hv. þm.

Hv. 10. landsk. (BGuðm) lýsti því í hv. Ed., að eftir að hann hefði lesið þetta frv. og kynnt sér það rækilega, sæi hann, að bændur gætu með því að lögfesta þetta frv. leyst eitt áhugamál sitt, sem þeir hafa lengi borið fyrir brjósti, og það er að stofna lífeyrissjóð fyrir bændur. Þetta hafa bændur talað um víðs vegar um land í mörg ár. Það er engin uppfinning frá einum eða neinum á þessu þingi, enda talaði hv. 10. landsk. ekki í þeim tón. Það, sem hv. 10. landsk. sagði, var aðeins það, að með því að lögfesta þetta frv. er fenginn möguleiki til þess að láta þessa draumsýn íslenzkra bænda verða að veruleika. Málgagn framsóknarmanna, Tíminn, hefur verið svo smekklegt að tala um málefnahnupl í þessu máli, og sagt, að bóndinn á Hjarðarfelli hafi átt þessa tillögu, hann hefði minnzt á hana á búnaðarþingi. Já, það hafði bara verið minnzt á þetta á búnaðarþinginu, það er alveg merkilegt, en bændur hafa áreiðanlega, bæði Þingeyingar, Rangæingar og bændur víðs vegar um land, minnzt á þetta mál nú í mörg ár, og ég man ekki betur en hér hafi fyrir nokkrum árum verið flutt till. til þál. um athugun á því að koma upp lífeyrissjóði

fyrir bændur. Ég held, að það sé alveg hægt að sleppa því að vera að tala um málefnahnupl í þessu máli, og ég veit ekki, hvort það er til nokkurs sóma fyrir búnaðarþing, að það skyldi hafa verið minnzt á málið þar og svo ekkert gert.

Það er ekki það, sem bændur spyrja um, hvort það hafi verið minnzt á málið á búnaðarþingi, heldur spyrja þeir um það, hvaða tillögur búnaðarþing hafi að gera í þessu máli. Hafði það nokkrar tillögur fram að bera til þess að gera málið framkvæmanlegt? Það hafði það ekki. En meiri hlutinn snerist gegn þessu frv. án þess að koma með nokkra tillögu um það að koma þessu máli í höfn, lífeyrissjóðnum, eða að leysa fjárhagsvandamál búnaðarsjóðanna. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig í samræmi við ýmislegt fleira. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að ræða um lífeyrissjóðinn, en það gefur vitanlega þessu frv. enn aukið gildi, að við athugun glöggra manna á þessu máli virðist ljóst, að þarna sé möguleiki einnig til lífeyrissjóðsstofnunar, vegna þess að fjármagnsmyndunin verður það ör samkvæmt þessum tillögum.

Ég hef spurzt fyrir um það, hversu margir bændur eða fyrrverandi bændur á landinu og þá náttúrlega bændakonur mundu njóta lífeyrissjóðs, hversu margir Íslendingar eru 67 ára og eldri, og það eru 6.7% af þjóðinni. Það má þess vegna ætla, að það séu 7—8 hundruð manns, sem mundu njóta góðs af lífeyrissjóðnum, og það væri vitanlega mikill hagur að því fyrir bændur að fá til viðbótar hinum venjulegu tryggingum greitt úr lífeyrissjóði bænda. Það væri eðlilegt, að það færi hækkandi eftir því, hversu mikið þeir hafa greitt í sjóðinn, og 1970 hafa sjóðirnir, eins og áður er sagt, yfir 100 millj. kr. eigið fé, þeir hafa 1968 milli 80 og 90 millj. kr. Við skulum segja, að það séu 800 eða 750 manns, og það væri aðeins byrjað með 10 þús. kr. á mann úr lífeyrissjóði. Þá eru það 7½ millj. kr. Ég býst við því, að þegar sjóðirnir hafa eigið fé árlega, 100 millj. kr., þá þætti það engin goðgá að taka af þessu 7—8 millj. kr. á ári í þessu skyni. En þetta mál er ekki til umræðu hér, það þarf vitanlega glöggrar athugunar, það þarf að setja tryggingafræðing í að reikna það út og gera tillögur um framkvæmd í því máli, ef að því yrði horfið. En ástæða er til, vegna þess að það hefur verið rætt um málefnahnupl í þessu sambandi, einmitt að gera grein fyrir því, að þetta er ekki nýtt mál hjá bændum. Ég ætla, að það sé áratugur síðan það kom á dagskrá hjá þeim, en það hefur verið vonlaust fram að þessu um það að geta komið málinu fram. Nú hefur einn hv. þingmaður og fleiri vitanlega síðan, hv. 10. landsk., komið auga á möguleikana í þessu efni, og það munu margir undir það taka, og það er ekki ástæða til að tala um málefnahnupl í því sambandi.

Þá má geta þess, að undanfarið hafa búnaðarsjóðirnir fengið helminginn af mótvirðissjóðsfénu til umráða. Framkvæmdabankinn hefur haft milligöngu um þessi mál. En allt frá því, að mótvirðissjóðurinn var tekinn til notkunar og lánaður úr Framkvæmdabankanum, hafa búnaðarsjóðirnir búið við vaxtahalla um 2½%, þannig að sjóðirnir hafa tekið lánin með 2½% hærri vöxtum en þeir hafa endurlánað. Nú er úr þessu bætt, og hefur orðið samkomulag við bankaráð og stjórn Framkvæmdabankans um það, að eldri lánunum verði breytt og að þau lán, sem eftirleiðis verða veitt úr mótvirðissjóði, verði ekki veitt með vaxtahalla. Þetta út af fyrir sig bætir rekstraraðstöðu sjóðanna frá því, sem verið hefur, og þetta hefði vitanlega þurft að vera búið að gera fyrir löngu.

Í byrjun, þegar þetta mál kom til umræðu hér í hv. Alþingi, var færð ein ástæða gegn því önnur en 1% gjaldið, og það var, að búnaðarsjóðirnir væru einu sjóðirnir, sem ekki væru nú þegar búnir að fá gengishallann bættan. Hv. 1. þm. Austf. sagði hér í hv. deild, og Tíminn hafði það upp eftir honum, að allir sjóðir nema búnaðarsjóðirnir væru búnir að fá gengishallann bættan, og það sýndi sig, hvernig landbúnaðarráðherra stæði í stöðu sinni, að hann hefði gleymt því að hafa landbúnaðarsjóðina með, þegar þessi ákvörðun var tekin. Það hefur nú verið sannað og upplýst, að hér var farið með algerlega rangt mál. Það hefur engum sjóðum verið bætt gengistapið. Hins vegar hefur gengishagnaður verði tekinn af bönkunum, og fiskveiðasjóður og aðrir sjóðir hafa ekki fengið töpin bætt. Hv. 1. þm. Austf. hefur líka horfið frá þessum fullyrðingum sínum og heyrist ekki endurtaka þær, síðan hann var leiðréttur, og ég hef ekki séð nú í nokkra daga heldur, að Tíminn leyfi sér að halda þessari fullyrðingu lengur fram. Það er vitanlega ekki nema virðingarvert, þegar blöð og menn hætta að fullyrða um mál, sem þeir sannfærast um að er ekki á rökum reist, og þessi fullyrðing hv. 1. þm. Austf. hefur vitanlega verið byggð á vanþekkingu, hann hefur fullyrt í máli, sem hann hafði ekki kynnt sér til fulls. En það skal talið lofsvert, að hann er þegar hættur því í þessu máli.

Eins og kunnugt er, er veðdeildin févana og hefur verið. Búnaðarþing hefur skorað á ríkisstj. mörg undanfarin ár að bæta úr þessu, þó að það hafi ekki enn tekizt. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin kaupi bankavaxtabréf af veðdeildinni, sem nemur 10 millj. kr. árlega, og geri veðdeildina þannig starfhæfa. Nú mun einhver segja: Hvernig má það ske, að stofnlánadeildin geti gert þetta núna fyrstu árin, á meðan hún hefur ekki enn nægilegt eigið fé? Og þá er því til að svara, sem ég minntist á áðan, að eftir að grunnur hefur verið lagður undir stofnunina og hægt er að sýna fram á, að hún getur staðið undir því og er að byggja sig upp og er eftir tiltölulega fá ár sterk stofnun, þá á stofnlánadeildin að geta fengið að láni það fé, sem hana vantar fyrstu árin, og þannig á stofnlánadeildin með þessu að geta bætt úr brýnustu nauðsyn veðdeildarinnar.

Þá er einnig gert ráð fyrir í þessu frv. heimild til lántöku, allt að 300 millj. kr., sem nauðsynlegt er fyrstu árin. Það er einnig skapaður sá möguleiki að taka lán erlendis og lána með gengisfyrirvara, t. d. til vinnslustöðva og jafnvel til bygginga eða framkvæmda, sem félagasamtök bænda standa að, og er þá höfð í huga sérstaklega ein framkvæmd, sem búnaðarsamtökin hafa áhuga á að verði greitt fyrir. Skal

ég ekki fara lengra út í það, en þessi lánsheimild er vitanlega alveg nauðsynleg, og vinnslustöðvar, sem þurfa mikið fé, t. d. eins og mjólkursamsalan, frystihús og fleiri stofnanir, ég býst við, að það þyki ekkert óeðlilegt, þótt þau fái lán með gengisfyrirvara, og það er alveg víst, að þeir aðilar, sem hafa leitað eftir þessum lánum, telja það sjálfsagt, ef lánstíminn og vextirnir eru sæmilegir.

Það er í rauninni ekki ástæða til að fjölyrða öllu meira um frv. að sinni. Ég geri ráð fyrir því, að hv. framsóknarmenn í þessari deild tali eitthvað í svipuðum tón og flokksbræður þeirra í hv. Ed., og það er vitanlega ekkert við því að segja. Ég öfunda þá ekki af því hlutverki, sem þeir hafa valið sér í þessu stærsta hagsmunamáli landbúnaðarins. Og þeir verða spurðir að því víðar en hér í þessum hv. þingsal, hvað hafi valdið þessum málflutningi þeirra og afstöðu til þessa stóra hagsmunamáls, þegar loks var hafizt handa að leysa þann vanda, sem þessi stofnun hefur átt við að stríða, sem aldrei hefur áður verið leystur, og þessir hv. þingmenn verða áreiðanlega spurðir að því, hvers vegna þeir hafi ekki flutt tillögur til lausnar þessum vanda, á meðan þeir höfðu ráð og meðan þeir höfðu völd. Og það verða áreiðanlega margir bændur, sem fylgjast með þessum málum, sem efast um, hvort það sé rétt að taka alvarlega skrif og tillögur frá þeim flokki, sem fyrir stuttu er farinn úr ríkisstjórn og hafðist ekkert að til úrbóta í þessu vandamáli, þegar hann nú í stjórnarandstöðu kemur með yfirboð, sem þeir sjálfir vita, að ekki er unnt að framkvæma, og snúast gegn máli, sem tryggir lánastarfsemina fyrir framtíðina, snúast gegn því vegna þess, að sú ríkisstjórn, sem þeir styðja ekki, flytur það. Það er alveg óruggt, að hv. framsóknarmenn fá að standa reikningsskap gerða sinna í þessu máli um landið allt, og það er hreinn misskilningur hjá þeim, að það geti tekizt, það sem þeir nú eru að reyna, að telja bændum trú um, að þeir, sem nú fara með völdin og vilja lögfesta þetta frv., séu að vinna gegn hagsmunum bændastéttarinnar. Það tekst ekki, ég er sannfærður um það. Hv. framsóknarmenn munu fá hneisu af því að hafa snúizt gegn þessu máli á þann hátt, sem þeir hafa gert, og þeir munu, þegar fram líða stundir, óska þess að hafa ekki haft í munni sér þær fullyrðingar og öfgar, sem þeir hafa haft, þegar þetta mál hefur verið rætt hér í hv. Alþingi.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú mælt fyrir þessu frv., sem hér er til umr. Ég held, að það sé dálítið óvenjulegt, að ráðh., sem mælir fyrir frv., sem hann er að leggja hér fram, sé svo æstur og órólegur eins og þessi ráðh. var hér áðan og skammi andstæðinga sína, um leið og hann leggur málið fyrir þingið. Ég hélt, að hitt væri miklu fremur venjulegra, og ég hef tekið eftir því, að það er venja ráðh. hér að deila ekki á andstæðinga sína, um leið og þeir leggja mál fyrir þingið. Þeir reyna frekar að laða menn til fylgis við málefnið heldur en fá þá til andstöðu. En auðvitað er þessi hæstv. ráðh. sjálfráður um sínar aðferðir. Og hann á ekki að skilja þetta svo, að ég ætli að fara að kenna honum neitt í þessu efni, hann ræður sínum aðferðum um þetta.

Ráðherrann sagði m. a., að framsóknarmenn ættu eftir að iðrast afstöðu sinnar til þessa máls! Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað þýða þessi orð? Er þetta hótun? Ber að skilja þetta sem einhverja hótun til okkar framsóknarmannanna fyrir það, þó að við séum ekki á nákvæmlega sama máli og hann í þessu efni? Hvað eiga svona orð að þýða hér á hv. Alþingi við andstæðinga? Ætlar ráðh. að beita einhverju valdi til þess að pína okkur eða gera okkur eitthvert tjón? Ég spyr og heimta svar.

Ég held, að það verði varla um það deilt, að þær miklu framfarir, sem á undanförnum áratugum hafa orðið í sveitum landsins, hefðu ekki getað átt sér stað, ef ekki hefði við notið þeirra lánasjóða, sem Framsfl. beitti sér fyrir að stofnaðir voru fyrir um það bil þremur áratugum til stuðnings landbúnaðinum, en það eru ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja. Þessir sjóðir hafa með hagkvæmum lánum gert bændum kleift að ráðast í byggingar og ræktun. Þetta hefur svo leitt af sér gífurlega aukningu í framleiðslu landbúnaðarvara, þrátt fyrir það þó að fólki hafi á þessu tímabili fækkað í sveitunum a. m. k. um helming. Örastar og mestar hafa þessar framkvæmdir verið síðasta áratuginn, og jukust á því tímabili útlán þessara sjóða mjög. Það má t. d. minna á því til sönnunar, hversu mikið fé þessir sjóðir þurftu til þess að geta sinnt eftirspurn, að á árunum 1955—58 lánuðu sjóðirnir árlega 40—50 millj. kr. Eigið fé þessara sjóða nægði vitanlega hvergi nærri til þess að lána svona mikið. Á því tímabili varð oft verulegur tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Lánasjóðirnir fengu af því fé með sérstökum lögum á þessu tímabili 52 millj. kr. Ræktunarsjóðnum var auk þess fengið allmikið fé árlega úr *mótvirðissjóðnum*. Og þá var, til þess að sjóðirnir gætu lánað eins og framkvæmdir bænda gerðu nauðsynlegt, gripið til þess ráðs að taka útlent lán, og byggingarsjóður og ræktunarsjóður fengu það til láns, til þess að þeir þyrftu ekki að neita bændum um lán til ræktunar og bygginga. Ég lít nú svo á, og ég hygg, að það geri flestir bændur og raunar flestir menn aðrir, að lánasjóðir landbúnaðarins séu ríkisstofnanir og hafi verið settir á stofn og reknir til þess og í þeim tilgangi að styðja ræktun landsins og byggingar í sveitunum. Að þessar ríkisstofnanir voru settar á fót, það stafar einfaldlega af því, að löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar viðurkenndi það sem þjóðfélagslega skyldu, að því bæri að leggja fram hjálp til þess að bæta landið og lífsskilyrðin fyrir þjóðina, bæði á líðandi stund og fyrir komandi kynslóðir. Og er það sama sjónarmið og sams konar viðfangsefni og allar menningarþjóðir hafa tileinkað sér, enda sú eina raunhæfa leið til þess, að fólki geti fjölgað og lífskjör batnað, og tryggir þá um leið sjálfstæði og alhliða framfarir á öðrum sviðum þjóðlífsins. Þetta viðfangsefni er að minni hyggju alls staðar talið þjóðmál, en ekki sérstakt stéttarmál-

efni bændanna út af fyrir sig, ekki fremur þeirra mál en barnafræðsla nú á tímum er talin sérmál foreldra. Þjóðfélögin hafa tekið þau mál í sínar hendur og talið nægilegt verkefni fyrir foreldrana að bera hitann og þungann af uppeldinu að öðru leyti, þó að ræktun andans sé látin í hendur þjóðfélagsins og það látið sjá um það viðfangsefni. Ræktun lýðs og lands er og á að vera sameiginlegt verkefni fyrir þjóðina, og þannig mun það víðast vera. Þeir menn, sem hafa það starf að yrkja jörðina, vinna mikið verk og óeigingjarnt. Það hafa fáir orðið auðugir menn hér á landi af því starfi, þótt sumum hafi tekizt á langri búskapartíð vegna sparsemi og iðjusemi að verða að lokum allvel bjargálna menn. Framsfl. hefur haft um það forgöngu að koma á fót lánasjóðum landbúnaðarins og veita þeim þá fyrirgreiðslu á hverjum tíma, sem þeir hafa þurft, til þess að geta sinnt hlutverki sínu. 1953, þegar framsóknarmenn höfðu þessi mál með höndum, beittu þeir sér fyrir því, að sjóðirnir fengju, að ég ætla, 29 millj. kr. framlag, og aftur 1957 beittu þeir sér fyrir því, að þeir fengju þá 36.7 millj. kr. framlag. Þessi aðstoð við lánasjóðina var á sínum tíma mikið átak, og ef miðað er við gengi peninga nú, þyrfti marga milljónatugi í viðbót við þetta fé til þess að jafngilda því.

Nú hafa málin skipazt svo, eins og kunnugt er, að gengið hefur verið fellt, og þar með hafa allar þær stofnanir og einstaklingar, er tekið höfðu útlent fé til láns, orðið fyrir svokölluðu gengistapi. Ríkisvaldið tók ákvarðanir um gengisbreytingar þær, er þessum gengistöpum hafa valdið. Lánasjóðir landbúnaðarins, sem voru með útlent fé í veltunni, fengu auðvitað sinn skell af þessu. En þar tel ég, að ríkinu hafi borið skylda til að bæta úr. En það var ekki því að heilsa. Í ofanálag á allan þann skaða, sem bændur hafa haft af gengisfellingum hæstv. ríkisstj., var lánstími í ræktunarsjóði styttur um ¼ og vextirnir hækkaðir um ⅓. Og nú á samkv. þessu frv., sem hér er til umr., að grípa til þess ráðs að leggja sérstakan framleiðsluskatt á bændurna og nýjan neyzluskatt á almenning til þess að bæta sjóðum landbúnaðarins það upp, að þeir voru með gengislækkunarpennastrikum hæstv. ríkisstj. gerðir að engu. Þetta finnst mér hin fráleitasta aðferð, og ég skil ekkert í, að þetta skyldi ná nægilegu fylgi í Sjálfstfl., því að vissulega eru þar ýmsir menn, sem skilja afstöðu bænda og hafa þekkingu á þeirra högum og vitanlega kunna að meta þýðingu landbúnaðarins fyrir þjóðfélagið.

Í vetur voru hér afgreidd fjárlög upp á tæpa tvo milljarða króna. Vissulega má deila um nauðsyn ýmissa af þeim útgjöldum, sem þar eru. En ekki held ég, að hefði munað mikið um að veita þeim ríkisstofnunum, sem eiga að lána bændum fé til framkvæmda, nokkra hjálp og leysa vandræði þeirra, eins og framsóknarmenn hafa alltaf gert, þegar þeir hafa einhverju ráðið.

Á meðan framsóknarmenn höfðu vald á þessum málum, var lánstími ræktunarsjóðslána 20—25 ár og vextir 3—4%. Bændur fengu þá lán í ræktunarsjóði eins og þeir þurftu með til framkvæmda, og lán til íbúðarhúsa voru þá hlutfallslega miklu hærri en þau eru nú. Eins og ég drap á hér áðan, voru lánasjóðir landbúnaðarins studdir fyrir atbeina og forustu framsóknarmanna. Þeim var lagt til fé af greiðsluafgangi ríkissjóðs, sem oft var mikill, þegar Eysteinn Jónsson fór með fjármálin. Þeir fengu útlent lánsfé, þegar þess þurfti, eins og fleiri opinberar stofnanir. Þannig var þessum þörfu stofnunum haldið í horfi og gert mögulegt að styðja bændur í uppbyggingu jarða sinna og eflingu hins forna atvinnuvegar, landbúnaðarins. En svo voru þessar þörfu stofnanir allt í einu eyðilagðar, eins og ég sagði áðan, með gengisfellingum þeim, sem meiri hl. sá, sem núv. ríkisstj. styðst við, hefur staðið að og hrósar sér af að hafa framkvæmt. Nú, þegar búið er með þessum ráðstöfunum að rífa þessar stofnanir niður, er farið að tala um að byggja þær upp að nýju. Og þá á að gera það á þann hátt, að þeir, sem enga sök eiga á þessu niðurrifi, eiga að leggja til að miklu leyti það fjármagn, sem til uppbyggingarinnar þarf, þ. e. a. s. bændurnir sjálfir. Uppbyggingin á í stuttu máli að vera sú, að í stað þess, að vextir voru 3—4%, þá eru þeir nú 6—6½% og gert ráð fyrir, að svo verði. Í stað þess að lánstími var 20—25 ár, er hann nú 15 ár, og ekki verður annað séð af þeim töflum, sem fylgja frv., en ráð sé gert fyrir því áfram, að svo verði. Síðan eru bændur skattlagðir í stórum stíl til sjóðanna, þannig að þeir verði að láta af sínum launatekjum nálægt 2%. Svo á að lána þeim skattpeninginn, sem dreginn er úr vösum þeirra á þennan hátt, aftur með háum vöxtum. Þetta framkvæmir sú stjórn, sem notar hvert tækifæri til að auglýsa það, að allar peningastofnanir séu nú að fyllast af sparifé. Hún sér engin ráð til þess, að landbúnaðurinn geti fengið eitthvað af þessu sparifé að láni. Nei, hún vill heldur loka það inni í geymsluhólfum bankanna en lána það til bændanna. Ekki hygg ég þó, að bændur séu staðnir að neinum svikum við peningastofnanir þjóðarinnar.

Það er auðséð á þessu frv., að núverandi valdhafa vantar trú á landbúnaðinn. Ef þeir bæru traust til bændastéttarinnar og hefðu trú á starfi hennar og þeim gæðum, sem gróðurmoldin íslenzka býr yfir, mundu þeir hafa gert þetta frv. öðruvísi úr garði. Þá mundu þeir hafa trú að bændastéttinni fyrir dálitlum hluta af sparifé þjóðarinnar, sem lánsfé í framkvæmdir við ræktun og byggingar í sveitum.

Hæstv. fjmrh. hefur nýlega skýrt frá því í dagblaðinu Vísi, að sparifé í bönkum og sparisjóðum sé nú einum milljarð meira í febrúarlok en það hafi verið í lok febrúar 1960. Skattlagningartillögur hæstv. ríkisstj. á bændastétt landsins eru því sjáanlega ekki lánsfjárskorti að kenna, heldur þeirri tregðu, sem stjórnin er haldin til þess að greiða á eðlilegan og réttmætan hátt fyrir málum bændastéttarinnar.

Ég hef verið að líta í þær töflur og áætlanir, sem fylgja þessu frv., og mér virðist, að áætlun um efnahags- og rekstrarreikning stofnlánadeildarinnar, sem frv. gerir ráð fyrir að komið verði á fót, sé fróðleg og sýni, hvernig ætlazt er til, að þessi stofnlánadeild verði byggð upp. Þessi áætlun nær yfir tímabilið 1962—1975 eða 14 ár. Á þessum 14 árum sýnist mér á þessari

áætlun, að sé ætlazt til þess, að tekjurnar verði þessar: Það eru í fyrsta lagi vextir af lánum til bænda 485½ millj. kr. Í öðru lagi framlag ríkissjóðs á fjárlögum, 56 millj. kr. Í þriðja lagi 1% skatturinn á landbúnaðarvörur og mótframlag ríkissjóðs, sem er til samans 265 millj. kr. rúmlega, af þessu leggja bændur fram helminginn eða 133 millj. kr. Í fjórða lagi er svo neytendaskatturinn, en það er áætlað, að hann gefi um 86 millj. á þessum 14 árum. Og í fimmta og síðasta lagi er svo mótvirðissjóðsframlagið, sem mér sýnist að eigi að verða 570 millj. kr. Af þessu sést, að frá bændunum eiga að koma beint í framlagi og vöxtum nálægt því 618 millj. kr. Það er augljóst, að í þessari áætlun um uppbyggingu stofnlánadeildarinnar er ráð gert fyrir því að halda 6½% vöxtum á útlánum deildarinnar.

Ég verð nú að segja það, að ég hefði haldið, að hæstv. landbrh þætti nóg að gert með hækkun vaxtanna á landbúnaðarlánunum um ⅓ og styttingu lánstímans um ¼, þó að ekki kæmi einnig til stórfelld skattlagning á bændurna. Nú á síðustu árum hefur jarðarbótamönnum fækkað. Þeir voru 1958 3954, en 1960, sem er síðasta árið, sem ég hef tölur um, hafði þeim fækkað frá því 1958 um 434. Ég er viss um það, að hér er ekki um tilviljun eina að ræða, heldur er þessi ískyggilega þróun afleiðing af hinni svokölluðu viðreisnarstefnu, aukinni dýrtíð, hækkuðum vöxtum, og styttingu lánstíma. Og svo á nú að bætast við nýr skattur.

Það er í þessu sambandi fróðlegt að athuga, hvað bændastéttinni sem heild stóð mest fyrir þrifum á liðnum öldum og allt fram á þeirra daga, sem nú lifa. Það var hin háa jarða- og kúgildaleiga, sem meginþorri bænda varð að búa við. Jarðirnar voru að mestu í eign kirkjunnar og fárra auðmanna, sem leigðu þær með nokkurri áhöfn fyrir slíka okurleigu, að leiguliðarnir komust sjaldan úr kútnum og voru í rauninni ánauðugir menn. En það var ekki nóg með það, að þeir væru píndir með hárri leigu, heldur fylgdi oft eins konar skattlagning í ofanálag. Kvaðirnar, sem menn hljóta að kannast við að fylgdu flestum kirkjujörðum hér í fyrri daga, flestum jörðum kirkjunnar, kvaðirnar um hestlán eða mannslán eða útróðraskyldu á vertíðarskipi jarðareigandans, allt var þetta eins konar skattgreiðsla í ofanálag á jarðarleigu þá, sem ábúandinn greiddi og var okurleiga í flestum tilfellum.

Nú hafa tímarnir breytzt þannig, eins og allir vita, að bændur hafa flestir eignazt jarðir sínar sjálfir, og hinir, sem eru leiguliðar, búa við hófleg kjör, en fé til framkvæmda og umbóta á jörðunum, svo að hægt sé að búa á þeim nútímabúskap, hafa bændur orðið og hljóta að verða að taka að láni. Lánakjörin á þessu fé koma því hjá flestum, þótt þeir séu sjálfir jarðeigendur, í staðinn fyrir leigur og landskuld fyrri tíma bænda. Pólitík Framsfl. hefur verið og er sú, eins og ég hef áður tekið fram, að efla bændurna til frelsis og framfara, m. a. og ekki sízt á þann hátt að útvega þeim nægilegt lánsfé til framkvæmda með hóflegri og viðráðanlegri leigu og skilafresti, sem þeir geti staðið við. Þetta hefur tekizt sæmilega, og skal ég ekki vanmeta þann hlut, sem aðrir flokkar á hverjum tíma hafa átt í því máli.

Nú er viðreisnin að snúa þessu við, eins og flestu öðru í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er hart, finnst mér, á tímum hinnar miklu tækni og afkastagetu, að þá skuli þeir, sem starfa við þann atvinnuveg, sem er frumskilyrði fyrir búsetu þjóðarinnar í landinu, vera settir út í horn.

Ein höfuðröksemd hæstv. landbrh. og annarra stjórnarliða í skrifum og ræðum um þetta mál er sú um skattlagninguna á landbúnaðarvörurnar, að þar sé um hliðstæða aðferð að ræða og þá, sem notuð hafi verið til þess að efla lánasjóði sjávarútvegsins.

Ég verð að segja það, að af öllum þeim rökum, sem ég hef heyrt færð fram skattlagningunni til stuðnings, finnst mér þessi þó fráleitust. Hér er um svo gerólíka atvinnuvegi að ræða, því að þótt sjávarútvegurinn sé áhættusamur atvinnuvegur, þá miðast þó allt í honum við skjótfenginn og mikinn gróða, enda er líka reynslan sú, að gróðinn hefur oft verið mjög mikill. Þann skatt, sem þannig er á hann lagður, er því af miklu að taka, og má með nokkrum rétti segja, að það fé sé eins konar tryggingarfé. Þess ber og að gæta, að fiskveiðarnar eru rányrkja. Þar er ekki lagt í neinn kostnað við að tryggja uppskeruna. Miðin eru frjáls vettvangur allra þeirra, er þangað vilja sækja. Þar er engin landleiga, enginn áburður, engar girðingar, engin sáning og engin plæging. En til þess að bóndinn nái feng í sitt bú, þarf hann að plægja og herfa og sá og bera á landið, girða það og verja, og áður en hann byrjar á þessu, verður hann annaðhvort að eignast landið eða ná á því leigurétti. Til þessa þarf hann mikið fé, og það starf, sem hann vinnur að ræktuninni, vinnur hann ekki einungis fyrir sjálfan sig, heldur skilar hann því til þeirra, sem á eftir honum koma. Hann er með starfi sínu að bæta landið og búa komandi kynslóðum betri skilyrði til þess að lifa í landinu.

Ég er alls ekki með þessum samanburði að gera lítið úr starfi þeirra, sem veiða fisk, heldur er ég að sýna þann eðlismun, sem á því er að stunda þessa tvo atvinnuvegi. Sjávarútvegurinn er rekinn með fljótfenginn gróða fyrir augum, og alltaf öðru hverju verður þeim, sem hann stunda, að von sinni í því efni, sem betur fer. Landbúnaðurinn er hins vegar ekki fljóttekin gróðalind. Bóndinn þarf að borga moldinni fyrir hvern mjólkurpott og hvert kjötkíló, sem hann framleiðir, og þótt uppskeran sé stundum góð, þá er aldrei um að ræða neina mokuppskeru. Í bændastétt hafa þess vegna fáir orðið ríkir og menn stundað búskap meira sem yndisarð en gróðaveg.

Ég veit vel, að það er ekki hægt að vera bóndi nema vinna og vinna vel, og þannig á það líka að vera. Vinnan verður að skapa haminguna og hið efnalega sjálfstæði manna, í hvaða stétt og stöðu sem þeir eru. En ég er eindregið þeirrar skoðunar, að íslenzka þjóðin og stjórnarvöld hennar á hverjum tíma eigi ekki að búa þannig að bændastétt landsins, að hún yfirgefi óðul feðra vorra, sem land þetta námu og byggt hafa sveitir þess frá upphafi. Ég er

þeirrar skoðunar, að þá muni þjóðinni allri vegna bezt, ef í landinu er bændastétt, sem vill og getur haldið áfram að bæta jarðirnar og erja moldina til frjósemdar og lífsfyllingar fyrir sig og niðja sína, en um leið öllum landsmönnum til öryggis og þroska.

Ég er sannfærður um það, að bændurnir vilja halda áfram að leggja af mörkum mikið starf, ef í móti kemur það af hálfu þjóðfélagsins, að það starf sé metið til verðleika og hagkvæmur stuðningur sé í té látinn. Það hafa margir bændur og framámenn í þeirra hópi látið í ljós kvíða yfir því, að meðalaldur bænda í þeirri og þeirri sveitinni, sem um hefur verið rætt, sé alltaf að hækka, ungu mennirnir geti ekki tekið jarðirnar, og þegar hinir eldri falla frá, þá sé ekki útlit fyrir, að nýir komi í staðinn. Það getur ekki heldur verið neitt vafamál, svo augljóst sem það er, að efnahagsráðstafanir þær, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert, hafa nú þegar eftir stuttan tíma orðið bændum svo þungar í skauti, að í góðu árferði, eins og verið hefur nú tvö síðustu árin, eru erfiðleikar í efnahagsmálum bænda mjög vaxandi. Hið stórhækkaða verðlag á rekstrarvörum svo og vélum og byggingarefni, hækkun vaxta og stytting lánstíma eru allt samverkandi orsakir til þess að kippa fótum undan heilbrigðum búrekstri. Í ofanálag bætist svo það, að dómur sá um verðgrundvöllinn, sem felldur var af meiri hluta yfirnefndar á s. l. hausti, hefur áreiðanlega dregið kjark úr mörgum og gert þá vonlitla, og fer svo alltaf eða oftast nær, þegar menn sjá, að þeir eru órétti beittir, ef þeir geta ekki fengið að gert til þess að rétta hlut sinn.

Sú nýja skattlagning á bændurna, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., er harkaleg aðgerð í þeirra garð. Framleiðsluskatturinn samsvarar 2% af launum þeirra að meðaltali. Auk þess er 0.75% neyzluskatturinn, en hann kemur einnig að talsverðu leyti á bændur. Ég hef einhvers staðar séð tölur um það, að ⅔ bændanna selji mjólk til mjólkurbúa. Allir þessir bændur eru þess vegna kaupendur að smjöri, skyri og ostum til heimila sinna og munu þess vegna greiða í viðbót við framleiðsluskattinn einnig neyzluskatt af þessum vörum. Ég býst við, að launþegum í landinu þætti ríkisvaldið leika sig allgrátt, ef lagður yrði á þá sérstakur launaskattur, t. d. 2%, sem húsnæðismálastofnun ríkisins eða einhver önnur stofnun fengi, til þess að efla, — ja, við skulum segja byggingar í bæjunum. Ætli verkamönnum, sjómönnum og embættismönnum þætti ekki muna um slíkan skatt? Slík skattlagning væri þó alveg hliðstæð þeirri, sem hér er verið að koma á fót, og margt hefur ótrúlegra skeð en að það fordæmi, sem með þessu frv. er verið að skapa, yrði brátt notað og slík skattlagning hafin, að sérstakur launaskattur á almenning verði upp tekinn til þess að efla lánastarfsemi í bæjunum.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég veit ekki, hvar skattlagningaræði hæstv. ríkisstj. kann að enda. Það væri svo sem auðvelt að raka saman miklu fé í sjóði á þennan hátt, eins og nú stendur til samkvæmt þessu frv. að gera með launaskattinum á bændur og neyzluskattinum á allan almenning. Auðvitað er með þeirri skattlagningarherferð á bændurna, sem hér er verið að hefja, stefnt út í hreina ófæru, eins og ég hef þegar lýst.

Búnaðarþingið, sem nýlega hefur lokið störfum hér í borginni, fékk þetta frv. til athugunar og umsagnar, eins og eðlilegt var og sjálfsagt. Þar eiga ekki aðrir sæti en bændur. Ekki voru nema fjórir menn á búnaðarþingi, sem greiddu ekki atkvæði á móti skattlagningu. Hæstv. landbrh. sagði áðan, að þeir hefðu bjargað heiðri búnaðarþings, þessir fjórir, með því að sitja hjá. Það er orðið auðvelt að bjarga heiðri annarra, ef ekki þarf annað til en það, og það er auðvitað furðulegt, að það skyldi nokkur maður vera á búnaðarþingi, sem fékkst til þess að sitja hjá. Þeir munu ekki hafa talið bændurna aflögufæra af tekjum sínum til að byggja upp volduga sjóði og slíka sjóðamyndun ekki þeirra sérmál, ekki heldur þeir, sem sátu hjá.

Tillitsleysi hæstv. ríkisstj. til bændanna í sambandi við þetta mál er, að ég hygg, einstætt, þar sem ekki er einu sinni gert ráð fyrir því, að bændastéttin fái neinu að ráða um stjórn hinnar væntanlegu stofnlánadeildar. Það er stjórn Búnaðarbankans, sem á að hafa stjórn stofnlánadeildarinnar með höndum, eins og annarra deilda bankans, eins og segir í frv. Bændurnir mega borga skatt og stofna gilda sjóði handa ríkisvaldinu og fulltrúum þess til þess að ráðsmennskast með, en það er ekki gert ráð fyrir, að þeir megi þar neinu um ráða.

Bændur hafa ekki haft trú á hinum nýju efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj., heldur hið gagnstæða, ekki einu sinni þeir bændur, sem styðja Sjálfstfl. Hins vegar hafa bændur almennt reynt að berjast fyrir tilveru sinni og reynt að standa undir oki viðreisnarinnar á þann hátt að vinna enn meira, lengja vinnutíma sinn, sem var þó ærið langur fyrir. Þannig ætluðu þeir að halda jörðum og búum með því að auka framleiðsluna, og hefur það komið í ljós á s. l. ári, að þeim hafði þá tekizt með þessum hætti að auka framleiðsluna nokkuð. En nú hygg ég, að margir þeirra hafi séð, að þetta er vonlaust verk. Á Suðurlandi, þar sem ég er kunnugur og á mitt heimili, þá hygg ég, að þar hafi aldrei fleiri viljað losna frá jörðum sínum en nú. Ég vil sem athyglisverðasta dæmið af þessu tagi nefna það, sem er að gerast nú í þeirri fögru og frjósömu sveit, Fljótshlíðinni. Þar hefur það jafnan verið svo, að mér er sagt, að hafi jörð losnað þar úr ábúð, þá hafa tíu fyrir einn verið um það að ná henni til ábúðar. En nú er mér sagt, að í einu hverfi þar í Fljótshlíðinni séu fjórir af sex bændum þar í hverfinu að fara í burtu og ekki útlit fyrir, að neinn komi þar í þeirra stað. Í Grímsnesinu, sem er nágrannahreppur minn, eru nú 10 jarðir ýmist komnar í eyði eða eru að fara í eyði nú. Allt eru það góðar jarðir. Margar af þeim eru meira að segja veiðijarðir. Í Flóanum er sömu söguna að segja. Þar er hópur jarða nú, sem útlit er fyrir að fari í eyði í vor. Þeir, sem þar sitja nú, eru að fara í burtu, og það hefur ekki frétzt um, að neinn vilji koma og taka við. Þessi sorgarsaga á sér stað í þéttbýlustu byggðarlögum landsins, þar sem samgöngur eru beztar.

Rafmagnið er komið á ýmsa þessa bæi, sem hér er um að ræða, eða þá von á því á næstu árum.

Hvaða orsakir eru til slíkrar eyðingar byggðarinnar sem er að hefjast í sveitum Suðurlands og ég var að minnast á? Ég er ekki í neinum vafa um, að þar er orsökin fyrst og fremst hin svokallaða viðreisn. Dýrtíðin og verðhækkanirnar, sem henni fylgdu, gera fólki alveg ókleift að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir og umbætur á jörðunum. Í öðru lagi geta ungir menn ekki keypt jarðir, bústofn og vélar. Þeir taka þess vegna ekki við af þeim, sem vegna elli eða af öðrum eðlilegum ástæðum verða að hætta búskap.

Einu sinni var uppi maður í Noregi, sem hét Haraldur Hálfdanarson og fékk síðar viðurnefnið „hinn hárfagri". Haraldur þessi var ofríkismaður mikill á valdastóli, og fór svo, að fjöldamargir bændur þar í landi þoldu ekki að búa við slíkt ofríki. Það voru þeir bændur, sem fóru yfir víðan og sollinn sæ á smáfleytum og tóku sér bólfestu hér á Íslandi. Nú eru niðjar hinna frjálshuga bænda, sem flúðu undan ofríki Haralds hins hárfagra, að hefja flótta frá óðulum þeim, er hinir fornu landnemar helguðu sér. Þannig sannast hið fornkveðna, að sagan endurtekur sig. Það er ofríki viðreisnarinnar, sem nú sverfur svo að íslenzkum bændum, að þeir láta óðul sín og flytja burt. Það er ömurlegt fyrir bændur að þurfa að flýja frá óðulum sínum. Hitt er þó frá sögulegu sjónarmiði ekki síður ömurlegt, að vera arftaki Haralds hins hárfagra á valdastóli á Íslandi.

Hæstv. forseti. Ég þykist sjá það á afgreiðslu þessa máls, eins og hún var í Ed., að ekki mun hugmynd stjórnarinnar og þeirra, sem hana styðja, að færa neitt í frv. þessu til annars og betri vegar. Ég geri samt ráð fyrir, að á það verði reynt hér í þessari hv. deild og að brtt. við frv. verði lagðar hér fram af hálfu Framsfl. við síðari umr. Ég mun því ekki orðlengja meira um málið við þessa umræðu, en taldi rétt að láta þessi orð falla, sem ég hef hér sagt, nú strax við þessa 1. umr.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Það má, held ég, nokkurn veginn fullyrða, að landbúnaðarmálin hafi verið olnbogabarn þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú situr. Það fór næsta lítið fyrir landbúnaðarmálunum undanfarin tvö þing, og frumkvæði ríkisstj. getur tæplega verið minna í þeim málum. Ég man satt að segja ekki eftir nema tveimur málum, sem afgreidd hafa verið undanfarin þing og segja má að séu jákvæð og til bóta. Annars vegar er um að ræða ábúðalögin, sem þó voru flutt af landbn. Nd., og hins vegar er svo hækkun á ríkisframlagi til nýbýlastofnunar, sem samþ. var í fyrra. Þessi hækkun var þó ófullnægjandi og aðdragandi málsins allur hinn furðulegasti, eins og hv. þdm. muna. Höfðu framsóknarmenn flutt frv. um aukið framlag til nýbýlastofnenda snemma á þingtímanum. Þetta frv. lá fyrir hv. landbn. nær allan þingtímann, og fengust stjórnarsinnar ekki til að skila áliti um frv. framsóknarmanna. En þegar komið var fast að þinglokum, flutti hæstv. ríkisstj. frv. um sama efni, en aðeins með lægri framlög í þessu skyni. Framkoma hæstv. stjórnarsinna var, eins og ég segi, furðuleg í þessu máli, en þó í samræmi við ýmislegt annað, sem hér hefur gerzt við afgreiðslu mála.

Þetta voru afreksverk hæstv. ríkisstj. eftir tvö þing, allt sem eftir hana lá. Hins vegar sýndi hv. stjórnarlið — og vafalaust að frumkvæði hæstv. ríkisstj. — hug sinn til landbúnaðarins með því að fella og svæfa fjölmörg frv. og aðrar till., sem framsóknarmenn stóðu að og hafa staðið að, og voru það þó allt mikilsverð mál og sum svo brýn, að þau þoldu ekki bið og varð að finna lausn á. Ég veit, að þetta er mikil raun fyrir hæstv. landbrh. og suma aðra hv. þm. stjórnarliðsins, en ég veit líka, að þeir fá ekki rönd við reist. Meiri hl. hæstv. ríkisstj. og það lið, sem hún styðst við, er yfirleitt frá hverft landbúnaðarmálum og sýnir þeim þá stjúpmóðurástúð, sem gert hefur landbúnaðarmálin að olnbogabarni, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Ég öfunda ekki hæstv. landbrh. af aðstöðu sinni innan hæstv. ríkisstj. Við vitum það allir, að hann vill landbúnaðinum vel og gerir sitt bezta, en fær litlu fram komið.

Þeir, sem fylgdust með málum hér á hv. Alþ. í fyrra, fundu þó, að hæstv. ríkisstj. var farin að finna til ókyrrðar undir þinglokin og þó alveg sérstaklega hæstv. landbrh. og þeir fáu menn innan stjórnarliðsins, sem sýna landbúnaðarmálum áhuga. Hæstv. ríkisstj. hafði látið undan þunga útvegsmanna um það að bæta kjör útvegsins eftir þær álögur, sem efnahagsmálastefna hæstv. ríkisstj. lagði á þann atvinnuveg. M. a. ákvað hæstv. ríkisstj. að létta lausaskuldabyrði útvegsins með sérstökum aðgerðum. Framsóknarmenn fluttu till. um það þá þegar, að landbúnaðurinn nyti sams konar fyrirgreiðslu. En það var fellt, eins og menn muna, og kom lengi vel engin yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. eða stuðningsliði hennar um, að nokkuð yrði gert í lánamálum bændastéttarinnar. Bændurnir áttu að bera viðreisnarbyrðarnar óstuddir. Það gerði víst ekki mikið til, þó að þeir sliguðust undan þeim, enda talsvert útbreidd skoðun meðal stuðningsmanna hæstv. ríkisstj., að bændur væru of margir í landinu og allt of mikið styrktir og þar að auki heldur vinveittir Framsfl. að fornu og nýju. En auðvitað var hæstv. landbrh. órótt, og getur enginn láð honum það, jafnvelviljaður og hann er í garð bændastéttarinnar, því að það efast enginn um. Svo þegar þingi lauk í fyrravor, hafði hæstv. landbrh. neytt svo dugnaðar síns og ástar á landbúnaðinum, að fyrirheit var gefið um, að lausaskuldamál bænda yrðu leyst í svipuðum anda og skuldamál útvegsins. Hæstv. landbrh. fann það, að eldur almenningsálitsins brann á honum, svo að hann yrði að hefjast handa. Honum tókst með harðfylgi sínu að knýja samstarfsmenn sína í hæstv. ríkisstj. til þess að samþ. aðgerðir í málinu.

Bændur fögnuðu að sjálfsögðu þeim fyrirheitum, sem gefin voru, og biðu þess, sem fram átti að koma, með mikilli eftirvæntingu. Og svo komu brbl. um lánamál bænda. Þau eiga sér talsvert viðburðarika sögu hér í þingsölunum og utan þeirra. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér, hún er svo nýliðin, að þess gerist ekki þörf,

en hitt vitum við öll, að brbl. uppfylltu ekki þau fyrirheit, sem gefin voru um lausn málsins. Þau voru lítið annað en bókstafurinn, eins og þau voru lögð fram, og í sumum tilfellum fullkomlega ranglát. Verst var þó, að það vantaði í þau botninn. Ég get hugsað mér, að hæstv. ráðh. hafi ekki verið ánægður með að þurfa að leggja lög þessi fram, því að hann gerði sér auðvitað fulla grein fyrir annmörkum þeirra. Þess vegna var hann ekkert ófús að láta málið liggja hér lengi í hv. Alþ. og bíða með staðfestingu á brbl., svo að honum ynnist tími til að smíða botninn í lögin, enda var ekki á öðru stætt, eins og viðtökurnar voru, bæði utan þings og innan. Brbl. frægu voru svo loks samþ. nú fyrir nokkrum dögum, og mátti þá heita, að liðið væri ár, frá því að fyrsta yfirlýsing var gefin í nafni hæstv. ríkisstj. um það, að hún mundi leysa lausaskuldamálin. Þetta er langur meðgöngutími og erfið fæðing og hlýtur að hafa reynt mjög á hæstv. landbrh., sem stundaði ljósmóðurstörf sín af sönnum dugnaði þrátt fyrir mikið erfiði.

Það má þó bæta einu máli enn við afrekaskrá hæstv. ríkisstj. í sambandi við landbúnaðinn. Það þarf ekki að efast um, að við næstu kosningar verður mikið gert úr þessu afreki og lögð stund á að halda þeirri kenningu að bændum, að hæstv. ríkisstj. hafi unnið af sérstökum dugnaði að því að leysa mál landbúnaðarins. Við sjáum hvað setur í því efni. En ég held, að það muni varla gleymast, að þetta var hin erfiðasta fæðing.

En hæstv. ríkisstj. lætur ekki staðar numið. Nú er skammt stórra högga í milli. Hér er í dag til umr. viðamikið frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., frv. í mörgum greinum með ýtarlegum aths. og fylgiskjölum. Það er komið fram á síðari helming kjörtímabilsins, lítið sem ekkert gert í landbúnaðarmálum og þörf að fara að hrista af sér slenið. En þegar maður flettir frv., kemur í ljós, að langmestur hluti þess eru núgildandi lagaákvæði um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í þeim köflum er því fátt eða ekkert nýtt og óþarfi að fara um það mörgum orðum. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það eru nokkur nýmæli í frv., sum þannig, að það er ekki ástæða til að amast við þeim, en önnur þess háttar, að þau geta ekki hlotið óskiptan stuðning, enda slík vandræðalausn, að það er ekki við þau unandi fyrir þá, sem eiga að njóta þessa frv., ef að lögum verður.

Eitt mikilvægasta nýmælið í þessu frv. er að finna í 4. gr. þess, þar sem rætt er um tekjuöflun til stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. a. s. ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, sem hér eftir eiga að starfa sem ein deild. Er um það rætt í aths. við frv., að tekjuöflunarleiðir 4. gr. séu við það miðaðar, að stofnlánasjóðum landbúnaðarins verði innan skamms tíma kleift að standa undir eðlilegri fjárfestingarþörf vegna framkvæmda í landbúnaði. Það er jafnframt fullyrt, að ef fjáröflunarákvæði frv. verði samþ., ætti að vera lagður traustur frambúðargrundvöllur að stofnlánasjóði landbúnaðarins, og til styrktar þessari fullyrðingu er sýndur útreikningur um vöxt sjóðsins næstu 14 ár, miðað við, að hann haldi þessum tekjum, og að óbreyttum öðrum aðstæðum, geri ég ráð fyrir.

Áður en ég held lengra, langar mig til að fara nokkrum orðum um vissar aðrar fullyrðingar, sem fram koma í aths. frv. og komu einnig fram í ræðu hæstv. landbrh. hér áðan. Þar er því haldið fram, að stofnlánasjóðirnir séu í raun inni gjaldþrota og þetta gjaldþrot stafi af röngu skipulagi á starfsgrundvelli sjóðanna og meginorsök hinnar bágu fjárhagsafkomu megi rekja til þess, að á árunum 1952—1959 hafa sjóðirnir verið látnir taka erlend lán, sem síðan hafi verið endurlánuð án gengistryggingar. Með þessu er fullyrt, að erlendu lánin, sem gengið hafa til uppbyggingar í landbúnaði, séu aðalbölvaldur stofnlánasjóðanna. En hvort sem þau eru það eða ekki, ef litið er einhliða á málin, þá er hitt víst, að þessi erlendu lán hafa gert okkur kleift að auka stórlega framfarir í landbúnaði undanfarinn áratug, svo að óvíst er, að þær hafi orðið meiri á jafnskömmum tíma áður.

Erlendu lántökurnar hafa því ekki orðið sá bölvaldur íslenzkum landbúnaði, sem hæstv. ráðh. og fylgismenn hans vilja vera láta. Þær eru ásamt öðru fjármagni, sem lagt hefur verið til stofnlánasjóðanna, undirstaða landbúnaðarframkvæmdanna um margra ára skeið. Bölvaldurinn í þessu máli er stefna hæstv. núv. ríkisstj., gengisfellingarstefnan, þar sem hver gengisfellingin hefur rekið aðra með fárra mánaða millibili. Með þeirri stefnu hefur tekizt að gera fjárfestingarsjóðina nær gjaldþrota, og það er af þeirri stefnu, sem við verðum nú að súpa seyðið í þessu máli eins og fleirum. Það var því sannarlega happ fyrir bændastétt landsins og landbúnaðinn, að ekki var gengisákvæði í lánveitingum sjóðanna, því að ef svo hefði verið, er næsta líklegt, að allur búandlýður, jafnt ríkir sem fátækir, hefði komizt á vonarvöl, og það hefði þýtt endalok sjálfstæðrar bændastéttar hér á landi. Það er áreiðanlega ekki ódýrara að stofna til slíkrar þjóðfélagsbyltingar, sem það mundi hafa í för með sér, heldur en að bæta með framlögum úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar þau áföll, sem menn geta orðið fyrir með sífelldum gengislækkunum. Gengisákvæði í sambandi við erlend lán, sem endurlánuð eru til uppbyggingar í landbúnaði, er óðs manns æði og má aldrei koma fyrir, meðan gengið er jafnóstöðugt og reynslan hefur sýnt, ekki sízt í höndum hæstv. núv. ríkisstj. Þess má líka geta í þessu sambandi, að erlend lán og aðrar lántökur til sjóða landbúnaðarins eru ekki einvörðungu í þágu þeirra einstaklinga, sem fást við landbúnaðarframleiðslu. Landbúnaðurinn er mikilvægur atvinnuvegur í þjóðfélaginu, — atvinnuvegur, sem við getum engan veginn án verið. Við höfum mikla þörf fyrir aukinn landbúnað, og það er síður en svo, að reynslan sýni, að of miklu hafi verið varið til uppbyggingar þessum atvinnuvegi undanfarin ár. Ég veit, að hæstv. landbrh. er mér samdóma um þetta atriði, og hann veit það líka, að lengst af hefur ekki verið hægt að fá nægilegt innlent fé til að fullnægja þörfum landbúnaðarins til uppbyggingar, og þess vegna var gripið til þess erlenda fjármagns, sem fáanlegt var. Það var ríkið, sem tók þessi lán og bar því ábyrgð á greiðslu

þeirra. Ríkinu bar skylda til að sjá landbúnaðinum, eins og öðrum atvinnuvegum, fyrir hæfilegu fjármagni til nauðsynlegra framfara, og það hefði verið hin mesta ósvinna að endurlána bændum þessi lán með gengisákvæði. Ef ríkisstj. telja gengisfellingu nauðsynlega, ber þeim vitanlega að hafa í huga allar staðreyndir og afleiðingar slíkra aðgerða, a. m. k. að því er snertir hag ríkissjóðs, því að minna má það ekki vera. Það er hrein óhæfa að ætla nú að velta ábyrgð ríkissjóðs á erlendri skuldahækkun yfir á herðar einnar starfsstéttar í þjóðfélaginu. Bændastéttinni ber engin skylda til að bera ein þau gengistöp, sem hæstv. ríkisstj. hefur kallað yfir sig með síendurteknum gengisfellingum. Bændastéttin á ekki að þurfa að gjalda þess, þótt henni hafi til sinna þarfa verið úthlutað fé af erlendum lántökum ríkisins, en fengið of lítið innlent fjármagn. Það er í rauninni allt, sem skeð hefur, en alls ekki, að bændurnir hafi sérstaklega óskað eftir erlendu fé og að taka á sig alla þá áhættu, sem því fylgir. Það dytti vitanlega engum bónda í hug að búa upp á slík kjör. Þar með er engin ástæða til að fordæma erlendar lántökur, þær geta átt fullan rétt á sér, en ríkið verður að standa ábyrgt fyrir þeim, að því er tekur til gengisbreytinga.

Þess vegna tel ég það ranga stefnu, sem fram kemur í 12. gr. frv., að stofnlánadeildinni sé óheimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. A. m. k. ef um er að ræða lán til einstakra bænda, er það alger óhæfa og getur riðið bændum að fullu. Ef þetta ákvæði verður samþ., er um nýmæli að ræða og jafngildir því, að engar erlendar lántökur verði teknar, hversu brýn sem þörfin er, og skal ég ekki segja um, hverjar afleiðingar það muni hafa fyrir framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins. En hitt er vitað, eins og ég hef áður rakið, að framfarir í landbúnaði undanfarinn áratug má að talsverðu leyti rekja til erlends fjármagns, sem útvegað hefur verið til endurlána hér innanlands.

Stuðningsmenn þessa frv. munu sennilega svara því til, að engin þörf verði fyrir erlendar lántökur til landbúnaðarins, eftir að búið sé að lögfesta þetta frv., í því sé að finna tekjustofna, sem tryggi frambúðargrundvöll stofnlánasjóðanna. Þetta er raunar fullyrt í aths. með frv., og það ber því að líta á það sem sannfæringu hæstv. ríkisstj., að annað fjármagn þurfi ekki að koma til, a. m. k. ekki svo að neinu nemi.

Þessu til sönnunar eru birtir útreikningar um vöxt og viðgang stofnlánasjóðsins næstu 14 árin. Reikningsdæmið er vafalaust rétt, svo langt sem það nær, en þar er líka gengið út frá forsendum, sem er ekki víst að standi óbreyttar allan þann tíma, t. d. að því er tekur til vaxta. Og einnig ber á það að líta, að verðlag er ákaflega óstöðugt og verðbreytingar tíðar. Það er ekkert, sem bendir til þess, að verðlag verði stöðugra næstu 15 ár en það hefur verið undanfarin ár, m. a. í tíð hæstv. núv. ríkisstj., þegar hækkanir á öllu, sem til framkvæmda þarf, hafa orðið geigvænlegri en nokkru sinni áður á svo stuttum tíma og rýrnun gjaldmiðilsins verið að sama skapi. Ekkert hefur því reynzt jafnóstöðugt og óútreiknanlegt sem vöxtur og viðgangur sjóða almennt hér á landi. Það er ein afleiðing verðbólgu og óstöðugs peningagengis. Ef sú þróun heldur áfram, sem nokkurn veginn má gera ráð fyrir, meðan svo horfir sem nú er, er hætt við, að stofnlánasjóðurinn reynist getuminni til átaka en hæstv. ríkisstj. gerir nú ráð fyrir. Ekki vil ég því treysta þessum útreikningum, þetta eru aðeins tölur og gildi þeirra kann að reynast afstætt. Það mun tíminn leiða í ljós. En miðað við fyrri reynslu ættu menn að trúa slíkum útreikningum varlega.

Hæstv. ráðh. sýndi þess líka merki í ræðu sinni áðan, að hann efaðist nokkuð um, að sjóðmyndun þessi væri traust. Hann virtist gera sér ljóst, að utanaðkomandi áhrif gætu ruglað þá útreikninga, sem fylgja frv. um vöxt sjóðsins, en reyndi að hugga sig við það, að ef nýjar gengislækkanir yrðu, svo og almennar verðhækkanir, þá hækkuðu búsafurðir í verði og þar með tekjustofnar stofnlánadeildarinnar. En ég vil spyrja: Er nokkuð öruggt í því efni? Hefur reynzt svo undanfarin verðbólguár? Ég held ekki. Það stendur því óhaggað, að það er full ástæða til að efast um, að sú fullyrðing sé rétt, að með þessu frv. sé fundinn öruggur grundvöllur undir stofnlánastarfsemi landbúnaðarins. Og þaðan af síður get ég ímyndað mér, að hægt sé að bæta enn nýju verkefni við þennan sjóð, sem hæstv. ráðh. var að tala hér um áðan og taldi vera hugmynd eins mæts vinar míns hér í þinginu, að gera þennan sjóð að lífeyrissjóði fyrir bændur líka. Ég held, að það verði að skoða það mál betur, áður en mikið er farið að fullyrða um það og gera úr því stórt númer.

Hinu get ég ekki neitað, að í þessari hugsun, að byggja upp eigið fjármagn sjóðanna með föstum tekjustofnum, er fólgið mjög mikilsvert atriði. Og ég fæ ekki skilið, að nokkur geti sett sig upp á móti því. Það er út af fyrir sig rétt stefna, og ég þekki engan mann, sem beri brigður á það. En hitt er oftrú og óraunsæi, ellegar þá hrein blekking, ef menn ímynda sér, að með þessu frv. sé búið einu sinni fyrir allt að leysa fjárfestingarlánaþörf landbúnaðarins. Menn þurfa ekki að vera gæddir neinni spádómsgáfu til þess að sjá, að slíkt er í hæsta máta óraunhæft, að ekki sé meira sagt.

Þá er komið að tekjustofnunum, sem taldir eru upp í 4. gr. frv., og langar mig til að gera þá að umræðuefni. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann telji sér fært að gera hlé á ræðu sinni? Ætlunin var að reyna að hafa atkvgr. um nokkur mál fyrir kl. 4, fresta þessari umr., en halda áfram kl. 5.) Ég mun geta lokið máli mínu á 10 mín. (**Forseti:** Þá tel ég rétt, að hv. þm. haldi áfram sinni ræðu og verði atkvgr. um fyrstu málin á dagskránni að ræðu hans lokinni.) — Já, ég ætlaði að ræða hér svolítið um tekjustofnana, sem taldir eru upp í 4. gr. frv., en þar er að finna ákvæði, sem mestur ágreiningur hefur orðið um og veldur því ásamt öðru, sem ég hef tekið fram, að þetta frv. mun verða lengi í minnum haft fyrir ranglæti í garð bændastéttarinnar og neytenda í landinu, enda er þar farið út á varhugaverða braut. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð aðra leið vænlegri en að leggja á nýja skatta til fjár-

öflunar fyrir umrædda sjóði. Og í stað þess að afla fjárins með almennum skatti, hefur hún gripið til þess ráðs að skattleggja eina stétt landsmanna sérstaklega og leggja auk þess álögur á almenning með nýjum skatti á brýnustu lífsnauðsynjar. Þetta er að vísu ekki alveg ný aðferð hjá hæstv. ríkisstj. Þetta er í samræmi við stefnu hennar í skattamálum almennt, þar sem við það er miðað að létta álögum af hinum efnameiri, en þyngja skattabyrðar og álögur á þeim, sem efnaminni eru. Þetta er ekkert annað en frekari útfærsla á þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. tók í upphafi, þegar hún hvarf frá beinu sköttunum og tók upp margfalda söluskatta, sem aldrei getur þýtt annað en versta ranglæti í skattamálum og bitnar á þeim efnaminnstu. Sérstaklega mun þessi skattheimta koma hart niður á bændum, og mun það sannmæli, að hún eigi sér enga hliðstæðu í annarri gjaldheimtu hér á landi. Hitt vegur þó meira, að bændur eru ekki aflögufærir, allra síst nú, eftir tveggja ára niðurdrep viðreisnarinnar á efnahag og afkomumöguleikum þeirra. Það verður því ekki hjá því komizt að breyta þessu ákvæði um skattaálagið á bændur og hækkun á mikilvægum neyzluvörum almennings, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ef ekki eru önnur úrræði, verður ríkissjóður að taka á sig þessa byrði. A. m. k. er það óhæfa að taka upp þá stefnu að leggja sérskatta á þær starfsstéttir, sem búa við örðugastan fjárhag, og það af sömu mönnunum sem kalla það ranglæti og jafnvel stjórnarskrárbrot að leggja á stóreignaskatt.

Í þessu frv. er ekki gerð nein tilraun til að bæta úr fjárskorti veðdeildar Búnaðarbankans. Hefðu menn þó getað vænzt þess, að svo yrði, eftir allt tal hv. sjálfstæðismanna um nauðsyn þess máls. Man ég ekki betur en þeir hafi fyrir fáum árum staðið að samþykkt þáltill., sem fór í þá átt, að nauðsynlegt væri að efla veðdeildina, og það hefur, að ég hygg, oftast verið svar þeirra við þeirri hugmynd framsóknarmanna að stofna sérstaka bústofnslánadeild, að veðdeildin ætti að sinna slíku hlutverki. En hv. sjálfstæðismenn sýna í verki, að þeir vilja í rauninni hvorugt. Þeir segjast vilja efla veðdeildina, en þeir gera það ekki, og þeir daufheyrast við hugmyndinni um bústofnslánasjóð. Þeir koma ekki með neitt nýtt í landbúnaðarmálum annað en skattaálögur og aukinn kostnað. Af þessu einkennist öll stefna hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Það dugir ekki til, þó að hæstv. landbrh. vilji vel, hann virðist svo sáralitlu fá framgengt og ef eitthvað er, þá með slíkum erfiðismunum, að það tekur hann marga mánuði eða jafnvel ár, og er þó vitað, að hann liggur ekki á liði sínu, þvert á móti. En svona er að eiga undir högg að sækja hjá öðrum. Það fær hæstv. ráðh. að reyna í sinni háu stöðu, og vildi ég gjarnan óska honum betra hlutskiptis.

Efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. hafa komið hart við flestar atvinnugreinar landsmanna og haft gífurleg áhrif á afkomu almennings. Þó væri ástandið enn verra en það er, ef það tvennt hefði ekki skeð, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið að slá af stefnu sinni í veigamiklum atriðum, og eins hitt, að aflafengur hefur sjaldan verið betri og aflaverðmæti óvenjumikið. En mér er til efs, að nokkur atvinnugrein búi nú við verri og óvissari kjör en landbúnaðurinn, m. a. vegna þess, hversu bústofnun er orðin dýr og arðurinn seintekinn og hversu ófýsilegt það er fyrir unga menn að leggja fyrir sig búskap af þeim sökum, þegar svo hitt kemur líka til, að illkleift er að fá lán og aðstoð til nauðsynlegustu framkvæmda. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, að svo miklu leyti sem það er nýtt, er engin lausn á þeim mikla vanda, sem steðjar að landbúnaðinum. Þvert á móti hefur frv. að geyma ýmis ranglát ákvæði, sem munu skaða landbúnaðinn, eins og ég hef sagt, og sú tekjuöflun, sem gert er ráð fyrir í fjárfestingarsjóðina, er hvergi nærri nægjanlegt til að treysta starfsemi þeirra út af fyrir sig, hvað þá að fullnægja annarri aðkallandi þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé.

Jafnvel þó að svo reyndist, að þessi nýju ákvæði frv. stæðust þau fyrirheit, sem höfundar þeirra gefa, er enn óleystur mikill vandi í lánamálum landbúnaðarins, sem verður æ meir aðkallandi, því lengra sem líður. Það vantar aðstoð við frumbýlinga til kaupa á vélum og bústofni. Það skortir lánsfé til kaupa á ræktuðum og hýstum jörðum, sem eigendur þeirra yfirgefa sakir elli eða sjúkdóma. Hvað er brýnna en að finna lausn á því vandamáli? Það er sárt og veldur efnatjóni fyrir jarðeigendur að horfa á ævistarfið verða að engu, og það er óhagkvæmt fyrir þjóðfélagið, ef ræktuð og byggð ból fara í eyði, af því að enginn hefur efni á að kaupa þau. Hæstv. ríkisstj. getur því fráleitt lagzt til hvíldar, þó að þetta frv. verði að lögum. Það eru mörg verkefni óleyst eftir sem áður. Afrekaskrá hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum er eftir sem áður sáralítil að vöxtum og ekkert, sem bendir til, að hún hafi enn lagt gull í lófa framtíðarinnar að því er snertir þessi mál. Flest bendir til, að varanlegustu merki núv. hæstv. ríkisstj. á íslenzkan landbúnað verði kyrrstaða og afturför.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., hefur að vonum vakið mikla athygli, og menn hafa látið uppi álit sitt um það, fleiri menn en gjarnan er títt um minni háttar frumvörp, enda er það fullkomlega þess vert, að því sé allur gaumur gefinn.

Það er talið, að árið 1957, á verðlagi þess árs, hafi um það bil 2.6 milljarðar króna verið fjárfestir í landbúnaði, en það svarar til þess að vera um 35% af öllu því fjármagni, sem fest er í framleiðsluatvinnugreinum á Íslandi. Af þessu leiðir, að til þess að þessi atvinnurekstur landbúnaðarins geti gengið og þurfi ekki sífellt að vera í fjárþurrð, þá verða þeir sjóðir, sem eiga að styðja að þeirri fjárfestingu, sem hér er orðin, að vera öflugir. Á hinn bóginn er það á allra vitorði, að þeir sjóðir, sem þetta frv. fjallar um, ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitanna, hafa verið langt frá því að geta talizt öflugir í nokkru hlutfalli við fjárþörfina, sem í þessari atvinnugrein hefur verið. Þessir sjóðir hafa haft litlar fastar tekjur árlega, en mest bjargazt við frá ári til árs á lánum teknum í útlöndum að verulegu leyti, en það fé hefur verið lánað út innanlands, og svo, þegar

stjórnarvöld landsins hafa framkvæmt gengisfellingar, hafa skuldirnar erlendis bólgnað mjög út og árangurinn orðið sá, að þessir sjóðir hafa sífellt rýrnað, unz svo var komið eftir þær gengisfellingar, sem nú hafa verið framkvæmdar, að þessir sjóðir voru orðnir með neikvæðan höfuðstól, þ. e. a. s. áttu ekki lengur fyrir skuldum. Það var því augljóst, að til einhverra öflugra ráða hlaut að verða gripið af ríkisvaldsins hálfu, ef ríkisvaldið ætlaði ekki að horfa upp á það með köldu blóði, að þessi atvinnuvegur hætti allri framþróun, hann legðist í kaldakol.

Upp úr þessum jarðvegi er það frv. sprottið, sem hér liggur fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að um það hafi margt verið sagt af málsaðilum um of, bæði af ágæti þess og einnig hafi verið tekið of djúpt í árinni um þá ágalla, sem á frv. eru, en þeir eru líka augsýnilegir margir.

Ég tel, að þetta frv. feli í sér fjögur meginatriði. Það er ekki meining mín að gera frv. svo mjög í smáatriðum að umræðuefni við þessa umr. málsins, og vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum aðeins um fjögur meginatriði þess.

Það er í fyrsta lagi, að það á að slengja saman í einn sjóð ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitanna, og eftir sem áður á sá sjóður, sem upp úr þessu sprettur, að vera deild í Búnaðarbanka Íslands. Þetta atriði er að sjálfsögðu ekki mjög mikilvægt og er miklu frekar um form en um efni. Það getur orkað tvímælis, hvort nokkur ávinningur er að þessu, sparnaður er það a. m. k. ekki á fyrstu stigum málsins, þar eð það fer að vissu leyti eftir framkvæmd málsins, en ætla má, að við þetta muni fara forgörðum nokkur verðmæti. Þessar tvær deildir eru þegar með nokkur gögn til sinnar afgreiðslu hvor um sig, sem gera má ráð fyrir að ekki notist, eftir að búið er að leggja þessa sjóði hvorn um sig niður. En að sjálfsögðu er þetta ekki stórvægilegt atriði, og geri ég það ekki frekar að umræðuefni.

Í öðru lagi er ráðgert, að af ríkisvaldsins hálfu verði sjóðunum lagðar til 60 millj. kr. eða rösklega það nú þegar til þess að mæta þeim vanda, sem skapazt hefur, með því að sjóðirnir eiga nú 34 millj. kr. minna en ekki neitt og eru þar af leiðandi óstarfhæfir. Þetta framlag er að sjálfsögðu allra góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En það er líka alveg óhjákvæmilegt, til þess að hægt sé að byrja einhver störf í þá átt að ná sjóðunum burt úr þeim rekstri, sem þeir hafa verið í, að þeim verði séð fyrir einhverju byrjunarfjármagni, og tel ég það ótvírætt til bóta, að svo er farið að sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv., að leggja sjóðunum til það fé, sem þar um ræðir. Það er að sjálfsögðu umdeilanlegt, hvort þetta sé nægjanlegt, því að vissulega væri þörf fyrir miklum mun meira, og hér er því um að ræða vanda, sem verður að sjálfsögðu að fara nokkuð eftir efnum, hvernig hægt er að bregðast við. Þó er það mín skoðun, að í þessu sé farið fremur van en of um framlag til sjóðanna, enda hygg ég, að mörg rök mæltu með því, að hér væri þeim lagt meira til, þ. e. a. s., að af gengishagnaði yrði þeim lögð til drýgri fjárfúlga en ráðgert er.

Það, að sjóðirnir standa svo illa sem raun ber vitni um, er, eins og ég hef áður drepið á, fyrst og fremst afleiðing af stjórnarráðstöfunum. Rekstrarfé sjóðanna hefur einkum verið erlent. Þeir hafa að vísu fengið öðru hverju slurk af tekjuafgangi ríkissjóðs, þegar hann hefur orðið, og það hefur bjargað þeim frá ári til árs. En þegar þeir fengu þau stóru skakkaföll, sem „viðreisnin“ skapaði þeim, urðu þeir gjaldþrota. Þetta frv. mætti því í rauninni heita: Frv. til viðreisnar á afleiðingum viðreisnarinnar, því að sú er meining þessa.

Hver á þá að borga brúsann? Ég hef farið fáeinum orðum um það, hvernig leggja á sjóðunum til nokkurt stofnfé, en hinar árlegu tekjur, sem á að bæta við tekjur sjóðanna, felast í 4. gr. frv., en þar er ráðgert, að tekjur þeirra verði auknar um röskar 20 millj. kr. árlega. Tekjur þeirra verði framlag ríkissjóðs, sem á fjárlögum er 4 millj. kr. og er óbreytt frá því, sem ráðgert hefur verið. Í öðru lagi, að 1% verði lagt á söluvörur landbúnaðarins og það eina prósent skuli koma til frádráttar frá tekjum bændanna sjálfra, en fáist ekki upp borið í hækkuðu verðlagi, og að ríkissjóður leggi jafnháa fjárfúlgu á móti þessu. Miðað við framleiðslu s. l. árs er hér um að ræða, að 1% gjaldið gefi um það bil 8 millj. og að ríkissjóður leggi þá fram aðrar 8, en 5 eða 5½ millj. er ráðgert að taka í hækkuðu verði á landbúnaðarvörum, þ. e. a. s. láta neytendur borga það. Þessar 25 millj., sem þannig fást, eiga þá að vera uppistaðan í þeirri viðreisn, sem hér er fyrirhuguð til þess að bæta upp viðreisn ríkisstj.? Hver er sanngirnin í þessari álagningu? Það er sem sagt þriðja meginatriði þessa frv., að það á að útvega sjóðnum nýjar tekjur.

Um 1% gjaldið, sem bændur eiga að greiða, vildi ég segja þetta: Með viðreisnarframkvæmdum ríkisstj., sem hún svo kallar, hefur verið mjög þrengt fyrir dyrum um kost bænda. Það leynir sér ekki, að búskapur er nú lítið eftirsóknarverður atvinnuvegur. Það sést ekki hvað sízt af því, að straumur fólks liggur úr sveitunum, svo að ekki verður um deilt. En svo var þó ekki á tímabili, áður en viðreisnarinnar fór að gæta. Það er því ekki blöðum um það að fletta, að þetta 1% gjald kemur á aðila, sem illa mega við því að greiða það. Nú vill hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu láta liggja að því, að 1% gjald á búrekstur sé ekki það, sem skipti sköpum um það, hvort búskapurinn sé mögulegur eða ekki. Það má vel vera, að mörg bú standi ekki svo tæpt og þau þoli 1% gjald. En ég hef þegar vikið að því, að búskapurinn yfirleitt sem slíkur stendur mjög höllum fæti, hann stendur tæpt. 5.5 millj. kr. gjaldið, sem á að leggjast á neytendur, kemur einnig ofan á mjög rýrðan fjárhag allra launþega í landinu, en þeir eru stærsti hlutinn af neytendahópnum. Þeir eiga þess vegna ákaflega erfitt með að greiða þetta gjald. Hér stendur því til að taka af bændum og neytendum 13 eða 14 millj. kr., sem meginþorri manna, bæði í bændastétt og einnig meginþorri neytenda, á mjög óhægt með að gjalda. Á hinn bóginn dynur hér í blöðum og úr þessum ræðustól næstum því dögum oftar söngur um það, að afkoma þjóðarinnar, afkoma

ríkissjóðs og yfirleitt sú afkoma, sem ríkisstj. telur sig stjórna, sé ágæt. Ég get þess vegna ekki betur séð en með rökum ríkisstj. sjálfrar um það, að 1% steypi ekki góðum búskap, væri hægt að leggja 1% á búskap ríkisins, á ríkissjóð. Og ef tekið væri 1% af tekjum ríkisins í staðinn fyrir að taka 1% af tekjum bænda og 5½ millj. af neytendum, mundu fást ekki bara 13—14 millj., heldur 17—18, ef maður reiknar með því, að áætlanir fjárlaga standist. Ég teldi þess vegna langtum nær að leggja þetta prósent á þann, sem telur sig ekki hafa ástæðu til að barma sér, heldur en á hina, sem kannske barma sér ekki svo mjög, en reynslan sýnir, að ganga frá búum sínum unnvörpum, þannig að þessi atvinnugrein dregst saman að því leyti, að jarðir leggjast í eyði. Ég vil ekki heldur draga í efa, að frásagnirnar um góða afkomu ríkissjóðs og ríkisbúskaparins yfirleitt séu réttar og sannar. Það segir sig alveg sjálft, að þegar hætt er, — ja, það er kannske fulldjúpt í árinni tekið að segja, að hætt sé að reisa íbúðarbyggingar, en það hefur minnkað a. m. k. um helming eða ⅔, og þegar álíka samdráttur hefur orðið í smíði fiskiskipa, fiskverkunarstöðva, þá var auðvitað ekkert eðlilegra en þau verðmæti, sem að öllu normölu hefðu til þessa farið, safnist einhvers staðar fyrir, og það er tilgangur „viðreisnarinnar" að safna fé í hlöður, láta dragast saman framkvæmdir í landinu, en láta peningana hins vegar dragast saman í sjóði og bankapakkhús. Þá þætti mér vera viturlegra að sleppa niður bæði þessu 1% gjaldi á bændur og einnig gjaldinu, sem neytendum er ætlað að bera, og lofa þeim stóra ríkissjóði að taka á sig 1% og prófa það þannig hjá þeim bóndanum, sem fyrir þeim málum sér, hvort hann munar um það að leggja á sig 1% gjald.

Þá hef ég farið örfáum orðum um þrjú meginatriði þessa frv. En eitt atriði er það þó í þessu frv., sem ég vil einnig telja til meginatriða og minna hefur verið rætt í umr. um málið en þau, sem ég hér hef gert að umtalsefni. Það er það atriði, sem felst í 12. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því, að þessi stofnlánadeild geti tekið fé að láni erlendis, en geri hún það og láni það út innanlands, þá gilda um það þessar reglur: Eigi er stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slík lán fyrst og fremst til vinnslustöðva og vélakaupa. Rökstuðningur ríkisstj. fyrir þessu er sá, að fé, sem lagt er í vélar, vinnslustöðvar eða önnur þess háttar verðmæti, vaxi líka í sama hlutfalli og hin erlenda skuld, ef um gengisfellingu eða rýrnun íslenzkra peninga væri að ræða. Út af fyrir sig mótmæli ég ekki þessu. En hinu vil ég fyrir mitt leyti mótmæla, að það sé tekið í lög á Íslandi, og ég minnist þess ekki, að það hafi verið áður gert, að það hafi áður verið samþ. lög eða lögð fram lagafrumvörp hér á Alþingi, þar sem það er skylda að lána út fé á Íslandi af opinberum aðilum í rauninni ekki í íslenzkum krónum, heldur í erlendum gjaldeyri. Með þessu ákvæði, að eigi sé heimilt að lána erlent lánsfé hér á landi út frá stofnlánadeild landbúnaðarins nema með gengisákvæði, er í rauninni verið að lána erlenda mynt út úr stofnuninni. Það er enginn eðlismunur á því. Og ég vildi aðeins vekja athygli á því, hvar við stöndum, ef við ætlum almennt að taka upp þetta ákvæði í lög. Hvers virði er okkur þá að hafa sjálfstæða mynt? Við skulum hugsa okkur, að það liggur fyrir dyrum, að verkalýðshreyfingin þarf að semja um kaup sitt og kjör á næstunni. Hennar samningum hefur verið sagt upp. Væri þá ekki alveg eins eðlilegt, að hún semdi bara um kaup í dollurum eða pundum eða dönskum krónum eða með ákvæði um það, að sú fjárhæð, sem samið yrði um í íslenzkum krónum, skyldi breytast í hlutfalli við gengi einhverrar erlendrar myntar? Ég sé ekki annað en það að lögtaka ákvæði um, að óheimilt sé að lána íslenzka peninga með venjulegum íslenzkum skilyrðum, sé skref að því að leggja niður sjálfstæðan myntfót hjá þjóðinni. Ég er þess vegna algerlega mótfallinn þessu atriði, og ég vildi mælast til þess, að allir, sem hlut eiga að máli, hugleiddu einmitt þetta atriði málsins, því þó að viss rök hnígi að því, að þetta sé ekki algerlega óeðlilegt á þeim tímum, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur leitt yfir okkur, þannig að við megum kannske eiga von á því að fá árlega gengisfellingar, — þá er þetta ekki algerlega úr öllu rökrænu samhengi, en með því að setja svona ákvæði í lög er í rauninni horfið frá því að nota íslenzka krónu sem myntfót í viðskiptum í okkar landi. Ég teldi eðlilegast, eins og raunar hv. framsóknarmenn hafa gert brtt. um, þegar málið var til meðferðar í Ed., að lánsákvæðin væru með þeim hætti, að Seðlabanka Íslands væri falið að taka þau lán, sem þessi deild þyrfti á að halda af erlendu fé, og endurlána henni. Seðlabankanum hefur nú verið fengið valdið yfir gengisskráningu landsmanna, og það væri þá ekki nema eðlilegt, að hann fyndi það heitast brenna á sjálfum sér, ef hann breytti genginu, að hann stæði þá sjálfur í skuld fyrir þeim erlendu fjárhæðum, sem teknar væru að láni í þessu skyni.

Þetta eru þau atriði, sem ég vildi láta koma fram um afstöðu til frv. að svo komnu máli. Ég tel óhjákvæmilegt, að ráðstafanir séu gerðar til að reisa við þann fjárhag, sem fjárfestingarsjóðir landbúnaðarins eiga við að búa. Ég er samþykkur því, að þeir fái þau stofnframlög, sem um getur í 3. gr. frv. Ég er einnig samþykkur því, að þeim verði séð fyrir árlegum tekjuauka, eins og í 4. gr. er talað um, en þó ekki með þeim hætti, sem þar er ákveðið, að því er varðar gjald á bændur og neytendur. Og ég er algerlega andvígur því, að frv. banni að nota íslenzka krónu til viðskipta á þessu sviði. En það er í rauninni það, sem gert er.

Að lokum skal ég láta þess sérstaklega getið, að um einstök og smærri atriði frv. mun ég áskilja mér allan rétt til þess að gera brtt. á síðari stigum málsins.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hygg, að framsöguræða sú, sem hæstv. landbrh. flutti hér í dag, muni teljast til sérstæðra tíðinda hér á hv. Alþingi. Hæstv. ráðh. gleymdi næstum því að ræða málið, nema þegar hann var að víkja úr ræðustólnum og bað um, að því yrði vísað til nefndar og 2. umr., en því var hann rétt búinn að gleyma líka, því að áhugi

hans snerist eingöngu um að ræða um Framsfl. Eitt sagði hæstv. ráðh. merkilegt í sinni ræðu. Hann sagði, að það væri lofsvert, þegar þm. vönduðu sig í málflutningi. Nú langar mig til þess að spyrja: Á þetta ekki einnig við um ráðherra? Er það að vanda sig í málflutningi, þegar notuð eru orð eins og hæstv. ráðh. gerði, þegar hann sagði þetta m. a. um okkur framsóknarmenn: Þeir standa ekki á fastri grund. Þeir munu iðrast orða sinna. Þeir vinna illt verk. Þeir snúast gegn málinu gegn betri vitund, gegn sannfæringu sinni. — Er þetta að vanda sinn málflutning, hæstv. ráðh.? Hvers vegna þurfa hæstv. ráðherrar að nota svona orð? Hvaða máli er það til framdráttar?

Hæstv. ráðh. gerði ekki heldur greinarmun á því, hvort bændasamtökin í landinu óskuðu eftir, að mál væri afgreitt, er þau varðar, eða mótmæltu því. Það skipti engu máli frá sjónarmiði hæstv. ráðh., heldur voru bara bændasamtökin eða forsvarsmen þeirra menn, sem ekki átti að taka tillit til frekar en framsóknarmanna.

Þá sagði hæstv. ráðh.: Ef þessi lög hefðu verið samþykkt fyrir 10—15 árum, hvað hefði þá gerzt í landinu? — Ég skal svara þessu. Það, sem hefði gerzt, hefðu verið minni framkvæmdir í landbúnaði en orðið hefur. Það hefði verið minni framleiðsla en orðið hefur. Það væru færri bændur í landinu en nú eru. Það er þetta, sem hefði gerzt.

Svo segir hæstv. ráðh., að Tíminn hafi verið að tala um það, að hv. þm. Bjartmar Guðmundsson hefði verið að hnupla máli í sambandi við það, að bændur kæmu sér upp lífeyrissjóði. Nú skal ég segja þessum hæstv. ráðh. það, að á árinu 1957 var hér á hv. Alþingi samþykkt till. til þál. frá okkur framsóknarmönnum um að athuga það, að bændur kæmu sér upp lífeyrissjóði. Þessi till. var afgreidd, það var skipuð mþn. í það mál, og sú nefnd hefur skilað áliti. Svo segir hæstv. ráðh.: Þetta mál þarf að vanda vel, og það þarf að fá sérfræðinga, tryggingafræðinga, til þess að athuga þetta mál. — En það eru tryggingafræðingar, sem hafa verið að skoða þetta mál í nokkur ár.

Annars ætla ég ekki að ræða þessa ræðu hæstv. ráðh. miklu meira en orðið er. En mér datt í hug, þegar hæstv. ráðh. var að flytja þessa ræðu, saga af ferðamanni einum, sem meiddi hesta sína oft á ferðalögum, fór illa með þá. Honum var sagt, að til þess að græða meiðslin væri gott að bera á blástein. Þetta gerði ferðamaðurinn, en hann bar blástein á ómeiddu hestana líka. Mér fannst eins og það kenndi þess, að hæstv. ráðh. væri sár undan umr. í Ed. og ætlaði nú að bera blásteininn á ómeiddan fararskjóta sinn, þegar hann héldi innreið í þessa deild. En það mun fara svo, að blásteinninn mun ekki duga honum, — dugði ekki þessum bónda, vegna þess að hann fór illa með sína hesta, — og hrokinn mun ekki heldur duga hæstv. ráðh. hér í málflutningi, sárin munu sýna sig.

Það er þrennt, sem hefur sérstaklega verið rætt í þessum umr. um lánasjóði landbúnaðarins, sem ég vil nú sérstaklega gera að umtalsefni. Það er í fyrsta lagi viðskilnaður og afskipti Framsfl. af þessum sjóðum, það er í öðru lagi stefna núv. ríkisstj. og aðgerðir hennar, og í þriðja lagi, hvernig átti að snúast við vandanum.

Áður en ég vík að fyrsta þættinum, vil ég minna á það, að þegar lögin um stofnlánadeildir landbúnaðarins, ræktunarsjóð og byggingarsjóð, byggingar- og landnámssjóð, upphaflegu lögin, voru sett, þá var meginstefnan sú, að þjóðfélagið í heild aðstoðaði bændurna í landinu við uppbyggingu með því að veita þeim löng lán með lágum vöxtum. Það átti að vera aðstoð þjóðfélagsins til þess að byggja upp í landbúnaði, til þess að rækta landið, bæta það og stækka, það var að veita bændunum í landinu löng lán með lágum vöxtum. En hvað þýddi þetta: að veita löng lán með lágum vöxtum? Það þýddi, að það var öllum ljóst, að sjóðir, sem var ætlað þetta hlutverk, gátu ekki af eigin rammleik byggt sig upp, vegna þess að fé, sem þeir fengu að láni, var dýrara en þeir vextir, sem þeir áttu að taka aftur. En það var skilningur valdhafanna þá og þeirra, sem með þessi mál hafa farið síðan, að þjóðfélagið í heild ætti að leggja til þann mismun til þess að jafna þarna metin. Þetta er meginstefnan í uppbyggingu sjóða landbúnaðarins frá upphafi fram á þennan dag. Og það er þessi stefna, sem nú á að fara að breyta.

Þá kem ég að þeim þætti, hvernig Framsfl. hefur staðið að þessum málum.

Framsfl. fór með stjórn landbúnaðarmála og ríkisstj. í landinu á árunum 1934—37. Á þeim árum voru veitt úr byggingarsjóði sveitanna 68 lán að meðaltali á ári og lánsupphæðin 270 þús. kr. En á árunum 1944—46 fóru sjálfstæðismenn með yfirstjórn landbúnaðarmálanna í landinu. En þá voru ekki veitt nema 33 lán að meðaltali á ári úr byggingarsjóði sveitanna og fjárhæðin var 132 þús. kr. Þetta er samanburður á afskiptum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna af byggingarsjóði sveitanna hér áður fyrr. Af ræktunarsjóði er sömu sögu að segja. Á árunum 1934—39 voru veitt að meðaltali 127 lán og lánsupphæðin 280 þús. kr. En á árunum 1944—46, þegar sjálfstæðismenn áttu landbrh., voru veitt 10½ lán að meðaltali á ári og lánsupphæðin 131 þús. kr. Þetta er að stjórna málum landbúnaðarins vel að dómi þeirra sjálfstæðismanna. Og sagan heldur áfram og sýnir staðreyndirnar. Allt frá 1947 til 1958 fóru framsóknarmenn óslitið með landbúnaðarmálin í ríkisstj. Á því tímabili er stórstígasta framfaratímabilið í sögu íslenzks landbúnaðar. Á þessum árum var ekki verið að lána 10 lán úr ræktunarsjóði og ekki verið að lána 130 þús., eins og verið hafði árin á undan. Á þessum árum voru lánuð að meðaltali úr byggingarsjóði 170 lán, og lánsfjárhæðin í heild var 101 millj. kr. Þetta var þegar Framsfl. fór með þessi mál sjóðanna. Og úr ræktunarsjóði voru á þessu tímabili lánuð 600 lán að meðaltali á ári og lánsupphæðin í heild var 236 millj. kr. Á tímabilum Framsfl. frá 1947—58 voru lánaðar í landbúnaðinn gegnum þessa sjóði um 340 millj. kr. Svo koma þessir hv. stjórnarsinnar nú og telja, að Framsfl. þurfi að biðja afsökunar á afskiptum sínum á lánasjóðum landbúnaðarins, þegar

borið er saman þetta tímabil og þúsundirnar hjá þeim á undan. Nei, Framsfl. er óhætt að tala um lánasjóði landbúnaðarins. Og við skulum halda áfram að lesa söguna, því að staðreyndirnar verða ekki hraktar, jafnvel þó að hæstv. landbrh. flytji hrokafulla ræðu, eins og hann flutti hér í dag.

Til viðbótar þessu um uppbygginguna skal ég geta þess, að á þessu tímabili framsóknarmanna var uppbyggingin í landinu það mikil, að byggð munu hafa verið um 25% af íbúðarhúsum í sveitum landsins. En það var meira gert á þessum árum en uppbyggingin ein. Og nú skal ég snúa mér að uppbyggingu lánasjóða landbúnaðarins. Það er þáttur út af fyrir sig, sem er rétt að ræða líka, ekki síst eftir að því gjaldþrotaástandi hefur verið lýst, sem hv. stjórnarsinnar tala mest um hér í hv. deild.

1946 í árslok eða í ársbyrjun 1947, þegar Framsfl. tók við yfirstjórn landbúnaðarmála í landinu, var höfuðstóll byggingarsjóðs sveitanna 6.7 millj. kr. En í lok tímabilsins, eða í árslok 1958, þegar Framsfl. fór frá völdum, var höfuðstóll byggingarsjóðsins 43.3 millj. kr. Á þessu tímabili hafði hann vaxið um 36.6 millj. kr. Sömu sögu er að segja úr ræktunarsjóði, því að í árslok 1946 átti ræktunarsjóður höfuðstól 4.4 millj. kr., en í árslok 1958 átti hann 61.7 millj. kr. Höfuðstóll ræktunarsjóðs hafði aukizt á þessu tímabili um 57.3 millj. kr. Í árslok 1958, þegar Framsfl. fór úr ríkisstj., var höfuðstóll ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs 105 millj. kr. Þetta eru staðreyndir um gjaldþrot þessara sjóða. En ég mun síðar koma að þeim þættinum, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að hanga á, sem sé þeim, að Framsfl. eigi að stjórna þessum málum og sjá fyrir þeim, löngu eftir að hann er kominn úr ríkisstj.

En það var fleira gert á þessu tímabili en hefur verið hér greint, og er það þó allverulegt, því að einnig á þessu tímabili var ákveðið, að hluti af mótvirðissjóði gengi til lánastarfsemi ræktunarsjóðs. Þetta heldur áfram, eftir að Framsfl. hefur farið úr ríkisstj. Hér var því einnig verið að skila til framtíðarinnar. Það er því ekki óglæsilegt tímabil Framsfl., þegar hann fór með yfirstjórn þessara mála. Og hæstv. landbrh. má gæta sín á samanburðinum síðar meir. Það, sem gerðist á þessu tímabili Framsfl., á árunum 1947—58, var það, að lánveitingar sjóðanna jukust að meðaltali á ári úr 260 þús., sem þær voru hjá íhaldsstjórninni, í 28 millj. kr. Eignir sjóðanna jukust um 94 millj. kr. Og útvegað var fé til þess að lána nokkurn hluta af þessum lánum sjóðanna framvegis í gegnum mótvirðissjóðinn líka. Þetta er þáttur Framsfl. í yfirstjórn þessara mála, og þýðir hér ekki á móti að mæla, því að staðreyndirnar tala sínu máli.

Þá kem ég að þeim þættinum, sem hæstv. landbrh. og stjórnarsinnar hafa reynt að nota sér til framdráttar í sambandi við lánakjör landbúnaðarins, en það eru þær erlendu lántökur, sem teknar voru á þessu tímabili. Þeir hafa haldið því fram, að Framsfl. hafi ekki séð fyrir því, að af þessu yrði ekki halli síðar meir. Nú verð ég að segja það, að það er skrýtin pólitík og alveg nýr þáttur í fjármálum, ef t. d. gengislækkunin í sumar ætti að skrifast á reikning Framsfl., ef það ætti nú að fara að kenna honum það tjón, sem sjóðunum varð af því gengisfalli. Vegna þess að ríkisstj. landsins var í illu skapi og þurfti að svala sér, af því að hún hafði tapað í vinnudeilum, þá felldi hún gengið, og þá ætti að kenna Framsfl. um það tjón, sem þessi sjóður yrði fyrir. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið í sambandi við gengisfallið, þá skiptist það sem næst þessu, að yfirfærslugjaldið muni hafa kostað sjóðina um 32 millj. kr. Nú vil ég taka það fram, að þegar vinstri stjórnin fór frá völdum, höfðu hækkuð útgjöld sjóðanna ekki numið nema 1.9 millj. kr., en það var sú hækkun, sem varð á útgjöldum sjóðanna árið 1958, 1.2 millj. í ræktunarsjóði og 0.7 millj. í byggingarsjóði. Þess vegna var hér ekki um stóra upphæð að ræða. En með gengisfallinu 1960 hækkuðu skuldir sjóðanna um 65 millj. kr., og með gengisfallinu 1961 hækkuðu þær um 26 millj. kr. Þess vegna hefur samanlagt gengisfallið valdið sjóðunum útgjöldum upp á 123 millj. kr. Nú er því haldið fram, að Framsfl. hafi ekki tryggt þetta mál nógu vel. Nú skulum við gera okkur grein fyrir því, hver var tryggingin? Ríkissjóður bar ábyrgð á skuldum sjóðanna, og ríkissjóður á þessa sjóði, eins og segir í grg. þessa frv., og hefur alltaf átt. Sá aðili, sem bar ábyrgð á skuldum sjóðanna, var enginn annar en ríkissjóður. Og svo segja menn: Hvernig eigum við að fara að taka núna afleiðingum gengisfallsins, þar sem Framsókn anaði út í að láta sjóðina taka erlend lán? — Því hefur að vísu aldrei verið svarað af hv. stjórnarsinnum, hvað átti að gera annað. Þá spyr ég: Af hverju er verið að gera gengisbreytingu á Íslandi? Það er gert vegna atvinnuveganna. Það er venjulega sett hér upp á hv. Alþingi í grg., hvað þessi og þessi bátur þurfi mikið gengisfall til þess að geta borið sig. Ef Alþingi Íslendinga ber skylda til þess að breyta gengi krónunnar vegna sjávarútvegsins, þá segi ég, að þá ber Alþingi Íslendinga jöfn skylda til þess að sjá um, að einum af höfuðatvinnuvegum landsmanna verði ekki íþyngt vegna gengisbreytinga. Og þess vegna er það ekki nema einn þáttur af aðgerðum í efnahagsmálum að greiða það gengistap, sem sjóðirnir urðu fyrir. Og það sýnir linkind þessa hæstv. landbrh., að hann skyldi láta þennan þátt eftir liggja. Og svo kemur hæstv. ráðh. hér í dag og segir, að það hafi verið rangt, að ríkisstjórnin hafi séð fyrir gengishalla, sem bankarnir hafa orðið fyrir. Nú fyrir stuttu hélt Seðlabanki lands vors mikla veizlu, og þar flutti aðalbankastjórinn ræðu mikla, og svo gáfu þeir út bók, og á bls. 19 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í bráðabirgðaákvæðum seðlabankalaganna er fjmrn. heimilað að semja við Seðlabankann um það, að inn á gengisreikning ríkissjóðs, sem varð til vegna gengistaps ríkissjóðs og bankanna 1960, verði greiddar“ o. s. frv., segir svo frá því, að um 110 millj. kr. sé nú búið að verja í þessu skyni og svo ætli bankinn að taka hitt að sér. En hér á hv. Alþingi er verið að blása yfir því og það er talin sérstök frekja,

að þm. skuli láta sér detta í hug, að landbúnaðurinn sé látinn sitja við sama borð og annar atvinnuvegur þjóðarinnar, þegar gengisbreytingar eru gerðar í þágu atvinnuveganna.

Svo vil ég nefna annað dæmi. Hér á hv. Alþingi fyrir stuttu gaf hæstv. fjmrh. skýrslu um ríkisábyrgðir, sem ríkissjóður er búinn að greiða. Hann gat þess, hæstv. ráðh., að ríkissjóður væri búinn að greiða vegna togaraútgerðar landsmanna um 93.4 millj. kr. á nokkrum árum og greiddi 25.8 millj. kr. s. l. ár. Samkv. skýrslum um ríkisábyrgðir er búið á nokkrum árum að greiða vegna togaraútgerðar, fiskiðjuvera og síldarverksmiðja úr ríkissjóði tæpar 150 millj. kr. Og svo þykir það frekja, ef það er ætlazt til þess, að ríkissjóður taki á sig kostnað, sem sjóðir landbúnaðarins verða fyrir vegna breytinga í efnahagsmálum landsins. Hér skýtur nokkuð skökku við, og ég held, að hæstv. landbrh. hafi ekki gert sér grein fyrir því, að landbúnaðurinn er einn af atvinnuvegum þjóðarinnar og að ríkisvaldinu ber einnig að taka tillit til þess atvinnuvegar eins og hinna.

Nú er ég ekki með því að skýra frá þessum ríkisábyrgðum að segja, að það hafi ekki verið nauðsynlegt að gera þetta vegna þessa atvinnuvegar, því að það er höfuðmál ríkisvaldsins, að atvinnuvegum þjóðarinnar vegni vel. En það á ekki að gera það á þann veg, að um leið og það er að greiða úr fyrir einum, þá íþyngi það öðrum. Það skal svo haft í huga, að stefna sjóðanna frá upphafi hefur verið sú, að ríkisvaldið sjálft legði þeim til, svo að þeir gætu jafnað rekstrarhallann, vaxtamismuninn og önnur þau áföll, sem sjóðirnir yrðu fyrir. Þetta er höfuðmálið. Á þessu eru þessir sjóðir byggðir, og þess vegna hefur rekstur þeirra verið með þeim hætti, sem hann hefur verið. En þeir hafa bara gert meira, því að á þessum tíma hafa þeir einnig safnað innstæðuhöfuðstól upp á 100 millj. kr. Og það er ekki fyrr en hæstv. núv. ríkisstj. kemur, að þessum höfuðstól er eytt. Það er hennar verk, vegna þess að hún tekur ekki efnahagsmálin þeim tökum, sem hún átti að taka. Hún lætur hlut landbúnaðarins liggja eftir. Þetta er mergur málsins um sögu sjóðanna, og það er alveg þýðingarlaust að belgja sig út hér á hv. Alþ. og ætla að reyna að halda öðru fram.

Þá kem ég að því frv., sem hér er til umr., eða öðrum þeim þætti, sem ég nefndi hér í upphafi máls míns, en það er sú stefna, sem þetta frv. boðar. Þetta frv. hæstv. ríkisstj. er í samræmi við stefnu hennar í efnahagsmálunum. Hún er sú að íþyngja æ ofan í æ almennum borgurum, hlaða pinkli ofan á pinkil, eins og einn fyrrv. þm. orðaði hér einu sinni, þangað til allt fer undir kvið á meринni. Þetta er hennar stefna. Og í raun og veru má segja, að hlutverk sjóðanna var áður að aðstoða bændastéttina í landinu við uppbyggingu, en nú eiga bændurnir í landinu að fara að byggja sjóðina upp. Það er þetta, sem er að gerast. Áður áttu sjóðirnir að standa fyrir uppbyggingu úti um sveitir landsins, en nú eru það sveitir landsins, sem eiga að standa fyrir uppbyggingu sjóðanna. Þetta er mergur málsins. Og þetta er í samræmi við stefnu núv. ríkisstj., að íþyngja alltaf meir og meir hinum almenna borgara. Þetta er hæstv. ríkisstj., sem telur sér svo trú um, að hún sé að létta sköttum af þjóðinni. Margt er nú sér til gamans gert. Samkv. þessu frv., ef teknar eru töflurnar, sem hæstv. ráðh. var að minna okkur á að lesa vel í dag og ég hef nú dálítið lesið, þá miðast þetta allt við árið 1975, og gæti maður því látið sér detta í hug, að hæstv. ríkisstj. hugsaði sér, að það ár væri þætti ríkissjóðs a. m. k. lokið. Þessi stofnlánadeild á að hafa í tekjur á þessu tímabili, þar með talið stofnframlagið, sem fylgir í upphafi málsins hér, þessar 60.5 millj. kr., sem ríkissjóður leggur til núna, en allar tekjur deildarinnar eiga á þessu tímabili að vera 953.5 millj. kr. Og ef við förum nú í gegnum þetta og gerum okkur grein fyrir því, hvernig þetta skiptist, þá er skiptingin á þessa leið:

Upphaflega stofnfjárframlagið, sem ríkissjóður leggur til nú í upphafi, er 60.5 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóðsframlagið á móti framlagi bænda sé 132.6 millj. kr. og að neytendaskatturinn eða þessi 0.75% muni gefa 86 millj. kr. Þetta eru samtals um 279.1 millj. kr. Og þessu til viðbótar er 4 millj. kr. árlegt framlag, sem er endurnýjun á því framlagi, sem er í núgildandi lögum. Ef það er tekið með, eru þetta samtals 335 millj. kr. Frá bændunum í landinu á svo að koma á þessu tímabili í gegnum framleiðsluskattinn og í vextina 618.5 millj. kr., eða nærri því ⅔ af því, sem þessir sjóðir eiga að fá til meðferðar.

Nú skulum við fara dálítið nánar í þessa tekjustofna, og nú skulum við halda okkur við það, sem hæstv. ráðh. og talsmenn ríkisstj. segja hér í grg. frv. um gjaldþrotasjóðina. Ég lýsti því hér áðan, að ríkissjóður ber ábyrgð á ræktunarsjóði og byggingarsjóði, og ef um eitthvert gjaldþrot verður að ræða, þá er það ríkissjóðs að sjá um greiðslur á skuldum þessara sjóða.

Samkv. því, sem í frv. segir, gera þeir ráð fyrir því, að halli sjóðanna, eins og þeir orða það, yrði á þessu tímabili, frá 1962—1975, 156 millj. kr. Og ef við tökum svo aftur það, sem ríkissjóður ætlar að leggja sjóðunum til af nýju fé, sem eru 60.5 millj. af stofnfénu og 132.6 millj. á móti skattinum, eru þetta samtals 193.1 millj. kr. Þessu til viðbótar er svo að geta þess, að með breytingu á eldra framlaginu, sem er lækkað um 100 þús. kr., þá kemur þar mínus upp á 1.4 millj. kr. Og ef við drögum gjaldþrotið frá, þ. e. gengistapið og töpin á rekstri sjóðanna, sem alltaf hefur verið frá upphafi ætlazt til að ríkissjóður jafnaði, þá eru eftir í stofnfé handa sjóðunum 36.6 millj. kr. Gengistapið og rekstrarkostnaðurinn og vaxtahallinn, það hefur alltaf verið með lögum þessara sjóða ætlazt til, að ríkissjóður jafnaði það. Ef þetta er jafnað, þá eru eftir 36.6 millj. kr., og það er hið raunverulega framlag ríkissjóðs í hinn nýja sjóð stofnlánadeildarinnar, sem svo mikið er rætt um hér nú.

Þessu til viðbótar er svo neytendaskattur-

inn, sem ég vék að hér áðan. Um hann er það að segja í fyrsta lagi, eins og hv. 2. þm. Sunnl. benti á, að þá eru bændur eins og aðrir neytendur í þessu landi og kaupa líka landbúnaðarvörur. En það er annar þáttur í þessu máli einnig, og hann er sá, að við vitum, að ár eftir ár og í raun og veru alltaf hefur verið um það þjarkað, hvað ætti að taka inn í verðlag landbúnaðarvara, og það hefur alltaf verið miðað við það, hvað útsöluverðið yrði hátt. Það er í raun og veru það, sem um hefur verið slegizt. Nú efast ég ekki um það, að þessi þáttur verður tekinn inn í verðlagið. En hann þýðir það, að þá verður öðrum að einhverju leyti a. m. k. ýtt út. Þetta fæst ekki allt upp borið í verðlaginu. Við vitum það ósköp vel, það hefur ekki verið tekið með í reikninginn það, sem bændur hafa talið skilyrðislaus útgjöld í sínum búskap og hafa getað rökstutt, og það er af því, að það hefur þótt of mikil hækkun á landbúnaðarvörunum. Og það fer eins í þessu tilfelli. Þó að þessi þátturinn verði tekinn með, verða bændur að einhverju leyti að borga hann aftur, vegna þess að öðrum verður sleppt.

Þegar þetta er svo tekið saman, þá er það svo, að þó að við tökum þennan neytendaskatt allan inn í sjóðina og teljum ekki mínus í hann, sem þó verður, þá eru það 122 millj. kr., sem koma frá öðrum en bændunum, ef dæmið er gert upp á sama hátt og áður. Hitt er framlag bændanna sjálfra, með því að hafa 6 og 6½% vexti, eins og reiknað er með í grg. frv., og með framleiðendaskattinum. Þannig á að byggja sjóði landbúnaðarins upp nú. Það á að byggja þá upp með fé frá bændunum sjálfum. Það var einmitt þetta, sem við gerðum ekki áður, vegna þess að við vildum styðja landbúnaðinn í landinu með því að veita í hann fé, en ekki taka frá honum fé til þess að lána honum það aftur með háum vöxtum. Það var meginþátturinn í okkar uppbyggingarstefnu, og það er vegna þessarar stefnu, sem uppbyggingin í landbúnaði hefur verið svo ör sem hún hefur orðið, en ekki af því, að það hafi verið tekið fé þaðan og lánað svo aftur.

Það eru sem sagt 122 millj. kr., sem eiga að koma annars staðar frá en frá bændunum sjálfum, þegar dæmið er gert upp á sama hátt og áður, rekstrar- og vaxtahallinn er jafnaður, þar með gengistapið, og sjóðirnir standa eftir með sitt. Þetta jafngildir því, að það sé í kringum 9 millj. á ári. En á fyrra tímabilinu, sem ég ræddi hér um áðan, tímabili Framsfl., var höfuðstólsaukning sjóðanna á milli 8 og 9 millj. kr. árlega. Og beri menn það svo saman, þessa höfuðstólsaukningu á fyrra tímabilinu og 8—9 millj. á þessu tímabili nú, þegar fjárlög ríkisins hafa fjór- til fimmfaldazt samanborið við sum árin og tvöfaldazt miðað við síðasta árið og rúmlega það. Þetta er hin mikla rausn, sem núv. stjórnarstefna beitir sér fyrir, að ætla bændunum í landinu að leggja fram fé, sem á svo að ráðstafa hér í Reykjavík, lána aftur með háum vöxtum og til stutts tíma.

Nú mun kannske einhver hugsa sem svo, að sjóðirnir verði ekki í gengisáhættu eftir þá breytingu, sem þarna er gerð, svo að þarna halli ég réttu máli, — að nú séu þeir ekki í gengisáhættu, sem þeir þurfi að stríða við síðar meir. En hver er breytingin þar á? Hún er sú, að nú eiga bændurnir sjálfir að sitja uppi með gengisáhættuna, en áður var það baktryggt af ríkissjóði eins og aðrar eignir sjóðanna. Það er sú breyting, að ef erlend lán verða tekin á tímabilinu, þá eiga bændurnir sjálfir gengisáhættuna, taka hana á sig, en áður var það svo tryggt sem ég hef hér skýrt. Ekki er þar munurinn bændunum í hag. Og það er alveg þýðingarlaust að reyna að halda því fram, að gengisáhættan komi ekki bændunum við, vegna þess að það verði lánað í vinnslustöðvarnar, frystihúsin, sem bændurnir eiga, mjólkurstöðvarnar, sem bændurnir eiga, og önnur slík tæki, sem bændurnir eiga einir. Það eru bændurnir þrátt fyrir það, sem eiga þessar eignir, og það eru þeir, sem verða að borga þetta. Þess vegna er þessi breyting ekki heldur þeim í hag. Það er sama stefnan og áður, að bændurnir eiga að leggja fram féð, sem á að fara til uppbyggingarinnar.

Það, sem ég mundi því segja um þetta tímabil núv. hæstv. ríkisstj., er samandregið það, sem ég hef hér sagt, að í raun og veru á að mestu leyti að hætta aðstoð ríkisins við uppbyggingu í sveitum landsins. Og samkv. frv. er fullkomin ástæða til að ætla, að henni verði alveg hætt eftir 1975. Í öðru lagi á að mynda stofnlánasjóði landbúnaðarins með framlagi frá bændunum sjálfum. Í þriðja lagi eiga þeir að taka á sig gengisáhættu, ef erlend lán eru tekin.

Ég hef áður skýrt það og þarf ekki þar við að bæta, að landbúnaðurinn átti fullan rétt á því, að gengismál hans væri tekið til eðlilegrar meðferðar eins og annarra atvinnuvega þjóðarinnar. Og það er ekki nema af dugleysi hæstv. landbrh., sem sá þáttur var látinn eftir liggja.

Þá kem ég að því, hvernig við getum þá snúið okkur að þessum málum í framtíðinni. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að við eigum að fylgja áfram þeirri stefnu, sem við höfum fylgt í landbúnaðarmálum, að ríkissjóður eða hið almenna vald í landinu hjálpi við uppbyggingu í sveitum landsins með því að jafna halla á rekstri sjóðanna og vaxtamismuninn. En nú mun einhver segja, að þetta mundi ekki duga til, við hefðum ekki nóg lánsfé, þótt við héldum áfram að mynda höfuðstól, eins og við höfum gert á tímabili Framsfl., sem ég lýsti hér áðan. En hvaða ástæða er til þess, að landbúnaðurinn í landinu megi ekki fá sinn hluta af sparifjármynduninni? Það virðist eins og hlutverk Seðlabankans hafi orðið það að vera einhvers konar pakkhús, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, seðlapakkhús, í sambandi við geymslu á bundnu fé í þeim banka. En er hægt að rökstyðja það, að það sé ekki kleift að lána til uppbyggingar í landinu nokkra tugi milljóna, þegar búið er að safna af innstæðu í Seðlabankanum á fjórða hundrað millj. á tveim árum á bundnum reikningi? Það er ekki hægt að rökstyðja það. Og ef eðlileg peningapólitík er rekin í þessu landi, þá verða skiptin á milli fjárfestingar- og rekstrarfjár gerð, og þá á landbúnaðurinn að fá sinn hlut eins og annar atvinnuvegur í þessu landi. Það á að koma með fé inn í

landbúnaðinn, en ekki ætla honum að leggja til fé til að byggja sig upp. Það er þessi stefna, sem á að taka gagnvart sjóðunum, en ekki sú neikvæða stefna, sem þessu frv. fylgir.

Áður en ég lýk hér máli mínu, vil ég draga saman í fáein atriði niðurstöður af því, sem ég hef hér sagt. Ég hef sýnt fram á það, að upphaflega stefna þessara sjóða var sú, að ríkissjóður annaðist það að jafna metin á rekstri sjóðanna, greiddi rekstrarhallann og vaxtatapið. Aðstoð ríkisvaldsins átti að vera í gegnum löng lán og lága vexti. Ég hef líka sýnt fram á það, að svo hefur verið stjórnartímabil framsóknarmanna. Ég hef líka bent á það, að á því tímabili var veitt í lánum í landbúnaði milli 300 og 400 millj. kr. Þessi lán voru veitt með 2½—4% vöxtum. Lánin voru veitt í 25—42 ár. Á sama tíma varð höfuðstólseign sjóðanna um 105 millj. kr. Það var enn fremur tryggt, að mótvirðissjóðslán yrði lánað sjóðunum til útlána í framtíðinni. En á tímabili núverandi hæstv. ríkisstj. hefur á málunum verið tekið með þeim hætti, að nú fá bændur lán með 6 og 6½% vöxtum til 15—25 ára. Þeir eiga sjálfir að taka á sig gengisáhættuna í framtíðinni, ef erlend lán eru tekin, og eiga að byggja upp sína eigin sjóði. Þetta er stefna núv. hæstv. ríkisstj., og það er ekki að undra, þótt hæstv. ráðh. sé nokkuð órólegur, þegar hann kemur hér í ræðustól og ætlar að mæla fyrir máli, sem er ekki betra en þetta mál. Enda mun það nú vera svo, að þessi vetur hefur reynzt hæstv. ráðh. nokkuð erfiður. Af málum, sem hann hefur barizt fyrir hér á hv. Alþingi, má nefna áburðarsölumálið, sem mér sýnist að þurfi að lima úr nefnd, ef það á að koma hér í dagsins ljós aftur. Það má nefna lausaskuldamálið, sem afturfótafæðing var á. Ýmis mál önnur hafa gerzt utanþings, sem hafa verið ráðh. erfið. Og framleiðsluskatturinn á svo að vera kóróna á þetta allt saman.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 583, n. 664, 666 og 667, 665).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 367, er eitt af stærstu málum þessa þings. Það hefur legið fyrir landbn. Nd. Hún hefur skilað álitum, og eins og hv. þdm. er kunnugt af þeim álitum, sem útbýtt hefur verið, hefur hún ekki orðið á einu máli, og geri ég ráð fyrir, að engum hafi komið það á óvart eftir forsögu málsins í hv. Ed. og ýmsu öðru, sem fram hefur komið í þessu máli. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þetta mál hér við 2. umr. Það er að vísu rakið nokkuð í nál. okkar í meiri hl., og koma þar fram ýmis þau atriði, sem við teljum rétt að benda sérstaklega á.

Ef við virðum fyrir okkur höfuðatriði málsins, eru þau fólgin í því, að upp úr þeim sjóðum, sem fyrir hafa verið, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, er gert ráð fyrir að stofna eina deild, sem fær nafnið stofnlánadeild landbúnaðarins. Stofnfé þeirrar deildar skal vera eignir ræktunarsjóðs Íslands og byggingarsjóðs, eins og þær verða, þegar þessi lög taka gildi, lán, sem ríkissjóður hefur veitt ræktunar- og byggingarsjóði, skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir, og 16.5 millj. kr., sem ríkissjóður eða ríkisábyrgðasjóður greiðir af erlendum lánum ræktunar- og byggingarsjóðs. Samtals eru þessar upphæðir um 60.5 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir árlegum tekjum til deildarinnar, föstum árlegum tekjum, sem eru þessar: 1) 4 millj. kr. framlag frá ríkissjóði. 2) 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sem skal ákvarðað og innheimt eins og búnaðarmálasjóðsgjald. 3) Árlegt framlag ríkissjóðs á móti þessu 1% álagi á söluvörurnar, er nemi jafnhárri upphæð. 4) Gjald á útsöluverð mjólkur, rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, sem seldar eru á innlendum markaði, sem skal nema 0.75% af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli. 5) Vaxtatekjur.

Um tilgang þessa sjóðs er það í stuttu máli að segja, að honum er ætlað að leysa úr stofnlánaþörf landbúnaðarins, og samkvæmt 6. gr. er þar um að ræða endurbyggingu íbúðarhúsa á sveitabýlum og byggingu íbúðarhúsa á nýbýlum, til jarðræktar, peningshúsa, geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin vermirækt, loðdýrarækt, lax- og silungseldi, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað. Enn fremur er skv. 13. gr. heimilt, að fengnu samþykki ráðh. hverju sinni, að verja allt að 10 millj. kr. af fé stofnlánadeildarinnar til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Búnaðarbankans, ef það er auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar að öðru leyti.

Þetta eru í stuttu máli höfuðatriðin, sem í þessu stofnlánadeildarfrv. felast um fjármagnið, sem byggir hana upp, um tekjurnar og um það verkefni, sem henni er ætlað að leysa.

Eins og kunnugt er, hefur mikilli gagnrýni verið haldið uppi á frv., frá því það kom fram, og eru það að vísu viss atriði, sem sérstaklega hafa verið gagnrýnd. Ég vil fara nokkrum orðum um þau út af fyrir sig.

Það er þá sérstaklega þetta 1% búvörugjald eða 1% gjald af framleiðsluverðmæti söluvara landbúnaðarins, eins og það er nefnt, sem er talið vera ranglátt og án fordæma og að það verki eins og hreinn launaskattur, sem nemi 1.5 og 2% af kaupi bóndans.

Það hefur verið bent á, að til stofnlánasjóða sjávarútvegsins væri tekið gjald af útflutningsverðmætum sjávarafurða og þó öllu hærra en hér er lagt til. Menn kannast við það, að Tíminn og fleiri, m. a. hv. framsóknarmenn hér á Alþingi, hafa haldið því fram, að það væri ósambærilegt, af því að útgerðin gæti velt því af sér inn í verðlagið. Það er að vísu ekki alveg nýver-

ið, sem ég hef rekizt á þessa staðhæfingu í Tímanum, en ég man eftir henni, nokkru eftir að þetta frv. leit dagsins ljós á Alþingi. Það liggur í augum uppi, að annaðhvort er hér talað á móti betri vitund og beinlínis í æsingaskyni, — og það er að vísu kannske ekki ósennileg skýring, — en hitt gæti líka verið, að svo inngróið væri þeim orðið uppbótakerfið, sem við höfum alllengi búið við, að þeir lifðu enn og hrærðust í þeim hugarheimi. En auðvitað er þetta gjald af sjávarafurðunum til stofnlánasjóða útvegsins, eins og t. d. fiskveiðasjóðs, nokkuð hliðstætt því, sem hér er lagt til um gjald á söluvörur landbúnaðarins til stofnlánasjóða hans. En þá er rétt að athuga frá fleiri hliðum þetta 1% gjald, sem áætlað er til að byrja með að muni nema ca. 8 millj. kr. árlega. Ég er ekki í vafa um, að þm. eru nokkuð sammála um, að það, að stofnlánadeildin sé sem allra öflugust, sé eitt hið allra stærsta mál landbúnaðarins og þá um leið bænda, og sammála um, að stofnlánadeildin gefi aukinn kraft til þess að rækta og byggja landið. En bændurnir í landinu leggja árlega fram í umbætur á jörðum sínum stórfé umfram það, sem þeir fá að láni í stofnlánasjóðunum, og umfram þann stuðning, sem veittur er skv. jarðræktarlögum, og eftir fleiri leiðum, t. d. landnámslögunum. Þetta framlag til framkvæmda á jörðum sínum taka þeir af því kaupi, sem þeir bera úr býtum við búskapinn, og ef við tökum t. d. tímann, sem liðinn er frá stríðslokum, eða tímabilið milli 1950 og 1960, síðasta áratug, þá er hér um mjög mikið fé að ræða. En allir þeir, sem hafa gert sér gerla grein fyrir þessum hlutum, vita, að nokkuð af þessum verðmætum, sem bændur hafa þannig lagt í ræktun og byggingar, er þeim sjálfum a. m. k. stundum ærðlítið. Þeir leggja þjóðfélaginu það, þeir leggja það eins og segja mætti inn á reikning framtíðarinnar. Ef maður virðir fyrir sér t. d. sölu á bújörðum, þá er kunnara en frá þurfi að segja, að bændur fá yfirleitt ekki uppborið það verð, sem þeir hafa lagt í umbætur á jörðum sínum, er jarðirnar eru seldar, og oft því síður sem umbætur hafa verið gerðar þar meiri. Þetta eru kunnar staðreyndir allan þann tíma, sem liðinn er, síðan tími umbótanna hófst í íslenzkum búskap, íslenzkum landbúnaði. Þetta hefur þjóðfélagið líka alltaf viðurkennt, þetta framlag bændanna til þjóðfélagsins, með stuðningi þess opinbera, eins og t. d. gert er skv. jarðræktarlögum.

Og þá er ég kominn að því, sem ég sérstaklega vildi vekja athygli á. Er það ranglæti að beina nokkru af því fé, sem bændur hafa sjálfir lagt í umbætur á jörðum sínum og lagt inn á reikning þjóðfélagsins í umbætur bújarðanna, — beina því eftir öðrum farvegi að sama marki, láta dálítinn hluta af þessu kaupi, sem bændur verja til umbóta á jörðum sínum, verka eins og segul í stofnlánasjóðum landbúnaðarins, sem eru það afl, sem verður drýgst til að gera öra þróun í umbótum í sveitum? Rétt er, að sá er að vísu munur á, að bændur ráða sjálfir því framkvæmdafé, sem þeir leggja í umbætur á eigin jörð. En til þess er þjóðfélag myndað, að það er oft nauðsyn að leggja nokkur takmörk á einstaklinga. Það er að dómi þeirra manna, sem um þetta mál hafa fjallað, hagfelldara að verja litlum hluta af þessu umbótafé bændanna eftir þjóðfélagslegum leiðum að sama marki, því marki að rækta og byggja landið, afla véla til búvöruframleiðslunnar og ekki sízt til að létta hlut frumbýlinganna, láta það, eins og ég sagði áðan, verka eins og segul til höfuðstólsmyndunar í stofnlánasjóði. Ég ætla ekki að halda því fram, að þetta sé bændum raunverulega skylt. Ég held því fram, að það sé skynsamlegt og að það megi segja, að í þessu felist raunverulega ekki ný skattlagning á bændastéttina sem heild. Þessar 8—10 millj., sem ætlað er að renni til stofnlánadeildarinnar árlega af kaupi bændanna næstu ár, hafa runnið og miklu meira þó inn í þann framtíðarsjóð þjóðfélagsins, sem landbúnaðurinn er. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, sem raunar allir viðurkenna, að þróun undanfarinna ára hefur sífellt stækkað bilið innbyrðis meðal bænda. Þeir, sem eru komnir með björguleg bú, standa betur að vígi. Hinir, sem skemmra eru komnir og eru að byrja, eiga sífellt við stærri og stærri vanda að glíma. Þetta er öðrum þræði vegna verðbólguþróunar undanfarinna ára, vegna þess t. d., að lánsfjárþörfin hefur vaxið miklu örar en unnt hefur verið að sinna, og þekkja allir það, sem nærri þessum málum hafa komið. Auk þess er þessi staðreynd bein afleiðing af verðlagskerfi landbúnaðarins, sem færir allan hagnaðinn af aukinni framleiðni til þjóðfélagsins sjálfs, allan hagnað, sem er umfram aukinn kaupmátt launa. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því, að þessir auknu erfiðleikar fyrir þá, sem eru að byrja, eru líka afleiðing, óumflýjanleg afleiðing af þeim umbótum og breytingum, sem hafa orðið í atvinnuháttum yfirleitt, landbúnaði eins og öðrum. Ef við lítum t. d. á verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara, eins og hann var, þegar hann var fyrst settur fram 1943—45, þá var vinnan við framleiðslu þá, sem meðalbúið skilaði af sér, allt að 90% af rekstrarkostnaði. Nú mun hún vera milli 50 og 60%. Þetta þýðir það, að t. d. ung hjón, sem eru að byrja búskap með tvær hendur tómar, eins og oft var tekið til orða, hafa sem sagt ekki annað að leggja til rekstrarins en eigið vinnuafl, þau gátu fyrir 15—20 árum lagt fram til árlegs rekstrar allt að 90% af því, sem búið þá þurfti, en nú, alveg eins á vegi stödd, ekki nema 50—60%. Það sjá allir, að á því er mikill munur, þegar maður leggur út í eitthvert fyrirtæki, hvort maður getur sjálfur snarað út 50—60% eða 80—90%. Þetta er að því er snertir rekstur búsins. Svipað kemur svo út, þegar litið er til stofnframkvæmdanna, að eftir því sem meðalbúið skilar nú miklu meiri framleiðslu, hefur það þar af leiðandi stærri bústofn, þarf þar af leiðandi stærri hús, meiri ræktun, miklu meiri stofnkostnað. Allt eru þetta samverkandi orsakir, sem gera það að verkum, að það er mun örðugra, það þarf miklu meira fjármagn nú en áður til þess að hefja búskap. Og þetta mundi koma alveg jafnt fram, þó að verðlag væri stöðugt. Þetta er bein afleiðing af þeirri framsókn þjóðarinnar, sem á sér stað á öllum sviðum. Þessu þarf að mæta með auknu lánsfé. En mér þótti rétt að vekja athygli á

þessu, vegna þess að ég held, að ýmsum sjáist meira yfir þetta atriði en rétt er.

Ég hef verið að rekja aðstöðu frumbýlinganna, hvað hún verður sífellt erfiðari og erfiðari, eftir því sem tímar líða, hvað hún krefst sífellt meira og meira fjármagns, eftir því sem hlutur fjármagnsins í atvinnuveginum stækkar, eftir því sem hlutur fjármagnsins vex, eftir því sem hlutur vinnunnar minnkar.

Með því að taka 1% af búvörunum í stofnlánasjóð er verið að jafna ofur lítið aðstöðuna meðal bænda innbyrðis. Þeir, sem hafa notið lánanna mest úr ræktunar- og byggingarsjóði á undanförnum árum, hafa yfirleitt mun stærri bú og meiri framleiðslu en meðalbóndinn í landinu eða meðalbóndinn í þeirra nágrenni. Þeir leggja því meir af mörkum í framtíðarstofninn í lánasjóðnum, sem þeir njóta fyrst og fremst, sem eftir eiga enn að vinna framkvæmdirnar á eigin jörð og byrja búskap. Þessi leið til að byggja upp stofnlánadeildina er þess vegna leið samstarfs og samhjálpar, leið félagshyggjunnar, sem hefur reynzt farsæl til framþróunar landbúnaðarins og þjóðfélag okkar grundvallast nú svo mjög á. Ég held, að bændur skilji þetta yfirleitt, skilji sanngirni þess, að þeir, sem notið hafa lánanna undanfarið og verðbólguþróunin hefur létt þeim mjög greiðslu þeirra, en á hinn bóginn aukið á erfiðleika þeirra, sem skemmra eru komnir, — bændur skilji yfirleitt sanngirni þess, að þeir leggi meira af mörkum til að bæta aðstöðu þeirra, sem nú eiga starfið fram undan, til þess að taka þátt í að mynda öflugan lánasjóð landbúnaðarins, sem getur sinnt ekki aðeins þeim verkefnum, sem hægt hefur verið að sinna hingað til, heldur einnig miklu fleiri verkefnum, sem að vísu hefur verið heimilt að sinna, en alltaf hefur skort fé til þrátt fyrir æpandi þörf, sem ávallt hefur verið, svo sem er um lán til kaupa á vélum og tækjum alls konar og til bústofnskaupa.

Ég mun láta þetta nægja í bili um þetta 1% gjald. En á það ber svo að leggja áherzlu, sem hefur raunar þegar verið gert, að það er augljóst mál, hve þýðingarmikið það er, vegna þess að einmitt með því er hægt að draga að stofnlánasjóðnum mun meira fé en unnt hefði verið með öðrum leiðum, úr öðrum áttum.

Það hefur nokkuð verið rætt um afstöðu búnaðarþings til þessa máls. Ég skal ekki fjölyrða mikið um hana, hún er í svipuðum anda og afstaða framsóknarmanna hefur verið hér á Alþ. Og það er í raun og veru sama, hvorar till. maður tekur til að rekja. Ég mun hér halda mér við þessa samþykkt búnaðarþings og fara um hana nokkrum orðum.

Það fyrsta er, að búnaðarþing telur réttmætt og gerir kröfu til, að ríkissjóður greiði þann halla, sem deildir Búnaðarbankans hafa orðið fyrir vegna gengisfellingar. Nú held ég, að allir, sem lesa þetta frv. með kostgæfni og sjá, hvað í því felst, hljóti að sjá, að það er einmitt þetta, sem gert er með frv., með þeim till., sem felast í frv. Það er létt af sjóðunum gengishallanum með framlagi frá því opinbera. Þetta er ákaflega auðsætt, ef við athugum út frá því yfirliti, sem fylgir sem fskj. I með frv., að eftir 14 ár, eða 1975, er kominn höfuðstóll, sem nemur rúml. 500 millj. kr. En við síðustu áramót vantar stofnlánadeildina til þess að eiga fyrir skuldum milli 30 og 40 millj. En eftir 14 ár, eða 1975, er ekki einasta búið að jafna þann mismun og greiða allan gengishallann, heldur einnig að mynda höfuðstól, sem nemur um 500 millj. kr. Þetta 1% gjald, sem bændur leggja fram, er skv. þessu yfirliti og skv. þeim tölum, sem framsóknarmenn sjálfir fóru með hér við 1. umr. málsins, um 133 millj. kr. Við það skulum við leggja vexti og vaxtavexti, sem af því eru reiknaðir á þessum 14 árum, og ef það er gert, sem er sanngjarnt, þá nemur það rösklega 200 millj. kr. Sem sagt, þá er úr öðrum áttum, frá því opinbera, búið að leggja fram fé, sem fyrst og fremst nemur öllum gengishallanum, auk þess byggir upp % af þeim höfuðstóli, sem þá er kominn. Þetta finnst mér svo ljóst, að það eigi ekki að þurfa að vera að deila um slíka hluti.

Skv. 2. lið telur búnaðarþing, að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á því að fá fjármagn til stofnlána af sameiginlegu fé þjóðarinnar. Ég hef áður verið að sýna fram á, að í frv. felst að byggja upp mjög öfluga lánsstofnun með eigin fé. En það liggur í augum uppi, að því öflugri sem lánsstofnunin er að eigin fé, sem er myndað að mestu leyti eða að verulegu leyti af sameiginlegu fé þjóðarinnar, slík lánsstofnun stendur mun betur að vígi með það að geta fengið lán af sameiginlegu sparifé þjóðarinnar, að því leyti sem hennar eigin höfuðstóll hrekkur ekki til að standa undir þeim verkefnum eða þeim útlánum, sem þessari lánsstofnun er ætlað að mæta. Þess vegna er það, ef maður athugar þessa samþykkt búnaðarþings, sem telur, að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á sem einn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar að fá fjármagn til stofnlána af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar, þá er hún ákaflega hjákátleg. Það er vitanlega gert ráð fyrir því og þarf ekki að taka neitt fram um það í þessum lögum, að að því leyti sem eigið stofnfé deildarinnar nægir ekki til að mæta útlánaþörfinni, sem það mun ekki gera, sérstaklega ekki fyrstu árin, þá verði bætt úr því með því að útvega stofnlánadeildinni lánsfé að auki. Og auðvitað stendur hún þeim mun betur að vígi — ég vil endurtaka það — að gera þetta sem hún er sjálf betur stæð efnalega, sem hún er betur og sterkar uppbyggð af eigin fé.

Þá kemur 4. liðurinn. Búnaðarþing lýsir yfir, að landbúnaðinum sé mjög nauðsynlegt, að vextir af stofnlánum séu lágir. Þetta er vitanlega alveg rétt. Það er mjög æskilegt, að hægt sé að hafa vexti af stofnlánum lága. Það liggur í raun og veru í augum uppi, að alveg á sama hátt og lánsstofnun stendur betur að vígi með að taka lán, því traustari sem hún er, því betur stendur hún einnig að vígi með það að geta veitt hagkvæm lánskjör, því meiri eigin tekjur sem hún hefur, því meir sem hún byggir sig upp af eigin fé. Það er eitt meginatriði þessa frv. að byggja stofnlánadeildina upp af eigin fé, m. a. til þess að standa betur að vígi að geta veitt hagkvæm lán, að geta veitt lán með tiltölulega hagkvæmum vöxtum. Það má þess vegna segja, að mikið

af þessum meginatriðum, sem felast í þessari samþykkt búnaðarþings, eru einmitt alveg samhljóða frv., enda þótt reynt sé að láta skína í annað.

Ég skal ekki rekja þetta mál öllu lengra, en það er rétt að víkja svolítið nánar að veðdeildinni.

Það er öllum kunnugt, að eitt stórkostlegt vandamál í landbúnaði nú er það, hve erfitt er með eignaskipti á jörðum. Þetta er búið að vera svo lengi. Ég geri ráð fyrir, að upphaflega hafi veðdeildinni fyrst og fremst verið fyrirhugað að greiða fyrir eignaskiptum á jörðum. En hún hefur ávallt verið mjög vanmegnug. Og í raun og veru að því leyti sem hún hefur starfað, þá hafa lánveitingar úr veðdeild miklu fremur orðið til þess að bæta úr einhverri þeirri vöntun, sem verið hefur á, að hinir stofnlánasjóðirnir, sérstaklega ræktunarsjóður, gætu innt af höndum til fulls sitt eigið verkefni, eins og t. d. til vélakaupa og þess háttar. En það er ákaflega nauðsynlegt, að unnt sé að efla veðdeildina. Það kann að vera, að menn hafi misjafnlega mikla trú á því, hversu áhrifamikið þetta ákvæði 12. gr. er, að heimilt sé að lána henni 10 millj. kr. á ári af sameiginlegu fé stofnlánadeildarinnar. Það kann að vera, að menn hafi misjafna trú á, hvort þetta megi takast. En hvaða trú sem menn hafa á því, þá held ég, að það sé ekki líklegra eftir öðrum leiðum að tryggja veðdeildinni fé. Mér sýnist, að það sé augljós kostur að sameina öll þessi höfuðstofnlánaverkefni sem mest í einni deild, það tryggir hagkvæmari not fjárins, það getur verið misjöfn eftirspurn einstaka ár til einstakra þátta, sem þörfin jafnar þá af sjálfu sér, og eins og ég benti á áðan, sérstaklega þetta, að því sterkari sem stofnunin er, því betur stendur hún að vígi að afla sér lánsfjár. Ég held því, að þessi úrlausn hvað veðdeildina snertir sé a. m. k. skynsamleg á þessu stigi, og vildi vænta þess, að hún gæti komið að verulegu liði.

Ég sagði í upphafi, að þetta væri eitt af stærstu málum, sem fyrir þessu þingi liggja, stærsta mál landbúnaðarins um langa hríð. Það hafa komið fram hér miklar brtt. frá minni hl. landbn., — þeir hafa nú, hv. 3. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, og hv. þm. Karl Guðjónsson, ekki getað komið sér saman um eitt nál., en þeir hafa komið sér saman um brtt., sem eru hér í mörgum liðum. Ég mun ekki fara mörgum orðum um þær, ég vil aðeins rétt víkja að einni megintill. Þar segir, að árlegt framlag ríkissjóðs til deildarinnar skuli vera 25 millj. kr. Það er náttúrlega ágætt að koma með svona tillögu, og þetta er svo sem ekki eina till., sem sézt hefur frá hendi hv. stjórnarandstæðinga um fjárframlög úr ríkissjóði til ýmissa góðra mála. Ég vil minna á, að er húsnæðismálastofnunin var hér til umr., kom hv. 4. þm. Austf. með till. um að verja 1% af tekjum ríkisins árlega til þess að mynda höfuðstól í húsnæðismálastofnun. Meðan verkamannabústaðirnir voru til umr., átti að tvöfalda framlagið úr ríkissjóði til þeirra. Þegar aflatryggingasjóður sjávarútvegsins var til umr., voru þeir á móti því, að það væri stofnuð jöfnunardeild til þess að auðvelda það að jafna ójafna afkomu ýmissa deilda sjávarútvegsins innbyrðis. En það var sjálfsagt að hjálpa togaraútgerðinni, bæta henni aflatjónið á undanförnum árum, en það átti að gerast af almannafé og væntanlega þá úr ríkissjóði. Það er ákaflega auðvelt að flytja svona till., en ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þær. Ég veit, að það dylst engum manni og allra síst þeim mönnum, sem þessar till. flytja, að þær hefðu aldrei komið fram, ef þeir hefðu haft nokkra ábyrgð á stjórn landsins. Það ber því líka að skoða þær í því ljósi. Það tekur enginn slíkar till. alvarlega.

Annars er það dálítið einkennandi fyrir starfsaðferðir og málflutning framsóknarmanna að taka yfirleitt aldrei róttækt á málum. Ég vil benda á það, að þeir hafa flutt í Ed. nokkur þing frv. um það, að ríkið taki að sér að borga gengishalla stofnlánasjóðanna. Það var út af fyrir sig að leysa vandræði í bili, en það var ekki til þess að leysa málið eins og þarf að leysa það til frambúðar. En nú, þegar fram er komið frv., sem felur þetta í sér, að það opinbera létti gengishallanum af sjóðunum, þá kveður við annan tón. Þá segja framsóknarmenn: Nei, það var ekki ætlunin. Það á að gera þetta í Seðlabankanum. — Nú eru þeir með till. um það, að það þurfi að færa þetta yfir í Seðlabankann. Mér detta í hug keipabörnin í sambandi við þetta mál, þau, sem vilja ekki lofa mömmu eða pabba að klæða sig í dag, afi þarf að gera það eða amma. En þetta er dálítið táknrænt, eins og ég var að minnast á, fyrir afstöðu framsóknarmanna til fjölda mála, bæði í málflutningi og hvernig þeir taka á þeim, að taka ekki róttækt á þeim, leysa hlutina ekki í eitt skipti fyrir öll. Sjálfstæðismönnum hefur verið það ljóst frá upphafi, að þessi mál, lánamál landbúnaðarins, voru ekki leyst með því að létta gengishallanum af sjóðunum, það varð að tryggja það, að þeir byggðu sig upp þannig, að það kæmu ekki aftur fyrir slík vandræði sem hafa steðjað að þeim sjóðum á undanförnum árum, og það er gert með þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál á þessu stigi. Það er nokkuð rakið í nál. okkar, hverjar samþykktir hafa verið gerðar um lánamál landbúnaðarins um mörg undanfarin ár á aðalfundum Stéttarsambands bænda. Ég valdi af ásettu ráði nokkuð langt tímabil, — tímabil, sem nær yfir stjórnartímabil flestra eða allra hinna pólitísku flokka í landinu, því að það dylst engum, að þrátt fyrir góðan vilja fjölmargra þeirra, sem þar eiga setu, vilja hin pólitísku sjónarmið stundum skjóta þar dálítið upp kolli, og það má jafna nokkuð úr því í þeim heildarsvip, sem fæst, ef maður tekur nógu langt tímabil. Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi litið yfir þetta nál. okkar í meiri hl., og ef það er gert, þá sést þar, að í meginatriðum hefur alltaf verið sami grunntónninn í þessum samþykktum, sem gerðar hafa verið á aðalfundum Stéttarsambandsins allt frá 1955 og til síðasta hausts, í meginatriðum sami grunntónninn — þessi, að reyna að sjá um, að nægilegt lánsfé sé fyrir hendi á hverjum tíma til þess að mæta

þeirri framkvæmdaþörf, sem er í landbúnaðinum, og alveg sérstaklega nú seinni árin að leggja áherzlu á lán til vélakaupa, til að létta frumbýlingunum að byrja búskap og til þess að efla veðdeildina. Ég tel, að með þessu frv. sé í fyrsta skipti gert djarflegt og stórt átak til þess að mæta öllum þessum óskum, og ég er sannfærður um það, að þessi stofnlánadeild á eftir að marka hin merkilegustu spor í framfarasögu landbúnaðarins um næstu ár og áratugi, ef svo fer, sem ég treysti, að þetta frv. nái fram að ganga, eins og við í meiri hl. n. leggjum til, að það nái fram að ganga óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frsm. meiri hl. landbn. hefur nú gert grein fyrir áliti meiri hl. Eitt af því, sem hann kom hér inn á og talaði um, var það, að afstaða búnaðarþings hefði verið sú sama og framsóknarmanna hér á Alþingi. Ég vil taka það fram, að búnaðarþing er samkoma bændanna. Þar eiga sæti 25 fulltrúar, kjörnir af bændum einum, og allir þessir 25 fulltrúar eru starfandi bændur. Það mætti því ætla, að þeir væru manna færastir um það að gera ályktanir um málefni þeirrar stéttar, sem þeir tilheyra og eru fulltrúar fyrir. Það hefur verið oftast nær, að ég hygg, þannig, að Framsfl. hefur talið sér skylt að taka tillit til þess, sem bændur hafa samþykkt um sín sérmálefni, og talið sér skylt að reyna að vinna að framgangi þeirra samþykkta, sem þannig hafa verið gerðar af bændum. Og svo er í þessu máli, að framsóknarmenn hafa í þessu máli þá afstöðu, sem þessi merkasta stofnun bændanna, búnaðarþingið sjálft, hefur tekið í þessu máli, og þær tillögur, sem við berum fram hér, framsóknarmenn, hafa verið mótaðar í samræmi við þá afstöðu, sem búnaðarþing hafði til þessa máls.

Eins og kunnugt er og margsinnis er búið að taka fram, er megintilgangurinn með þessu frv., sem hér er nú til 2. umr. í þessari hv. deild, að vinna upp aftur það, sem tapazt hefur við gengisfellingarnar, og efla lánasjóði landbúnaðarins að nýju. Þessum tilgangi gerir frv. ráð fyrir að verði náð bæði með framlagi úr ríkissjóði og með skattlagningu á söluvörur bænda, og er gert ráð fyrir, að þessi skattur muni gera um það bil 1700 kr. á ári af söluvörum meðalbús, eins og það er nú á þessu ári. Þá er einnig samkvæmt frv. ákveðið að innheimta álag á útsöluverð landbúnaðarvara, og er gert ráð fyrir því, að það álag á útsöluverð landbúnaðarafurða muni gera alls á þeim tíma, sem um er rætt að byggja sjóðina upp á, á 14 árum, um 86 millj. kr. samtals, en þetta gjald á að vera 0.75% verðsins. Síðan er einn meginþátturinn í þessu máli að steypa sjóðum landbúnaðarins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, saman í einn sjóð, sem á að bera nafnið stofnlánadeild landbúnaðarins.

Ég vildi, eins og ég hef áður gert, taka fram, að ég álít, hvað snertir þann halla, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafa orðið fyrir vegna aðgerða ríkisvaldsins í efnahagsmálum, að þá sé það hin eina sanngjarna lausn á því máli, að ríkið taki á sig þennan halla, enda er það svo, að ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða. Ég álít, að slík framlög frá ríkissjóði séu nauðsynleg hlutdeild þjóðarinnar allrar í því grundvallarstarfi bændastéttarinnar að byggja og nema og rækta landið, svo að þjóðin megi hafa hér trygga framtíð fyrir sig og komandi kynslóðir. Ég ræddi þetta mál allýtarlega frá mínu sjónarmiði við 1. umr. hér í deildinni og mun nú ekki endurtaka það, sem ég sagði þá, en mun snúa mér að því að mæla nokkur orð fyrir þeim brtt., sem ég er hér flm. að ásamt hv. 6. þm. Sunnl. og eru prentaðar á þingskjali 665.

1. brtt. er um það, að sú hækkun, sem orðið hefur á erlendum lánum byggingarsjóðs sveitabæja og ræktunarsjóðs vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. jan. 1960, verði færð á sérstakan vaxtalausan reikning í Seðlabankanum og að Seðlabankanum og fjmrn. heimilist að semja um það sín á milli, að inn á þann reikning greiðist óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum af mótvirðisfé. Finnst okkur þetta eðlileg ráðstöfun til að bæta þessum lánasjóðum gengistöpin, þar sem sjóðirnir eru ríkisstofnanir og ríkisvaldið tók sjálft þá ákvörðun, sem þannig olli hinum miklu töpum sjóðanna.

2. brtt. er um það, að 1% álagið á söluvörur landbúnaðarins, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., verði fellt niður og mótframlag ríkissjóðs, sem greinin gerir ráð fyrir í 3. lið, falli einnig burt. 4. liður, um gjald á útsöluverð landbúnaðarafurða, falli sömuleiðis niður, en greinin orðist svo: „Tekjur deildarinnar eru: 1) Árlegt framlag ríkissjóðs, 25 millj. kr. 2) Vaxtatekjur."

Hv. 3. þm. Austf. (JP), frsm. meiri hl. landbn., taldi þetta fjarstæðukennda tillögu og samþykkt búnaðarþings um þessi efni hjákátlega samþykkt. Mig furðar nokkuð á þessum ummælum hv. þm., því að í raun og sannleika, þrátt fyrir það þó að bændastéttin og búnaðarþing hafi gert slíka tillögu, þá gengur hún miklu skemmra í kröfuátt á hendur ríkisvaldinu en fjöldi annarra tillagna, sem aðrar stéttir eru sí og æ að bera fram.

3. brtt. er við 7. gr. Í 7. gr. er 1. málsl. þannig: „Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega." Við leggjum til, að í stað 1. málsl. komi tveir málsl., svo hljóðandi: „Lán til íbúðarhúsa í sveitum mega nema allt að 75% kostnaðarverðs, upphæð annarra lána stofnlánadeildar má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega." Við teljum, að þetta megi ekki lægra vera, svo að þeir, sem íbúðarhús þurfa að reisa í sveitum, geti ráðið við kostnaðinn, og mun reynast nógu örðugt samt, þó að brtt. okkar yrði samþykkt.

4. brtt. okkar er við 10. gr. frv., en þar leggjum við til, að vextir verði ákveðnir í lögum af lánum stofnlánadeildarinnar, í stað þess að greinin gerir ráð fyrir, að ríkisstj. ákveði vextina, að fengnu áliti Seðlabankans og Búnaðarbankans. Till. okkar er um, að greinin orðist svo: Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera 3½% og af öðrum lánum stofnlánadeildar 4%. — Með því að samþykkja þessa brtt. okkar væru vextir af stofnlánum til

landbúnaðarins færðir aftur í sama horf og þeir voru, áður en efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. 1960 voru gerðar.

5. brtt. er um það, að 2. mgr., 12. gr. falli burt. Með því viljum við koma í veg fyrir, að lán, sem bændum yrðu veitt af útlendu lánsfé, sem stofnlánadeildin væri látin taka, yrðu veitt með gengisákvæði, þótt þau færu til vinnslustöðva bændanna eða til vélakaupa. Teljum við, að íslenzkur landbúnaður sé ekki svo traustur fjárhagslega, að hann þyldi töp, sem leitt gæti af slíkum ákvæðum. En reynslan hefur sýnt það, að þeir, sem nú stjórna málefnum þjóðarinnar, eru haldnir þeirri skoðun eða ég vil segja trú, að gengisfellingar séu flestra meina bót í efnahagslífinu. En bændur hafa af þeirri framkvæmd stjórnarvaldanna þá sögu að segja, að fátt eða ekkert hefur orðið afkomu þeirra skaðlegra en hinar miklu gengisfellingar.

6. brtt. okkar er um það, að á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi yfir 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum."

Á búnaðarþingi árið 1960 lagði stjórn Búnaðarfélagsins fram till. til þál. um eflingu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Sú till. var um það, að búnaðarþingið skoraði á ríkisstj. og Alþingi að stuðla að því, að tekið verði á þessu ári, þ. e. á árinu 1960, allt að 50 millj. kr. erlent lán handa veðdeild Búnaðarbankans og verði ríkisábyrgð veitt fyrir láninu og lánstíminn ákveðinn eigi skemmri en 30 ár. Þá verði og ákveðið í sambandi við lántöku þessa, að ef gengisbreyting yrði á lánstímanum, þá skyldi sá halli, sem af því kynni að leiða fyrir veðdeildina, jafnaður með fjárframlagi úr ríkissjóði. Brtt. okkar hv. 6. þm. Sunnl. er þannig í samræmi við óskir búnaðarþings árið 1960.

Ég hygg, að fátt sé nú nauðsynlegra en að efla hag og getu veðdeildarinnar, svo að hún verði fær um að gegna því hlutverki, sem henni er ætlað, en það er fyrst og fremst að lána fé til jarðakaupa. Fáir ungir menn geta nú fest kaup á jörðum vegna fjárskorts, og hætt við, að þær jarðir, sem losna úr ábúð nú á næstu tímum, kunni að fara í eyði, enda þegar tekið að brydda nokkuð á slíku. Er nauðsynlegt að efla veðdeildina, svo að hún geti fullnægt þörf bændaefna fyrir lán til jarðakaupa.

7. brtt. er um það, að á eftir 23. gr. komi nýr kafli með 10 nýjum gr., undir fyrirsögninni: „Um bústofnslánadeild", svo hljóðandi:

„a. (24. gr.) Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Hann skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum."

Eins og kunnugt er, hafa bændur aldrei haft aðgang að neinu rekstrarfé að láni. Það eina, sem þeir á þann hátt hafa getað fengið, er það, ef sparisjóðir eða bankar hafa veitt víxillán til skamms tíma. Slík lán eru vissulega góðra gjalda verð til hjálpar í bili, þótt dýr séu. En eins og allir vita, eru þau engin lausn í þessu efni, engin frambúðarlausn. Hér þarf að koma sjóður, sem veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða jafnvel styrk til bústofnskaupa eða bústofnsaukningar, ef þeir hafa of lítinn bústofn. Þá er slíkum bændum einnig mikil þörf á aðgengilegu lánsfé til búvélakaupa og til þess að geta greitt lausaskuldir og þannig komið traustari grunni undir fjárhagsafkomu sína. Væri mjög mikið unnið fyrir frumbýlinga, ef þeir á þennan hátt gætu átt von á lánum út á fasteign, vélar eða búfé. Eins og þetta er nú, verða efnalitlu bændurnir, en þeir eru mjög margir því miður, að sjá sér út ábyrgðarmenn og síðan að biðja bankana um víxla. Er slíkt ógeðfellt mjög og alls ekki áhættulaust fyrir þá, sem af greiðasemi gerast ábyrgðarmenn.

Það yrði langt mál að tala um hvern einstakan lið í þessum brtt. um bústofnslánadeildina. Ég held, að þær skýri sig að mestu leyti sjálfar, eins og þær eru orðaðar, en til glöggvunar fyrir hv. þm. ætla ég þó að fara yfir þessar greinar lið fyrir lið og skjóta þá inn aths., þar sem mér kynni að þykja þörf skýringa.

Það er þá næst b-liður, sem yrði 25. gr.: „Stofnfé bústofnslánasjóðs er: a) 20 millj. kr. óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 millj. kr. framlagi á ári; b) 30 millj. kr. lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins."

Næst er c-liður, sem yrði 26. gr.: „Bústofnslánasjóður veitir lán: a) frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar; b) frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa; c) efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið, að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda."

Þá er það d-liður, sem yrði 27. gr.: „Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru: a) að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg; b) að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli; c) að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni; d) að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda; e) að umsækjandi geti, að dómi sjóðsstjórnar, staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum."

Þá er e-liður, sem yrði 28. gr.: „Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum trygg-

ingum: 1) gegn veði í fasteign; 2) gegn veði í vélum og verkfærum. 3) gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887. 4) gegn hreppsábyrgð; 5) gegn sjálfskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila. Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.“

F-liður, sem yrði 29. gr.: „Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þús. kr., enda verði búrekstri hans eigi að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.“

G-liður, sem yrði 30. gr.: „Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvæðum sjóðsstjórnar.“

H-liður, 31. gr.: „Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið. Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóv. ár hvert.“

I-liður, sem yrði 32. gr.: „Umsóknir um lán og stuðning skv. 26. og 29. gr. skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

J-liður, sem yrði 33. gr.: „Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð fimm mönnum. Skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður skv. tilnefningu Stéttarsambands bænda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.“

Með þessari síðustu grein er gert ráð fyrir að tengja bústofnslánasjóðinn stéttarsamtökum bændanna, með því að formaður þeirra samtaka verði formaður sjóðsins og hann ráði úrslitum máls, ef atkvæði yrðu jöfn. Á þann hátt, sem gert er ráð fyrir um stjórn þessarar stofnunar, að fjórir stjórnarmenn séu skipaðir eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum, er tryggt, að hin pólitísku öfl í landinu fái öll íhlutun og áhrifaaðstöðu í þessu máli.

Þá kem ég að 8. brtt. okkar, sem er við 27. gr. og er þannig, að í stað 6½ millj. kr. komi 8 millj. kr. Þessi hækkunartill. er aðeins til samræmis við þær verðhækkanir, er orðið hafa á þeim framkvæmdum, sem greinin fjallar um, að styrktar séu.

Af sama toga er spunnin 9. brtt., við 48. gr., að í stað 40 þús. kr. þar í gr. komi 50 þús. kr. og í stað 2 millj. kr. komi 2½ millj.

Þá er 10. brtt., við 60. gr., en hún er um það, að í stað 10 hektara túns í greininni komi 15 ha. tún. Það er skoðun okkar flm., að ekki sé lengur viðlit að lifa og standa undir framkvæmdum við búskap af minna búi en því, sem framfleytt verður á 15—20 hekturum ræktaðs lands, næsti áfangi í ræktunarmálunum verði því sá, að enginn bóndi hafi minna tún en 15 ha.

11. brtt. okkar, við 64. gr., er, að í stað 6 millj. kr., eins og þar stendur, komi 9 millj. kr. Hún er til þess, þessi brtt., að mæta í framlögum þeirri aukningu á lágmarkstúnstærðinni, sem 10. brtt. okkar er um.

Ég þykist þá, í svo stuttu máli sem frekast var auðið, til þess að eyða ekki tíma að óþörfu, hafa gert grein fyrir brtt. þeim, er við hv. 6. þm. Sunnl. flytjum við frv. Þegar mál þetta kom til 1. umr. hér í þessari hv. d., gerði ég grein fyrir afstöðu minni til málsins í heild, eins og ég drap á hér áðan. En með þeim brtt., sem ég ásamt hv. 6. þm. Sunnl. flyt við frv. og ég hef nú gert nokkra grein fyrir, hef ég viljað gera tilraun til þess að færa þetta mál í það horf, sem bændastéttinni gæti orðið að sem beztum notum og þá einnig að mínum dómi mundi verða landi og þjóð hollast strax og þá ekki síður þegar litið er til framtíðarinnar og haft er í huga, að þjóðinni fjölgar ört og skilyrði fyrir búsetu í landinu og vellíðan komandi kynslóða eru þau, að jarðvegur og frjómold séu og verði erjuð til frjósemdar. Ég mun svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð á þessu stigi.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram þrásinnis, var ekki samstaða um málið í landbn. Er þó ekki svo að skilja, að ágreiningur sé um það meginatriði, að hér þurfi að reisa við þá sjóði, sem eiga að sjá fyrir lánaþörf landbúnaðarins. Þeir eru af völdum stjórnaraðgerða orðnir ómegnugir þess að sinna því hlutverki, sem þeim var ætlað. Þeir eiga ekki einu sinni orðið fyrir skuldum, og vantar nokkra milljónatugi þar upp á. Svo sárt hefur „viðreisnin“ leikið þá, að þeir þurfa sérstakrar viðreisnar við til þess að verða ekki úr sögunni. Það er góðra gjalda vert, að með því frv., sem hér liggur fyrir um stofnlánadeild landbúnaðarins, er þessi staðreynd af stjórnarvaldanna hálfu viðurkennd, og sem sagt það meginatriði málsins, að hér þarf að reisa við sjálfa „viðreisnina“, er viðurkennt og flutt hér frv. um, að svo verði gert.

En þótt ég sé sammála því, að þessir sjóðir verði að fá aukið fjármagn og til þess beri brýna nauðsyn, þá er ég ekki sammála því, með hverjum hætti frv. gerir ráð fyrir því, að þessara tekna sé aflað, a. m. k. ekki að nærri öllu leyti.

Við hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) höfum flutt á sérstöku þskj. sameiginlega allmargar brtt. við þetta frv., og marka þær afstöðu okkar til þess að verulegu leyti. Við höfum hins vegar skilað sínu nál. hvor, en það mun fyrst og fremst stafa af því, að við gátum ekki verið saman á nál., að okkur greinir nokkuð á um það, hvort vel eða með ófullnægjandi hætti hafi verið séð fyrir þörfum þessara sjóða fram til þess tíma, sem fellur undir þá valdasamsteypu, sem nú situr að völdum ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir það, þótt þessir sjóðir hafi öðru hverju fengið fyrir tíð núverandi valdasamsteypu í landinu fjármagn af tekjuafgangi ríkissjóðs, þegar hann var einhver, þá hafi ekki verið með fullnægjandi hætti séð fyrir þörfum

þeirra. En framsóknarmenn telja yfirleitt, að vel hafi verið séð fyrir þörfum sjóðanna á þeirri tíð. Það er atriði, sem skiptir ekki mestu máli í dag, heldur hitt, hvernig hag sjóðanna er komið og hvað er hægt að gera til þess, að þeir verði nú og í næstu framtíð megnugir þess að standa undir sínu hlutverki, því hlutverki, að veita lánsfé til hinna nauðsynlegustu framkvæmda í landbúnaði.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að þeir fái stofnframlag eins og þar segir í 3. gr. frv. Þar er samtals um að ræða nálægt 60 millj. kr., sem þeir eiga að fá með eftirgjöfum á ýmsum lánum, sem til þeirra hafa runnið og telja má að sanngjarnt sé. En auk þess hefði vissulega verið réttmætt, að þessir sjóðir hefðu fengið að skrá sín gengistöp á sérstakan reikning í Seðlabankanum, eins og gert hefur verið í öðrum tilfellum.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn fái árlegt tekjuframlag á næstu árum, sem nemur u. þ. b. 25 millj. kr. Nú er það að vísu ekki alls kostar rétt, sem stundum heyrist í umr. um málið, að hér sé um að ræða tekjuaukningu sem þessu nemur, því að þegar hafa þessir sjóðir á fjárlögum nokkurt framlag, 4,1 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því í frv., að þetta framlag úr ríkissjóði minnki — að vísu ekki stórlega — og verði 4 millj. kr., en síðan verði til sjóðanna látið renna 1% af árlegum söluvörum landbúnaðarins, sem metið er að muni nema um 8 millj. kr. á ári og fara vaxandi, ef sú þróun á að verða, að framleiðsluvörur landbúnaðarins aukist. Á móti því ætlar ríkissjóður að leggja aðrar 8 millj. kr. eða jafnháa upphæð. Þar er sem sagt um að ræða 16 millj. kr. nýjar tekjur fyrir sjóðinn. En auk þess á að leggja ¾% ofan á verðlag söluvaranna frá landbúnaðinum, sem neytendur eiga að greiða, og áætlað er, að það muni nema nálægt 5 millj. kr. á ári, miðað við þá landbúnaðarframleiðslu, sem nú kemur til sölu á innlendum markaði, og er þá upphæðin, sem á að vera tekjuauki sjóðanna, nálægt 21 millj., eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég get að mestu sparað mér að gera grein fyrir brtt. okkar hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ). Hann hefur gert það í sinni framsöguræðu svo greinilega, að þar er ekki þörf miklu við að bæta. En það, sem deilan um þetta frv. virðist aðallega standa um, er, hvort réttmætt sé og sanngjarnt að taka 1% af framleiðsluvörum bænda og leggja í sérstakan sjóð, lánasjóð fyrir landbúnaðinn, eða ekki, — einnig hitt, hvort sanngjarnt sé að leggja gjald, sem nemur rúmum 5 millj. kr., á neytendur, sem neyta landbúnaðarvörunnar, til þess að leggja í hina sömu sjóði. Ég get lýst því sem minni skoðun, að ef afkoma bænda væri góð og ef meginþorri neytenda í landinu byggi við rúm lífskjör, þá væri þetta engan veginn fráleit leið. En það, sem gerir hana rangláta, er, að þessar álögur koma í kjölfar þess, að með sérstökum stjórnaraðgerðum, með sérstökum ráðstöfunum til að rýra verðgildi íslenzkrar krónu og kaupmátt bæði bænda og launþega, en launþegar eru, eins og allir vita, meginþorri neytenda, hefur verið með „viðreisninni“ ekki aðeins þjappað að fjárhag fjárfestingarsjóða landbúnaðarins, heldur líka að bændum sjálfum og meginþorra neytenda. Og þegar þessar álögur koma í kjölfar þessarna, eru þær ranglátar. Það er ekki sanngjarnt eftir allar þær búsifjar, sem „viðreisnin“ hefur veitt bændastétt landsins, að leggja á hvert einasta bú landsins 1700 kr. útgjöld að meðaltali til viðbótar öllum þeim útgjöldum, sem fyrir eru, án þess að nein tekjuaukning eigi þar að koma á móti. Miklu sanngjarnara teldi ég vera, að þetta stofnframlag yrði framreitt af almannafé, yrði greitt úr ríkissjóði, eins og við höfum gert till. um, sem skipum minni hl. landbn.

Er ég þá kominn að því, að ég hlýt að svara örfáum orðum því, sem fram kom hér í framsögu hv. 3. þm. Austf. (JP), en hann hafði hér framsögu fyrir nál. meiri hl. landbn. í þessu máli.

Hann vitnaði sérstaklega í það, að gerð væri í brtt. minni hl. till. um það, að 25 millj. kr. yrðu framreiddar úr ríkissjóði til árlegs framlags til stofnlánasjóðs landbúnaðarins. Hér er í rauninni ekki um að ræða nema rösklega 20 millj. kr. hækkun á því framlagi, sem þegar er ákveðið. En hvað um það, þetta finnst honum óhæfa. Og alveg sérstaklega finnst honum það fráleitt, að hér skuli líka hafa verið gerðar till. um það, að svipuð fjárhæð yrði úr ríkissjóði framreidd til byggingarsjóðs ríkisins, eins og hv. 4. þm. Austf. (LJós) gerði till. um, enn fremur, að gerðar hefðu verið till. um að auka framlag til byggingarsjóðs verkamanna úr ríkissjóði, og máske hefur hann talið upp eitthvað fleira af þessu tagi. Og síðan bætti hann við sem sinni ályktun, að þm. stjórnarandstöðunnar mundu aldrei hafa komið fram með slíkar till., hefðu þeir borið ábyrgð á stjórn landsins. Þetta kann vel rétt að vera. En mér þykir leitt, ef svo væri, að þessi hv. þm. heyrði ekki mál mitt, — ég sé hann ekki hér í salnum, — jú, hann kemur þarna, það er einmitt alveg ágætt. — Ég vil í sérstöku tilefni þess, að hv. þm. er kominn í salinn, endurtaka, að ég hef gert að umtalsefni þann kafla úr framsöguræðu hans fyrir nál. um frv., að hann telur það mikla óhæfu, að gerð skuli till. um það, að lagðar verði fram úr ríkissjóði 25 millj. kr. til eflingar stofnlánadeild landbúnaðarins, og hann upphóf nokkra samtalningu á því, að gerðar hefðu einnig verið af stjórnarandstæðinga hálfu till. um framlög úr ríkissjóði til byggingarsjóðs ríkisins, sem nema máske álíka hárri upphæð, og enn fremur til verkamannabústaða og máske fleiri framkvæmda, og tók fram, að hann væri sannfærður um, að hefðu þeir stjórnarandstöðuþingmenn, sem slíkar till. bera fram, átt að bera ábyrgð á stjórn landsins, þá hefðu þeir auðvitað ekki gert neinar slíkar till. Ég vil taka fram, að þetta kann rétt að vera. En þá hefði ekki heldur til þess komið, að gerðar hefðu verið af stjórnarvaldanna hálfu ráðstafanir, sem valdið hefðu þessum sjóðum, byggingarsjóði ríkisins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja, þeim búsifjum, sem þessi ríkisstjórn hefur valdið þeim. Þau stjórnarvöld hefðu sem sagt ekki komið sér í þá skuld hjá sjóðunum, sem þessi ríkisstj. hefur gert. Þess er skemmst að minnast, að á s. l. sumri framkvæmdi ríkisstj. alveg

sérstaka aukagengisfellingu, mitt í því mesta góðæri, sem komið hefur yfir þetta land, mitt í stórhækkandi verðlagi á útflutningsvörum þjóðarinnar til annarra landa og mitt í landburðarafla, sem þá var, mitt í framleiðsluaukningunni, sem var að koma fram hjá landbúnaðinum, en auðvitað varð þetta allt saman til þess að setja þá sjóði, sem hér um ræðir, á hausinn.

Man ég það ekki rétt, að einmitt við það sama tækifæri, gengisfellinguna í ágústmánuði í sumar, hafi ríkisstj. slegið vernd sinni á svokallaðan gengishagnað, þ. e. a. s. á þann verðmismun, sem kom fram á vörubirgðum, sem í landinu voru til, þegar gengisfellingin var gerð í byrjun ágústmánaðar, og framleiðendur fengu ekki að njóta neins hagnaðar af, en seldar voru á hinu nýja gengi, sem auðvitað varð til þess, að fyrir þær komu inn fleiri íslenzkar kr. en ef gengisskráningunni hefði ekki verið breytt? Ég hygg, að sá gengishagnaður, sem ríkisstj. þarna hirti, hafi verið 150 millj. kr. eða u. þ. b. Það er von, að hv. stuðningsmönnum ríkisstj. blöskri það, að 20 plús 20 plús kannske einar 20 millj. enn, eða samtals einar 60 millj., sjáist á till. stjórnarandstöðunnar um greiðslur úr ríkissjóði. Um þetta fórust hv. 3. þm. Austf. svo orð í sinni framsöguræðu, að þeir, sem gerðu svona till., hlytu enn þá að lifa í gömlum hugmyndaheimi frá uppbótatímunum. Hann skyldi nú ekki lifa á uppbótatímunum í dag? Eða er það skakkt hjá mér, að þessi hv. þm. hafi verið látinn taka þátt í því hér með öðrum þm. stjórnarliðsins að samþ. t. d. að borga togaraútgerðinni u. þ. b. 60 millj. kr. í uppbætur fyrir tvö s. l. ár? Það er að vísu rétt, að þetta eru uppbætur dálítið annars eðlis en tíðkuðust á þeim tímum, er hann kallar uppbótatímana, það munu vera tímar vinstri stjórnarinnar, — reyndar voru uppbæturnar komnar til sögunnar löngu fyrir hennar tíð, — en það munu vera tímar vinstri stjórnarinnar, sem hann kallar sérstaka uppbótatíma og telur hafa verið alveg fráleita. Þá voru sem sagt iðulega greiddar uppbætur, það er rétt, í þeim tilgangi að halda framleiðslu landsmanna gangandi og fá fram framleiðsluaukningu. Breytingin er ekki sú, að það hafi verið hætt uppbótum, það er alger misskilningur þm. Uppbætur eru greiddar enn í stórum stíl, og hér á Alþ. hefur verið samþ., a. m. k. hér í þessari d., — ég man ekki, hvort búið er endanlega að afgr. það frv. sem lög frá þinginu, — að greiða togaraútgerðinni 60 millj. kr. í uppbætur fyrir tvö s. l. ár, en ekki til þess að skipin verði gerð út. Í því felst munurinn. Það mætti kalla uppbætur núv. ríkisstj. helzt legkaup eða eitthvað þess háttar, því að nú er útgerðinni greitt fyrir að binda skipin og framleiða ekki neitt. Það skyldi nú aldrei vera, að gömlu uppbótatímarnir, sem hér hefur verið talað um af lítilli virðingu af talsmönnum ríkisstj., væru, þegar allt kemur til alls, kannske ekki óskynsamlegri tímar en þeir, sem tíðkast í uppbótum núv. ríkisstj.

Hv. frsm. meiri hl. taldi líka vera býsna hlálegt, þegar gerð er till. um það núna allt í einu, að lán erlendis fyrir sjóði landbúnaðarins verði tekin á vegum Seðlabankans, svo hafi ekki verið áður. Það er rétt hjá honum, þetta hefur ekki verið svo áður. En við hv. 2. þm. Sunnl. höfum samt leyft okkur að gera till. um þetta, og ég skal benda hv. frsm. á, að það hafa gerzt hlutir, sem gera það alveg sérstaklega nauðsynlegt nú og nauðsynlegra en nokkru sinni áður, að þessar lántökur, ef einhverjar verða, fari fram á vegum Seðlabankans. Ríkisstj. hefur með brbl. og að því er ég verð að telja á sinni tíð stjórnarskrárbroti afhent Seðlabankanum valdið yfir gengisskráningunni. Þetta framferði ríkisstj. hafa hv. liðsmenn hennar hér á Alþ., og þar hygg ég hv. frsm. ekki neina undantekningu, — þeir hafa samþ. þessa ráðstöfun, að Seðlabankinn skuli vera sá aðilinn, sem ræður gengisskráningunni. Hvað er þá eðlilegra en hann taki erlendu lánin? Ætli það sé ekki fullt eins eðlilegt, að hann geri það, eins og hver annar, þegar svo er komið, að hann á að ráða genginu? Eða mundi hv. þm. að athuguðu máli telja það vera æskilega tilhögun, að stofnlánadeild landbúnaðarins gæti tekið lán erlendis, en síðan gæti Seðlabankinn ákveðið, að þetta lán yrði að borga með kannske margfalt fleiri íslenzkum krónum en fyrir það fengust á sinni tíð? Er ekki sanngjarnt, að þau vandkvæði, er við slíka ráðstöfun kynnu að skapast, brynnu á baki þeirrar stofnunar, sem valdið hefur til að ákveða gengið? Mér sýnist, að ekkert sé sjálfsagðara.

Hv. frsm. meiri hl. beindi að vísu höfuðmáli sínu um það, sem hann hafði að athuga við þær brtt., sem hér hafa verið gerðar, að Framsfl., og situr kannske ekki sérstaklega á mér að svara fyrir það, og ber ekki að skilja það, sem ég hef hér um þessa hluti sagt, sem neinn sérstakan stuðning minn við Framsfl. Ég hef áður lýst því yfir, að ég tel, að á valdatíma Framsfl. yfir þessum málaflokki, landbúnaðarmálunum, hafi ekki verið gengið með fullnægjandi hætti frá tekjuþörf þeirra sjóða, sem áttu að sjá landbúnaðinum fyrir lánsfé. Engu að síður tel ég mig nú eiga um flesta hluti samleið með Framsfl. að því er þetta mál varðar og þær till., sem hér hafa verið gerðar sameiginlega af mér og hv. 2. þm. Sunnl. Mig skiptir það ekki miklu, þó að að ég fái þannig að fljóta með í því, sem minni hv. frsm. á keipótt börn. Um hann verður varla sagt, að hann sé mjög keipóttur sem barn sinnar stjórnar. Ég held, að hann ætti að geta fengið hið bezta þægðarvottorð hjá henni, fyrst hann telur það vera til sérstakrar fyrirmyndar að skattleggja bændastéttina alveg sérstaklega til þess að bæta upp þau töp, sem hlotizt hafa af stjórnarráðstöfunum eins og alóþörfum gengisbreytingum, sem ríkisstjórnin framkvæmdi á s. l. sumri.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í upphafi þeirra athugasemda, sem fylgja þessu frv., segir, að ýtarleg athugun hafi verið gerð á fjárhag ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja á s. l. ári. Sú athugun hafi leitt í ljós, að sjóðirnir væru raunverulega gjaldþrota. Ef svo er, þá er þar um að kenna ráðstöfunum núv. hæstv. ríkisstj. Hagur sjóðanna var góður, þegar hún tók við völdum. Gengislækkanirnar hafa valdið hækkun í íslenzkum krónum á erlendum lánum, sem tekin höfðu verið til sjóðanna. Talið er, að sá gengismunur, sem þar kemur fram, sé rúm-

lega 120 millj. kr. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að ríkið og Seðlabankinn eru búin að greiða og taka að sér að greiða um 258 millj. kr. í gengishalla vegna annarra útlendra skulda, sem hvíldu á þjóðinni, þegar gengið var lækkað í febr. 1960 og í ágúst 1961. Þetta er samkvæmt upplýsingum í skýrslu frá Seðlabankanum 14. marz s. l. Ég dreg ekki í efa, að útlendu lánin, sem hækkuðu í ísl. krónum um þessar 258 millj. við gengislækkanirnar, hafi verið tekin til þarflegra hluta, en ég fullyrði, að lánin, sem tekin voru handa sjóðum Búnaðarbankans, hafa ekki komið að minna gagni fyrir þjóðina en önnur útlend lán, sem tekin hafa verið. Ræktunarsjóður og byggingarsjóður, sem fengu þessi lán, eru ríkisstofnanir, og það er réttmæt krafa, að ríkið greiði *gengishallann vegna þeirra lána*, ekki síður en annarra lána, sem tekin hafa verið til að mæta lánsfjárþörf þjóðarinnar.

Á bændum landsins hvílir engin skylda, hvorki lagaleg né siðferðileg, til að borga þennan gengismun. Þeir eiga að greiða skuldir sínar við sjóðina í ísl. peningum, samkvæmt fyrirmælum í skuldabréfunum, og það er ósæmilegt að leggja á þá sérstakan skatt til að greiða hluta af gengismun, sem fram kom vegna erlendra skulda þjóðarinnar, þegar krónan var lækkuð 1960 og aftur 1961.

Það gengistap, sem ríkið hefur tekið á sig síðustu tvö árin, hefur að miklu leyti verið greitt af svonefndu mótvirðisfé, sem undanfarin ár hefur verið geymt hjá Seðlabankanum. Nú er að myndast nýr mótvirðissjóður, sem einnig *er geymdur í Seðlabankanum, vegna 6 millj.* dollara framlags Bandaríkjanna í sambandi við gengisbreytinguna 1960. Um síðustu áramót var sú innstæða orðin 75 millj. kr., og er það ekki nema tæpur þriðjungur af heildarframlaginu. Á móti þessari innstæðu, sem bráðlega verður töluvert á þriðja hundrað milljóna, mætti færa gengishallann af lánunum vegna sjóða Búnaðarbankans. Þó að sá halli yrði allur greiddur af nýja mótvirðisfénu, verða samt eftir meira en 100 millj. af því.

Í framhaldi af lýsingu á því í upphafi athugasemdanna með frv., hvernig fjárhag ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sé nú komið, eftir að núv. stjórnarflokkar hafa farið með völdin í rúmlega 3 ár, segir svo í athugasemdunum, með leyfi hæstv. forseta: „Án róttækra aðgerða hljóta því stofnlánaveitingar í landbúnaði að stöðvast að mestu leyti.“ Þetta er ekki rétt. Þetta er alrangt. Það þarf alls engar róttækar aðgerðir til þess að gera sjóðum Búnaðarbankans fært að halda áfram lánveitingum til framkvæmda í landbúnaðinum. Það eina, sem vantar, er vilji núv. valdhafa til að leysa málið með eðlilegum og sanngjörnum hætti. Viljaleysi þeirra eða aumingjaskapur er eini vandinn, sem við er að fást í þessu máli.

Lögin um byggingar- og landnámssjóð voru samþ. á Alþ. árið 1928 fyrir forgöngu Framsfl. 1. gr. þeirra hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Af tekjum ríkissjóðs skal árlega leggja 200 þús. kr. í sjóð, er nefnist byggingar- og landnámssjóður.“ Fjárveitingin, 200 þús. kr., er tekin inn á fjárlög fyrir næsta ár, árið 1929, og á þau fjárlög, 16. gr. þeirra, er einnig tekið framlag til ræktunarsjóðs að upphæð 105 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs árið 1929 voru áætlaðar á fjárlögum samtals 10 883 600 kr., en framlögin til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs á því ári samtals 305 þús. kr., eru þannig 2.8% af heildartekjum ríkissjóðs. Þetta var nú árið 1929. Á fjárlögum ársins, sem nú er að líða, 1962, eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 1748 millj. 875 þús. kr. Framlög til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs á fjárlögunum eru 4.1 millj. Það eru 2.34 af þúsundi af heildartekjum ríkisins árið 1962, 2.8 af hundraði af tekjum ríkissjóðs árið 1929. Framlag ríkissjóðs nú, árið 1962, er þannig 12 sinnum minna en það var 1929, ef miðað er við tekjur ríkissjóðs. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna nú þyrfti að vera 49 millj. kr. til þess að *jafnast á við framlögin 1929, ef miðað er við* áætlaðar tekjur ríkissjóðs á fjárlögum 1929 og 1962.

Af þessu geta menn séð, að till. hv. minni hl. landbn. þessarar deildar um 25 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til þessara sjóða er mjög í hóf stillt. Það er um það bil helmingi minna, sem þar er farið fram á, heldur en ríkissjóður greiddi til þessara sjóða fyrir 33 árum.

Við þennan samanburð hljóta menn að spyrja, hvort þjóðin hafi síður efni á því nú en 1929 að leggja fram fé til eflingar lánasjóðum landbúnaðarins. Þeirri spurningu má svara neitandi, alveg hiklaust. Þvert á móti eru nú miklu meiri möguleikar en þá voru til fjáröflunar, og þörfin er enn sem fyrr mikil að styðja menn með hagkvæmum lánum til að rækta og byggja landið. *Þegar bændurnir leggja fram fé og fyrirhöfn* til jarðabóta, eru þeir að vinna fyrir framtíðina. Þeir fá ekki sjálfir endurgreiddan nema hluta af framlagi sínu til umbótanna, og framlag þeirra til að rækta og byggja landið er mjög mikið. Með löggjöfinni um byggingar- og landnámssjóð árið 1928 og síðar með breytingum á lögum um ræktunarsjóð var sú stefna mörkuð að veita lán með hagstæðum kjörum til bygginga og ræktunar í sveitum landsins. Með því að greiða nokkurn hluta af vöxtunum af slíkum lánum hefur ríkið tekið þátt í landnáminu. Þessari stefnu þarf að fylgja áfram. Bændur eiga að geta fengið lán til framkvæmda með lægri vöxtum en yfirleitt eru greiddir í peningaviðskiptum á hverjum tíma, og ríkið á að greiða vaxtamuninn. Þetta er mjög auðvelt að gera nú, ekki síður en áður. Og svo á að útvega sjóðunum fé að láni, eftir því sem þeir þurfa á hverjum tíma, til þess að þeir geti bætt úr stofnlánaþörf landbúnaðarins. Þetta er mjög auðvelt að gera. Hagskýrslur sýna, að um næstliðin áramót var innstæðufé í bönkum og sparisjóðum samtals 3770 millj. kr. Þótt ekki væri ráðstafað af þessu fé nema hálfum af hundraði á ári til stofnlánasjóða Búnaðarbankans, þá væri það 18—19 millj. kr. Það er meira en hæstv. ríkisstj. áætlar að launaskatturinn á bændur og viðbótarsöluskatturinn á landbúnaðarafurðir, sem hún vill lögfesta, gefi af sér á næstu árum báðir til samans. Það er töluvert meira. Það munar nokkrum milljónum. Af þessu má sjá, hvað ákaflega auðvelt er að útvega sjóðunum það fé, sem þeir hafa þörf fyrir. Það er ofur auðvelt að fá ½%—1% af heildarinn-

stæðum hjá bönkum og öðrum innlánsstofnunum ár hvert að láni gegn ríkisábyrgð handa lánasjóðum landbúnaðarins, og er sannarlega ekki til mikils mælzt, þó að svolitill hluti af sparifé landsmanna væri tekinn handa sjóðunum. Hér er því alls ekkert fjárhagslegt vandamál á ferð, — alls ekki. Ég vil ekki ætla, að nokkur hv. alþm. sé svo fávís, að hann sjái ekki, að þetta mál er auðvelt að leysa án þess að leggja aukaskatta á bændur og án þess að bæta enn nýjum söluskatti á landbúnaðarafurðir ofan á þá, sem fyrir eru.

En hæstv. ríkisstj. virðist ekki vilja útvega lánasjóðum Búnaðarbankans fé með þeirri eðlilegu aðferð, sem hér hefur verið bent á. Það mun vera andstætt hennar stefnu. Hún vill endilega leggja sérstakan skatt á bændur og það algerlega að nauðsynjalausu. Og vel getur verið, að hún fái þetta samþ. hér af stuðningsmönnum sínum eins og í hv. Ed. Það getur vel verið, að þeir fáist einnig hér til að samþ. þessa óhæfu. Hæstv. stjórn hefur líka nýlega fengið stuðningsmenn sína á Alþ. til að samþ. frv., sem felur í sér viðbótarskatt á útvegsmenn til fjáröflunar fyrir lánsstofnun. Við framsóknarmenn mótmæltum þeim skatti og greiddum atkv. gegn honum. Þó að stjórnarfl. hafi nýlega lagt nýjan ranglátan skatt á útvegsmenn, þá réttlætir það alls ekki till. þeirra um að leggja slíkan skatt einnig á bændur. Hæstv. stjórn hefur hins vegar ekki enn sem komið er lagt fram till. um slíkar aukaálögur á fleiri stéttir. Ef til vill skortir þar fremur kjarkinn en viljann.

Eins og aðrir uppáhaldsskattar núv. hæstv. ríkissti. koma þeir skattar, sem ætlunin er að taka í lög samkvæmt þessu frv., á gjaldendur alveg án tillits til efnahags þeirra eða fjárhagslegrar afkomu. Búnaðarþingið, sem nýlega var háð hér í Reykjavík, mótmælti mjög ákveðið þeirri sérstöku skattlagningu á bændastéttina, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv., og enn fremur ákveðri sömu gr. um gjaldið á söluverð landbúnaðarafurða. Stjórn Stéttarsambands bænda telur, að afla eigi fjár til lánasjóðanna með öðru móti en því að leggja aukaskatt á bændur, og bændur og félög þeirra munu halda áfram að mótmæla því ranglæti, sem þeir eru þeittir, ef skattaákvæði frv. verða samþ. Enginn, sem vill taka sanngjarnlega á málum landbúnaðarins, getur greitt atkv. með skattlagningarákvæðum þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 665,1 felld með 17:14 atkv.
— 665,2 felld með 20:13 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 19:9 atkv.
Brtt. 665,3 felld með 21:12 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 665,4 felld með 20:13 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,5 felld með 20:13 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,6 felld með 20:12 atkv.
14.—23. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,7 felld með 21:13 atkv.
24.—26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,8 felld með 19:14 atkv.
27.—47. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,9 felld með 20:13 atkv.
48.—59. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,10 felld með 19:13 atkv.
60.—63. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,11 tekin aftur.
64.—70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 665,12 felld með 20:13 atkv.
71.—82. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 20:5 atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér það, að ef brtt., sem við í minni hl. landbn. fluttum við þetta frv., yrðu felldar, þá vildi ég gera eina till. til breytinga við frv. við 3. umr., og sökum þess að svo skammt er liðið frá því, að 2. umr. lauk, að ég var eiginlega ekki búinn að skrifa till., mun ég hafa kvatt mér hljóðs af meiri skyndingu en forseti áttaði sig á, og er það nokkuð í stíl við fyrirtekt mála hér á þessum fundi, hún gengur með miklu hraði, og er þá ekki nema vert, að menn kveðji sér hljóðs með hraði líka. Ég vil sem sagt leyfa mér að flytja hér skrifl. brtt. við 4. gr. frv., en till. mín er þannig:

„Greinin orðist svo:
Tekjur deildarinnar eru:
1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 8 millj. kr.
2. 1% af árlegum tekjum ríkissjóðs.
3. Vaxtatekjur."

Í greininni, eins og hún stendur í frv., er fyrst gert ráð fyrir árlegu framlagi ríkissjóðs, 4 millj. kr. Það er nokkur lækkun frá því, sem nú stendur í fjárlögum. Tel ég það illa viðeigandi og teldi sanngjarnt, að a. m. k. yrði þetta fasta framlag hækkað um helming frá því, sem í frv. er, og ég vil enn freista þess að fá fram samþykkt á því, að niður verði fellt bæði 1% álagið á bændurna og álagið á útsöluvörur landbúnaðarins, sem neytendum er ætlað að borga. En á sama hátt og þeir, sem að frv. standa, telja, að bændur geti komizt af, þó að þeir missi af 1% sinna tekna, verður að ætla, að svipuð regla gildi um þá, sem fyrir ríkissjóði ráða, að þeir ekki síður en bændurnir mundu komast af, þó að þeir yrðu af 1% sinna tekna, og óska ég eftir því, að það geti komið hér til atkv. og sýnt sig, hverjir álíta, að ríkissjóður sé verr aflögufær um 1% en bændur. Í þriðja lagi legg ég til að sjálfsögðu, að með*al* tekna sjóðsins séu vaxtatekjur hans, eins og gert er ráð fyrir í frv. Vil ég leyfa mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt. og biðja um afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 713) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan segja nokkur orð um þetta mál, áður en það verður afgreitt endanlega frá þessari hv. deild.

Mér virðist þetta mál á ýmsan hátt vera nokkuð nýstárlegt, a. m. k. mjög nýstárlegt í röð landbúnaðarmála. Það er nokkuð einkennandi fyrir þetta mál, sem hv. 3. þm. Vesturl. (HS) sagði, þegar hann komst þannig að orði, að áður hefðu búnaðarsjóðirnir átt að standa undir uppbyggingu landbúnaðarins, en nú ætti landbúnaðurinn eða bændurnir að standa undir uppbyggingu sjóðanna. Þetta finnst mér ákaflega einkennandi fyrir þá stefnubreytingu í lánamálum landbúnaðarins, sem hæstv. landbrh. og stjórnarliðið beitir sér fyrir með þessari lagasetningu, enda verður, ef þetta frv. verður að lögum, orðið um algera byltingu að ræða í þessum málum frá því, sem verið hefur alllengi undanfarið. Ég mun færa rök fyrir þessu í örstuttu máli.

Fyrst skulum við rifja upp, en það hefur áður verið sagt í þessum umr., hvernig þessi mál hafa verið leyst undanfarið. Þau hafa verið leyst þannig, að bændur hafa átt kost á lánum úr þessum sjóðum, sem hér á að steypa í eitt, byggingarsjóði sveitanna og ræktunarsjóði, með 3½%—4% vöxtum, og lánin hafa verið til 20—25 ára. Þannig hefur þetta verið alllengi undanfarið. Engum hefur dottið í hug á því tímabili, að það þyrfti að skattleggja bændur sérstaklega, til þess að hægt væri að láta í té þessi vaxta- og lánakjör. Slíkt hefur engum dottið í hug fyrr en þeim hæstv. landbrh., sem nú beitir sér fyrir þessu máli, og þeim, sem aftan í honum hanga.

Hvernig er þá sú lausn, sem hæstv. ráðh. vill nú fá lögfesta og hefur sumpart komið í framkvæmd, áður en þessi löggjöf er sett? Sú lausn á lánamálum bænda er í því fólgin, að bændur borgi 6—6½% í vexti og lánstíminn færður úr 20—25 árum niður í 15 ár til að þyngja árgreiðslurnar. Það þótti ekki þyngja árgreiðslurnar nógu mikið að hækka vextina í 6—6½%, það varð að þyngja árgreiðslurnar meira, og þá var það ráð fundið að stytta lánstímann í 15 ár. Með því móti mun hafa verið talið hugsanlegt, að þessar breytingar drægju nægilega mikið úr fjárfestingu í landbúnaðinum, drægju nægilega mikið úr vexti og viðgangi landbúnaðarins.

Sannleikurinn er sá, að öll þessi lagasetning og öll þessi landbúnaðarpólitík, sem nú hefur verið tekin upp, er beinlínis við það miðuð að stöðva þá hröðu uppbyggingu, sem í landbúnaðinum hefur verið, vegna þess að þeir, sem hér eiga hlut að máli, telja þá uppbyggingu hafa verið of öra. Það er ekki hægt að skýra svona lagað með öðru móti en þessu, því að þeir menn, sem hér að standa, eru engir kjánar. Þeir vita vel, hvað þeir eru að gera, og það vita allir, að það er engin fjárhagsleg þörf, sem knýr til að hækka svona vextina eða stytta svona lánstímann. Meiningin með þessu og öðru fleiru er beinlínis að draga úr þeirri hröðu uppbyggingu, sem orðið hefur í landbúnaðinum, m. a. með það fyrir augum að fækka bændum, eins og lýst hefur verið yfir oftar en einu sinni t. d. úr herbúðum sjálfstæðismanna. Það er skýringin á þessum aðförum öllum saman.

Hverjar verða svo þessar breytingar? Við getum tekið dæmi um, hvernig þetta verkar á efnahag bænda og möguleika þeirra til þess að byggja upp. Fyrir viðreisn voru stofnlánakjör landbúnaðarins þessi: ræktunarsjóður, lánstími 20 ár, vextir 4%, en byggingarsjóður, lánstími 42 ár, vextir 3½%. Með viðreisnarlöggjöfinni í fyrra voru vextirnir hækkaðir og lánstíminn hjá ræktunarsjóðnum styttur. Og skv. hinu nýja frv., sem við erum að ræða, eiga stofnlánakjörin að verða þessi: ræktunarsjóður, lánstími 15 ár, vextir 6½%, byggingarsjóður á hins vegar að halda sínum lánstíma, vextir verða 6%. Ef við berum svo saman mismuninn á árgjöldunum af lánunum skv. hinum eldri sið og skv. hinum nýja sið, þá verður dæmið þannig, og tökum þá dæmi af manni, sem hafði 200 þús. kr. lán úr ræktunarsjóði. Árgjaldið af því er kr. 14 716. Og af 100 þús. kr. láni úr byggingarsjóði er árgjaldið 4 579 kr. Skv. frv., sem hér er verið að ræða, og þeirri lánareglu, sem innleidd hefur verið, þarf að greiða af 200 þús. kr. láni 21 270 kr. og af 100 þús. kr. láni vegna íbúðarhúss 6 568 kr.

En það er meira blóð í kúnni. Til viðbótar þessari gífurlegu hækkun á árgjöldunum á bóndinn að greiða árlega eftir þessu frv. sérstakan skatt, sem á að renna til stofnlánadeildanna, og sá skattur á að nema 1% af verði framleiðslunnar eða um 2% af kaupi bóndans hjá meðalbúinu, og mun það nema um 1700 kr. hjá slíku búi. Loks á svo enn að innheimta sérstakan toll af landbúnaðarvörum, sem nemur um 1300 kr. af afurðum meðalbús.

Breytingarnar á aðstöðu bóndans, sem skuldar 200 þús. kr. í ræktunarsjóði og 100 þús. kr. í byggingarsjóði, verða því þannig, að árgjöldin í ræktunarsjóðnum hækka um 6554 kr., árgjöldin í byggingarsjóðnum hækka um 1988 kr. og við bætist svo launaskatturinn, þannig að mismunurinn á kjörunum, sem á að búa við framvegis, miðað við núv. vexti og skattinn, sem ráðgerður er, verður 10 242 kr.

Þetta er eitt dæmi af mörgum um, hvað það kostar bændur að veita Sjálfstfl. og Alþfl. vald til þess að fara með málefni þjóðarinnar, — bara eitt dæmi af mörgum.

Ég rakti það hér áðan, hver lánakjörin hafa verið og hver þau eiga að verða skv. þessu frv., sem ætlunin er auðsjáanlega að gera að lögum. Og þá kemur spurningin: Var þetta í raun og veru hægt, að hafa svona lága vexti á þessum stofnlánum? Kom þetta þá ekki fram í því, að þessi lánastarfsemi væri ákaflega smávægileg og stórfelldur kyrkingur í henni? Var mögulegt að afla nægilegs fjár til þess, að hægt væri að lána út á byggingar og íbúðarhús með þessum kjörum?

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp, að á árunum 1947—58 voru veitt 600 lán að meðaltali úr ræktunarsjóði með hliðstæðum kjörum og þeim, sem ég var að nefna. En það segir svo sína sögu út af fyrir sig, að árin 1944—46, þegar sjálfstæðismenn fóru með þessi mál ásamt Alþfl., voru lánuð 10½ lán að meðaltali á ári úr ræktunarsjóðnum á þeim árum, en 600 lán að meðaltali á árunum 1947—58, eftir að Framsfl. tók við landbúnaðarmálunum á ný.

Það er mikið talað um í þessu sambandi, að sjóðirnir hafi ekki þolað þessi góðu lánskjör.

En allt slíkt er gersamlega úr lausu lofti gripið, vegna þess að sjóðirnir voru studdir til þess að standa undir þessum góðu lánskjörum. Það var gert með framlögum úr ríkissjóði, sumpart árlega á fjárlögum og sumpart með því að veita til þessara sjóða stórar fúlgur af og til af ríkisfé, og var þá oft notað tækifærið, þegar greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði, til að veita slíkar stórar fúlgur í sjóðina. Enda fór það svo, að hrein eign þessara lánasjóða jókst ár frá ári þrátt fyrir hin góðu kjör, sem þeir veittu, og hefur verið upplýst hér í umr., að samanlögð eign sjóðanna í árslok 1958 var 105 millj. kr. og hafði þá vaxið verulega undanfarið. Að vísu voru þá árgjöld af erlendum lánum orðin nokkru þyngri en áður vegna yfirfærslugjaldsins, en vitanlega var þá sú sjálfsagða og einfalda leið fram undan, að ríkið hlypi þar undir bagga til að hjálpa til með árgreiðslur sjóðanna, þannig að þeir gætu haldið áfram að veita lán með hinum góðu kjörum. M. ö. o.: Það yrði haldið áfram sömu stefnu og fylgt hafði verið undanfarið, að sjóðirnir tækju lán með eins hagfelldum vaxtakjörum og hægt væri að fá, lánuðu út aftur með þessum vaxtakjörum, sem ég var að lýsa, og fengju síðan framlag af almannafé, til þess að hægt væri að reka þessa vaxtapólitík. Þetta er hliðstæð lánapólitík og rekin er í þágu landbúnaðarins í flestum nálægum löndum. Og þó að ég sé ekki nógu kunnugur til að fullyrða um það, þá er mér nær að halda, að þegar hæstv. landbrh. hefur fengið fram vilja sinn um það, hvernig búið verður að íslenzkum landbúnaði í lánalegu tilliti, þá verði óvíða, ef nokkurs staðar hægt að finna, að landbúnaður í nokkru landi eigi að búa við slík lánakjör. A. m. k. eru kjörin í sumum hinum næstu löndum, sem við þekkjum bezt til, allt önnur og jafnvel betri en þau, sem voru, áður en hæstv. landbrh. fór að spilla þessu máli.

Ég fullyrði, að fátt af því, sem gert hefur verið til að efla íslenzkan landbúnað, hefur orðið honum þýðingarmeira en þessi hagstæðu stofnlánakjör. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á ummæli, sem hæstv. landbrh. viðhafði hér við 1. umr. málsins, að ég hygg, þar sem hann bað menn að íhuga, hvernig búnaðarstofnsjóðirnir stæðu núna, ef þeir hefðu undanfarna áratugi búið við aðra eins löggjöf og þá, sem nú á að fara að setja.

Ég held, að það væri nær fyrir hæstv. ráðh. að velta því fyrir sér, hvernig íslenzkur landbúnaður væri nú á vegi staddur, ef hann hefði búið við atlot hæstv. ráðh. í lánamálum síðustu áratugina, ef hann hefði átt að búa við það, sem honum er ætlað að gera nú, eftir að þetta frv. verður að lögum.

Það eru til ýmsir vitnisburðir um það, sem gerzt hefur í íslenzkum landbúnaði á undanförnum árum. M. a. sá ég ekki alls fyrir löngu í riti gefna út áætlun um framkvæmdir í landbúnaðarmálum á næstunni, og þetta var gefið út í nafni stjórnar Stéttarsambands bænda. Í þessari áætlun er það tekið alveg sérstaklega fram, að tímabilið frá 1950 til 1958 hafi orðið langglæsilegasta framfaratímabilið í íslenzkum landbúnaði. Þetta er ekki gefið út í nafni framsóknarmanna, heldur er það einnig gefið út í nafni þeirra sjálfstæðismanna, sem eiga sæti í stjórn Stéttarsambands bænda.

Aftur á móti stendur svo í þessu sama riti og í þessari sömu álitsgerð, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þessar framfarir haldi áfram, eins og búið sé nú að búa að íslenzkum landbúnaði, og var þó þá ekki kominn til þessi nýstárlegi launaskattur, sem hæstv. ráðh. og hans menn ætla nú að beita sér fyrir að leggja á bændur ofan á vaxtahækkunina og lánstímastyttinguna, sem fyrir var.

Engum, sem fylgzt hefur með uppbyggingu íslenzks landbúnaðar, getur dulizt, að það, sem fyrst og fremst hefur ýtt undir í þessu efni og gert þessar stórfelldu framfarir mögulegar, eru lánin, sem hægt var að fá til byggingar útihúsa og til ræktunar í sveitunum. Og það hefði verið með öllu gersamlega óhugsandi að fá þetta fjármagn öðruvísi en að taka stórlán til þeirra sjóða, sem hér eiga hlut að máli. Það, sem varð þess vegna landbúnaðinum notadrýgst til uppbyggingarinnar, var það, að upp var tekin sú stefna að taka lán handa landbúnaðarsjóðunum og lána þau út aftur. Það var tekin upp sú stefna, að landbúnaðurinn skyldi fá til sinna nota hluta af því lánsfé, sem hægt var að afla í heild til framfara með íslenzku þjóðinni. Þannig fékk landbúnaðurinn verulegan hluta af erlendu lánunum, sem tekin voru á þessum árum, í fyrsta skipti í sögu landsins. Enn fremur var lögfest, að í þágu landbúnaðarlána skyldi renna helmingurinn af mótvirðissjóðnum mikla, sem upp var byggður fyrir gjafafé frá Bandaríkjunum. Þetta var lánsfjáröflunin, fyrir utan þau stórfelldu framlög, beinu framlög frá ríkinu, sem komu til og ég lýsti áðan.

Nú er aftur á móti gerbreytt um stefnu í þessu efni, og bændur eiga nú sjálfir að fara að greiða fé í sjóðina til þess að lána sjálfum sér, og erlendar lántökur til sjóðanna eru hreinlega bannaðar í frv., nema því aðeins að bændum séu veitt lán í erlendum gjaldeyri í jafnstórum stíl aftur á móti. Það er m. ö. o. með þessu frv. hreinlega bannað að framkvæma þá lánapólitík, sem undanfarið hefur verið hagfelldust og drýgst fyrir íslenzkan landbúnað. En hún var sú að taka erlend lán til sjóðanna til að veita inn í landbúnaðinn, og með engu öðru móti hefði verið hægt að afla alls þess stórkostlega fjármagns, sem inn í landbúnaðinn hefur runnið á þessum árum. En nú er hreinlega bannað með þessu að taka erlend lán til sjóðanna, nema því aðeins að bændur fái lán í erlendri mynt.

Af þessu er ósköp auðvelt að draga ályktun um hugsunarháttinn, sem þarna liggur á bak við, og hvað skeð hefði, ef Framsfl. hefði ekki haft þessi mál með höndum á undanförnum árum. Þá hefðu bændur annaðhvort verið settir hreinlega í lánasvelti eða þá að þeim hefði verið gefinn kostur á lánum með gengisklásúlu. Sjá allir, hvernig komið hefði verið fyrir íslenzkum landbúnaði, ef sú stefna hefði verið framkvæmd, sem gert er ráð fyrir í 12. gr. þessa frv.

Í sambandi við þetta mál hafa þeir hæstv. ráðh. og hans menn látið sér ákaflega tíðrætt um það, hvað stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafi verið komnir í mikinn vanda, og að því er

manni skilst, hvað illa hafi verið við þá skilið af öðrum. Þetta hefur nú auðvitað verið marghrakið, því að 1958, þegar núv. valdasamsteypa tók við þessum málum, áttu sjóðirnir stórfé að sjálfsögðu umfram skuldir, eins og hér hefur margsinnis verið bent á. En svo komu gengislækkanirnar, fyrst ein og síðan önnur, og þá hækkuðu auðvitað mjög skuldbindingar sjóðanna, sem voru í erlendum gjaldeyri. Þá skeður það furðulega, að á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir því, að ríkið taki á sig þann gengishalla, sem ríkisstofnanir yfirleitt urðu fyrir við þessar gengisbreytingar, eru stofnlánasjóðir landbúnaðarins skildir eftir og fiskveiðasjóðurinn líka. Þessir sjóðir eru skildir eftir, og ríkisstj. býst til þess að láta alls ekki greiða þessi gengistöp á sama hátt og önnur gengistöp, sem í eðli sínu voru nákvæmlega hliðstæð.

Ef nokkur snefill af réttsýni hefði gilt í þessu efni, átti auðvitað að taka gengistapið á erlendu lánunum fyrir stofnlánasjóði landbúnaðarins og fiskveiðasjóð inn á gengisuppgjörsreikninginn eða gengistapsreikninginn í Seðlabankanum, og síðan átti ríkið að greiða þessi gengistöp eins og önnur gengistöp, því að ríkið tók að sér að greiða gengistöpin fyrir hinar stofnanirnar, sumpart með því að láta allmikla mótvirðissjóðsinnstæðu, á annað hundrað milljónir, sem ríkissjóður átti, upp í þessi töp, og sumpart með því að semja við Seðlabankann um að taka að sér nokkuð af gengistöpunum. En vitanlega átti hér alls ekki að gera upp í milli, og sýnir það algert forsjárleysi hæstv. landbrh., að ekki sé meira sagt, í málefnum landbúnaðarins, að hann skyldi ekki gera gangskör að því og krefjast þess, að landbúnaðurinn og lánastofnanir hans nytu jafnréttis að þessu leyti. Það er alveg furðulegt, og þá ekki síst þegar þess er gætt, að ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum ræktunarsjóðs og skuldbindingum byggingarsjóðs. Ríkissjóður ber ábyrgð á þessum skuldbindingum að sínu leyti alveg á sama hátt og hann ber ábyrgð á ríkisábyrgðarlánum fyrir togara, frystihús og önnur slík fyrirtæki. Greiðslur á þessum ábyrgðarlánum eru reiddar af höndum skilvíslega af hendi ríkissjóðs. En hæstv. ráðh. og ríkisstj. býst á hinn bóginn til þess með þessu frv. að velta þeim greiðslum, sem ríkissjóður með réttu á að standa undir vegna ábyrgða sinna á þessum stofnlánadeildum, yfir á bændastétt landsins og bændur persónulega með sérstökum launaskatti. Þetta er álíka ósvífni og ef flutt væri frv. um að jafna niður á útveginn með sérstökum skatti á tekjur útvegsmanna þeim ríkisábyrgðartöpum, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir.

Allt þetta tal hæstv. ráðh. og hans manna um, að þessir sjóðir hafi verið orðnir gjaldþrota og þeir hafi verið svo illa staddir, að þess vegna verði að skattleggja bændastéttina til þess að bjarga þeim, — allt þetta tal er gersamlega mælt út í hött, eins og búnaðarþingið *mjög skörulega sýndi fram á og hefur sýnt svo* skörulega fram á, að þá, sem fyrir þessu standa, sviður þar nokkuð undan. Er sannast að segja ekkert yfir því að syrgja.

Aftur og aftur koma þeir að þessum samþykktum búnaðarþings. Fyrir hvað? Af því að búnaðarþingið talar blátt áfram og skýrt um þessi mál og er ekki með neina vafninga, segir það bara, sem rétt er, að ríkissjóður átti að standa undir þessum gengistöpum eins og öðrum hliðstæðum, og fylgir fram þeirri stefnu landbúnaðarins, að áfram verði tiltölulega lágir vextir á landbúnaðarlánum, og lætur í ljós þá skoðun, að alveg eins og þjóðfélagið gat staðið undir þessum vöxtum undanfarinn áratug eða meir, þá sé það ekkert síður hægt framvegis.

Allt saman er þetta alveg laukrétt hjá búnaðarþinginu, og með þessum ályktunum, svona blátt áfram eins og þær eru, er algerlega flett ofan af öllum þessum viðbjóðslega slepjuvef, sem hæstv. ráðh. og hans menn eru að vefja í kringum þetta mál til þess að leyna kjarna þess. En allt gengur það út á, að ekki sé með nokkru lifandi móti hægt að ráða við að útvega lánsfé í landbúnaðinn eða þjóðfélagið geti tekið á sig gengistöp fyrir landbúnaðinn, bændur verði að taka þetta á sig sjálfir með sérstöku skattgjaldi. Það sé allt í einu komið þannig, að þetta geti ekki staðizt, þó að það hafi prýðilega staðizt undanfarið, eins og reynslan sýnir.

Landbúnaðurinn á fullan rétt á því að fá í lán til uppbyggingar eitthvað af þeim sparnaði, sem verður í landinu, og ef þarf til viðbótar, eitthvað af þeim erlendu lánum, sem tekin eru. Það er alveg fordæmanlegur hugsunarháttur að halda því fram, að allt þetta fjármagn eigi að renna í annað, en bændur sjálfir að leggja sínum sjóðum fé.

Því hefur verið haldið hér fram, að allt hafi verið látið fljóta og ekkert gert til þess að tryggja sjóðina. Ég mótmæli þessu gersamlega og vísa til reynslunnar um það mikla fjármagn, sem til sjóðanna var aflað, og um þau tiltölulega góðu kjör, sem bændastéttinni voru búin í lánamálunum.

En er það ekki aðalatriðið í þessu máli, hvaða lánakjör hægt er að bjóða landbúnaðinum? Er það ekki aðalatriðið? Er það aðalatriði í þessu máli að skrapa saman, jafnvel frá landbúnaðinum sjálfum, fjármagn til þess, að ríkið geti svikizt frá skuldbindingum sínum, sem eru ábyrgðirnar á lánum sjóðanna, og mórölskum skuldbindingum sínum, sem eru gengistöpin? Aðalatriðið er vitaskuld, hvernig hægt er að ganga þannig frá málunum, að landbúnaðurinn búi við viðunandi lánakjör. En slíkt er auðvitað ekki aðalatriðið í augum þeirra, sem eru alltaf að leita að leiðum til þess að gera þyngra og þyngra undir fæti fyrir landbúnaðinn og það af mikilli lævísi. Vitanlega er ekki hægt að líta öðruvísi á en það sé verið að leita að slíkum leiðum með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á lánakjörum landbúnaðarins og svo þessum skatti í viðbót.

Hv. 3. þm. Austf. (JP) og félagar hans í landbn. eru sýnilega dálítið hikandi við þetta allt saman, og þykir engum það einkennilegt, og eru þær ástæður eða þau rök, sem þeir færa *fram fyrir þessu máli öllu í sínu nál., hin* furðulegustu. Sérstaklega er þar athyglisverður kafli, finnst mér, og einnig í ræðu hv. 3. þm. Austf. um segulaflið, — þetta segulafl, sem þurfi að vera í þessu máli, og ekkert hafi getað

þokazt fram nema hafa þetta segulafl. Hver var það, sem þurfti að toga með segulafli? Segulafl er notað til þess að toga eitthvað, sem annaðhvort getur ekki hreyft sig sjálft eða vill ekki hreyfa sig sjálft. Og hvað var það, sem þurfti að toga með þessu segulafli? Það er ekki hægt að skilja þetta skraf þessara hv. landbúnaðarnefndarmanna eða hv. 3. þm. Austf. öðruvísi en þannig, að það hafi alls ekki verið hægt að koma því til vegar, að þessum málum væri yfirleitt nokkuð sinnt, nema með því að hafa þennan launaskatt á bændatekjurnar með sem einhvers konar segulafl til þess að draga þá nauðugu til fylgis við það að gera eitthvað í lánamálum landbúnaðarins. Hverjir voru það, sem þurfti að beita þessu segulafli við? Það væri fróðlegt, að hv. 3. þm. Austf. og hæstv. landbrh. upplýstu, hvaða öfl það voru, sem þeir þurftu að toga með þessum segulkrafti, sem þeir lýsa svo skáldlega í nál.

Þá er annar kafli nál. talsvert um það og var líka í ræðu hv. 3. þm. Austf., að þetta jafnaði svo fjarskalega vel, þetta gjald, þessi skattur, sem bændur ættu að greiða af tekjunum, — hann jafnaði svo fjarskalega vel á milli bænda. Hann væri svo nauðsynlegur og eiginlega alveg sérstaklega heppilegur til þess að jafna aðstöðu bændanna, þeirra, sem hefðu komið undir sig fótum, og aftur annarra. En hvernig er það, ætli þessi skattur eigi ekki að gilda fyrir þá t. d., sem eiga eftir að leggja í verulega uppbyggingu núna með viðreisnarverðinu og taka þau lán, sem til þess eru nauðsynleg, ef slíkt á að reyna? Ætli það verki ekki ákaflega skemmtilega til jöfnunar fyrir þá að fá þennan skatt í ofanálag á nýju lánin? Ég veit satt að segja ekki, hvernig þeir menn eru komnir, sem fimbulfamba á þennan hátt um einhver þýðingarmestu málefni landsins og bændastéttarinnar. Má sannast að segja fullyrða, að það er varla til ömurlegri vottur um algert rakaleysi og uppgjöf en þetta nál., sem hér hefur verið útbýtt og hv. 3. þm. Austf. talaði hér fyrir. En kjarnapunktarnir í röksemdafærslunni eru þessir tveir: um segulaflið og hvað það sé fjarskalega dýrmætt að fá þennan nýja skatt á tekjur bændanna til þess að jafna aðstöðu þeirra innbyrðis.

Það er eitt líka í viðbót, sem er ástæða til að benda á og var það þriðja, það var hliðarröksemd, ef þessar tvær skyldu ekki sannfæra menn alveg um, hvað þetta væri góð lausn og heppileg á allan hátt fyrir bændurna. Þessi hliðarröksemd var, að með þessu væri einmitt verið að létta gengistapinu af sjóðunum með framlagi þess opinbera. En þessi röksemdafærsla er þannig hugsuð, að framlagið frá ríkissjóði, sem á að koma á móti bændaskattinum, launaskatti bændanna, gangi einmitt til þess að greiða gengistöpin. En þá vantaði bara, að hv. 3. þm. Austf. bætti því við, að þá er svo komið, að bændur eiga framvegis að lána sjálfum sér, því að varla er hægt að nota ríkisframlagið bæði í að greiða gengistöpin og til að lána út. En ef hv. 3. þm. Austf. vill snúa dæminu hins vegar, að framlagið úr ríkissjóði eigi fyrst og fremst og eingöngu að ganga til útlána í landbúnaðinum, þá verður hann að viðurkenna, að bændur eigi að borga gengistapið með skattinum.

Það er sannast að segja sorglegt, að gripið skuli vera til úrræða eins og þeirra, sem hér eru ráðgerð, og leiðinlegt, að menn, sem á margan hátt eru mætir menn, skuli rata í það ólán að þurfa að beita sér fyrir þennan drátt hæstv. landbrh. Sannast að segja ætlaði ég seint að leggja trúnað á þann orðróm, að bændum mundi ætlað að greiða sérstakan skatt í lánasjóðina, til þess að þeir gætu fengið lán framvegis. Ég ætlaði ekki að trúa því, að nokkrum mönnum dytti í hug að beita sér fyrir slíku, svo fjarstætt fannst mér það, að slíkt gæti komið til mála, að söðla svo algerlega um í aðbúnaði að landbúnaðinum og gera hvort tveggja í senn að stórhækka vextina og leggja á nýjan launaskatt.

Því hefur verið haldið fram í sambandi við þetta mál, að það væru hliðstæður í þessu t. d. hjá sjávarútveginum. Þess vegna væri í raun og veru ekkert við þessu að segja. Það er í þessu sambandi vitnað til útflutningsgjalds á sjávarafurðum, sem runnið hefur um alllangt skeið í fiskveiðasjóðinn. Það er nú fyrst, að þetta útflutningsgjald var, að því er ég bezt veit, upphaflega látið renna í ríkissjóð og var sett í lög, þegar uppgrip voru stórfelld í sjávarútveginum. Hann var á þeim tíma talinn stórfelldur gróða- og uppgripavegur, og þá var þetta lögfest og átti að renna í ríkissjóð. Síðar var þessu svo breytt og sett í fiskveiðasjóð. En ekki hefur sjávarútveginum litizt betur á þessa leið en svo, að sjávarútvegurinn hefur barizt hörkubaráttu gegn því, að þetta útflutningsgjald yrði hækkað og gengið lengra í því að innheimta útflutningsgjald og leggja í lánasjóði sjávarútvegsins. Og núna framan af þessum vetri var háð í þessu efni stórfelld barátta gegn hæstv. ríkisstj. af stjórnarandstöðunni hér á þingi og samtökum sjávarútvegsins, því að upphaflega var það sett í brbl. í sumar, sem ríkisstj. setti í sambandi við gengislækkunina, að útflutningsgjald skyldi hækkað á sjávarafurðum og renna í stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Það rigndi mótmælum frá sjávarútveginum út af þessu, og því var hörkulega mótmælt, að gengið yrði lengra en áður hafði verið gert, fyrir löngu, í þá átt að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega í lánasjóði hans. Og það var bent á með gildum rökum, að í því væri ekkert vit, heldur ætti sjávarútvegurinn kröfu á því að fá lánsfé í sína stofnlánasjóði af sameiginlegu lánsfé þjóðarinnar. Hæstv. ríkisstj. guggnaði fyrir sameiginlegri baráttu stjórnarandstöðunnar hér á þingi og baráttu sjávarútvegsins í þessu efni og þorði ekki annað en láta undan síga og breyta brbl. þannig, að hækkunin á útflutningsgjaldinu rynni beint inn í rekstur sjávarútvegsins aftur á þann hátt, að með fénu yrðu borguð tryggingaiðgjöld.

Ríkisstj. guggnaði á því að lögfesta ný ákvæði í þessa stefnu á sjávarútveginn, þ. e. a. s. í bili, hún hefur ekki guggnað til fulls, því að gert er ráð fyrir því, að eftir 1. jan. 1962 verði hætt að greiða þetta gjald í tryggingarnar eða iðgjöldin og það renni í stofnlánadeildina. En af ummælum, sem hæstv. forsrh. lét falla í sam-

bandi við þetta mál, er alveg ljóst, að hann hefur gert sér grein fyrir því, að það kemur ekki til nokkurra mála, að það verði þolað af sjávarútveginum eftir 1. jan. 1962, að þetta gjald verði tekið út úr rekstri útvegsins og lagt í einn eða annan sjóð. Því hafði forsrh. þau ummæli, að þó að þetta ákvæði væri þarna, þá væri alltaf hægt að breyta því. Þetta sagði hæstv. forsrh., og hann er þó að því leyti skárri en hæstv. landbrh., að hann hefur beygt sig. En hæstv. landbrh. ber höfðinu við steininn. Það dugir ekkert í þessu sambandi að vitna í mjög gamla löggjöf um útflutningsgjald til fiskveiðasjóðs, sem er sett við allt aðrar aðstæður og upphaflega er tilkomið vegna þess, hvað sjávarútvegurinn á þeim tíma þótti uppgripamikill atvinnuvegur og gróði þótti myndast mikið í þeirri grein. Viðhorfin í landinu eru í fyrsta lagi alveg gerbreytt að þessu leyti, að því er sjávarútveginn snertir. Og hér hefur aldrei staðið á nokkurn hátt hliðstætt á með landbúnaðinn. Ég er í vafa um, að nokkurs staðar annars staðar hafi mönnum dottið í hug að skattleggja landbúnaðinn sérstaklega í þessu tilliti. Og langa leið eru menn komnir frá þeirri stefnu í landbúnaðarmálum, sem jafnan hefur verið fylgt hér, stefnu hinna lágu vaxta, þegar menn eru komnir út í það til viðbótar háum vöxtum að innheimta sérstakan skatt í þessu skyni.

Það hefur verið sérstaklega bent á í þessum umr., að þannig er frá gengið, að bannað er að taka skattgjaldið inn í verðlag afurðanna, þannig að þetta verður persónulegur tekjuskattur á bændurna, hreinlega lækkun á launum þeirra um 2% á meðalbúinu. Þetta jafngildir því, að ríkisstj. tæki sig til og byði mönnum upp á t. d. 2% launaskatt ofan á þær trakteringar, sem menn hafa fengið síðustu missirin frá hæstv. ríkisstj. í „viðreisninni", þar sem dýrtíðarvísitalan hefur hækkað um 27 stig, eða 54 stig miðað við vísitöluna, sem gilti, áður en þessi var lögfest. Upp í það hafa launastéttir ekkert annað fengið en fjölskyldubæturnar, sem lögfestar voru og eru eins og dropi í hafið, og kauphækkunina, sem samdist um s. l. sumar og hæstv. ríkisstj. er búin að hirða aftur. Hliðstætt hefur verið búið að bændum. Og það, sem verið er að gera núna, er svo álíka og ef ríkisstj. lögfesti 2% launaskatt, kaupgjaldsskatt, ofan á þetta, sem ég var að lýsa. Við skulum segja, að hún léti þennan 2% skatt renna í íbúðalánakerfið. Ætli menn yrðu ekki ákaflega hrifnir, þætti þetta góð lausn, framúrskarandi góð lausn á íbúðalánamálinu? En þetta frv. um skattlagninguna heitir lausn á lánamálum bænda.

Þessu gjaldi hefur, eins og ég sagði áðan, verið jafnað við útflutningsgjald á sjávarútveginn. Og mér hefur skilizt, að þeir, sem um það ræða í stjórnarherbúðum, vilji halda því fram, að útflutningsgjaldið á sjávarafurðunum verki af sjálfu sér til að lækka nettótekjurnar af vélbátunum og annarri útgerð. Hv. 3. þm. Austf. var eitthvað að tala um þetta í dag, og hann sagði, að ef menn skildu þetta ekki, þá væri það af því, að menn væru enn að hugsa í uppbótakerfinu, sem væri afnumið. En ég held, að þetta þurfi mikillar endurskoðunar við vegna þess, að gengisskráning hér á Íslandi er yfir höfuð miðuð við þarfir útflutningsatvinnuveganna. Og þegar það dæmi er gert upp, hvað gengisskráningin eigi að vera, og miðað við þarfir útflutningsatvinnuveganna, þá er útflutningsgjaldið, sem sjávarútvegurinn greiðir, tekið sem útgjaldaliður inn í dæmið, sem upp er sett um bát eða togara. Það er þess vegna ekkert hliðstætt í þessu.

Útflutningsgjaldið verkar ekki sem skattur á persónulegar tekjur útgerðarmannsins, þegar til lengdar lætur, vegna þess að það er afkoma sjávarútvegsins, sem ræður gengisskráningunni, þ. e. a. s. tekjuskömmtuninni til útflytjendanna, og einnig uppbótunum, ef um uppbótakerfi er að ræða. Það er þess vegna ekkert hliðstætt í þessu, að því er viðkemur áhrifum á afkomu einstaklinganna, sem vinna að landbúnaði á annan bóginn og að sjávarútvegi að hinu leytinu. Segja mætti, að þetta skattgjald, sem ráðgert er að leggja á landbúnaðarvöru í viðskiptum, 0.75%, og á að taka inn í vöruverðið, sé hliðstæðara útflutningsgjaldinu á sjávarútveginn.

En útflutningsgjaldið á sjávarútveginn og þetta 0.75% gjald á landbúnaðarvörur eru alls ekki hættulaus heldur fyrir sjávarútveg og landbúnað, vegna þess, hve erfiðlega sjávarútvegi og landbúnaði gengur að fá verðþarfir sínar viðurkenndar, hvort sem um er að ræða útreikninga á dæmi til grundvallar gengislækkun eða útflutninguppbótum eða þegar um er að ræða að byggja upp verðlagsgrundvöll landbúnaðarins til þess að verðleggja landbúnaðarvörur á innlendum markaði.

Það er af þessum ástæðum, sem sjávarútvegurinn mótmælir útflutningsgjaldinu sterklega og vill ekki, að það sé hækkað. Það er af ótta við, að jafnvel þó að því sé ætlað að koma inn í dæmið, þegar gengi er ákveðið eða útflutningsuppbætur, þá óttast sjávarútvegurinn, að þegar til lengdar lætur komi það þar inn tæplega að fullu, og þess vegna er sjávarútvegsmönnum mjög illa við þetta gjald.

Á sama hátt er enginn vafi á því, að bændum er líka mjög illa við þann toll, sem á að leggja á landbúnaðarafurðir og er hliðstæður útflutningsgjaldinu. Það er látið svo heita í orði kveðnu, að hann eigi að koma inn í verðlag landbúnaðarafurðanna, en við vitum, hvernig gengið hefur fyrir landbúnaðinn að fá nauðsynlegustu kostnaðarliði viðurkennda í landbúnaðarverðlagningunni. Við vitum vel, að það hefur gengið mjög illa, og þess vegna er það til tjóns fyrir landbúnaðinn alveg tvímælalaust að innleiða tolla á landbúnaðarafurðir. Það getur orðið að óbeinu tjóni fyrir landbúnaðinn.

Halda menn kannske, að það verði léttara en áður fyrir bændastéttina að fá tekna til greina nauðsynlega kostnaðarliði í sambandi við verðlagninguna, eftir að búið er að setja á svona landbúnaðarvörutoll? Ég held nú síður, þegar þess er gætt, að erfiðleikarnir við að fá kostnaðarliðina tekna til greina eru einmitt fyrst og fremst fólgnir í því, að þá kemur pressan frá neytendunum út af því, að landbúnaðarverðlagið sé orðið of hátt.

Það er því alveg vafalaust, að þessi tollur,

sem ráðgerður er á landbúnaðarafurðirnar, er líka mjög óhagstæður landbúnaðinum, fyrir utan hitt, að það er ósæmilegt að leggja tolla á mjólk og kjöt og aðra slíka vöru. Það hefur aldrei verið gert, fyrr en núv. ríkisstj. kom til.

En núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt söluskatta á fisksoðningu og kjöt ein allra stjórna. Slíkt hefur aldrei komið til mála áður. Og nú er bætt ofan á þessum neyzlutolli á allar landbúnaðarafurðir. Þetta er víst það, sem heitir á máli ríkisstj. að lækka skattana, þ. e. að lækka skatta á þeim félögum, sem hafa gróða, og á hæstu tekjunum, en leggja svo skattana á það, sem menn þurfa að kaupa til fæðis og klæðis, þ. á m. fisksoðninguna og landbúnaðarafurðirnar. Og er það í fyrsta skipti í sögu landsins, sem slíkt hefur verið tolllagt.

Eitt er það, sem sýnir ofboðið, sem gripið hefur hæstv. landbrh. og hans menn í sambandi við þetta mál, þegar það rann upp fyrir þeim, hvað þeir höfðu gert. Það er þetta tal, sem blandazt hefur inn í þetta mál, um lífeyrissjóð fyrir bændastéttina. Hæstv. ráðherra og hans menn urðu yfir sig hræddir, þegar þeir fundu, hvernig þetta lá, hvað þeir höfðu gert. Þá fóru þeir í ofboðinu allt í einu að tala um lífeyrissjóð og töluðu þannig, að menn áttu helzt að skilja það svo, að þessi greiðsla væri allt í einu orðin að greiðslu í lífeyrissjóð bændanna. Manni skildist, að það væri allt í einu búið að finna ráð til að nota sömu peningana til að lána bændum út, borga vaxtamismun og gengistöp, og svo væri hægt að nota þessa peninga líka til að greiða mönnum lífeyrisgreiðslur.

Hæstv. ráðherra hafði þó nokkurn kafla um þetta í sinni framsöguræðu. En þegar hann hafði bollalagt um þetta fram og aftur í tíu mínútur eða svo, þá sagði hann allt í einu: En þetta mál er nú annars ekki hér til umræðu. — Ég skrifaði þetta orðrétt eftir ráðherranum. Þar með var það búið. Og síðan hefur ekki verið á þetta minnzt. Og engin tillaga eða neitt liggur hér fyrir frá hæstv. ráðherra og hans mönnum um að breyta til og hætta að láta þetta fé í sjóðina og láta það í staðinn í lífeyrisgreiðslur til landbúnaðarfólks. Það getur auðvitað meira en komið til greina, og er stórmerkilegt mál að byggja upp lífeyrissjóð fyrir bændastéttina. En það mál verður að leysa í sérstakri löggjöf og ekki blanda því inn í, hvernig afla skuli tekna til þess að standa undir gengistöpum eða standa undir vaxtamismun hjá lánasjóðunum.

Ef byggður yrði upp lífeyrissjóður á vegum landbúnaðarins, sem væri mjög æskilegt, þá gæti náttúrlega vel komið til greina, að sá sjóður, þegar honum yxi fiskur um hrygg, keypti skuldabréf frá ræktunarsjóði eða byggingarsjóði eða einhverjum sjóðum, sem stæðu undir útlánum í landbúnaðinum. En slíkt á ekkert skylt við þessa skattlagningu, sem hér er ráðgerð.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi minnzt á flest atriði, sem ég hafði hugsað mér að drepa á í þessu sambandi, og skal nú senn láta máli mínu lokið. En ég vil enda með því að benda aftur á það, sem ég benti á í upphafi míns máls, að engum getur dulizt, að sú stórfellda breyting, sem gerð hefur verið á stefnunni í landbúnaðarmálum, hlýtur hreinlega að vera miðuð við það að draga stórkostlega úr uppbyggingu landbúnaðarins og beina uppbyggingunni í landinu í aðrar áttir. Það er alveg augljóst. Er þá hér verið að framfylgja þeirri stefnuyfirlýsingu, sem af og til hefur komið fram hjá einstöku sjálfstæðismönnum, þó að því hafi aldrei verið flíkað á vegum Sjálfstfl. sem slíks, og kemur það nú allt greinilega í ljós, enda virðist stjórn Stéttarsambands bænda og m. a. sjálfstæðismönnunum í þeirri stjórn vera þetta ljóst. Það kemur afar greinilega fram í álitsgerðinni, sem ég minntist á í upphafi míns máls, að stjórn Stéttarsambandsins sér, að eins og búið er að koma þessum málum, þá hljóti að draga stórkostlega úr uppbyggingu landbúnaðarins. Og þar er gengið svo langt, að því er í raun og veru þar spáð, að það sé ekki hægt, eins og búið sé að koma þessum málum, að byggja upp frá grunni búskap á Íslandi. Það eina, sem komi til greina, sé að halda áfram að byggja upp á þeim jörðum, þar sem eitthvað talsvert sé áleiðis komið. Hitt sé í raun og veru óframkvæmanlegt. Það er þá engin smáræðisbreyting, sem hefur átt sér stað síðan fyrir þremur árum.

Það er enginn vafi á því, að þeir, sem hér að standa, gera sér fullkomlega ljóst, hvað þeir eru að fara. Hitt er annað mál, að þeir eru tvímælalaust staddir á stórhættulegri leið í þessu efni, því að það er ekkert hægt að gera hættulegra fyrir þjóðfélagið en að brjóta niður sjálfstæða bændastétt. Það er ekki hægt að gera neitt hættulegra. Og ég er alveg viss um, að ef ekki verður lagað til eða lagfært í þessum málum, þá stefnir þetta til stórkostlegra vandræða.

Það er grátlegt að hugsa til þess, ef þessar aðfarir verða til þess, að jarðir leggist í eyði í stórvaxandi mæli. En það getur vel farið svo, ef ekki tekst að laga til í þessum málum, áður en allt of langt líður.

Ég vildi á hinn bóginn óska þess, að bændur reyndu umfram allt að þrauka og standa af sér þetta ofviðri, sem nú geisar, í trausti þess, að aðstaða verði til þess að lagfæra þessi mál, áður en allt of langt líður.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hefur nú lokið máli sínu. Áheyrendur eru nú fáir hér í hv. deild til þess að meta það, sem talað var, en það er alveg víst, að þessi ræða hv. þingmanns getur orðið fræg síðar meir, þegar hún verður lesin í þingtíðindunum. Það verður þá, sem einhver spyr: Hvað var að hv. þingmanni, hvernig var hans hugsanagangur, þegar hann segir, að þetta frv. miði að því að draga úr framkvæmdum í sveitunum, miði að því að fækka bændunum, þetta frv. sé árás á bændastéttina? En það voru þessi orð, sem hv. þm. viðhafði, og tónninn í ræðu hans og reyndar þeirra hv. framsóknarmanna allra er á þessa leið: Þetta frv. stefnir að því að draga úr framkvæmdum í sveitunum, stefnir að því að fækka bændastéttinni. — Og hv. 1. þm. Austf. sagði, um leið og hann fór úr pontunni, að það, sem hann vildi ráðleggja bændum, væri að þrauka, að þrauka í þeirri von, að hv. 1. þm. Austf. og hans flokkur kæmist aftur í stjórn og fengi tækifæri til þess að búa

betur að landbúnaðinum en nú er gert og fyrirhugað að gera.

Það væri sannarlega freistandi að rifja upp ýmislegt, sem hefur gerzt í þessu máli, þrátt fyrir góðan vilja sumra framsóknarmanna, einmitt í lánamálum landbúnaðarins, og hvernig að þeim hefur verið búið.

Hv. 1. þm. Austf. sagði áðan, að það væri ljóst af þessu frv., hvað það kostaði að láta Sjálfstfl. fara með landbúnaðarmálin, það væru dæmi um það, eins og hann sagði. Það er staðreynd, að búnaðarsjóðirnir eru gjaldþrota. Það er tilgangslaust fyrir hv. framsóknarmenn að fullyrða hér í þingi, að sjóðirnir hafi átt 105 millj. kr. fram yfir skuldir í árslok 1958 og hagur þeirra hafi verið hinn blómlegasti, þegar þeir skildu við. Það er líka þýðingarlaust fyrir hv. framsóknarmenn að halda því fram nú sem gefnum hlut, að ríkissjóður taki ekki aðeins að sér að greiða gengishalla, heldur einnig að leggja til nægilegt fjármagn til þess að auka útlán sjóðanna og efla þá á ný. Hv. 1. þm. Austf. sagði áðan: Það var vitanlega alveg sjálfsagt, að ríkissjóður tæki strax að sér að bæta hallann. — Hann gat ekki komizt fram hjá því að minna á, að í árslok 1958 hafi yfirfærslugjöld verið komin til sögunnar, sem áttu nokkurn þátt í því að gera útkomuna ekki eins glæsilega og hv. 3. þm. Vesturl. (HS) vildi vera láta og fleiri hv. framsóknarmenn, að þetta hefði eiginlega allt saman verið í blóma. Hv. 1. þm. Austf. sagði það vitanlega sjálfsagt, að ríkið hefði borgað það sem yfirfærslugjaldinu nam strax, gengismuninn. En það vildi nú svo til, að þessi hv. þm., hv. 1. þm. Austf., samdi fjárlagafrv. fyrir 1959. Hvernig stendur á því, að það gleymdist að hækka framlag ríkissjóðs a. m. k. sem svaraði yfirfærslugjaldinu? Það gleymdist. Það var 4.1 millj. á frv. fyrir árið 1959 eins og undanfarin ár. Og þetta er orðið táknrænt um málflutning framsóknarmanna, framkomu þeirra, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu og þegar þeir eru í ríkisstj. Þegar þeir eru í ríkisstj., gleyma þeir að flytja tillögur til framdráttar búnaðarsjóðunum eins og svo mörgu öðru, og það er ekki fyrr en þeir eru komnir úr ríkisstj., sem þeir vekja athygli á því, að það sé nauðsynlegt og það sé sjálfsagt að láta ríkissjóð borga margfalda upphæð við það, sem þeir létu sér nægja, á meðan þeir sjálfir fóru með völdin. Og það eru áreiðanlega fleiri en hv. alþingismenn, sem taka eftir þessu, og það er þess vegna, sem það eru ákaflega margir, sem taka þennan tillöguflutning framsóknarmanna ekki alvarlega.

Það er eftirtektarvert, að allir hv. framsóknarmenn, sem taka hér til máls, eru að staglast á því, ekki í upphafi ræðunnar, ekki í miðbiki ræðunnar og ekki þegar þeir ljúka máli sínu, heldur einnig næstum því í annarri hvorri línu, að það sé sjálfsagt, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengismuninn. En er það ekki það, sem þetta frv. ætlast til? Er ekki lagt til, að ríkissjóður greiði gengismuninn og miklu meira en það? Hvers vegna er þá alltaf verið að staglast á þessu, og hvers vegna er verið að halda því fram, að bændum sé ætlað að greiða gengishallann í sambandi við þetta frv.? Bændum er alls ekki ætlað að greiða gengishallann. Bændur leggja til 1% af búvöruverðinu, og það er til þess, að það verði hægt að hækka lánin til þeirra fram yfir það, sem áður hefur verið, og lána út á það, sem ekki hefur verið hægt að lána áður. Ég sé ástæðu til að rifja enn upp, hvað það er, sem stofnlánadeildin fær samkvæmt þessu frv. Það er áfram haldið að greiða 4 millj. kr., eins og verið hefur, auk þess jafnháa upphæð á móti 1% gjaldinu, sem er áætlað rúmlega 8 millj. Auk þess er stofnfé deildarinnar 60.5 millj. kr., og ef tekið er tillit til vaxta af þessu stofnfé í 12—14 ár, jafngildir það 8—9 millj. kr. árlega, sem deildin fær. Þetta eru þá 20—21 millj. kr., sem deildin fær frá ríkinu. Það nægir til þess að borga gengishallann og miklu meira, því þegar hv. framsóknarmenn fluttu sitt frv., sem nú er í Ed., tóku þeir fram, að gengishallinn væri 9 millj. kr. á ári, og aðrar till. höfðu þeir ekki fram að bera, fyrr en þetta frv. kom fram. Þá gerðu þeir kröfu til, að ríkissjóður greiddi 9 millj. kr. í gengishallann til búnaðarsjóðanna. Þetta frv. leggur til, að ríkissjóður greiði 20—21 millj. kr. árlega eða sem því svarar. Og auk þess er söluskatturinn, gjaldið á búvöruna, 0.75%, sem áætlað er að geri 5.5—6 millj. kr. Hv. 1. þm. Austf. vildi halda því fram áðan, að þetta gjald gæti verið hættulegt fyrir bændur, það gæti orðið til þess, að þeir fengju síðar viðurkennda ýmsa kostnaðarliði, sem erfitt hefur verið að fá undanfarið viðurkennda. En ég vil aðeins minna á það, að þetta gjald er ekki lagt á, fyrr en búið er að verðleggja vöruna, eins og söluskattur, og kemur verðlagningunni ekkert við, og er þess vegna alveg út í hött að vera að blanda því saman, rétt til þess að reyna að finna sér eitthvað til, til þess að gera málið tortryggilegt. — Árlegar tekjur deildarinnar verða þá með þessu 26—27 millj. kr., annars staðar frá heldur en frá bændunum, og segjum þá 8 millj. eða ríflega það frá bændunum. Það eru 34—35 millj. kr. árlegar tekjur auk vaxta. Þessu hélt ég að þyrfti ekki að lýsa fyrir hv. þm., þeir, sem lesið hafi frv., hafi gert sér þetta fyllilega ljóst. Ég hélt einnig, að hv. þm. hefðu gert sér grein fyrir því, hvernig deildin byggir sig upp samkvæmt þessu. Og það er ljóst, að einmitt með þessu er lagður grundvöllur að miklu víðtækari lánastarfsemi í landbúnaðinum en áður hefur verið, og það er ekki verið með því að stefna að samdrætti eða fækkun bænda. Með því að leggja grundvöll að aukinni lánastarfsemi er verið að stuðla að því, að bændunum geti fjölgað, að uppbyggingin geti haldið áfram.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um, að það væri tekin upp með þessu frv. ný stefna frá því, sem áður hefur verið. Það er rétt, því að með þessu frv. er stefnt að því að fullnægja lánaþörf landbúnaðarins og veita bændum nægilega há lán með góðum kjörum. Íbúðarhúsalánin eiga að verða áfram til 42 ára, eins og verið hefur. Lán til útihúsa og ræktunar eiga að vera til 20 ára, en ekki 15 ára, eins og ég hef oft sagt. Það er reiknað með 6½% vöxtum, eins og þeir eru núna. Þar með er ekki sagt, að þessi vaxtafótur geti ekki breytzt, ef ástæða þykir til.

Hv. 1. þm. Austf. tók hér dæmi áðan um það, hversu árgjöldin, vextir og afborganir, hafi

hækkað mikið, síðan núv. ríkisstj. tók við og samkv. þessu frv. Hv. þm. gleymdi að geta þess, að í lögum um búnaðarsjóðina hefur staðið heimild til þess að lána allt að 75% af kostnaði með þessum góðu kjörum. Og það er vitanlega mjög álitlegt, ef það væri hægt. En í staðinn fyrir að lána allt að 75% hefur oft ekki verið lánað nema 25%. Afganginn hafa bændurnir þurft að taka með víxilvöxtum og víxillánum. Hvort er nú betra, að lána kannske allt að því 60% með 6% vöxtum eða 25% með 3—4% vöxtum og búa svo við víxilveðskuld með afganginn? Ég hef ekki reiknað þetta út nákvæmlega, en ég sé það alveg í hendi mér, að það er betra að fá 60% með 6% vöxtum til langs tíma heldur en 25% með 3—4% vöxtum og þurfa svo að vera með 35% á víxilvöxtum og víxilkjörum. En það er þetta, sem bændurnir hafa orðið að búa við á undanförnum árum, vegna þess að fjármagnið hefur ekki verið nægilegt í stofnlánadeildunum. Og það er þess vegna, sem bændurnir búa nú við lausaskuldir, eins og fram hefur komið í sambandi við þá löggjöf. Með því að lögfesta þetta er stefnt að því að koma í veg fyrir, að bændur þurfi að vera með hin óhagstæðu lán, víxillánin.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um, að með þessu frv. væri bannað að taka erlend lán og lána bændum, án þess að það væri gengisklásúla. Sannleikurinn er sá, að með þessu frv. er alls ekki gert ráð fyrir, að bændum sé lánað erlent fjármagn. Hv. þm. var svo smekkvís að tala um, að það væri auðséð, hvað hefði gerzt í þessum málum undanfarið, ef sjálfstæðismenn hefðu farið með málin. Hann lét að því liggja, að ef sjálfstæðismenn hefðu farið með þessi mál undanfarið, þá hefðu búnaðarsjóðirnir enga peninga haft og bændur engin lán fengið. Þegar svona fullyrðingar koma fram, væri eðlilegt að athuga, hvað hefur gerzt í þessum málum í þau tvö ár, sem sjálfstæðismenn hafa farið með landbúnaðarmál. Hafa búnaðarsjóðirnir fengið fé til þess að lána? Hafa þeir lánað meira eða minna þessi ár? Það er fróðlegt að rifja það upp. Í sambandi við þetta dettur mér í hug að vitna í nál. minni hl., sem hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) skrifar undir, og ég verð að segja, að það eru furðulegar fullyrðingar í þessu nál. og sumt, sem hér er dregið fram, er alls ekki til þess að rétta hlut eða mæla með þeim málstað, sem hv. 2. þm. Sunnl. ætlaði að túlka. Hv. þm. talar t. d. um lánin á árunum 1947—58, sem hann vill þakka framsóknarmönnum einum, þótt sjálfstæðismenn hafi oft á þessum tíma verið í stjórn með framsóknarmönnum. Og hann vill náttúrlega þakka framsóknarmönnum það einum, þó að það hafi fyrst verið mögulegt að hækka lán úr ræktunar- og byggingarsjóði, eftir að sjálfstæðismenn skiluðu landbúnaðinum af sér í ársbyrjun 1947. Hv. framsóknarmenn ættu að vita, að það var ekki fyrr en lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum voru til orðin, að unnt var að auka lán til landbúnaðarins. Áður en þau lög voru til, var aðeins um þessar litlu upphæðir að ræða, sem talað er um í nál. Það er talað um, að ræktunarsjóður hafi á árunum 1934—39 veitt 127 lán að meðaltali á ári, til jafnaðar á ári hverju 280 þús. kr. Það var náttúrlega annað verðgildi peninganna, það er viðurkennt, fyrir 1939, heldur en síðar, en þetta var tiltölulega miklu minna en mögulegt var að gera, eftir að landbúnaðarlöggjöf sjálfstæðismanna varð til, á árinu 1946. Þau lög voru samþ. 1946, og áhrifa þeirra gætti 1947 og síðan. Það er talað um, að það hafi verið 600 lán að meðaltali á ári á árunum 1947—58 og meðaltalsupphæðin úr sjóðnum árlega 19.6 millj. kr. Það er þá rétt til gamans að athuga, hvað það er, sem var lánað t. d. 1960. Hvað voru lánin mörg 1960, t. d. úr ræktunarsjóði? Þau voru 863 — ekki 600, eins og tekið er fram í nál. hv. 2. þm. Sunnl., 863 lán. Og 1959 voru þau 854, svo að það þarf ekki að halda því fram, að árið 1960 hafi verið leifar frá 1959. Og hvað var mikið lánað úr ræktunarsjóði á árinu 1960? Það voru ekki 19.6 millj., eins og að jafnaði á árunum 1947—58. Það voru 49 millj. 657 þús. Og tökum byggingarsjóðinn. Meðaltal á árunum 1947—58 samkvæmt nál. er talið hafa verið 170 lán á ári og lánað úr sjóðunum alls 101 millj. kr. En á árinu 1960 eru 199 lán veitt úr byggingarsjóði og 13.3 millj. kr. á þessu eina ári, en 101 millj. lánuð úr sjóðunum alls til ársloka 1958. Ég held, að þetta afsanni það, sem hv. framsóknarmenn vilja láta skína í, að landbúnaðurinn hefði búið við meiri lánsfjárskort undanfarin ár, ef sjálfstæðismenn hefðu átt að sjá fyrir sjóðunum. Ég er alveg sannfærður um það, að hv. þm., sem hér eru inni, vita það í hjarta sínu, að það hefði ekki verið verr séð fyrir sjóðunum, þótt sjálfstæðismenn hefðu farið með þessi mál undanfarið, — ekki verr. Þeir munu vera margir, sem trúa því, að það hefði verið betur gert. En það er eitt, sem þarf að athuga líka, að síðan núv. ríkisstj. kom til valda, hefur hún útvegað lánasjóðum landbúnaðarins innlent fé til þessara lána, en ekki erlent fé. Og það er það, sem vitanlega hefur geysilega mikla þýðingu. Ef sjóðirnir hefðu fengið innlent fé undanfarinn áratug, væri vitanlega ekki um neitt gengistap að ræða nú, og þá væri hægt að láta landbúnaðinn hafa enn meira fé en gert er ráð fyrir með þessu frv. Þá gæti þessi 21 millj., sem ríkissjóður leggur nú árlega fram, farið til aukinna útlána í landbúnaðinum, en þá þyrftu ekki 9 millj. af 21 millj. að fara til þess að greiða gengishalla, sem er afleiðing þess, að skakkt var á haldið í þessum málum, og þar ber vitanlega hv. 1. þm. Austf. stærsta ábyrgð, sem var á þessum tíma fjmrh. og lét sjóðina taka erlendu lánin, án þess að nokkur fyrirhyggja fylgdi, í stað þess að láta þá ríkissjóð taka lánin og endurlána í ísl. krónum, ef ekki var unnt að fá innlent fé. Og ekki gerði hv. þm. till. um að hækka framlag ríkisins á fjárlögum til sjóðanna á þessum árum.

Það er undrunarefni, hvernig hv. 1. þm. Austf. talaði hér. Það er hreint undrunarefni af jafnþingvönum manni, sem oft heldur vel á máli sínu, þá held ég, að það hafi margir undrazt, hvað hann hélt illa á máli sínu hér áðan, og ég afsaka það með því, að hv. þm. hafi fundið, að á bak við fullyrðingarnar voru ekki staðreyndir. Það voru ekki staðreyndir. Hv. þm. gerði 1% gjaldið að umtalsefni, og það er það, sem á að verða þess valdandi að gera hreina byltingu í

íslenzkum landbúnaði, leggja landbúnaðinn í eyði, því að það getur ekki verið það, að stofnlánadeildinni er ætlað að fá í framlag 60.5 millj. kr. Það getur ekki heldur verið það, að ríkissjóður ætlar að greiða á móti 1% gjaldinu 8—9 millj. kr. Það getur ekki heldur verið það, að 4 millj. eru áfram ætlaðar í þetta, eins og verið hefur, og það getur ekki heldur verið það, að neytendurnir ætla að leggja landbúnaðinum til 5½—6 millj. kr., eins og gerist sums staðar í nágrannalöndunum með sama hætti. Nei, það er þetta 1% gjald, það er skaðvaldurinn, m. a. vegna þess, að það á ekki að ganga inn í verðlagið. En þessi sami hv. þm. gerist talsmaður að því, að það verði framlengt ½% gjald á búvörur bænda til bændahallarinnar. Það er enginn skaðvaldur. Það gengur ekki heldur inn í verðlagið.

Hv. þm. talaði um, að 1% gjaldið sé 1700 kr. Það getur vel verið, ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út. En ef 1% gjaldið er 1700 kr., þá er ½% gjaldið 850 kr., og það munar þá eitthvað um það, því að þessar 850 kr. ganga sennilega til þess að greiða hallarekstur á hóteli hér í Reykjavík. En 1% gjaldið á að verða til þess að auka útlán til landbúnaðarins, og það er alveg óþarfi fyrir hv. 1. þm. Austf. að hneykslast á því, þó að um það sé getið í nál. meiri hl., að 1% gjaldið jafni nokkuð á milli hjá bændastéttinni, þannig að þeir, sem eru betur settir, þeir, sem hafa byggt upp og ræktað á ódýrum tíma, eru í raun og veru með þessu að hjálpa þeim, sem á eftir eru og eiga framkvæmdirnar eftir. Þeir eru að því. Og með þessu er stuðlað að því, að lánin verði aukin.

Ég vék aðeins að því áðan, hvers virði það hefur verið að hafa 75% heimildina í lögunum, sem hv. framsóknarmönnum þykir nú sjálfsagt að hafa áfram. Það er ekki það, sem vantar. Það vantar ekki heimildir. Það vantar ekki heimild til þess að lána, og það vantar ekki nýjar lánadeildir við Búnaðarbankann. Það, sem hefur vantað, og það, sem vantar nú, eru peningar. Ég tel, að það sé mikil ofdirfska hjá hv. framsóknarmönnum að halda því fram, að sjóðirnir hafi í rauninni verið með miklum blóma í árslok 1958, þegar þeir fóru frá völdum, að sjóðirnir hafi þá átt 105 millj. kr. fram yfir eignir. (**Gripið fram í:** Það er staðreynd.) Það er staðreynd, segir hv. 3. þm. Vesturl., og er auðheyrt, að hann ætlar ekki að taka rökum. Hann ætlar að halda áfram að fullyrða út í bláinn. Ég verð þó að segja það, að hv. 1. þm. Austf. veikir málstað hv. 3. þm. Vesturl., því að hv. 1. þm. Austf. viðurkenndi hér áðan, að yfirfærslugjaldið hafi verið komið á 1958, 55% yfirfærslugjald á allar erlendar skuldir sjóðanna. Þetta viðurkennir hv. 1. þm. Austf. Hvort er það af því, að hann hefur sett sig betur inn í málið eða hann er ekki eins kaldrifjaður og hv. 3. þm. Vesturl.? Það ætla ég ekkert að dæma um, en ég virði það við hv. 1. þm. Austf., að hann viðurkennir þarna sannleikann að nokkru leyti. Skuldir búnaðarsjóðanna höfðu nefnilega hækkað um 55% vegna bjargráðanna 1958, og það er óhætt að draga það frá þessum 105 millj. Þetta hélt ég, að hv. 3. þm. Vesturl. vissi og hefði gert sér grein fyrir. En hann ætlar bara að þræta. Hann ætlar að þræta, alveg eins og óþægur krakki. Það hefði verið ástæða til þess að gera hærri kröfu til hv. þm. heldur en það, að hann héldi áfram að þræta, þegar spilin eru lögð á borðið. Og þegar formaður flokksins, hv. 1. þm. Austf., kemur upp um hann og játar, að þm. hafi ekki sagt satt, þá er ekki möguleiki lengur til að þræta, hv. 3. þm. Vesturl. Hv. 1. þm. Austf. hefur viðurkennt, að yfirfærslugjaldið hafi verið komið á 1958, og það vita allir. Erlendu skuldirnar höfðu hækkað um 55%. Hvað þær voru miklar þá? Ég hef ekki haft tíma til að fletta upp í þessu, en ég hygg, að þarna sé um 40 millj. kr. að ræða. Ég hygg, að hér sé um 40 millj. kr. að ræða, 35 eða 40. En það gerðist meira á árinu 1958 heldur en það að lögfesta bjargráðin. Það gerðist miklu meira, því að þessi ógæfusama og giftulausa vinstri stjórn, það var hún sem felldi gengi ísl. krónunnar. Í árslok 1958 var búið að grafa undan búnaðarsjóðunum eins og svo mörgu öðru, og það eru afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu og þeirra vandræða, sem við súpum seyðið af. Það er það, sem nú er verið að bjarga og hefur verið hlutverk núv. ríkisstj. að bjarga, og það hefði verið ástæða til þess, að hv. stjórnarandstaða hefði viljað viðurkenna þetta og sýna einhverja viðleitni í því að þakka fyrir, að það voru menn, sem vildu taka að sér björgunarstarfið og þorðu að koma með tillögur, sem dugðu til björgunarinnar, þótt þær virtust vera óvinsælar í bili. Hv. framsóknarmenn þurfa ekki að láta sér detta í hug, að þetta fari fram hjá öllum almenningi í landinu. Allur almenningur í landinu veit, hvað hefur gerzt. Allur almenningur í landinu veit, hvers vegna vinstri stjórnin fór frá, og allur almenningur í landinu man skilnaðarorð þáv. forsrh., játninguna, sem verður ekki komizt hjá fyrir hv. framsóknarmenn að geyma sér í minni. Hún verður alla tíð, sú setning, letruð á spjöld sögunnar, vitnisburður um það, hvernig það er að fela slíkri samsteypu völdin í landinu. Og er vonandi, að sá lærdómur, sem af þessu fékkst, komi í veg fyrir það um alla framtíð, að sú ógæfa eigi að ske aftur.

Ég held, að það sé ekki þörf á því að tala langt mál út af þessu atriði. Ég held, að það séu allir nú orðnir sannfærðir um, að gengisskráningin í febrúar 1960 var óhjákvæmileg og nauðsynleg vegna þess, hvernig komið var, þegar vinstri stjórnin fór frá. Það játa það allir nú, að það er ekkert vit í því að búa við falskt gengi. Það grefur undan heilbrigðu efnahagslífi og býður heim alls konar spillingu, og þetta játuðu hv. framsóknarmenn, þegar þeir voru komnir í ríkisstj. 1950 með sjálfstæðismönnum. Þeir voru dálítið í vafa, á meðan þeir voru utan stjórnar, 1949, en um leið og þeir voru komnir í ríkisstj., fannst þeim, að það væri alls ekki sæmandi að búa við falskt gengi, og þess vegna stóðu þeir að því að skrá krónuna rétt í ársbyrjun 1950. Og eins og það var sjálfsagt að skrá krónuna rétt þá, eins var sjálfsagt fyrir ábyrga ríkisstj. 1960 að gera það sama. Og það var ekkert annað gert en að skrá krónuna á því verði, sem hún raunverulega var 1960. Og ef vinstri stjórnin hefði ekki komið til skjalanna, hefði þetta ekki komið til. Ef framsóknar-

menn hefðu ekki hlaupið út í ævintýrið 1956, en haldið áfram að vinna með sjálfstæðismönnum að þeim till., sem fram voru lagðar í ársbyrjun 1956 um stöðvun dýrtíðarinnar, þá hefði verið hægt að komast hjá mörgum vandræðum, sem vinstri stefnan leiddi yfir þjóðina á tæplega hálfu þriðja ári. Og mig undrar það, að hv. framsóknarmenn skuli hafa þrek til að tala um þessi mál í þeim tón og með þeim orðum, sem þeir nú gera. Ég held, að þeir yrðu menn að meiri, ef þeir viðurkenndu, að svona var komið hjá búnaðarsjóðunum. Þeir urðu gjaldþrota vegna þess, að illa var á haldið, og það þarf stórt átak til þess að rétta þá við. Og nú með þessu frv. er það gert, sem hefði þótt hrein fjarstæða áður, að ríkissjóður legði svo mikið fram sem ætlazt er til að hann geri nú. Og ég fullyrði, að framsóknarmenn hafa ekki, fyrr en þetta frv. kom fram, látið sér detta í hug að gera hærri kröfur á hendur ríkissjóði en það, að hann tæki að sér að greiða 9 millj. kr. á ári, sem er gengishalli. En þegar þetta frv. er komið fram, sníða þeir sínar brtt. að mörgu leyti með hliðsjón af frv. Þeir leggja t. d. til, að ríkissjóður leggi fram 25 millj. kr. á ári og auk þess verði gengishallinn bættur á annan hátt. Þannig leggja þeir til, að stofnlánadeildin fái árlegar tekjur svipaðar og þær, sem lagt er til með þessu frv. Út af fyrir sig er það virðingarvert, að þeir hafa skilið, að með því að ætla svipaða upphæð og frv. gerir ráð fyrir er undirstaðan lögð að þessari stofnun, sem byggir sig ört upp og verður traust og mikils megandi. En þá er rétt, um leið og stjórnarandstaðan leggur þetta til, að ríkissjóður greiði 25 millj. kr. á ári, að hafa í huga, að þrátt fyrir 55% yfirfærslugjaldið 1958 og þrátt fyrir það, þótt fyrrverandi fjmrh., sem þá var, viðurkenndi, að yfirfærslugjaldið græfi undan búnaðarsjóðunum, þá lagði þessi ráðherra ekki til að hækka framlag ríkissjóðs haustið 1958, þegar hann lagði frv. til fjárlaga fram fyrir árið 1959. Aðeins þetta er dæmi um það, hversu framsóknarmenn voru slappir á þessu sviði, á meðan þeir voru við völd. Og slappleikinn fer ekki af þeim, fyrr en þeir eru komnir frá völdum. Þá er, eins og sagt var hér í dag af hv. frsm. meiri hl., ósköp auðvelt að skrifa till. og leggja til, að ríkissjóður greiði þetta og þetta, í fullkomnu ábyrgðarleysi. Og það hefur einkennt hv. framsóknarmenn á þessu þingi ábyrgðarleysi, fullkomið ábyrgðarleysi. Það hefur ekki staðið á þeim að gera till. um aukin útgjöld úr ríkissjóði, ekki bara til búnaðarsjóðanna, heldur líka til togaranna, til verkamannabústaðanna, til byggingarsjóðs ríkisins. Allt á að greiðast úr ríkissjóði, nokkrir tugir millj. í hverja stofnun, og það sjá allir, að þetta er ábyrgðarleysi. Svona till. mundu þessir hv. þm. alls ekki flytja, ef þeir bæru nokkra ábyrgð. Og ég segi það aftur, að framsóknarmenn hækkuðu ekki framlag ríkissjóðs, gerðu ekki till. um að hækka framlag ríkissjóðs á fjárlögum 1959. Eftir að þeir höfðu grafið undan búnaðarsjóðunum og aukið erlendar skuldir þeirra um 35 eða 40 millj., þá gera þeir enga tilraun til þess að bæta þann halla. Það átti að bíða eftir næstu stjórn.

Það er ýmislegt í nál., sem hér er á þskj. 664, sem væri gaman að rifja svolítið upp og tala um. En það gæti orðið of langt mál, ef maður færi ýtarlega í það. Það er t. d. talað hér um tvær gengisfellingar, og það er auðheyrt, að sá, sem skrifar undir þetta nál., er sama sinnis og ýmsir fleiri framsóknarmenn, sem hafa talað í þessu máli, að þeir finna enga sök hjá sér í því, hvað gengi ísl. krónunnar er í dag, heldur bara fullyrða þeir það: Ríkisstj. fellir gengið, — alveg eins og hún geri þetta bara að gamni sínu og án þess að nokkur nauðsyn liggi þar á bak við. Það er talað um það sem eitthvert undrunarefni, að Seðlabankinn skuli vera látinn reikna út, hvað er rétt gengi á hverjum tíma. Það er talað um það eins og einhver undur, og mig minnir, að það væri 6. þm. Sunnl., sem fór nokkuð mörgum orðum um það hér í dag. En þetta er það, sem gerist meðal menningarþjóða. Það eru öll Evrópulönd vestan járntjalds, að einu undanteknu, sem hafa þessa aðferð, og ef ekki er meiningin að búa við falskt gengi, hlýtur það að vera rétt og eðlilegt að láta færustu menn reikna það út á hverjum tíma, hvað krónan raunverulega er. Það er þess vegna ekki hér um neina sök að ræða á hendur núverandi ríkisstj. Það væri miklu nær að fara viðurkenningarorðum um það, að núverandi ríkisstj. hefur tekið upp þá stefnu að búa ekki við falskt gengi, heldur hafa rétt gengi og stuðla að því að vinna gjaldmiðlinum traust á ný, sem alveg var þorrið áður. Og það má segja, að það sé þegar orðið mikið ágengt í því efni, með því að safna talsverðum gjaldeyrisvarasjóði, með því að nú væri meiri möguleiki og er meiri möguleiki á því að fá lán erlendis en áður var til framkvæmda í landinu, vegna þess að það er ljóst, að þjóðin er að vinna sér traust á ný meðal menningarþjóða. Og það væri vissulega ánægjulegt, ef það væri enginn vafi á því, að þetta mætti takast. Það væri þess vegna illa gert, ef enn á ný væri reynt að koma í veg fyrir, að það tækist. Það var unnið skemmdarverk hér s. l. sumar, sem hefur tafið nokkuð fyrir, en hefur ekki, sem betur fer, komið í veg fyrir þá viðreisn, sem stefnt er að. Það hefur tafið fyrir og ekki meira.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala hér um 10 ára áætlun, sem Stéttarsambandið hefur látið gera og ég er fyllilega samþykkur. En ríkisstj. er nú með fimm ára áætlun. En það má vissulega hafa hliðsjón af þessari tíu ára áætlun, þó að það sé bútað niður í fimm ár.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um, að það kæmi fram, að s. l. áratugur hefði verið einn mesti framkvæmdatími í landbúnaðinum, og þetta gerðist þrátt fyrir gengisbreytinguna 1950. Eða var það kannske vegna þess, að 1950 var ákveðið að skrá krónuna rétt? Bændurnir kvörtuðu vorið 1950, 1951 og 1952 um hátt verð á landbúnaðarvélum, alveg eins og nú. En 1953 og 1954 var komið jafnvægi á í verðlagi landbúnaðarvélanna og verðskráningu afurðanna. Og þetta vitanlega endurtekur sig enn. Ég vona, að áratugurinn 1960—70 verði ekki síðri í uppbyggingu landbúnaðarins en fyrri áratugur.

Á árunum 1950—60 voru ræktaðir að meðaltali 3600 hektarar lands á ári, 36000 hektarar á þess-

um tíu árum. Og það þótti gott. Nú hefur verið talað um það í sambandi við þessar umr., að ræktunin hefði gengið mikið saman, síðan núverandi ríkisstj. kom að völdum. Mig minnir, að hv. 2. þm. Sunnl. hafi eitthvað talað um, að það væri fjöldi jarða að fara í eyði í okkar blómlega kjördæmi. En sem betur fer get ég upplýst, að það er ekki. Það er ein jörð í Flóanum, sem ekki er búið að byggja, bóndinn ætlar að fara þaðan, allar líkur til þess, að það verði. Þessar Fljótshlíðarjarðir, sem talað var um, það er búið að ráðstafa þeim. Og þess skal getið, að 1959 var ræktunin mest á s. l. áratug, það var 4000 ha. 1960 fór ræktunin niður í 3650 hektara, minnir mig, en á árinu 1961 var ræktunin 3900 ha. — eða 3950 ha., telur Arnór Sigurjónsson að það geti verið. Ég talaði við hann í dag. Hann fullyrti, að það væri 3900—3950 ha. Það væri aðeins fyrir neðan það, sem var 1959, en það er langt fyrir ofan það, sem var á árunum 1950—60, önnur ár, því að það var 3600 til jafnaðar.

Þetta er samdrátturinn í ræktuninni, síðan núverandi ríkisstj. kom til valda. En það er víst þetta frv. þá, sem á að verða þess valdandi, að það dragi úr ræktuninni. Og ég man það 1959 og 1960, hvað hv. framsóknarmenn sögðu hér í sambandi við framleiðslu landbúnaðarvara. Það hafði nefnilega skeð á árinu 1959, að það þurfti að flytja inn smjör, vegna þess að landbúnaðarframleiðslan var ekki nóg. En hvers vegna þurfti þess? Það var m. a. vegna þess, að bændur höfðu búið við mikinn halla af útflutningi á landbúnaðarvörum. Og þeir sáu í hendi sér, að það borgaði sig ekki að framleiða meira en svo, að það nægði á innlendum markaði. 1958 vantaði 22 aura á verðið hjá bændum á Suðurlandi, vegna þess að þeir þurftu að flytja út ost. Og ég heyrði marga bændur tala um, að það þýddi ekkert að vera að framleiða meiri mjólk, vegna þess að þeir fengju þetta bara heim og þeir yrðu að bera hallann af því, sem flutt væri út. Af þessum ástæðum fjölgaði kúnum ekki 1958 og 1959. Af þessum ástæðum varð að flytja inn smjör um það leyti, sem núverandi ríkisstj. var að komast til valda. En hvað hefur gerzt síðan, s. l. tvö ár? Mjólkurframleiðslan óx 1960 um 9 eða 10% og eitthvað svipað s. l. ár. Það þarf ekki að flytja inn smjör núna, en það þarf að flytja út landbúnaðarvörur eins og 1958, sem var aðallega framleiðslan 1957. Og hvernig var það með þessa virðulegu stofnun, búnaðarþing 1958? Hún talaði mikið um halla á útflutningnum, sem bændur yrðu að bera. Þá var hv. 1. þm. Austf. fjmrh. Þá bauðst hann ekki til þess að opna ríkiskassann til þess að borga bændum útflutningsbætur, þótt sjávarútvegurinn þá fengi fullar bætur á það, sem hann flutti út, og þá kom engin till. frá hv. 3. þm. Vesturl. eða öðrum hv. framsóknarmönnum um það, að ríkissjóður bætti bændunum þennan halla. Nei, þeir skyldu bera hann sjálfir. Þá fengu þeir verð langt undir því, sem skráð var og þeim var gert að fá skv. útreikningum sex manna nefndarinnar. Hvað hefur gerzt síðan? Bera bændur þennan halla núna? Nei, á s. l. verðlagsári greiddi ríkissjóður 18 millj. kr. til bænda til þess að forða þeim frá þessum halla, og það er gert ráð fyrir, að á þessu verðlagsári verði það 45—50 millj., vegna þess að framleiðslan hefur aukizt. Það þarf að flytja meira út en áður. Á þessu verðlagsári þarf að flytja út a. m. k. 3000 tonn af dilkakjöti. Það þarf að flytja út mikið af mjólkurdufti, sem lítið verð fæst fyrir, og það er nú í fyrsta sinn, sem tekst að útvega bændum fullt grundvallarverð. Mér er sagt, að mjólkursamsalan hér í Reykjavík hafi haldið aðalfund nú á föstudaginn, og þá kom það fram, að hún gat skilað alveg fullu verði, eins og reyndar tókst í fyrra hér um bil, en útkoman er þó enn betri nú, og mjólkurbúin úti um land, þau vitanlega njóta þess, að mjólkurduftið, sem annars fengist sama sem ekkert fyrir, er borgað fullu verði.

Það er eðlilegt, að hv. 1. þm. Austf. tali um, að það hafi ný stefna verið tekin upp í landbúnaðinum. Það er eðlilegt, að hann spyrji að því, hvernig bændur væru á vegi staddir, ef sjálfstæðismenn hefðu farið með þeirra mál undanfarin ár. Það er áreiðanlegt, að það eru margir bændur, sem spyrja að því, hvernig þeir hefðu farið að, ef sjálfstæðismenn hefðu ekki komizt til áhrifa öðru hvoru. Það eru margir bændur, sem spyrja að því, hversu fólksflutningurinn hefði verið miklu meiri úr sveitum landsins á stríðsárunum, ef verðlagningin hefði ekki verið leiðrétt, þegar sjálfstæðismenn fengu tækifæri til 1942. Það eru margir bændur, sem vita, að það var hrein björgunarstarfsemi, sem þá var gerð, eftir að framsóknarmenn höfðu haldið landbúnaðinum í svelti í áratug eða meira. Og það eru líka margir bændur, sem vita, að landbúnaðarlöggjöfin, sem ég minntist á áðan, varð til, þegar sjálfstæðismenn fóru með landbúnaðarmálin, og margir, jafnvel þeir, sem eru velviljaðir framsóknarmönnum, efast um, að sú löggjöf hefði orðið til, ef framsóknarmenn hefðu verið í stjórn. Ég skal ekkert fullyrða um það, því að ég vil viðurkenna, að sumir hv. framsóknarmenn vilja jafnvel gera eitthvað til gagns í þessu, en staðreyndirnar bara tala sínu máli. Staðreyndirnar eru þær, að sjálfstæðismenn skáru á sultaról bændanna 1942 og komu í veg fyrir, að það yrði óstöðvandi flótti úr sveitunum á stríðsárunum. Staðreyndirnar eru þær, að þegar framsóknarmenn voru ekki í stjórn á árunum 1944—46, var ein merkasta landbúnaðarlöggjöf gerð hér á hv. Alþingi, lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, og það var þá, sem uppbygging sveitanna hófst fyrir alvöru, og það var þá, sem hætt var að tala um þessi smáu lán, sem um getur í nál. hv. 2. þm. Sunnl. Og ég hygg, að sagan og náin framtíð eigi eftir að sanna það og viðurkenna það, að núv. ríkisstj. hafi hafið björgunarstarfsemi með ýmsu af því, sem hefur verið lögfest landbúnaðinum til hagnaðar, síðan núv. stjórn komst til valda. Það verður áreiðanlega tekið eftir því, að landbúnaðurinn er eini atvinnuvegurinn, sem hefur verð- og sölutryggingu á sinni framleiðslu, og það er vitað, að þessi trygging fékkst ekki, fyrr en sjálfstæðismenn fengu þessi mál til meðferðar. Ég hef talað við marga bændur, framsóknarbændur líka, sem viðurkenna þetta og kunna að meta það. Ég lái hv. framsóknarmönnum hér á Alþingi

ekki, þó að þeir tali lítið um þetta. Ég lái þeim það ekki, en ég lái þeim, að þeir skuli setja upp hræsnissvip og reyna að snúa öllu við. Hv. 1. þm. Austf., sem hefur lengi verið fjmrh. og átti þess kost að opna ríkiskassann og lagfæra fyrir bændastéttinni, en hefur látið það ógert, ætti að láta það vera að tala eins og hann gerði hér áðan, og ég segi það, að hann mun sjá eftir því seinna að hafa gert það.

Og þá er rétt að svara því, sem hv. 2. þm. Sunnl. vildi fá svar við, hvers vegna hv. framsóknarmenn ættu að iðrast þess að hafa tekið svo á þessu máli sem þeir gera. Ég er sannfærður um það, að þeir eiga eftir að sjá eftir því að hafa ekki verið með þessu máli, en talað svona fávíslega gegn því eins og þeir gera, því að reynslan mun sýna, að þetta mál er undirstaða að meiri uppbyggingu og meiri velgengni landbúnaðinum til handa en áður hefur verið. Þetta leysir lánamálin. Það kemur í veg fyrir það lánasvelti, sem landbúnaðurinn hefur búið við áður, því þó að búnaðarsjóðirnir hafi gert gagn, þá þýðir ekki sú nægjusemi, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf. áðan, þegar hann var að tala um, að það hefði verið vel að sjóðunum búið, þeir hefðu staðið sig ágætlega á þeim tímum, sem þeir lánuðu 25% af byggingarkostnaðinum, en heimild var í lögum til þess að lána allt að 75%. Þetta er of mikil nægjusemi, og það er einmitt vegna þessarar nægjusemi, sem þessi hv. þm. gerði ekkert til þess að bæta úr því, til þess að skapa möguleika fyrir því, — ekki að ná þessum 75%, heldur til þess að auka lánin og nálgast það meir en gert var.

Hv. þm. var að tala um það, hvað hefði skeð, ef við hefðum búið við þessa löggjöf undanfarin ár. Hvað hefði skeð? Það hefði bara skeð það, að nú væru sjóðirnir öflugir í stað þess að vera févana. Við skulum segja, að sams konar lög og þessi hefðu verið lögfest 1950, eftir síðustu gengisbreytingu, og af því að hv. 1. þm. Austf. var fjmrh. og taldi ágætt að láta sjóðina taka erlend lán, sem þeir hefðu vitanlega orðið að gera fyrstu árin, þá hefði verið einhver gengishalli, sem hefði verið auðvelt að bæta nú með miklu minni fjárhæð en lagt er til með þessu frv.

Það var nú hér um bil komið að því, að hv. 1. þm. Austf. ætlaði að þakka Framsfl. það, að heilmingur mótvirðissjóðsins hefur gengið til landbúnaðarins. Hann áttaði sig, áður en hann talaði af sér, og hætti við að fullyrða um það. Það er vitað mál, að sjálfstæðismenn áttu ekki minni þátt í því, og það má segja það hér, að Pétur Ottesen og Jörundur Brynjólfsson fluttu till. um þetta fyrstir, flokkarnir sameinuðust um það, og hefur landbúnaðurinn notið mikils góðs af að hafa fengið hálfan mótvirðissjóðinn að láni í Framkvæmdabankanum. Frá upphafi hefur verið lánað með vaxtahalla, 2½%, allan tímann þangað til nú, að bankaráð Framkvæmdabankans hefur fallizt á að lækka vextina á eldri lánum og þeim, sem seinna verða lánuð, í það, sem vextir búnaðarsjóðanna eru nú, og hefur gefið fyrirheit um að lækka vextina enn meira, ef vextir stofnlánadeildarinnar verða lækkaðir, þannig að það verði ekki vaxtahalli af þessu fé, eins og verið hefur. En það bætir vitanlega stórkostlega rekstraraðstöðu stofnlánadeildarinnar, að það verður ekki vaxtahalli af þessu fé, eins og verið hefur áður, þó að það verði ekki til þess að auka útlánin, vegna þess að þetta heldur áfram, en rekstraraðstaðan batnar stórkostlega.

Ég skrifaði eftir hv. 1. þm. Austf. þá setningu, að sjóðirnir hefðu staðið sig ágætlega í árslok 1958, alveg prýðilega, enda þótt hann hafi ósjálfrátt gefið hv. 3. þm. Vesturl. nokkra ofanígjöf með því að viðurkenna, að yfirfærslugjaldið hefði verið komið til sögunnar, sem hefur numið 35—40 millj. kr. Næst þegar skrifað verður í Tímann um þetta, verður sennilega ekki sagt 105 millj., heldur — hvað ætli það verði? — 70 millj. eða 65, — ég a. m. k. reikna með því, að hv. 3. þm. Vesturl., þótt hann vilji vera staffírugur nú, þá vilji hann í reyndinni hafa það, sem sannara reynist, og segja bara 65—70 millj. næst í staðinn fyrir 105 millj. En hitt mun hann ekki viðurkenna, sem er þó staðreynd, hann fæst sennilega ekki til að viðurkenna það, að sjóðirnir hafi verið búnir að tapa miklu meira en þessu í árslok 1958. Sennilega verður reynt að hamra á því áfram, að gengisfellingin eða gengisskráningin 1960 sé bara vegna þess, að stjórnin hafi verið illgjörn og ráðlaus, en ekki að það hafi verið gert vegna þess, að gengið var fallið um það leyti, sem vinstri stjórnin fór frá. Ég reikna ekki með að fá slíka hreinskilni fram hjá hv. framsóknarmönnum. Þótt þeir viðurkenni þetta með sjálfum sér, þá gera þeir það ekki opinberlega. En hins ætlast ég til, að hv. 3. þm. Vesturl. leiðrétti það, sem augljóslega er skakkt tölulega, að 105 millj. kr. er skakkt, það eru 65—70 millj., ef hann vill taka tillit til þeirrar duldu gengisfellingar, sem gerðist við yfirfærslugjaldið.

Hv. 1. þm. Austf. margtuggði það, að það væri sjálfsagt, að ríkissjóður borgaði gengistapið, og það væri einkennilegt að vera að velta þessu yfir á bændurna, velta gengistapinu yfir á bændurna, eins og hann orðaði það. Hvernig er nú hægt að fullyrða svona, þegar það liggur fyrir, að gengistapið er 9 millj. kr. á ári skv. frv., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt? Í grg., sem þeir sjálfir hafa skrifað, segja þeir, að það sé 9 millj. á ári. En framlag ríkissjóðs skv. þessu frv. er 21 millj. kr. á ári og framlag neytendanna 5.5 eða 5.6, samtals 26 millj. kr. Þrátt fyrir þetta er verið að staglast á því, að það sé verið að velta gengistapinu yfir á bændur. Hvers konar málflutningur er þetta? Við hverja halda hv. framsóknarmenn að þeir séu að tala, eða fyrir hverja eru þeir að skrifa? Það sjá allir menn, að gengistöpin eru greidd af ríkissjóði og miklu meira en það. En það, sem bændurnir leggja til, er til þess, að það verði hægt að auka lánin langt fram yfir það, sem verið hefur.

Það, sem ég tel að þurfi að gera í sambandi við lánaaukninguna, er þetta: Ég tel, að það eigi að lána út á íbúðarhús a. m. k. 150 þús. kr. Auk þess fá margir, sem illa eru settir, 40 þús. kr. styrk að auki skv. þeim lögum, sem voru endurbætt hér á þinginu 1960, þannig að þeir, sem verst eru settir, ættu að fá 190 þús. kr. Ég tel, að í sambandi við útihúsabyggingar eigi að

meta byggingarnar eftir því, hvað hefur kostað að byggja, og það eigi að lána allt að 60% út á þessar framkvæmdir. Ef þetta er gert, verða lánin stórhækkuð líka út á þessar framkvæmdir. Í lögunum er heimild um 60%, og ef við byggjum fyrir 400 þús., þá eru það 240 þús. Ég get alveg tekið undir með hv. þm., að þetta þyrfti að vera svo. En fyrstu árin verður deildin að taka fé að láni, og ég segi: það þarf a. m. k. að vera 150 þús. plús þessi 40 þús., eða 190 þús., og æskilegast, að það gæti verið 240 þús. En það yrði mikil breyting frá því, sem verið hefur. Og það er eftirtektarvert og vert að leggja sér það á minni, að hv. framsóknarmenn gerðu enga till. um það að hækka lánin úr 75 þús. 1958, eftir að bjargráðin voru sett á, það voru aðeins 75 þús. kr. Haustið 1960 voru þessi lán hækkuð upp í 90 þús. og s. l. haust upp í 100 þús., sem er vitanlega allt of lítið. Auk þess tel ég sjálfsagt að lána út á dráttarvélar og aðrar vélar og stefna að því að lána út á bústofn, og ég þarf ekki að rekja það, sem gert er með þessu frv., það sýnir sig, hvernig það byggir sig upp, að sjóðirnir hafa eftir fá ár til árlegrar ráðstöfunar 100 millj. kr. og 1975 er þetta komið upp í 150 millj. kr. eigið fé til árlegrar ráðstöfunar. Þess vegna er það, að ef við hefðum búið við löggjöf sem þessa undanfarin ár, þá er ljóst, að við stæðum allt öðruvísi að vígi.

Það hefur verið talað um mótmæli búnaðarþings eða meiri hl. þess. Það var minni hl. búnaðarþings, sem vildi samþ. þetta frv. óbreytt, og því hefur verið haldið fram og það réttilega, að þessi minni hl. hafi bjargað heiðri búnaðarþingsins, vegna þess að þetta sama búnaðarþing, meiri hl. þessa sama búnaðarþings, leggur til og fer fram á það við Alþ., að það lögfesti á ný ½% gjaldið til bændahallarinnar, telur það sjálfsagt, en mótmælir því, að það verði lögfest gjald á búvörur til þess að byggja upp búnaðarsjóðina. Og því búnaðarþingi, sem kemur með tvær slíkar samþykktir inn í hv. Alþ., hafa sannarlega orðið mislagðar hendur að þessu sinni.

Ég skal ekki ræða það nánar, hver afstaða þess hefur verið, en þarna er raunaleg afstaða hjá meiri hl. þeirra manna, sem eiga að túlka skoðanir bændastéttarinnar. Það mun ábyggilega verða svipað, sem kemur fram hjá mörgum hv. búnaðarþingsmönnum, eins og væntanlega er hjá hv. þm. Framsfl., að þeir munu síðar meir sjá eftir því að hafa tekið þessu máli með svo mikilli þröngsýni.

Hv. 1. þm. Austf. var svo óheppinn hér áðan að fara að vitna í íbúðalánakerfið og talaði um, hvernig það liti út, ef ætti að fara að skattleggja launþegana og safna í sjóð til þess að lána í íbúðarhúsabyggingar. Þetta er nú svolítið öðruvísi með íbúðarhúsalánin í kaupstöðunum heldur en framkvæmdirnar í sveitunum. Íbúðarhúsalánin í kaupstöðunum eru með 8% vöxtum til 25 ára A-lánin, til 15 ára B-lán, og þessi B-lán eru vísitöluláin. Hvernig kjör eru þetta? Ég held, að það væri ekki æskilegt að miða lánstímann við það, sem hér er gert, ekki vextina heldur, eða fara að lána bændum hluta af lánum til framkvæmda með vísitöluskilyrðum.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um, að hér hefði verið minnzt á lífeyrissjóð vegna hræðslu, að við hefðum orðið hræddir við málið og þess vegna værum við farnir að tala um lífeyrissjóð í sambandi við þetta. Ástæðan til þess, að minnzt hefur verið á lífeyrissjóð í sambandi við það, er eingöngu sú, að það er ljóst, að með þessu skapast svo mikið fjármagn í stofnlánadeildina, að það verður hægt að taka, þegar tímar líða, hluta af þessu til lífeyrissjóðsstofnunar fyrir bændur. En það er annað mál en þetta, og það þarf vitanlega sérstaka löggjöf um það. Ríkisstj. mun gera ráðstafanir til þess, að þetta verði athugað gaumgæfilega með tilliti til lagasetningar í þessu efni, og þess vegna er vitanlega ekki ástæða til að ræða þetta sérstaklega hér, en að ég minntist á það við 1. umr., var eiginlega vegna þess, að Tíminn hafði verið að tala um málefnahnupl í þessu máli, af því að einn hv. þm. Sjálfstfl. benti á þennan möguleika. Það er vitanlega ekki málefnahnupl, vegna þess að þetta mál hefur verið á dagskrá hjá bændum mörg undanfarin ár, en engin leið verið eygð fram að þessu til þess að koma þessu á. Það væri vissulega ánægjulegt, ef það gæti orðið alvara úr því.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um útflutningsgjald sjávarafurða og að það væri ekki hliðstætt. Þó var það, að hann taldi, að útvegsmenn hefðu séð ástæðu til að mótmæla hækkun á þessu gjaldi. En hvað er útflutningsgjaldið á sjávarafurðum núna? Það er 6.15%, og auk þess er gert ráð fyrir 1¼% til viðbótar, þannig að þetta gæti orðið 7.4%. Útvegsmenn telja, að þetta sé orðið of mikið, nema þeir fái aftur til baka í einhverju formi hluta af því, sem hefur verið gert í sambandi við tryggingarnar, það er þeim endurgreiðsla. En það er hluti af þessu, sem hefur staðið í mörg ár, 1.8%, sem hefur gengið í fiskveiðasjóð, og ég fullyrði, að það er enginn útvegsmaður, sem vill afnema það, vegna þess að útvegsmenn skilja, að þeim er nauðsynlegt að byggja upp fiskveiðasjóðinn. Og þegar hv. framsóknarmenn eru að tala um að heimta sama rétt fyrir bændur og útvegsmenn, þá er rétt að minnast þess, að útvegsmenn hafa lengi greitt 1.8% af verði fisksins í fiskveiðasjóð, sem gerir núna nokkra tugi millj. á ári, en þeir hafa fengið úr ríkissjóði samtímis 2 millj. kr. á ári. Þetta er það, sem ríkissjóður hefur greitt til útgerðarinnar, og við skulum ekki tala um þetta, um leið og við tölum um búnaðarsjóðina, vegna þess að útvegsmenn leggja fram sjálfir að langmestu leyti það, sem kemur í fiskveiðasjóðinn, en bændunum er ekki ætlað að leggja nema lítinn part af því, sem fer í stofnlánadeildina.

Það er ánægjulegt til þess að vita, að hv. 1. þm. Austf. er nú kominn að þeirri niðurstöðu, að það séu álögur á útveginn, útflutningsgjaldið, það var ekki fyrri partinn á þessum vetri. Þá var því haldið fram, að útvegurinn fengi þetta bætt gegnum verðlagið og það gerði honum ekkert til, þó að það væri útflutningsgjald. En vitanlega fær útvegurinn þetta ekki bætt gegnum verðlagið, vegna þess að hann hefur enga verðtryggingu nú og verður að sæta markaðsverði á hverjum tíma.

Ég er búinn að tala nokkuð lengi, og það er

orðið áliðið tímans, en ég get ekki hjá því komizt að bæta nokkru við, vegna þess að hv. 1. þm. Austf. var að tala hér áðan um lánakjör íslenzkra bænda og lánakjör erlendra bænda. Ég hef hér fyrir framan mig grein um lánakjör danskra bænda, og ég vil til upplýsinga, með leyfi hæstv. forseta, aðeins í stuttu máli skýra frá því, hvernig lánakjör landbúnaðarins danska eru. Það eru 7% af 20 ára lánum, 6½% af 18 ára lánum, 6½% af 16 ára lánum, 6½% af 14 ára lánum, 6½% af 12 ára lánum, 6% af 10 ára lánum, 6% af 8 ára lánum og 6% af 6 ára lánum. Ég held, að þetta sé ekki betra en það, sem lagt er til að verði í þessu frv., því að það eru 7% af 20 ára lánum, en það eru 6% af 42 ára lánum skv. þessu frv., eins og það er núna, og 6½% af 20 ára lánum samkv. þessu frv., en ekki 7%, eins og danskir bændur verða að borga. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Austf. hafi talað eins og hann gerði um þetta bara af hreinni vanþekkingu, og tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það og sjálfsagt að fyrirgefa slíkt. (Gripið fram í.) Lánaskatt? Ég hef ekki fengið upplýsingar um, hvort þeir borga það, sem þessi hv. þm. kallar lánaskatt. En eitt veit ég, að í Noregi er nokkuð svipað og gert er ráð fyrir að lögfesta hér, og gæti það þá alveg eins verið í Danmörku. **Það er sjálfsagt að** athuga, hvort þar er um hliðstæðu að ræða. En ég býst við því, að danskir bændur geri sér alveg fyllilega grein fyrir því, hvers virði það er fyrir þá að fá löng lán og há lán, og að þeir væru vísir til þess að vera einmitt búnir að finna upp eitthvert kerfi líkt þessu til þess að byggja upp þeirra lánastofnun.

Um brtt. minni hl. á þskj. 665 er ekki ástæða til að fara mörgum orðum. Þetta eru sams konar brtt. og fluttar voru í hv. Ed., og ræddi ég þær nokkuð þá. Það hefur verið sagt, og það er staðreynd, að þetta eru sýndartill. Það þarf ekki mörg orð um það, framlagið 25 millj. kr. á ári er sniðið eftir frv. og ætlað að ná sama marki, með því að árstekjurnar verði svipaðar. Þá þykir hv. minni hl. sjálfsagt að hafa 75% heimildina í lögunum áfram. Satt að segja legg ég ekki til, að það sé 75% heimild, enda þótt það skaði ekki neitt að hafa þessa heimild. Það er bara leiðinlegt, ef það getur ekki verið raunhæft, og það er rétt að benda á það, sem einn hv. þm. skaut hér fram áðan, að það þyrfti að vera 240 þús. kr. lán út á íbúðarhús í sveitum, það er staðreynd, en einmitt 60% af byggingarkostnaðinum gerir a. m. k. 240 þús. Þess vegna held ég, að það sé nægjanlegt, a. m. k. nú fyrst um sinn, að miða við 60%. Vextirnir eiga að verða 3½—4%. Vitanlega verða vextir úr stofnlánadeild landbúnaðarins að vera eitthvað í samræmi við vexti annarra lánastofnana í landinu, og það verða ekki lækkaðir vextir aðeins í þessari einu stofnun, það hlýtur að ganga yfir allt. Það yrði þá að lækka vexti líka af lánum til íbúðarhúsa í kaupstöðum, verkamannabústaða o. s. frv. Það getur vel verið, að sá tími komi, að það þyki fært. En það er vitanlega útilokað, að hægt sé að taka einn sjóð, eina stofnun út úr. Það er till. um bústofnslánadeild hér, sem er vitanlega ekkert nema hrein sýndartill., því að það er heimild í þessu frv. um að lána út á bústofn. Það vantar ekki deild með sérstakri stjórn, það vantar féð. Svo eru hér till. um að hækka styrkinn úr 40 þús. í 50 þús. og aðrar hækkanir tilsvarandi. (**Gripið fram í:** Það er búið að fella þetta allt.) Það er búið að fella þetta allt, en það er eigi að síður rétt að ræða aðeins um þetta. Það er ástæða til, þó að þetta sé 3. umr., að minnast aðeins á till., og jafnvel þótt hv. flm. sé ekki beinlínis þægð í því, af því að það er orðið áliðið kvöldsins, þá held ég, að ég telji það ekki eftir. En það er ein till. hérna, sem ég tek mark á, og það er að hækka túnstærðina úr 10 í 15 hektara til þess að njóta þeirra hlunninda, sem þeir hafa notið, sem hafa ekki haft 10 hektara tún áður. En ég vil benda á það, að jarðræktarlögin hafa verið í endurskoðun, og það er ástæða til þess að ætla, að það verði flutt frv. um breyting á jarðræktarlögunum á næsta þingi, á næsta hausti. Ég teldi eðlilegt að taka þessar till. til greina, því að 10 hektara tún í dag er lítið tún, og þeir, sem hafa ekki stærra tún en 10 hektara, geta ekki heldur haft nema smábú. (**Gripið fram í:** Ráðh. felldi þessa till. í dag.) Ég felldi hana í dag með góðri samvizku á þeim forsendum, að jarðræktarlögin eru núna í endurskoðun og verður sennilega breytt á næsta þingi. (**Gripið fram í:** Hver efaðist um, að samvizkan væri góð?) Þessi till. þarf að komast þar inn.

Ef ég færi að taka til athugunar allar þær ræður, sem voru fluttar hér í dag við 2. umr., þá yrði það langt mál. En ég hygg, að ég sé nú búinn að svara mestu af því með því að taka aðallega síðustu ræðuna til meðferðar, ræðu hv. 1. þm. Austf. Ég held, að það séu aðalatriðin og ég geti þess vegna alveg sleppt því tímans vegna að fara út í ræðu hv. frsm. minni hl., hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) og hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Það var ekkert nýtt, sem þarna kom fram. Það var nokkuð svipað því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, og ég ætla þess vegna a. m. k. í bili að láta vera að taka þá nokkuð sérstaklega fyrir að þessu sinni og stytta mál mitt. En ég vil, áður en ég fer hér úr ræðustólnum, enn á ný leggja áherzlu á það, að með þessu frv. er gengið inn á nýja braut, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan. Það er gengið inn á nýja braut. En það er ekki óheillabraut. Það er braut framfara og uppbyggingar í íslenzkum landbúnaði, til þess að íslenzkur landbúnaður geti haldið áfram að blómgast og gegna því hlutverki í íslenzku þjóðfélagi, sem er nauðsynlegt að hann geri. Ég tek það ekki alvarlega, þótt hv. 1. þm. Austf. eða aðrir hv. framsóknarmenn láti að því liggja, að landbúnaðarmálin séu undir minni forustu nú komin á það stig, að bændur séu að gefast upp og flytja burt úr sveitum landsins í auknum mæli frá því, sem verið hefur. Ég ætla ekkert að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem bændur eiga oft og tíðum við að stríða, og bændur hafa alls ekki gert ráð fyrir því, að þeir gætu fengið batnandi eða blómlegri tíma fyrstu ár viðreisnarinnar. Bændur reiknuðu vitanlega með því eins og aðrir þjóðfélagsþegnar, að ráðstafanirnar kæmu eitthvað við þá eins og aðra þegna þjóðfélagsins fyrst í stað. En bændur hafa einnig komið auga á það og skilja

það, að með því að viðreisnin er að heppnast og rétt er stefnt í þessum málum, komast þeir út úr erfiðleikunum, eins og þjóðfélagið í heild mun vonandi gera. Það er ekki nema hrein fjarstæða, þegar verið er að tala um það, að nú séu jarðir að fara í eyði meira en verið hefur. Það er jafnvel minna auglýst nú af lausum jörðum en áður. Fólksflutningar úr sveitum eru ekki meiri nú en þeir hafa verið áður. Við skulum bara gera okkur grein fyrir því, að síðasta áratuginn, þó að framfarirnar væru svo miklar sem raun ber vitni, hafa til jafnaðar flutzt úr sveitunum 390 manns á ári síðasta áratuginn. En það er ekki meira nú síðustu tvö árin en var. 1920 var yfir 60% af þjóðinni í sveitum, en nú eru þar ekki nema 18%. En hvað er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir þessa fólksflutninga? Það er vitanlega með því að auka fjármagnið, sem í sveitirnar fer, og það er gert með því að fá árlega í stofnlánadeildina 25—26 millj. kr. annars staðar frá en frá bændunum. Með þessu frv. koma inn í stofnlánadeildina annars staðar frá en frá bændunum 25—26 millj. kr. á ári, en hefur verið aðeins 4 millj. kr. á ári. Þarna kemur nýtt fé inn í sveitirnar yfir 20 millj. kr. á ári skv. þessu frv. Þess vegna eru það hreinustu öfugmæli, þegar því er haldið fram, að þetta frv. verði til að hindra uppbyggingu í landbúnaðinum, þetta frv. sé árás á bændur. Þetta frv. tryggir áframhaldandi uppbyggingu í sveitunum og hindrar þann flótta, sem verið hefur úr sveitunum undanfarin ár.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er orðin ný hlið á hæstv. landbrh., sem við erum farnir að sjá hér á hv. Alþ. nú. Hann er farinn að verða svo fyndinn, að þegar hann flutti framsöguræðu fyrir þessu máli hér í hv. deild, þá var það ein svæsnasta svarræða, sem hér hefur heyrzt, því að öll ræðan var skammir um andstæðingana fyrir það, sem þeir hefðu sagt í hv. Ed. og þeir mundu sennilega segja hér í þessari hv. d. Hann vék hins vegar ekkert að því, hæstv. ráðh., að skýra málið fyrir hv. deildarmönnum, og var rétt farinn úr ræðustóli án þess að muna eftir að biðja hæstv. forseta að vísa málinu til n. og 2. umr., þegar umr. væri lokið.

Hér í ræðu sinni áðan eyddi hann löngum tíma í það, hæstv. ráðh., að tala um till., sem búið var að fella. Þetta er allmikil fyndni hjá þessum hæstv. ráðh., og hefur hann þó ekki verið sérstaklega þekktur fyrir það. Út af fyrir sig er ekki nema gott um það að segja, að hæstv. ráðh. bæti sig á einhverju sviði.

Nú ætla ég ekki að fara út í almennar umr. í sambandi við það, sem ég ætla að segja hér að þessu sinni, því að ég hef ekki hugsað mér að tala hér langt mál. En hæstv. ráðh. sagði okkur frá því, að hjá öllum menningarþjóðum væri gengisskráningin á valdi seðlabankans. Þeir hafa seint áttað sig á þessu, hv. stjórnarsinnar, því að á síðasta Alþ. létu þeir afgreiða lög um Seðlabanka Íslands, en gleymdu þessum menningarþætti, en tóku sig svo á í sumar og töldu, að skv. stjórnarskrá Íslands bæri brýna nauðsyn til þess að leiðrétta þessa gleymsku þeirra og nú skyldi Seðlabankanum fengið valdið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekkert verið hægt að gera í málefnum landbúnaðarins, fyrr en búið hefði verið að setja löggjöf m. a. um ræktunarsjóð Íslands, sem hefði verið sett 1946. Lögin um ræktunarsjóð Íslands munu þó hafa verið samþ. hér á hv. Alþ. í maí 1947. En það er ekki mikil missögn hjá þessum hæstv. ráðh., þótt geigi um nokkra mánuði og færist á milli ára.

Þá sagði hæstv. ráðh., áður en hann fór úr ræðustóli, að frv. væri gert til þess að auka fjármagn í sveitum landsins. Ég sýndi fram á það í ræðu minni við 1. umr. þessa máls, að á stjórnartímabili Framsfl. hefði verið veitt inn í sveitir landsins í lánum 300—400 millj. kr., en í tekjur skv. þessu frv. ættu að koma úr sveitum landsins yfir 600 millj. kr. Ekki mótmælti hæstv. ráðh. þessum staðreyndum frekar en öðrum í ræðu minni.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki farið rétt með, þegar ég gat um höfuðstól sjóðanna, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, í árslok 1958. Ég skora á hæstv. ráðherra að láta birta reikninga þessara sjóða og vita, hvort þessar staðreyndir standast ekki. Ræktunarsjóður átti þá höfuðstól 61.7 millj. kr. og byggingarsjóður 43.3 millj. Þetta gera 105 millj. kr., og þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að vera að mótmæla þessum staðreyndum. Þessar tölur fékk ég frá starfsmönnum sjóðanna, og þær verða ekki vefengdar.

Ég gerði hæstv. ráðherra fullkomlega grein fyrir gengismálinu hér um daginn og sýndi líka fram á, að það væri ekki annað en einn þáttur í atvinnumálum Íslendinga, sem ætti að leiðrétta fyrir þennan atvinnuveg eins og aðra. Og ég sundurliðaði meira að segja í ræðu minni, hvað tilheyrði yfirfærslugjaldinu, gengisfallinu 1960 og gengisfallinu 1961. Hæstv. ráðherra þurfti þess vegna ekki að láta líta svo út, að mér hefðu ekki verið ljósar afleiðingar þessara þátta. En ég hélt því hins vegar fram, að það hefði verið ríkisins að bæta sjóðunum, enda sjóðirnir eign þess, og það væri ríkisins að sjá um, að einum atvinnuvegi væri ekki íþyngt, þegar væri verið að reyna að leiðrétta fyrir annan. En þessu til viðbótar vil ég benda þessum hæstv. ráðherra á það, þó að það falli í gleymsku hjá honum eins og annað í sambandi við þetta mál, að á Alþingi 1959 flutti ég ásamt öðrum framsóknarmönnum í fjvn. till. um það, að af tekjuafgangi ríkissjóðs 1958, — það væri gott, ef hæstv. ráðherra vildi hlusta á þetta, því að hann virðist ekki hafa áttað sig á því fyrr, — á Alþingi 1959 flutti ég ásamt öðrum fulltrúum Framsfl. í fjvn. á þskj. 404 till. um það, að af tekjuafgangi ríkissjóðs 1958, sem þá var vitað að yrði nokkur, yrðu 5 millj. kr. látnar ganga í byggingarsjóð Búnaðarbankans og aðrar 5 í veðdeild Búnaðarbankans, eða samtals 10 millj. kr. En það ár urðu sjóðir Búnaðarbankans fyrir útgjöldum vegna yfirfærslugjaldsins, sem nam 1.7 millj. kr. Þessu átti að mæta með 5 millj. í byggingarsjóð, og svo áttu aðrar 5 að ganga í veðdeildina. En hæstv. núverandi landbrh., hv. 1. þm. Rang. þá, Ingólfur Jónsson, var einn af þeim, sem felldu þessa tillögu. Það verður því ekki hrakið, að í ræðu minni hafi fullkom-

lega verið tekið tillit til þess ástands, sem var hjá sjóðunum í sambandi við gengisbreytingar. En ég hélt því fram og sýndi fram á það með rökum, að frá upphafi vega hefðu þeir verið byggðir upp á því, að hinir almennu sjóðir jöfnuðu greiðsluhalla þeirra, hvort sem það væri í rekstrarkostnaði, vaxtatapi eða gengisbreytingu. Það þýðir því ekki fyrir hæstv. ráðherra að slá um sig hér í hv. Alþingi um það, að þessu verði mótmælt. En því hefur ekki verið mótmælt og er ekki framkvæmanlegt.

Þá kom hæstv. ráðherra að því, að betur hefði verið séð fyrir lánamálum bænda nú tvö síðustu árin en gert hefði verið áður, vegna þess að í nál. frá hv. 2. þm. Sunnl. væri sýnt fram á það, að að meðaltali á 11 ára tímabilinu frá 1947 til 1958 hefðu verið lánuð 600 lán úr ræktunarsjóði. Þetta hefðu þeir gert betur nú á árunum 1960 og 1961, því að árið 1960 hefðu verið lánuð 863 lán og 1961 745. Nú vil ég benda þessum hæstv. ráðherra á það, að hér var tekið meðaltal af 11 árum, en eðlilegt er að taka til samanburðar í þessu tilfelli næstu ár á undan. Á árinu 1957 voru lánuð úr ræktunarsjóði 944 lán, 1958 917 lán, en 1961 745 lán. Þetta er þróunin. En allt frá því 1947 til 1958 fjölgar lánum ræktunarsjóðs og hækka tölurnar, sem úr sjóðnum eru lánaðar. En á árinu 1959, þegar Alþýðuflokksstjórnin og Sjálfstfl. eru tekin að stjórna landbúnaðarmálum, þá lækka þau úr 917, sem þau voru árið áður, í 854 og í 863 1960 og 745 1961. Þetta eru staðreyndirnar í þeim málum, og samanburður á þessu sviði er hæstv. ráðherra ekki heldur hagstæður, ef út í hann á að fara. Það er staðreynd, sem ég sýndi hér fram á við 1. umr. þessa máls, hver vöxtur sjóðanna til útlánastarfsemi og stofnlánaaukning hefði verið í tíð framsóknarmanna, en aftur hið gagnstæða, þegar sjálfstæðismenn fóru með sjóðina.

Sömu sögu er að segja um byggingarsjóðinn. Lánum hans fór líka fjölgandi og voru á árunum 1956, 1957 og 1958 um 150, en 1959 voru þau 39. En ef tekið er meðaltal af 1959 og 1960, þá eru það 119 lán, sem lánuð eru þau ár að meðaltali, en 1961 eru það 88 lán. Lánsfjárhæðir hafa verið um 52 millj. kr. á fyrra tímabilinu, en urðu hæstar 1960, þá eru þær um 60 millj. kr., en lækkuðu svo aftur 1961 ofan í um 50 millj. kr.

En hæstv. ráðherra virðist hafa oftekið sig á því að útvega sjóðunum fé þessi tvö ár, sem hann er búinn að vera landbrh., því að hér eftir ætlar hann bændunum sjálfum að leggja fé til.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég mundi ekki fara að hafa hér langar umræður. Þær staðreyndir, sem ég benti á við 1. umr. þessa máls, hafa ekki verið hraktar, enda verður það ekki með rökum gert, því að þær voru staðreyndunum samkvæmt. Hæstv. ráðherra reyndi það ekki heldur, nema með smávegis orðagjálfri, sem ég hef nú hrakið á nýjan leik.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil fyrst fara fram á, að þessari umr. verði frestað. Mér finnst ekki hægt að halda þessum fundi lengur áfram. Kl. er nú orðin 12, og það eru ákaflega fáir viðstaddir. Af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur verið gert yfirleitt það, sem hægt er, til þess að greiða hér fyrir þingstörfum með ágætu samkomulagi við forsetana yfirleitt, — alveg framúrskarandi. Og ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta góða samkomulag geti haldizt og að við verðum ekki neyddir til þess að fara að halda hér næturfund út af þessu máli, þar sem nær engir þm. eru viðstaddir, það gæti orðið samkomulag um að fresta þessari umr. og taka hana aftur síðar í tómi. Hvað mundi hæstv. forseti segja um þessa ósk? (**Forseti:** Umr. hafa nú staðið alllengi, og eins og nú standa sakir, er enginn á mælendaskrá, svo að það virðist ekki slæmt útlit um að geta lokið umr., en æskilegt væri það, ef það væri hægt.) Mér finnst mjög óskemmtilegt að halda hér ræðu um miðja nótt. Við höfum ekki tafið umr. um þetta mál, eins og hæstv. forseti veit, við höfum enga tilhneigingu til þess, og yfirleitt höfum við viljað greiða fyrir því eins og hægt er, að þessu þingi gæti orðið lokið fyrir páska. En ég held, að það flýti ekkert fyrir því að fara að þvinga menn til þess að halda hér næturfundi með því, sem því fylgir. (**Forseti:** Er ekki rétt, að við gerum örstutt hlé og ræðum þetta utan fundar og freistum þess að ná samkomulagi?)

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 583, 713, 750).

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Þegar þessu máli var frestað, hafði umr. staðið alllengi, 3. umr., og margt borið á góma, og það hafði skeð, að hæstv. landbrh. hélt nærri tveggja tíma málþófsræðu í sínu eigin máli. Hygg ég þetta vera einsdæmi í þingsögunni. Hæstv. ráðh. kom ákaflega víða við, eins og gerist og gengur, þegar mál er rætt á þessa lund, og hv. þm. kannast við, og varð af því tilefni að sjálfsögðu til að ræða margt í sambandi við stjórnmálin almennt, ef hefði átt að taka ræðu hæstv. ráðh. alvarlega.

Um það leyti, sem hæstv. ráðh. hætti, var klukkan orðin langt gengin tólf. Ég fór þess þá á leit við hæstv. forseta, að hann héldi fundinum ekki lengur áfram en til klukkan 12, eða um það bil, og varð hæstv. forseti góðfúslega við þeirri ósk. Ég flutti fram þessa ósk vegna þess, að mér fannst það óviðkunnanlegt að efna til framhaldsumræðna um málið um hánótt, þar sem nær engir voru viðstaddir, og það í framhaldi af þessari framkomu hæstv. ráðh. Sem sagt, hæstv. forseti varð góðfúslega við þessari beiðni minni að fresta fundinum, og mun ég launa með því að tala örstutt núna.

Hér kemur líka til, að síðan hæstv. ráðh. lauk þessari frægu ræðu, hafa farið fram útvarpsumr. um stjórnmálin, þar sem þau hefur borið á góma almennt og margir þeir þættir, sem hæstv. ráðh. minntist á, verið ræddir til verulegrar hlítar. Ég sé þess vegna enga ástæðu til þess núna, eins og þau mál standa, að fara að karpa við hæstv. ráðh. um það, sem hann sagði

almennt um stjórnmálin, og raunar alls ekki heldur um einstaka þætti þessa máls, því að þetta mál hefur líka verið rætt í þessum almennu umr., eins og hv. þm. kannast við.

Hér kemur líka til greina af minni hendi, að mér er það algerlega ljóst, að hæstv. ríkisstj. og meiri hlutinn hefur það á sínu valdi að gera þetta mál að lögum, og einnig hitt, að ég hygg, að vel færi á því, að þingi gæti lokið fyrir páska, en lítið mundi verða af því, ef stjórnarandstæðingar færu að temja sér þau vinnubrögð, sem hæstv. landbrh. lét sér sæma í þessu efni hér kvöldið góða.

Ég mun því láta þessa örstuttu aths. nægja, en aðeins bæta því við í lokin, sem er kjarni þessa máls og ég vil setja strik undir, áður en það verður afgr. sem lög, sem sýnilega er nú fyrirhugað, að þegar Framsfl. fór með þessi mál, var þannig til stofnað, að lánin til framkvæmdanna voru veitt með 3½—4% vöxtum og til 20 og til 25 ára. Það var lausn þessara lánamála. En núna á lausnin að verða sú, að menn eiga að borga 6—6½% og lánstíminn að vera 15 ár í ræktunarsjóðnum, og ofan á þetta eiga menn svo sjálfir að leggja til 2% af launatekjum sínum. Ég hygg ekki vera fjarri lagi, að þetta sé líka rétt mynd af þeim aðbúnaði að landbúnaðinum, sem nú er, samanborið við það, sem áður var.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál mikið, og ég skal reyna að forðast endurtekningar. Það vita það allir þm., að ég hef verið á móti gengislækkunum, og ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að gengislækkunum fylgir ávallt mikið ranglæti.

Það hafa gengið ásakanir milli manna, hverjum það sé að kenna, að Búnaðarbankinn hefur tapað 156 millj. í gengislækkunum. En ég hygg, að það sé erfitt að eigna það einum flokki, því að krónan hefur verið að falla jafnt og þétt s. l. 20 ár, beint eða óbeint, og á þessu tímabili hafa allir flokkar setið í stjórn, þannig að það er útilokað að kenna það einum flokki. Hitt má vel vera, að flokkarnir beri eitthvað misjafnlega mikla ábyrgð á þessu, en enginn flokkur er algerlega saklaus að minni ætlan. En ranglætið, sem hefur komið fram í þessum gengislækkunum, kemur fram m. a. gagnvart þessum lánum. Því hvað er orðið af þessum 156 millj.? Þær hafa óbeint runnið til þeirra, sem tekið hafa lánin, meðan krónan var verðmeiri, og þeir geta nú borgað með verðminni krónu. Í þessu liggur ranglætið. Nú á að bæta við þetta ranglæti. Það á að bæta því við, að þeir, sem taka nú lán, verða að borga 6½% vexti í stað þess, að við, sem tókum lánin fyrir nokkrum árum, þurfum að borga 3—4% í vexti. Bóndi, sem tekur nú 300 þús. kr. lán til að húsa jörð sína, sem er ekki mikið, miðað við það, sem hús kosta, og sennilega mundi hann fá meira, ef hann þyrfti að byggja bæði peningshús og íbúðarhús, hann þarf að borga 7500 kr. hærri vexti en bóndi, sem hefur fengið 300 þús. kr. lán með 4% vöxtum, og þetta er allmikil upphæð. Við þetta á svo að bæta 1% gjaldi af bruttótekjum bóndans, sem á að renna til Búnaðarbankans. Það má vel vera, að ekki væri ósanngjarnt, að þeir menn borguðu 1%, sem hafa fengið verðmiklar krónur og geta nú greitt þær með verðlitlum krónum. En hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að er fullkomið ranglæti, að láta þá bændur, sem nú eru að taka lán, greiða 6½%. Við skulum vona, að þeir verði að endurgreiða þau lán, sem þeir fá núna, án þess að ný gengisfelling komi til greina, eða endurgreiða í raun og veru það verðmæti, sem þeir fá lánað.

Í þessu liggur höfuðranglætið. Ég álít, að þeir bændur, sem hafa fengið lánin áður fyrr, geti ekki verulega kvartað, því að þeir hafa sloppið svo vel, en það er óbærilegt fyrir þá, sem nú eru að taka lánin, að þurfa að borga meira en þriðjungi hærri vexti en hinir, sem hafa áður tekið lánin, auk þeirra hlunninda, sem hinir fá með því að greiða verðmiklar krónur með verðlitlum krónum. Það er þetta, sem ég hef sérstaklega út á að setja. Enn fremur vildi ég benda þeim mönnum, sem ráða nú hér, sem eru hæstv. stjórnarliðar og ríkisstj., á það, að það er útilokað, meðan tekjur bænda eru ekki meiri en þær eru núna, að ætla þeim að greiða u. þ. b. 4% af raunverulegu kaupi sínu. Það er til bændahallarinnar, til búnaðarsambandanna og til Stéttarsambandsins, 1% af bruttótekjum. Svo á að bæta öðru prósenti við. Þetta er útilokað. Bændur hafa um það bil 86 þús. á næsta ári í kaup. Þeim er ætlað það, hvort sem þeir fá það eða ekki, og það er alltilfinnanlegt að taka 4% af þessari upphæð. Þetta er ekki meira en það, að menn geta rétt séð fyrir sínum heimilum. Vitanlega hafa ekki allir bændur þetta kaup, því að tekjur bænda eru mjög misjafnar. Þetta er aðeins meðaltalið, þannig að sumir hafa miklu minna. Ef ríkisstj. beitti nú áhrifum sínum til þess að samræma vexti af þessum lánum, þannig að allir fengju lánin fyrir 4%, þá álít ég, að frá sanngirnissjónarmiði séð hefðum við ekki yfir svo miklu að kvarta. Það er ranglæti, sem er beitt gagnvart þeim mönnum, sem nú taka lánin, miðað við hina, sem hafa fengið þau áður, að bæta því ofan á að láta þá menn, sem taka lánin nú, greiða sinn hlut af hallanum í Búnaðarbankanum eða réttara sagt greiða að nokkru leyti fyrir þá, sem hafa fengið lánin áður. Það er ekki sanngjarnt.

Nú halda e. t. v. sumir því fram, að það sé ekki verið að greiða gengistöpin. En ég hygg, að það hefði engum dottið í hug að fara að leggja þetta eina prósent á, ef bankinn hefði ekki orðið fyrir svona miklum gengistöpum. Þó að e. t. v. ríkisstj. haldi því fram, að ríkissjóður leggi beint og óbeint fram fjárhæð, sem nemur tapi vegna gengislækkananna, þá er það óbein afleiðing gengislækkananna, að það er lagt til að taka 1% af bruttótekjum bændanna. Ég tel þetta gjald dálítið vafasamt frá lagalegu sjónarmiði séð, eins og ég talaði um hér um daginn. Það hefur verið greitt til fiskveiðasjóðs yfir lengri tíma 1.8%, var raunar ekki nema 1%, á meðan útflutningssjóðurinn var í fullum gangi, en það hefur verið greidd nokkur fjárhæð til fiskveiðasjóðs, og útvegsmenn hafa sætt sig við það. Þar fyrir er ég engan veginn sannfærður um, að þetta sé lögleg skattheimta. Hér er í raun og veru ekkert verið að gera annað en taka eignir manna og afhenda þær láns-

stofnun, sem þeir eiga ekki og ráða ekki yfir. Það er ekki annað verið að gera. Úr þessu hefur ekki verið skorið lagalega. Útgerðarmenn sættu sig við þetta, meðan þessu gjaldi var stillt í hóf. Nú var lagt til með brbl., sem voru gefin út s. l. sumar, að þetta gjald yrði tvöfaldað, því að það átti að tvöfalda hlutatryggingasjóðsgjaldið líka, og við það hygg ég að útgerðarmenn geti ekki unað.

Ég skal ekkert segja um, hvað bændur gera með þetta eina prósent, en ég hygg, að þeir mundu sýna nokkurn skilning á þessum hlutum, ef vextir væru samræmdir þannig, að þeir, sem nú eru að hefja búskap, gætu búið við eitthvað svipuð vaxtakjör og þeir, sem eldri lánin hafa. Það má vel vera, að þetta yrði örðugt fyrstu árin, en ég hygg þó, að þetta mætti með einhverju móti takast, ef vilji væri fyrir hendi. Og fyrir mitt leyti get ég lýst því yfir, að ég væri afar fús til að láta 2% af mínu kaupi sem bóndi, ef það mætti verða til þess, að þeir fengju viðunandi vaxtakjör, sem væru nú að hefja búskap. Fyrst verðum við að hugsa um þá, sem eru að hefja störf sín, það vitum við allir, sem höfum stundað búskap, að erfiðust eru frumbýlingsárin, þá sverfur fátæktin mest að mönnum.

Ég býst ekki við því, að þetta hafi áhrif á gang þessa máls, en eftirtekt vildi ég vekja á þessu. Og ég hygg, að það sé ekki hægt annað en vinna að því í framtíðinni að reyna að samræma þessa vexti, þannig að þjóðfélagsþegnarnir geti búið við nokkuð svipuð kjör, eftir því sem við verður komið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar lög um Búnaðarbanka Íslands voru síðast til meðferðar hér á hinu háa Alþingi og til stóð að kjósa fimm menn í bankaráðið, kom fram till. á þingi um það, að bændum landsins eða samtökum þeirra yrði gefinn kostur á að kjósa einn af þessum fimm mönnum, þannig að einn af fimm bankaráðsmönnum í Búnaðarbankanum yrði kosinn eða tilnefndur af Stéttarsambandi bænda. Þessi till. hlaut þá ekki samþykki á Alþingi.

Nú sýnist mér vera aukið tilefni til þess að taka þessa till. upp að nýju eða svipaða, þar sem ætlazt er til þess í frv. því, sem fyrir liggur, að bændur greiði sérstakt framlag eða sérstakan skatt inn í stofnlánadeild landbúnaðarins í Búnaðarbankanum. Þó að ég sé ekki slíku ákvæði fylgjandi, geri ég ráð fyrir því, að það muni nú hljóta samþykki hér á þingi sem og frv., sem fyrir liggur, og þá finnst mér eðlilegt og sanngjarnt, að íhuguð væri á ný þessi till., sem fyrr hefur fram komið, um þátttöku bænda í stjórn bankans, sem jafnframt á að fara með stjórn stofnlánadeildarinnar. Ég þykist ekki þurfa að fara um það mörgum orðum. Till. liggur fyrir á þskj. 750 og er þess efnis, að einn af bankaráðsmönnum skuli skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, og ákvæðið til bráðabirgða á sama þskj. fjallar um það, að umboð bankaráðsmanna falli niður, til þess að þessi skipan geti komið til framkvæmda þegar eftir að þessi væntanlegu lög hafa tekið gildi.

Skal ég svo ekki hafa um þessa brtt. fleiri orð, en vænti þess, að henni verði nú vel tekið, þar sem hér er um augljóst sanngirnismál að ræða.

Ég hef ekki áður tekið til máls um þetta frv., en þar sem ég er nú að mæla fyrir þessari brtt., vil ég nota tækifærið til þess að fara nokkrum orðum um efni frv. almennt nú við þessa 3. umr. Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. virðist ekki vera staddur hér í d., en hefði þótt viðkunnanlegt, að hann heyrði það, sem ég nú segi.

Það sannast víst á hæstv. ráðh. og þeim, sem honum standa næstir í þessu máli, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Það er svo að heyra á ráðh., að með samþykkt þessa frv. renni upp nýir og betri tímar í lánsfjármálum bænda. Meiri hl. hv. landbn. segir í nál. sínu, sem lagt var fram við 2. umr., á þskj. 666, að nú séu að skapast þáttaskil í lánamálum landbúnaðarins, eins og það er þar orðað, og að hin væntanlega stofnlánadeild geti leyst allar lánsfjárþarfir landbúnaðarins, eins og það er líka orðað í þessu þskj. Ráðh. hæstv. og hans menn eru sem sagt mjög ánægðir með sína frammistöðu og finnst, að aðrir eigi að vera það líka og þá sérstaklega bændur og trúnaðarmenn þeirra. Þeim finnst, að bændur eigi að vera ánægðir og þakka fyrir sig. En bændur og fulltrúafundir þeirra virðast vera á öðru máli. Þeim finnst þessi fugl ekki fagur, að því er virðist. Þeir hafa sitt af hverju við þetta frv. að athuga og hafa látið það í ljós, m. a. vegna þess, að þeir hafa verið spurðir um álit sitt á málinu. Sumt telja þeir að vísu til bóta í frv., en finna að öðru, og sumu hafa þeir mótmælt. En ráðh. hæstv. virðist þola illa mótmæli og alveg sérstaklega mótmæli frá bændum, að því er virðist. Tónninn hjá honum er nánast hið gamalkunna: „Hafðu, bóndi minn, hægt um þig" o. s. frv. Þetta finnst mér vera óviðkunnanlegur tónn hjá hæstv. ráðh. í þessu máli, og ég vil alveg sérstaklega leyfa mér, áður en þessum umr. lýkur, að finna að þeim ummælum, sem hæstv. ráðh. hefur haft um búnaðarþing eða meiri hluta þess í sambandi við ályktun þess um þetta mál. Þau ummæli eru algerlega óviðeigandi. Hæstv. ráðh. og sumir úr hans liði hafa komizt að orði á þá leið, að í ummælunum fólst, að fulltrúarnir, sem ályktunina gerðu, hafi sett heiður búnaðarþings í hættu. m. ö. o., að afstaða þeirra sé óheiðarleg. Fjórir menn eru svo sagðir hafa bjargað heiðri búnaðarþings með því að vera þar í minni hluta. Þó greiddu þessir fjórir menn ekki atkvæði með 1% skattinum, sem mest er nú rætt um. Mér virðist, eins og ég sagði, að þessi ummæli ráðh. um búnaðarþing séu með öllu óviðeigandi og að þeim beri að mótmæla hér á Alþingi, og hann mætti þá í því sambandi líka minnast þess, að a. m. k. sumir af þeim, sem tóku þátt í atkvgr. meiri hl. á búnaðarþingi, eru hans eigin flokksmenn.

Hæstv. landbrh. verður að sætta sig við það, þó að hér beri á milli hans og búnaðarþings eða stéttarsambandsstjórnar. Hann er ekki sjálfur bóndi og hefur ekki verið og ekki fulltrúi bænda í ríkisstj., heldur er hann þar fulltrúi Sjálfstfl. En þeir, sem á búnaðarþingi sitja og í stéttarsambandsstjórn, eru fulltrúar bænda, kjörnir þangað af þeim og hafa þar því þá sérstöku

skyldu að gæta hagsmuna bændastéttarinnar og túlka sjónarmið hennar. Þeir, sem vilja gera sér grein fyrir því hér á Alþingi, hvort það sé æskilegt fyrir landbúnaðinn, sem hér er fram flutt, hljóta að taka meira mark á dómi þessara manna, fulltrúa bændanna sjálfra, heldur en dómi hæstv. ráðh., ef í milli ber, og það alveg að honum ólöstuðum. Og þegar ég fyrir mitt leyti greiði atkvæði um þetta frv. eða einstök ákvæði þess eða hef gert, þá hef ég talið rétt og sjálfsagt að gefa gaum að því, sem bændurnir og fulltrúar þeirra segja, og taka fyrst og fremst tillit til þess, því að hér er um að ræða löggjöf, sem bændastéttin á að búa við og hefur fyrst og fremst áhrif á atvinnu hennar, landbúnaðinn, og framtíð hans. (**Forseti**: Má ég biðja hv. þm. um að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Þegar ég áðan gerði hlé á ræðu minni eftir ósk hæstv. forseta, var ég að ræða um ályktanir, sem búnaðarþing og Stéttarsamband bænda hafa gert varðandi þetta mál. Meginatriðið í ályktun búnaðarþings og áliti stéttarsambandsstjórnar, að því leyti sem þau atriði voru tekin til meðferðar þar, er, að telja verði, að landbúnaðurinn eigi fullan rétt á að fá stofnlán af sameiginlegu fjármagni þjóðarinnar, en eigi ekki að þurfa að bera sérstakan framleiðsluskatt í því skyni, — að nauðsynlegt sé, að vextir af stofnlánum landbúnaðarins séu lágir og að þjóðfélagið, en ekki landbúnaðurinn, eigi að bera töp vegna gengisbreytinga, sem þjóðfélagið ákveður. Þetta er það, sem hæstv. ráðh. hefur mislíkað. Samkv. frv. hans á að mynda lánsfjármagnið að verulegu leyti með því að leggja framleiðsluskatt á bændur, rúmlega 2% af kaupi þeirra, og ákvæði byggingarsjóðs- og ræktunarsjóðslaganna um 3½% og 4% vexti afnumin, því að í áætlun þeirri, sem frv. fylgir og það er byggt á, er því slegið föstu, að hin mikla vaxtahækkun frá árinu 1960 upp í 6 og 6½% skuli óbreytt standa a. m. k. allt fram til ársins 1975, þ. e. í 13—14 ár enn. En mér er spurn: Hví skyldu bændur ekki eiga rétt á stofnlánum af hinu sameiginlega fjármagni þjóðarinnar? Leggja ekki bændur eða venzlafólk þeirra og starfsfólk í sveitunum sparifé sitt, það sem það er, í lánsstofnanir þjóðarinnar, og heimtar ekki hæstv. ríkisstj. sinn fasta hlut af innlánsfé sparisjóða og innlánsdeilda um land allt inn í seðlabanka sinn í Reykjavík, þ. á m. innlánsfé sveitafólksins? Ekki ber á öðru en svo sé.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu á Alþingi árið 1958, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti bændastéttarinnar berst í bökkum, eins og kallað er, hefur ekki fjármagn aflögu, verður, eins og kunnugt er, að neita sér um ýmis þægindi, sem talin eru sjálfsögð öllum almenningi til handa hér í Reykjavík. Ég hef ferðazt víða um landið," sagði ráðh., „og það er ekki frekar í mínu kjördæmi heldur en öðrum landshlutum, sem þetta blasir við, að þrátt fyrir allar framfarir síðustu ára, þrátt fyrir miklar byggingar í sveitum landsins síðustu árin, þrátt fyrir aukna véltækni og framfarir á ýmsum sviðum, þá blasir það við víða, þar sem maður kemur, að á heimilin vantar það, sem hér í Reykjavík a. m. k. er talið til brýnustu þæginda. Það vantar vélar, það vantar tæki, það vantar betri byggingar, og það vantar ýmsar framkvæmdir enn í sveitum landsins, sem kalla að og nauðsynlegt er að koma í framkvæmd, til þess að fólk uni þar betur hag sínum en verið hefur undanfarið."

Þetta sagði ráðherrann þá. Þetta var þá sagt því til stuðnings, að bændur væru ekki aflögufærir, þ. e. a. s. árið 1958. En mega þeir þá frekar við því nú en þá, að tekið sé rúmlega 2% af kaupi þeirra ár hvert ofan á allt, sem síðan hefur gerzt og hæstv. ráðh. hefur átt sinn þátt í, þegar flest, sem kaupa þarf til framkvæmda, og margt, sem kaupa þarf til heimilanna, hefur hækkað um 50—100% og þegar vextir af landbúnaðarlánum hafa hækkað um þriðjung og lánstíminn styttur. Hæstv. ráðh. ætti að lesa þessa gömlu ræðu sína og fleiri gamlar ræður, sem hann flutti, þegar hann var ekki ráðherra, og hann ætti líka að lesa það, sem hann sagði þá sjálfur um, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum til fiskveiðasjóðs væri alls ekki sambærilegt við það að leggja svona framleiðslugjald á landbúnaðarafurðir. Honum fannst það þá alls ekki sambærilegt. Nú finnst honum allt annað.

Heldur fannst mér það undarlegt, þegar hv. frsm. meiri hl. landbn. var við 2. umr. þessa máls að tala um, að álagning 1% skatts á landbúnaðarframleiðslu mundi stuðla að félagshyggju með bændum. Frjáls framlög bera vott félagshyggju, valdboðnir skattar ekki. Varla eru Íslendingar helmingi meiri félagshyggjumenn nú en fyrir fjórum árum, þó að ríkisstj. innheimti nú 100% meiri skatta en þá voru innheimtir að krónutölu. Skal ekki nánar um það rætt.

Eins og ég sagði áðan, stendur það í nál. meiri hl., að um þáttaskil sé að ræða í lánsfjármálum landbúnaðarins. Þetta er satt, og það er þess vert, að um það sé farið nokkrum orðum. Árið 1901 bjuggu ⅘ hlutar þjóðarinnar í sveitum og þorpum með færri íbúa en 300, nú aðeins ⅕. Hinn mikli fólksflutningur úr sveitunum framan af öldinni stafar eigi að litlu leyti af því, að á fyrsta fjórðungi aldarinnar skorti landbúnaðinn tilfinnanlega nothæft fjármagn til þess að færa starf sitt í nútímahorf og byggja upp hina gömlu torfbæi, samhliða því sem aðrir atvinnuvegir fengu og gátu notað fjármagn úr nýstofnuðum bönkum í höfuðstaðnum og nágrenni hans. Á þriðja tug aldarinnar var svo loks af fullum krafti hafin barátta fyrir því að veita fjármagni inn í landbúnaðinn. Mönnum var þá ljóst, að þetta fjármagn varð að vera til langs tíma og með lægri vöxtum en almennt gerist. Þetta kostaði baráttu á þeim tíma, mikil átök, en árangurinn er líka mikill. En fyrir rúmum tveim árum urðu þáttaskil á þessu sviði. Þau þáttaskil standa í beinu sambandi við þá breytingu, sem þá nýskeð hafði verið gerð á kjördæmaskipun landsins. Með einni grein í „viðreisnarlöggjöfinni" var ríkisstj. heimilað að hafa að engu ákvæði landbúnaðarlaga um vexti og lánstíma í sjóðum Búnaðarbankans. Sú heimild var þegar notuð. Vextirnir voru hækkaðir um meira en þriðjung og lánstíminn styttur. Nú

með þessu frv. á svo að þurrka út þessi gömlu ákvæði, sem til þessa hafa þó fengið að standa þar, um lága vexti á stofnlánum landbúnaðarins. Um þá eiga ekki lengur að vera nein sérákvæði til í íslenzkum lögum, og þar á ofan eiga svo bændur að borga lánsfjárskatt af framleiðslu sinni. Þetta á að lögfesta í stað hinna fyrri ákvæða, sem í lögum eru um lága vexti landbúnaðinum til handa. Og þegar lausaskuldum bænda er breytt í föst lán, greiða þeir hærri vexti en aðrir. Þetta eru þáttaskil. Það er búið að breyta um stefnuna gagnvart landbúnaðinum, og með þessu frv. er sú stefnubreyting innsigluð. Þetta eru mikil tíðindi og ill fyrir bændastéttina, og ef breyta skal stefnunni enn á ný frá því, sem nú er ákveðið, þá mun það kosta nýja baráttu, eins og fyrir 25 árum.

Hæstv. landbrh. er merkisberi þessarar nýju stefnu, og hann ber ábyrgð á því, að nú verður enn á ný undir högg að sækja fyrir bændastéttina og þá, sem styðja vilja mál hennar. Það getur orðið erfitt að koma því aftur í lag, sem nú hefur verið spillt eða er í þann veginn að spillast. Það er eins og hæstv. landbrh. geri sér ekki grein fyrir því, að það hefur ekki verið neitt einsdæmi á Íslandi, að sjálfsagt hafi verið talið, að landbúnaðurinn nyti lána til langs tíma með lágum vöxtum, auk margs konar annarrar aðstoðar frá þjóðfélaginu. Það er eins og hann geri sér ekki grein fyrir því, að í öllum nálægum löndum hefur verið rekin og viðurkennd sérstök landbúnaðarpólitík, þar sem í ýmsum tilfellum er gengið lengra í stuðningi við landbúnaðinn en hér tíðkaðist jafnvel fyrir „viðreisn". Þó er hér um lönd að ræða, sem eru ekki talin lakari til búskapar en land vort, lönd með hlýrra loftslag og frjóa jörð, fullræktuð lönd, sum a. m. k., þar sem bændastéttin stóð einnig að öðru leyti á gömlum merg, að því er varðar t. d. mannvirkjagerð. Mér finnst, að það hefði farið vel á því, að hæstv. landbrh. hefði látið fylgja þessu frv. sínu grg. um þau kjör, sem bændur njóta t. d. annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Vestur-Evrópu, að því er lánskjör varðar, og hvort landbrh. þeirra landa leggja á þá lánsfjárskatt, á framleiðsluna, eins og hann ætlar að gera hér, og að hann hefði þá reynt að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif hin nýja vaxtahækkun og skattastefna mundi hafa á samanburð framleiðslukostnaðar hér og þar. Þetta hefur ekki verið gert. Þó hygg ég, að auðvelt hefði verið að afla slíkra upplýsinga. Þetta gerir t. d. hæstv. félmrh., þegar hann lætur endurskoða tryggingalöggjöf. Þá lætur hann afla gagna frá öðrum löndum um sams konar löggjöf þar. Og þetta gerir hæstv. fjmrh., þegar hann lætur endurskoða skattalög. Þá lætur hann athuga skattalöggjöf annars staðar og gera grein fyrir henni, um leið og hann leggur fram frv. sín. En þetta virðist hafa gleymzt í sambandi við þetta frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins, að afla upplýsinga um sams konar mál erlendis og gera grein fyrir niðurstöðum slíkra rannsókna, alveg eins og það hefur gleymzt að hafa samráð við bændur og þeirra trúnaðarmenn um undirbúning þessa máls, t. d. látið undir höfuð leggjast að leggja málið fyrir búnaðarþing, áður en það var flutt, þó að búnaðarþing væri þá komið saman til fundar hér í Reykjavík. Svo er hæstv. ríkisstj. eftir á full úlfúðar og ónota í garð bænda, þegar þeir nú láta í ljós álit sitt.

Hér er mikið talað um það, að lánasjóðir hafi búið við tekjuhalla, að þeir hafi ekki borið sig og komizt í skuldir. Það dregur enginn í efa, að með háum vöxtum og lánsfjárskatti á bændur sé hægt að skapa digra sjóði í Búnaðarbankanum, láta þá bera sig vel. En það var ekki tilgangur íslenzkrar landbúnaðarlöggjafar og brautryðjenda á því sviði að koma upp ríkum banka. Þó að það sé gott að hafa ríka banka, þá var það ekki tilgangurinn að koma upp ríkum banka á kostnað bændanna. Tilgangurinn var að bæta hag landbúnaðarins, að skapa honum skilyrði til vaxtar og treysta með því eina af máttarstoðum þjóðfélagsins. Og það er ekki hægt að greiða atkv. með stofnlánadeild, sem byggir tilveru sína á allt öðrum sjónarmiðum.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ágreiningurinn í þessu máli er um skattinn á bændur og nýja söluskattinn á landbúnaðarafurðir. Um þetta stendur deilan. Þetta er ekki flókið mál. Hæstv. landbrh. og fleiri hafa í þessum umr. minnzt á framlag bænda til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda vegna byggingar bændahallarinnar. Það kemur þessu máli ekkert við. Það er allt annað og óskylt mál. Það gjald var á lagt eftir óskum búnaðarþings og Stéttarsambands bænda og fer til að koma upp byggingu, sem bændasamtökin eiga.

Sýnt hefur verið fram á, að engin þörf er fyrir þennan skatt, sem á að lögfesta samkv. þessu frv. Ef framlagið úr ríkissjóði til sjóða Búnaðarbankans væri nú jafnmikið í hlutfalli við ríkistekjurnar og það var 1929, ætti það að vera 49 millj. kr. á ári. Það er hægt að komast af með helmingi minna ríkisframlag nú. Ríkið hefur áreiðanlega ekki síður efni á því nú en fyrir 33 árum að leggja fram nokkurt fé til lánasjóðanna, svo að þeir geti veitt bændum lán með lágum vöxtum til þess að rækta og byggja landið. Og það er ákaflega auðvelt að útvega sjóðunum starfsfé að láni, þar sem innstæðufé í bönkum og sparisjóðum er nú hátt á 4. þús. milljóna. Hér er því ekkert fjárhagslegt vandamál á ferð, engin þörf fyrir aukaskatt á bændur og viðbótarsöluskatt á landbúnaðarvörur. Búnaðarþing hefur mótmælt skattinum, Stéttarsamband bænda einnig. Ef skatturinn verður í lög tekinn, munu bændur og félög þeirra vafalaust halda áfram að mótmæla, þar til þessum rangláta skatti verður af þeim létt.

Guðjón Jósefsson: Hæstv. forseti. Það hefur verið rætt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, við þessa umr. nokkuð almennt, svo að ég held, að ég fari ekki neitt út fyrir það svið, sem þar hefur verið markað, þó að ég geri það einnig. Það hefur komið á daginn, að eitt af dagblöðunum hér í Reykjavík virðist vita til þess, að varamenn þurfi að borga fyrir að komast inn í þingið. Það getur vel verið, að slíkar greiðslur eigi sér stað hjá þeim hv. flokki, sem þetta dag-

blað er málsvari fyrir, ég þekki það ekki. Sennilegt er, að blaðið dragi þessar upplýsingar af kunnugleika innan síns eigin flokks. En af því að þessu blaði. Tímanum, finnst, að ég hafi borgað ákaflega lítið fyrir að mega sitja á þingi sem varamaður, þá er ekkert úr vegi að vita, hvort ekki er hægt að hugga þetta ágæta blað með því að inna einhverjar meiri greiðslur af hendi. En það var einmitt í sambandi við lítil ummæli, sem ég hafði um þetta mál, sem hér liggur fyrir, sem Tímanum þótti ástæða til að tala um þessa borgun varamanna fyrir að fá að sitja á Alþingi.

Það var hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Norðurl. v., sem talaði um, að málið lægi mjög ljóst fyrir. Við skulum ganga út frá því, að svo sé. Eigi að síður hafa þeir hv. þingmenn úr liði stjórnarandstöðunnar, sem um málið hafa talað, haft um það mörg orð og tekið margir til máls. Það virðist svo sem þeim hafi ekki virzt málið allt of ljóst, ellegar þeir halda þá, að hv. þingmenn og kjósendur úti um landið hafi ekki allt of góðan skilning á málum yfirleitt.

Það, sem m. a. er fundið þessu frv. til foráttu, er, að vextir af lánum stofnlánadeildarinnar verði háir og lánstími stuttur. Eftir frv. get ég ekki komizt á þessa skoðun. Ég veit ekki til, að í frv. sé neins staðar talað um 6—6½% vexti, eins og hv. andstæðingar þess nefna. Það ákvæði frv., sem um þetta fiallar, er á þá leið, að vextir skuli ákvarðast af ríkisstj., en að vextir til byggingar íbúðarhúsa skuli vera a. m. k. ½% lægri en vextir annarra lána. Það er heldur engan veginn ákveðið í frv., að lánstími sé yfirleitt 15 ár, t. d. til ræktunarlána, þvert á móti. Ég veit ekki betur en frv. geri ráð fyrir miklu lengri lánum til íbúðarhúsa og einnig lengri ræktunarlánum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Og þegar talað er um af hv. andstæðingum frv., að þessu eigi þannig að haga í framtíðinni, og að það megi ganga út frá þessu, eins og þeir segja, með vexti og lánstíma, þá virðist mér kenna algers vonleysis, að þeir fái þar nokkru um þokað á næstunni. Það getur vel verið, og mér þykir ekki ólíklegt, að svo fari, að þeir fái ekki aðstöðu til að hafa umráð yfir þessum málum, en að þeir láti þetta vonleysi sitt svona berlega í ljós, því bjóst ég satt að segja ekki við. Þetta er um vextina og lánstímann.

Aðalatriðið í þessu máli eða það, sem mest er um rætt, er 1% álagið á framleiðsluvörur landbúnaðarins. Það er vitanlega ekkert óeðlilegt, þótt um þetta atriði sé rætt og eitthvað skiptar skoðanir um það. Mér vitanlega hefur heldur enginn haldið því fram, að þetta væri lítilfjörlegt atriði málsins, sem litlu skipti, bæði fyrir bændur og aðra. Þegar um uppbyggingu þessara mikilvægu sjóða er að ræða, þá er á það að líta, hvaða kostir eru þar fyrir hendi. Það hefur verið bent á, að þrátt fyrir allt tal nú um, að nóg fé sé til að útvega stofnlánadeildinni og það séu engin vandræði í því efni, þá er eins og það sé fyrst núna, sem það upplýsist verulega fyrir hv. þingmönnum, sem andstæðir eru frv., að þetta fé sé til, og þegar þeir tala um ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar yfirleitt, þá lýsa þeir því engan veginn svo vel, að þar sé allt í himnalagi. Það er fordæmi fyrir því, að slíkur skattur hefur verið lagður á bændurna, og þó að það komi ekki þessu máli beinlínis við, — það liggur ekki fyrir hér á þessu stigi að taka afstöðu til þess atriðis, — þá virðist mér þó, að þetta fordæmi gefi tilefni til þess að líta á málið frá fleiri en einni hlið. Ég get gjarnan lýst yfir því, — og ég er sannfærður um, að margir bændur hafa svipaða skoðun á því máli, — að mér virðist reginmunur á að leggja fram fé til stórhallarbygginga hér í höfuðstað landsins, jafnvel þó að það kunni að vera góð og gagnleg og nauðsynleg bygging, og að bændur leggi fram slíkt fé til að byggja upp sína eigin lánasjóði. Þar er fjármagnið lagt af mörkum til þess að standa betur að vígi að byggja upp land sitt, rækta það og efla nauðsynlegar framfarir og framkvæmdir í sveitunum. Það er einmitt þetta, sem bændurnir hafa verið að gera, og þeir ætla að halda þessu áfram, og þeir ætla einskis að láta ófreistað í þeirri uppbyggingu. Á móti því framlagi, sem bændurnir leggja fram í þessu skyni, kemur jafnhátt framlag úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar, ríkissjóði, sem er mikilvægt atriði, fyrir utan fleiri stoðir, sem renna undir þessa stofnlánadeild.

Það er talað um, að hér sé farið inn á nýjar brautir. Það má vel vera, að svo sé. Ég held, að bændur landsins hafi ekki hikað við að brjóta sér land og leggja brautir til framtíðarinnar í gegnum sín verk, og það er ekkert til að ásaka fyrir, þó að þeir hefji nýja sókn á þessu sviði og brjóti sér nýjar leiðir til framkvæmda og athafna og hagsældar.

Ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að þó að þetta kosti bændurna átak og þetta sé framlag af þeirra hendi, sem ekki er lítilfjörlegt og kostar þá nokkra rýrnun á kaupi, þá munu þeir verða ótalmargir bændurnir, sem telja það ekki eftir, og ósk okkar verður þá miklu frekar sú að fá okkar kaup greitt gegnum verðlagsgrundvöllinn á þann hátt, sem við teljum að okkur beri og við eigum rétt til. Það er annað atriðið. En hitt atriðið lýtur að því að halda í horfinu, að standa að því áfram að rækta landið og byggja það upp. Það er það, sem hér liggur fyrir, og það, sem við munum vinna að í framtíðinni.

Þegar komið er nú að þinglokum, er ekki vert að lengja þessar umræður, enda er það ekki minn tilgangur, þótt ég segði mína skoðun á þessu máli. Ég er frv. fylgjandi og tel, að með því sé stofnlánasjóðum landbúnaðarins komið á fastan grunn, sem engum stoðum megi undan kippa.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held, að hv. þm. Norðurl. v., sem hér talaði síðast, hafi misskilið nokkuð ummæli, sem fallið hafa í þessum umr. varðandi vaxtamál. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að í því frv., sem fyrir liggur, er ekki ákvæði um vaxtahæð í stofnlánadeild landbúnaðarins. Þvert á móti eru afnumin ákvæði, sem í lögum hafa verið um þessa vexti, 3½% í byggingarsjóði og 4% í ræktunarsjóði, þannig að það er nú á valdi stjórnarvalda, hverjir vextirnir verða, eins og raunar hefur verið síðustu tvö árin, en þá hafa stjórnarvöldin ákveðið vextina 6% í byggingar-

sjóði og 6½% í ræktunarsjóði, og það eru þau vaxtakjör, sem nú gilda. En þessu frv. fylgir grg., og í þeirri grg. eru birtir útreikningar langt fram í tímann eða allt fram til ársins 1975, og eiga þessir útreikningar m. a. að sýna þann höfuðstól, sem stofnlánadeildin verður búin að eignast að þessum tíma liðnum. Og það hefur margsinnis verið talað um það og mikið gert úr því af hæstv. ráðh. í þessum umr., hve stór þessi höfuðstóll verði orðinn eftir 14 ár, nokkur hundruð millj. kr. En upphæð þessa höfuðstóls eftir þennan tíma byggist einmitt á því, að vextirnir verði háir. Hún byggist á því. Öll áætlunin byggist á því, að vextirnir verði næstu 14 árin háir. Ef þeir lækka, er þessi áætlun um leið hrunin. Hún byggist á háum vöxtum og á framleiðslugjaldi bænda. Að öðrum kosti er ekki lengur hægt að tala um þennan nokkur hundruð millj. kr. höfuðstól. Þess vegna er það hluti af þessu máli frá hálfu hæstv. ríkisstj. og hluti af áætlun hennar, að vextirnir haldist þetta háir langt fram í tímann.

ATKVGR.
Brtt. 713 felld með 19:12 atkv.
Brtt. 750 felld með 20:11 atkv.
Frv. samþ. með 19:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 788).

61. Lántaka vegna Landsspítalans (stjfrv.).

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýbyggingar Landsspítalans [223. mál] (stjfrv., A. 671).

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur stækkun Landsspítalans lengi verið á döfinni. Miklar nýbyggingar þar hafa verið í smíðum. Byggingarnefnd Landsspítalans hefur nú að undanförnu athugað möguleika á því að hraða þessum byggingum, svo að unnt yrði sem fyrst að taka þær að verulegu leyti til notkunar, enda þörfin svo mikil og brýn, að ekki þarf um það orðum að eyða. Nú er það till. byggingarnefndar Landsspítalans, að hún fái heimild til þess að taka 8 millj. kr. lán, 4 millj. í ár og 4 á næsta ári, til þess að hraða framkvæmdum, og er þá gert ráð fyrir, að vesturálmu Landsspítalans, sem í smíðum er, verði unnt að fullgera fyrir árslok 1963. Ríkisstj. virðist rétt að leggja til við Alþingi að verða við þessum tilmælum, og fyrir þá sök er þetta frv. flutt.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ég ætla, að um þetta mál muni enginn ágreiningur verða, og vil beina þeim tilmælum til hv. n., að hún taki málið fyrir skjótlega, svo að það geti komið til 2. umr. á morgun.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki tefja þetta mál með langri ræðu, enda sýnist mér sjálfsagt að styðja að framgangi þess og það sem fyrst. Ég vil aðeins segja það í tilefni af því, að þetta frv. er flutt, að ég harma það, að ekki varð betur ágengt með frv., sem þrír framsóknarmenn fluttu í hv. Nd. fyrir allöngu um þetta sama efni. Þeir lögðu til, að ríkisstj. yrði heimilað að taka allt að 30 millj. kr. lán til Landsspítalans, og skv. þeim upplýsingum, sem ég hygg að liggi fyrir, þá er víst ekki vanþörf á því að greiða sem bezt fyrir lántökum í þessu skyni, þó að allt gott sé að segja um ákvæði þessa frv., það langt sem þau ná. Frv., sem flutt var í Nd., var sent landlækni til umsagnar. Landlæknir hefur sent d. umsögn sína um það frv., og segir þar, í niðurlagi hennar: „Er hér um mikla hækkun framlaga að ræða, ef miðað er við fyrri ár. En þar sem brýn þörf er á því, að byggingin komist sem fyrst upp, mæli ég eindregið með því, að frv. þetta verði samþ." Þannig farast landlækni orð um það frv., sem flutt var í hv. Nd.
Ég aðeins endurtek það, að ég harma, að ekki var hægt að taka þetta spor stærra, því að þörfin er svo gífurleg að hraða Landsspítalabyggingunni, að það er sýnt, að það veitir ekki af miklu hærri upphæð en greinir í stjfrv., en þó endurtek ég það, að það er allt gott um það að segja, svo langt sem það nær.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 671, n. 689).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna nýbyggingar Landsspítalans. Ég sé ekki ástæðu til að rekja aðdraganda þess, að þetta frv. er lagt fyrir, frekar en gert er í grg. fyrir frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins.
Fjhn. hefur haft frv. til athugunar, og eins og nál. hennar, sem útbýtt hefur verið, ber með sér, mælir hún með því, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 671, n. 764).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Fjhn. hv. deildar hefur haft þetta frv. til meðferðar, um lántöku vegna nýbyggingar Landsspítalans, og hefur orðið á einu máli um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

---

62. Handritastofnun Íslands.

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Handritastofnun Íslands [44. mál] (stjfrv., A. 52).

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Í tilefni af því, að Háskóli Íslands átti 50 ára afmæli 17. júní s. l., en þess afmælis var minnzt með veglegum hátíðahöldum hinn 6. og 7. þ. m., ákvað ríkisstj. á s. l. sumri að leggja til við Alþingi, að í tilefni afmælisins yrði komið á fót vísindastofnun, sem hafa skyldi það hlutverk að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar með því að afla og varðveita gögn um þessi efni, sinna rannsóknum á heimildum um þau, hafa með höndum útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

Á afmælishátíð háskólans hinn 6. okt. s. l. lýsti ég yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi leggja frv. um þetta efni fyrir hið háa Alþingi. Háskólaráð hafði áður sent menntmrn. tillögur um, að 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar og 50 ára afmælis Háskóla Íslands yrði m. a. minnzt með þeim hætti, að komið yrði á fót þegar á þessu ári rannsóknarstofnun í íslenzkum fræðum, er hafa skyldi það hlutverk, sem ég gat um. Þetta frv. er í öllum atriðum, sem máli skipta, byggt á þeim till. háskólaráðs, sem ég nefndi, en innan háskólans munu till. hafa verið undirbúnar af heimspekideild.

Frv. gerir ráð fyrir, að hin nýja stofnun skuli heita Handritastofnun Íslands. Stjórn stofnunarinnar skal vera í höndum stjórnarnefndar, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, og landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntmrh. skal skipa einhvern þessara manna formann stjórnarnefndar, og skulu nefndarstörfin vera ólaunuð.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður, sem sé jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, en leiðbeina skal hann þó þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Auk þess gerir frv. ráð fyrir, að við stofnunina hafi tveir menn aðrir fast og fullt starf. Forstöðumaðurinn skal njóta sömu launa og prófessorar við heimspekideild, enda er gert ráð fyrir því, að við veitingu embættis forstöðumanns gildi sömu reglur og um veitingu prófessorsembætta. Honum er og ætlað að annast kennslu við háskólann án sérstaks endurgjalds. Hinir starfsmennirnir tveir eiga að njóta sömu launa og starfsmenn við orðabók háskólans. Þá gerir frv. ráð fyrir því, að við stofnunina starfi þrír styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Er gert ráð fyrir, að rannsóknarstyrkur til hvers þeirra geti numið árlega allt að 50 þús. kr. Er tilætlunin að ráða til þessara starfa unga kandídata, sem starfi að ákveðnu verkefni um tiltekinn tíma, eða jafnvel stúdenta. Þá gerir frv. og ráð fyrir heimild til að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa. Starfsmenn stofnunarinnar skulu láta í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og þeim greinum öðrum, sem þeir eru sérfróðir um. Gert er ráð fyrir, að menntmrn. geti í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um skiptingu hennar í deildir. Hefur verið um það rætt, að eðlilegt væri, að ein deildin fjallaði um örnefnafræði og þjóðfræði.

Í frv. er tekið fram, að stofnunin skuli taka við starfi handritanefndar háskólans, sem annazt hefur útgáfustarfsemi undanfarin ár og notið sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum. Í frv. er og kveðið svo á, að mæla skuli fyrir um það í reglugerð, hvar handritastofnunin sé til húsa. Í till. háskólans er gert ráð fyrir því, að stofnuninni sé til bráðabirgða fengið húsnæði í Landsbókasafni eða á öðrum stað, sem hentugastur þykir til þess. En til frambúðar verði stofnuninni fenginn staður í nýju húsi fyrir Landsbókasafn og verði reynt að haga safnhúsi svo, þegar það verður reist, að handritastofnunin verði sérstök álma og byrjað verði á að reisa hana.

Hinn 29. maí 1957 var samþykkt þál. um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl. Hefur í því sambandi verið gert ráð fyrir, að reist verði bókasafnshús í næsta nágrenni háskólabyggingarinnar, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg. Sameining safnanna og ráðagerðir um byggingu bóksafnshúss í námunda við háskólann eru niðurstaða af athugun nefndar, sem menntmrn. skipaði 11. sept. 1956 og skilaði áliti í jan. 1957. Þegar slík bygging yrði reist, væri eðlilegt að ætla handritastofnuninni rúm í henni. Ástæðulaust virðist þó að kveða á um það í lögum um handritastofnunina, hvar hún skuli hljóta frambúðarhúsnæði, og enn síður, hvar hún skuli vera til húsa til bráðabirgða. Undanfarið hefur verið unnið að nýrri innréttingu í þeim salarkynnum í safnahúsinu við Hverfisgötu, sem Náttúrugripasafn hafði áður til umráða. Verður þeim framkvæmdum lokið innan tíðar. Nýjar endurbætur á húsakosti Landsbókasafns eru og í athugun. Mun verða hægt að fá handritastofnuninni gott húsnæði til umráða í safnahúsinu, þegar þeim framkvæmdum er lokið, sem sumpart eru nú komnar á lokastig og sumpart eru ráðgerðar. Stofnuninni er og hin brýnasta nauðsyn að vera í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem eru í vörzlum Landsbókasafns, en endurbótum þeim, sem unnið hefur verið að undanfarið á húsakosti Landsbókasafns, hefur einmitt fyrst og fremst verið ætlað að vera í þágu handritasafns Landsbókasafns.

Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á s. l. vori um afhendingu íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda og koma skal á fót stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, ætti hún að vera kjarni þessarar handritastofnunar. Þangað til ætti Handritastofnun Íslands að skoða það sem meginverkefni sitt að undirbúa, að unnt verði að veita íslenzku handritunum viðtöku á þann hátt, sem þeim stórmerka menningarviðburði sæmir, og undirbúa það stóraukna rannsóknar- og útgáfustarf, sem sigla þarf í kjölfar þess, er handritin verða flutt hingað til lands.

Í frv. því til fjárlaga, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi í upphafi þings, er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 510 þús. kr. til þeirrar handritastofnunar, sem frv. þetta fjallar um. Þessari fjárveitingu er einungis ætlað að ganga til þess að launa hina þrjá föstu starfsmenn, styrkþegana og annað starfslið á næsta ári. Ríkisstj. taldi ekki rétt á þessu stigi málsins að gera neinar tillögur um fjárveitingar til útgáfustarfsemi, enda hlýtur það að verða verkefni handritastofnunarinnar sjálfrar að gera áætlanir um rannsóknar- og útgáfustarfsemi sína. Þegar slíkar áætlanir liggja fyrir, eftir að handritastofnunin hefur tekið til starfa, mun ríkisstj. gera tillögur um fjárveitingar til þeirra þarfa.

Að svo mæltu legg ég til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að fagna þeirri lausn handritamálsins, sem nú má telja víst að fáist, þrátt fyrir þann drátt, sem á því máli verður og mönnum er kunnugt um. Mér skilst það liggja þannig fyrir, að það megi nú teljast víst, að lausn fáist á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið. Er það að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni, bæði þeim, sem sitja á Alþingi, og öllum Íslendingum.

Ég held við ættum vel að geta skilið það hér, að það er ekkert óeðlilegt, þó að það hafi ekki allir verið á einu máli í Danmörku um, hvort eða hvernig afhenda skyldi handritin. Ég vil a. m. k. fyrir mitt leyti láta í ljós þá skoðun, að það dragi ekkert úr þeim sóma, sem danska þjóðin mun af því hafa að afhenda handritin íslenzku þjóðinni, þótt nokkur ágreiningur hafi orðið þar í landi um málið.

Ég álít, að það sé alveg sérstök ástæða líka til að minnast þeirra manna, sem hafa tekið á sig það erfiði, þá erfiðleika og þau óþægindi, sem því fylgja að berjast fyrir máli, sem ágreiningur er um, svo sem ýmsir merkir stjórnmálamenn í Danmörku hafa gert í sambandi við þetta mál.

Ég ætla að leggja út í að nefna tvö nöfn í því sambandi og þá fyrst nafn Jörgens Jörgensens, fyrrverandi menntmrh., og þá forsætisráðh., Kampmanns, því að mér er það ljóst, að þótt Jörgen Jörgensen hafi verið oddamaður fyrir þessu máli með miklum drengskap og skörungsskap, hefði það ekki dugað, ef forsrh. Dana, Kampmann, sem er form. Sósíaldemókrataflokksins þar í landi, hefði ekki tekið svo röskleg í streng sem raun varð á. Og svo hafa margir fleiri ágætir menn stutt að þessari lausn þar í landi.

Ég gat ekki stillt mig um að segja örfá orð um málið og gang þess af því tilefni, að hér er lagt fram frv. um handritastofnunina, og mér hefur ekki gefizt kostur á að láta nein orð falla hér á þingi um gang þessa máls fyrr en núna.

En um frv. vil ég aðeins segja, að ég lýsi stuðningi mínum við það að meginstefnu til að koma hér á fót handritastofnun. Vitaskuld verður að búa vel að handritunum og koma því þannig fyrir, að þeir, sem áhuga hafa á þeim málum, geti starfað að þeim með myndarskap. En ég geri ráð fyrir því, að einstök atriði frv. verði að sjálfsögðu skoðuð í nefnd.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti Þetta frv., sem hér liggur fyrir af hálfu hæstv. ríkisstj., er ótvírætt í sambandi við þá gleðilegu frétt,

að danska ríkisþingið hefur nú ákveðið, að við skulum fá handritin aftur. Ég verð að segja, að það, sem mér fannst fyrst og fremst reyna á, þegar sú frétt barst okkur, að allmargir menn í Danmörku hefðu sýnt það mikinn skilning á íslenzkri menningu og þá velvild í garð okkar þjóðar að vilja nú afhenda meginþorra handritanna, þá mundi fyrst og fremst reyna á, að við sýndum, að við værum menn til þess að taka á móti þeim, eins og okkar forfeður hefðu verið menn til þess að skrifa þau.

Ég verð að segja það um þetta frv., að mér finnst það að vísu fyrirgefanlegt af hæstv. ríkisstj., að hún skuli leggja frv. svona fyrir þingið, af því að mér finnst ekki háskólinn hafa farið neitt stórmannlega í þær kröfur, sem hann gerir í þessu tilefni. Ég held, að við þyrftum fyrst og fremst, þegar við búum okkur undir að taka við þessum handritum, þegar sú ákvörðun hefur verið tekin af hálfu Dana að afhenda okkur þau, að sýna það í verki, að við bærum tilhlýðilega virðingu og sýndum þá ást, sem þessi handrit verðskulda, og vildum vinna þannig að og búa þannig að þeim og þeim, sem ættu við þetta að vinna, að til sóma væri.

Nú er ákveðið að setja upp handritastofnun og verja til þess hálfri milljón króna á ári í viss laun. Ég held, að við hefðum átt að hafa meiri reisn á þessum hlutum. Það var rétt, sem hæstv. menntmrh. gat um, að það var tekin ákvörðun hér á Alþingi fyrir fimm árum um byggingu sameiginlegs safnhúss, bókasafnshúss fyrir Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið, og ég held, að það hefði átt fyrst og fremst að tengja ákvörðunina við að koma þeirri stofnun upp í safnhúsinu og að öðru leyti að ganga þannig frá því, sem þar þyrfti að vinna, að okkur væri til sóma. Er nú komin hálf öld, síðan nokkurt bókasafnshús hefur verið reist hér í Reykjavík, og gamla Landsbókasafnið við Hverfisgötuna er a. m. k. að mínu áliti enn þá eitt fallegasta húsið, sem til er í bænum, og ber að öllu þeim stórhug vott, sem gagntekur þjóðina um aldamótin, svo fátæk sem hún þá er. Mér verður satt að segja stundum hugsað til þess um allt það, sem við höfum byggt hér síðan, að það sýnir fulllítinn áhuga okkar og rækt við það, sem dýrast er í okkar menningu. Við byggjum hér skrautleg kvikmyndahús. Ég heyri sagt, að meira að segja netakúlurnar í einu bíóinu séu gylltar með ekta gulli. En meira að segja stafirnir utan á Landsbókasafnshúsinu, sem einu sinni voru þó gylltir, eru málaðir með svörtu letri núna.

Ég held, að við mættum alvarlega athuga okkar gang, til þess að við stæðum fyllilega sem menn við þær kröfur, sem til okkar verða gerðar í samræmi við þá virðingu, sem erlendar þjóðir sýna okkur í sambandi við okkar menningarafrek fyrrum.

Ég held, að sú ákvörðun, sem Alþingi ætti að taka nú í sambandi við handrit og handritastofnun, þurfi fyrst og fremst að vera tvennt, sem að vísu hvort tveggja er nokkuð hugsað um í þessu frv., en þó ekki nægilega.

Það þarf í fyrsta lagi að búa okkar handritum, bæði þeim, sem við eigum, og þeim, sem við fáum, þau heimkynni, sem við eiga. En í sambandi við það verður að efla þann hluta okkar háskóla, sem á að sjá um allar vísindalegar rannsóknir í sambandi við þessi efni. Það dugir ekki fyrir okkur að ætla að aðskilja sjálfa handritarannsóknina, sjálfa útgáfu handritanna og annað slíkt, svo gífurlegt verk sem það er og útheimtir margs konar kunnáttumenn og margs konar aðstöðu og tækni, það dugir ekki að aðskilja það frá áframhaldandi rannsóknum á okkar fornu sögu, á uppruna okkar þjóðar og uppruna okkar kynstofns og þar með á þeim gömlu norrænu og germönsku fræðum. Þetta tvennt verður ekki aðskilið, og Háskóli Íslands eða hans norræna deild verður ekki með þeim starfskröftum, sem hún nú hefur á að skipa, fær um að inna þetta af hendi, svo að vel sé, nema með stóraukningu á starfskröftum. Ég hef talað um það hér áður, að það þyrfti að bæta við ekki minna en fimm prófessorum þar til þess að sjá um rannsóknir í þessum efnum. Svo mikið er órannsakað þarna, og svo mikið virðist áhuginn hafa minnkað, því miður, á ýmsum þeim stöðum erlendis, ekki sízt t. d. í Þýzkalandi, þar sem þessi áhugi var hvað mestur áður, að það veitir ekki af, að við Íslendingar sýnum, að við viljum og getum lagt þá rækt við þessi fræði, sem þau verðskulda. Við eigum að setja okkur það núna að gera í senn þá handritastofnun, sem við komum upp, og okkar háskóla, hans norrænu deild, að miðstöð fyrir þau norrænu og samgermönsku fræði í Norðurálfu, — við eigum að setja okkur það, vinna að því og gera það.

Í öðru lagi þurfum við að reisa, ekki bara fyrir handritin, heldur allar aðrar bækur, það hús hér í Reykjavík, sem beri af öðrum húsum, það hús, sem sé eins konar musteri bókarinnar, eins konar hof þess ritaða orðs, þar sem saman sé safnað þeim bókum, sem við höfum nú í Landsbókasafni og Háskólabókasafni, og þeim bókum, sem við ætlum að afla okkur þar til viðbótar. Við vitum, að ástandið er þannig með Háskólabókasafnið nú, að það er fyrir löngu búið að sprengja utan af sér það þrönga pláss, sem því var ætlað, þannig að það er orðið mjög miklum erfiðleikum bundið að nota það. Svo vitum við þar að auki, að það er svo illa búið að bókakosti bæði Háskólabókasafnsins og Landsbókasafnsins, meira að segja í norrænum og samgermönskum fræðum, að mörg höfuðrit í sambandi við þessi fræði eru ekki til á Íslandi. Grundvallarbækurnar — bæði í sambandi við sögu Gotanna og annað slíkt — er ekki einu sinni að finna hér á Íslandi, þannig að það þarf til þess að gera bókasafn okkar háskóla að sæmilegri vísindalegri miðstöð í þessum efnum að fara í gegnum þetta og útvega slíkar bækur í viðbót. Það er hörmulegur skortur í þessum efnum. Það kann að vera, að einstaklingar á Íslandi eigi nokkuð af slíkum bókum, en í hvert skipti, sem menn ætla að brjótast í þessum hlutum og rannsaka þá, vantar bókstaflega bækurnar.

Sú samþykkt, sem gerð var fyrir 5 árum um byggingu slíks bókasafns, er sannarlega orðin tímabær, og það væri rétt af okkur og eðlilegt og stórmannlegt að öllu leyti að tengja ákvörðunina um að reisa slíkt hús ekki aðeins við

þessa handritastofnun, heldur við þá ákvörðun, að við fáum handritin heim. Við verðum að athuga það í sambandi við handritin, að það er allstór stofnun fyrir utan sjálfa rannsóknina á þeim, sem þar hlýtur að koma. Öll sú ljósmyndatækni, sem er í sambandi við útgáfuna á þeim, og öll sú útgáfustarfsemi, sem er í sambandi við þau, útheimtir undirbúning nú þegar. Við höfum ekki einu sinni kunnáttumenn í þessum hlutum og þurfum nú þegar að gera ráðstafanir til þess annaðhvort að afla okkur slíkra manna eða senda nú þegar út menn til þess að læra þessa hluti, þannig að sá þáttur úr þessu — sá hreint tæknilegi þáttur — kostar, eins og líka hæstv. ráðherra kom inn á, mjög mikinn undirbúning.

En sérstaklega vildi ég þó leggja áherzlu á, að allri rannsókn sögunnar, allri rannsókn á því þjóðfélagi, sem skóp okkar fornu bókmenntir, er þrátt fyrir allt, sem um þetta hefur verið skrifað, enn þá mjög skammt á veg komið. Og við skulum muna það, þegar við hugsum til þessara verka, sem þarna voru unnin, þessara andlegu dýrgripa, að mannkynið hefur ekki enn þá, þó að það sé nú að búa sig undir það með sinni miklu tækni að ferðast bæði til tunglsins og marz og ég veit ekki hvað og hvað, þá hefur það enn þá ekki í fegurð og list bókmennta risið hærra en gert var í þeim fræðum og þeim sögum og þeirri persónusköpun, sem fór fram á þessum tímum. Og það eru enn þá óleyst viðfangsefni í sögunni, hvernig á því stendur, að hjá okkur fyrir 1000 árum og hjá Grikkjum fyrir 3000 árum skuli hafa verið skapaðir þeir dýrgripir í bókmenntum, að ekki hafa verið skapaðir aðrir meiri síðan í allri sögu menningarinnar. Það er enn þá órannsakað, hvernig á þessu stendur, og skýringu vantar á því, hvernig stendur á því, að það mannkyn, sem fleygt hefur svona fram í tækni og valdi, skuli ekki hafa tekið meiri framförum í því, sem snertir það andlega líf á vissum sviðum og sérstaklega hvað snertir fegurð bókmenntanna. Og ég verð að segja, að það hvílir fyrst og fremst á okkur Íslendingum, því að við höfum allra þjóða mest lifandi tengsl enn þá við það þjóðfélag, sem skóp þessar bókmenntir. Þó að það þjóðfélag sé nú óðum að hverfa, því miður, þá hvílir það fyrst og fremst á okkur að leysa úr þessari gátu. Og við ættum, þegar máske þarf ekki meira til þess en geta látið allmarga menn helga sig þessu verki, að geta leyst úr þessum verkefnum. Við höfum hrúgað upp hverri stofnuninni hér á fætur annarri, þar sem við í krafti skriffinnskunnar sitjum við tiltölulega lítils nýt störf, en oft valdamikil. En við það, sem þýðingarmest er fyrir okkur, okkar bókmenntir, okkar sögu, okkar rannsóknir á þessu, látum við örfáa menn vinna að þessu sem lífsverki. Enginn þarf að segja, að við höfum ekki haft efni á að setja miklu fleiri menn til þess að vinna að þeim hlutum. En þetta litla, sem ég minntist á áðan, þó að við hefðum haft t. d. 5 prófessorum fleiri í okkar sögu og okkar bókmenntum, það hefði ekki kostað Ísland neitt í samanburði við það, sem við köstum í alls konar hégiljur.

Ég held, að þegar við búum okkur undir að taka á móti þessum handritum, þá reyni á mat okkar þjóðar, annars vegar mat okkar á okkar menningu, okkar fortíð, kjarnanum í öllu okkar þjóðlífi, og hins vegar okkar mat á peningum. Og ég held, að okkur veitti ekki af einmitt í sambandi við handritaheimtina að leiðrétta það mat örlítið, eins og það hefur komið fram í okkar þjóðfélagsþróun á þessum síðustu árum. Ég held, að það hefði ekki verið of mikið, þó að við hefðum tekið á þessum merkilegu tímamótum, þegar sú þjóð, sem einu sinni stóð að því að kúga okkur og gera okkur lífið erfitt, sýnir nú slíka virðingu fyrir því, sem við höfum lagt fram til heimsmenningarinnar, — þá held ég, að það hefði ekki verið of mikið, þó að við hefðum tekið þá ákvörðun hér á Alþ., að við hefðum ákveðið, að t. d. 100 millj. kr. yrði á næstu tíu árum varið til þess að byggja slíkt bókasafnshús, skapa slíka aðstöðu fyrir handritin og efla þá vísindalegu starfsemi, sem stendur í beinu sambandi við þau. Okkur kann að finnast 10 millj. á ári allmikið fé. Ég hefði ekki álitið það neitt ofverk íslenzku ríkisbankanna að leggja fram á ári a. m. k. 5 millj. kr. til þess verks. Seðlabanki Íslands ákvað síðasta sumar að kaupa lóð hér í miðbænum fyrir 10 millj. kr. Það gerðist rétt áður en háskólinn fór fram á *og ríkisstj. tilkynnti*, að hálfri milljón yrði varið á ári í sambandi við handritastofnun. Seðlabanka er hægt að hola niður hvar sem er, meðan það er ekki nema seðlabanki einn, og það þarf engar 10 millj. fyrir lóð handa honum. Það getum við hér á Alþ. fyllilega sagt þeim mönnum, sem slíka ákvörðun hafa tekið, og látið breyta þeirri ráðstöfun. Það er hægt að verja slíkum 10 millj. betur í sambandi við íslenzka menningu. Handritin og þær bækur, sem Ísland á dýrastar, eiga heimtingu af okkur á virðingaraðstöðu og vinnuaðstöðu, sem við getum fyllilega veitt þeim. Það þarf ekki á næstu tíu árum að byggja fleiri banka, a. m. k. ekki hér í Reykjavík. Ég held það þurfi ekki heldur að byggja fleiri kirkjur. Ég held, að það mætti spara á þeim sviðum og taka þar fé, sem þyrfti til þess að skapa þá aðstöðu, sem okkar bóklegu menningu skortir. Og ég held, að ef Alþ. grípur ekki í taumana og gerir slíkt, þá haldi sú vitleysa áfram, sem mest ber á hér hringinn í kringum okkur. Ég hef séð tvö bíó rísa hér upp, byggð fyrir opinbert fé, annað hjá Dvalarheimili aldraðra sjómanna, hitt hjá háskólanum. En ég veit ekki, hvað þau kosta, 10, 20 millj. líklega hvort um sig. Við byggjum bíó eins og þetta ættu að vera hallir, en við látum bókasöfnin bíða. Ég held, að Alþ. verði fyllilega að fara að segja þeim mönnum, sem svona fara með opinbert fé, að við álítum, að það sé hægt að fara betur með það. Ég held, að þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. hér hefur lagt fyrir, gefi Alþ. tilefni til þess að sýna, hvert mat það hefur á handritunum og bókunum, og að Alþingi eigi nú að sýna, að það vill hlaupa undir bagga með háskólanum.

Það gladdi mig að sjá hér aftast í tillögum háskólaráðs, að það er vakin athygli á þeirri brýnu nauðsyn, sem er á því að fara að hefja undirbúning að því að reisa Landsbókasafn, því að ég held, að það eigi ekkert að bíða með það. Ég held, að við eigum að gera gangskör að því

að leggja grundvöll að slíkri miðstöð norrænna og germanskra fræða hér og slíkri byggingu bókasafnshúss, — muna það, að vandi fylgir vegsemd hverri, þegar okkar handrit nú koma heim aftur.

Ég álít, að það væri mjög æskilegt, að hv. menntmn., sem þetta frv. fer til, athugaði það mjög vel og athugaði, hvort ekki væri í samráði við hæstv. ríkisstj. hægt að komast að samkomulagi um, að Alþ. afgreiddi þetta mál með þeirri reisn, sem þau tímamót, sem nú eru í sögu okkar handrita, sá gleðilegi viðburður, þegar við sjáum nú fram undan, að þau eru að koma heim, eiga heimtingu á.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær góðu undirtektir, sem frv. hlaut hjá hv. ræðumönnum, og þann skilning, sem sá málstaður, sem því er ætlað að efla, hafði hjá þeim báðum.

Það, sem gefur mér tilefni til að segja nokkur orð, eru ummæli hv. 3. þm. Reykv. um nauðsyn á því að stórefla rannsóknir í íslenzkum fræðum. Ég er honum algerlega sammála um það, að fá verkefni eru brýnni í íslenzku menntalífi en einmitt það að stórefla rannsóknir í íslenzkum fræðum. En ég vil taka það fram eða vekja athygli á því, að ef þetta frv. verður samþ., sem ég vona — og vona að verði einróma, er þetta stærsta spor, sem nokkurn tíma hefur verið stigið í einu til eflingar íslenzkra fræða á Íslandi, þar sem hér er gert ráð fyrir því, að í hóp þeirra manna, sem helga sig rannsóknum í íslenzkum fræðum, bætist þrír menn, sem helgi sig algerlega því starfi, og auk þess þrír styrkþegar, sem munu fá svo rífleg laun, að þeir geta helgað verulegan hluta af starfsdegi sínum í þágu þessa málefnis. Hér munu því bætast í hóp rannsóknarmanna á sviði íslenzkra fræða sex menn. Slík breyting hefur aldrei áður í einu orðið á þessu sviði.

Þar sem hv. þm. taldi, að á undanförnum árum hefði tæplega verið nóg að gert að bæta rannsóknaraðstöðu á þessu sviði, vildi ég þó minna hann á tvennt sérstaklega, sem gert hefur verið á allra síðustu árum og mjög hefur stuðlað að bættri rannsóknaraðstöðu, m. a. á sviði íslenzkra fræða. Það er í fyrsta lagi sú mikla efling menningarsjóðs, sem Alþingi tók ákvörðun um fyrir fjórum árum, þegar tekjur menningarsjóðs voru fjór- til fimmfaldaðar með sérstakri lagasetningu. Menningarsjóður hafði fram til þess tíma haft um hálfrar millj. kr. tekjur á ári, en með lagasetningunni, sem sett var árið 1958, voru árlegar tekjur menningarsjóðs auknar upp í 2½—3 millj. kr. á ári. Þeirra tekna hefur menningarsjóður notið árlega síðan, og fara þær fremur vaxandi með ári hverju en minnkandi, svo sem eðlilegt er og fagna ber. Þessar stórauknu tekjur menningarsjóðs hafa gert menningarsjóði og menntamálaráði kleift að verja mun meira fé í þágu rannsókna í íslenzkum fræðum en áður var mögulegt. Þetta hefur t. d. gert menningarsjóði kleift að hefja útgáfu nýs tímarits um íslenzkt mál, sem menningarsjóður stendur algerlega undir kostnaðinum við, og í því riti hafa þegar birzt margar stórmerkilegar ritgerðir um íslenzkt mál og íslenzka málsögu. Margt annað hefur menningarsjóður einnig verið fær um að gera hin síðustu fjögur ár, sem honum var áður ókleift.

Þá vil ég enn fremur minna á það, að á allra síðustu árum hefur verið komið á fót sérstökum vísindasjóði, sem hefur það hlutverk að efla rannsóknir bæði í hugvísindum og raunvísindum. Vísindasjóður hefur nú árlega til umráða milli 3 og 4 millj. kr. Þetta er fjármagn, sem varið er til vísindarannsókna nú í efnum, þar sem ekkert fé var veitt áður. Vísindasjóði var fyrst komið á fót árið 1958, þá með 1 millj. kr. árlegu starfsfé, en með seðlabankalögunum, sem samþykkt voru á þessu ári, er gert ráð fyrir því, að af tekjuafgangi Seðlabankans renni til vísindasjóðs 2½—3 millj. kr. á ári hverju, þannig að hér er um að ræða stóraukið fjármagn til eflingar íslenzkum vísindarannsóknum. Samkvæmt þeim starfsreglum, sem nú gilda fyrir vísindasjóð, er gert ráð fyrir því, að 30% af tekjum hans renni til rannsókna í hugvísindum, þannig að gera má ráð fyrir því, að ekki minna en ein millj. kr. á ári hverju sé til ráðstöfunar fyrir íslenzka hugvísindamenn og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst fyrir rannsóknarmenn í íslenzkum fræðum.

Það er því óhætt að segja og segja það alveg kinnroðalaust, að á undanförnum árum hefur stórmikið átak verið gert einmitt í því efni að bæta rannsóknaraðstöðu íslenzkra vísindamanna, ekki hvað sízt í íslenzkum fræðum, og á Alþingi að sjálfsögðu miklar þakkir skildar fyrir þann skilning, sem það hefur sýnt í þessum efnum, þó að ég á hinn bóginn sé sammála hv. þm. um, að enn meira mætti að gera og enn meira beri að hafast að.

Þá er og rétt að geta þess, að starfsaðstaða fræðimanna í Landsbókasafni hefur mjög verið bætt, og er einmitt núna verið að vinna að stórmiklum endurbótum á húsakosti Landsbókasafns, sem reynast munu til mikilla hagsbóta, einkum og sér í lagi fyrir þá, sem sinna þeim íslenzku handritum, sem í Landsbókasafni eru nú varðveitt. Þó er rétt í þessu sambandi að vekja athygli á, að ekki er alltaf einhlítt, að auknar fjárveitingar beri í raun og veru árangur í auknum rannsóknum eða auknum rannsóknarstörfum. Í því sambandi er rétt að geta þess, að sú mikla vísindalega útgáfa Íslendingasagna, sem nú hefur verið unnið að um langan aldur, — um of langan aldur, vildi ég mega segja, — það, hversu hægt hún sækist, strandar ekki á fjárskorti til þeirrar útgáfu, heldur verður miklu fremur rakið til hins, að erfiðleikar reynast á að fá vísindamenn, sem til þess eru færir, til þess að sinna því verki í nægilega ríkum mæli. Þessi útgáfa Íslendingasagna, sem sannarlega ætti að gera átak til þess að efla og hraða, hefur ekki dregizt svo sem raun hefur orðið á vegna þess, að fé hafi skort til útgáfunnar, heldur vegna skorts á starfskröftum.

Eitt af því, sem ég tel eiga að verða verkefni handritastofnunarinnar, eitt fyrsta verkefni hennar, er einmitt að gera tillögur til ríkisvaldsins og Alþingis um það, hvernig útgáfustarfsemi í íslenzkum fræðum skuli verða háttað hér á næstunni. Þegar tillögur þeirra sérfróðu manna,

sem að þessu munu vinna, liggja fyrir, er rétti tíminn til þess fyrir Alþingi að taka afstöðu til fjárveitinga í þessum efnum, því að ég vil undirstrika það og tel ástæðu til þess að gera það vegna villandi ummæla, sem um það hafa birzt í dagblöðum, að þær fjárveitingar, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, eru eingöngu til þess að launa fasta starfsmenn við stofnunina, en ekki að neinu leyti í þágu útgáfustarfseminnar sjálfrar.

Þá vil ég láta þess getið einnig í tilefni af ummælum hv. 3. þm. Reykv. um byggingarmál Landsbókasafns og handritastofnunarinnar, að húsnæðismál Landsbókasafns og Háskólabókasafns hafa verið í athugun í menntmrn. allar götur síðan 1957, að nefnd sú, sem ég hafði skipað þá nokkrum mánuðum áður, skilaði áliti, og það var snemma á árinu 1957. Ástæða til þess, að ekki hefur verið meira aðhafzt í þeim efnum en raun ber vitni um, er sú, að engin lausn hefur getað fengizt á lóðamálum fyrir slíka byggingu, sem þar er um að ræða, en slík bygging hlýtur samkvæmt frumdrögum áætlunar, sem til eru, að verða mjög stór. Menntmrn. skrifaði þegar á árinu 1957 yfirvöldum Reykjavíkurbæjar með ósk um, að lóðamál væntanlegs safnahúss yrðu tekin til gaumgæfilegrar athugunar hjá skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurbæjar og ríkisins. Hér er um stórmál að ræða, sem mjög mikill vandi er að leysa úr á þann hátt, sem fullnægjandi þykir, og hefur lausn á því máli ekki fengizt enn, nema ef vera kynni, að sú veglega samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur í sambandi við 50 ára afmæli háskólans nú nýverið megi teljast geta falið í sér lausn á þessu máli. Það er svo skammt um liðið, síðan sú samþykkt var gerð, að ekki hefur enn unnizt tími til þess að ræða það af hálfu menntmrn. eða ríkisstj. við háskólann og bæjaryfirvöld, hvort sú lóðaráðstöfun, sem bæjarstjórn Reykjavíkur á mjög myndarlegan hátt þá tók ákvörðun um, mætti einnig teljast skapa möguleika á því að leysa húsnæðismál Landsbókasafns og Háskólabókasafns, þannig að hægt væri að ætla slíkri byggingu stað á því svæði, sem háskólanum hefur verið gefið fyrirheit um, að hann muni fá til umráða. Það mál mun verða athugað mjög gaumgæfilega nú á næstunni. Hitt vil ég segja að síðustu, að ég tel óheppilegt að blanda byggingarmáli væntanlegs safnahúss saman við ákvörðun Alþingis um að koma á fót Handritastofnun Íslands. Það er hægt að koma handritastofnuninni á fót á þeim grundvelli, sem lagt er til í þessu frv., án þess að tekin sé endanleg ákvörðun um það, hvernig byggingarframkvæmdum í þágu íslenzkra safna skuli hagað. Það mál er enn miklu stærra og miklu flóknara en svo, að búast megi við því, að hægt verði að taka endanlegar ákvarðanir í þeim efnum nú á þessu þingi. Þess vegna vildi ég mjög mælast til þess við hv. menntmn., sem þetta mál fær til meðferðar, að blanda þessum tveim málum ekki saman, þar eð jafnaugljóst og að unnt er að taka ákvörðun um stofnun rannsóknarstofnunar eins og þessarar, er það líka augljóst, að það væri miklum erfiðleikum bundið fyrir Alþingi að taka nú endanlegar ákvarðanir í slíku stórmáli sem bygging safnahúss fyrir íslenzk söfn væri, bygging húss, sem leysa ætti húsnæðisþörf íslenzkra bókasafna um tugi ára fram í tímann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 445).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur haft frv. um Handritastofnun Íslands til athugunar alllengi, rætt það á mörgum fundum og haft samband við ýmsa aðila utan þings viðkomandi málinu. Frv. var fyrst sent til umsagnar heimspekideild Háskóla Íslands, og er sú umsögn birt sem fskj. með nál. Sú umsögn gaf tilefni til þess að senda málið aftur til háskólaráðs og gefa því kost á frekari athugasemdum. Er bréf þess einnig birt sem fskj. Þá barst nefndinni erindi frá Félagi íslenzkra fræða, og komu stjórnarmenn þess á fund nefndarinnar til umr. um málið.

Í sambandi við frv. hafa aðallega fjögur atriði verið til umr. Hið fyrsta er nafn stofnunarinnar, annað er stjórn hennar, þriðja eru fjárframlög til handritastofnunarinnar og fjórða eru hugmyndir um byggingar, sem að einhverju leyti mundu verða tengdar þessari stofnun.

Heimspekideild Háskóla Íslands gerði það að tillögu sinni, að nafni þessarar væntanlegu stofnunar yrði breytt í Stofnun Jóns Sigurðssonar. Háskólaráð féllst ekki á þessa tillögu og hélt sér við fyrri afstöðu sína, en nafnið í frv. mun vera komið frá háskólaráði.

Helztu röksemdir fyrir því að breyta nafninu í Stofnun Jóns Sigurðssonar, eru þær, að hún er stofnuð á afmæli hans, að heitið Handritastofnun Íslands sé of þröngt, marki starfseminni of þröngan bás, að sérstakur styrkur sé að nafni þjóðhetju okkar, og í fjórða lagi, að alsiða sé erlendis, að stofnanir beri nöfn mikilmenna.

Helztu röksemdir, sem hafa komið fram fyrir að halda því nafni, sem er í frv., Handritastofnun Íslands, eru þessar: Samkv. því frv., sem samþ. hefur verið af danska þinginu og væntanlega verður grundvöllur undir afhendingu handritanna, ber okkur að stofna hér á landi eða koma á fót stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Þykir ekki fara vel á því, að í framtíðinni verði stofnun Árna Magnússonar í stofnun Jóns Sigurðssonar, og að því leyti fara betur að halda nafninu Handritastofnun Íslands. Í öðru lagi er það skoðun manna, að nafnið Handritastofnun Íslands þurfi á engan hátt að þrengja starfssvið stofnunarinnar. Þau verkefni, sem þar verða unnin, munu í fyrsta lagi fara eftir lögunum, en þar eru þau mjög vítt mörkuð. Samkv. 2. gr. á stofnunin að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu, og samkv. 5. gr. er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Er því engin hætta á, að þetta nafn muni reynast of þröngt. Loks hafa fræðimenn bent á það, að hið mikla ævistarf Jóns Sigurðssonar hafi verið á fleiri sviðum en þeim, sem tilheyra tungu okkar, bók-

menntum og fornsögu, og sé vel hugsanlegt, að stofnaðar verði deildir við háskólann eða stofnanir við hann viðkomandi stjórnmálum, stjórnmálahugmyndum og öðru slíku, sem gætu engu síður átt tilkall til nafnsins en sá aðili, sem nú er til umræðu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að *menntmn. er sammála um að leggja til*, að nafn stofnunarinnar verði óbreytt, eins og það er í frv.

Félag íslenzkra fræða hefur lagt fram þá till., að því yrði gefinn kostur á að skipa a. m. k. einn mann í stjórn handritastofnunarinnar. Samkv. 3. gr. verður stjórn stofnunarinnar falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Þar sem þessi stjórn samkv. frv. er eingöngu embættismannastjórn og yfirgnæfandi líkur til, að flestir, ef ekki allir þeir menn, sem verða kosnir í stjórnina, verði meðlimir í Félagi íslenzkra fræða, þá er það skoðun nm., að rétt sé að gera ekki till. um breytingu, enda allar líkur á því, að meiri hl. í þessari stjórn verði meðlimir í umræddu félagi.

Í þriðja lagi hefur komið til tals fjárframlag til handritastofnunar, og er það ekki með öllu nýtt deilumál, eins og hv. deildarmenn vafalaust vita. Þeir aðilar, sem hafa fjallað um frv. utan þings, sem eru háskólaráð og heimspekideildin, hafa látið það gott heita, sem fram kemur í grg. með frv., að framlag í núgildandi fjárlögum sé aðeins byrjunarframlag, en að væntanleg stjórn handritastofnunar hljóti að gera það að sínu fyrsta verki að skipuleggja starfsemina og gera þá um leið áætlun um fjárþörf hennar og muni þá koma til kasta Alþingis að auka fjárframlög eftir því, sem þörf gerist. Menntmn. tekur þetta fram í nál. sínu á þskj. 445 og leyfir sér þar að vænta þess, að Alþingi muni, þegar þar að kemur, taka þessu máli með velvild og skilningi, þannig að ekki sé nein hætta á, að handritastofnunin muni ekki hafa nægilegt fé til ráðstöfunar.

Í fjórða lagi hefur verið allmikið rætt um húsnæðismál handritastofnunar. Í frv. því, sem fram var lagt á þskj. 52, segir í grg. frá því, að Alþingi hafi 1957 samþ. þál. um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Í grg. segir enn fremur, að þegar slík bygging verði reist, verði eðlilegt að ætla handritastofnuninni rúm í henni. Þetta mál var mikið rætt í menntmn., og kom fram í nefndinni sterkur áhugi á að nota það tækifæri, sem gefst við afgreiðslu þessa frv., til að freista að vinna þessu byggingarmáli fylgi. Vissulega er brýn þörf fyrir þjóðarbókhlöðu, ekki aðeins sem nægilega byggingu fyrir handritin, heldur einnig sem viðunandi byggingu yfir væntanlega sameinað bókasafn, Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Viðræður um þetta mál milli nefndarinnar og hæstv. menntmrh. leiddu þó til þess, að ríkisstj. taldi ekki rétt að sameina málin á þessu stigi, en engu að síður kom fram áhugi á því hjá öllum aðilum, að unnið verði að framgangi þess.

Eins og fram kemur í prentuðu nál. á þskj. 445, hafði einn nm., Einar Olgeirsson, lagt fram í n. skriflegar tillögur um breytingar á frv. í þá átt að setja inn í það ákvæði um slíka byggingu, svo og um lágmarksfjárveitingu til handritastofnunar. Einar var fjarverandi, þegar málið var endanlega afgreitt, en eins og segir í nál., þá var fallizt á að draga till. til baka, vegna þess að nm. voru allir um það sammála, að æskilegt væri að skapa sem bezta samstöðu um afgreiðslu þessa máls hér á Alþingi. Ég vil sem formaður nefndarinnar þakka þessa afstöðu og þakka þann sameiningarhug, sem kemur fram í henni, og vil vænta þess, að hv. deild fjalli um málið í sama anda. Málið er vissulega þess eðlis, að Alþingi þyrfti að standa einhuga um handritastofnunina og það, sem á eftir fer. Það er því till. menntmn., að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og háskólaráð og ríkisstj. gengu frá því og það var hér lagt fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakkir til hv. menntmn. fyrir það, hversu vel og vandlega hún hefur unnið að því máli, sem hér er nú til 2. umr., og sérstaklega fyrir það, að náðst skuli hafa alger samstaða í nefndinni um að mæla með því, að það nái fram að ganga í því formi, sem það var lagt fyrir í upphafi þessa þings. Ég vil taka undir ummæli hv. frsm. um það efni, að ég tel mjög mikilsvert fyrir framgang málsins og þýðingu stofnunarinnar í framtíðinni, að Alþingi standi einhuga að afgreiðslu þess. Í þessu sambandi vildi ég ítreka þau ummæli, sem ég viðhafði, þegar frv. var lagt fram s. l. haust, að sú fjárveiting, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs til þeirrar stofnunar, sem hér er um að ræða, tekur einvörðungu til launa þeirra starfsmanna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að verði tengdir Handritastofnun Íslands. En þegar stofnuninni hefur verið komið á fót, verður sjálfsagt eitt fyrsta verkefni stjórnar hennar að gera áætlanir um starfsemi hennar og þá fyrst og fremst útgáfustörf stofnunarinnar. Það hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar mundi þá gera Alþingi og ríkisstj. grein fyrir óskum sínum og tillögum varðandi útgáfustarfið, og þori ég að fullyrða að undangengnum umr. um það mál í ríkisstj., að málaleitunum væntanlegrar stjórnar stofnunarinnar um fjárveitingar til útgáfustarfa og annarrar starfsemi, sem hún kann að vilja hafa með höndum, mun verða vel tekið og af skilningi, því að vissulega er nauðsynlegt, að þessi stofnun fái í framtíðinni sem stærst svigrúm til þess að vinna gagn á því sviði, sem henni er ætlað að helga sér.

Í sambandi við það, sem hv. menntmn. segir í nál. sínu, og í framhaldi af því, sem hv. frsm. gat um í ræðu sinni um byggingu húss fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn, þar sem þessi handritastofnun gæti einnig fengið frambúðaraðsetur, vil ég láta þess getið, að ríkisstj. hefur nú undanfarið rætt það mál mjög gaumgæfilega. En eins og hv. dm. er eflaust kunnugt, ályktaði Alþingi á árinu 1957, að sameina bæri Landsbókasafn og Háskólabókasafn í eina bókhlöðu. Á sínum tíma sótti menntmrn. um lóð fyrir slíka safnbyggingu, en hún þarf að vera stór og á sem hentugustum stað, og er það mál ekki að fullu útkljáð enn þá. En í

framhaldi af þeim umr., sem fram fóru í hv. menntmn. um þetta mál og í ríkisstj., vil ég skýra frá því, að ég mun nú innan skamms skipa byggingarnefnd til þess að reisa bókhlöðu fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn, og verður þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að framtíðaraðsetur Handritastofnunar Íslands verði í þeirri byggingu. Í þessu sambandi er einnig rétt, að það komi fram, að undanfarna mánuði hefur verið unnið að mjög gagngerðum endurbótum á húsnæði Landsbókasafns í hinu gamla húsi þess við Hverfisgötu. Höfuðmarkmið þeirra endurbóta hefur verið að búa skjalasafni Landsbókasafns miklu betri skilyrði en það hefur átt við að búa undanfarið og sjá þeim fræðimönnum, sem sérstaklega helga sig rannsóknum á handritum Landsbókasafns, fyrir mun betri starfsaðstöðu en þeir hafa átt kost á undanfarið. Þeir fræðimenn, sem vilja vinna að rannsóknum á hinu stóra skjalasafni Landsbókasafns, hafa haft mjög erfiða starfsaðstöðu. Þessum endurbótum er nú að verða lokið, og mun hið nýja húsnæði verða tekið í notkun innan skamms. En í sambandi við þessar endurbætur hefur jafnframt verið haft í huga, að unnt yrði að veita hinum íslenzku handritum frá Danmörku viðtöku á sómasamlegan hátt, þegar þar að kemur: í fyrsta lagi búa þeim trygga geymslu til bráðabirgða í Landsbókasafnshúsinu og í öðru lagi að tryggja þeim fræðimönnum, sem sérstaklega mundu að þeim vinna, góða aðstöðu í hinni gömlu Landsbókasafnsbyggingu. Það, sem fyrirhugað er í því sambandi, er sérstaklega að geyma íslenzku handritin frá Danmörku og gera góða starfsaðstöðu þeirra manna, sem að þeim mundu sérstaklega vinna. Því er að vísu ekki lokið enn, en þær breytingar, sem hefur verið unnið að undanfarna mánuði og nú er næstum lokið, hafa verið við það miðaðar, að unnt yrði að gera framhaldsbreytingar, þar sem handritunum frá Danmörku yrði tryggður góður samastaður og starfsaðstaða þeirra manna, sem með þeim mundu sérstaklega vinna, yrði eins góð og frekast er kostur á í Landsbókasafnsbyggingunni.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram í þessu sambandi, þó að ég hins vegar telji eðlilegt, að frambúðaraðsetur þessarar stofnunar, sem hér er um að ræða, verði í veglegri byggingu, sem verður reist fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn og þá stofnun, sem þetta frv. fjallar um.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að láta það koma fram við þessa umr., að ég tel miður farið, að hv. nefnd hefur ekki tekið til greina tvær tillögur til breytinga á frv., sem koma fram í því bréfi, sem henni hefur borizt frá stjórn Félags íslenzkra fræða.

Önnur þessi till. fjallar um það, hvernig stjórn stofnunarinnar skuli skipuð. Samkv. frv. eiga sæti í stjórn stofnunarinnar þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar, eða sjö embættismenn. Stjórn Félags íslenzkra fræða leggur til, að til viðbótar verði skipaður í stjórnina fulltrúi frá því félagi. Ég held, að þessi till. sé á fullum rökum byggð, vegna þess að hún mundi tryggja fleiri aðilum aðild að stjórninni og hér einmitt þeim aðila, sem e. t. v. væri líklegastur til að leggja eitthvað nýtt af mörkum. Það vill nú verða svo, að í stjórnum félaga eða stofnana, sem eru bundnar við embættismenn, starfi lengi sómu mennirnir og það geti þess vegna skapazt eins konar kyrrstaða hjá slíkri stjórn. Mér finnst meiri trygging fyrir því, að svo verði ekki, ef félag fræðimanna, þar sem ætla má að ungir menn láti alltaf meira og minna til sín taka, fær fulltrúa í stjórnina. Slíkur félagsskapur væri líklegur til að tilnefna í stjórn stofnunarinnar menn, sem gætu að einhverju leyti komið þar inn með lifgandi sjónarmið. Ég tel þess vegna, að það væri heppilegt, að þessi till. frá Félagi íslenzkra fræða væri tekin til greina, og vil nú vænta þess, að hv. nefnd íhugi þetta betur fyrir 3. umr. málsins hér í deildinni.

Annað atriðið í bréfi Félags íslenzkra fræða, sem mér finnst miður að hv. nefnd hefur ekki tekið til greina, er tillagan um nafn stofnunarinnar. Félag íslenzkra fræða leggur til, að nafni stofnunarinnar verði breytt, þannig að hún verði kölluð Stofnun Jóns Sigurðssonar í stað þess að vera kölluð Handritastofnun Íslands. Undir þessa tillögu um breytingu á nafni stofnunarinnar hefur heimspekideild háskólans, sem þetta mál snertir alveg sérstaklega, tekið og leggur einnig til, að nafninu verði breytt, þannig að stofnunin verði kölluð Stofnun Jóns Sigurðssonar. Þannig eru bæði heimspekideild háskólans og Félag íslenzkra fræða sammála um þessa nafnbreytingu. Þriðji aðilinn, sem um þetta hefur verið spurður, háskólaráð, tekur hins vegar fram í bréfi, sem það hefur sent nefndinni, að það telji heiti stofnunarinnar ekki vera neitt aðalatriði, og virðist þar af leiðandi ekki leggja neina sérstaka áherzlu á, að þessu nafni, Handritastofnun Íslands, verði haldið.

Ástæðurnar til þess, að ég kann betur við þetta nafn, sem Félag íslenzkra fræða bendir á, eru þær sömu og fram koma í bréfi félagsins, sem fylgir nál., að mér finnst nafnið Handritastofnun Íslands vera of þröngt. Mér finnst það fyrst og fremst benda á, að hér sé um að ræða stofnun, sem hafi handritageymslu og þjóðminjavörzlu með höndum, þetta sé fyrst og fremst safnstofnun. En það, sem ég tel að eigi að vera aðalverkefni þessarar stofnunar, eru vísindalegar rannsóknir, og ég er sammála Félagi íslenzkra fræða um það, að ef við viljum vekja athygli með nafni stofnunarinnar á þessu sérstaka verkefni hennar, að fást við vísindalegar rannsóknir, þá verður það ekki gert betur á annan hátt en láta stofnunina bera nafn Jóns Sigurðssonar, því að eins og fram kemur í bréfi Félags íslenzkra fræða, þá er hann án efa einn allra mesti vísindamaður, sem þjóðin hefur átt á þessu sviði. Þar við bætist, að í þeirri merku stjórnmálabaráttu, sem hann háði, sótti hann ekki sízt rökin til hinnar miklu sögulegu þekkingar sinnar. Ekki sízt af þeim ástæðum finnst mér rétt að halda nafni hans uppi með því að tengja það við þessa stofnun.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar að

sinni. Ég hef ekki borið fram neinar brtt. enn í þessa átt, en ég vil hins vegar vænta þess, að hv. nefnd taki þessi atriði til frekari athugunar fyrir 3. umr., og vænti þá, að nánari athugun hennar á þessu leiði til þess, að hún fallist á þessar breytingar, sem Félag íslenzkra fræða hefur lagt til að gerðar verði á frv.

Í sambandi við það, sem hér hefur verið rætt um fjárráð stofnunarinnar, þá vil ég taka undir það, að ég álít, að henni sé allt of þröngur stakkur skorinn með þeirri fjárveitingu, sem nú er veitt til hennar á fjárlögum, en ég sætti mig hins vegar einnig við þá yfirlýsingu frá hæstv. menntmrh., að þetta mál verði tekið til nánari athugunar, þegar búið er að skipa stjórn stofnunarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. með shlj. atkv. eins og það hafði verið lagt fyrir hv. Alþingi í haust, eftir að hv. menntmn. Nd. hafði einum rómi mælt með samþykkt þess.

Efni frv. er, að komið skuli á fót stofnun til þess að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar með því að afla og varðveita gögn um þessi efni, sinna rannsóknum á heimildum um þau, hafa með höndum útgáfu handrita og fræðirita o. s. frv., og er gert ráð fyrir, að stofnunin heiti Handritastofnun Íslands.

Í yfirstjórn stofnunarinnar er gert ráð fyrir að séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, sem kosnir séu af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar, en menntmrh. skipi formann stjórnarnefndar, og séu nefndarstörfin ólaunuð.

Starfsmenn stofnunarinnar skulu vera forstöðumaður, sem jafnframt sé prófessor í heimspekideild háskólans, og tveir aðstoðarmenn, er starfi að fullu við handritastofnunina. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að við hana starfi þrír styrkþegar, sem njóti árlega hver um sig allt að 50 þús. kr. rannsóknarstyrks. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að heimilt sé að ráða nauðsynlegt starfslið að stofnuninni til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Í fjárlögum fyrir gildandi ár hefur verið samþ. rúmlega hálfrar millj. kr., eða 510 þús. kr. fjárveiting til þessarar stofnunar, sem að sjálfsögðu yrði komið á fót, strax og frv. þetta yrði samþ. Ég tók það fram við 1. umr. málsins í Nd. og vil einnig gera það hér, að þeirri fjárveitingu, sem er í gildandi fjárlögum til stofnunarinnar að upphæð 510 þús. kr., er aðeins ætlað að greiða laun þess fasta starfsliðs, sem ég gat um áðan, og kostnað við almennan rekstur stofnunarinnar, þ. e. kostnað við vélritun, ljósmyndun og önnur skrifstofustörf. Ríkisstj. hefur hins vegar gert ráð fyrir því, að þegar eftir að stofnuninni hefur verið komið á fót, geri stjórn hennar og starfsmenn áætlanir um útgáfustarfsemi stofnunarinnar og þau rannsóknarstörf, sem hún á að hafa með höndum, og áætli kostnað við þau störf og þær rannsóknir, sem stjórn og starfsmenn telja nauðsynlegt að hafizt sé handa um, og lýsi ég þeirri skoðun ríkisstj., að nauðsynlegt sé að veita ríflegt fé á fjárlögum í framtíðinni, til þess að þessi stofnun geti gegnt hinu mikilvæga hlutverki sínu með sóma.

Í frv. er ekki tilgreint, hvar stofnunin skuli starfa, en gert hefur verið ráð fyrir, að hún fái fyrst um sinn aðsetur í safnahúsinu við Hverfisgötu, en undanfarna mánuði hefur verið unnið að nýrri innréttingu á þeim salarkynnum í safnahúsinu, sem Náttúrugripasafn hafði áður til umráða. Er þeim framkvæmdum nú um það bil að verða lokið, og eru nýjar endurbætur á húsakosti Landsbókasafns í athugun í framhaldi af þeim endurbótum, sem unnið hefur verið að undanfarið. Það er eðlilegt, að handritastofnuninni sé fyrst um sinn komið fyrir í Landsbókasafnshúsi eða sömu byggingu og Landsbókasafn hefur nú aðsetur í, þar sem telja má, að henni sé nauðsynlegt að vera í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem nú eru í vörzlu Landsbókasafns.

Þegar þau lög, sem þjóðþing Dana samþ. á síðastliðnu vori um afhendingu íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda, en samkvæmt þeim á að koma á fót stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, ætti sú stofnun að verða kjarni þessarar handritastofnunar, og íslenzk handrit, sem þá munu koma til Íslands samkvæmt lögum þjóðþings Dana, munu því verða varðveitt í þeirri stofnun, sem hér er um að ræða, og verða, eins og ég sagði, kjarni hennar.

Vorið 1957 samþ. Alþ. þál. um að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Í því sambandi hefur verið gert ráð fyrir, að reist verði bókasafnshús í Reykjavík fyrir þessi tvö söfn, Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Telur ríkisstj. eðlilegt, að þegar hafizt verður handa um framkvæmd þeirrar fyrirætlunar, verði einnig gert ráð fyrir, að sú stofnun, sem hér er um að ræða, verði til húsa í þeirri byggingu. Það kæmi einnig til greina, að Þjóðskjalasafn, sem nú er til húsa í byggingu Landsbókasafnshússins, verði einnig til húsa í slíkri nýrri allsherjar safnbyggingu, allsherjar bókhlöðu Íslendinga, og yrði þá gamla safnahúsið tekið til annarra nota.

Þessi húsnæðismál safnanna íslenzku voru allmjög rædd í menntmn. Nd., og kom þar fram mikill áhugi á því að hraða framkvæmdum í því máli. Ríkisstj. ræddi þessi húsnæðismál einnig ýtarlega, meðan málið var til meðferðar

í hv. Nd., og kom einnig af hálfu ríkisstj. fram mikill áhugi á að hraða þessu framkvæmdum sem mest. Í framhaldi af þessu hef ég gert ráð fyrir að skipa nú á næstunni byggingarnefnd, sem skuli hafa með höndum framkvæmdir varðandi byggingu bókasafnshúss hér í Reykjavík fyrir þessi helztu söfn þjóðarinnar: Landsbókasafn, Háskólabókasafn og handritasafn og jafnvel einnig fyrir Þjóðskjalasafn. Það mundi að sjálfsögðu sú byggingarnefnd, sem verður skipuð, taka til nánari athugunar. Hefur þegar verið sótt um lóð fyrir slíka safnbyggingu, og er sú málaleitun til athugunar hjá borgar- og skipulagsyfirvöldum.

Í hv. menntmn. Nd. og hv. Nd. bar nokkuð á góma, hvort eðlilegt væri, að stofnun þessi hlyti það nafn, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, en hugmyndir hafa verið uppi um, að hún hlyti annað nafn, Stofnun Jóns Sigurðssonar. Afstaða menntmn. hv. Nd. og ég held mér sé óhætt að segja hv. Nd. yfirleitt var sú að gera ekki breyt. á þeim tillögum, sem um nafnið komu endanlega frá Háskóla Íslands, en það er samkvæmt tillögum hans, að stofnuninni var í frv. gefið þetta nafn. Málið var aftur borið undir háskólann af hálfu hv. Nd. Meiri hluti í heimspekideild háskólans lýsti sig fylgjandi nafnbreytingu, en háskólaráð vildi hins vegar ekki samþykkja, að nafninu yrði breytt, og var því ráði fylgt af hv. menntmn. Nd. og neðri deild, þar sem engin brtt. kom fram við frv.

Ég lýsti sérstakri ánægju yfir því í hv. Nd., að svo alger samstaða skyldi hafa náðst bæði innan menntmn. og í allri hv. Nd. um afgreiðslu þessa máls, þar sem frv. var afgr. við allar umr. í hv. Nd. með shlj. atkv. allra deildarmanna. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að sú verði einnig niðurstaðan hér í hv. Ed. Hér er um það að ræða að koma á fót stofnun, sem á sínum tíma á að veita viðtöku og varðveita þær þjóðargersemar, sem þau íslenzku handrit eru, sem nú um langan aldur hafa verið varðveitt í Danmörku. Á því er enginn vafi, að þessi stofnun, þegar henni hefur verið komið á fót, verður ein af merkustu og ástsælustu menningarstofnunum íslenzku þjóðarinnar, og þá mun áreiðanlega verða gott til þess að hugsa, að hv. Alþ. hafi komið þessari merku stofnun á fót með shlj. atkv.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 733).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til laga um Handritastofnun Íslands, og hefur það verið rætt á nokkrum fundum. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 733, mælir n. með, að frv. verði samþykkt. Hv. 9. þm. Reykv. áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma varðandi heiti stofnunarinnar, en hann mætti á fundum n. í forföllum hv. 5. þm. Reykn. og að ósk hans. Hv. 5. þm. Austf. áskilur sér og rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Um efni frv. vísast til athugasemda við það og fskj. og til framsöguræðu hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins í þessari hv. þingdeild. Menntmn. Nd. hafði frv. til ýtarlegrar athugunar. Var þar hreyft brtt., þó ekki varðandi heiti stofnunarinnar, brtt., sem fallizt var á að draga til baka, þar sem ekki gat orðið fullt samkomulag um það í nefndinni, en allir nm. voru hins vegar sammála um, að æskilegast væri að skapa sem bezta samstöðu um afgreiðslu málsins, svo sem fram kemur í nál. menntmn. Nd.

Í menntmn. þessarar hv. þingdeildar var aðallega rætt um heiti stofnunarinnar, svo sem ráða má af áskilnaði hv. 9. þm. Reykv. um að flytja eða fylgja brtt. varðandi það efni. Ég sé, að enn hafa ekki komið fram brtt. við frv. og því ástæða til að ætla, a. m. k. á þessu stigi málsins, að full samstaða náist um frv., en einróma samstaða og afgreiðsla hv. alþingismanna á málinu yrði stofnuninni vissulega styrkur inn á við og þá ekki síður út á við.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það hefur ekki orðið mikill ágreiningur hér á Alþingi um meginmál þessa frv. Hins vegar hefur gætt nokkurs skoðanamunar, a. m. k. hér í hv. Ed., á vali nafns þeirrar stofnunar, sem frv. fjallar um. Er það í raun og veru ekki neitt undarlegt, að skoðanir kunni að vera skiptar í því efni hér á Alþingi, þar sem vitað er um, að utan Alþingis eru skoðanir manna mjög skiptar um það, hvert heiti þessarar stofnunar eigi að vera.

Þetta frv. mun í höfuðdráttum vera undirbúið af heimspekideild háskólans. Síðan mun það hafa farið um hendur háskólaráðs og til hæstv. ríkisstj., sem leggur frv. fram. En heimspekideild háskólans, sem frv. hefur undirbúið, hefur mjög ákveðið látið þá ósk í ljós, að stofnuninni yrði valið nafnið Stofnun Jóns Sigurðssonar. Hv. menntmn. Nd. bar þetta atriði undir heimspekideildina, og hún samþykkti innan sinna vébanda með fimm atkvæðum gegn einu að láta í ljós þá ósk, að stofnuninni yrði valið þetta nafn: Stofnun Jóns Sigurðssonar. Svipað hefur farið óskum stjórnar Félags íslenzkra fræða. Það félag hefur beint þeirri ákveðnu tillögu til Alþingis, að heitið Stofnun Jóns Sigurðssonar yrði valið. Hins vegar hefur háskólaráð aðspurt endurtekið ósk sína um, að því nafni yrði haldið, sem í frv. er: Handritastofnun Íslands. Þetta gerði háskólaráð nýlega og þó að því er virðist mjög með hangandi hendi. Aðeins þrír menn í háskólaráði af sjö stóðu sem sé að þeirri samþykkt, en aðrir háskólaráðsmenn sátu hjá, þegar atkvæðagreiðslan um þetta efni fór fram, og þessir þrír háskólaráðsmenn taka það fram, að raunar telji þeir ekki heiti stofnunarinnar neitt aðalatriði, en héldu þó að því er virðist fast við sína tillögu af einhverjum ótilgreindum ástæðum, að því er þeir sjálfir segja.

Auk heimspekideildar háskólans og stjórnar Félags íslenzkra fræða hafa ýmsir einstaklingar,

sem sérstakan áhuga hafa á þessari væntanlegu stofnun, látið sínar skoðanir í ljós og þar á meðal Nestor íslenzkra fræða, Sigurður Nordal prófessor. Hann skrifaði grein um þetta mál í Morgunblaðið 25. marz s. l. undir yfirskriftinni: Stofnun Jóns Sigurðssonar. Þar talar hann mjög eindregið því máli, að stofnuninni verði valið þetta nafn, og gerir grein fyrir, hvers vegna hann leggur þetta svo eindregið til. Ég mun ekki bera fram rök með eða móti heitinu Stofnun Jóns Sigurðssonar, en ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa örstuttan kafla úr grein prof. Sigurðar Nordals. Ég aðhyllist skoðanir þessa mæta manns í þessu efni, og það yrði þá um leið mín grg. fyrir þeirri skoðun, sem ég fer ekki dult með, að ég teldi heppilegast, að stofnuninni yrði nú þegar valið nafnið Stofnun Jóns Sigurðssonar. En prof. Sigurður Nordal segir svo í þessari grein m. a.:

„Eins og kunnugt er af þingfréttum, hefur stofnun þessi í frv. ríkisstjórnarinnar verið nefnd Handritastofnun Íslands, og var það nafn upphaflega ein af uppástungum heimspekideildar til bráðabirgða. Síðan hafa bæði Stjórn Félags ísl. fræða og heimspekideild mælt eindregið með öðru því nafni, sem þegar áður hafði komið til greina: Stofnun Jóns Sigurðssonar. Óhætt er að fullyrða, að þetta nafn hefur eignazt því meiri ítök í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra, er íslenzk fræði stunda, sem þeir hafa rætt það og hugsað betur, — og ekki sízt hinum yngri mönnum.

Í bréfi því, sem stjórn Félags ísl. fræða hefur sent menntmn. Nd. og síðan öllum þingmönnum, eru færð fleiri rök fyrir þessu nafni en hér er rúm eða ástæða til að telja upp, en lauslega skal minnt á þessi atriði:

1) Þessari stofnun er ætlað miklu víðtækara starfssvið en nafnið handritastofnun mundi gefa til kynna. Þetta sést m. a. á því, að þjóðminjavörður er einn þeirra manna, sem sjálfkjörnir eru í stjórn hennar. Það mun líka auðsætt, að svo mikil þörf sem er á nýjum útgáfum og rannsóknum handrita, þá eru ýmsar aðrar rannsóknir íslenzkrar sögu, menningar og tungu ekki síður aðkallandi.

2) Eins og kunnugt er, verður það skilyrði af hálfu þjóðþings Danmerkur, er handritunum verður skilað, að hér verði komið á fót stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (því að annar hluti þeirrar stofnunar verður áfram í Höfn). Það er líka óhjákvæmilegt, að handritin frá Danmörku verði látin hér í sérstakt safn og halda sínum gömlu númerum, sem áður hefur verið vitnað til, hvort sem þau eru úr Árnasafni eða Konungsbókhlöðu. Þessu skilyrði er ekki fullnægt með nafninu handritastofnun. Annaðhvort verður að kenna stofnunina alla við Árna Magnússon, sem flestum mundi þykja ofrausn, eða hafa nöfnin tvö, og mundi þá ekki illa fara á því, að Íslendingar notuðu tækifærið til þess að sýna nafni Jóns Sigurðssonar sömu ræktarsemi sem Danir nafni Árna Magnússonar. „Sýnist stjórn Félags ísl. fræða fara vel á þeirri verkaskiptingu, að þau útgáfu- og fræðistörf, er sérstaklega varða handrit Árnasafns, verði á vegum þeirrar deildar stofnunarinnar, er ber nafn Árna Magnússonar, en önnur útgáfustörf verði á vegum Stofnunar Jóns Sigurðssonar. Með því móti yrði á veglegan hátt minnzt þeirra tveggja manna, sem íslenzk fræði standa í hvað mestri þakkarskuld við."

3) Það verður að telja ómetanlegan styrk fyrir þessa stofnun, bæði út á við og inn á við, að vera kennd við þann mann, sem var bæði ástsælasti leiðtogi þjóðarinnar og brautryðjandi um vísindaleg vinnubrögð í íslenzkum fræðum. Með því mundi íslenzka lýðveldið minnast 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar á þann hátt, sem því væri samboðið, eins og Íslendingar undir heimastjórn minntust aldarafmælis hans með stofnun Háskóla Íslands."

Þannig farast prof. Sigurði Nordal orð í þessari grein.

Eins og fram kemur í nál. hv. menntmn. þessarar deildar, áskildi ég mér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma varðandi heiti stofnunarinnar. Ég fór ekki þar dult með skoðun mína, að ég teldi heitið Stofnun Jóns Sigurðssonar æskilegast. Þótt nokkrir aðrir hv. nm. væru að vissu marki veikir fyrir þessari skoðun, varð þó ekki samkomulag um að flytja brtt. í þá átt. Ég hafði jafnvel hugsað mér, ef til kæmi, að flytja brtt. varðandi nafn stofnunarinnar, en hef horfið frá því aftur. Það var athugað hér meðal hv. þdm., hvort möguleiki væri á eins konar málamiðlun í þessu efni, og kom þá fram í þeim viðtölum lausleg tillaga um, að inn í frv. yrðu sett ákvæði um, að heiti stofnunarinnar skyldi endurskoðað, þegar stofnun Árna Magnússonar yrði komið á fót. Um þetta atriði mun heldur ekki hafa fengizt nægilegt samkomulag, og mun því þýðingarlaust að flytja brtt. um þessi efni yfirleitt á þessu þingi hér í hv. deild.

Tillögur um breyt. á nafninu mundu sennilega ekki ná fram að ganga, og þá er spurningin að ýmissa dómi, hvort ekki sé verr farið en heima setið. Mér er kunnugt um, að sumir þeir menn utan Alþingis, sem mestan áhuga hafa á nafnbreytingu, eru ekki alveg úrkula vonar um, að sú nafnbreyting geti orðið, þótt síðar verði.

A. m. k. er það næstum því gefið mál, að breytingin getur ekki gengið fram á þessu þingi, og þá verða þeir, sem breytinga óska, að lifa í voninni.

Þegar handritin íslenzku koma heim frá Höfn, verður komið á fót sérstakri deild, væntanlega innan Handritastofnunar Íslands, sem ber nafnið Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Þá verður sennilega aftur tækifæri til þess að endurskoða nafngift stofnunarinnar í heild, og tel ég þá eins og fleiri betur farið að bíða og berjast, þangað til það tækifæri gefst.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að endurtaka þau rök, sem hv. síðasti ræðumaður flutti hér fyrir því, hvert sé í rauninni hið réttasta og sannasta nafn á þeirri stofnun, sem hér á að efna til. Rökin eru ótvíræð fram komin og birt í grg. með þessu frv. Félag íslenzkra fræða, heimspekideild háskólans og Sigurður Nordal prófessor hafa rökstutt þetta svo rækilega, að ég ætla mér ekki að bæta þar um.

Ég geri ráð fyrir því, að mikill meiri hluti

þjóðarinnar mundi vera sömu skoðunar og þessir vísindamenn og fræðimenn, sem leggja til, að stofnunin heiti Stofnun Jóns Sigurðssonar. Samt er það svo, að það virðist ekki vera hægt að fá þetta nafn á stofnunina hér á hv. Alþingi nú. Andstaða gegn þessu nafni er ótvíræð, a. m. k. er það svo hér í hv. Ed. Hv. frsm. menntmn. gat þess, að menn hefðu leitazt við að hafa samkomulag um afgreiðslu þessa máls, og taldi, að bezt færi á því, að hér yrði um samkomulag að ræða. Ég er honum fyllilega sammála um það. Það væri æskilegast, að svo gæti orðið. Og ég ætla mér ekki fyrr en í síðustu lög að rjúfa þá samstöðu. Þess vegna vil ég beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki enn, fyrir 3. umr., athuga til úrslita, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um nafn þessarar stofnunar. Ég hafði hugsað mér að flytja brtt. við þessa umr. um nafn hennar. Ég ætla að fresta því í þetta sinn og geyma það til 3. umr., og ég ætla mér í millitíðinni að bera mig saman við mestu áhugamennina í Háskóla Íslands um þetta nafn. En fari svo, að við verðum sammála um, að flytja skuli brtt. um þetta, þá geri ég það við 3. umr. Þess vegna endurtek ég þá ósk mína, að hv. n. athugi þetta rækilega til 3. umr., því að eins og ég sagði, vil ég ekki trúa, að ekki náist samkomulag um afgreiðslu málsins, fyrr en í síðustu lög.

Ég hef orðið þess var, að menn kinoki sér við að eiga nú að fara að greiða atkvæði gegn till. um, að stofnunin heiti Stofnun Jóns Sigurðssonar, og ég skil það vel, að menn kunni að vera eitthvað feimnir við það, — en af hverju? Af því að þeir finna, að rökin eru mest og sterkust fyrir því, að stofnunin heiti þessu nafni, og þjóðin mun virða það, ef þetta nafn verður valið. Af því eru menn feimnir við þetta. En fyrst andstaðan er komin fram á annað borð í umr., andstaða gegn þessu nafni, þá eru menn ekkert of góðir til að sýna þá andstöðu í atkvgr. sjálfri.

Ég endurtek því það, sem ég sagði áðan. Ég mun bera mig saman við áhugamenn í háskólanum um það, hvort till. þessi skuli flutt við 3. umr., og ef við verðum sammála um, að það skuli gert, þá geri ég það.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki skrifað undir nál. það, sem fyrir liggur, með fyrirvara, enda mun ég ekki með tilliti til þess, hvað nú er orðið áliðið þings, treystast til þess að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kynnu að verða bornar. Hins vegar vil ég láta það koma fram hér, að ég tel málefnaleg rök að því hníga, að það nafn, sem stofnun þessari hafi verið valið, sé of þröngt með tilliti til þeirra verkefna, sem stofnuninni er ætlað að sinna samkvæmt frv. og grg. fyrir því. Tilgangur stofnunarinnar, eins og gerð er grein fyrir honum í 2. gr. frv., er viðtækari en það eitt að annast vörzlu, rannsóknir og útgáfu handrita. Enn skýrar kemur þetta fram í grg. frv., þar sem talað er m. a. um örnefnafræði sem sérstakt viðfangsefni þessarar stofnunar, er að því komi, að henni verði skipt í deildir, en örnefnafræði er auðvitað hlutur, sem er algerlega óskyldur vörzlu og rannsókn handrita. Ég tel því rétt, að sú skoðun komi fram við þessa umr. málsins, að nafn stofnunarinnar beri að taka til endurskoðunar á sínum tíma, þegar að því kæmi að skipta henni í deildir, svo sem heimilað er í frv. Hins vegar mun ég ekki á þessu stigi málsins láta í ljós sérstaka skoðun á því, hvaða nafn skyldi þá velja stofnuninni. Að kenna hana við Jón Sigurðsson mundi auðvitað mjög koma til álita. Fleiri hugmyndir munu þegar komnar fram og koma sennilega fram, áður en lýkur.

Þessi rök, sem ég nú hef nefnt, hníga að því að mínu áliti, að þetta nafn sé of þröngt og því eðlilegt, að það komi til endurskoðunar. En eins og ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns, mun ég samt ekki treystast til þess, þó að fram kynnu að koma brtt., að fylgja þeim vegna þess, hvernig nú er orðið ástatt með tíma þingsins.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja neinar umr. um þetta mál. Það vita allir, að það hafa verið töluverðar hugleiðingar í sambandi við nafn þessarar stofnunar, og sýnist sitt hverjum um það.

Ég vil hins vegar raunverulega taka undir það, sem hv. 9. þm. Reykv. (AGl) hér sagði og mér fannst mjög skynsamlega hugsað frá sjónarmiði þeirra, er kynnu að vilja velja stofnuninni það nafn, sem hann gat um. Þetta mál hefur verið rætt manna á meðal hér í sambandi við meðferð málsins og ýmissa atvika vegna, og má vitna m. a. í það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um að fara að taka það mál upp nú aftur á síðustu dögum þingsins. Eftir að fullt samkomulag hefur orðið um það í hv. Nd., þrátt fyrir það, þó að menn hefðu þar nokkuð mismunandi skoðanir á málinu, að stofna ekki til neinna deilna eða ágreinings um það og láta þá hugleiðingar um það efni bíða síðari tíma, þá vil ég taka mjög undir rök þessara manna um það efni, að það sé ekki hyggilegt að taka það mál upp nú, því að um það getur ekki orðið samkomulag. Af þeim sökum vil ég mjög beina því til hv. 4. þm. Vestf., að hann a. m. k. íhugi það, áður en hann kynni að leggja hér fram brtt. um það nafn, sem hann vék hér að, Stofnun Jóns Sigurðssonar, að það kynni síður en svo að greiða fyrir þeirri nafngift, ef farið yrði að ganga til atkv. um hana og það nafn yrði fellt, og það yrði á engan hátt til neinnar ánægju í sambandi við þetta mál. Ég vil beina því jafnframt til hans til íhugunar, af því að ég veit, að hann vill ekki flana að neinu í þessu efni. að það er auðvitað alveg vonlaust að fá þetta mál fram á þeim grundvelli að skírskota til þess, að menn muni ekki þora að greiða atkv. gegn þessu nafni, það er víst enginn feiminn við það út af fyrir sig. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég hef ekki myndað mér neina fastmótaða skoðun um það, að endilega um alla framtíð skuli þessi stofnun heita Handritastofnun Íslands, og er búinn til athugunar á því síðar meir. En mér finnst það skipta meginmáli, að þetta mál verði nú afgreitt einróma héðan frá þinginu, eins og var gert í hv. Nd., þó að menn hefðu þar mismunandi skoðanir einmitt á þessu atriði. Það vinnst áreiðanlega tími til þess og gefst tækifæri til þess, eins og hv. 9.

þm. Reykv. sagði, að taka nafngiftina til athugunar á síðara stigi málsins. Ég held, að það væri fyrir alla aðila, einnig þá, sem hafa áhuga á þessari sérstöku nafngift stofnunarinnar, Stofnun Jóns Sigurðssonar, til góðs, að málið væri látið bíða þess tíma.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja hér til viðbótar minni framsöguræðu með nál.

Upphaflega var heiti stofnunarinnar þannig til komið í frv., eins og háskólaráð og heimspekideildin gengu frá því, að heimspekideildin gerði tillögur um nöfn og háskólaráð skyldi velja úr þeim nöfnum heiti á þessa stofnun, og háskólaráð valdi handritastofnunarheitið. Eftir að málið kom til meðferðar í þingnefnd í hv. Nd., var enn leitað umsagnar heimspekideildar og háskólaráðs. Heimspekideild tjáði sig þá með nafnbreytingu, en háskólaráð hélt fast við sína fyrri afstöðu. Nú er rétt, að það komi fram, vegna þess að heitið Stofnun Jóns Sigurðssonar hefur verið svo að segja eingöngu nefnt í sambandi við breytingu á nafni stofnunarinnar, að fyrir sumum hefur það vakað frekar að fá breytingu á þessu nafni, sem er nú í frv., handritastofnun, heldur en endilega að þeir kysu þetta ákveðna nafn: Stofnun Jóns Sigurðssonar. Og það er rétt líka að láta koma fram, að það eru ýmsir þeirrar skoðunar, að það sé e. t. v. ekki það heppilegasta að tengja þessa stofnun nafni Jóns Sigurðssonar, stofnunin verði í eðli sínu eins konar deild úr háskólanum, enda kom það til umr. í menntmn. þessarar deildar, að það væri kannske eðlilegra og nafni Jóns Sigurðssonar enn meiri sómi sýndur með því að tengja nafni hans þá byggingu, sem verður reist yfir Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið og þar sem þessi stofnun væntanlega mundi verða til húsa. Þessi hugmynd kemur beinlínis fram í niðurlagi fskj., sem fylgir aths. við frv. Ég vil leyfa mér að lesa upp þessa mgr., sem er svo hljóðandi:

„Háskólaráð vekur jafnframt athygli á hinni brýnu nauðsyn, sem á því er, að hafinn verði á þessu ári undirbúningur að því að reisa Landsbókasafnshús, og telur háskólaráð, að vel færi á því, að það væri tengt minningu Jóns Sigurðssonar á sama hátt og þjóðminjasafnshús var tengt minningunni um lýðveldisstofnunina."

Ég vil segja það hvað mig áhrærir, að ég mundi satt að segja fyrst og fremst skoða Háskóla Íslands sem stofnun Jóns Sigurðssonar, þótt ekki beri hann hans nafn. Hann var stofnaður á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Þessi stofnun, sem frv. fjallar um, er eins konar afmælisgjöf til Háskóla Íslands á 50 ára afmæli hans. Háskólaráð er sá aðili, sem út á við kemur fram fyrir háskólans hönd, og ég verð að telja, að það hljóti að þurfa að liggja fyrir þung rök, rök, sem þungt vega, til þess að gengið verði fram hjá tillögum og áliti háskólaráðs.

Hv. 9. þm. Reykv. lét þess getið réttilega, að það hefði komið til tals að setja inn í frv. ákvæði um það, að nafnið skyldi síðar tekið til endurskoðunar. Nú ætla ég, að okkur hafi ýmsum sýnzt, að það væri ástæðulaust út af fyrir sig, vegna þess að það mál hlýtur auðvitað alltaf að standa opið að taka heitið upp til endurskoðunar, og getur þar t. d. hver þm. haft frjálsar hendur með uppástungu síðar, ef svo sýndist.

Hv. 4. þm. Vestf. beindi því til menntmn., að hún tæki tillögu, sem mér skildist hann boða, brtt., — þó kvaðst hann mundu áður ræða við háskólans menn um hana, — að nefndin tæki hana til athugunar milli umr. Ég tel, að það sé vitatilgangslaust. Nefndin er búin að þrautræða svo þetta atriði, að ég held, að frekari umr. um það í nefndinni muni ekki bera neinn árangur í því, að afstaðan breytist.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að hann vænti þess, að ég flaustraði ekki fram neinni brtt. að svo komnu, þá skal ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég mun bera mig saman við áhugamenn í háskólanum um það nafn, sem ég ræddi um, nú á milli umr., og ef það verður samkomulag milli mín og þeirra um, að till. skuli flutt, þá flyt ég hana. Þetta kalla ég ekki að flaustra málinu af. Leggi þeir gegn því, telji þeir það á einhvern hátt óheppilegt og vilji síður, að það verði gert, þá geri ég það ekki. Ég er því ekki með neitt flaustur hér. Ég hef sleppt að flytja brtt. við þessa umr. Ég hef óskað eftir, að hv. nefnd athugi þetta enn nánar á milli umr., og bíð eftir því. Og ég ætla að nota tímann einnig til þess að ræða við áhugamenn í háskólanum um þetta. Hv. þm. taldi, að þdm. mundu ekki verða feimnir við að greiða atkv. gegn því, að stofnunin héti Stofnun Jóns Sigurðssonar. Það getur vel verið, að þeir séu það ekki sumir. Af hverju eru þeir þá eiginlega að biðjast undan því, að till. komi fram? Eitthvað er að, og hverju getur till. spillt, þó að þeir þm. greiði atkv. á móti þessu nafni, sem eru núna að tala á móti því? Er það eitthvað hættulegra í máli að greiða atkv. gegn því heldur en að tala á móti því? Ég skil ekki þá afstöðu. Ef menn eru á móti því, að stofnunin heiti Stofnun Jóns Sigurðssonar, þá eru þeir það alveg jafnt, þótt þeir greiði ekki atkv. gegn því, þegar ekki er borin fram í því till. Það er orðið opinbert fyrir það, svo að ég sé engan eðlismun á því að standa gegn þessari nafngift, tala gegn henni, heldur en þá að greiða atkv. gegn henni.

Hv. frsm. þessa máls segir, að það muni engan árangur bera að ræða þetta frekar í hv. menntmn. Hún um það. Ég ræð ekki við það, þó að hún telji ekki til neins að gera það. En ég hef sagt, hvað ég vilji gera eða muni gera, og það á ekki að fara á milli mála, að ég mun ekki flaustra af neinni tillögu hér, nema svo fari, sem ég hef hér tvisvar sinnum tekið fram, þ. e. að áhugamenn í háskólanum telji rétt, að till. komi fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 790).

63. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [168. mál] (stjfrv., A. 365).

Á 63. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): *Herra forseti.* Eins og öllum er kunnugt, hefur verið rekin hér á landi togaraútgerð í allstórum stíl í milli 50 og 60 ár. Þessi togaraútgerð hefur verið einn okkar langþýðingarmesti atvinnuvegur, og má segja, að á tímabili hafi hann verið burðarásinn í íslenzku efnahagslífi og fyrir tilvist hans hafi orðið ýmsar þær framfarir hér á landi, sem tæplega eða ekki hefðu orðið að öðrum kosti eða a. m. k. þá miklu síðar. Togaraútgerðin fyrst framan af gekk vel og skilaði þjóðarbúinu miklum gjaldeyristekjum og eigendum skipanna í mörgum tilfellum góðum hagnaði. Þetta hefur því miður breytzt, og afkoma þessa atvinnuvegar síðustu árin hefur versnað raunverulega mjög mikið, og það ekki einasta síðustu árin, það fór að hallast verulega á kreppuárunum eftir 1930, og þó að úr rættist nokkuð í síðari heimsstyrjöldinni, þá seig aftur og kannske enn meir á ógæfuhliðina á sjötta áratugnum og nú alveg á síðustu árum.

Til þessarar öfugþróunar liggja nokkrar ástæður, kannske margar, en ég skal ekki fara langt út í að rekja þær, aðeins nefna nokkrar.

Það hefur gerzt upp á síðkastið og verið kannske af ýmsum talin aðalástæðan fyrir því, að svona hefur farið, að aflabrögðin hafa minnkað mjög verulega hjá togurunum, og af ýmsum verið kennt um þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á okkar fiskveiðimörkum, og að togararnir hafa verið hraktir, verð ég að segja, frá sínum fyrri veiðislóðum og yfir á aðrar, þar sem minni veiði var von. Það hefur líka gert strik í reikninginn hjá togaraútgerðinni, að á tímabili var íslenzkum togurum fyrirmunað að landa afla í Bretlandi, og var það út af fiskveiðimarkaútfærslunni fyrri, en sú deila leystist ekki fyrr en 1956 og var aftur upp tekin með síðari landhelgisútfærslunni 1958. Enn má geta þess, sem hefur orðið ærin ástæða til þess, að togararnir hafa orðið svona hart úti, að á nokkuð löngu árabili, frá 1951 eða 1952, að ég ætla, og fram til 1957—1958, var verðið, sem togararnir fengu fyrir sinn fisk, lægra og það mun lægra en bátarnir fengu fyrir sinn, þó að mismunur væri ekki á gæðum fisksins, heldur voru aðstæður togaranna taldar þá vera slíkar, að þeir þyrftu ekki jafnmikilla uppbóta eða aðstoðar og bátarnir fengu.

Þetta allt og raunar fleiri ástæður liggja til þess, að afkoma togaranna hefur upp á síðkastið verið mjög léleg, og samkv. athugun, sem farið hefur fram á því, er talið, að rekstrarhalli á venjulegan togara hafi á árinu 1960 verið um það bil 2½ millj. kr. að meðaltali, og er þá að vísu reiknað með nokkurri fyrningu skips og véla. En hvort sem um það er að ræða eða ekki, að upphæðin sé nákvæmlega þetta, þá er það víst, að rekstrarafkoman hjá öllum þorra togaranna árin 1960 og 1961 hefur verið með afbrigðum léleg.

Um aflabrögð íslenzka togaraflotans liggja fyrir þessar upplýsingar um heildaraflamagnið síðustu árin: 1958 var aflinn 199 þús. tonn á togaraflotann. Árið 1959 var hann 156 þús. tonn, eða 43 þús. tonnum lægri. 1960 er hann kominn niður í 113 þús. tonn, enn 43 þús. tonnum lægri. Aflinn 1961 liggur að vísu ekki alveg fyrir, en skýrslur ná til nóvemberloka, og það má með nokkurn veginn öryggi ganga út frá því, að hann hafi ekki numið á s. l. ári nema rúmlega 70 þús. tonnum, eða enn 40 þús. tonnum minni. Þá er hann kominn niður í að vera um það bil þriðjungur af því, sem hann var 1958. Nú er að vísu árið 1958 eitt bezta ár, sem togaraútgerðin hefur fengið lengi, a. m. k. á eftirstríðsárunum, og olli því fyrst og fremst, að ný fiskimið fundust, sem gáfu togveiðimönnum mjög góða og þægilega veiði, þar sem þeir gátu mokað upp karfa á þrem, fjórum dögum, nægilega miklu til þess að fylla skipin. En ef árin þar á undan eru tekin, segjum árin 1955, 1956 og 1957, þá hefur aflinn þau árin hjá togaraflotanum verið í kringum 160—170 þús. tonn, svo að af því sést, að aflinn á árinu 1961 er kominn niður í ⅝ hluta af því, sem hann var þau ár, þó að ekki sé reiknað með því aflamagni, sem ég nefndi áðan árið 1958.

Það er því alveg greinilegt, að aflabrögðunum í heild hefur hrakað svo geysilega, að þar er að finna sjálfsagt eina höfuðástæðuna fyrir því, að afkoma togaranna hefur orðið slík sem raun ber nú vitni.

Þá vakna náttúrlega í huganum ýmsar spurningar um það, hvað gera skuli. Og það eru ýmsir möguleikar, sem menn geta látið sér detta í hug, og þá náttúrlega fyrst og fremst það, hvort beri að hætta alveg við að gera út togara í þessu landi. Þegar tapið er orðið svona geigvænlegt eins og hér liggur fyrir og möguleikarnir jafnlitlir í samanburði við það, sem áður var a. m. k., til þess að ná endunum saman, er þá ekki hugsanlegt, að að því dragi fyrr eða síðar, að útgerðarmenn gefist upp við að reka skipin, þegar engin von er til, að jöfnuður fáist í rekstri? En þessari spurningu og þessum hugleiðingum vildi ég þó svara á þann hátt, að ég hygg, að það séu mjög fáir menn í þessu

landi, sem geta hugsað sér, a. m. k. að ekki meira reyndu máli en enn er, að togaraútgerð verði alveg lögð hér niður, og að þessi leið, að hætta alveg við togaraútgerð, sé a. m. k. eins og enn er komið ekki sú leiðin, sem stefna beri að.

Þá er önnur leið, sem einnig hefur verið nefnd og hefur raunar verið nefnd hér á þinginu sem fræðilegur möguleiki, en verið lagt í þau orð, sem um það féllu hér, nokkuð önnur meining og reynt að gera tortryggileg þau orð, sem um þá leið fjölluðu, en hún er sú að hleypa togurunum inn fyrir fiskveiðimörkin, eins og þau eru núna. Það, sem um þetta hefur verið sagt hér áður, er engin tillaga eða tilraun til þess að beita sér fyrir því, að þessi leið yrði farin, heldur eingöngu rætt um þessa aðferð sem einn af þeim fræðilegu möguleikum, sem til greina koma. Og var þó ekki fjær en svo, að fiskifræðingar okkar og vísindamenn töldu hann fullkomlega geta komið til greina. En ég hygg, að með þeim aflabrögðum, sem eru hjá bátum, og þeim erfiðleikum, sem einnig þeir eiga við að búa í sínum rekstri, þá sé það ekki heldur sú leið, sem fara beri, og ríkisstj. hefur ekki neinar till. á prjónunum um það, að hún verði farin.

Þá eru náttúrlega ýmsar leiðir til, sem menn geta hugsað sér, eins og það, að hægt væri að bæta eitthvað úr rekstrinum, gera hann hagkvæmari, draga úr gjöldunum. En það er nú hvort tveggja, að þessi aðferð hefur víst verið reynd, eins og útgerðarmenn hafa talið sér mögulegt, og svo hitt, að ég ætla, að hún dragi ekki það mikið, að tjónið fáist neitt í áttina bætt með þeirri aðferð.

Þá er ekki nema sú leið eftir að bæta togaraútvegsmönnum á einhvern hátt það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, og það er það, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, fer fram á. Við Íslendingar erum ekki einir um að bæta togurunum það aflatjón, sem þeir hafa orðið fyrir, m. a. af útfærslu fiskveiðimarkanna. Bretar t. d. hafa á s. l. ári tekið upp þá aðferð að hækka styrki sína til togaranna, og í júlímánuði 1961 var því yfirlýst af þeirra ríkisstj., að þeir mundu bæta togurunum með 17 sterlingspundum á hvern úthaldsdag þá rekstrarörðugleika, sem þeir hefðu orðið fyrir. Kröfur hafa komið um svipað frá Þjóðverjum, en hvað þeirra stjórn hefur gert, er mér ekki kunnugt um á þessu stigi, en það má ætla, að einnig þeir muni reyna að greiða fyrir sínum skipum á þennan sama hátt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti byggt á l. um hlutatryggingasjóð, sem hafa verið í gildi nú um nokkur ár og voru á sínum tíma samþ. í þeim tilgangi að reyna að bæta bátaútveginum það tjón, sem hann yrði fyrir, þegar aflabrestur yrði. Þau gerðu ráð fyrir því, að þegar afli á ákveðinni vertíð og ákveðnum fiskislóðum færi niður úr 75% af meðalafla, þá kæmi sjóðurinn til og greiddi bátunum, sem minna höfðu, vissan hundraðshluta af því, sem á skorti, eins og nánar er tekið til í þeim lögum. Það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er, að togararnir komi nú með og verði þátttakendur í þessum sjóði og fái bætur úr honum, ef afli þeirra fer niður úr 85% af meðalafla undanfarinna ára. Er þá ekki miðað við vertíð eða veiðisvæði, heldur miðað við ár og allt landið. Og þess vegna verður talan hjá togurunum hærri, af því að þá hljóta að jafnast út þær sveiflur, sem bæði tímabundin vertíð og takmarkað svæði gerir að verkum, að aflabrestur getur orðið hjá bátum á einu svæði, þó að annað svæði og á öðrum tímum hafi betri afkomu.

Nú var með lögum, sem samþ. voru hér í sambandi við gengisbreytinguna síðustu og í tilefni af henni, gert ráð fyrir, að útflutningsgjaldið yrði hækkað og að gjaldið til hlutatryggingasjóðs yrði hækkað. Gjaldið til hlutatryggingasjóðs var áður ½% og ¾% af útflutningsverðmætinu, og ríkissjóður lagði þá jafnt á móti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að gjaldið verði hækkað upp í 1¼%.

Með því að taka togarana inn í sjóðinn er í fyrsta lagi lagt til, að nafni hans verði breytt, því að ekki er lengur um hlutatryggingu að ræða, heldur almenna tryggingu til þess að bæta upp aflabrögð, þegar illa veiðist yfir lengri tíma, eða árið lagt til grundvallar, þegar um togarana er að ræða. Þess vegna þótti hentugra og sjálfsagt raunar að nefna þetta aflatryggingasjóð í staðinn fyrir hlutatryggingasjóð. Með núverandi útflutningi, — meðalútflutningi, — sem gera má ráð fyrir, að verði, ef miðað er við árið sem leið, í kringum 2800 millj., þá verður 1¼% af þeirri upphæð 35 millj., sem í sjóðinn renna af aflatryggingasjóðsgjaldinu, og síðan er í þessu frv. lagt til, að ríkissjóður leggi helming á móti eða 17½ millj., ef miðað er við sömu útflutningsupphæð, eða 9 millj. hærri upphæð en gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Þó komi þetta ekki til framkvæmda í ár, heldur verði þar aðeins látið sitja við þá tölu, sem í fjárlögum er ákveðin, en á næsta ári verði þetta framlag ríkisins hækkað, eins og ég segi, upp í helming af því, sem rennur til sjóðsins af útflutningnum, og nemur það þá um 9 millj. kr. hækkun frá því, sem í fjárlögum 1962 er ákveðið.

Þá er einnig gert ráð fyrir ríkisframlagi til þess að bæta upp árið 1960, sem verður stofnfé togaradeildar aflatryggingasjóðs og lagt er til að verði 30 millj. kr. og þó hærri upphæð, þegar vextir eru teknir með í reikninginn, því að þetta er gert ráð fyrir að verði tekið að láni og afhent togaraeigendum sem fimm ára bankavaxtabréf, sem þeir eigi að geta notað til greiðslu skulda sinna, en Seðlabankinn komi síðan í milli og borgi bréfin út að nokkru leyti, en ríkissjóður borgi þau upp á 15 árum, þannig að framlög ríkisins í þessu skyni ættu ekki að þurfa að vera meiri en kannske 3½ millj. kr. á ári, þannig að heildarútgjaldaaukning ríkisins á næstunni vegna þessara laga yrði þá 12—12½ millj. kr., sem taka yrði þá upp á næstu fjárlög.

Það er rétt að geta þess, að í bráðabirgðaákvæði í frv. er gert ráð fyrir því, að skipting tekna sjóðsins fyrir allt árið 1962, svo og útreikningur bóta fyrir árið 1961, skuli fara eftir ákvæðum þessa frv., en látið standa opið til ákvörðunar fyrir sjóðsstjórn og ríkisstjórn, hvernig með hinar 30 milljónirnar skuli fara,

sem afgreiddar verða með bréfum fyrir árið 1960, en sjóðurinn sjálfur, bæði togaradeild og jöfnunardeild, skuli bera þann kostnað, sem af aflabrestinum 1961 leiðir.

Hvað þessi aðstoð við togarana verður mikil, hefur verið reynt að gera sér nokkra grein fyrir, og virðist það koma þannig út að meðaltali, að aflatryggingasjóðurinn muni greiða í kringum 750 þús. kr. á skip að meðaltali, en þó auðvitað misjafnt eftir afla, og svipaða upphæð fyrir 1960, þannig að aðstoðin á skip muni verða í kringum 1½ millj. Nú hafa ekki, eins og kunnugt er, allir togararnir verið að veiðum að undanförnu, margir legið vegna þess, að þeir hafa ekki getað staðið af sér áföllin, en megninu af þeim hefur þó verið haldið úti, og þess vegna hefur verið gert ráð fyrir því, að hér komi til greiðslur til um 40 skipa af þeim 46 eða 47, sem til eru nú í landinu.

Þetta er mikið fé. Ég skal viðurkenna það. En það er þó ekki meira en svo, að enn hygg ég, að það orki tvímælis, hversu mikið af skipunum er hægt að reka áfram, ef ekki rætist úr með aflabrögðin, nema þá með áframhaldandi fjárframlögum.

Fyrri deildir hlutatryggingasjóðs, almenna deildin og síldveiðideildin, halda áfram að starfa eftir sem áður og á sama hátt og áður, en togaradeildin á að sinna verkefnum togaranna, og jöfnunardeildinni er heimilað að koma svo til aðstoðar hinum deildunum, eftir því sem þörf krefur, og verður náttúrlega hennar fyrsta verk að hlaupa undir bagga með togaradeildinni til að sinna aðkallandi þörfum fyrir árið 1961.

Efnahagur togarafélaganna og togaraeigendanna er allmisjafn. Sumir eru taldir eiga vel fyrir skuldum, aðrir berjast í bökkum og eru rétt við það að eiga fyrir skuldunum. Í þriðja flokknum eru svo þeir, sem standa mjög örðuglega og eiga raunar í daglegri baráttu fyrir því að geta haldið úti skipunum, að heita má frá degi til dags.

Sjálfsagt má eitthvað að þessari leið finna, sem hér hefur verið bent á. En á s. l. ári var skipuð nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur togaranna, og hún skilaði fyrir áramótin áliti, sem stuðzt hefur verið við, þegar þetta frv. hefur verið samið. En það hefur verið rætt um ýmislegt og ýmsar aðrar aðferðir, eins og ég að nokkru leyti hef nefnt hér áður, en niðurstaðan hefur orðið sú, að það hefur alltaf verið staðnæmzt við þessa aðferð, sem hér hefur verið stungið upp á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í að ræða þetta að svo stöddu. Frv. ber ljóslega með sér, hvað í því felst, en ef einhverra upplýsinga kynni að verða óskað, sem ég gæti gefið í þessu sambandi, þá skal ég fúslega reyna að verða við því.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn., og láta í ljós þá ósk um leið vegna þess, hve áliðið er og þetta raunverulega mikið vandamál, að reynt verði að hraða því eins og frekast eru föng á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra hefur upplýst, á togaraútgerðin mjög í vök að verjast, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem hann rakti. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem hann sagði um það. — En ég hef sagt það hér áður í sambandi við málefni togaraútgerðarinnar, þegar þau hefur borið á góma, að ég tel, að togaraútgerðin eigi inni hjá þjóðarbúinu, ef svo mætti komast að orði, og þá fyrst og fremst fyrir það, að togararnir bjuggu við lægra fiskverð alllengi en aðrir, eins og raunar hæstv. ráðherra kom inn á.

Ég álít alveg skylt, að nú verði hlaupið undir bagga með togaraútgerðinni, því að hún hefur oft borið afar þungar byrðar fyrir heildina, en stendur nú mjög höllum fæti.

Það liggur nú hér fyrir frv. af hendi hæstv. ríkisstj. um stuðning við togaraútgerðina, en leiðin er sú að umskipuleggja hlutatryggingasjóð og veita togurunum stuðning í gegnum nýjan sjóð, sem byggður er á grunni hins og á að heita aflatryggingasjóður.

Ég vil nú skjóta því inn í, að ég kann ekki almennilega við nafnbreytinguna, vegna þess að afla getur sjóðurinn ekki tryggt.

Þegar þetta mál hefur borið hér á góma áður í þinginu, hef ég fyrir mitt leyti látið í ljós, að ég teldi, að það mætti ekki koma til mála, að togurunum yrði hleypt inn í landhelgina umfram það, sem orðið er.

Hæstv. ráðherra komst þannig að orði áðan, að ríkisstj. hefði ekki neinar till. á prjónunum um, að sú leið verði farin. Þetta skil ég svo, að líta megi þannig á, að því sé þar með algerlega hafnað að reyna að leysa vanda togaranna með því að veita þeim aukinn rétt til veiða í landhelginni, og þykir mér það vel farið.

Undanfarið hef ég líka tekið fram, þegar málefni togaranna hafa verið rædd, að mér fyndist ekki mega með nokkru móti leysa vanda togaraflotans á kostnað bátaútvegsins. Á hinn bóginn yrði sá stuðningur, sem togaraútgerðin fengi, að koma — ekki frá einstakri atvinnugrein eins og bátaútveginum, heldur frá þjóðfélaginu í heild.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, sem ég hefði kannske átt að segja fyrst, að ég er hæstv. ráðherra alveg sammála um, að það kemur ekki til mála, að Íslendingar hverfi frá togaraútgerð. Slíkt væri allt of stórkostlegt áfall. Og við verðum að vona, að það rætist úr fyrir togurunum um aflabrögðin og hægt sé að gera ýmsar breyt. á þeim útvegi, sem geri það að verkum, að hann eigi þrátt fyrir allt verulega framtíð.

Ég tel það því alls ekki geta komið til mála, og er hæstv. ráðherra alveg sammála um það, að Íslendingar geti allt í einu horfið frá togaraútgerð. Ég tel því, að það verði að fara þá leið að styðja togaraútgerðina af þjóðfélagsins hálfu og af almannafé, þannig að hægt sé að komast yfir þá gífurlegu örðugleika, sem nú steðja að, og þá í trausti þess, að úr rætist.

Kem ég þá að því, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að leysa þetta mál að svo stöddu, og lýsti hæstv. ráðherra því nokkuð. En ég verð þó að játa, að ég átta mig ekki alveg til fulls á því, hvernig málið liggur fyrir í einstökum atriðum, þar sem útreikninga vantar

alveg, t. d. um það, hvernig hver einstök deild í væntanlegum nýjum aflatryggingasjóði muni koma út fjárhagslega, eins og nú horfir. En úrlausnin er þó, eins og hæstv. ráðherra greindi, aðallega fólgin í því að hækka mjög mikið frá því, sem var fyrir gengislækkun síðustu, útflutningsgjaldið, sem útgerðin greiðir í hluta- og aflatryggingar, þannig að gjaldið á að hækka um meira en helming á þeim fiski, sem fiskaður er á báta, þ. e. a. s. úr ½% í 1.25%. Á síld á gjaldið að hækka úr ¾% og upp í 1¼%. Og togarar, sem áður greiddu ekki í þennan sjóð, eiga nú að greiða 1¼%.

Hæstv. ráðherra nefndi ekki, hvað þessi gjaldauki mundi nema miklu, en í umr. um gengislækkunar-„kálfinn", sem við höfum kallað svo í gamni, þ. e. a. s. frv., sem fylgdi gengislækkuninni, var upplýst, að þessi nýju gjöld á útveginn mundu nema rúmum 20 millj. kr., miðað við núverandi aflabrögð og verðlag. Það var talið líklegt. Og þetta þýðir fyrir bátaútveginn, að gjaldið á honum á sennilega að tvöfaldast, og á togarana kemur þarna nýtt gjald.

Jafnhliða er önnur breyting gerð. Ríkissjóður lagði jafnt á móti því, sem útvegurinn greiddi áður, en nú er ríkissjóði ætlað að leggja aðeins helming á móti því, sem kemur frá útgerðinni. Enn fremur er sú þýðingarmikla breyt. gerð, að áður hafði síldveiðideildin alveg fjárhag út af fyrir sig og þorskveiðideild bátaflotans hafði alveg fjárhag út af fyrir sig, en nú á helmingurinn af öllum tekjum sjóðsins, ef ég skil þetta rétt, að sópast að jöfnunardeild, sem kölluð er, og á hún að bæta upp þar, sem mest er þörfin hverju sinni. Þannig mun þetta hugsað.

Nú sýnist mér augljóst af þessu, þó að ég hafi ekki haft aðstöðu til að fá tölur, sem sýna, hvað bátaútvegurinn á að borga mikið eftir nýja laginu, bátarnir á þorskveiðum og bátarnir á síldveiðum og svo aftur togararnir, þá sýnist mér það alveg augljóst, að með þessu móti verði bátaútvegurinn látinn standa, eins og nú horfir, í mjög verulegum mæli undir töpum togaranna.

En einmitt þetta finnst mér ekki vera hægt að gera. Ég vil, að það verði unnið að þeim breyt. á málinu, að hver deild í sjóðnum hafi fjárhag út af fyrir sig, eins og verið hefur í sambandi við hlutatryggingarnar, en ekki innleiddar verulegar álögur á bátaútveginn til þess að standa undir töpum togaranna. Vil ég, að almannafé komi til að bæta upp, þar sem töpin eru mest, í þessu tilfelli hjá togurunum. Þetta verður að taka af almannafé, en ekki af bátaútveginum. Það þarf að breyta málinu í þetta horf í meðferð þingsins. Í þessu sambandi leyfi ég mér að minna á, að á síðasta aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna var gerð ályktun um þessi mál, þessi hlutatryggingamál, og hún mun sumpart hafa verið til komin vegna þeirra ákvæða, sem sett voru í brbl. í sumar og líkjast á ýmsan hátt því, sem liggur fyrir hér í þessu frv., og á þessum aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna var samþ. að leggja áherzlu á, að hver deild hlutatryggingasjóðs hafi áfram aðskilinn fjárhag, þorskveiðideildin sér, síldveiðideildin sér og svo togarar sér. Þessi stefna finnst mér alveg eðlileg, og hún er sú, sem höfð hefur verið í hlutatryggingunum fram að þessu, og það á ekki að breyta þessu á þá lund, þó að togararnir eigi mjög erfitt, að bátaútvegurinn verði skattlagður fyrir þá.

Ég álít, að þjóðfélagið í heild skuldi togaraútgerðinni, en ekki bátaútvegurinn, og hann mun eiga nóg með sig, og þau byggðarlög, sem byggja á bátaútveginum, eiga áreiðanlega nóg með sig. Og það er ekki sanngjarnt að mínu viti að seilast þangað sérstaklega til þess að afla tekna til að leysa þennan vanda togaraútgerðarinnar. Togararnir eiga inni hjá þjóðfélaginu í heild, vegna þess m. a., að þeir bjuggu á árabili, eins og hæstv. ráðherra sagði, við lægra verð en aðrir, af því að það var talið, að þeir þyldu það fjárhagslega.

Nú er það komið í ljós, að togaraeigendur eru í stórkostlegum vandræðum fjárhagslega, og þá eiga þeir að mínu viti fullan siðferðilegan rétt á því að fá stuðning og fá það fé tekið út úr þjóðarbúskapnum, en ekki af einni grein hans, eins og bátaútveginum.

Ég held það sé mjög viðráðanlegt að breyta málinu í þetta horf, sem ég hef hér lýst í megindráttum, og hægt væri að leysa það á þá lund. Það mundi sjálfsagt þurfa að auka eitthvað þau framlög, sem er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði, eða þann stuðning, sem bankakerfið ætti að veita í þessu sambandi. En ég hef sem sagt ekki haft aðstöðu til að gera mér grein fyrir tölunum, af ástæðum, sem ég nefndi áðan, þar sem ekki hafa legið fyrir útreikningar um deildirnar hverja fyrir sig.

En þetta er áreiðanlega mjög vel hægt að leysa, að ég nú ekki tali um, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda sér við þá fjárupptöku frá útveginum, sem hún framkvæmdi s. l. sumar með því að taka eignarnámi gengismismun á útflutningsvörubirgðum. Það var mikið á annað hundrað milljóna, sem þannig voru teknar eignarnámi af sjávarútveginum, og er það geysilega mikið fjármagn, og væri áreiðanlega hægt, ef á að halda þeirri fjárupptöku til streitu, að nota eitthvað af því fé til þess að greiða fyrir togurunum, þannig að það þyrfti ekki að skattleggja bátaútveginn sérstaklega, eins og stefnt er að með þessu frv. Ég held, að með góðum vilja hljóti að vera hægt að finna leiðir til að leysa þetta mál togaranna algerlega án þess að íþyngja bátaútveginum.

Ég vil svo benda á, að mér finnst þetta frv. bera dálítinn blæ af því, að þessi leið, að koma stuðningnum á framfæri gegnum aflatryggingasjóðinn, sé valin að einhverju leyti til þess að dulklæða það, að grípa verður til sérstakra uppbóta fyrir þessa framleiðslugrein. Má vera, að þessi aðferð sé valin að einhverju leyti vegna þess, hve allar slíkar uppbætur hafa verið fordæmdar af núverandi valdhöfum. Ég bendi á þetta í leiðinni, meira kannske til gamans, því að vitanlega skiptir það engu máli, hvað ráðstafanirnar eru kallaðar. Aðalatriðið er, hvers efnis þær eru. En höfuðáherzluna legg ég á, að unnt verði að koma þessu þannig fyrir, eins og ég hef nú greint, að breyta málinu í það horf, að stuðningurinn til togaraútgerðarinnar, sem hún þarf sérstaklega á að halda vegna þeirra miklu áfalla, sem hún hefur orðið

fyrir, komi frá þjóðfélaginu í heild, en ekki einstökum framleiðslugreinum.

Þá vil ég aðeins minnast á tvö einstök atriði. Mér er ekki alveg ljóst af frv., hvernig skilja beri bráðabirgðaákvæðið, sem er á þá lund, að stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt að gefa út skuldabréf og nota þau til aðstoðar togurunum vegna aflabrests árið 1960 samkv. nánari ákvæðum sjóðsstjórnar og ráðuneytisins. Mér er ekki ljóst að öllu leyti, hvernig þetta er hugsað. Er þá ætlunin, að stjórn aflatryggingasjóðs ráði því alveg, eftir hvaða reglum þessi aðstoð er látin í té, eða er hugsunin sú, að þessa aðstöðu eigi að láta í té eftir almennum reglum þessara l. um, hvernig bæta skuli aflabrest, og það sé aðeins þá tilhögun skuldabréfanna og annað slíkt, sem þarna er átt við? Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram. Ég átta mig ekki vel á þessu, eins og það liggur fyrir.

Loks vildi ég geta um, af því að hér er verið að endurskoða l. um hlutatryggingasjóð eða endurskapa þau alveg, að ýmis atriði í þeim eru þannig, að mér finnst, að það þurfi einmitt að athuga þau í sambandi við þetta mál, þar sem nú er lögð fram ný heildarlöggjöf um hlutatryggingasjóðinn. Það er m. a. varðandi bætur úr sjóðnum. Það er mjög mikið ákveðið í reglugerðum um, hvernig bótum skuli úthlutað, og ákvæði laganna í því tilliti eru býsna ónákvæm. Og það hafa komið mikil vandkvæði upp í þessu sambandi. Ég vil sérstaklega minna á, að t. d. varðandi bætur á Austurlandi hafa komið upp mikil vandkvæði í þessu sambandi og erfiðleikar, sem ekki hefur enn tekizt að greiða úr. Þar hefur komið upp nú síðustu árin miklu veigameiri útgerð á vetrum en áður var, á stórum bátum og útileguskipum, en áður var þar sjór minna stundaður á vetrum og þá á miklu smærri bátum. Svo þegar hefur átt að ákveða, hvaða rétt til bóta þessir stærri bátar og stærri skip eiga að hafa, þá hafa orðið verulegir árekstrar. Aðalregla hlutatryggingasjóðs mun hafa verið sú að miða við fimm ára reynslu, en í þessu falli er eiginlega ekki um neina slíka reynslu að ræða, sem geti talizt sambærileg við það, sem nú er. Bæði er, að sjósókn var á vetrum á norðari fjörðunum mjög lítil og þá á miklu smærri bátum. Nú er hún stunduð á stærri skipum og meira en áður. Þá kemur þarna upp það vafamál, hver skuli vera réttur þessarar nýju útgerðar til bóta. Það er ekki hægt að miða við fimm ára reglu, og þessi mál eru enn óleyst. Ég vildi sérstaklega benda á þetta. Má vera, að þetta valdi vandkvæðum víðar. Ég beini þessu til hæstv. ráðh. og þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er augljóst, að aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er um það að veita togaraútgerð landsmanna fjárhagslegan stuðning. En þrátt fyrir það, þó að þetta frv. sé fyrst og fremst hér flutt af þessum ástæðum, eins og greinilega kom í rauninni fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., er þessu efni um fjárhagslegan stuðning við togaraútgerðina blandað hér saman við í rauninni alls óskylt mál, sem er hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Frá því hefur verið skýrt hér, að starfandi hafi verið á vegum ríkisstj. nefnd, sem skilað hafi áliti nokkru fyrir áramót um hag togaraútgerðarinnar. En þegar slíkt stórmál sem þetta er nú lagt fyrir þingið, hefði vissulega verið eðlilegt, að skýrt hefði verið frá niðurstöðum þessarar rannsóknarnefndar. En ekkert kemur fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, um þær niðurstöður, sem n. hefur komizt að við athugun á rekstrarafkomu togaranna, en þó er að sjálfsögðu einmitt þessi rannsóknarskýrsla grundvöllurinn að því, að hafizt er handa um að flytja þetta frv. um fjárhagslegan stuðning við togaraútgerðina í landinu. Þetta er auðvitað mikill galli á því, hvernig málið er lagt hér fyrir. Og ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að leggja fram undir afgreiðslu þessa máls hér í þinginu niðurstöður nefndarinnar, svo að mönnum megi vera ljóst, hvernig sá vandi í raun og veru er, sem hér er við að glíma.

Það er ekkert um það að villast, að togaraútgerð okkar á í fjárhagslegum erfiðleikum, og ég held, að það sé ekki heldur mikill vafi á því, hvaða orsakir eru til þessara erfiðleika. Aflinn hefur gengið saman hjá togurunum á undanförnum árum. Hann hefur farið mjög minnkandi, og alveg sérstaklega hefur aflinn hér á heimamiðum farið minnkandi, þegar litið er á nokkuð mörg ár. Að vísu segja þær tölur, sem hæstv. sjútvmrh. nefndi í þessum efnum um afla togaranna á undanförnum árum, ekki alla sögu, og þær gætu verið mjög villandi fyrir þá, sem eru ókunnugir í þessum efnum. Þegar nefndar eru aflatölur fyrir togarana, t. d. árin 1958 og 1959, og talað um, að heildarafli togaraflotans þau ár hafi verið árið 1958 199 þús. lestir og árið 1959 156 þús. lestir, en svo aftur tekin árin 1960 og 1961 og þá sagt, að aflinn hafi verið árið 1960 í kringum 113 þús. lestir og nú s. l. ár í kringum 70 þús. lestir, þá má vitanlega ekki bera þessar tölur svona beint saman, og ástæðurnar eru þær, að togararnir hafa verið gerðir út á alveg ólíkan hátt á þessum tveimur áratímabilum. Árin 1958 og 1959 voru togararnir fyrst og fremst gerðir út miðað við heimalöndun á aflanum, en það gefur þeim allajafna miklum mun meiri afla, þar sem þá sparast allur sá langi tími, sem fer í það að sigla með aflann á erlenda markaði. En síðari árin hafa togararnir einmitt verið gerðir út á hinn veginn, að þeir hafa siglt með mikinn hluta af aflanum á erlenda markaði, og aflinn hlaut eðlilega í tonnum talið að minnka. Hins vegar hafa togararnir fengið miklum mun meira fyrir hvert tonn af veiddum afla síðari árin heldur en þeir fengu fyrri árin. Þetta ber vitanlega að hafa í huga. En eigi að síður hefur aflamagn farið minnkandi.

Einnig verður að hafa annað í huga, þegar maður nefnir heildaraflamagn togaranna á þessu tímabili, að nú síðari árin, sérstaklega 1960 og 1961, hefur svo háttað til, að allverulegur hluti togaraflotans í landinu hefur ekki verið rekinn tímunum saman. Þannig hafa liðið margir mánuðir, að 10—12 skip hafa legið af um 47—48 skipum, sem landsmenn hafa átt — hafa legið aðgerðalaus með öllu. En árið 1958

var allur flotinn rekinn svo að segja hvern einasta dag ársins. Auðvitað leiðir það af því, þegar togaraflotinn liggur, að þá dregur eitthvað úr útgerðarkostnaði, launagreiðslum og öðrum rekstrarkostnaði, svo að hér vitanlega er ólíku saman að jafna.

En um hitt verður þó ekki deilt, að afli togaranna hefur farið minnkandi nú síðari árin frá því, sem áður var, og okkar togarar eru ekki þar einir um þá sögu, þetta hefur gengið yfir hjá öðrum togurum, sem sótt hafa veiðar hér á Íslandsmið. Og mönnum er líka ljóst, að þetta stendur ekki nema þá að sáralitlu leyti í sambandi við útfærslu landhelginnar, vegna þess að þessi aflarýrnun á Íslandsmiðum var komin til, áður en til útfærslu landhelginnar kom. En menn eru auðvitað ekki á eitt sáttir um það, hvaða orsakir liggi til þessa, og það á sama tíma sem afli bátanna hefur á margan hátt verið eins góður eða jafnvel betri síðari árin en áður var. En staðreyndin er sem sagt þessi, aflinn hefur farið minnkandi.

En þá vaknar eðlilega sú spurning, hvort ekki hafi verið til einhver önnur úrræði fyrir skipin, hvort t. d. afli hafi ekki verið eitthvað betri á öðrum miðum en hér við Ísland og þá tiltækilegt að beita togurunum meira þangað en gert hefur verið. Og það er heldur enginn vafi á því, að í fyrsta skipti nú um margra ára skeið höfum við Íslendingar orðið eftirbátar annarra togaraútgerðarmanna í sambandi við útgerð á okkar togurum, því að við höfum haldið okkur mjög einhliða með skipin á aflaleysissvæðunum hér við Ísland nú síðustu tvö árin, en ekki í jafnríkum mæli og aðrar togaraútgerðarþjóðir sent skip okkar til annarra fiskislóða. Það er líka alveg augljóst, hvað það er, sem hefur háð okkur í þessum efnum. Það, sem sérstaklega hefur háð okkur, er það, að við gátum ekki gert þessa stóru togara okkar út á Grænlandsmið eða Nýfundnalandsmið eða önnur fjarlæg mið nema efna til allverulegra breytinga á skipunum frá því, sem verið hefur, vegna þess að þessi mið hafa ekki gefið nú svo mikinn afla, að hægt væri að reka þessi stóru og dýru skip á þau með það fyrir augum, að þau skiluðu aflanum hingað heim svo að segja vikulega. Við hefðum þurft að geta breytt okkar skipum þannig, eins og ýmsir hafa gert, að við hefðum getið sent þau til Grænlands- og Nýfundnalandsmiða og fryst fiskinn a. m. k. fyrri hluta veiðitúrsins eða þannig, að skipin gætu með góðu móti verið í veiðitúr um mánaðartíma í staðinn fyrir að leggja til grundvallar 10—12 daga, eins og við höfum gert áður. Þetta hafa ýmsir gert og með allgóðum árangri.

Ég er á þeirri skoðun, að það hefði átt að taka á vandamálum togaranna nú á allmikið annan hátt en gert er í þessu frv. Ég held, að við hefðum þurft að leggja okkur fram um það að koma fram með tillögur, sem gætu hjálpað til þess að koma rekstri togaranna á þann grundvöll, að þeir gætu sjálfir staðið undir sér á næstu árum. En til þess þarf að framkvæma talsvert verulegar breytingar í rekstri skipanna. Það er rétt, að það þarf sennilega nokkurn stofnkostnað til þess að ráðast í þetta. En það átti einmitt að aðstoða útgerðina í þessum efnum. Einnig var svo hitt, að það var vitanlega sjálfsagt að aðstoða þessa útgerð til þess að fá réttlátara verð fyrir fiskinn, sem landað var hér innanlands, heldur en hún hefur fengið. Og það var hægt og er hægt að koma fiskverðinu hér innanlands upp. Við getum borgað hér sambærilegt fiskverð við það, sem t. d. Norðmenn borga, en það skortir stórkostlega á, að svo sé nú. En til þess þarf m. a. að létta af vinnslustöðvunum hér innanlands og útgerðinni sem heild ýmsum þeim útgjöldum, sem þessir aðilar verða að standa undir nú hér hjá okkur, en sambærilegir aðilar, t. d. í Noregi, þurfa ekki að standa undir. Við vitum, að við leggjum nú á okkar sjávarútveg miklu hærri útflutningsgjöld en þekkist t. d. hjá Norðmönnum eða yfirleitt nokkurri annarri þjóð, og við látum okkar útgerð standa undir miklu hærri vaxtagreiðslum en annarri útgerð er boðið upp á. Þessu átti að breyta, og þannig átti að reyna að lagfæra reksturinn til frambúðar. Margt fleira gat þarna einnig komið til, sem ég skal nú ekki fara út í að ræða hér í sambandi við þetta frv.

En sem sagt, mín skoðun er sú, að það þurfti virkilega að taka því taki nú, hvað tiltækilegt var að gera til þess að gera rekstur togaraflotans íslenzka hagstæðari en hann er nú, þó að einnig yrði gripið til þess að greiða útgerðinni nú í fjárhagsörðugleikum hennar nokkra beina fjárfúlgu. En það þýðir ekki að skjóta sér undan þessu verkefni, því að fjárfúlgur þær, sem greiddar verða nú, étast fljótlega upp, og þá stendur maður aftur í sama vanda, ef ekki er reynt að bregðast við vandanum á réttan hátt.

Hvernig er svo ætlað með þessu frv. að leysa vanda togaraflotans? Jú, það er ætlazt til þess, að hægt verði að greiða togaraflotanum í kringum 60 millj. kr., 30 millj. með þeim hætti, að hinn nýi sjóður, sem nú á að setja á fót og í rauninni er gamli hlutatryggingasjóðurinn með breyttu nafni, sá sjóður á raunverulega að taka að láni 30 millj. kr., skuldabréfalán til fimm ára, og það á að sjá um það, að togurunum verði þessi skuldabréf til gagns, með því, að bankar taki skuldabréfin upp í þegar orðnar skuldir togaranna. Það kann að vera, að þetta verði togurunum að nokkru gagni. En hlutatryggingasjóður, sem ég nefni nú áfram, er á þennan hátt látinn taka á sig, eftir því sem mér sýnist, 30 millj. kr. bagga, sem hann á að standa undir á næstu fimm árum. Þessi greiðsla er því í mjög vafasömu formi. Það á að éta fram fyrir sig fyrir næstu fimm ár 30 millj. kr. á þennan hátt og láta togarana hafa þessa greiðslu á þennan hátt. Í öðru lagi er svo gert ráð fyrir því, að togaraflotinn fái sérstakar bætur úr hinum breytta hlutatryggingasjóði fyrir árið 1961, líka í kringum 30 millj. kr. Og hvernig á þessi breytti hlutatryggingasjóður að greiða þessa upphæð til togaraflotans vegna aflaleysisins á árinu 1961? Jú, það er augljóst, að það eru fyrst og fremst þeir, sem greitt hafa í sjóðinn, í gamla hlutatryggingasjóðinn, bátarnir, bátafloti landsmanna, sem á að standa undir þessari greiðslu. Togararnir eiga að vísu að borga í sjóðinn hluta af árinu 1961, en þar sem afli þeirra er tiltölulega lítill, er vitanlega

greiðsla þeirra í sjóðinn samsvarandi því tiltölulega lítil, borið saman við þá greiðslu, sem bátaflotinn greiðir, og það á að taka meira en allar tekjur sjóðsins á einu ári raunverulega í þessu skyni. Áður en kom til hækkunar á greiðslum í þennan sjóð, í hlutatryggingasjóð, munu tekjur sjóðsins hafa verið á ári, t. d. árið 1960, eitthvað í kringum 15—16 millj. kr. En auðvitað áttu þær að hækka nokkuð á árinu 1961, eitthvað lítillega miðað við óbreytt gjöld til sjóðsins, en með gengisfellingunni í ágústbyrjun áttu auðvitað tekjur sjóðsins að hækka nokkuð, og sérstaklega svo með þeim ákvæðum í brbl. ríkisstj. frá því í ágúst í sumar, þar sem ákveðið var, að bátafloti landsmanna ætti að borga helmingi hærra gjald til sjóðsins en hann hafði gert áður.

Í þessum efnum er rétt að rifja hér upp með nokkrum orðum starfsemi hlutatryggingasjóðs og hvernig hann hefur verið upp byggður. Hlutatryggingasjóður, sem hefur hingað til verið eingöngu fyrir bátaflotann, hefur fengið tekjur á þann hátt, að bátaflotinn hefur greitt til sjóðsins helminginn af þeim árlegu tekjum, sem sjóðurinn hefur fengið, og ríkissjóður hefur lagt hinn helminginn til á móti. Tvær deildir hafa verið starfandi í sjóðnum. Önnur hefur verið hin almenna deild, en hin hefur verið síldveiðideildin, og þar hafa verið greinileg skil á milli, og þeir bátar einir, sem stundað hafa síldveiðar og orðið þar fyrir aflaleysi, hafa getað fengið bætur úr síldveiðideildinni, og hinir einir, sem stundað hafa almennar þorskveiðar eða aðrar fiskveiðar en síldveiðar, hafa getað fengið bætur úr almennu deildinni. Hins vegar hefur verið hægt að haga því þannig til, að þegar svo hefur staðið á, að aðra deildina hefur vantað fé, þá hefur hin deildin gjarnan lánað þeirri deildinni, sem hallaðist á, til bráðabirgða nokkurt fé með beinni ríkisábyrgð. Ríkissjóður var ábyrgur fyrir því að skila fénu aftur. Þannig hefur síldveiðideildin nokkrum sinnum fengið fé að láni úr almennu deildinni. En í öllum aðalatriðum hefur þó hlutatryggingasjóður bátaflotans staðið sig sæmilega, hann mun hafa átt nú um síðustu áramót um 13 millj. kr. í sjóði í almennu deildinni, og svo mun almenna deildin hafa átt um 10 millj. kr. hjá síldveiðideildinni, sem miklar líkur voru til að síldveiðideildin gæti borgað sjálf, þegar aflatekjur á s. l. ári voru komnar inn fyrir útfluttar síldarafurðir, en þær voru óvenjumiklar á s. l. ári. Þannig átti hlutatryggingasjóður um 23 millj. kr. Og svo komu tekjur á árinu 1961 að öðru leyti einnig vegna hækkunar, þannig að þær voru taldar um áramót vera í kringum 20 millj. kr. Hlutatryggingasjóður hefur því sennilega átt um s. l. áramót í kringum 40 millj. kr., sem bátaflotinn fyrst og fremst hefur lagt til sjóðsins.

Fram að þessu hefur verið lögð áherzla á að reka hlutatryggingasjóð þannig, að ekki væri verið að skylda einn þátt útgerðarinnar til þess að standa undir öðrum þætti eða styrkja hann á beinan eða óbeinan hátt. Þannig hefur síldarúthaldið orðið að standa undir sér sjálft, og það mátti ekki greiða meiri bætur vegna þeirra áfalla, sem urðu á síldveiðum, heldur en sem samsvaraði því, sem síldveiðideildin gat staðið undir eða gat leyft sér að stofna til skuldar út af, vegna þess að menn óttuðust, að þetta gæti dregið til þess, að farið yrði að skattleggja þann þátt útgerðarinnar, sem raunverulega væri hagkvæmari og betri, til þess jafnvel að halda uppi einhverjum þætti, sem vafasamt væri kannske að leggja jafnmikla áherzlu á. Og allir voru sammála um það nú fram að miðju s. l. ári að halda þessu grundvallaratriði og víkja ekki frá því og blanda hér ekki saman meira og minna óskyldum efnum. En svo kemur hæstv. ríkisstj. skyndilega á s. l. ári og ákveður með brbl. að stórhækka gjöld bátaflotans til hlutatryggingasjóðs, eða í rauninni hækka gjöldin um helming, og skáka togaraflotanum inn í þennan hlutatryggingasjóð bátaflotans og ákveða það einnig að taka allan tekjuaukann, sem sjóðurinn átti að fá, þ. e. a. s. frá bæði síldveiðiúthaldi landsmanna og öðrum rekstri bátaflotans, taka allar hinar auknu tekjur, sem áttu að koma frá þessum aðilum, og nota þær raunverulega til að leysa vanda togaraflota landsmanna, eins og hann var þá.

Þeim, sem kunnugastir voru rekstri og uppbyggingu hlutatryggingasjóðs, leizt, held ég, svo að segja öllum mjög illa á þetta fyrirkomulag, enda var það alveg samhljóða skoðun allra bátaútvegsmanna á síðasta aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna að mæla gegn þessu fyrirkomulagi og óska eftir því, að hver deild yrði þar með sinn algerlega sjálfstæða fjárhag. Ef sköpuð yrði deild fyrir togarana, þá ættu togararnir einir ásamt með ríkissjóði að standa undir þeirri deild, og þeir gætu aðeins fengið sinn stuðning úr þeirri deild án þess að fara að blanda sér á nokkurn hátt inn í afkomu eða rekstur annarra deilda, sem innan sjóðsins kynnu að vera, eins og deilda bátaútvegsins.

En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, virðist ríkisstj. enn vera inni á þessari samblöndunarleið sinni. Nú setur hún upp það form að breyta hlutatryggingasjóði bátaútvegsins þannig, að taka skal helminginn af árlegum tekjum síldveiðideildarinnar, sem síldveiðifloti landsmanna hefur innt af höndum til sjóðsins, taka helminginn af þeim tekjum og helminginn af öllum þeim tekjum, sem bátarnir almennt borga í almennu deildina, og einnig helminginn af þeim tekjum, sem sjóðurinn á að fá frá togaraflotanum, og leggja þetta í sérstaka nýja deild, svonefnda jöfnunardeild, og sú deild á að geta, eins og segir í frv., veitt hinum deildunum lán eða styrk, eftir því sem stendur á. Og þar með er búið að opna leiðina fyrir því, sem er megintilgangurinn með þessu frv., að ná út úr hinum gamla hlutatryggingasjóði bátaútvegsins stórri fjárfúlgu til að standa undir tímabundum fjárhagserfiðleikum togaraflotans. Þetta er afleit aðferð, og ég trúi því ekki, að hæstv. sjútvmrh. sjái ekki við nánari athugun, að fyrirkomulag eins og þetta er ekki framkvæmanlegt. Að ætla sér að innheimta árlega talsverðan skatt jafnt af trillubátaútgerð landsmanna sem öðrum bátaútvegi til þess að standa undir fjárhagsstyrk, sem sveiflast upp á marga tugi milljóna króna, til togaraflotans, það er alveg fráleit aðferð.

Ég álít því, að það eigi að breyta til í þessum efnum. Við því er auðvitað ekkert að segja, þó að mynduð sé sérstök deild innan hlutatryggingasjóðs fyrir togaraflotann og togararnir séu látnir greiða í þá deild og ríkissjóður veiti þeirri sérstöku deild árlegan styrk og útvegi henni sérstakt lán, og síðan yrði hún þá fær um að styrkja togarana, — við því er ekkert að segja. En það á ekki að blanda þessu máli saman við einstakar deildir bátaútvegsins í landinu. Ég held líka, að það blessist aldrei til lengdar, þetta verði rifið í sundur aftur af þeim, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta.

Ég vil taka undir það, sem ég hef raunar sagt hér nokkrum sinnum áður, að ég er því algerlega samþykkur, að togaraútgerðinni sé veittur nokkur fjárhagslegur stuðningur, eins og nú standa sakir. Ég legg þó áherzlu á, að það þurfi meira til en aðeins fjárhagslegan stuðning nú í bili, það þurfi einnig að taka á þeim vandamálum, sem fyrir liggja í rekstri togaranna í landinu. En ég álít, að það eigi ekki að veita togurunum fjárhagsstuðning í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, slíkt sé ósanngjarnt og það leysi í rauninni harla lítinn vanda.

Þá vil ég einnig minna á, að það hefur staðið yfir um alllangan tíma endurskoðun á l. um hlutatryggingasjóð. Sérstök nefnd, sem kosin var af fiskiþingi, hefur fjallað um þetta mál, og ég hygg, að sjútvmrn. hafi á sínum tíma valið menn til þess að starfa með þessari endurskoðunarnefnd. Og það er mikil þörf á því að breyta l. um hlutatryggingasjóð í ýmsum efnum eftir fengna reynslu. Það hefði líka nú, þegar lagt er fram hér frv., sem í rauninni umsteypir gömlu löggjöfinni um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, átt að birta hér þær niðurstöður, sem þessi endurskoðunarnefnd hefur komizt að í þessum efnum. Það hefði átt að liggja fyrir hv. þm., hvað þessi endurskoðunarnefnd hefur talið þurfa að gera til breyt. á l. um hlutatryggingasjóð. Þetta vantar alveg, fyrst sú leið er valin að fara inn á að breyta þessari gömlu löggjöf.

Ég sé, að fundartími er búinn, og ég get í rauninni lokið máli mínu nú við þessa umr. Ég vil ekki á neinn hátt tefja það, að málið geti komizt til nefndar. Ég skal því láta máli mínu lokið. En ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki tillit til þeirra ábendinga, sem hér hafa komið fram, og það verði einmitt sérstaklega athugað í nefnd við meðferð málsins, hvort ekki sé rétt að breyta hér til um form frá því, sem lagt er til í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, n. 529 og 531).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Sjútvn. hélt 6 fundi um þetta mál og aflaði sér upplýsinga og umsagna, eins og frá er greint í nál. á þskj. 529. Herra Már Elísson skrifstofustjóri var n. til aðstoðar og útvegaði henni greiðlega ýmsar upplýsingar.

Eins og nál. á þskj. 529 ber með sér, mælir meiri hl. n. með frv. óbreyttu, en minni hl., þeir Gísli Guðmundsson og Geir Gunnarsson, skilar séráliti.

Með frv. þessu er lagt til, að breytt verði núgildandi skipulagi hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, og vegna hins breytta verksviðs sjóðsins er lagt til, að hann heiti framvegis aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Þetta nýja heiti hefur sætt nokkurri gagnrýni, að mig minnir, við 1. umr. og a. m. k. í einni umsögn. Ég tel ekki, að hið nýja heiti brjóti í bága við málvenjur, sbr. það t. d., að talað er um líftryggingu, hlutatryggingu, heimilistryggingu og vélbátatryggingu. Þarna er það hið tryggða, sem rætt er í samsetningunni. Hins vegar má einnig nefna dæmi þess, að tjónið, sem tryggt er fyrir, er látið ráða, eins og í brunatrygging, sjóvátrygging, slysatrygging, örorkutrygging o. s. frv. Hvort tveggja mun þetta vera jafnrétthátt í málinu. Hálærður málvísindamaður, sem ég hef spurt álits þessu viðvíkjandi, hefur tjáð mér, að sér finnist ekkert við hið nýja nafn sjóðsins að athuga.

Sjóðurinn starfar nú í tveim deildum, almennri deild vélbátanna og síldveiðideild. Samkvæmt því breytta skipulagi, sem frv. ráðgerir, verður bætt við almennri deild togaraflotans og jöfnunardeild. Á hlutverk jöfnunardeildar að vera það að veita hinum deildunum lán eða styrki, ef svo stendur á, og má segja, að hún taki við því hlutverki, sem hin almenna deild bátaflotans hefur áður annazt. Sú deild hefur oft lánað síldveiðideildinni á liðnum árum og hefur þá í hvert skipti verið útveguð ríkisábyrgð fyrir slíkum lánum. Mun almenna deildin nú eiga um 10 millj. kr. hjá síldveiðideildinni. Með þeim tekjum, sem deildunum eru áætlaðar, ætti ekki lengur að þurfa ríkisábyrgð fyrir lánum þeirra í milli, en verði ástandið einhvern tíma svo slæmt, að einhver deildin komist alveg í þrot, þá mun það verða athugað hverju sinni, eins og tíðkazt hefur, hvernig sá vandi verður bezt leystur, og þá m. a. með ríkisábyrgð, ef á þarf að halda.

Framlag ríkisins til sjóðsins er á þessu ári ákveðið í fjárlögum 8½ millj. kr., en árið 1963 er áætlað, að framlagið verði 18.6 millj. kr., eða 9.1 millj. kr. hærra en það er nú. Í 9. gr. frv. eru ákvæði um tekjur sjóðsins og skiptingu þeirra á milli deilda. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árlegar tekjur sjóðsins eru: 1¼% af fobverði útfluttra sjávarafurða, öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

2) Framlag ríkissjóðs er helmingur á móti 1. lið. Á árinu 1962 skal framlagið nema 8½ millj. kr.

3) Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkv. 1. og 2. tölulið þessarar gr.

Tekjur samkvæmt 1. og 2. tölulið skiptast þannig milli deilda: Í síldveiðideild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum. Í almennu deild bátaflotans 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum bátaflotans. Í almennu deild togaraflotans 50% af tekjum af útfluttum þorsk-

afurðum togaraflotans. Í jöfnunardeild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum og 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum báta- og togaraflotans.“

Ég vil geta þess, að alls staðar, þar sem talað er um þorskafurðir, er einnig átt við t. d. karfa. Áætlað er, að prósentugjaldið samkvæmt 1. lið muni á næsta ári gefa sjóðnum samtals 37.2 millj. kr. í tekjur, og ætti þá framlag ríkisins þar á móti að verða 18.6 millj. kr., eða tekjur sjóðsins alls 1963 55.8 millj. kr. Þessi áætlun er við það miðuð, að útflutningur gjaldskyldra afurða ársins 1962 nemi 2 800 millj. kr. og aukist um 6% á ári. Út frá sömu tölum eru heildartekjurnar áætlaðar 59.1 millj. kr. árið 1964.

Það hefur sætt gagnrýni, að ríkissjóður skuli ekki greiða til sjóðsins jafnt á móti þeim tekjum, sem hann fær samkvæmt 1. lið 9. gr. frv. Hér verða menn þó að hafa það hugfast, að erfitt er að gera sér grein fyrir því langt fram í tímann, hversu mikla aðstoð þær greinar sjávarútvegsins, sem réttindi eiga í sjóðnum, kunna að þurfa. En fullyrða má, að þessi atvinnuvegur er svo mikilvægur fyrir þjóðarbúið í heild, að ríkisstj. og Alþ. hljóta á hverjum tíma að veita þá viðbótaraðstoð, sem nauðsynleg kann að reynast, ef sjóðurinn getur ekki leyst allan vandann. Það má ekki heldur gleyma því, sem ég hef reyndar þegar tekið fram, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs tvöfaldast og meira en það, auk þess sem framlög hinna tryggðu sjálfra hækka samkvæmt 9. gr. Er í þessu sambandi rétt að minna á það, að á uppbótatímabilinu var sjóðurinn snuðaður um stórfellldar tekjur, þar eð ríkissjóðsframlagið var aðeins reiknað af fob-verði, en sjóðurinn fékk þá engar tekjur af yfirfærslugjaldinu. Minnir mig, að á þessu tímabili hafi hv. 4. þm. Austf. haft eitthvað með sjávarútvegsmál að gera.

Eftir 12 ára starf hefur hlutatryggingasjóður greitt 33450849 kr. í bætur úr almennu deildinni og 36525222 kr. úr síldveiðideildinni. Síldveiðideildin skuldar enn 10 millj. kr., en almenna deildin mun eiga allt að 40 millj. kr. Ég gat þess áðan, að tekjur sjóðsins eru áætlaðar 55.8 millj. kr. árið 1963 og 59.1 millj. árið 1964, og séu þessar tölur allar bornar saman, þá geta menn gert sér nokkra hugmynd um þá miklu eflingu sjóðsins, sem frv. gerir ráð fyrir, þótt þar komi hins vegar á móti bótaskyldan gagnvart togurunum, sem vissulega verður talsverð, eins og nú er ástatt. En það ástand getur breytzt og jafnvel snúizt við, og að mínum dómi er ekkert sjálfsagðara en að hver framleiðslugreinin styðji aðra til skiptis í slíkri samtryggingu, sem hér er um að ræða. Í dag eru það togararnir, sem þurfa hjálp, að ári eða næsta ár getur það orðið síldveiðiflotinn eða þorskanetaútgerðin.

Í sambandi við þessar hugleiðingar vil ég skjóta því hér inn, sem ég veit ekki, hvort allir hv. dm. hafa gert sér ljóst, að togaraútgerðin hefur árum saman greitt útflutningsgjald, bæði til Fiskveiðasjóðs Íslands og til fiskimálasjóðs, án þess að eiga þar nokkur réttindi eða aðgang að stofnlánum. Þetta gildir enn þá hvað fiskveiðasjóði viðvíkur, en breyting mun nýlega hafa verið gerð á þessu hjá fiskimálasjóði. Það er ekki, að því er ég bezt veit, unnt að fá framlög togaraútgerðarinnar til þessara sjóða uppgefin sérstaklega, en ég hef reynt að gera mér nokkra grein fyrir þessu varðandi fiskveiðasjóð. Ég fékk uppgefnar hjá Fiskifélaginu eftirgreindar prósentutölur um hlutdeild togaranna í heildarframleiðsluverðmæti sjávarútvegsins. Árið 1957 36%, árið 1958 38%, árið 1959 32%, árið 1960 24½%. Þessi sömu ár hafa tekjur fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi orðið:

1957	18 797.938,50
1958	24 343 471,31
1959	27 599 470,52
1960	37 321 615,72
Samtals	108 062 496,05

Sé reiknað með sama hlutfalli í tekjum fiskveiðasjóðs frá togurum og í heildarframleiðslunni þessi ár, þá má áætla framlag togaranna til sjóðsins þannig: 1957 6 767 000 kr., 1958 9 251-000 kr., 1959 8 832 000 kr., 1960 9 144 000 kr., eða samtals á þessum fjórum árum 33 994 000 kr. Á þessu tímabili hafa þá rúmlega 31% af tekjum fiskveiðasjóðs komið frá togurunum, sem engan aðgang hafa haft að sjóðnum, og miðað við heildartekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi frá byrjun, sem munu vera um 315 millj. kr., má áætla, að togararnir hafi lagt fram í þennan stofnlánasjóð vélbátanna um 97 eða 98 millj. kr. Þetta finnst mér vera vert að þeir menn hugleiði, sem nú tala um það, að ekki megi rugla saman reytum einstakra greina sjávarútvegsins í aflatryggingasjóði samkvæmt frv. því, sem hér liggur fyrir.

Skal ég þá aftur víkja að ákvæðum frv. og þeirri fyrirgreiðslu við togarana, sem ráðgert er að veita á vegum sjóðsins. En fyrst vil ég geta þess, að í frv. eru nokkrar breyt. og nýmæli frá gildandi l. um hlutatryggingasjóð, sem sett hafa verið inn samkv. þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í ályktunum fiskiþings að undanförnu. Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans á samkv. frv. að vera 37½ millj. kr., sem ríkissjóður leggur fram með jöfnum árlegum greiðslum á 15 árum. Verður þetta fé, eða 30 millj. kr. af því, notað til þess að veita togurunum aðstoð fyrir árið 1960 með því að afhenda skuldabréf, er verði gjaldgeng til greiðslu á skuldum við viðskiptabankana, og talið er, að fyrir árið 1961 muni sjóðurinn þurfa að greiða álika mikið, eða samtals 60 millj. kr. fyrir bæði árin.

Að því er fundið, að þessi aðstoð muni hrökkva skammt, og talað um, að allt skipulag togaraútgerðarinnar þurfi að breytast. Það er rétt, að togaraútgerðin þarf að laga sig eftir breyttum aðstæðum, þar sem minnkandi aflabrögð og ný veiðitækni hafa skapað gerbreytt viðhorf. Þar er um að ræða stórátak, sem gera þarf með aðstoð og fyrirgreiðslu hins opinbera. En tímabundin fyrirgreiðsla getur ekki beðið, þar til lausn er fundin á þeim stóru og erfiðu vandamálum. Þetta frv. er aðeins einn þáttur í þeirri aðstoð, sem togurunum verður veitt vegna líðandi stundar. Að auki hafa verið gerðar ráðstafanir til að greiða fyrir þá vátryggingagjöld, sem munu nema um 35 millj. kr.

fyrir árið 1960 og sennilega svipaðri upphæð fyrir árið 1961. Enn fremur hefur ríkissjóður greitt af stofnlánum togaranna miklar upphæðir, bæði s. l. ár og áður, eins og hæstv. fjmrh. upplýsti nýlega í skýrslu til Alþingis um greiddar ríkisábyrgðir. Þegar allt þetta kemur saman, er þess að vænta, að hægt verði að koma togaraútgerðinni yfir örðugasta hjallann, en hún er um þessar mundir stödd í öldudal aflaleysisins.

Sjútvn. fékk hjá Fiskifélaginu þær tölur um útgerð og afla togara, sem hér fara á eftir: Árið 1955 voru gerð út 44 skip og öfluðu samtals, miðað við afla upp úr sjó, 203 973 lestir. 1956 43 skip 188 845 lestir. 1957 42 skip 162 118 lestir. 1958 44 skip 209037 lestir. 1959 45 skip, þar af 2 gerð út stopult, 166051 lest. 1960 48 skip, þar af 5 gerð út stopult, 119738 lestir. 1961 40 skip, þar af 6 gerð út stopult, 81 444 lestir. Eins og ég sagði áðan, er árið 1955 gefið upp miðað við afla upp úr sjó, en öll hin árin miðað við landað magn, en á því er nokkur munur, þó ekki verulegur, þar sem t. d. allur karfi, sem kemur á land, er óslægður. Sé athugað meðalveiðimagnið í heild fyrir fimm ár, 1955—1959 að báðum árum meðtöldum, þá reynist það samkvæmt þessari skýrslu 186 004 lestir yfir árið, og hefur þá aflinn árið 1960 reynzt um 35½% lægri en fimm ára meðaltalið og árið 1961 56% lægri en það. Er í þessum samanburði meira að marka fyrra árið, vegna þess að þá er skipafjöldinn, sem gerður er út að staðaldri, nálægt því að vera hinn sami og næstu fimm ár á undan. Síðara árið er skipafjöldinn aftur á móti minni, og verður þess vegna að taka prósentulækkunina með meiri varúð það ár. Samt ber að athuga það, að skipin, sem stöðvazt hafa, hafa helzt úr lestinni vegna þess, að útgerð þeirra hefur ekki risið undir afleiðingum aflaleysisins.

Hæstv. sjútvmrh. drap á það í framsöguræðu sinni fyrir frv. um aflatryggingasjóð, að gerð hefði verið á vegum ríkisstj. athugun á hag togaraútgerðarinnar, og gat hann að nokkru um niðurstöðurnar af þeirri rannsókn. Mér var falið fyrir hönd sjútvn. að fara þess á leit, að n. fengi umrædda skýrslu til athugunar, en niðurstaðan af viðræðum mínum og hæstv. ráðh. varð sú, að ráðh. taldi ekki fært að birta n. skýrsluna, þar eð hún væri þannig unnin, að í henni væru upplýsingar um einstök fyrirtæki. Ég er fyrir mitt leyti samþykkur þessari afstöðu hæstv. ráðh. og tel ekki þörf á því í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, að fá þessa skýrslu í hendur. Upplýsingarnar um aflabrögðin tala sínu máli, og sömuleiðis þekkja bæði ég og aðrir hv. þm. hrakfallasögu togaraútgerðarinnar síðustu árin úr heimahögum okkar. Einnig er það orðið svo, að mikill hluti togaranna er í eigu opinberra fyrirtækja, sem sjálfsagt birta sjálf reikninga sína fyrir s. l. ár innan skamms.

Það má vitanlega velta því fyrir sér á marga vegu, af hverju aflaleysi togaranna stafi. Sumir kenna útfærslu landhelginnar mest um og segja sem svo, að ef togurunum yrði hleypt inn í landhelgina, þá þyrftu þeir ekki á annarri aðstoð að halda. Þetta eru ýkjur að mínum dómi, því að aflaleysið er ekki aðeins ríkjandi á miðunum hér við land, heldur einnig á fjarlægum miðum, þar sem togurunum hefur oft orðið gott til fanga, og ekki mundi afli þeirra á þeim slóðum aukast við það, að þeir fengju landhelgina að einhverju leyti. Ég neita því þó ekki, að útfærsla landhelginnar eigi sinn þátt í erfiðleikum togaranna, en ég álít, að þegar frá líður muni þeir, eins og önnur útgerð, hagnast á aukinni friðun fiskimiðanna, því að hún mun forða útgerð okkar sem heild frá því, sem verra er, þ. e. a. s. frá algerri ördeyðu.

Að svo mæltu legg ég til fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að frv. á þskj. 365 verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. minni hl. sjútvn. er prentað á þskj. 531 og hefur verið útbýtt á þessum fundi. Í n. gerðum við minnihlutamenn grein fyrir breytingum, sem við töldum nauðsynlegt að gera á frv., en þar sem hv. meiri hl. gat ekki á þær breyt. fallizt, höfum við skilað sérstöku nál. ásamt brtt. við frv., sem prentaðar eru á sama þskj.

Í byrjun nál. okkar á þskj. 531 er gerð grein fyrir efni þess frv., sem hér liggur fyrir, og vísa ég til þess, sem þar er sagt um efni frv. Hér er um tvíþætt mál að ræða. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að frv. það um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem hér liggur fyrir, komi í stað gildandi laga, nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og að þau lög verði þá felld úr gildi. Mun ég koma að því síðar. Í öðru lagi er hér um að ræða sérstaka aðstoð við togaraútgerðina vegna rekstrarerfiðleika hennar undanfarið, en l. um hlutatryggingasjóð hafa hingað til ekki tekið til togaraútgerðarinnar. Nú virðist það vaka fyrir hæstv. ríkisstj. að breyta hlutatryggingasjóðnum í því skyni aðallega að leysa á þann hátt vanda togaraútgerðarinnar. Þetta virðist vera aðaltilgangur þessa frv. Og í framsöguræðu sinni við 1. umr. þessa máls ræddi hæstv. sjútvmrh. um frv. aðallega út frá þessu sjónarmiði, að í því fælist aðstoð við togaraútgerðina. Ég mun því byrja á því að gera það atriði málsins að umtalsefni.

Í efnahagsmálaritinu Viðreisn, sem hæstv. ríkisstj. gaf út árið 1960 um gengisbreytinguna og aðrar ráðstafanir sínar í efnahagsmálum, standa m. a. þessi orð á bls. 15 í nefndu riti, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. telur, að hin nýja gengisskráning muni skapa möguleika á því að færa kjör togarasjómanna til samræmis við kjör bátasjómanna og jafnframt grundvöll fyrir hallalausum rekstri togaranna.“

Þetta stendur nú þar. En þessi skoðun ríkisstj., þessi spá hennar um, að eftir gengisbreytinguna miklu væri hag togaraútgerðarinnar borgið, hefur ekki reynzt rétt. Hún hefur reynzt röng eins og fleiri sams konar spár. Hagur togaranna batnaði ekki, heldur versnaði. Enn hefur genginu verið breytt, og enn hefur hagur togaranna versnað. Þeim, sem stóðu að efnahagslöggjöfinni 1960, gleymdist sem sé eitt af meginatriðum íslenzks efnahagslífs. Þeim

gleymdist það, að hve miklu leyti íslenzkir atvinnuvegir eiga afkomu sína, eins og skáldið sagði, undir sól og regni og undir því, sem sjórinn lætur í té. Þeim gleymdist, að það er ekki gengisskráning, sem mestu máli skiptir fyrir sjávarútveginn og afkomu hans, heldur fiskigöngur, veðurfar og aflabrögð. Ný gengisskráning gat ekki ráðið bót á aflabresti. Og það er yfirleitt ekki hægt að sníða gengisskráningu eftir hinum síbreytilegu ástæðum atvinnuvegar eins og sjávarútvegsins, sem krefjast úrræða af ýmsu tagi eftir því, hvernig á stendur og hvað við á svo að segja í hverjum landshluta. Á þetta var á sínum tíma oftar en einu sinni bent í umr. um efnahagsmálin. Það má vel vera, að efnahagslöggjöfin frá 1960 hefði getað átt við í landi, sem fyrst og fremst byggir afkomu sína á háþróuðum iðnaði með stöðugri framleiðslu og stöðugu verðlagi. En það var allt of mikil bjartsýni að ímynda sér, að hún hlyti að skapa varanlegt öryggi í íslenzkum sjávarútvegi, eins og nú sést gleggst á togaraútgerðinni. Þess vegna er nú líka verið að leita nýrra úrræða, sem ekki eru í samræmi við hina yfirlýstu efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj.

Nú er það af, sem áður var, þegar togaraútgerð var talin einn hinn mesti gróðavegur hér á landi. Skipin eru nú að vísu miklu stærri og betur búin en fyrrum, en árangurinn hefur ekki farið eftir því í seinni tíð. Enginn dregur í efa, að rekstur togaraflotans hafi gengið mjög erfiðlega á árunum 1960 og 1961, enda sjást þess víða merki. Af 48 skipum í togaraflotanum virðast 8 hafa legið bundin í höfn allt s. l. ár samkv. upplýsingum, sem nefndinni hafa borizt og hv. frsm. meiri hl. gat um, og þar að auki 6, sem hafa ekki verið gerð út á árinu nema að nokkru leyti. Sum þessara afkastamiklu veiðiskipa hafa verið undir hamrinum, sem kallað er, og útgerð þeirra komizt í þrot. Um hina nýju, glæsilegu þúsund tonna togara, sem nýlega voru keyptir til landsins og kostuðu 35—40 millj. kr. eða jafnvel meira hver, er nú talað eins og þeir væru byrði á þjóðinni. Ríkissjóður hefur orðið að inna af hendi miklar fjárgreiðslur fyrir togaraútgerðina síðustu tvö árin vegna ríkisábyrgða fyrir stofnlánum togaraútgerðarfyrirtækja — og hefur reyndar orðið að gera það fyrr, og greidd hafa verið úr opinberum sjóðum eða verða greidd tryggingariðgjöld togaraflotans eins og annarra fiskiskipa fyrir árin 1960 og 1961. Fréttir hafa verið sagðar opinberlega af miklum rekstrarhalla hjá togaraútgerðarfyrirtækjum, sem enn halda þó áfram starfsemi sinni, og vék hæstv. ráðh. nokkuð að því efni í framsöguræðu sinni á dögunum, sem ég mun einnig koma að síðar. Rekstrarvandamál togaranna hafa nú um skeið verið almennt umræðuefni, bæði á opinberum vettvangi og manna á meðal, og valdið mörgum áhyggjum, sem ekki er furða, þar sem hér er um að ræða fiskiflota, sem dregið hefur að landi stundum meira en þriðjung, stundum helming eða meira af öllum fiskafla landsmanna, þegar síldaraflinn er frátalinn.

Nú síðast hefur það svo gerzt, sem allir vita, að togaraflotinn hefur með öllu stöðvazt eða er í þann veginn að stöðvast allur vegna kjaradeilu, sem upp er komin og ekki hefur enn tekizt að leysa, þar sem togarasjómenn telja sig bera skarðan hlut frá borði samanborið við aðra, m. a. vegna aflatregðunnar, en útgerðarfyrirtækin telja vandkvæði á að auka útgjöld sín, eins og á stendur. Flestir hafa verið sammála um það undanfarið, sem að því hafa vikið, að við svo búið megi ekki standa, að eitthvað verði að gera af hálfu hins opinbera í þessum málum, bæði vegna hinnar fjárhagslegu ábyrgðar ríkisins, sem hér er um að ræða, og þó ekki síður vegna þess atvinnulífs og þeirrar gjaldeyrisöflunar, sem tengd er við togaraútgerðina. Sumir kasta því að vísu fram, að togaraútgerð eigi sýnilega enga framtíð fyrir sér hér á landi og ekki sé um annað að gera en leggja hana niður og það sem fyrst. Þetta segja sumir. En ekki verður það almennt talið æskilegt úrræði að leggja niður einstaka atvinnuvegi þjóðarinnar, þegar illa árar. Þess verður að vænta, að eitthvað rakni úr bráðlega um aflabrögðin og kannske fleira. Raddir hafa komið fram um það að leyfa togurunum veiðar á þeim fiskimiðum næst landinu, sem nú eru friðuð fyrir botnvörpuveiðum. Ekki hefur sú hugmynd þó átt fylgi að fagna, og mun nú vera frá henni horfið. En hér á Alþ. hefur almennt verið viðurkennt, að ráðstafana væri þörf til aðstoðar togaraútgerðinni. Og gert hefur verið ráð fyrir, að ríkisstj. legði fram till. um þá aðstoð að vel athuguðu máli, að undangenginni ýtarlegri rannsókn á viðfangsefninu.

Sjútvn. hefur við meðferð málsins fengið ýmsar upplýsingar um aflabrögð togaraflotans undanfarin ár og þá jafnframt um fjölda þeirra skipa, sem gerð hafa verið út ár hvert. Hv. frsm. meiri hl. vék að þessu áðan, og sé ég ekkert á móti því, þó að ég endurtaki sumar af þeim tölum, sem hann þá nefndi í sambandi við það, sem ég vil segja um þetta mál. Eins og hann sagði, eru þær upplýsingar, sem við höfum fengið um togaraaflann, miðaðar við afla upp úr sjó, en ekki við slægðan fisk með haus, og er þar því um nokkru hærri tölur að ræða en í skýrslum Fiskifélagsins, sem venjulega eru birtar, t. d. í tímaritinu Ægi. En þessi aðferð að telja afla upp úr sjó, það er hin alþjóðlega aðferð við gerð fiskiskýrslna, sem í rauninni ætti að taka upp hér á landi og hefur, ef ég man rétt, verið tekin upp í einni skýrslu, sem gerð hefur verið fyrir 2—3 árum um fiskafla Íslendinga um 50 ára skeið. Á árinu 1955 öfluðu 44 skip 204 þús. tonn, talin á þennan hátt. Árið 1956 öfluðu 43 skip 189 þús. tonn. Árið 1957 öfluðu 42 skip 162 þús. tonn. Árið 1958 öfluðu 44 skip 209 þús. tonn. Árið 1959 öfluðu 45 skip, þar af 2, sem voru ekki nema hluta af árinu á veiðum, 166 þús. tonn. Árið 1960 öfluðu 48 skip, þar af 5, sem voru aðeins nokkurn hluta ársins á veiðum, ekki nema 120 þús. tonn. Og á árinu 1961 öfluðu 40 skip, þar af 6, sem voru aðeins hluta af árinu á veiðum, 81 þús. tonn, eða 72 þús. tonn af slægðum fiski með haus.

Í sambandi við skipatöluna er þá jafnframt þess að geta, að skipunum hefur ekki aðeins fjölgað nokkuð, heldur hafa þau líka stækkað, þannig að 44 skip í togaraflotanum árið 1958

voru samtals um 29 þús. rúmlestir, en 48 skip árið 1961 voru milli 33 og 34 þús. rúmlestir. Þetta er töluvert meiri hækkun á rúmlestatölunni en sem nemur skipafjöldanum, og stafar af því, að tekin hafa verið úr umferð lítil skip, gömlu togararnir, Flateyrartogararnir tveir, sem margir kannast við, en í staðinn hafa komið 5 stórir, nýir togarar á árinu 1960.

Nú er það svo, að þessar aflatölur áranna eru ekki einhlítur samanburður, og það væri rangt að halda því fram. Hér ber að hafa það í huga, að siglingar togaranna með afla til útlanda hafa aukizt mjög í seinni tíð. Á árinu 1960 fóru togararnir samtals 197 söluferðir til útlanda og á árinu 1961 223 söluferðir samkv. upplýsingum, sem nefndin hefur fengið hjá félagi ísl. togaraeigenda. Til ferða milli landa fer langur tími í hvert sinn, og hér virðist vera um að ræða 5—6 söluferðir hjá hverju skipi. Og af þessum ástæðum, vegna siglinganna og þess tíma, sem fer í að sigla, eru aflatölur síðustu tveggja ára lægri en þær ella væru, og verður að taka tillit til þess, enda er verðið, sem fæst fyrir aflann, þá líka mun hærra. Um þetta liggja ekki fyrir neinar glöggar upplýsingar af ástæðum, sem ég kem að síðar. Samt leynir það sér ekki, að aflinn er mun minni þessi ár en hann hefur áður verið, hvernig sem framhaldið verður. Mun hér vera að leita aðalástæðunnar eða þeirrar orsakarinnar, sem menn festa helzt augu við, fyrir rekstrarerfiðleikum útgerðarinnar, þó að þar komi sjálfsagt fleira til.

Þess verður að vænta, að hér sé um tímabundinn aflabrest að ræða, eins og við höfum þekkt stundum áður í sögu íslenzkra fiskveiða. Og eins og ég sagði áðan, kemur sjálfsagt fleira til, sem hefur haft áhrif í þá átt að skapa togaraútgerðinni rekstrarerfiðleika, og má þar t. d. nefna hina miklu vaxtahækkun, sem orðið hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og kemur að sjálfsögðu þungt niður á fjármagnsfrekum atvinnuvegi, sem er að safna skuldum vegna rekstrarerfiðleika.

Svo að ég komi þá aftur að því frv., sem hér liggur fyrir, þá verður því miður að segja það, að undirbúningur þessa máls er ekki sá, sem vænta mátti og búizt var við. Viðfangsefnið liggur ekki svo ljóst fyrir sem skyldi. Nauðsynlegt var fyrir Alþ. að fá upplýsingar um hag togaraflotans, eins og hann er nú og hvernig hann hefur breytzt undanfarin tvö ár, til þess að geta gert sér grein fyrir, við hvað er að fást og hvað að gagni getur komið. Í grg. frv. eru sáralitlar upplýsingar um þetta efni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sökum hinna miklu erfiðleika togaraútgerðarinnar vegna langvarandi aflabrests lét ríkisstj. á s. l. ári gera athugun á taprekstri togaranna. Leiddi sú athugun í ljós, að afkoma togaraútgerðarinnar er svo bágborin, að þess er ekki að vænta, að hún komist af hjálparlaust."

Og svo er það ekki meira. Þetta eru þær upplýsingar, sem hinu háa Alþ. voru gefnar í grg. ríkisstj. fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir. En eins og ég hef áður sagt í þessari ræðu, vék hæstv. sjútvmrh. að þessu efni í framsögu, því að framsöguræða hans var aðallega um aðstoðina til togaranna og þann hluta frv., sem um hana fjallar. Upplýsingar hæstv. ráðh. voru þessar helztar: Hann gerði grein fyrir minnkandi afla togaranna 1960 og 1961. Það voru svipaðar upplýsingar og hér hafa komið fram nú á þessum fundi, og er reyndar hægt að fá upplýsingar um það efni í opinberum skýrslum. Hann sagði að rekstrarhalli venjulegs togara mundi hafa verið 2½ millj. kr. að meðaltali á árinu 1960, með nokkurri fyrningu skips og vélar. Þá gerði hann ráð fyrir því, að bætur eða önnur aðstoð við togarana samkv. þessu frv. mundi nema að meðaltali 750 þús. kr. á skip árið 1960 og sömu upphæð árið 1961. Þetta eru náttúrlega heldur litlar upplýsingar, þó að skýrt sé frá því, hvað rekstrarhalli hafi numið að meðaltali á skip á öðru því ári, sem hér er um að ræða, því að það er ekki meðaltalið, sem þarf að veita aðstoð, heldur er verið að veita aðstoð útgerð, sem berst í bökkum, væntanlega til þess að hún geti haldið áfram. En hæstv. ráðh. bætti því við, að enn mundi orka tvímælis þrátt fyrir það, þó að þetta frv. væri samþykkt, hversu mikið af skipunum væri hægt að reka áfram, ef ekki rættist úr með aflabrögð. Hann sagði, að sum útgerðarfyrirtækin væru talin eiga vel fyrir skuldum, önnur berðust í bökkum og væru rétt við það að eiga fyrir skuldum, en í þriðja flokknum væru svo þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem stæðu mjög örðuglega og ættu raunar í daglegri baráttu fyrir því að geta haldið úti skipunum frá degi til dags. Þetta mun vera nokkurn veginn það, sem hæstv. ráðh. sagði. Um afkomu ársins 1961 *nefndi hann ekki neinar tölur, svo að ég tæki* eftir, í framsöguræðu sinni.

Þetta voru þær upplýsingar, sem ráðh. gaf til viðbótar því, sem í grg. stóð og ég las hér áðan, og þær máttu vissulega ekki minni vera í slíku máli, ef ekki átti að koma fleira til. Samt eru þetta eiginlega einu upplýsingarnar, sem fyrir Alþ. liggja um hag og rekstur togaranna 1960—1961. Og í því sambandi þýðir auðvitað ekki að vitna í reikninga einhverra bæjarútgerða, sem kunna að verða birtir, eftir að Alþ. hefur afgr. þetta mál.

Hæstv. ríkisstj. hefur þó, sem vænta mátti, haft milli handa gleggri upplýsingar um þetta mál en þær, sem fram hafa komið á Alþ. og ég hef skýrt frá. Um það efni sagði hæstv. ráðh. í framsöguræðu sinni: „Á s. l. ári var skipuð nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur togaranna, og hún skilaði fyrir áramótin áliti, sem stuðzt hefur verið við, þegar þetta frv. hefur verið samið. En það hefur verið rætt um ýmislegt og ýmsar aðrar aðferðir, sem ég að nokkru leyti hef nefnt," sagði ráðh. og á þar sjálfsagt m. a. við þær aðferðir, sem í þessu frv. felast. Upplýst hefur verið í sjútvn., að þessi n., sem skipuð var, hafi verið þriggja manna n., og sömuleiðis hefur verið upplýst, hverjir í þeirri n. hafi verið. Einnig hefur verið upplýst í sjútvn. af fulltrúum Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, að þessi þriggja manna n. hafi gert till., sem ekki hafi verið teknar til greina eða ekki felist í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Á fyrsta fundi sjútvn. um þetta mál óskaði ég eftir því við formann n., að hann hlutaðist

til um, að hún fengi í hendur grg. togaranefndarinnar, þ. e. a. s. þriggja manna nefndarinnar, til ríkisstj. um málið, og vék hv. frsm. meiri hl. að því áðan. En þegar formaður n. ræddi um þetta við ráðh., taldi ráðh., eins og hv. frsm. sagði, sér ekki fært að afhenda sjútvn. grg. eins og hún lægi fyrir og ekki heldur hafa tök á að láta n. í té útdrátt eða niðurstöður úr grg. togaranefndar. Hv. frsm. sagði hér áðan, að þetta, að ráðh. taldi sér ekki fært að láta n. grg. í té, mundi stafa af því, sem vel getur verið rétt og sjálfsagt er rétt, að í grg. hafi verið upplýsingar um hag einstakra fyrirtækja. Og ég hef ekkert við því að segja, þótt slíkar upplýsingar hefðu ekki verið látnar þn. í té, sem snertu beinlínis einstök fyrirtæki, nafngreind fyrirtæki. En þá var sú aðferðin tiltæk að gera aðra grg. eða útdrátt úr þessari grg., raunverulega sama efnis, þar sem þessar upplýsingar um nafngreind fyrirtæki voru ekki. En þessa grg. eða upplýsingar um efni hennar hefur n., eins og ég sagði, ekki fengið í hendur, og þess vegna getur hún í raun og veru enga aðstöðu haft til að gera sér grein fyrir málinu í heild og getur ekki um það dæmt á grundvelli rannsóknar, hvort sú aðstoð, sem í frv. felst, muni bera viðhlítandi árangur. Ég á satt að segja erfitt með að skilja, að hæstv. ríkisstj. skuli ætlast til þess af n. eða Alþ. að afgreiða málið án slíkra upplýsinga.

Þrátt fyrir þetta telur minni hl. n. eftir atvikum rétt að mæla með því, að þetta frv. verði afgr. með það fyrir augum, að í því verði ákvæði um fjárhagslega aðstoð til togaraútgerðarinnar vegna áranna 1960 og 1961, að vísu að nokkru leyti með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frv. Jafnframt getur minni hl. á það fallizt, að löggjöfin um hlutatryggingasjóð verði a. m. k. til reynslu færð yfir á breiðari grundvöll, þannig að hún nái einnig til togaraútgerðarinnar, og þá í trausti þess, að stjórn aflatryggingasjóðs, eins og hún verður skipuð samkv. frv., hagi aðstoð sinni þannig, að árangurs megi vænta, þannig að tryggður verði rekstur togaraflotans, eftir því sem tök eru á, með þeim fjármunum, sem hér er um að ræða. Minni hl. virðast raunar líkur benda til, að meiri aðstoðar sé þörf, en telur sig ekki hafa þau gögn í höndum, sem til þess þurfi að gera fyllilega rökstuddar till. í því efni, en að því og till. minni hl. kem ég nánar síðar.

Í þessu sambandi skal það fram tekið, að minni hl. n. getur ekki fallizt á, eins og sakir standa, að lögð verði gjöld á bátaútveg landsmanna til þess að greiða kostnað við aðstoð til togaranna, eins og gert er ráð fyrir í frv. Minni hl. telur, að þessa aðstoð verði að veita á annan hátt. Í frv. er gert ráð fyrir, að aflatryggingasjóður sjávarútvegsins taki 30 millj. lán til aðstoðar vegna ársins 1960, sem endurgreiðist af árlegu framlagi ríkissjóðs til togaradeildar hlutatryggingasjóðs, og er um þetta fjallað í bráðabirgðaákvæði frv. Á það út af fyrir sig getur minni hl. fallizt. En frv. gerir síðan ráð fyrir, að vegna ársins 1961 verði greiddar bætur úr togaradeild aflatryggingasjóðs. En þar sem togararnir hafa enn mjög litlu tryggingafé safnað, aðeins á s. l. ári síðan í ágústmánuði, eða eignazt ríkisframlag á móti því, er sýnilega gert ráð fyrir, að þær 30 millj., sem um er að ræða vegna ársins 1961, verði teknar af tryggingafé og ríkisframlagi bátaflotans. Hæstv. ráðherra sagði líka í framsöguræðu sinni, að togaradeild og jöfnunardeild ættu að bera þann kostnað, sem af aflabrestinum 1961 leiðir, og þar er auðvitað fyrst og fremst átt við kostnað, sem jöfnunardeild ber, því að í togaradeildinni eru ekki nema 3 millj. kr. En á þetta getur minni hl. ekki fallizt og gerir því till. um aðra leið til að gera þessa aðstoð framkvæmanlega, og mun ég gera grein fyrir þeirri leið, áður en ég lýk máli mínu.

Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins var, eins og ég hef áður vikið að, stofnaður með l. nr. 48 25. maí 1949 og hefur nú starfað tæp 13 ár. Á þessum lögum var gerð breyt. árið 1958. Samkv. l. frá 1949 með viðbótinni frá 1958 starfar hlutatryggingasjóður bátaútvegsins í tveim deildum, sem hafa aðskilinn fjárhag, þ. e. síldveiðideild og almennri deild. Til sjóðsins eru greidd gjöld af útfluttum sjávarafurðum, þannig að af útfluttum síldarafurðum eru samkv. þeim l. greidd ¾% af fob-verði, en af útfluttum bátaafurðum eða þorskafurðum báta, eins og þær eru stundum nefndar, er greitt ½% af fob-verði. Þetta er ákvæði hlutatryggingasjóðslaganna frá 1949 með viðbótinni 1958. Á móti þessu gjaldi af útfluttum afurðum greiðir ríkissjóður síðan — eða hefur greitt samkv. téðum lögum framlag jafnhátt, jafnháa upphæð í hvora deild, eins og útflutningsgjaldið til hlutatryggingasjóðs nemur. Þessu fé, sem þannig safnast, hefur síðan verið varið til þess að greiða bætur, þegar illa hefur aflazt bæði á síldveiðum og einnig á öðrum veiðum bátanna. Um þetta eru í lögunum reglur, meginreglur, hvernig bætur skuli greiddar. Reikna skal út svokallað meðalveiðimagn, og í reyndinni hefur þetta meðalveiðimagn oft verið miðað við fimm síðustu ár, áður en bætur voru greiddar. Þó að þetta ákvæði um fimm ára meðaltal standi ekki í lögunum, hefur það verið svo. Síðan er þessum deildum skipt í margar undirdeildir eftir veiðisvæðum og eftir tegundum veiðiskipa og eftir því, hvers eðlis veiðarnar eru. En ef aflinn á einhverju veiðitímabili í einhverjum flokki deildar er 75% eða minna af þessu meðalveiðimagni, þá koma bætur til greina samkv. ákvæðum í lögunum. Samkv. l. stjórna 3 menn hlutatryggingasjóði, einn tilnefndur af ríkisstj., einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Fram til 31. des. 1961 hafa bætur samtals úr almennu deildinni, — og var það líka upplýst hér áðan, — numið 33½ millj. kr. og úr síldveiðideild 36½ millj. kr. Síðustu bætur, sem þá hafa verið greiddar, munu hafa verið a. m. k. aðallega vegna vetrarvertíðar á því ári, aðallega vetrarvertíðar í Vestmannaeyjum og á einum stað öðrum.

Með brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, sem nú liggja fyrir þessu þingi til staðfestingar, var í 8. gr. þeirra laga gerð breyt. á hlutatryggingasjóðsgjaldi. Gjald það, er greiða skyldi af sjávarafurðum, var hækkað upp í 1¼% úr ½% og ¾%, en mótframlagið úr ríkissjóði ekki hækkað,

meira að segja sett það ákvæði í brbl., að þar skyldi gilda sú upphæð, sem tekin hafði verið upp í fjárlög á því ári. Auk þess var svo bætt við gjaldi af togaraafurðum 1¼% eins og annars staðar. En þann tekjuauka, sem af þessu leiddi síðara hluta ársins og til þessa, skyldi samkv. þessum brbl. leggja inn á reikning sérstakrar deildar, er hefði, eins og í brbl. segir, það hlutverk að aðstoða einstakar greinar útvegsins, er þær verða fyrir sérstökum, tímabundnum óhöppum vegna aflabrests eða annarra utanaðkomandi orsaka. Í grg. þessa frv. er reiknað út, að tekjur sjóðsins af 2800 millj. kr. útflutningi sjávarafurða séu 35 millj. og ríkisframlag 17½ millj. kr., samtals 52½ millj. kr. En þá er þess að geta, eins og ég sagði áðan, að ríkisframlagið var skert með tilvísun til fjárlagaákvæða 1961 og er aftur skert í frv. með tilvísun til fjárlaga þessa árs.

Allmikið fé hefði sennilega átt að renna í þessa nýju deild síðara hluta ársins, en ekki liggur fyrir, hve miklu það nemur, en ekki ótrúlegt, að það mundi hafa numið ca. 8—10 millj. Upplýsingar, sem sjútvn. hefur fengið frá hlutatryggingasjóði nú, um fjárhag hans og deildanna, eru hins vegar við það miðaðar, að hver deild hefði fengið það, sem henni bar, samkv. l. frá 1940, þ. e. a. s. gjald af þeim afurðum, sem henni tilheyrðu, og ríkisframlag á móti, en togararnir hugsaðir sem sérstök deild, og munu þessar upplýsingar vera miðaðar við 31. jan. s. l. En samkvæmt þessum upplýsingum virðist almenna deildin eiga um 36 millj. kr. og síldveiðideild skulda ca. 5 millj. kr. En þá er þess að gæta, að nýja deildin á allmikið fé hjá báðum hinum deildunum af innkomnu gjaldi s. l. árs, ef upp væri gert samkv. brbl. Togararnir virðast eiga á sama tíma 3 millj. kr. upp í bætur, sem þeir kynnu að eiga rétt á vegna aflabrests 1961 samkv. þessu frv., sem þar er í grg. áætlaður 30 millj. kr. Í sambandi við þá skuld, sem er tilgreind hjá síldveiðideildinni, er þess að geta, að fjárhagur hennar hefur alltaf verið miklu örðugri en almennu deildarinnar. Í raun og veru hefur fjárhagur almennu deildarinnar verið góður lengst af, miðað við það, að hún greiddi þær bætur, sem lögin ákveða, en í raun og veru þyrftu að vera meiri, sem ég einnig kem að síðar. En þegar síldveiðideildina hefur skort fé til að greiða bætur vegna síldveiða, þá hefur a. m. k. tvisvar sinnum verið gripið til þess ráðs, að lán hefur verið tekið samkv. lagaheimild í almennu deildinni, og námu þessar lántökur samtals um 10 millj. kr., sem nú hefur að nokkru verið endurgreitt eða sama sem endurgreitt, því að síldveiðideildin á fé inni hjá ríkissjóði upp í hluta af þessari skuld við almennu deildina. En að þessu leyti hafa deildirnar, almenna deildin og síldveiðideildin, aðstoðað hvor aðra á undanförnum árum, þannig að almenna deildin hefur hlaupið undir bagga og lánað síldveiðideildinni með ríkisábyrgð. En það hefur engu breytt um það, að fjárhagur þessara deilda — tekjur þeirra og eignir — hefur verið algerlega aðskilinn.

Nú er það svo, að á undanförnum árum hefur almennt verið talin þörf á endurskoðun laganna um hlutatryggingasjóð. 12—13 ára reynsla er nú fengin af framkvæmd laganna og ýmis viðfangsefni sjálfsagt orðin ljósari fyrir mönnum en í öndverðu. Ákvæði laganna eru ekki ýtarlegri en svo, að framkvæmdin hefur að verulegu leyti orðið að byggjast á starfsreglum, sem síðar hafa verið settar. M. a. hygg ég, að svo hafi verið í sambandi við bætur vegna síldveiða. Samstarfsnefnd Fiskifélags Íslands og sjútvmrn. vann að endurskoðun l. um hlutatryggingasjóð fyrir nokkrum árum, en ekki varð sá árangur af því starfi, að l. yrði breytt. Fiskiþing hefur oftar en einu sinni rætt þetta mál og síðast nú í vetur. Minni hl. hefur gert sér nokkurt far um að kynna sér brtt., sem uppi hafa verið, en um það skal ég ekki fjölyrða. Þess vil ég þó geta, að uppi hafa m. a. verið raddir um, að vafasamt væri að miða bæturnar við svokallað meðalveiðimagn og réttara kynni að vera að miða þær við það, sem telja mætti eðlilegan útgerðarkostnað. Menn segja þá sem svo, að veiðistöðvar, sem hafa aflað mikið, hafi ekki meiri þörf fyrir bætur en þær, sem að jafnaði hafa aflað minna. Segja má, að þekking á starfsemi sjóðsins og starfsaðferðum sé ekki svo útbreidd sem skyldi, og samvinna sjóðsins við einstaka útgerðarstaði víðs vegar um land þyrfti að vera meiri og traustari en hún er. Þess verður víða vart úti um landið, að menn, sem á þyrftu að halda, vita ekki nógu mikið um það, hvernig hlutatryggingasjóðurinn starfar. Ég hygg, að það vanti líka nokkuð á, að sjóðurinn hafi nógu traustar og fljótvirkar aðferðir til að fylgjast með aflabrögðunum alls staðar í landinu. Þetta nefni ég, þó að það snerti ekki beinlínis þetta mál, en minni hl. telur, að í sambandi við þetta frv. hafi ekki farið fram sú endurskoðun, sem þörf er á, og hún þurfi að fara fram fljótlega. En þá þarf að tryggja, að ýmis sjónarmið, sem máli skipta, komi til greina og fái rækilega athugun.

Af umr., sem fram hafa farið meðal útvegsmanna, og ályktunum, sem þar hafa verið gerðar, kemur hins vegar berlega fram, að áhugi er fyrir því að efla sjóðinn og gera honum fært að létta áhættu af bátaútveginum í ríkara mæli en hingað til hefur verið, án tillits til þess, hvort hann verður jafnframt til stuðnings togaraútveginum eða ekki.

Það er oft um það talað í ræðu og riti um þessar mundir, hve sjávarútvegurinn sé áhættusamur, áhættusamari en aðrar atvinnugreinar. Það er ekki hægt að ráða við fiskigöngur í sjónum. En það er hægt með samvinnu útvegsins og þjóðfélagsins að safna í tryggingasjóð, þegar vel árar, til að taka af verstu áföllin, þegar illa árar, og það er heilbrigð stefna. Því öruggari sem þessi atvinnuvegur verður, því betra fyrir alla.

Í frv. því, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir mikilli hækkun hlutatryggingasjóðsgjaldsins eða aflatryggingasjóðsgjaldsins, eins og það er kallað, eða upp í 1¼%. En ríkisframlagið á ekki að vera jafnhátt og fyrr, heldur helmingi lægra, og er það alveg bein lækkun að því er síldveiðideildina varðar, en þar var gjaldið, eins og ég sagði áðan, 0.75%. Minni hl. telur rétt að halda hinni fyrri reglu, að helmingur tekna sjóðsins

komi frá ríkissjóði, og er varla minni ástæða til þess nú en áður, eins og ástatt er. Gert er í frv. ráð fyrir þrem deildum í sambandi við aðalgreinar sjávarútvegsins: síldveiðideild, almennri bátadeild og togaradeild, sem er ný. Síðan á að stofna fjórðu deildina, jöfnunardeild, og á hún að fá í sinn hlut helming af tekjum hinna deildanna að ríkisframlaginu meðtöldu. Þessi jöfnunardeild á samkv. 1. gr. frv. að veita hinum deildunum lán eða styrki, þegar svo stendur á. Með þessu móti á að færa fé milli deildanna, ekki aðeins sem lán, eins og áður hefur tíðkazt, heldur einnig sem styrki. Ein deild á að geta greitt bætur í annarri deild án þess að eiga þar endurkröfurétt. Þetta er nýmæli og virðist eins og nú standa sakir til þess ætlað, eins og ég sagði áðan, að hægt sé að láta bátadeildirnar standa að meira eða minna leyti undir fyrirhugaðri aðstoð við togaraflotann.

Minni hl. n. getur að vísu fallizt á það, að gjöldin til almennu deildarinnar, almennu bátadeildarinnar og síldveiðideildarinnar, verði eitthvað hækkuð og á sérstakan hátt, eins og ég geri grein fyrir síðar, en ekki eins mikið og frv. gerir ráð fyrir, og því aðeins að jafnmikið ríkisframlag komi á móti, eins og verið hefur, og ekki til þess að standa undir togaraaðstoðinni vegna áranna 1960—1961. Minni hl. telur, að ekki komi annað til greina, a. m. k. eins og sakir standa, en að deildirnar hafi svo sem verið hefur, algerlega aðskilinn fiárhag og ekki sé þá ástæða til að stofna jöfnunardeild. Hins vegar virðist minni hl. vel koma til mála, að deildirnar geti veitt hver annarri lán, ef þörf er á og unnt er, enda sé tryggt með ríkisábyrgð, að hið lánaða fé verði handbært, ef deild sú, er lán hefur veitt, þarf á fénu að halda. Ef til þess ætti að koma síðar, að stofnuð yrði jöfnunardeild með víðtækara hlutverki, yrði ýtarleg endurskoðun l. að hafa farið fram áður og málið rækilegar undirbúið en nú er. Og slíkt fyrirkomulag á alls ekki að dómi minni hl. að taka upp til þess að veita einhverja tiltekna aðstoð vegna liðins tíma, eins og nú virðist hafa verið fyrirhugað. Tryggingagrundvöllurinn á ekki við í sambandi við aðstoð veitta eftir á vegna áfalla liðins tíma.

Sjútvn. sendi frv. til umsagnar stjórn hlutatryggingasjóðs, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Alþýðusambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands. Fjórir hinna fyrstnefndu aðila hafa sent skriflegar umsagnir, og upplýsingar hafa borizt um meginatriði í afstöðu fimmta aðilans — Sjómannasambands Íslands. Stjórn hlutatryggingasjóðs var ekki sammála í svari til n., og ætla ég ekki að gera það að umtalsefni. Allir stjórnarmenn þar voru þó sammála um, að framlag ríkissjóðs ætti að vera jafnhátt útflutningsgjaldinu. Ég skal ekki eyða tíma hv. d. í að lesa þessar umsagnir, sem fyrir n. hafa legið, en ég vil aðeins geta þeirra lauslega.

Í umsögn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda segir meðal annars: „Það er álit vort, að með frv. þessu sé ekki leystur sá vandi, sem togaraútgerðin er nú komin í, og miklu meira átak þurfi til þess.“ Enn fremur segir í þessari umsögn: „Hið opinbera hefur margsinnis á undanförnum árum látið fara fram athugun á hag og afkomu togaraútgerðarinnar og síðast á s. l. ári. Álit þeirrar nefndar, sem þá athugun gerði, gefur til kynna, hvernig ástandið er, og þarf ekki að fjölyrða frekar um það,“ — þetta álit hefur sjútvn. ekki séð, — „að atvinnuvegur þessi er kominn í algert þrot, ef ekki verður mikil breyting til batnaðar á aflabrögðum eða sérstök aðstoð kemur frá hinu opinbera.“ Komst n. að þeirri niðurstöðu, þ. e. a. s. þriggja manna nefndin, að því er virðist, sem ríkisstj. skipaði, að aðstoðin ætti að vera önnur og meiri en frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur: „Fyrirgreiðsla sú, sem felst í frv., er allsendis ófullnægjandi til þess að leysa þann vanda, sem togaraútgerðin er nú komin í.“ Þá er í skjali þessu ályktun frá almennum fundi, sem sagt er, að haldinn hafi verið í Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda 9. þ. m., þar sem skorað er á Alþ. að láta ekki reglur hlutatryggingasjóðs gilda um aðstoðina vegna ársins 1961.

Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna er dagsett 23. marz s. l. Þar segir m. a.: „Nú á undanförnum árum hefur aðalfundur L. Í. Ú. þráfaldlega gert samþykktir um nauðsyn þess, að lögin um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 58 25. maí 1949, verði endurskoðuð með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi sjóðsins þau ár, sem hann hefur starfað. Telur stjórn L. Í. Ú., að framangreint frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sé ekki viðhlítandi endurskoðun þeirra laga, sem nú eru í gildi um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Stjórn L. Í. Ú. telur rétt, að þeirri skipan verði haldið, sem felst í ofangreindri ályktun aðalfundarins, að deildir sjóðsins verði aðeins þrjár, þ. e. síldveiðideild, almenn bátadeild og almenn togaradeild. Um réttindi skipa í hverri deild fyrir sig mun fara eins og frv. gerir ráð fyrir.“ Þá er í þessari umsögn lögð áherzla á það, að framlag úr ríkissjóði verði jafnhátt því, sem innheimtist af afurðagjaldi. Síðan segir: „Geti einhver hinna þriggja deilda ekki gegnt hlutverki sínu í samræmi við tilgang sjóðsins vegna fjárskorts, telur stjórn L. Í. Ú. eðlilegt, að hinar deildir sjóðsins hlaupi undir bagga með lánveitingu, séu þær þess umkomnar, og verði slík lán frá einni deild til annarrar einungis veitt gegn ríkisábyrgð á láninu, svo sem verið hefur um deildir hlutatryggingasjóðs.“

Þetta var umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna.

Alþýðusamband Íslands sendi umsögn dagsetta 24. marz, þar segir m. a.: „Alþýðusambandið er andvígt þeirri meginstefnu frv. að skattleggja bátaflotann til þess að ráða bót á erfiðleikum togaraflotans. Hins vegar hefði Alþýðusambandið talið fulla þörf á að endurskoða l. um hlutatryggingasjóð miðað við reynslu undanfarinna ára og breytt viðhorf á ýmsan hátt síðan l. voru samin.“ Enn fremur: „Vandamál togaranna á ríkisstj. að leysa sem sérstakt mál, og því á engan veginn að blanda saman við verkefni hlutatryggingasjóðs. Alþýðusambandið mælir því gegn því, að frv. þetta, sem blandar tímabundnum rekstrarvandamálum

togaraflotans saman við hlutatryggingamál bátaflotans og ætlast til, að þau verði leyst á kostnað síðarnefnda aðilans, verði samþykkt."

Sjómannasamband Íslands hefur ekki sent skriflega umsögn enn þá til n. Mun það vera af sérstökum og eðlilegum ástæðum, sem dregizt hefur að senda þessa umsögn skriflega. En frá stjórn Sjómannasambandsins hefur borizt sú fregn og komið á framfæri við n., að hún mundi vera þessu frv. hlynnt, en nánari grg. fyrir því og á hvern hátt það er frv. hlynnt hefur n. ekki í höndum.

Eins og hv. þm. hafa heyrt, hafa bæði Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Landssamband ísl. útvegsmanna haft miklar aths. að gera við þetta frv., sömuleiðis Alþýðusamband Íslands og stjórn hlutatryggingasjóðs raunar einnig. Eina jákvæða afstaðan, verulega jákvæða afstaðan gagnvart frv. í heild, eins og það liggur fyrir, kann að liggja fyrir frá Sjómannasambandi Íslands, þó að ekki verði fyllilega um það sagt á þessu stigi, meðan umsögnin berst ekki skrifleg, í hve ríkum mæli sú umsögn er jákvæð.

Fulltrúar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda komu einnig á fund n. eftir ósk hennar og áttu viðtal við hana. Aðspurðir virtust þeir vera þeirrar skoðunar, að rétt væri, að löggjöfin yrði einnig látin ná til togaraútgerðarinnar, en töldu að að því er varðar bætur ætti hún ekki að ná til þeirrar útgerðar fyrr en á árinu 1962. töldu sem sé, að það ætti ekki að úthluta bótum til togaraútgerðarinnar fyrir árið 1961 á grundvelli hlutatryggingasjóðs- eða aflatryggingasjóðslaga. Aðstoðina töldu þeir ná of skammt, eins og ég hef áður sagt, og var ýmislegt um það rætt, sem ég ætla ekki að gera frekar að umtalsefni.

Eftir að hafa kynnt sér viðhorf togaraútgerðarinnar, vill minni hl., eins og ég hef áður sagt, mæla með því, að sett verði á stofn togaradeild í aflatryggingasjóði, og telur, að ekki muni veita af, að til þeirrar deildar verði greitt gjald, eins og segir í frv., 1¼%, enda komi þar þá jafnhátt ríkisframlag á móti, eins og við teljum að eigi að vera áfram í hinum deildunum. En togaraaðstoðinni vegna ársins 1960 og 1961 telur minni hl. að halda eigi út af fyrir sig. Þar er, eins og ég sagði, um liðinn tíma að ræða, sem tryggingagrundvöllurinn á ekki við.

Eins og ég hef áður sagt, skortir minni hl., eins og sjútvn. í heild, gögn til að gera sér fulla grein fyrir því, hve mikil aðstoð þessi ætti að vera, en telur sér þó skylt að gera um það tillögur við afgreiðslu málsins. Áður en ég lýk máli mínu, mun ég gera grein fyrir því, hvernig minni hl. hugsar sér að aðstoðinni verði hagað og hvaðan fé til hennar eigi að koma að verulegu leyti, ef till. minni hl. um að fella niður ákvæði frv. um jöfnunardeild og óafturkræfar greiðslur milli deildanna eiga að ná fram að ganga.

Ef till. minni hl. verða samþ., mundi aflatryggingasjóður greiða í fyrsta sinn bætur til togaraútgerðarinnar vegna ársins 1962. Til þess hefði hann þá þær 3 millj. kr., sem ég hef áður nefnt, og tekjur þessa árs, gjald af útfluttum togaraafurðum 1¼%, sem t. d. af 500 millj. kr. yrði rúmlega 6 millj. kr., og jafnhátt ríkisframlag á móti, alls þá 15—16 millj. kr. Þyrfti deildin þá trúlega á láni að halda vegna þessa árs, og má í því sambandi vísa til 11. gr. frv., sem heimilar slíka lántöku með ríkisábyrgð. Um þetta skal ég þó ekki ræða nánar, m. a. vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um árangur aðstoðarinnar vegna áranna 1960 og 1961, og auðvitað verður að vona, að úr rakni með aflabrögðin og fleira.

Ég kem þá næst að því að gera lauslega grein fyrir þeim brtt., sem minni hl. n. hefur borið fram á þskj. 531 og leggur til að samþykktar verði. Ég get verið frekar fáorður um till., vegna þess að ég hef í rauninni áður í þessari ræðu lýst meginefni þeirra.

1. brtt. á þskj. 531 frá minni hl. n. er við 3. gr., en í 3. gr. eru ákvæði frv. um skiptingu sjóðsins í fjórar deildir. Brtt. er um það, að sjóðurinn skuli skiptast í þrjár deildir, síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans, og að síðasta málsgr., sem fjallar um jöfnunardeild og hlutverk hennar, falli niður.

Næsta brtt. er við 6. gr., og hef ég ekki mikið rætt um efni hennar áður, en hún er við þá gr. frv., þar sem um það er fjallað, hvað telja skuli almennan aflabrest. Skv. gildandi l. er það almennur aflabrestur, ef meðalveiði skipa í einhverjum flokki er 75% eða minna af hinu svokallaða meðalveiðimagni. Í frv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að þetta haldist að því er bátana varðar, en að það skuli teljast aflabrestur hjá togurum, ef meðalveiði þeirra yfir árið er minni en 85% af meðalveiðimagni, þannig að þar yrði tekin upp önnur regla, og er þetta rökstutt með því, ef ég man rétt, í grg. frv., að útgerð báta sé að mestu leyti bundin verðlagi og afli þeirra misjafnari, en hjá togurum er úthaldstími allt árið. Ég hef ekki getað áttað mig fyllilega á þessum rökstuðningi, hvaða gildi hann hefur, og vil m. a. benda á það, að ýmsir, sem ég hef talað við, hafa talið það eðlilegt, að veiði og úthaldi togaranna væri skipt í vertíðir við útreikning bóta. Menn hafa t. d. nefnt, að það væri eðlilegt, að fimm fyrstu mánuðir ársins væru sérstök vertíð fyrir togara og þá síðari hluti ársins önnur vertíð, þannig að það er engan veginn sjálfsagt, að allt árið teljist að því er togarana varðar ein vertíð og að þeirra veiðar séu að því leyti annars eðlis en bátanna. Hvað sem því líður, höfum við lagt til, að sömu ákvæði gildi um almennu bátadeildina að þessu leyti eins og togaradeildina, þannig að það teljist aflabrestur, ef afli báta á þorskveiðum er minni en 85% af meðalveiðimagni. Um þetta hafa verið uppi tillögur hjá bátaútvegsmönnum, og okkur finnst eðlilegt að verða við þeim óskum. Vitanlega þýðir það það, að útgjöld almennu bátadeildarinnar aukast nokkuð. En bæði er það, að sú deild á nokkuð í sjóði, og eins hitt, að við gerum ráð fyrir því, að möguleiki sé til þess, að tekjur almennu bátadeildarinnar geti aukizt, eins og ég kem að síðar, þegar ég tala um þá brtt.

Næsta brtt. er við 8. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar er

fé hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins við gildistöku laganna.“ Við viljum orða þetta svo, að sagt verði: „Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar er fé það, er þær deildir eiga hvor um sig.“ Þetta er nokkru skýrara orðalag og af okkur ótvírætt talið til bóta.

Næsta brtt. okkar er við 9. gr., en sú gr. fjallar í frv. um hlutatryggingasjóðsgjaldið eða aflatryggingasjóðsgjaldið, eins og það heitir, hve hátt það skuli vera og hve mikið fé þar skuli koma á móti úr ríkissjóði, einnig um það, hvernig það skuli skiptast á milli deilda, fyrst milli þriggja deilda og svo, að helmingurinn af tekjum þessara þriggja deilda hverrar um sig skuli ganga í jöfnunardeild. Þessi till. er í samræmi við 1. brtt. okkar að því leyti, að við gerum ekki ráð fyrir neinni jöfnunardeild, heldur aðeins þrem deildum. Við gerum ráð fyrir, að aflatryggingasjóðsgjaldið af afurðum verði þrenns konar, mismunandi eftir deildum: í togaradeild 1¼%, í síldveiðideild 1% og í almennri bátadeild ¾%. Við höfum ekki séð ástæðu til þess að hrófla við ákvæðum frv. að því er varðar gjald af togaraafurðum. Það verður að teljast hagur að því fyrir togarana, sem nú er verið að stofna sérstaka deild fyrir, að fá aukið framlag úr ríkissjóði, en við gerum ráð fyrir því og það felst í okkar brtt., að framlag ríkissjóðs verði jafnhátt því, sem inn kemur af afurðagjaldinu. Okkur þykir rétt, að það haldist, sem verið hefur, að gjaldið verði nokkru hærra í síldveiðideild en í hinni almennu bátadeild, vegna þess að aflabrögð eru misjafnari á síldveiðum og áhættan meiri. En við leggjum til, að gjaldið verði í þessum deildum ¼% af fob-verði hærra en það nú er, þó þannig að stjórn aflatryggingasjóðs geti um lengri eða skemmri tíma lækkað aflatryggingasjóðsgjald einstakra deilda um ¼% af fob-verði afurða, enda lækkar þá mótframlag ríkissjóðs að sama skapi. Þannig yrði þessi hluti gjaldsins hreyfanlegur og á valdi aflatryggingasjóðsstjórnarinnar, sem er skipuð af ýmsum samtökum, sem hér eiga hagsmuna að gæta. Í brtt. okkar er skýrt fram tekið, að tekjur skv. 1. tölul., þ. e. a. s. afurðagjaldið, skiptist milli deildanna þannig, að tekjur vegna síldveiði renni til síldveiðideildar, tekjur vegna annarrar bátaveiði til hinnar almennu deildar bátaflotans og tekjur vegna togaraveiði, annarrar en síldveiði, til hinnar almennu deildar togaraflotans, og tekjur skv. 2. tölul., þ. e. a. s. mótframlag ríkissjóðs, skiptist milli deildanna í sömu hlutföllum, þannig að ekki orki tvímælis, að deildirnar hafi fullkomlega aðskilinn fjárhag.

Enn fremur segir svo í brtt. okkar, að sjóðsstjórninni skuli vera heimilt með samþykki ráðh. að veita deild lán af fé annarrar deildar gegn sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, þannig að tryggt sé, að lánið sé endurkræft og því handbært, þegar deild sú, er lánið veitir, þarf á því að halda til útgjalda sinna skv. lögum þessum. Ákvörðun um lánveitingu komi þó ekki til framkvæmda, nema hún hafi verið samþ. með samhljóða atkvæðum sjóðsstjórnarmanna. Við teljum, að hér sé um það þýðingarmikið mál að ræða, það þýðingarmikla ákvörðun að ræða, að veita lán á milli deilda, þó að við teljum eðlilegt, að möguleikar séu veittir til þess, að þarna þurfi þeir, sem um það fjalla, að vera sammála.

5. og síðasta brtt. okkar fjallar svo um bráðabirgðaákvæði frv. og breyt. þá, sem við leggjum til að gerð verði á því. Meginatriði þessarar brtt. er í því fólgið, að við viljum, minnihlutamenn, algerlega aðskilja togaraaðstoðina vegna áranna 1960—1961 frá hinni almennu aflatryggingastarfsemi, en af því leiðir, að sjá verður fyrir fé til þess að veita aðstoð vegna ársins 1961 og e. t. v. einnig að einhverju leyti vegna ársins 1960. Í þessu skyni leggjum við til, að af gengishagnaði á reikningi ríkissjóðs skv. 6. gr. brbl. nr. 80 3. ágúst 1961, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skuli afhenda stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 50 millj. kr. til ráðstöfunar vegna aflabrests togaranna á árinu 1961 og ef ástæða þykir til einnig á árinu 1960. Eins og hv. þm. er kunnugt, var í þessum brbl. frá 3. ágúst 1961 í 6. gr. ákvæði um það, að mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi, að því er varðar útfluttar afurðir framleiddar fyrir 31. júlí 1961, sem átti að greiða útflytjanda á því gengi, sem gilti fyrir 4. ágúst 1961, skuli færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þessi hagnaður skyldi skv. brbl. ekki falla í hlut útflytjenda, heldur verða eign hins opinbera og færast á þennan sérstaka reikning. Í desembermánuði s. l. var skv. upplýsingum, sem ég hef fengið, áætlað, að í þessum gengishagnaðarsjóði mundu vera eða verða um 150 millj. kr. Mun þá hafa verið reiknað með endurgreiðslu á hluta af útflutningsgjaldi af þessu fé. Hins vegar hefur síðan verið lagt á sjóðinn, þennan gengishagnaðarsjóð, að endurgreiða hluta af hlutatryggingasjóðsgjaldi og 13 millj. kr. upp í vangreidd iðgjöld skipa frá 1960, en þær ráðstafanir hafa verið gerðar af hæstv. ríkisstj. núna alveg þessa dagana, þannig að það er auðsætt, að hún hefur alveg fram til þessa tíma talið, að hægt væri að ráðstafa þessum sjóði. Og við teljum, að það liggi alveg ljóst fyrir, að þarna sé fé, sem Alþingi geti ráðstafað. Á það verður þó að minna, að hér á hv. Alþ. hefur komið fram sú skoðun, að vafasamt sé að láta útflytjendur ekki njóta þessa gengishagnaðar, að sú tilhögun kunni að vera í ósamræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis virðist ekki vera þeirrar skoðunar, að svo sé, að þessi ráðstöfun fari í bága við þessi ákvæði stjórnskipunarlaganna, og ráðstöfun þessa gengishagnaðar er þegar hafin. Úr því að svo er, þá sýnist okkur alveg eðlilegt, að togaraútgerðin, sem er í vanda stödd, njóti þar góðs af.

Við gerum ráð fyrir, eins og reyndar líka er gert í frv., að fé því, sem til ráðstöfunar verður til aðstoðar, verði ráðstafað samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytisins. En okkur sýnist, að hér sé um svo mikla fjármuni að ræða og fyrirmæli frv. um það svo óglögg, hvernig þessu fé sé ráðstafað, að við höfum viljað gera tilraun til þess að setja nánari ákvæði þar um. Það, sem við leggjum til í því

sambandi, er þá í fyrsta lagi það, að aðstoð þessa skuli því aðeins veita, að eigandi skips, sem aðstoðar nýtur, noti hana til að tryggja, að skipið verði gert út áfram og útgerð þess hafin á ný þegar eftir að aðstoðin er veitt, nema um sé að ræða hindrun, sem sjóðsstjórnin metur gilda. Okkur sýnist, að það verði að liggja skýrt fyrir, að þessi aðstoð, sem veitt er af hálfu hins opinbera, sé til þess ætluð að tryggja útgerð skipanna, tryggja það, að botnvörpuskip þau, sem aðstoðarinnar njóta, geti orðið gerð út, þegar aðstoðin hefur verið veitt.

Í öðru lagi höfum við lagt til, að ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytis verði til þess að öðlast gildi að hljóta samþykki fimm manna undirnefndar sjútvn. Alþingis, er nefndirnar kjósi sameiginlega á þingi því, er samþykkir lög þessi. Á þennan hátt, ef samþykkt yrði, mundi Alþ. ekki algerlega sleppa hendinni af þessu máli nú við afgreiðslu laganna, heldur mundi hér vera farið líkt að og t. d. í sambandi við ríkisábyrgðir á s. l. ári, þegar hv. fjvn. eða undirnefnd úr henni var falið að fjalla um það mál.

Þá er í þessum tölul. ákvæði um það í brtt. okkar, að því hlutatryggingasjóðsgjaldi, sem innheimt hefur verið skv. brbl. í sumar, skuli skipt á milli deilda skv. ákvæðum 9. gr. þessara laga og tilsvarandi framlagi úr ríkissjóði, svo að ekki orki tvímælis, að deildirnar eigi einnig þetta fé, sem innheimzt hefur, síðan brbl. voru sett.

Loks er svo í b-lið þessarar síðustu brtt. tekið fram, að bætur úr togaradeild aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins skuli greiddar í fyrsta sinn vegna aflabrests, sem orðið hefur á árinu 1962, en ekki á árinu 1961, eins og frv. gerir ráð fyrir. Byggist þessi brtt. á því, að við höfum lagt til, að á sérstakan hátt verði séð um aðstoð vegna ársins 1961.

Ég get nú farið að ljúka máli mínu. Ég er búinn að tala alllengi, enda er hér um stórmál að ræða.

Eins og ég sagði í upphafi, er þetta mál tvíþætt: almenn löggjöf um hlutatryggingu eða aflatryggingu og aðstoð við togaraflotann. Við það, sem ég þegar hef sagt um hlutatryggingasjóðinn og þörfina á því að endurskoða lög hans og starfsreglur, hef ég ekki miklu að bæta. Minni hl. telur ekki tímabært að gera þar breytingar á nema að litlu leyti í sambandi við þetta frv., eins og það ber að nú, en stefna þurfi að því að gera sér fulla grein fyrir því máli og láta endurskoðun fara fram. Minni hl. telur, að nauðsynlegt sé og réttmætt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerðinni til aðstoðar í þrengingum hennar. Það væri vissulega allt of hvatvíslegt að álykta nú, að togaraútgerð eigi að vera úr sögunni. Og til eru þau byggðarlög hér á landi, sem mjög erfitt og næstum ókleift yrði að bæta upp missi hennar á skömmum tíma, þar sem svo stendur á, að bátaútgerð getur engan veginn leyst togaraútgerðina af hólmi, að því er mér virðist.

Það er varhugavert fyrir Íslendinga að afsala sér með öllu möguleikum til að stunda fiskveiðar á fjarlægum miðum. Hafa verður í huga, að togararnir hafa um áratugi flutt mikla björg í bú, aflað mikils gjaldeyris og veitt mikla vinnu á mörgum stöðum og útgerð þeirra tímum saman verið hagstæð. Þess má líka minnast, að togaraútveginum var um tíma greitt lægra fiskverð en öðrum og kynni að vera betur stæður nú, ef svo hefði ekki verið. Og ekki má alveg loka augunum fyrir því, að togararnir hafa af þjóðarnauðsyn orðið að víkja af nokkrum hluta þeirra miða, sem þeir höfðu veitt á hér við land, og ég vil að minnsta kosti ekki fullyrða, að þeir hafi ekkert tjón beðið af þeim sökum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á, að ef telja má, að afli togaranna hafi eitthvað minnkað vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar, á þetta þó ekki síður, heldur öllu fremur við um minni skip, sem stundað hafa togveiðar, togbátana, sem hafa minna athafnasvæði á sjónum, ef svo mætti að orði kveða, þ. e. a. s. takmarkaða möguleika til veiða á dýpri miðum við landið og á fjarlægum miðum. Ég veit dæmi um það, að einn slíkur togbátur við Eyjafjörð hafði a. m. k. helmingi minni veiði á togdag 1960—61 en hann hafði fyrir 5—6 árum. En mál þeirrar útgerðar hef ég hugsað mér að athuga nánar fyrir 3. umr., þegar fyrir liggur, hvaða afgreiðslu þetta frv. fær við þessa umr.

Ekki kemur til greina að dómi okkar minnihlutamanna að veita togaraflotanum á ný aðgang að þessum miðum. En því má ekki gleyma, sem gerzt hefur.

Á allt þetta, sem ég nú hef nefnt, ber að líta. En að veita togurunum aðstoð vegna liðins tíma á kostnað bátaútgerðarinnar, er ekki eðlileg leið að dómi minni hl., og þess er ekki að vænta, að bátaútvegurinn sætti sig við það, að sú leið verði farin. Þessa aðstoð verður að veita á annan hátt, og við það hefur minni hl. miðað afstöðu sína í þessu máli. Um það, hvort sú aðstoð muni bera tilætlaðan árangur, verður hins vegar engu spáð á þessu stigi, þar sem undirbúningi málsins er áfátt og ekki hefur verið hægt að fá aðgang að gögnum þeim, er ríkisstj. hefur haft í höndum, eða niðurstöðum, rannsóknum og till., sem kunna að hafa verið gerðar á sínum tíma af þeim, er til þess voru kvaddir.

Nú við þessa umr. leggur minni hl. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hann hefur gert till. um á þskj. 531.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel engan vafa leika á, að meginástæðurnar til þess, að þetta frv. hefur verið flutt hér, eru þeir erfiðleikar, sem togaraútgerðin hefur átt í að undanförnu og hæstv. ríkisstj. hefur viðurkennt að séu þess eðlis, að ekki verði undan vikizt að gera nokkrar ráðstafanir út af beinni fjárhagsaðstoð við togaraútgerðina í landinu.

Aðrar breytingar, sem er að finna í þessu frv., heldur en þær, sem snerta þetta meginatriði að veita togaraútgerðinni sérstakan stuðning, eru minni háttar og skipta hér hverfandi litlu máli. En hvaða till. eru svo raunverulega gerðar samkv. þessu frv. til þess að styðja togaraútgerð landsmanna? Jú, hér er fyrst og fremst um tvær aðaltill. að ræða í þessum efnum. Hin fyrri er sú, að ætlazt er til.

að togaraútgerðin fái sérstakan fjárhagsstuðning, sem nemur 30 millj. kr., vegna rekstrarins á árinu 1960. Þessi stuðningur á að vera með þeim hætti, að hinn nýi aflatryggingasjóður á að gefa út skuldabréfalán, sem nemur 30 millj. kr. til fimm ára, og togaraútgerðin á að fá þessi skuldabréf, en þó með þeim skilyrðum, að þeir, sem togaraútgerðin skuldar, taki þessi bréf sem fullnaðargreiðslu á skuldum útgerðarinnar. En aflatryggingasjóður hefur með þessu ráðstafað að verulegu leyti tekjum sínum á næstu fimm árum. Að þessu leyti til er því verið að ráðstafa tekjum sjóðsins fyrir sig fram.

Í öðru lagi er svo um þann stuðning við togaraútgerðina að ræða að veita sérstakan fjárhagsstuðning vegna rekstrarins á árinu 1961, og það er einnig áætlað, að sá stuðningur muni nema í kringum 30 millj. kr. En það ár er ætlazt til þess, að tekjur og eignir hlutatryggingasjóðs, sem nú eru fyrir hendi, komi til til þess að standa undir þessari fjárgreiðslu til togaraútgerðarinnar.

Þetta eru aðaltill., sem frv. felur í sér. Það er líka alveg augljóst, að þegar hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa frv., hefur tekið ákvörðun um að reyna að útvega togaraútgerðinni í landinu 60 millj. kr. í fjárhagslegan stuðning fyrir þessi tvö ár, 1960 og 1961, þá hefur hún fundið það ráð helzt að grípa þær 30 millj. kr., sem hún vissi að hlutatryggingasjóður bátaútvegsins átti nú um áramótin í sjóðum sínum, og svo að ákveða að tvöfalda skattgjaldið á bátaútgerðinni í landinu til þessa sjóðs og afla sér á þann hátt tekna til að standa undir hinum hlutanum, sem greiða átti togaraútgerðinni, en átti að greiðast henni með sérstökum skuldabréfum, sem síðan áttu að greiðast af sjóðnum á næstu fimm árum. Það er því ekkert um það að villast, að þá peninga, sem hæstv. ríkisstj. er með þessu frv. að reyna að færa yfir til togaraútgerðarinnar, á að taka ýmist af beinum eignum hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, sem nú eru fyrir hendi, og svo af væntanlegum tekjum þessa sjóðs, en undir þeim tekjum á fyrst og fremst bátaútgerðin í landinu að standa á næstu árum.

Ég hef sagt það áður í umr. um þetta mál, að ég er algerlega andvígur þessari leið, sem farin er til að styðja togaraútgerðina í landinu, og það af mörgum ástæðum. Ég tel hér vera farið inn á mjög hættulega braut, og miklu hefði verið réttara að velja hér aðrar leiðir. Og hvaða leiðir hefði verið réttara að mínum dómi að fara til stuðnings togaraútgerðinni, eins og nú standa sakir? Ég skal minnast á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi tel ég, að með milligöngu ríkisstj. hefði átt að semja um þegar orðnar skuldir togaraútgerðarinnar við banka landsins á öðrum grundvelli en hér hefur verið lagt til, að fara að greiða þær upp með fimm ára skuldabréfaláni. Ég álít, að það hefði átt að semja um þessar skuldir, sem þegar hefur verið stofnað til af togaraútgerðinni, til miklu lengri tíma, breyta þeim í 10—15 ára lán með lágum vöxtum. Slíkt hefði komið togaraútgerðinni miklum mun betur en þær till. um þetta sama efni, sem liggja fyrir í þessu frv. Þetta hefði líka verið réttlátt og eðlilegt, því að það hefði verið á hliðstæðum grundvelli eins og búið var áður að gera fyrir aðra þætti útgerðarinnar í landinu. Þar var óumsömdum skuldum, jafnt frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva í landinu sem bátaútgerðarinnar, — þar var óumsömdum skuldum við bankana breytt í löng lán, yfirleitt í 10—15 ára lán með hagstæðari vöxtum en almennt gerist. Og ég tel, að það hefði átt að fara svipað að í sambandi við þær skuldir, sem togaraútgerðin hefur þegar stofnað til í bönkum landsins, og það hefði átt að semja um þetta til miklu lengri tíma en hér er gert ráð fyrir og með öðrum hætti. Það hefði komið togaraútgerðinni betur.

Í öðru lagi tel ég, að sérstakur fjárhagsstuðningur fyrir 1961 hefði átt að veitast togaraútgerðinni á þann hátt, sem minni hl. hv. sjútvn. leggur til, en það er að afhenda togaraútgerðinni í landinu 50 millj. kr. eða ⅛ af þeim gengishagnaði, sem til féll með gengisbreytingunni nú á s. l. sumri af þeim afurðabirgðum, sem þá lágu í landinu. En það má einmitt ætla, að togaraútgerð landsmanna, miðað við það hlutfall, sem hún er raunverulega í útgerðinni, hafi beinlínis átt ⅛ af þessari upphæð. Með því að afhenda togaraútgerðinni á þennan hátt 50 millj. kr. var í rauninni aðeins verið að afhenda togaraútgerðinni það, sem hún átti af þessum gengishagnaði. En hæstv. ríkissti. hefur valið hina leiðina, að taka af þrautpíndri togaraútgerð landsmanna 50 millj. kr., eða um það bil, í gengishagnaði af því, sem togaraútgerðin raunverulega átti, en afhenda henni svo í staðinn þá tryggingasjóði, sem bátaútvegurinn í landinu hafði byggt upp hjá sér.

Þessi önnur till., sem ég hef hér minnzt á, að ég hefði talið eðlilegri, hefði verið réttlátari og komið togaraútgerðinni að meira gagni en tilsvarandi till., sem er að finna í þessu frv. varðandi fjárstuðning við rekstur ársins 1961.

Í þriðja lagi hefði ég álitið eðlilegt að veita togaraútgerðinni þann stuðning að mynda á hliðstæðan hátt fyrir hana sérstakan aflatryggingasjóð, eins og verið hefur fyrir bátaútgerðina í landinu, byggðan upp á þeim grundvelli, að togaraútgerðin greiði í sjóðinn ákveðið gjald á hverju ári miðað við afla sinn, eins og bátarnir gera í sínar deildir, og ríkissjóður leggi þar jafnhátt framlag á móti, eins og ríkissjóður hefur gert fram til þessa í deildir bátaútvegsins. Og auk þess hefði svo ríkissjóður lagt fram svipað stofnframlag til þessarar aflatryggingadeildar togaraflotans og gert er ráð fyrir í þessu frv. að ríkissjóður geri.

Á þennan hátt hefði togaraútgerðin getað búið við það á yfirstandandi ári 1962 og í framtíðinni að eiga nokkurn aflatryggingasjóð, eins og bátaútvegurinn á, byggðan upp á sama grundvelli og sjóður bátanna hefur verið, og auðvitað mundi þá styrkleiki þessa sjóðs fara eftir því, hvað togararnir greiddu mikið í hann, og framlag ríkissjóðs fara eftir því. En fram til þessa hefur þetta líka verið haft á valdi bátaútgerðarinnar í landinu og verulegu leyti að ákveða, hvað hún vildi greiða mikið í sinn sjóð.

Í fjórða lagi mundi ég hafa lagt til, að ríkis-

sjóður hefði gengizt fyrir því að útvega togaraútgerð landsmanna nokkurt nýtt lán til nýrra stofnkostnaðarbreytinga, sem þarf að gera á togaraflotanum til þess að gera hann betur hæfan til að sinna sínum rekstri en nú er. Það er enginn vafi á því, að það þarf að framkvæma allfjárfrekar breytingar á togaraflotanum, ef reksturinn á að geta staðið undir sér, og fé í þessu skyni á ríkisstj. að útvega togaraútgerðinni og koma þannig fótunum undir útgerðina til frambúðar.

Í fimmta lagi átti síðan auðvitað að gera ráðstafanir til að reyna að draga úr almennum rekstrarútgjöldum togaraútgerðarinnar. Það var hægt m. a. með því að lækka vexti, sem eru alveg óheyrilega háir og eru auðvitað að sliga togaraútgerðina eins og aðra útgerð landsmanna. Og þar var sjálfsagt einnig að fella niður það gjald, sem togaraútgerðin verður nú að greiða og hefur þurft að greiða um nokkurra ára bil til fiskveiðasjóðs og ég mun nú koma hér að nánar síðar. Það hefur aldrei verið réttmætt eða eðlilegt, að togaraútgerðin greiddi það gjald, og hefur það alltaf verið mín afstaða. Og einnig hefði verið hægt að lækka útgjöld togaranna í landinu með því að gerbreyta vátryggingu skipanna frá því, sem verið hefur, og hefði ríkissjóður auðvitað þurft þar til að koma.

Og svo hefði í sjötta lagi auðvitað þurft að gera ráðstafanir til að hækka fiskverðið í landinu. En ég hef gert grein fyrir því hér áður, að ég tel, að það sé tiltölulega auðvelt að hækka fiskverðið frá því, sem það er nú, um 70—80 aura á kg. en það mundi raunverulega, ef togari legði upp afla sinn hér innanlands, jafngilda 2.1—2.4 millj. í auknar tekjur. Það er að vísu rétt, að á meðan vátryggingariðgjöld skipanna eru greidd á þann hátt, sem þau eru greidd nú, þá yrði tekjuaukinn ekki svona mikill, því að það væri ekki hægt að koma fram þessari fiskverðshækkun, á meðan hið háa útflutningsgjald er í gildi, til þess að borga vátryggingu skipanna. Meðan þau ákvæði eru í gildi, yrði fiskverðshækkunin nokkru minni.

Þessar ráðstafanir álít ég að hefði þurft að gera. Þær hefðu komið, hver um sig, togaraútgerðinni að miklu meira gagni en þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., verið sanngjarnari og eðlilegri. Og þær hefðu miðað miklu meira að því að koma fótunum undir togaraútgerðina að nýju, gera hana rekstrarhæfa á nýjan leik.

Þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv. og ég hef nú nokkuð minnzt á, eru líka þannig orðaðar í frv., að þær eru mjög óákveðnar. Það er mjög erfitt að vita, hvað raunverulega felst á bak við ákvæðin eða hvernig þau verða framkvæmd. Ég vil t. d. spyrja hæstv. sjútvmrh. um það, þegar rætt er í bráðabirgðaákvæði um að greiða togaraútgerðinni 30 millj. kr. fjárstyrk vegna rekstrarins 1960: Hvaða skip geta fengið þennan fjárstyrk? Geta þau skip einnig fengið þennan fjárstyrk, sem rekin voru árið 1960, en ekki eru í rekstri nú eða eru komin í hendur allt annarra aðila? Virðist eðlilegast, að styrkur vegna rekstrarins 1960 yrði greiddur þeim aðilum, sem ráku skipin þá. En vitanlega kemur sá styrkur í ýmsum tilfellum að litlu gagni til að bjarga vanda þeirra, sem nú geta ekki rekið skip sín.

Það er einnig sú spurning: Er ætlunin að greiða þennan fjárstyrk fyrir árið 1960 jafnt til skipanna? Það hefur helzt komið þannig fram í umr. hér, að skipta ætti þessari upphæð jafnt á milli skipanna, þannig að þau fengju jafnmikinn hluta af þessum styrk, þau sem aflað hafa mest og hin sem hafa lakastan afla.

Þá er einnig sú spurning: Hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að halda þannig á þessum málum, að þessir fjárstyrkir verði greiddir togaraútgerðunum þrátt fyrir það, að þær hefji ekki rekstur skipanna að nýju? Á þetta kannske að verða einnig til að leysa menn eingöngu út úr skuldunum, sem stofnað hefur verið til, án þess að það þurfi raunverulega að tryggja það, að rekstur skipanna hefjist að nýju?

Ég spyr aðeins um þetta vegna þess, að ákvæði í frv. sýnist mér að séu mjög óákveðin í þessum efnum og segi harla lítið um fyrirhugaða framkvæmd.

Í grg. frv. er sagt frá því, að hæstv. ríkisstj. hafi fyrir nokkru skipað sérstaka rannsóknarnefnd til að athuga um afkomu togaraútgerðarinnar í landinu, og það er beinlínis tilgreint, að till. þær, sem er að finna í þessu frv., séu byggðar á niðurstöðum þessarar rannsóknarnefndar. En svo er hér upplýst í umr., að hæstv. sjútvmrh. hefur neitað að leggja niðurstöður þessarar rannsóknarnefndar fyrir hv. sjútvn. Þetta þykja mér mjög furðuleg vinnubrögð og ekki á neinn hátt í samræmi við það, sem áður hefur gerzt í hliðstæðum tilfellum hér á Alþ. Ég vil minna á, að það hefur áður verið sett rannsóknarnefnd, m. a. á rekstur togaraútgerðarinnar í landinu. Það var starfandi sérstök mþn., sem vann að slíkri athugun á árinu 1954 og ég held fram á árið 1955, — gott ef við áttum ekki báðir sæti í þeirri nefnd, núv. hæstv. sjútvmrh. og ég. Ég minnist þess a. m. k., að ég átti sæti í nefndinni. Og sú n. skilaði allýtarlegu áliti, fékk mjög miklar upplýsingar um rekstrarafkomu togaranna þá. Og hún skilaði sínu áliti, og það liggur fyrir og hefur ekki verið neitt feluplagg á neinn hátt.

Ég skil ekki, að ekki hafi verið hægt að sýna sjútvn. þau gögn, sem þessi rannsóknarnefnd skilaði til hæstv. ríkisstj. Og það eru auðvitað alveg furðuleg vinnubrögð að halda þannig á málum, að það er verið að athuga um þörf á því að greiða sérstakan fjárstyrk til vissra aðila, það er sett nefnd í málið, menn komast að ákveðinni niðurstöðu, og svo þegar búið er að komast að þeirri niðurstöðu, þá er sagt við hv. Alþ., sem síðan á að fjalla um málið: Þetta er leyniplagg, sem enginn fær að sjá, og þið verðið að trúa okkur, sem leggjum hér fram okkar till., og taka þær gildar, að þörfin sé þessi, sem við segjum. — Þetta eru alveg ósæmileg vinnubrögð, og þau hafa ekki verið viðhöfð hér áður. Ég hefði haldið, að hitt hefði verið miklu eðlilegra, að hæstv. ráðh. hefði lagt þessi gögn fyrir sjútvn. deildarinnar, sem þá hefði eðlilega átt miklu betur með það að skilja allar aðstæður málsins og gera þær till., sem réttast var að gera til lausnar á þessum vanda.

Það kom hér fram í ræðu frsm. meiri hl.

sjútvn., að hann taldi, að hlutatryggingasjóður hafi á sínum tíma verið, eins og hann sagði, snuðaður um ákveðið framlag. Og hv. frsm. vitnaði til þess, að þegar þetta snuð hafi átt að eiga sér stað, þá mundi ég hafa haft eitthvað með sjávarútvegsmálin í landinu að gera. Ég segi, að mér fannst hv. þm. tala þannig um þetta efni, að hann hefði ekki gert sér á nokkurn hátt grein fyrir því, hvernig hlutatryggingasjóður bátaútvegsins hefur verið byggður upp allan tímann, á hvaða grundvelli sjóðurinn hefur starfað. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins hefur frá upphafi starfað þannig, að hér hefur verið um tryggingakerfi að ræða, þar sem bátaútvegurinn í landinu ákveður það fyrir sitt leyti að greiða tilskilið hundraðsgjald í sjóðinn gegn því, að ríkissjóður greiði jafnháa upphæð á móti. Hins vegar hefur það svo verið meira og minna á valdi útvegsmanna, hvort þeir vildu hafa gjaldið, sem þeir greiddu í sjóðinn, hærra eða lægra, og eftir því urðu vitanlega bæturnar að vera í framkvæmd þessara mála, eftir því hvað sjóðurinn fékk miklar tekjur. Útvegsmönnum hefur verið ljóst, að þessi trygging hefur ekki verið nema mjög takmörkuð, og þeir hafa verið á móti því að greiða mjög hátt gjald til tryggingana, jafnvel þó að ríkissjóður greiddi sinn helming á móti.

Það er skoðun mín enn í dag. Ég er á móti því að hækka framlag bátaflotans í deildir hans frá því, sem verið hefur. Ég er algerlega á móti því. Ég veit, að með því að hækka framlögin væri að vísu hægt að breyta þessu tryggingakerfi og gera það enn þá víðtækara. En til þess að hægt sé að fara út í slíkt, þarf að vinna allmikið verk, sem hefur ekki verið unnið að, þarf að gerbreyta bótakerfinu, því að það dugir ekki bara að safna fé í sjóðinn, ef það er ekki greitt út aftur, þegar áföll verða. Þó að iðgjöld bátaflotans í almennu deildina, í þorskveiðideildina svonefndu, hafi ekki verið nema 0.5% af fob-verði afurðanna og framlag ríkissjóðs jafnmikið á móti, þá hefur útkoman eigi að síður orðið sú á 12 ára tímabili, sem sjóðurinn hefur starfað, að allar bætur úr sjóðnum hafa úr þessari deild, almennu deildinni, numið 32 millj. kr., en eignir sjóðsins nú í árslok voru nærri 40 millj. kr., og eignirnar voru fullar 30 millj. kr. miðað við gamla gjaldið, þó að maður sleppi þeirri hækkun, sem þessi deild fékk vegna setningar brbl. frá s. l. sumri. Á meðan ástandið var þannig, var engin ástæða til að fara að hækka álögurnar á bátaflotann í landinu til þessa sjóðs, nema þá að gerbreyta bótagreiðslunum. Það gat því vitanlega aldrei verið um það að ræða að snuða þennan sjóð neitt, nema þannig hefði verið að farið, að ríkissjóður hefði ekki greitt sinn hluta á móti því, sem útvegsmenn greiddu í sjóðinn. Og það er fyrst núna, þegar þessi hv. þm. gerist talsmaður breytingarinnar, sem það gerist, að það á að fara að snuða sjóðinn. Það á að breyta því tryggingakerfi, sem hér hefur verið í gildi, það á að breyta grundvelli hlutatryggingasjóðs, það á að segja við útvegsmenn: Þið skuluð borga helmingi meira í sjóðinn en ríkið leggur á móti. — Nú er verið að byrja að snuða þá, sem hafa byggt upp þennan sjóð, en þeir voru ekki snuðaðir, á meðan ríkið lagði jafnmikið fram og þeir kusu að leggja í sjóðinn sjálfir.

Það er rétt, að þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar í maímánuði 1958 og 55% yfirfærslugjaldið var samþykkt, þá kom auðvitað til álita, hvort ætti raunverulega að hækka álögurnar á bátaútveginn í landinu til þessa sjóðs frá því, sem áður var, og þar með greiðslur ríkissjóðs til sjóðsins. En niðurstaðan varð sú, eftir að samráð hafði verið haft við útvegsmenn, að það þótti ekki ástæða til þess að fara að hækka gjöldin á útveginum í þessum efnum.

Ég hef alltaf litið á hlutatryggingasjóð bátaútvegsins þannig, að þar er aðeins um að ræða ákveðið tryggingaform, sem hefur verið byggt upp á þessum meginreglum, að þeir, sem trygginganna eiga að njóta, leggja helming fram af tekjum sjóðsins, ríkissjóður leggur fram hinn helminginn, og svo er það þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að ákveða, hversu stórt og viðamikið þeir vilja hafa þetta tryggingakerfi, hvað maður vill raunverulega tryggja sig mikið. Það má auðvitað öllum vera ljóst, að þegar það er ákveðið, eins og gert er í þessu frv., að hækka greiðslur bátaútvegsins í landinu til almennu deildar hlutatryggingasjóðs úr 0.5% upp í 1.25%, eða sem sagt meir en tvöfalda gjaldið til sjóðsins, án þess að gert sé ráð fyrir því að auka bótagreiðslurnar nokkurn skapaðan hlut, og það á þeim tíma, þegar deildin stóð þannig, að hún átti um 40 millj. kr. í sjóði, en hafði ekki greitt bætur á 12 ára tímabili nema 32 millj. kr., þá leggur enginn þetta til nema sá, sem er að framkvæma ákveðna skattlagningu. Hann er að afla sér tekna í ákveðnu augnamiði, og það vita allir, til hvers hér er verið að leggja ákveðinn skatt á bátaútveginn í landinu. Það á að taka skattinn og færa hann yfir sem stuðning til togaraútgerðarinnar.

Hitt er svo auðvitað allt annað mál, ef menn vilja viðurkenna þessa staðreynd, sem er auðvitað alveg augljós, að ræða það, hvort það sé ástæða til þess eða hvort það sé sanngjarnt út af fyrir sig að leggja tiltekið gjald á bátaflotann í landinu til stuðnings togaraútgerðinni. Það reyndi einnig hv. frsm. meiri hl. sjútvn. að gera hér. Hann reyndi að hleypa rökum undir það, að togaraútgerðin hefði stundum áður á beinan og óbeinan hátt veitt bátaútgerðinni fjárhagslegan stuðning og því ætti hún raunverulega inni hjá bátaútgerðinni og af því mætti raunverulega það til sanns vegar færa, að bátaútvegurinn yrði nú skattlagður vegna togaranna. Og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. færði hér fram tvö atriði máli sínu til stuðnings. Annað var það, að togaraútgerðin hefði þurft að borga ákveðið gjald á ári hverju til Fiskveiðasjóðs Íslands, sem raunverulega væri lánasjóður bátaútvegsins í landinu. Það er allmikið til í þessu, þó að hann hafi ekki skýrt að mínum dómi fullkomlega rétt frá. Fiskveiðasjóður er ekki takmarkaður við það eingöngu að vera lánasjóður bátaútvegsins. Það er misskilningur. En það er rétt, að yfirgnæfandi meiri hl. af lánum sjóðsins hefur gengið til bátaútvegsins, og það er beinlínis tekið fram í lögum sjóðsins, að lán til fiskibátakaupa skuli ganga fyrir öðrum lánum, ef sjóðinn vantar fé. En

sjóðurinn hefur á undanförnum árum veitt allmikil lán til annarra framkvæmda, sem togaraútgerðin í landinu hefur orðið aðnjótandi eins og aðrir. Þannig hefur t. d. fiskveiðasjóður á undanförnum árum lánað talsvert til byggingar fiskverkunarstöðva og í ýmsum tilfellum beinlínis togaraútgerðarfélögum í landinu, sem voru að byggja fiskverkunarstöðvar, hann hefur lánað þeim sín hæstu lán. Ég minnist þess t. d., að fiskveiðasjóður lánaði eitt hæsta lán, sem hann hafði þá veitt til annars en til báta, til bæjarútgerðarinnar í Reykjavík, stærsta togaraútgerðarfélagsins í landinu, sem þá var að byggja hér mjög myndarlega fiskverkunarstöð. Og svona má auðvitað nefna mörg fleiri dæmi. En eigi að síður, þá er ég á því, að togaraútgerðin hafi greitt miklu meira til fiskveiðasjóðs á undanförnum árum í þessu gjaldi, sem togararnir hafa greitt af sínum útflutningi til sjóðsins, heldur en togaraútgerðin hefur aftur fengið frá sjóðnum í lánum. Þar hefur hallað á togaraútgerðina. Þetta hef ég bent á hér á Alþ. nokkrum sinnum áður, og ég hef beinlínis flutt um það till. hér á Alþ. að fella þetta gjald af afurðum togaranna niður. Ég hef álitið, að það væri eðlilegt. Það hefur hins vegar ekki fengizt samþ. hér. Ég álít, að það væri eðlilegt, eins og á málunum hefur verið haldið, að fella þetta gjald af togaraafurðunum til fiskveiðasjóðs niður hreinlega. En hér er ekki um neinn stóran hlut að ræða, og ég tel vitanlega þetta form, sem þarna hefur verið á, ekki á nokkurn hátt réttlæta þær tillögur, sem felast í þessu frv. til skattlagningar á bátaútgerðina í landinu til stuðnings togaraútgerðinni.

Hitt atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. nefndi hér um það, að togaraútgerðin hefði greitt í sjóði bátaútvegsins, var um fiskimálasjóð. Þar álít ég, að hv. þm. hafi farið gersamlega rangt með. Fiskimálasjóður hefur ekki starfað á undanförnum árum fremur sem sjóður bátaútvegsins en togaraútgerðarinnar. Fiskimálasjóður hefur veitt styrki jafnt í þágu togaraútgerðarinnar sem bátaútvegsins á undanförnum árum. Hann hefur t. d. veitt mjög verulega styrki til tilraunastarfsemi beinlínis á vegum togaraútgerðarinnar. Hann hefur lagt fram í nokkur ár allálitlega upphæð til auglýsingastarfsemi á erlendum vettvangi fyrir sjávarvöruframleiðslu, og það vitanlega gildir jafnt fyrir togarana sem bátana. Og hann hefur veitt sín viðbótarlán jöfnum höndum út á fiskvinnslustöðvar og verkunarstöðvar, ísframleiðslukerfi o. s. frv. á vegum togarafélaganna í landinu sem á vegum bátanna. En fiskimálasjóður hefur ekki veitt lán til bátakaupa fremur en til togarakaupa. Ég álít því um þetta litla gjald, sem fiskimálasjóður hefur fengið, sem er auðvitað sáralítið gjald, að þar hafi ekkert hallað á togarana, þar hafa þeir aðeins staðið undir sínum hluta til jafns við bátana og ekkert annað.

Þessi dæmi, sem hv. þm. nefndi hér, þau réttlæta ekki á neinn hátt að taka upp það kerfi, sem lagt er til í þessu frv., að blanda saman tryggingakerfi bátanna og togaranna í landinu á þann hátt, sem hér er gert. Ég tel einmitt, að höfuðgallar þessa frv., sem hér liggur fyrir, séu þeir, að það er verið að blanda saman aflatryggingu togaranna og bátaútvegsins í landinu. Þetta er röng aðferð og ósanngjörn. Það hefur þótt fram til þessa nauðsynlegt meira að segja að halda algerlega sundurgreindum hinum einstöku útgerðarþáttum bátaflotans, þannig að síldveiðideild bátaútgerðarinnar væri algerlega sér og fráskilin hinni almennu deild bátanna, þorskveiðideildinni, því að það eru ekki í öllum tilfellum sömu aðilarnir á hverju ári, sem skipti eiga við hvora deild fyrir sig. Þetta álít ég vera rétt. Ég álít, að það sé rétt, að öll þau skip, sem ganga á síldveiðar á hverju ári, greiði tiltekinn skatt til síldveiðideildarinnar og eigi þá tilkall til að fá bætur, ef illa tekst til, úr þessari síldveiðideild. Sömuleiðis álít ég það vera rétt kerfi, að bátafloti landsmanna standi að einni þorskveiðideild, þannig að allir bátarnir, sem gerðir eru út á þorskveiðar, verði að greiða ákveðið gjald í þorskveiðideildina, og ef aflabrestur verður, þá geti bátarnir, þeir sem hafa greitt í þessa deild, fengið sínar bætur þaðan. Nákvæmlega á sama hátt teldi ég eðlilegast, að sett hefði verið upp þriðja deildin fyrir togaraútgerðina í landinu og hún hefði sjálf greitt gjald í þá deild, auðvitað með mótframlagi ríkissjóðs, eins og ríkissjóður greiðir á móti bátaútgerðinni í deild bátaútgerðarinnar, og togararnir einir síðan vitanlega átt bótakröfu á þessa deild togaranna. En ef tekin er upp hin leiðin, að þessu er meira og minna ruglað saman með millifærslu á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv., þá er maður fljótlega kominn út á þá braut, að vel getur svo farið, að einn þáttur útgerðarinnar sé raunverulega mikið til að staðaldri skattlagður til þjónustu við aðra grein útgerðarinnar. En það ber að forðast slíkt.

Ég er nú rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég hef hér í umr. um þetta mál, bæði við 1. umr. og eins nú, gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og þarf ekki að ræða hér um það öllu meir, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég er í öllum aðalatriðum samþykkur þeim till., sem hér hafa verið fluttar af minni hl. sjútvn., en ég tel illa farið, ef þannig verður farið með hlutatryggingasjóð bátanna, sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. og í frv. sjálfu. Og ég hygg líka, að hæstv. ríkisstj. verði að viðurkenna það, að till. þær, sem felast í frv., geti ekki leyst vandamál togaraútgerðarinnar til neinnar frambúðar. Það er meira að segja vafasamt, þó að togaraútgerðin fái þær 60 millj. kr., sem gert er ráð fyrir samkv. frv. vegna rekstrarins á árinu 1960 og 1961, að útgerð togaranna verði haldið áfram nú á þessu ári þrátt fyrir það. En vegna þess álít ég, að ríkisstj. verði að hugleiða það betur að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem megi verða að gagni til frambúðar vegna togaranna, og svo einnig vitanlega að endurskoða þá afstöðu sína að ætla að eyðileggja að meira eða minna leyti það tryggingakerfi, sem byggt hefur verið upp fyrir bátaflotann í landinu og hefur komið bátaflotanum að verulegu gagni á undanförnum árum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Afstaðan til þessa frv. hjá meiri og minni hl. hv.

sjútvn. liggur nú svo ljós fyrir, að ég tel ekki ástæðu til, að ég fari um það neinum fleiri orðum en frsm. meiri hl. gerði hér áðan. En það eru aðeins nokkur atriði, sem mig langaði til að minnast á, sem komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austf.

Í fyrsta lagi sagði hann, að ég hefði neitað að leggja fyrir niðurstöður þeirrar nefndar, sem athugaði ástand togaranna og starfaði s. l. sumar. Þetta er ekki nákvæmlega frá sagt og raunar rangt, því að það, sem ég neitaði að gera, það var að leggja fram skýrslu nefndarinnar. Niðurstöður n. liggja alveg ljósar fyrir, þær get ég afhent, hvenær sem er, þ. e. a. s. ekki í sjálfri skýrslunni þó, því að í skýrslunni er skýrt frá afkomu einstakra, nafngreindra togarafyrirtækja, en þær upplýsingar eru gefnar n. sem trúnaðarmál, og ég get ekki látið þær fara frá mér til annarra en upphaflega hafði verið ákveðið, þegar þessar upplýsingar voru gefnar. En sjálfar niðurstöðurnar get ég upplýst hvenær sem er og hef raunar gert. Þær voru þær, að togararnir þyrftu til þess að mæta sínum halla 1960 og 1961 að fá um það bil 3 millj. kr., til þess að standast þessi áföll, og þessar 3 millj. kr. eru hugsaðar veittar þannig, að samkv. þessu frv. fái hver togari í kringum hálfa aðra millj., en með vátryggingargreiðslunum fá togararnir aðra hálfa aðra milljón á skip.

Annað atriði, sem ég vildi minnast á, sem þessi sami hv. þm. sagði, var viðvíkjandi framlaginu fyrir árið 1960, þ. e. a. s. útgáfu skuldabréfanna, sem sjóðnum er ætlað að hafa með höndum og eiga að vera til 5 ára, en endurgreiðast af ríkissjóði á 15 árum. Hann taldi, að með þessari ráðstöfun væri fé sjóðsins bundið, þannig að hann yrði ekki starfshæfur, eins og gert er ráð fyrir að hann geti verið og eigi að vera. Það hefur ekki komið fram í þessum umr., sem ég skal upplýsa hér, að þetta er ekki svo, því að það hefur verið komizt að samkomulagi við Seðlabankann um það, að hann taki að sér að innleysa skuldabréfin og að ríkissjóður endurgreiði honum á 15 árum, þannig að það er ekkert fé frá aflatryggingasjóði tekið með þessari ráðstöfun, heldur hefur Seðlabankinn fallizt á það að innleysa bréfin, og ríkissjóður greiðir þau á 15 árum. Það er þess vegna alveg gefið, að sjóðurinn þarf ekki um þetta að hugsa og útvegsmenn missa einskis í við þetta, ef Seðlabankinn annast um fyrirgreiðsluna.

Þriðja atriðið, sem ég vildi minnast á og kom fram hjá þessum sama hv. þm., er spurningin, sem hann varpaði fram og var eitthvað á þessa leið: Geta þau skip fengið styrk, sem ráku útgerð 1960, en voru hætt að reka útgerð á árinu 1961? — Ég held, að spurningin hafi verið eitthvað á þessa leið. En þessu er raunverulega svarað í bráðabirgðaákvæði laganna, þar sem segir, að stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins skuli gefa út skuldabréfin og þau skuli veitt samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytis, þannig að ég tel mig ekki hafa neitt umboð til þess að svara á þessu stigi málsins, hver háttur verður á þessu hafður, heldur verði það að vera verkefni væntanlegrar sjóðsstjórnar og ríkisstj., þegar þar að kemur. — Hann spurði líka, hvort þessu yrði skipt jafnt á milli skipa. Því er ekki heldur hægt að svara af sömu ástæðum, en ég vil geta þess, að fulltrúar togaraeigenda hafa meir hallazt að því, að þessu yrði skipt jafnt á milli skipa, heldur en það fylgdi reglum aflatryggingasjóðsins um skiptinguna, og raunar hefur FÍB farið fram á það, að aðstoðinni fyrir 1961 yrði líka skipt á sama hátt, þó að það hafi ekki verið tekið til greina. En ég skal líka geta þess, að aðrar þjóðir, t. d. Englendingar, sem hafa farið út í að veita ákveðinn styrk til togaranna vegna þeirra tjóna, sem þeir hafa orðið fyrir við að missa sín fiskimið, sem náttúrlega eru að verulegu leyti þau sömu sem íslenzku togararnir hafa misst, sá styrkur er miðaður við ákveðna upphæð á úthaldsdag, hvort sem togarinn fiskar mikið eða lítið, þannig að fordæmalaust væri það ekki, þó að þessu væri skipt jafnt á milli togaranna.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara út í að ræða málið nánar þrátt fyrir þessar löngu og ýtarlegu ræður, sem hér hafa verið haldnar, þar sem hvor aðilinn hefur gert grein fyrir sínu sjónarmiði. Og út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja, að það komi fram. Það er meiningarmunur, sem hefur verið rökstuddur af báðum aðilum, og ég hef þar ekki við að bæta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 531,1 felld með 19:13 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 531,2 felld með 20:13 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 531,3 felld með 20:13 atkv.
8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 531,4 felld með 20:13 atkv.
9. gr. samþ. með 20:8 atkv.
10.—18. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 531,5.a 1. málsgr. 1. málsl. felld með 20:14 atkv.
— 531,5.a 1. málsgr. 2. málsl. felld með 20:14 atkv.
— 531.5.a 2. málsgr. felld með 20:14 atkv.
— 531,5.b felld með 20:14 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:7 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 365, 565).

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Megintilgangur þessa frv. er að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar, sem hefur staðið mjög höllum fæti að undanförnu. Að sjálfsögðu eru allir sammála um, að slíkar ráðstafanir séu gerðar og hefðu reyndar átt að gerast fyrr, eins og sést bezt á því, að á seinasta ári mun allt að þriðjungur togaraflotans hafa legið til jafnaðar og af því að sjálfsögðu hlotizt stórfellt tap fyrir þjóðarbúið. Þess vegna er það ekki vonum fyrr, að hafizt sé handa um slíka ráðstöfun eins og þessa. Hitt er svo spurningin, hvort þær aðgerðir til stuðnings togaraútgerðinni, sem fel-

ast í þessu frv., séu fullnægjandi. Nú er hv. þm. kunnugt, að um þriggja vikna skeið er búin að standa yfir deila á togurunum um kaup og kjör, með þeim afleiðingum, að flestir togaranna eru nú bundnir og hafa ekki verið á veiðum margir hverjir um allmargra daga skeið. Þær fréttir hafa menn helzt af þessari deilu, að það miði lítið í samkomulagsáttina og útgerðarmenn láti þá skoðun uppi, að þeir telji sér ekki fært að veita sjómönnum þær tiltölulega litlu lagfæringar, sem þeir hafa farið fram á á sínum kjörum, nema því aðeins að rekstrargrundvöllurinn verði bættur verulega frá því, sem nú er, og að því er manni skilst, heldur meira en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Mér finnst, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þd. að hafa upplýsingar um það, áður en frv. fer frá deildinni, hvort það er mat hæstv. ríkisstj., að þær ráðstafanir, sem í þessu frv. felast, séu nægilegar til að tryggja útgerðinni þann rekstrargrundvöll, að hægt verði að leysa þá kjaradeilu, sem nú stendur yfir á togurunum, en það er að sjálfsögðu mesta nauðsynjamál, ekki aðeins þeim, sem að þessum atvinnuvegi starfa, heldur þjóðinni allri, að togararnir verði ekki bundnir í höfn til langframa. Ég vildi þess vegna beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh., hvort það er hans mat á þessu frv., að ef það nái fram að ganga, þá sé búið að leysa mál togaranna á þann veg, að líklegt sé, að sú deila geti leystst, sem nú stendur yfir á milli sjómanna og útgerðarmanna á togurunum.

Ég vildi enn fremur beina þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh., ef hann teldi ekki felast næga tryggingu í þessu frv. fyrir því, að togaradeilan leystist, hvaða ráðstafanir aðrar ríkisstj. hefði þá í huga til að skapa togurunum viðunandi rekstrargrundvöll. Að sjálfsögðu eru til ýmsar fleiri leiðir en sú, sem einkum er bent á í þessu frv., og ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar hér var til 1. umr. á s. l. hausti frv. um ráðstafanir vegna gengislækkunar, þá benti hv. 1. þm. Vestf. á nokkrar ráðstafanir, sem hann taldi unnt að gera til þess að bæta rekstrarafkomu togaranna. Ég hygg, að sumar af þessum till. hv. þm. hafi verið þannig fallnar, að þær komi mjög til athugunar, eins og þær, að létta ýmsum gjöldum, eins og útflutningsgjöldum, af togaraútgerðinni, meðan hún býr við versta afkomu, eða þá að lækka tolla á innflutningsvörum, sem hún þarf að nota. Aðrar ábendingar hv. 1. þm. Vestf. hygg ég að hafi verið fjarstæðukenndar, eins og þær, að það væri hægt að stytta hvíldartímann á togurunum og fækka sjómönnum, sem þar starfa. En ég álít hins vegar, að aðrar till. hans hafi verið þess eðlis, að það væri eðlilegt, að þær væru teknar til athugunar, ef hæstv. ríkisstj. lítur svo á, að það felist ekki nægileg trygging í þessu frv. fyrir því, að togaraútgerðin fái viðunandi rekstrargrundvöll.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni. En það, sem ég vildi spyrja hæstv. sjútvmrh. um, er í fyrsta lagi, hvort það sé hans mat, að í þessu frv. felist nægileg trygging fyrir því, að unnt verði að leysa togaradeiluna, að togaraútgerðinni verði skapaður sá rekstrargrundvöllur, sem til þess þarf. Og í öðru lagi, ef það er mat hans og hæstv. ríkisstj., að svo sé ekki, hvaða ráðstafanir aðrar hyggst þá ríkisstj. gera til að leysa togaradeiluna og tryggja rekstur togaraútgerðarinnar?

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. spurði, hvort ríkisstj. teldi, að þær aðgerðir, sem hér væri verið að gera, dygðu til þess að leysa þá deilu, sem nú stæði yfir á milli togaraeigenda og sjómannasamtakanna. Þessu er til að svara, að höfuðtilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að bæta það skakkafall, sem togaraeigendur urðu fyrir á árunum 1960 og 1961. Þetta er yfirlýst um aðalfjárhæðir frv., bæði þær, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram fyrir árið 1960, og það, sem aflatryggingasjóður leggi beint fram fyrir árið 1961. Þess vegna má segja, að þessar ráðstafanir eru framkvæmdar, áður en kom til um þessa deilu á milli togaraeigenda og sjómannasamtakanna og áður en menn vissu um hana, svo að það eru ekki út af fyrir sig líkur til þess, að hægt sé að segja, að þessar ráðstafanir valdi úrslitum um lausn deilunnar að öðru leyti en því, að náttúrlega þegar bættur er hagur togaraeigenda með þessum bótum, sem hér er gert ráð fyrir, þá er þeim auðveldað að geta leyst deiluna.

Eins og ég held að ég hafi tekið fram áður, þegar þessi mál hafa verið hér á fyrra stigi, og raunar í sambandi við annað mál en þetta, þá var það álit n. þeirrar, sem um þessi mál fjallaði, að til þess að ná saman endum eins og var, þegar hún starfaði, mundi þurfa um 3 millj. kr. á skip til þess að bæta upp hinn gamla halla, en síðan um 1.2 millj. á ári, ef fiskveiðitakmörkin yrðu ákveðin óbreytt eins og þau nú eru. Þessar 3 millj. á skip eru veittar á tvennan hátt. Annars vegar með því að greiða vátryggingaiðgjöld fyrir togara, sem má gera ráð fyrir að nemi í kringum helming þessarar upphæðar, og þessar bætur aflatryggingasjóðs og ríkissjóðs, sem nema hinum helmingnum. Þannig er frv. sniðið eftir till. n. og er miðað við það ástand, sem þá var. Vinnudeilur geta alltaf komið fyrir og ómögulegt að segja, hvert þær geta leitt eða hver verður árangurinn af þeim, hver lausn þeirra verður, og ég get ekkert á þessu stigi málsins sagt um það, hver muni verða lausn deilunnar, því að það veit hvorki ég né hv. þm., hvað sjómannasamtökin og togaraeigendur kunna að koma sér saman um, og verður þá að taka það mál sérstaklega til athugunar, þegar það liggur fyrir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Tilgangurinn með þessu frv. er augljós. Hann er að aðstoða togaraútgerðina á þann hátt að hækka hlutatryggingasjóðsgjaldið um það bil um helming, og 50% af framlaginu er tekið í þennan jöfnunarsjóð, sem á að vera til þess að hjálpa þeirri grein sjávarútvegsins, sem helzt þarf þess með, og við vitum, að bak við það liggur hugmyndin um að aðstoða togaraútgerðina, því að hún er álitin vera mest hjálparþurfi nú.

Ég er á engan hátt á móti því að aðstoða togarana og tel það eðlilegt, en ég er á móti því að hækka hlutatryggingasjóðsgjaldið. Ég vil ekki

taka undir það, sem kom fram hjá 7. þm. Reykv. hér í ræðu, að það sé svo ákaflega áríðandi að hraða samningum við togarana. Ég held einmitt, að það sé hagkvæmt fyrir þjóðarheildina, að þeir hvíli sig a. m. k. fram yfir vertíðarlokin, því að þeir munu fyrst og fremst veiða þar, sem hrygningarfiskurinn er að ganga til landsins, en það mun draga úr bátaveiðinni, og ég efast um, að heildarveiðimagn landsmanna verði minna, þó að togararnir hvíli sig þennan mánuð, sem nú er byrja. Við vitum, að það eru bátarnir, sem skapa aðalvinnuna í landi. Ég gæti vel trúað, að ef tíðarfarið væri gott, þá yrði aflamagnið engu minna, þó að togararnir lægju, og landvinnan meiri, þannig að það mundi sparast rekstrarkostnaður togaranna og verða aukin landvinna einmitt fyrir það, að þeir hvíla sig þennan mánuð. Ég hygg, að ríkisstj. verði heppin með það eins og annað, að ekki verði samið fyrr en eftir vertíðarlokin. En það er nú aðeins tímaspursmál og kemur í raun og veru ekki þessu frv. við.

Maður skyldi ætla, að þessar ráðstafanir væru gerðar í samráði við útgerðarmennina sjálfa. Ég fór því ofan í Landssamband í morgun og átti tal bæði við framkvæmdastjóra Landssambandsins og eins skrifstofustjóra hjá togaraeigendum, og báðir sögðu mér, að þeir hefðu engu ráðið um þessa hluti. Ég fékk afrit af bréfi, sem Landssambandið sendi nefndinni, þegar spurzt var fyrir um þetta. Í fyrsta lagi er þar birt till., sem samþ. var á aðalfundi L. Í. Ú. í vetur, þar sem lögð var áherzla á það, að deildunum væri haldið algerlega aðskildum, og lagt á móti jöfnunardeildinni, og svo segir áfram í bréfi frá L. Í. Ú.

„Á undanförnum árum hefur aðalfundur L. Í. Ú. þráfaldlega gert samþykktir um nauðsyn þess, að lögin um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48 25. maí 1949, verði endurskoðuð með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi sjóðsins þau ár, sem hann hefur starfað. Telur stjórn L. Í. Ú., að framangreint frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sé ekki viðhlítandi endurskoðun þeirra laga, sem nú eru í gildi um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Stjórn L. Í. Ú. telur rétt, að þeirri skipan verði haldið, sem felst í ofangreindri ályktun aðalfundarins, að deildir sjóðsins verði aðeins þrjár, þ. e. síldveiðideild, almenn bátadeild og almenn togaradeild. Um réttindi skipa í hverri deild fyrir sig fari eins og frv. gerir ráð fyrir. Tekjur deildanna, hverrar um sig, verði sem hér segir:

Síldveiðideild: ákveðinn hundraðshluti af fob-verði útfluttra síldarafurða og auk þess jafnhátt framlag frá ríkissjóði. Almenn bátadeild: ákveðinn hundraðshluti af fob-verði útfluttra þorskafurða bátaflotans og auk þess jafnhátt framlag frá ríkissjóði. Almenna togaradeildin: ákveðinn hundraðshluti af fob-verði útfluttra þorskafurða togaraflotans og auk þess jafnhátt framlag frá ríkissjóði.

Geti einhver hinna þriggja deilda eigi gegnt hlutverki sínu í samræmi við tilgang sjóðsins vegna fjárskorts, telur stjórn L. Í. Ú. eðlilegt, að hinar deildir sjóðsins hlaupi undir bagga með lánveitingum, séu þær þess umkomnar, og verði slík lán frá einni deild til annarrar einungis veitt gegn ríkisábyrgð á láninu, svo sem verið hefur með deildir hlutatryggingasjóðs. Þá telur stjórn L. Í. Ú. eðlilegt, eins og áður var, að framlag ríkissjóðs nemi jafnhárri upphæð og tekjur sjóðsins nema af útflutningsgjöldum af afurðum togara og báta.

Á hinn bóginn telur stjórn L. Í. Ú. það hæpna ráðstöfun að hækka gjöld af útfluttum sjávarafurðum til sjóðsins, þótt það gangi til uppbyggingar hans, vegna hinnar erfiðu afkomu sjávarútvegsins. Telur stjórn L. Í. Ú. slíka hækkun raunar óþarfa, þegar á það er litið, að hlutatryggingasjóður, almenna deildin og síldveiðideildin, á pr. 31. jan. 1962 samtals um 23 millj. kr. skuldlausa eign auk þess, sem sjóðurinn hefur þau 13 ár, sem hann hefur starfað, greitt í bætur til bátanna sem nemur tugmilljónum kr., og er ástæðulaust að ætla, að byrðar sjóðsins verði þyngri í framtíðinni en verið hefur undanfarin 13 ár, ef farið yrði að tillögum vorum. Þau einu rök geta verið fyrir hækkun gjaldsins, að hlutatryggingasjóður skuli í framtíðinni bera þyngri byrðar en hann hefur gert til þessa, og þá er spurningin: Hverjar eru þær byrðar?

Ef hugmyndin er sú, að vandræði þau, sem nú steðja að íslenzkri togaraútgerð, verði leyst með lögfestingu þessa frv., vill stjórn L. Í. Ú. benda á, að miðað við þá reglu, sem gilt hefur um ákvörðun meðalveiðimagns skipanna undanfarin ár, verður naumast um mikla aðstoð til togaranna að ræða úr sjóðnum. Verði sú regla hins vegar brotin með því að lögfesta ákvæði 4. tölul. 4. gr. frv., þar sem segir: Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum, — er öllum grundvelli kippt undan starfsemi sjóðsins, því að naumast verður önnur regla látin gilda um báta en togara í þessu efni. Stjórn L. Í. Ú. mótmælir því harðlega, að framangreint ákvæði verði lögfest, og leggur eindregið til, að það verði tekið út úr frv.

Þá telur stjórn L. Í. Ú. nauðsynlegt, að upp í frv. verði tekið ákvæði um, að aldrei megi ganga á upphaflegt stofnfé sjóðsins, a. m. k. eins og það var ákveðið með l. nr. 48 frá 1949, um hlutatryggingasjóð. Stjórn L. Í. Ú. telur brýna nauðsyn til þess, að fundin verði eðlileg leið til þess að leysa vandamál íslenzkrar togaraútgerðar, og telur, að það mál þoli nú enga bið lengur. Hins vegar telur stjórnin þetta frv. á engan hátt leysa vandamál þau, sem íslenzk togaraútgerð á við að etja, og telur raunar óeðlilegt, að blandað sé saman sérstökum, tímabundum ráðstöfunum vegna vandræða togaraútgerðarinnar og endurskoðun laga um aflatryggingasjóð fyrir útveginn í heild.“

Framangreindar aths. eru umsögn bátadeildar stjórnar L. Í. Ú. En Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda hefur í öðru bréfi gefið umsögn um frv. Þetta er því umsögn frá stjórn L. Í. Ú., bátadeildarinnar, og þetta eru þeir trúnaðarmenn, sem bátaútvegsmenn hafa falið að gæta hagsmuna sinna. Og í þessu bréfi koma fram ákveðin mótmæli gegn því, að þetta frv. verði samþ. Það er lögð alveg sérstök áherzla á það ákvæði í l., að meðalveiðimagn skuli fundið með hliðsjón af aflamöguleikum, vegna þess að

það er ekki hægt að finna meðalveiðimagn með hliðsjón af aflamöguleikum, af því að það veit enginn, það er gersamlega útilokað að segja rétt um það, hverjir aflamöguleikarnir hafi verið. Ég tel það dálítið hæpna ráðstöfun að hespa þetta frv. hér í gegn í algerri andstöðu við þá menn, sem það snertir aðallega.

Það er sagt í grg. frá meiri hl. n., sem um þetta fjallaði, að á það beri þó að líta, að fleira hafi verið gert þessum atvinnuvegi til hjálpar en það, sem felst í frv. þessu. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að greiða að fullu tryggingaiðgjöld fyrir árin 1960 og 1961, og er þar um að ræða 70 millj. kr. samtals. Þessar ráðstafanir voru gerðar þannig, að útvegurinn borgaði þetta sjálfur. Ríkisstj. þarf ekki að telja þessa upphæð eftir. Þetta fé er allt tekið af útveginum sjálfum, leifarnar af útflutningssjóðnum og svo nýtt gjald, sem útvegsmenn tóku á sig.

Viðvíkjandi því, að togararnir eigi hjá bátunum, að af aflaverðmæti togaranna hafi verið tekið til fiskveiðasjóðs, þá vil ég benda á, að í gengismismun s. l. ár var tekið um 150 millj. af útveginum í heild til þess að greiða ábyrgðir fyrir ríkissjóð, 13 millj. fóru reyndar í að ljúka við tryggingaiðgjöldin frá fyrra ári. Þetta er a. m. k. eins mikið, ef ekki meira fé en togararnir hafa greitt í fiskveiðasjóðinn. Og þetta fé er að mestu notað til þess að greiða ábyrgðir fyrir togarana. Eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti hér í umr., þá er búið að greiða ábyrgðir fyrir togara um 130 millj. kr. alls eða nálægt því, þannig að ég sé ekki annað en bátarnir hafi á þann hátt endurgreitt þetta.

Nú má vel vera, að togararnir hafi verið óréttí beittir, þegar bátagjaldeyrislögin voru í gildi. En þá er það þjóðfélagsins í heild að endurgreiða það, en ekki bátanna einna. Ég er því algerlega sammála því, sem kemur fram í bréfi frá L. Í. Ú., að mótmæla því, að hlutatryggingagjöldin séu hækkuð. En fyrir mitt leyti get ég vel fallizt á það, ef hlutatryggingagjaldið verður látið standa í stað, að einhver hluti af því væri notaður til að hjálpa togurunum, því að það skal ég játa, að togaraeigendur reyndust vel í landhelgismálinu. Þeir tóku þátt í þeirri baráttu, og þeir urðu fyrir tjóni af því, og ég vildi gjarnan bæta það. En ég álít, að það sé hægt að bæta það án þess að hækka hlutatryggingasjóðsgjaldið, og væri hægt fyrir bæði fiskideild bátaflotans og síldveiðarnar að gera það, vegna þess að ég er í miklum vafa, hvort það er skynsamleg leið, sem á að fara samkv. þessu frv., að styrkja þá, sem minnst veiða, eða m. ö. o. að verðlauna skussana, því að það er ekki verið annað að gera.

Það er sagt hér í frv., að ef aflamagnið er ekki nema 45%, þá geti þeir vænzt þess að fá 40% úr hlutatryggingasjóði. Og við höfum a. m. k. aldrei úthlutað til skipshafna því, sem greitt hefur verið úr hlutatryggingasjóði. Bátur, sem veiðir 45% á síldveiðum og fær svo 40% af því, sem á vantar meðalveiði, fær nokkurn veginn jafnmikið og hann hefði veitt meðalveiðimagn, því að það fara um 56% í kaupgjald af síldveiðiskipunum. Og á þennan hátt getur verið hreinn hagnaður að taka lífinu rólega og kosta litlu til, hafa ekki dýrar nætur og yfirleitt að stilla kostnaði í hóf, ef á annað borð er ekki að tala um meira en meðalveiði. Það er því með þessu verið að verðlauna skussana. Ég hef sjálfur orðið var við, að þetta hefur verið misnotað í stórum stíl á þann hátt, að bátarnir hafa verið skráðir, en ekki gerðir út allan tímann. Það er engin trygging fyrir, að það verði ekki gert gagnvart þorskveiðideildinni, þannig að þetta er ákaflega vafasöm leið að ætla að verðlauna þá, sem lítið veiða, eða réttara sagt að bæta þeim það upp, því að þeir, sem geta ekki rekið sinn útveg á skynsamlegan hátt og aflað vel, þeir eru ekki hæfir til að gera út, og þá þarf að koma skipunum í hendur þeirra manna, sem kunna betur með þau að fara og afla meira. Þar fyrir er ég ekki algerlega mótfallinn því, að hlutatryggingasjóður sé til, en það má ekki misnota hann í þeim tilgangi að verðlauna skussaháttinn.

Ég vildi skýra mína afstöðu. Ég vildi benda á það, að með þessu orðalagi, sem L. Í. Ú. bendir á, að meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig eftir því, á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda, að meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum, að þetta er alveg sama og að fá sjóðsstjórninni algert sjálfsvald, hve mikið og hvernig hún úthlutar af þessu fé, af því að þetta er ekki framkvæmanlegt og er þess vegna vitleysa. Ég hef bent á mína afstöðu í þessu máli. Ég er á móti hækkun hlutatryggingaiðgjaldanna, en gæti gjarnan fallizt á, ef þau væru eins og þau hafa verið, að einhver hluti af þeim gengi til aðstoðar togurunum í bili. Og ég játa, að það er rétt að hjálpa togurunum, en það er einnig rétt að vinna að því, að þeim sé fækkað, ef þeir reynast óhentugri atvinnutæki en bátarnir.

Ég hef bent á þetta atriði, sem L. Í. Ú. leggur höfuðáherzlu á að ekki er raunhæft, á hvern hátt eigi að úthluta þessu fé. Og ég hef einnig bent á, að það er ákaflega vafasamt að setja þessi lög í algerri andstöðu við þá menn, sem eiga við þau að búa, því að þetta snertir vitanlega svo að segja eingöngu bátaútvegsmenn. Ég held, að það sé óskynsamleg leið. En þetta er í samræmi við þá stjórnarstefnu, sem rekin er. Hæstv. ríkisstj. gerir hlutina án tillits til þess, hvað aðrir segja. Þetta getur gengið um tíma. Má vera, að það geti gengið lengi. En ég tel það þó dálítið vafasamt, hve lengi það tekst.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls ræddi ég allýtarlega um þetta mál almennt fyrir hönd minni hl. sjútvn. Og ætla ég ekki að bæta við það, sem ég sagði þá almennt um málið, nema sérstakt tilefni gefist til. En ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við frv., eins og það liggur nú fyrir. Í bráðabirgðaákvæði frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins er heimilt, að fengnu samþykki sjútvmrn., að gefa út skuldabréf allt að 30 millj. kr., og skulu þau notuð til aðstoðar togurunum vegna aflabrests á árinu 1960 samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytisins.“

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 565 brtt.

þess efnis, að aftan við þessa mgr. komi, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita togbátum aðstoð samkv. þessu ákvæði vegna aflabrests á árinu 1960."

Ég vil taka það fram, að í prentun hefur fallið niður eitt orð í brtt., þ. e. a. s. orðið „aðstoð", og ég vil mælast til, að það verði leiðrétt, en till. er í endurprentun. Efni till. er sem sé það, að sett verði heimildarákvæði til þess að láta þessa aðstoð einnig ná til togbáta að því er varðar árið 1960. Þessi togbátafloti hér við land er nú ekki mjög stór, en það er nokkuð langt síðan nokkrir stórir bátar, aðallega á Norðurlandi, tóku upp togveiðar, sérstaklega við Eyjafjörð. Þessar togveiðar þóttu bátum þessum allvel gefast, þangað til nú síðustu árin, að veiði þeirra hefur farið mjög minnkandi. Ég hef nú ekki í höndum upplýsingar um aflabrögð þessara báta almennt, en t. d. um þetta skal ég skýra hér frá upplýsingum, sem ég hef fengið um aflabrögð eins togbáts við Eyjafjörð, sem hefur stundað þessar veiðar alllengi og yfirleitt aflað í hærra lagi, eftir því sem gerist, ár hvert. Ég hef fengið upplýsingar um aflabrögð þessa báts á togveiðum um fimm ára skeið. Þar eru bæði tölur um fjölda úthaldsdaga og um aflamagn í heild og svo aflamagn pr. togdag, og það er í raun og veru það, sem máli skiptir í þessu sambandi.

Árið 1957 aflaði þessi bátur 7.07 tonn pr. dag, árið 1958 6.11 tonn pr. dag, árið 1959 4.81 tonn pr. dag, 1960 3.27 tonn pr. dag og 1961 2.85 tonn pr. dag.

Af þessum upplýsingum geta hv. þm. gert sér grein fyrir því, að mjög mikil breyting hefur orðið á afla þessa skips, og ég hygg, að þessar tölur séu mjög táknrænar fyrir þá breytingu, sem orðið hefur yfirleitt á aflabrögðum þessara litlu togskipa á Norðurlandi.

Nú finnst mér það sanngjarnt, að í lögunum sé a. m. k. heimild til þess að athuga mál þessarar útgerðar með tilliti til þess, að hún nyti einhvers af þessari aðstoð, sem sjálfsagt yrði ekki mjög mikill hluti, því að þetta eru ekki mörg skip. Það felst ekki í brtt. nein skylda til að láta þessa báta fá aðstoð, heldur aðeins heimild til þess að taka þá með, og það virðist mér vera sanngjarnt eftir eðli málsins.

Ég hreyfði þessu máli á fundum sjútvn., a. m. k. einu sinni eða tvisvar fyrir nokkru, en það varð ekki úr því, að n. sinnti þessu máli, enda margt annað, sem athuga þurfti í sambandi við frv., og ég hef dregið það til 3. umr. að flytja þessa brtt., til þess að hv. þm. geti haft tækifæri til þess að athuga hana út af fyrir sig út frá þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að hv. þm. geti á það fallizt að veita þessa heimild.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. lýsti áðan brtt., sem hann flytur við frv. um aflatryggingasjóð nú við 3. umr. og er á þá leið, að heimilt skuli að veita togbátum aðstoð samkv. bráðabirgðaákvæði frv. Hann minntist á það, að hann hefði hreyft þessu í sjútvn., en n. ekki tekið afstöðu til þess. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á það, sem fram er tekið í nál. meiri hl. sjútvn., að togbátar og minni togskip eiga eftir frv., eins og nú mun vera í lögunum, rétt til bóta úr almennu deild bátaflotans. Og ég held, að ég muni það rétt, að hr. Már Elísson gæfi sjútvn. þær upplýsingar, að komið hefði fyrir, að slíkar bætur hefðu verið greiddar. Það liggur í augum uppi, að sömu skip geta ekki átt aðgang að öllum deildum sjóðsins. Einhvers staðar verður markalínan að vera. Flest togskipin fyrir Norðurlandi ráða mannskap samkv. bátakjarasamningum, og í samræmi við það hafa þau verið flokkuð í sama flokk og vélbátarnir hjá hlutatryggingasjóði.

Þetta vildi ég taka fram í tilefni af framkominni till. og því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan, og samkv. þessu get ég ekki fyrir mitt leyti mælt með tillögunni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Á föstudaginn, þegar 2. umr. var um þetta mál, varð ég þess var, að það var alldræm þátttaka af hálfu hv. stjórnarliðs í atkvgr. um þessi mál og stjórnarandstaðan í deildinni varð hvað eftir annað að hjálpa til að koma þessu máli til 3. umr., ýmist með því að greiða atkv. með eða móti, því að hæstv. ríkisstj. skorti auðsjáanlega meiri hl. í deildinni með þessu máli. Ég veit nú ekki, hvernig á að leggja þetta út, hvort það sé að einhverju leyti lítill áhugi hjá ýmsum stjórnarliðum fyrir þessu máli eða hvort þetta sé bara tilviljun. Mig skyldi nú ekki undra það, þó að það væri að einhverju leyti dræmur áhugi fyrir málinu hjá hv. stjórnarliði, því að þegar farið er aftur inn á uppbóta- og styrkjaleiðina og það allriflega, þá dettur kannske einhverjum af hv. þm. stjórnarliðsins í hug, að það hafi verið talað af allmikilli kokhreysti hér áður um, að styrki og uppbætur ættu menn ekki að sjá framar í íslenzku atvinnulífi. Nú ættu íslenzkir atvinnurekendur og íslenzkur atvinnurekstur að fá að standa á eigin fótum, og styrkir og uppbætur, ég tala nú ekki um 30 millj. til nokkurra aðila, það ætti ekki að þurfa að sjást framar. Ég held þess vegna, að það ætti þó a. m. k. eitt að eiga að vera öruggt, þegar inn á styrkja- og uppbótaleiðina er farið aftur, að hún dugi þá.

Hingað til hefur verið svo frá gengið, þegar styrkja- og uppbótaleiðin hefur verið farin á Íslandi, að togararnir og önnur skip hafa gengið. Það er séð um það þannig, að togararnir hafa verið gerðir út — og hafa verið gerðir út svo að segja stanzlaust árið um kring. Og það hefur þótt vera alldrjúgur skildingur, sem við höfum fengið í íslenzkt þjóðarbú með þeirri útgerð og með því að tryggja þá útgerð. Og við tryggðum hana m. a. með því að veita styrki og uppbætur. Og þá lágu ekki togararnir hér bundnir við hafnargarðinn, ég tala nú ekki um árum saman.

Ég held því, að það sé fyllilega til athugunar, þegar stærstu og stórvirkustu framleiðslutæki Íslendinga eru nú stöðvuð, að það sé farið að gera það upp og það af hv. stjórnarliði, hvort þessi aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt á undanförnum árum, sé rétt. Ef hæstv. ríkisstj.

getur ekki sagt okkur það nú við 3. umr. þessa máls, að þessi leið, sem hún nú fer inn á með þessum aflatryggingasjóði, sé örugg til þess að láta togarana ganga, þá sé ég ekki betur en hún sé að dæma allt sitt kerfi til dauða, ekki aðeins allt, sem hún hefur gert fram að þessu viðvíkjandi gengislækkunum og öðrum róttækum aðgerðum gegn almenningi í landinu, heldur líka sjálft það, sem í þessu frv. felst, þessa styrkja- og uppbótaleið, þessa takmörkuðu styrkja- og uppbótaleið, sem ríkisstj. nú er að fara inn á.

Ég held þess vegna, að það dugi ekkert kák í þessum hlutum. Við verðum að geta tryggt það með þeirri stjórn, sem Alþ. og ríkisstj. hefur tekið að sér á atvinnulífi Íslendinga með gengislækkunum, styrkjum, uppbótum og öðru slíku, að hlutirnir gangi þá a. m. k., en standi ekki kyrrir. Þess vegna álít ég það vera mjög eðlilegt, að við fáum einmitt nú við 3. umr. þessa máls alveg fulla tryggingu fyrir, að svo sé. Almenningur hefur látið allmiklar fórnir í té, að vísu engan veginn viljugur, vegna þess að almenningur í landinu hefur ekki haft trú á þeirri stefnu, sem upp hefur verið tekin af hæstv. ríkisstj. Almenningur hefur látið miklar fórnir í té og þær hafa verið teknar af honum með valdboði. Ríkisvaldinu hefur verið beitt vægðarlaust til þess að eyðileggja samninga, sem verkamenn hafa haft við atvinnurekendur, og eftir að þeir samningar hafa verið eyðilagðir, hafa síðan verið framkvæmdar tvennar gengislækkanir, þannig að þær fórnir, sem almenningur hefur fært, eru nú orðnar slíkar, að fátækt er aftur leidd yfir almenning á Íslandi og samfara henni meiri vinnuþrælkun en áður hefur tíðkazt.

Lífsafkoman, miðað við vinnu á Íslandi, er orðin lökust á öllum Norðurlöndum, að Færeyjum meðtöldum, lakari en hjá Færeyingum. Kaupgjald venjulegs hafnarverkamanns í Stokkhólmi er nú 12 sænskar kr. eða 96.00 ísl. kr. á klst., meðan það er 23 kr. hérna heima, og þykir, að vondir menn séu að drepa þjóðfélagið, þegar hækkað var upp í 24 kr.

Þessar fórnir hafa verið færðar. Ísland hefur verið sett úr því að vera með einna hæstan lífsstandard af öllum Norðurlöndum niður í að vera fyrir neðan þau öll og ekki aðeins hvað snertir launin, heldur hvað snertir öll félagsleg réttindi, ellilaun og allt annað slíkt. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að almenningur spyrji: Er allt þetta, sem gert hefur verið, er allt þetta, hvernig gengið hefur verið á hag almennings á undanförnum þrem árum, er þetta allt saman gagnslaust? Er eftir þetta allt saman ekkert annað ráð til en að fara inn á styrkja- og uppbótaleið? Og er þá farið af slíkum ræfilsskap og slíku fyrirhyggjuleysi inn á þá styrkja- og uppbótaleið, að það sé ekki öruggt að neitt gangi?

Meðan togaraeigendum var borgað út úr ríkissjóði það, sem þurfti til að togararnir gengju, vissu togaraeigendur eitt, og það var það, að þeir fengu ekki þessa peninga úr ríkissjóði, nema því aðeins að togararnir gengju. Þeir fengu sinn ákveðna styrk á dag fyrir þann tíma, sem togararnir gengu, og þar með hafði ríkið það tangarhald á þeim, að þeir höfðu hitann í haldinu og stöðvuðu ekki sína togara. Þeim var ekki borgað fyrir að láta þá liggja. Ég vil spyrja þá menn, sem hafa beitt sér fyrir því hér, að styrkja- og uppbótaleiðin væri afnumin, hvort þeir hafi annað kerfi á hendinni til þess að gera það öllu öruggara, að íslenzk atvinnutæki séu rekin?

Það er búið að óskapast mikið út af styrkja- og uppbótaleiðinni, og þótti undarlegt að greiða styrk til handa togaraeigendum og öðrum atvinnurekendum til þess að reka fyrirtækin. En það sýndi sig þó a. m. k. eitt með því, að fyrirtækin voru rekin, en ekki stöðvuð. Ég held þess vegna, að fyrir almenning í landinu hljóti nú að vera að því komið, að hann geri kröfu til þess að sjá þann árangur a. m. k. af öllum þeim fórnum, sem hann hefur verið látinn færa nauðugur, að stórvirkustu tæki Íslendinga, togararnir, séu í fullum rekstri og að það sé tryggt. Og hver er nú afstaðan viðvíkjandi rekstri togaranna sem stendur? Á ég þar sérstaklega við þá stöðvun togaranna, sem nú stendur yfir.

Ég vildi í fyrsta lagi leyfa mér að gera að umtalsefni þá afstöðu, sem í ljós hefur komið hjá togaraeigendum, því að ég held, að hún sé lærdómsrík fyrir alla aðila, sem láta sig einhverju skipta, hvernig íslenzku þjóðfélagi verður stjórnað framvegis. Ég notaði einu sinni það orð, — ég held það hafi verið 1959, — um þá stefnu, sem farið var inn á, þegar mest bar á því, að ýmsir voldugir atvinnurekendur og skuldugir, kannske ríkir, fóru að heimta, að fyrirtæki ríkisins væru tekin og seld þeim með góðu verði, að það liti svo út sem vissir atvinnurekendur á Íslandi ætluðust til þess, að gerð yrði eins konar gagnbylting einkaauðvaldsins hér og þeim fengið í hendur ekki aðeins síldarverksmiðjur, áburðarverksmiðjan og annað fleira slíkt, bæjarútgerð togara og annað þess háttar, heldur jafnvel líka held ég, að marga þeirra hafi dreymt um að yfirtaka Landsbankann sem hlutafélag og annað þess háttar. Það var engum efa bundið, að það var verið að gefa undir fótinn nokkrum stórskuldugum atvinnurekendum í landinu um, að þeir ættu nú að verða voldugri menn en áður. Síðferðilega undirstaðan, sem verið var að gefa þeim, var þessi, að nú skyldu atvinnurekendur standa á eigin fótum héðan af. Það hefur nú gengið böksulega með það, og skal ég ekki um það ræða. En eitt er alveg greinilegt, að vissir atvinnurekendur hér á Íslandi eru farnir að gerast alldjarfir og gerast allfrekir um kröfur til Alþingis. Ég sé nú, að rétt um það leyti sem ég fór héðan burt af þinginu um tíma, hefur borizt bréf frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem er ritað 12. marz, og í því bréfi stendur þessi klausa, með leyfi hæstv. forseta, — þeir hafa gert kröfu til þess, að vökulögunum verði breytt í gamalt horf, og segja svo:

„Verði ekki umrædd breyting á vökulögunum gerð, sjáum vér enga möguleika á því að mæta kröfum sjómannafélaganna um hækkað kaupgjald á togurunum, svo að þeir geti hafið veiðar á ný, og er það því undir hæstv. Alþ. komið, hvort togaraútgerð leggst alveg niður hér á landi eða ekki.“

Mér sýnist þetta allskörulega mælt. Það er a. m. k. ekki verið að tvínóna neitt við hlutina. Það er alveg greinilegt, að þeim togaraeigendum, sem haldið hefur verið uppi af ríkinu undanfarin 15—20 ár, þeim sömu togaraeigendum, sem varð að kaupa til þess fyrir 17 árum að eignast þessa togara og gefa þeim alveg sérstaklega góða skilmála til þess, af því að þeir voru sjálfir þá trúlausir á togaraútgerð á Íslandi, — þessir togaraútgerðarmenn eru sem sé farnir að setja Alþingi Íslendinga stólinn fyrir dyrnar. Þessir togaraútgerðarmenn segja nú við Alþingi Íslendinga: Verði ekki lögum breytt, þá getur togaraútgerð lagzt niður á Íslandi.

Það, að það er togaraútgerð á Íslandi í dag, er ekki þessum mönnum að þakka í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, þó að þeim finnist ástæða til þess að taka mikið upp í sig nú. Það voru ekki þeir, sem áttu frumkvæðið að því, heldur voru þeir frekar til trafala, er um það var að ræða að fara að afla þeirra togara, sem nú eru reknir. Nú eru það þeir, sem kveða upp úr með, að togaraflotinn verði látinn liggja og togaraútgerð leggist niður, svo framarlega sem vökulögin í núverandi mynd verði ekki afnumin. M. ö. o.: þeir ætla nú að taka sér löggjafarvaldið í hendur. Þeir ætla nú að fyrirskipa Alþ., hvernig það skuli setja lög.

Ég held, að þetta sé dálítið lærdómsríkt fyrir þá aðila, ekki sízt Alþfl., sem hefur ekki getið sér öllu betri orðstír fyrir það, sem hann gerði í gamla daga, þegar við hæstv. sjútvmrh., núv. form. Alþfl., vorum báðir í honum, heldur en einmitt fyrir að hafa komið á togaravökulögunum upphaflega og barizt ásamt öðrum góðum mönnum fyrir því máli. Ég held, að það sé vert fyrir Alþfl. og þá, sem hafa barizt fyrir breyt. á togaravökulögunum á undanförnum 40 árum, síðan þau voru fyrst knúin í gegn, að athuga, hvernig komið er. Þessi tónn af hálfu íslenzkra togaraeigenda er svo óviðeigandi gagnvart Alþ., að það á að kenna þessum mönnum að tala ekki svona aftur, þeir hafa sannarlega ekki úr háum söðli að detta. En mér sýnist þetta hins vegar vera nokkuð sláandi tímanna tákn, hvernig svokallaðir auðmenn á Íslandi halda að þeir geti boðið Alþ. og alþýðu allt eftir þriggja ára reynslu af núv. stjórn.

Mér er spurn: Hvers eðlis er sú stöðvun, sem nú er á togurunum? Það er sagt, að þetta sé verkfall, og ég vil nú spyrja þá hv. þm., ekki sízt úr Sjálfstfl., sem stundum tala eitthvað af litlu viti að mínu áliti um verkföll: Hvers eðlis er þetta verkfall? Er þetta verkfall til þess að eyðileggja þjóðfélagið? Er þetta verkfall til þess að koma ríkisstj. og atvinnulífinu á kné? Er þetta verkfall af einhverjum illum öflum, sem hlýða framandi fyrirskipunum til þess að eyðileggja þjóðlíf Íslendinga? Er það vont verkfall, bara gert til þess að fá kjarabætur, sem þjóðfélagið ekki ber, eins og íslenzkir togaraeigendur lýsa yfir? Eða er þetta gott verkfall? Er þetta verkfall, sem kemur sér ákaflega vel fyrir t. d. togaraeigendur í landinu? Hvers kyns er þetta verkfall að áliti Sjálfstfl.? Eru verkföll mjög mismunandi kannske eftir því, hverjir gera þau? Hingað til hefur ekki mátt gera verkfall í þessu þjóðfélagi, án þess að það væri sagt, að það væri verið að rífa þjóðfélagið niður, það væri verið að ofbjóða kaupgetu almennings. Og ég vil spyrja: Hverjir eru það, sem standa núna að þessu verkfalli? Eru það slík vond öfl, eða eru það góð öfl? Hvað er það, sem aðskilur verkföll í slíku sambandi? Ég hélt, að hv. sjálfstæðismenn, sem stundum hafa talað hér alldjarft, þegar verkföll eru, hefðu nú tækifæri til þess að tala.

Mér þykir mjög leiðinlegt, að hv. 12. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sem ég held að eigi sæti í stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur, skuli ekki vera staddur hér á þingi nú. Hann gæti kannske gefið upplýsingar um þetta, og e. t. v. geta einhverjir atvinnurekendur úr hópi Sjálfstfl. líka látið sitt ljós skína í sambandi við þetta. Þeir hafa stundum ekki legið á liði sínu, þegar verkföll hafa verið háð. Og ég vil spyrja, ef fleiri fara í verkfall á morgun, fleira verður stöðvað: Eru það þá ekki líka góð verkföll, fyrst þetta er gott verkfall, sem nú er, og sjálfstæðismenn hafa ekkert við það að athuga? Ég vil leyfa mér að spyrja að því, hvers eðlis þetta verkfall sé, eftir að sú tilkynning hefur borizt, sem ég hef fyrir framan mig, frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Það liggur sem sé fyrir, að F. Í. B. ætlar sér ekki að semja, nema Alþ. breyti lögum, togaravökulögum. Mér skildist á hæstv. sjútvmrh. áðan, að það væri engin sérstök trygging fyrir því, þó að aflatryggingasjóðsfrv., sem nú er um að ræða, yrði sett í gegn, að togaraeigendur þar með færu af stað. Enda virðist það fram ganga af þeirra bréfi, að slíkt hafi ekki þar áhrif á.

Mér sýnist nú svo komið, þótt hvað formið og upphafið snertir sé hér um verkfall að ræða frá hálfu sjómannafélaganna, þá sé raunverulega um leið komið á með þeirri tilkynningu til Alþingis, sem Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda hefur gefið, eins konar verkbanni frá hálfu togaraeigenda. Þeir hafa lýst því yfir, að verði ekki gerð umrædd breyt. á vökulögunum, þá sé það undir Alþ. komið, hvort togaraútgerð leggist niður hér eða ekki, þeir sjái sér ekki fært að láta togarana hefja veiðar á ný, m. ö. o. setja Alþ. algerlega stólinn fyrir dyrnar.

Menn tala hér mikið um aflabrest á togurunum, minnkaðan afla. Rétt mun það vera. Ég býst við, að meðalafli á hvern sjómann á okkar togurum hafi fyrir nokkrum árum, jafnvel síðasta áratuginn, verið kringum 140 tonn á sjómann, hann muni nú síðasta árið eða a. m. k. árið 1960 vera um 100 tonn á mann. Þó að það hafi minnkað afli hér hjá okkur á Íslandi, þá held ég engu að síður, að það sé enn sem komið er mesti afli á mann, sem þekkist á nokkrum veiðitækjum, sem veitt er á hér við N.-Atlantshafið. Meðan okkar togarasjómenn afkasta slíku magni á hvern sjómann, þá er sannarlega eitthvað dularfullt við sjálfan reksturinn og aðbúnaðinn í landi, ef ekki er hægt að láta þessi stórvirku tæki ganga. Vissulega er þar margt að athuga, eins og oft hefur verið komið inn á, en ekki fengizt leiðrétt.

Mér sýnist þess vegna, að það ástand sé nú að skapast hér, að raunverulega séu togaraeigendur með hótunum gagnvart Alþ. að setja

verkbann á togarana. Ég veit og man, að slíkum aðferðum hefur verið beitt fyrr. Togaraeigendur hafa haldið sig volduga aðila hér á Íslandi áður. Ég man vel eftir því 1936, þegar þáv. vinstri stjórn sat að völdum, stjórn Alþfl. og Framsfl., stjórn hinna vinnandi stétta, eins og hún kallaði sig. Þá var það eitt sumarið, ég held, að það hafi áreiðanlega verið 1936, sem togaraeigendur lögðu togurum til þess að reyna að knýja fram ákveðnar aðgerðir af hálfu stjórnarvaldanna. Og það lítur nú út fyrir, að togaraeigendur haldi, að þeir geti farið inn á þessa leið á ný og sett ríkisstj. og Alþ. stólinn fyrir dyrnar um þessa hluti. M. ö. o.: eftir þriggja ára undanlátssemi við auðmannastéttina í landinu virðist hún nú vera komin á það stig, að hún ætli sér að fyrirskipa, hvers konar lög Alþ. setji.

Ég held, að það sé tími til kominn, að við athugum alvarlega, hvernig komið er með togaraútgerðina, alveg sérstaklega, þegar að þessu er komið. Ég býst ekki við, að Alþ. muni kæra sig um að horfa upp á það, að togaraútgerð á Íslandi leggist niður, til þess er hún allt of mikill þáttur í íslenzkri framleiðslu. Ég trúi því ekki heldur, að jafnvel þeir, sem nú segjast sjá mikla björgun í að fá hér erlent fjármagn gegn því að reka verksmiðjur við okkar fossa, mundu vilja kippa fótum undan íslenzkri togaraútgerð og láta hana leggjast niður. Ég veit, að frá sumra sjónarmiði kæmi ekki sú lausn til greina, að útlendingar væru látnir reka þá togaraveiði, sem fram færi hér við Ísland, og við Íslendingar færum jafnvel að kaupa aftur af þeim, og þætti manni það þó spor aftur á bak, að við yrðum nú að biðja svo að segja Hellyer & Co. og aðra slíkrar hjálpar eftir að hafa þó reynt að standa á eigin fótum frá því 1926.

Ég held þess vegna, að við verðum að horfast í augu við það, að á þessum málum verður að finna lausn. Ef það háttar svo sérstaklega til með íslenzka togaraútgerð, ýmist út frá náttúrlegum vandræðum, sem hún lendir í, svo sem minnkuðum afla, eða út frá þeim þjóðfélagslega aðbúnaði að henni, með vexti og annað slíkt, að venjulegir einkaatvinnurekendur treysta sér ekki til að reka hana og bæjarútgerðirnar eru að kikna undir hennar rekstri, en þjóðarbúið þarf samt sem áður á þessum togurum að halda og rekstri þeirra, þá er ekkert annað ráð til þarna en þjóðnýting togaranna, ekkert annað ráð til en það gamla mál, sem Alþfl. og aðrir flokkar, sem að einhverju leyti hafa fylgt sósíalistískum hugmyndum, hafa frá upphafi vega á Íslandi lagt til.

Það má vel vera, að það sé hægt að finna ný ráð til þessa rekstrar. Það má vel vera, að það sé líka hægt að sjá um ýmiss konar verkaskiptingu, þannig að ríkið eigi þá togarana, en t. d. bæjarútgerðir reki þá, en ríkið taki á sig vissa hluti í þessu sambandi. En það er bezt alveg frá upphafi að gera sér það ljóst, að einhver ráð verðum við að finna hér á Alþ. til þess að leysa þessi mál. Og það er a. m. k. það eina góða við það bréf, sem F. Í. B. hefur hingað sent, að þeir gera þessar kröfur til Alþ., að Alþ. leysi þessi mál, sem sýnir það raunar, að jafnt kapítalistar á Íslandi sem aðrir álíta, að það séu ekki aðrir aðilar en þjóðfélagið sjálft og þess fulltrúi, Alþ., sem séu færir að sjá um, að íslenzkur atvinnurekstur sé rekinn.

Ég held þess vegna, að við eigum að taka það mál til umr., hvort okkar svar við svona kröfum frá hálfu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda eigi ekki beinlínis að vera það að koma strax á þjóðnýtingu á togurunum. Og fyrir þá hæstv. ríkisstj., sem nú fer inn á styrkja- og uppbótaleiðina í þessum efnum, þá held ég jafnvel að sumu leyti, af því að ég veit, að henni er hálfilla við þessa styrkja- og uppbótaleið, að það væri kannske miklu hreinna af henni að ganga þarna beinlínis inn á þjóðnýtingu. Við göngum þá út frá því, að það sé ákveðið tap, sem ríkið taki að sér af togararekstri, rétt eins og ríkinu finnst sjálfsagt að reka svo og svo mikið af því, sem við þurfum að reka á Íslandi með tapi, það sé nauðsynlegt vegna almenningsheilla. Og við stöndum frammi fyrir því raunverulega, eftir að F. Í. B. hefur sett okkur hnífinn á hálsinn, hvort eigi að reka togaraútgerð á Íslandi eða ekki. Og ef við erum sammála um, að eigi að reka hana, þá held ég, að við eigum alvarlega að taka það til umr., hvort við eigum ekki að koma á þjóðnýtingu á togaraflotanum.

Ég held, að það hafi verið Haraldur Guðmundsson, sem skrifaði einmitt í gamla daga í Rétt, 1926, þegar ég var að taka við því tímariti, mjög góða grein um þjóðnýtingu togaraflotans. Og allan þennan tíma hefur þetta verið nauðsyn. Hins vegar hafa ekki verið pólitískar aðstæður á landinu til þess að knýja þetta fram. En alveg tvímælalaust er þetta langsamlega bezta leiðin í þessu efni. Og þegar atvinnurekendurnir gefast upp eftir tvennar gengislækkanir og eftir allt annað, sem þeir hafa fengið, og segjast ekki geta rekið þetta áfram, nema farið verði áratugi aftur í tímann hvað snertir mannréttindi sjómanna, þá held ég, að tími sé kominn til þess að athuga þetta mál þannig.

Þó að margt sé nauðsynlegt og rétt og margt líka athugavert í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og mætti betur fara, þá er þrátt fyrir það, að inn á styrkja- og uppbótaleið sé farið, enn þá tvístigið í þessu sambandi. Langöruggasta og réttasta leiðin í þessu, sérstaklega eftir þá hótun, sem fram hefur komið í þessu efni frá togaraeigendum, væri beinlínis að stofna til þjóðnýtingar á togaraflotanum, nema einhverjir séu á því, að togaraútgerðin eigi að leggjast niður. Ég held, að þeir menn ættu þá að gefa sig fram, því að allt þetta frv. miðar við að halda henni gangandi.

Ég er ekki að meina, þegar ég tala um þjóðnýtingu á togaraflotanum, endilega þjóðnýtingu á honum öllum. Ég veit, að það eru ýmsir atvinnurekendur hér á Íslandi, sem hafa sýnt dugnað í því að reka sína togara og hafa frá upphafi haft áhuga á þeim málum og hafa sýnt stórhug, þegar aðrir hafa legið niðri eða verið afturhaldssamir. Og ég vil síður en svo meina, að þjóðfélagið ætti þar með að fara að taka af þeim togarana. En hitt er öllum ljóst mál, að sumpart þeir togarar, sem engan veginn eru verr reknir öðrum atvinnurekstri, og hins vegar togarar bæjarútgerðanna, þetta er vandamál, sem verður að leysa. Og ég held, að ríkiseign á

togurunum, þó að bæjarútgerðir hefðu rekstur á þeim með sérstökum samningum á milli ríkis og bæja, gæti verið ein bezta lausnin í þessu máli á þeim hluta togaraflotans, sem þjóðnýttur væri. Og nú er það svo, að yfirgnæfandi meiri hluti togaraflotans er rekinn af opinberum aðilum eða sama sem það. Það er engum efa bundið, að gagnvart bönkunum, sem nú taka oft allmikinn gróða á þessu, gagnvart vátryggingafélögum og öllum slíkum aðilum, þá stæði ríkið sjálft miklu betur að vígi en þessi einstöku bæjarfélög og slíkir til þess að mæta kröfum þessara aðila um háa vexti, há vátryggingargjöld og annað slíkt. Og við sjáum það hvort sem er, að við hjökkum alltaf í sama farinu viðvíkjandi þessum hlutum. Við erum komnir hringinn núna á þessum þrem árum, eftir að vera búnir að fara í tvennar gengislækkanir og binda vísitöluna eða afnema vísitöluna. Við erum komnir inn á styrkja- og uppbótaleiðina aftur. Þarna væri því langbezt að gera hreint borð.

Ég vildi aðeins segja þetta hér, af því að ég hafði ekkert tækifæri til þess að taka þátt í umr. um þetta mál á tveim fyrri stigum þess hér í hv. deild.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós, að ég er ekki sammála þeim, sem halda því fram vegna þeirra stundarerfiðleika, sem togaraútgerðin býr við í dag, að við eigum að hverfa í vaxandi mæli frá togaraútgerð að bátaútgerð. Ég held, að við verðum að setja okkur það mark, ef við á annað borð ætlum að halda uppi útgerð í þessu landi, að togaraútgerð verði verulegur þáttur hennar. Ef við lítum í kringum okkur, sjáum við, að flestar aðrar fiskveiðiþjóðir standa nú í því að auka sinn togaraflota verulega og sýna þannig í verki, að þær hafi fulla trú á þeirri grein útgerðar. Og ég held, að við verðum að setja okkur það takmark að dragast ekki aftur úr í þeim efnum fremur en á öðrum sviðum sjávarútvegsins.

Ég held líka, að þegar á heildina er litið og á nokkurra ára skeið, sýni reynslan, að hér á landi hefur togaraútgerðin sízt reynzt óarðbærari en bátaútgerðin, og vil ég þó ekki neitt illt um hana segja, síður en svo. Þess vegna held ég, að það sé vafasamur málflutningur, eins og dálítið ber á, að það sé eins og verið að ala á ríg á milli bátaútgerðarinnar og togaraútgerðarinnar, metast á um það, hvor standi undir hinni o. s. frv. Ég held, að þetta sé óheppilegt og þarna eigi að vera sem bezt samvinna á milli. Það hefur sýnt sig, að stundum vegnar bátaútveginum betur, stundum togaraútgerðinni og sennilega oftar, þegar litið er yfir lengri tíma. Þetta held ég sé nauðsynlegra að hafa í huga heldur en hallmæla þeim, sem kannske stendur verr að vígi í það og það skiptið.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum vegnaði togaraútgerðinni betur en bátaútgerðinni, og þá voru það ýmsir, sem voru að hnýta í bátaútgerðina og tala um, að við ættum að hverfa í vaxandi mæli frá henni og taka upp togaraútgerðina, og þá voru uppi stórfelldar áætlanir um togarakaup og annað þess háttar í því sambandi. Nú er þetta öfugt hjá ýmsum. En ég held, að þetta sýni okkur aðeins, að það sé ekki vert að vera að deila svo mikið um, hvor þessara atvinnugreina sé heppilegri eða nauðsynlegri, heldur verði niðurstaðan sú, að þær séu báðar nauðsynlegar og það eigi að vera takmarkið að reka báðar þessar greinar útgerðar á sem víðtækastan hátt.

Þess vegna álít ég, að þeim stundarerfiðleikum, sem togaraútgerðin býr við núna, eigi að reyna að mæta á þann veg að skapa henni arðvænlegan rekstrargrundvöll, þó að þurfi að taka upp eitthvert styrkjakerfi í því sambandi. Og ég satt að segja er ekki neitt hræddur við það, þó að einstökum atvinnugreinum séu veittir styrkir til að komast yfir tímabundna erfiðleika eða jafnvel þó að sé um lengra skeið, því að við höfum dæmi fyrir augunum hjá þeim þjóðum, sem hafa staðið sig einna bezt í efnahagslegri uppbyggingu á undanförnum árum, eins og t. d. Vestur-Þjóðverjar, þá hafa þeir mjög víðtækt styrkjakerfi á ýmsum sviðum. *Ég hygg t. d.*, að þýzkur landbúnaður njóti tiltölulega meiri styrkja og uppbóta í ýmsu formi heldur en íslenzkur landbúnaður, svo að ég vil segja, að það sé hálfgerð hjátrú, þegar menn eru að fordæma það, að það séu styrktar ýmsar atvinnugreinar eða jafnað á milli atvinnuvega. Sú tilfærsla er eðlileg og nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi. Þess vegna álít ég, að þegar þetta mál, afkoma togaraútgerðarinnar, er tekið upp til meðferðar hér á Alþ., þá eigi að stefna að því að ganga þannig frá því máli, að það tryggi togaraútgerðinni sæmilega arðvænlegan grundvöll, og það eigi ekki að skiljast öðruvísi við málið.

Þess vegna harma ég, að mér virtist það koma fram eða mega lesa það á milli orðanna hjá hæstv. sjútvmrh., að hann drægi í efa, að það frv., *sem hér liggur fyrir*, ef það verður samþ., eða þær aðgerðir, sem í því felast, muni reynast fullnægjandi til að tryggja togaraútgerðinni arðvænlegan grundvöll og þeim mönnum, sem við hana vinna, sæmilega afkomu. Hæstv. ráðh. bar því við, að þegar frv. hafi verið samið eða um það leyti, sem verið var að semja frv., hafi menn ekki vitað um togaradeiluna eða vitað um, að það væri á næstu grösum, að togarasjómenn færu fram á kjarabætur. Ég held, að þeir menn, sem hafa samið þetta frv., hafi þá fylgzt ótrúlega illa með, því að það hefur staðið fyrir dyrum um langt skeið, að togarasjómenn færu í verkfall til þess að knýja fram kjarabætur. Það vita allir, sem eitthvað hafa fylgzt með kjörum sjómannastéttarinnar á undanförnum árum eða missirum, að *hlutur togarasjómanna hefur farið versnandi* samanborið við aðra sjómenn og aðrar stéttir, sérstaklega bátasjómennina. Þess vegna var ekki nema eðlilegt og það, sem allir vissu, að togarasjómenn mundu bera fram kröfur um bætt kjör. Og það er eðlilegt, enda nauðsynlegt fyrir togaraútgerðina sjálfa, því að ef hún á að hafa sæmilega gott starfslið, verður hún að geta boðið svipuð kjör og bátaútgerðin. Það hefur hún ekki gert á undanförnum missirum, og þess vegna var óhjákvæmilegt og átti að reikna með því, þegar þetta frv. var samið, að

slíkar kröfur kæmu fram, eins og nú hefur líka átt sér stað. Það var líka vitanlegt, að eftir að gengið var lækkað á s. l. ári, þá mundi það knýja enn meir á togarasjómenn að krefjast leiðréttinga á sínum hlut. Eftir gengisfellinguna var alveg óhjákvæmilegt, að togarasjómenn færu fram á leiðréttingu á þeim kjörum, sem þeir búa við og eru miklu lakari en aðrir sjómenn hafa notið að undanförnu.

Ég get ekki heldur fallizt á það hjá hæstv. ráðh., þegar hann var að tala um, að það lægi ekki enn fullkomlega fyrir, væri ekki hægt að segja um það enn þá, hvort þetta frv. reyndist fullnægjandi til að tryggja sæmilega rekstrarafkomu togaraútgerðarinnar eða ekki. Ég held, að menn hljóti að vera búnir að vega þetta og gera þetta upp. Það eru orðnar 3 vikur, síðan togaraverkfallið hófst, og það er eðlilegt, að menn hafi farið að vega og meta, eftir að það var skollið á, hvort þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, séu nægjanlegar til að tryggja togaraútgerðinni viðunandi rekstrargrundvöll og þann grundvöll, sem þarf, til þess að hún geti boðið sínum starfsmönnum svipuð kjör og aðrar greinar útgerðarinnar.

Þar sem liggur nú fyrir, að það er búið að standa verkfall á togurunum um þriggja vikna skeið og litlar líkur til þess að óbreyttu, að það leysist, þá finnst mér, að Alþ. geti ekki skilið við þetta mál, það geti ekki lokið störfum sínum öðruvísi en það sé búið að koma málefnum togaranna í það horf, að rekstur þeirra verði tryggður, því að það sjá allir, hvílíkt tjón það væri fyrir þjóðina, ef þessi stórvirkustu atvinnutæki hennar væru látin ónotuð mánuðum saman. Það yrði tjón, sem yrði erfitt að bæta. Og þó að þurfi að borga kannske eitthvað heldur meira til togaranna en ella, þá borgar það sig náttúrlega mörgum sinnum, heldur en að láta þessi tæki liggja ónotuð.

Ég held, að það sé líka misskilningur, sem hefur komið fram hér í umr., að það væri einhver styrkur fyrir bátaútgerðina að láta íslenzku togarana liggja, vegna þess að þá væru þeir ekki á þeim miðum, sem hún stundaði. Ég held, að ef menn hugsa svona, þá séu það ekki íslenzku bátarnir, sem fyrst og fremst græða á því, heldur væru það hinir erlendu togarar, sem samkv. þeim landhelgissamningum, sem Alþ. hefur samþ. í fyrra, mundu fyrst og fremst fleyta rjómann ofan af því, ef íslenzku togararnir lægju bundnir í höfn, vegna þess að það eru fyrst og fremst þeir, sem eru á sömu miðum og íslenzku togararnir og mundu njóta þess, ef þeir væru látnir ónotaðir.

Þess vegna held ég, að hæstv. ríkisstj. megi ekki líta á þetta mál frá því sjónarmiði, að hún sé eitthvað að styrkja bátaútgerðina með því að láta íslenzku togarana vera bundna, því að það er síður en svo, að um slíkt sé að ræða. En það er þjóðin öll í heild, ekki aðeins togaraútgerðarmenn og sjómenn, sem tapa á því, heldur þjóðin öll, ef togararnir eru látnir vera ónotaðir tímum saman.

Ég vil þess vegna vænta þess, þó að það væri kannske ekki hægt að koma því við hér í þessari hv. d. að breyta þessu frv. í það horf, að það reynist fullnægjandi til að ná því takmarki, sem því er ætlað, að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar, þá væri reynt að færa málið í það horf í Ed., að í því felist fullnægjandi lausn í þessum efnum, og þá jafnframt, að það verði tekið tillit til þess, áður en endanlega verður frá málinu gengið á Alþ., að það skapi togaraútgerðinni möguleika til að greiða þeim sjómönnum, sem við hana starfa, viðunandi kjör og þau kjör, sem þeir fara fram á. En það hygg ég líka, að þar sé um mjög sanngjarnar óskir að ræða, enda eru það ekki bölvaðir kommúnistarnir eða stjórnarandstæðingar, sem hafa gert þessar kröfur, heldur eru það stjórnarsinnar sjálfir, sem að þeim standa, sem ráða í því félagi, sem þessar kröfur hefur gert. Þess vegna dreg ég ekki í efa, að ríkisstj. viðurkenni, að þær séu ekki gerðar af neinu ábyrgðarleysi eða fjandskap við ríkisstj., svo að það ætti ekki að tefja fyrir framgangi þeirra.

Hitt vil ég taka undir, sem hefur komið fram hér í umr., að ég álít það hreina fjarstæðu að ætla að leysa þetta mál, togaradeiluna, á þann hátt að skerða hvíldartíma togarasjómanna frá því sem nú er. Ég held, að það sé einhver allra mesti sigur, sem Alþfl. hefur nokkru sinni unnið, þegar hann fékk því endanlega framgengt á Alþ. 1955, að sett voru þau togaravökulög, sem nú eru í gildi, þar sem það var alveg sérstaklega tekið fram, að ekki mætti í samningum, — það er mikilvægasta grein þess frv., — að ekki mætti í samningum á milli sjómanna og togaraeigenda ákveða lengri vinnutíma en lögin mæla fyrir um. Og þessi sigur Alþfl., — lokasigur Alþfl. í þessu máli, — hann var unninn undir þeim kringumstæðum hér á Alþ., að þá var hann í stjórnarandstöðu. Þetta var á þingi 1955. En þá þótti þetta orðið það sjálfsagt mál, að ekki aðeins stjórnarandstæðingar, sem þá sátu á þingi, heldur einnig þeir flokkar, sem stóðu að stjórninni, Framsfl. og Sjálfstæðisfl., samþ. þessa till. Alþfl. þá. Og það kemur að sjálfsögðu ekki til greina að mínum dómi eða ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að Alþfl. fari að hrófla neitt við því frv. eða þeirri löggjöf, sem hann fékk setta um þetta efni á þingi 1955. Þess vegna hljóta útgerðarmenn að gera sér fulla grein fyrir því, að það er þýðingarlaust að ætla að fara inn á þá braut, enda er það ekki heldur sú rétta leið, sem þeir eiga að fara í þessum efnum. Þeir eiga að gera kröfu til þess, að þjóðfélagið sjái um það, að þessi þýðingarmikli atvinnurekstur fái starfhæfan rekstrargrundvöll, og það á hann að geta fengið, án þess að farið sé að níðast á sjómönnum á nýjan leik.

Ég vil svo að endingu endurtaka það, að ég álít, að Alþ. megi ekki láta þetta mál frá sér fara að þessu sinni, öðruvísi en það sé tryggt, að togaraútgerðinni sé búinn viðunandi rekstrargrundvöllur og hægt sé að ganga til móts við þær óskir, sem sjómenn hafa borið fram um kjarabætur. Ég álít, að það eigi að vera þau meginsjónarmið, sem eigi að vera ráðandi við afgreiðslu þessa máls í þinginu. Ég held hins vegar, að það sé ekki nein lausn, sem hefur komið hér fram, að fara að breyta um rekstrarfyrirkomulag á togurunum, að taka upp þjóðnýtingu og annað þess háttar. Við höfum reynt

þetta á vissan hátt, þar sem bæjarútgerðirnar eru, og ég held, að það rekstrarfyrirkomulag hafi ekki borið þar neitt af rekstri einstaklinga og einstakra fyrirtækja, að það sé ástæða til að gera stórar breytingar í þeim efnum, heldur sé það að ýmsu leyti heppilegast eins og nú á sér stað, að báðir þessir rekstrarhættir séu viðhafðir, og það fái þannig að sýna sig í reynd, hvor þeirra gefst betur.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í sambandi við brtt. mína á þskj 565 varðandi heimild til aðstoðar við togbátana. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, að telja má, að þessi skip, sem hér er um að ræða, eigi rétt til bóta úr hlutatryggingasjóði almennt séð. Hins vegar fæ ég ekki séð, að það komi í raun og veru þessu máli beinlínis við, vegna þess að aðstoð sú, sem gert er ráð fyrir að veita samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, er ekki aðstoð frá hlutatryggingasjóði og ekki veitt samkvæmt reglum hlutatryggingasjóðs. Hún er alveg utan við starfsemi hans vegna aflabrests á árinu 1960. Hins vegar á aðstoðin frá 1961 að verða veitt af hlutatryggingasjóði og eftir hans reglum. Jafnvel þótt þarna væru tengsl á milli, þá held ég mér sé óhætt að fullyrða, að greiðslur þær, sem togbátar hafi fengið úr hlutatryggingasjóði, séu til þessa mjög litlar eða nær engar, ef þær eru þá nokkrar. Hins vegar mun það vera í athugun nú, eftir á, að greiða þessum skipum einhverjar bætur, og má vel vera, að sú verði niðurstaðan, það verði gert, en það er mjög í óvissu, að ég hygg, hvort einhver greiðsla kemur og hve mikil hún verður. Ef sú greiðsla yrði það há fyrir árið 1960, að stjórn hlutatryggingasjóðs, sem á að veita aðstoðarfé, þætti þar nóg að gert, þá mundi hún að sjálfsögðu ekki nota heimildina, þó að hún væri í lögunum. Ég sé því ekki, að það geti verið neitt athugavert við það, þó að þessi heimild sé í lögunum. Stjórn hlutatryggingasjóðs er væntanlega trúandi til að nota hana, ef ástæða er til, og að nota hana ekki, ef ástæða er ekki til.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Mig langar til að segja fyrst nokkur orð út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hann vildi, að mér fannst, harma það, að horfið hefði verið frá hinni gömlu og góðu styrkjaleið og farið yfir á allt aðra leið með tilkomu núv. ríkisstj. Ég held, að hvað sem öðru líður, þá muni togaraeigendur ekki harma, að það hafi verið horfið frá þessari leið, vegna þess að einmitt þá var togaraeigendum ákveðið verð fyrir sínar afurðir, sem var miklu lægra en það, sem bátarnir fengu, og að þeirri verðákvörðun búa togaraeigendur enn. Það er þessi rangláta styrkjaleið, sem hefur orðið mestur þyrnir í þeirra holdi og skapað þeim langmestu erfiðleikana. Hefði ekki verðið til togaraeigenda verið ákveðið fyrir þeirra fisk, alveg nákvæmlega sama fiskinn og bátarnir komu með, miklu lægra en það, sem bátarnir fengu, þá hefðu þeir vissulega staðið öðruvísi að vígi að mæta þeim erfiðleikum, sem nú eru á veginum. Og það að breyta til frá þessu styrkjakerfi yfir í það núverandi, þar sem allir standa jafnt að vígi og fá jafnt fyrir sinn fisk, er áreiðanlega til góðs, hvað sem annars kann að verða sagt um muninn á styrkjaleið og þeirri leið, sem nú hefur verið farin.

En það er ekki eins og þetta hafi verið það eina, sem togaraeigendunum hefur verið rétt í höndina á undanförnum árum. Nei, það var vissulega fleira. Það var tekinn af þeim allur möguleiki til að selja fisk í Bretlandi, að vísu ekki fyrir ákvörðun íslenzkra valdhafa beinlínis, heldur sem afleiðing af þeirra ákvörðun. Það fékkst ekki eftir breytinguna á fiskveiðilögsögunni 1952 seldur uggi af fiski á einum okkar bezta markaði, í Englandi, fram til 1956, og allir vita um það, sem síðar hefur gerzt. M. ö. o.: bæði var verðmismunur hafður uppi á togarafiski og öðrum fiski og bezti markaðurinn af togurunum tekinn, og í þriðja lagi beztu aflasvæðin af togurunum tekin með stækkun landhelginnar. Ég held að vísu, að þó að allir séu sammála um, að það hafi verið nauðsynlegt að vernda þessi fiskveiðasvæði fyrir togurum, og þá alveg sérstaklega erlendum togurum, þá verði ekki fram hjá því gengið, að einmitt með þessari ráðstöfun hafi togaraútgerðin á Íslandi beðið þann hnekki, sem hún er ekki enn þá búin að jafna sig eftir, og vafasamt, að hún geri það nokkurn tíma.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki um neina allsherjarlækningu á rekstri togaranna, alls ekki. Þetta frv. fer einungis fram á það, að togaraeigendunum sé bættur nokkur hluti af þeirri aflarýrnun, sem orðið hefur hjá þeim vegna ráðstafana, sem gerðar hafa verið af íslenzkum stjórnvöldum. Og þessar bætur eru veittar með því að taka togarana upp í það, sem einu sinni hét hlutatryggingasjóður, en hefur nú verið breytt nafni á og kallað aflatryggingasjóður, til þess að þeir geti þar fengið nokkra bót fyrir þá aflarýrnun, sem þeim hefur verið búin.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi láta líta svo út, að hér væri verið að fara inn á styrkjaleiðina á ný, gömlu styrkjaleiðina, sem framkvæmd var hér á síðasta áratugnum. En ég held, að það sé algert rangnefni að kalla þá úrbót, sem hér er veitt, styrkjaleið, a. m. k. með sama skilningi á því orði og var þá, vegna þess að hér er um það að ræða fyrst og fremst að stofna til tryggingakerfis, sem togararnir njóti góðs af, alveg á nákvæmlega sama hátt og íslenzkir fiskibátar hafa notið þar stuðnings, ekki sem styrks, heldur sem tjónabóta á svipaðan hátt og tryggingafélag greiðir. Iðgjaldagreiðslur til þessa tryggingakerfis eru að nokkru leyti frá togaraútvegsmönnum sjálfum og að nokkru leyti frá ríkissjóði, og ég tel það sannarlega ekki óeðlilegt, að ríkissjóður taki þarna nokkurn þátt í greiðslunni, vegna þess að hið opinbera hefur búið að þeim svo á undanförnum árum, að aflabrestur hefur orðið hjá togurum miklu meiri en ætla má að hefði orðið, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar.

Það er þess vegna fyrst og fremst, vil ég segja, með þessu frv. verið að bæta það aflatjón, sem orðið hefur á árunum 1960 og 1961, og það er verið að gera togarana þátttakendur í sama

tryggingakerfinu og bátarnir hafa búið við að undanförnu. Hvort þetta verður sá Kínalífselixír, sem dugir togurunum, á hverju sem gengur, það skal ég ekki fullyrða um enn.

Hér hefur verið blandað inn í þeirri vinnudeilu, sem nú er uppi milli togaraeigenda og sjómannasamtakanna. En ég sé ekki, að hún komi nokkurn skapaðan hlut þessu máli við. Það, sem hér er um að ræða, er, á hvern hátt verði bætt togaraeigendunum aflatjónið 1960 og 1961 og hvernig bætt verði það aflatjón, sem kann að verða á næstu árum. Svo kann að vera ýmislegt annað í rekstri togaranna, sem þarf sinnar athugunar við og kannske sinnar aðstoðar, ég skal ekki um það segja á þessu stigi málsins. Og ég skal ekki heldur segja um það á þessu stigi málsins, hvernig takast má að leysa þá vinnudeilu, sem nú er uppi. Það hafa oft verið vinnudeilur í þessu landi, og venjan hefur verið sú að láta þær ganga sér til húðar og láta aðila semja sjálfa um lausn deilunnar, án þess að Alþingi eða ríkissjóður komi þar til.

Hv. 3. þm. Reykv. kunni ráð til að leysa vinnudeiluna. Hann vildi taka upp ríkisrekstur á togurunum, og má sjálfsagt út af fyrir sig um það tala. En það bara vantar botninn í þá hugsun, því að það er enginn, að ég veit, þingmeirihluti fyrir því að gera þessa ráðstöfun. Ég heyrði það a. m. k. á þeim hv. þm. Framsfl., sem talaði hér síðast, hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), að hann var ekki tilbúinn að játast undir þá aðferð f. h. síns flokks, svo að það er, þó að það út af fyrir sig kynni að vera góð leið í sjálfu sér, sem ég skal ekki fara út í að ræða hér, bara ekki til sem nothæf leið, vegna þess að það vantar í hana botninn.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. kom hér í sinni ræðu inn á bréf Landssambands ísl. útvegsmanna og vildi telja, sem er rétt að nokkru leyti, að stjórn Landssambandsins væri óánægð með þessa lausn, sem hér er fengin. Sú óánægja kemur sjálfsagt, að mínu viti, fyrst og fremst vegna þess, að það er stofnað til jöfnunarsjóðs með þessu frv., sem á að reyna — eins og stóð í frv. um ráðstafanir í sambandi við gengisbreytinguna — að mæta tímabundnum erfiðleikum sjávarútvegsins. Við vonum það allir, að þeir erfiðleikar, sem togaraútgerðin á nú við að stríða, séu tímabundnir, þannig að úr rakni síðar, og þá er það ætlað jöfnunardeild aflatryggingasjóðs að aðstoða við að bæta úr þeim erfiðleikum, sem af aflaleysi stafa. Þó að það séu togararnir nú, þá geta það vissulega orðið bátarnir næst. Og ég tel ekkert því til fyrirstöðu, að það sé hafður þarna einhver sjóður, sem hægt sé að grípa til, þegar neyð knýr að dyrum, hvort sem er hjá togurum eða bátum. Landssambandið telur, að eins og nú standa sakir, þá séu það togararnir, sem hagnist kannske mest á þessum sjóði, og það kann að vera rétt. En ég vil þó segja, að í sambandi við bæturnar fyrir 1960, þá eru þær greiddar að öllu leyti úr ríkissjóði, en bæturnar 1961 verða sjálfsagt að verulegu leyti greiddar af því framlagi, sem í jöfnunarsjóðinn á að renna.

Nú vil ég líka í því sambandi geta þess, að þegar brbl. um ráðstafanir í sambandi við gengisbreytinguna í fyrrasumar voru sett, þá var í þeim það ákvæði, að þó að framlagið til hlutatryggingasjóðs hækkaði upp í 1¼% úr ½ og ¾ af hundraði, þá var ákveðið í þeim, að hlutur ríkissjóðs skyldi vera óbreyttur í krónum talið frá því sem var, eða 8½ millj. kr. á ári. Nú hefur þessi upphæð ríkissjóðs verið hækkuð um 9 millj. kr. á ári, hvorki meira né minna, og náttúrlega gefur að skilja, að það munar aflatryggingasjóðinn mikið um. Að vísu hafa komið hér fram raddir um það, að vissulega bæri ríkissjóði að leggja fram meira eða allt að því jafnmikið og kæmi frá fiskiskipaeigendunum, en það er þó mikið í áttina, verð ég að segja, að meira en tvöfalda framlagið úr ríkissjóði, og það dugir til þess að standa undir verulegum hluta af þörfum jöfnunardeildar.

Þá skildist mér á þessum sama þm., hv. 5. þm. Norðurl. v., að hann væri óánægður með það kerfi, sem farið væri eftir við úthlutun bótanna, þ. e. a. s., eins og hann sagði, að verðlauna skussana. En ég vil benda á í því sambandi, að þetta er það kerfi, sem hefur verið í notkun alla tíð síðan hlutatryggingasjóðurinn var stofnaður. Og kerfið hefur mikið til síns ágætis, þó að vissulega megi nokkuð að því finna. Hv. þm. vildi nú segja, að það gæti verið hagnaður fyrir fiskimanninn að taka lífinu með ró og bíða bara eftir því að geta hirt arðinn úr hlutatryggingasjóði, en ég held, að það sé ranglega dróttað að íslenzkum fiskimönnum, að þeir hafi tekið lífinu með ró með sína sjósókn og beðið bara eftir framlagi úr hlutatrygginga- eða aflatryggingasjóði. Þeir gera sjálfsagt allir það, sem þeir geta, og leggja sig fram til þess að ná aflanum sem mestum.

Ég veit raunar, að með togaraeigendum er út af fyrir sig ekki fullkomin ánægja með þetta fyrirkomulag. Þeir hafa frekar kosið þann háttinn, að höfð yrði ákveðin og jöfn greiðsla til hvers togara, á meðan þessi eymd gengi yfir. En ríkisstj. taldi sér ekki fært að breyta frá því grundvallar-prinsipi, sem hlutatryggingasjóðurinn var byggður upp á og hefur verið yfirfært til hins nýja aflatryggingasjóðs. Til þess að mæta þessu þó að nokkru leyti, þá er látið opið, hvernig úthlutað verði bótunum fyrir árið 1960, og kemur þá til greina að reyna að ná samkomulagi um það, að það verði þá að einhverju leyti farið inn á þá leið þar, sem togaraútvegsmenn óska eftir. Þess má geta í þessu sambandi, að t. d. hafa Bretar með þeim bótum, sem þeir hafa látið sínum togaraeigendum í té, farið inn á þá leið að veita ákveðna upphæð á úthaldsdag, og mætti hugsa sér að fara þá leiðina fyrir árið 1960, ef samkomulag næðist um það. Það hefur vissa kosti í för með sér að fara þá leið líka, þó að við höfum ekki treyst okkur til að breyta grundvallarhugsun aflatryggingasjóðsins í þá átt.

Ég held, að það sé alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan, að stundum vegnar bátaútveginum betur og stundum miður, stundum eru það togararnir, og þess vegna beri að haga starfsemi aflatryggingasjóðsins þannig, að hönd styðji hendi, bátarnir styðji togarana, þegar þess þarf með, og togararnir styðji svo bátana, þegar bátarnir þurfa á aðstoð að halda. En ég

vil leggja á það áherzlu, að þetta er ekki styrkveiting á sama hátt og var hér áður fyrrum, heldur nálgast þetta a. m. k. það mjög mikið að vera tryggingastarfsemi, sem kemur til framkvæmda með tjónabótum, þegar aflinn fer niður fyrir visst mark.

Hér var minnzt á togbátana, og hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur flutt brtt. um þá við bráðabirgðaákvæði frv., þannig að þeir yrðu teknir með í bótagreiðslurnar. Út af þessu vil ég aðeins segja, að það liggja ekki fyrir neinar skýrslur um þessa togbáta, og þegar unnið var að samningu þessa frv., voru hafðir í huga hinir venjulegu stærri togarar, en togbátarnir ekki, þannig að ef þeir yrðu teknir með að einhverju eða öllu leyti, væri með því raskað þeim grundvelli, sem frv. þetta er byggt á, enda mun hafa komið til greina, eins og lýst var hér af frsm. meiri hl. sjútvn., að þeirra hlutur verði á annan hátt bættur.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins örfá orð, sérstaklega út af einum þætti í þessu máli, sem ég hef raunar vikið að áður, bæði í sambandi við gengislækkunar-kálfinn, sem við köllum svo í gamni, og eins mun ég hafa vikið að því við 1. umr. þessa máls. En það er að ætla sér að lögfesta þá óhæfu að leggja nýja skatta á bátaútveginn til þess að standa undir töpum togaranna. Ég tel alveg óhæfu að lögfesta annað eins og þetta. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við, fordæmdi hún með miklu yfirlæti allar uppbætur, allar tilfærslur til og frá í efnahagskerfinu, og dæmdi þær með öllu óalandi og óferjandi. Að vísu braut ríkisstj. þessa stefnuyfirlýsingu sína, að allt slíkt skyldi fordæmt, strax með því að láta niðurgreiðslur á vöruverði innanlands ekki aðeins haldast, heldur stórauka þær, því að útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur innanlands eru í raun og veru eins og endarnir á sama prikinu. Það er bara sá munur, að niðurgreiðslurnar eru notaðar til að lækka framleiðslukostnaðinn, en útflutningsuppbæturnar til að hækka útflutningsverðið. Þetta var því að miklu leyti vindur, sem kom fram um þetta hjá hæstv. ríkisstj. En sterkar yfirlýsingar voru þetta nú þó, þótt brotnar væru strax að þessu leyti.

Alveg sérstaklega var þó lögð áherzla á, að öll mismunun væri stórhættuleg. Það yrði hver að búa óstuddur við þau skilyrði, sem hann hefði, og öll mismunun, þ. e. a. s. allur stuðningur við einhverjar sérstakar greinar þjóðarbúsins, væri gersamlega fordæmanleg og stórhættuleg, því að hún yrði, sagði hæstv. ríkisstj., til þess, að ekki kæmi fram rétt mynd af því, hvaða atvinnurekstur skyldi stunda í landinu. Allt riði á því, að þetta fengi að vega sig óstutt, og kæmi þá glögg mynd af því, hvað hver um sig gæti. Og þeir, sem ekki gætu klárað sig óstuddir, hvort sem það væru einstaklingar eða atvinnuvegir, yrðu að heltast úr lestinni og hætta, enda væri lífsnauðsyn fyrir þjóðarbúið, að slík starfsemi legðist niður. Á þetta var lögð feikna áherzla.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. líka brotið þessar yfirlýsingar og þessar kenningar, sem líka voru að miklu leyti fásinna, vegna þess að það nær auðvitað engri átt, að allt það eigi að detta niður, sem kann að eiga í erfiðleikum, jafnvel um stundarsakir. Stundarsakir í þessu tilliti geta verið t. d. nokkur ár, þegar um atvinnugreinar er að ræða, sem eiga sér mikla „tradition" og mikla sögu. Þessi kenning hæstv. ríkisstj. var því auðvitað fásinna, eins og bezt kemur fram í því, að nú kemur hæstv. ríkisstj. fram með uppástungur um að veita togaraútgerðinni sérstakan stuðning — mikinn stuðning.

Mér þykir líklegt, að svo framarlega sem togaraútgerðin á að halda áfram svo sem hún þarf að gera, þurfi hæstv. ríkisstj. að koma, áður en langt um líður, og gera ráð fyrir frekari ráðstöfunum í þá átt að styðja þá útgerð.

En nú er hæstv. ríkisstj. hér komin með mál, sem algerlega brýtur í bága við þessar óviturlegu yfirlýsingar og fordæmingar, að öll mismunun og allur stuðningur væri fjarstæða. Um það er ekki að villast, að með þessu frv. eru teknar upp uppbætur til togaraútgerðarinnar í stórum mæli. Það er að vísu reynt að dulbúa þetta með því að kalla þetta breytingu á aflatryggingasjóðnum, hlutatryggingasjóðsfyrirkomulaginu, og láta ríkið leggja peninga inn í slíkan sjóð fyrst, áður en þeir renna til stuðnings togaraútgerðinni o. s. frv. Og það mun vera gert í tvennu skyni. Annars vegar til þess að dulbúa þetta nokkuð, vegna þess að það virðist ríkja dálítil feimni við að viðurkenna, að allar þessar stefnuyfirlýsingar um að fordæma mismunun og stuðning gátu alls ekki staðizt. Þetta virðist vera önnur ástæðan til þess að dulbúa þetta með þessum hætti. Hin ástæðan til þess, að svona er gengið frá þessu, að umstokka allan aflatryggingasjóðinn — hlutatryggingasjóðinn — og gerbreyta honum, er sú, að ætlunin er að láta bátaútveginn borga að verulegu leyti töp togaraútgerðarinnar.

Í þessu sambandi er ekki hægt að komast hjá því að minna á, í sambandi við þessar kenningar um það, hvað öll mismunun væri hættuleg, að þá var á það bent, hvað það væri hættulegt, að borgað væri af almannafé til þess að halda uppi atvinnugrein, sem stæði höllum fæti. Það var alveg fordæmt. En alveg sérstaklega og umfram allt var þó fordæmt, ef einhver ein atvinnugrein væri dæmd til þess að standa undir annarri. Það var talið alveg hámark vitleysunnar, því að svo vafasamt sem það væri að taka af almannasjóði, óskiptu þjóðarbúinu, til að standa undir einhverri grein, þá tæki þó alveg út yfir, ef einhverjum dytti í hug að láta eina tiltekna grein í þjóðarbúskapnum taka aðra á sig, því að það væri tvöföld mismunun, og er það rétt, — ekki aðeins venjulegt uppbótakerfi með öllum þeim göllum, sem auðvitað eru á því, heldur væri það tvöföld mismunun.

En nú er þetta lagt til, og er það tvöfalt brot á þeim reglum, sem hæstv. ríkisstj. setti sér í upphafi, því að það er ekki aðeins, að ein atvinnugrein sé studd, heldur er líka í leiðinni annarri, og í þessu dæmi bátaútveginum, íþyngt, — íþyngt til að styðja aðra grein.

Ég vil alveg sérstaklega, eins og ég tók fram í upphafi þessara fáu orða, mótmæla þessu sem fullkominni óhæfu. Ég mótmæli því sem fullkominni óhæfu að skattleggja bátaútveginn á

þessa lund til að standa undir taprekstri togaranna. Ég bendi á, að það er alveg óhugsandi, að þetta geti staðizt til lengdar, þegar þess er gætt, að bátaútvegurinn, íslenzki sjávarútvegurinn, verður að standa í harðri samkeppni sem útflutningsatvinnugrein við sjávarútveg í öðrum löndum. Og hvernig halda menn, að slíkt muni geta tekizt, ef ofan á allt annað, sem sjávarútveginum er ætlað að láta af mörkum til þjóðarbúsins, er farið að skattleggja sérstaklega eina grein útvegsins eins og bátaútveginn til þess að styðja aðra, sem sérstaklega stendur höllum fæti, í stað þess að þjóðarbúið í heild taki að sér að styðja þá grein, sem höllum fæti stendur, togaraútgerðina? Það er þetta, sem ég legg áherzlu á, að sá kostnaður, sem við það verður að styðja togaraútgerðina, komi af óskiptu þjóðarbúinu. Það álít ég að eigi að gera, því að ég álít, að togaraútgerðin eigi alls ekki að falla niður.

Ég tel, að togaraútgerðin eigi inni, eins og ég hef margtekið fram í sambandi við þessi mál, — að hún eigi inni hjá íslenzka þjóðarbúinu. En það er þjóðarbúið sjálft, sem á að greiða sína skuld við togaraútgerðina, en hitt er fjarstæða, að ætla bátaútveginum að standa undir þessu. Ég mótmæli því og það var til þess fyrst og fremst, sem ég kvaddi mér hljóðs, til þess að mótmæla því enn einu sinni, áður en það kynni að verða samþykkt hér í hv. deild.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Eins og öllum er í fersku minni, var það aðalfagnaðarboðskapur viðreisnarinnar á síðum hinnar hvítu bókar, sem gefin var út á kostnað ríkisins, að hennar hlutverk og markmið væri að gera þær ráðstafanir, að íslenzkur sjávarútvegur gæti staðið á eigin fótum án nokkurra uppbóta eða styrkja. Nú er þó augljóst mál, að svo er komið einum þætti íslenzkrar útgerðar, eftir allar viðreisnarráðstafanirnar, m. a. tvær gengislækkanir, að stórvirkustu atvinnutæki þjóðarinnar, togararnir, eru stöðvuð og safnast fyrir í Reykjavíkurhöfn. Nálgast nú, að 30 togarar séu komnir inn fyrir hafnargarðana í geymslu.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er hugsað sem aðstoð við togaraflotann í því formi að taka það fé, sem lagt hefur verið sem skattgjald á vélbátaflotann á undanförnum árum og ekki hefur verið varið í aðstoð honum til handa, heldur hefur safnazt þar fyrir sem sjóðseign. Nú munu vera í hlutatryggingasjóði bátaútvegsins um 40 millj. kr., og er það a. m. k. skýrt, að ætlunin er að taka 30 millj. af þeim til aðstoðar við togarana. Móti þessu mun ríkisstj. ætla sér að leggja á næstu árum, með því að láta bankana koma þar inn í bili og veita það sem lánsfé, aðrar 30 millj. kr. Og þannig er hugsunin að leggja togaraflotanum nú til á þessu stigi málsins um 60 millj. kr.

Það er ekki hægt um það að deila, að hér er auðvitað verið að fara inn á stórfellda styrkjaleið, og þannig alveg krossbrotin fyrirheit viðreisnarinnar, að vísu ekki gert fyrr en allt er komið í strand, en þá er gripið til þessa ráðs og þá gripinn fyrst sá peningurinn, sem lagður hefur verið á bátaútveginn og ekki verið borgaður út til aðstoðar við hann, heldur fyrirfinnst þar sem sjóðseign. Þetta átti auðvitað að vera öryggisforði bátaútvegsins og þarf að vera tiltækur sem slíkur. En nú er aðgerðin, sem hæstv. ríkisstj. kemur auga á, sú að sópa innan úr hlutatryggingasjóði og hirða að mestu leyti þá sjóðseign, sem átti að vera bátaflotanum til öryggis. Þetta er kannske hægt að telja augnabliksúrræði, en það er þó varla hægt að viðurkenna það sem neitt úrræði til frambúðar. Það er áreiðanlega nokkuð djarft teflt að taka þennan öryggissjóð bátaútvegsins og ráðstafa honum öðrum til handa. Og það verður áreiðanlega ekki vel séð af þeim, sem standa að vélbátaútgerð á Íslandi. Það fer sjálfsagt svo, að það verður sópaður innan hlutatryggingasjóðurinn og tekinn til þess, eins og hæstv. sjútvmrh. sagði í dag, að grynna á skuldum togaranna frá liðnum árum.

Látum þetta nú vera, ef þetta hefði verið úrræði til þess að koma hinum bundna togaraflota úr höfn og gera þá aftur að atvinnutækjum í þjónustu lifandi atvinnulífs. En svo er ekki. Hæstv. ráðh. hefur játað, að þetta er ekki til annars en að grynna eitthvað á skuldum togaranna frá liðnum árum. Og virðist auðsætt af því, að það er búizt við því af hæstv. ríkisstj., að togararnir verði eftir sem áður, þó að sópað sé innan hjá hlutatryggingasjóði, bundnir í Reykjavíkurhöfn, engin atvinnutæki fyrir íslenzka sjómenn fremur en áður.

Hæstv. sjútvmrh. var í dag að því spurður, hvort hæstv. ríkisstj. teldi, að með samþykkt frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins mundi verða leyst togaradeilan. Ég skildi svör hans þannig, að svo væri ekki, ríkisstj. byggist ekki við, að þessi aðstoð við togaraflotann hrykki til þess, að þeir semdu við sjómenn og togaradeilan leystist. Ég fékk ekki skilið betur en ríkisstj. byggist við, að togaraflotinn yrði eftir sem áður bundinn í höfn, þótt að honum yrðu réttar þessar 60 millj. kr., 30 millj. úr hlutatryggingasjóði bátaútvegsins og frá bönkunum í lánsformi það fé, sem ríkissjóður ætlar sér að leggja fram á nokkrum næstu árum á móti.

Nú er enn fremur ætlunin með þessu frv., að í viðbót við það að taka þann sjóð, sem hefur myndazt hjá bátaflotanum, og verja honum til hjálpar togaraflotanum, án þess að það veki vonir um, að togararnir fari af stað, þá er enn fremur ætlazt til þess í frv., að hækkuð verði skattlagningin á bátaflotann, ekki til þess að efla hans sjóð sem eins konar sárabætur fyrir það, sem úr sjóðnum er nú tekið, nei, heldur til þess að verja því líka, a. m. k. fyrst um sinn, til togaranna, með það þó fyrir augum, að allar líkur bendi til að togararnir liggi áfram. Þetta held ég að flestir muni telja ófullnægjandi úrræði, misheppnuð úrræði og rangláta úrlausn.

Ef togararnir koma til með að liggja áfram í Reykjavíkurhöfn vikum eða kannske mánuðum saman, hví geta þeir þá ekki legið þar með skuldabyrðar sínar frá liðnum árum? Hvers vegna þarf að létta skuldabyrðunum af þeim liggjandi í Reykjavíkurhöfn? Er málið þá aðkallandi? Ég sé það ekki. Ég sé ekki annað en

þeir gætu prýðilega legið hér við hafnargarðana, án þess að leyst væru skuldavandkvæði þeirra frá liðnum árum. Þá sé ég ekki betur en sé verið að taka sjóðseign bátaflotans og skattleggja hann enn þá þyngra, bara sem eins konar innheimtustarfsemi fyrir bankana. Ég tel það óviðurkvæmilegast af öllu. Þá verður þetta frv. og framkvæmd þess ekkert annað en innheimtustarfsemi fyrir bankana og engin þjónusta við atvinnulífið. Ef þessi aðstoð verður ekki til þess að leysa togarana og koma þeim í rekstur, þá segi ég: Þá er málið ekki aðkallandi. Þá geta togararnir alveg eins legið með sína gömlu skuldabagga í höfninni.

Það er furðulegt, en þó mun það rétt vera, að fátækir færeyskir sjómenn, sem myndað hafa með sér samvinnufélagsskap, m. a. um útgerð togara, telja það ekki vera áhættusamt fyrirtæki að taka nú íslenzka togara á leigu og gera þá út á Grænlandsmið, ef þær gætu átt þess kost að fá þá leigða. En íslenzkir togaraútgerðarmenn, sem stundum hafa átt í stríðu og stundum hafa búið við blíðu, stundum vegnað vel og stundum illa, þeir leggja sínum skipum. Núna er einmitt sá tími árs, sem menn mundu halda að væri einna arðvænlegast fyrir íslenzka togaraútgerð að láta togarana sækja á Grænlandsmið, fara á saltfiskveiðar á Grænlandsmið, en þá liggja þeir hér.

Það er að vísu rétt, að það er erfitt að taka þá togara, sem stöðvuðust vegna verkfallsins, og leigja þá t. d. færeyskum sjómönnum, sem vilja hagnýta þá sem atvinnutæki fyrir sitt fólk, því að þeir þurfa að vera tiltækir fyrir íslenzka sjómenn, hverra atvinnutæki þeir voru, þegar verkfallið skall á, — þurfa að vera tiltækir þessu sama fólki, þessum sömu sjómönnum að verkfallinu loknu. Þess vegna er ekki eðlilegt, að stjórn togaraverkfallsins, forustumenn sjómannasamtakanna, geti heimilað það, að þeir togarar séu leigðir Færeyingum. En nú er það upplýst, að ⅛ af togaraflotanum hefur legið ónotaður í höfnum s. l. eitt ár og jafnvel síðustu tvö ár, og það væri ekki óeðlilegt, að bankarnir og ríkissjóður, sem eiga þá dauðu útgerð, heimiluðu færeyskum sjómönnum að taka einhverja af þeim togurum á leigu, sem nú eru í höndum ríkissjóðs og bankanna. Það er þó betra, að þessi tæki fái einhverjar leigutekjur og komi einhverjum sjómönnum að gagni, fyrst auðnan getur ekki verið okkur svo hliðholl, að það hnoss falli íslenzkum sjómönnum í skaut. Auk þess hefði ég gaman af því, að það sýndi sig vera fært færeyskum sjómönnum eignalausum að taka við íslenzkum togurum, stöðvuðum í íslenzkum höfnum, og gera þá út e. t. v. með sæmilega góðum árangri. Að því leyti væri ég þess hvetjandi, að einhverjir af þeim togurum, sem ekki stöðvuðust vegna verkfallsins, — voru stöðvaðir áður og verða því sennilega ekki tiltækir sem atvinnutæki handa íslenzkum sjómönnum, þó að verkfallið leystist, — yrðu þannig leigðir, allra helzt ef sú leiga gæti orðið til þess, að einhverjir af útgerðarmönnunum kæmust hjá að verða gjaldþrota, eins og ég hef nú nokkuð öruggar upplýsingar um, að slík leiga gæti e. t. v. orðið til að afstýra, svo að ein af fáum togaraútgerðum, sem eftir hjara út á landi, gæti e. t. v. komizt undan gjaldþrotinu í næsta mánuði.

Það er aðeins eitt úrræði, sem togaraútgerðarmenn íslenzkir hafa komið auga á sem hugsanlega leið til þess, að þeir gætu samið við sjómenn. Sú leið er, sem kunnugt er, sú, að togaravökulögin væru að litlu eða engu gerð. Og ég held því miður, að það hafi verið hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), sem fyrr á þessu þingi vék að því, að það væri vel hægt að leysa vanda togaranna íslenzku með því að lengja vinnutímann, þ. e. a. s. stytta hvíldartímann og fækka mönnum á togurunum, svo að vinnan, sem þar væri unnin um borð, væri unnin af færri mönnum, með minni tilkostnaði fyrir útgerðina, lengri vinnutíma og minni hvíldartíma. E. t. v. hafa togaraeigendur gripið þetta á lofti, er þessi hugmynd var komin fram innan þingsalanna, og því stigið það skref að skrifa sjútvn. beggja deilda þetta bréf og bera þennan boðskap fram, að viðlagðri hótuninni um það, að annars væri búið með íslenzka togaraútgerð. Ég vil þó heldur vona, að þetta hafi verið þeirra eigin uppfinning, en að þeir hafi fengið þessa hugmynd frá einum af þm. Vestf. Og það hygg ég, að sé nú öllum þorra landsmanna ljóst, að hugmyndin um að bjarga fjárhagslegri afkomu togaraútgerðarinnar með því að leggja togaravökulögin að velli, sú hugmynd sé dauðadæmd. Ég held, að flestir þeir, sem imprað hafa á þessu sem úrlausn, hafi nú heldur kippzt við og komizt að raun um það, að á þeim mönnum yrði ómjúklega tekið af íslenzku almenningsáliti, sem héldu áfram baráttunni fyrir því að leggja togaravökulögin að velli, — mesta menningarlega sigur, sem íslenzk sjómannastétt hefur unnið sér til verndar.

Það er alls ekki að ófyrirsynju, að togarasjómennirnir íslenzku boðuðu verkfall. Það var á seinni hluta ársins 1959, fyrir nokkuð á þriðja ár, að þeir sögðu upp sínum samningum og þraukuðu síðan og þraukuðu og báru fram sínar kröfur og biðu og biðu og væntu þess, að þeir fengju einhverja úrlausn og áheyrn. En tíminn leið og engin úrlausn fékkst, og loks á árinu 1962 notuðu þeir sinn verkfallsrétt og sögðu, að ef þeir ekki næðu samningum um einhver bætt kjör, hlytu þeir að ganga í land og leggja niður vinnu. Þetta kom því ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti, þetta hafði rösklega tveggja ára aðdraganda.

Ekki verður því við borið, að þarna séu ill öfl að verki. Auðvitað hefur Sjómannafélag Reykjavíkur haft forustuna í þessu máli með fyllsta stuðningi Sjómannafélags Akureyrar og verkalýðsfélaga þeirra, sem hafa samningsaðild fyrir togarasjómenn, bæði á Akureyri, Siglufirði, Patreksfirði og Hafnarfirði. Það er nú ekki nema á fimm stöðum á landinu, sem togaraútgerð hjarir enn þá. Það er búið að leggja hana í auðn á Austurlandi, og það er aðeins einn togaraútgerðarstaður á Vestfjörðum enn þá eftir, og svo eru það Reykjavík og Hafnarfjörður, Siglufjörður og Akureyri. Og forustufélag sjómannanna, Sjómannafélag Reykjavíkur, hefur að formanni einn af áhrifamönnum, ég held einn af framkvæmdanefndarmönnum Alþfl., og varaformaður þessa félags

er einn af hv. þm. Sjálfstfl. Og þeir fóru vissulega ekki af stað með kröfur sjómanna, fyrr en þeir voru til neyddir og fyrr en þeir eldar brunnu á baki þeim, sem þeir þoldu ekki lengur, og í von um það, að þeir með slíka aðstöðu, standandi föstum fótum hvor í sínum stjórnarflokki, kynnu að geta komið því fram, að einhverjar kjarabætur fengjust handa hetjum hafsins, togarasjómönnunum íslenzku, sem að meðaltali hafa dregið á land um 100 smálestir fisks á s. l. ári hver um sig.

En því miður, þeim virðist enn þá ekki hafa orðið ágengt, síður en svo, því að um það leyti, sem þessi mál komust á dagskrá, gerðist það hér á Alþ., að varaformaður Sjómannafélags Reykjavíkur, einn af hv. þm. Sjálfstfl., hvarf skyndilega af þingi, þegar einmitt hætta var á því, að þessi mál yrðu rædd innan þingsalanna, — þá hvarf þessi hv. þm. af þingi. Hann var auðvitað ekki líklegur til þess að bregðast málstað sjómannanna og leggja hér lið sitt til þess, að sú yrði eina aðgerðin í þessum málum að bera fram og samþ. hér eitthvert frv. um að grynna á skuldum togaraflotans, án þess að það leiddi á nokkurn hátt til þess, að málin leystust. Þá er hann sendur af þingi.

Ég hygg, að mörgum komi til hugar það, sem stóð í forustugrein í öðru aðalmálgagni stjórnarflokkanna um daginn, á þá leið, að efnahagsvandræðin séu í föstum farvegi og gangi bara vel. Þegar menn líta á togaraflotann í Reykjavíkurhöfn, þá er það eins og dæmigerð staðfesting á því, að hv. ritstjóri, einn af þm. Alþfl., hafi haft rétt fyrir sér í það sinn, að efnahagsvandræðin séu í föstum farvegi og gangi bara ljómandi vel: Togararnir allir bundnir. Þannig heppnast viðreisnin, — því að af hverju er það, sem togararnir eru sérstaklega bundnir? Það er af því, að tvennar gengislækkanir hafa orðið þessum atvinnuvegi þungar í skauti, í staðinn fyrir að þær voru sagðar eiga að bjarga togaraflotanum. Ég skal nefna nokkur dæmi. Vátryggingargjöld togara hafa hækkað úr 300—350 þús. kr. á skip upp í allra lægst 700 þús. kr. og allt upp í 1 250 000 kr., eftir því, hvort þetta eru eldri skip eða nýlega keypt skip, — vátryggingargjöldin ein hækka úr 300—350 þús. og í 700—1 250 þús. Olían hefur, ekki hvað sízt vegna gengislækkana, meira en tvöfaldazt í verði, og olíueyðsla eins togara nemur nú, eftir því sem kunnugustu menn herma, um 1.3 millj. kr. á ári. Svo kemur vaxtabyrðin. Hvað halda menn, að hún nemi miklu af aflamagni eins togara á ári? Það er eitthvað yfir millj. kr. Bankarnir taka þannig af hverjum togara meira en helminginn af þeirri upphæð, sem allur mannskapurinn á togaranum tekur til sín, — meira en helming. Það er því ekki skorinn mjög þröngur stakkur þeim öðrum aðilum, sem eiga viðskipti við togaraútgerð á Íslandi. En einn lið verður að skera eins naumt og hægt er, og það eru launin til togarahásetanna. Þau eiga að standa óbreytt ár eftir ár. Þau hafa staðið óbreytt, síðan samningar fengust seinast fyrir togara, sem var í árslok 1958. Er það alveg óvenjulega langt tímabil, sem launakjörum togaraháseta hefur verið haldið óbreyttum.

Helztu kröfur togarasjómannanna núna eru um það, að kaup þeirra, hásetakaupið, hækki úr 3 412 kr. á mánuði í rúmar 4 þús. kr. á mánuði og að skipverjar fái sama verð fyrir aflahlut sinn, sem er 17%, og útgerðin fær á hverjum tíma. Hækkunarkröfurnar nema þannig um 20—22%. Og það þarf enginn að undrast það, það eru ekki óbilgjarnar kröfur, þegar á það er litið, að þeirra kjör hafa staðið svona lengi óbreytt.

Það hefur blandazt hér inn í umr. um þetta mál, hvort svo sé komið, að það sé ástæða til að gefa upp alla von um íslenzka togaraútgerð. Ég held það sé síður en svo. Ég held, að þetta séu stundarerfiðleikar, sem þurfi að ráða fram úr á skynsamlegan hátt, en alls ekki nein sönnun þess, að við Íslendingar eigum að hætta togaraútgerð. Mér finnst liggja í augum uppi, að Íslendingar hljóti að vernda fiskveiðilandhelgi sína við Ísland til þess að varðveita alla möguleika fyrir bátaflotann, — bátaflota, sem byggður sé upp af ýmsum stærðum og gerðum vélbáta, smærri og stærri. En hins vegar eigum við auðvitað einnig að hafa togaraútgerð til þess að hagnýta auðæfi fiskimiðanna við Ísland á djúpmiðum, annars verða þau ónotuð eða eingöngu nýtt af erlendum þjóðum, og til þess að sækja fiskimagn á fjarlæg mið, og þess þurfum við líka. Hvorugt þetta má vanrækja. Og þessir tveir meginþættir íslenzkrar útgerðar verða að halda áfram.

Menn hafa haldið því fram í umr. um þetta mál, að hinn rýri afli togaranna á s. l. ári sé eingöngu aflatregðu að kenna og þannig óviðráðanlegt böl. En þetta er ekki með öllu rétt. Víst hefur það verið svo, að aflatregða hefur verið allmikil. En þegar verið er að bera saman heildaraflamagn togaraflotans íslenzka í tonnum talið móts við eitthvert annað ár, eins og t. d. 1958 eða 1959, þá verða menn að gæta þess, að þá var allur togaraflotinn hagnýttur, alla daga ársins 1958. Nú er það staðreynd, að þriðji hluti togaraflotans hefur legið ónotaður í höfnum s. l. ár. Og enn kemur fleira til, að samanburðurinn er ekki réttur. 1958 og 1959 lögðu íslenzku togararnir svo að segja allan afla sinn upp í íslenzk fiskiðjuver og voru þannig miklu fleiri daga á veiðum en þeir hafa verið nú s. l. tvö árin. Á s. l. ári fóru þeir fjöldamargar söluferðir til útlanda með afla sinn, því að helzt tókst togaraskipstjórunum og útgerðarmönnunum að halda hásetunum á skipunum með því, að þeir fengju að sigla. Og þeir voru látnir sigla, forðast Ísland eins og hægt var, sigla fram hjá því og í hverri veiðiför fóru 10—11 dagar frá veiðum í það að koma aflanum á sölumarkað. Í einum 5—6 söluferðum á ári fara þarna 55—60 dagar í siglingar fram og aftur milli landa til þess að koma aflanum á erlendan markað, og þessir dagar allir dragast frá veiðidögum flotans.

Þetta verða menn að taka með í reikninginn, þegar þeir eru að bera saman aflamagn — heildaraflamagn í tonnum 1958 t. d. og nýliðið ár. 55—60 veiðidagar eru teknir frá til þess að koma fiskinum á erlendan sölumarkað. Og þegar verið er að reyna að komast að niðurstöðu um fjárhagslega afkomu togarans eftir þetta ár,

þá verða menn auðvitað að taka með í reikninginn það, sem þeir voru að slægjast eftir með þessum siglingum. Það var að fá miklu hærra, margfalt hærra fiskverð í Englandi og í Vestur-Þýzkalandi heldur en hægt var að fá á Íslandi, og þennan mismun á fiskverðinu mátu þeir meira en þá töf, sem þeir urðu fyrir við veiðarnar, við að komast í samband við þennan sölumarkað.

Ég geri ráð fyrir, að þeir hafi valið hinn betri kostinn og að þeir hafi bætt fjárhagslega afkomu sína einmitt með því að notfæra sér þetta hærra verð. Hið rétta sé því, þegar slíkur samanburður sé gerður, að miða við aflaverðmætið 1958 og aflaverðmætið, sem togari hafi fengið með því að fara fram hjá Íslandi og selja óunna fiskinn erlendis. En hver sá, sem vildi svo reikna dæmið nákvæmar, hann mundi vitanlega einnig vilja athuga þá hliðina, hversu mikið íslenzkt þjóðfélag hafi svo skaðazt á því að selja óunninn fisk í staðinn fyrir unninn og forðast þannig Ísland, vegna þess að kjör sjómannanna voru orðin svo slæm, að þeir hefðu gengið í land fyrir löngu, ef þeir hefðu ekki selt aflann erlendis.

Útgerðarmennirnir hafa alltaf afsakað sig með því, þegar bent hefur verið á, hvers vegna þeir seldu aflann erlendis óunninn, í stað þess að leggja hann hér á land og vinna hann og fá fyrir hann hærra verð, — þá hafa þeir alltaf afsakað sig með því að segja: Ja, ef við gerðum það, þá kæmi í ljós, að togarakjörin eru svo léleg, að togarasjómennirnir mundu ganga í land. Þess vegna verðum við að sigla. Auk þess hafa þeir bent á það, að ef þeir legðu aflann á land hér, þyrftu þeir að bíða óratíma eftir að fá aflaverðmætið heim, sbr. að menn hafa orðið að bíða 8—10 mánuði, upp undir ári, hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eftir því að fá peningana heim. En þarna fengju þeir auk hins háa verðs aflaverðmætið greitt eftir hendinni. Og þegar væri farið að þrengjast um fyrir togaraútgerðinni, þá gæti hún ekki valið annan kost en þann, sem gerði henni mögulegt að halda togarahásetunum og að fleyta sér eitthvað lengur fjárhagslega, og ég skal varla lá þeim það. Það verður hver að reyna að bjarga sér, þegar í nauðirnar rekur, eins og unnt er. En þjóðhagslega er þetta ekki farsæl útgerðaraðferð, það er mönnum ljóst. Og hún bendir til þess, að það hefði þurft fyrir löngu að lagfæra kjör íslenzku togarasjómannanna, svo að hægt væri að fá þá til að una sínum hag, þó að togararnir legðu aflann hér upp til vinnslu, og til þess að tryggja það jafnframt, að þjóðin fengi meira verðmæti út úr fengnum afla. En togaraútgerðin var svo komin, að hún heldur því fram, að þetta hafi hún ekki getað þolað.

En hvað sem öllu öðru líður um þetta mál, þá undrast ég það mjög, ef allir gera sér ekki það ljóst, að höfuðatriði þessa máls hlýtur að vera að finna einhverja lausn á vandamálum togaraflotans, sem leysi togaradeiluna, sem geri það að verkum, að togararnir sigli út á veiðar og gerist aflandi tæki í þjóðarbúið. Það er talið, að togaraflotinn hafi á s. l. ári þrátt fyrir allt fært í þjóðarbúið 600—650 millj. kr. Og þó að viðreisnin hafi gengið prýðilega, þá tel ég þó, að það væri að missa dálitinn spón úr aski sínum fyrir hæstv. ríkisstj., ef togaraflotinn lægi og færi ekki í gang aftur og yrði ekki aflandi 650—700 millj. kr. Nema því aðeins, að það sé ekkert mismæli, heldur bara takmark, að efnahagsvandræðin eigi að vera í föstum farvegi og ganga vel.

Lausn á þessu máli, án þess að togaraflotinn fari af stað, er engin lausn. Það er enginn að bættari, þó að það séu teknar 60 millj. kr. og látnar til togaraútgerðarinnar, ef togararnir eiga að liggja áfram. Það væri miklu fremur tilvinnandi, að henni væru réttar nú 100 millj. kr. með einhverjum hætti, ef það mætti duga til þess, að útgerðin gæti samið við sjómennina og íslenzkir sjómenn fengju þessa togara aftur, þessi mikilvirkustu tæki þjóðarinnar, sem sín atvinnutæki og gætu dregið björg í bú þjóðarinnar. Ekkert annað en það er lausn á þessu vandamáli. Og ég skil ekkert í þeim hv. alþm., sem greiða atkvæði með þessu frv., nema því aðeins að þeir fái vitneskju um það, að samþykkt þess verði til að leysa togaradeiluna.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það eru nokkur orð út af ræðu hæstv. sjútvmrh. Ég skildi það ósköp vel hjá hæstv. ráðh., að honum var ekki beinlínis vel við, að það væri verið að telja þetta styrkja- og uppbótaleið, sem hér væri farið inn á, og vildi nú kalla þetta tryggingaleið. Ég er hræddur um, að þetta hefði þótt, eins og með klauflaxinn í gamla daga, vera að reyna að taka upp það, sem bannað var, með því að nefna það öðru nafni. Hann kom um leið inn á það, að togaraeigendur mundu ekki vera neitt hrifnir af styrkja- og uppbótaleiðinni, vegna þess að þeim hefði verið skammtað nokkuð smátt hér á árunum. Styrkja- og uppbótaleiðin og upphæð styrkjanna og uppbótanna var náttúrlega alveg sitt hvað. Styrkja- og uppbótaleiðin gat verið jafnrétt, þó að við skulum segja togaraeigendum hafi fundizt þeir ekki fá nægilega háa styrki eða nægilega háar uppbætur. Það var spurning um, á hvern máta sú pólitík var framkvæmd, og það, sem var náttúrlega aðalatriðið í sambandi við þá stefnu, sem þá var, þessa svokölluðu styrkja- og uppbótastefnu, eins og sumir hafa kallað, það var, að hún gekk, að þjóðfélagið gekk með henni, að atvinnulífið gekk, að togararnir lágu ekki.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að togararnir fengu minna í sinn hlut en bátarnir. Og eins og okkur alla rekur minni til, sem munum, hvernig þetta allt saman byrjaði, þá var það þannig, að gengið var lækkað 1950, og þar með átti að hverfa að fullu burt frá öllum ríkisábyrgðum og öllum slíkum ríkisafskiptum af atvinnuvegunum og sérstaklega sjávarútveginum á Íslandi. Gengið var sem sé lækkað, og þar með átti allt að komast á réttan kjöl. En það sýndi sig náttúrlega alveg eins og núna, að með þessu komast ekki hlutirnir á réttan kjöl. Það er bara hrein vitleysa og bábilja að láta sér detta það í hug, að með því að fella gengi einu sinni eða tvisvar sinnum, þá sé þar með búið að leysa vandamál íslenzks atvinnulífs. Í íslenzku atvinnulífi verður það svo,

að það verður að styrkja þá, sem styrks þurfa, vegna þess að þessi þjóð er svo smá og á svo mikið undir sínum atvinnutækjum, að hún verður að sjá um, að þau séu rekin, hvaða aðferðum sem hún svo kann að beita til þess á hverjum tíma.

Og eitt hefur sýnt sig og sýnt sig þannig, að það þarf ekki að deila um það, að sú aðferð að ætla að láta einkaatvinnurekstur á Íslandi annast um atvinnulífið á Íslandi, hún hefur aldrei gefizt vel. Það hefur allt farið á hausinn, þegar það hefur verið reynt. Þegar þessi tilraun var gerð til þess að endurvekja ástandið úr kreppunni með gengislækkuninni 1950, þá leið ekki nema eitt ár eða á annað ár, þangað til varð að taka upp það, sem þá var kallaður bátagjaldeyrir. Það var tekið upp þá, af því að menn kunnu ekki við að fara inn á einhverja almenna styrkja- og uppbótaleið, og það var þess vegna byrjað með því að styrkja bátana, því að þeir þóttu sérstaklega þurfa styrks við, og raunar ekki bátana nema á þorskveiðum, ekki á síldveiðum, þannig að það var sem sé verið að hlífast við að fara þessa leið sem einhverja algilda leið í þjóðfélaginu. Það var ekki gert fyrr en smátt og smátt. Og það, sem hæstv. sjútvmrh. þess vegna var raunverulega að segja, að togaraeigendur hefðu verið að gagnrýna, var raunverulega, að styrkja- og uppbótaleiðin skyldi ekki frá upphafi, þegar hún var tekin upp 1952 eða hvenær sem það nú var, hafa verið farin þannig, að togarar skyldu þá styrktir alveg eins og bátar og jafnvel að síldveiðin væri styrkt alveg eins og þorskveiðin.

M. ö. o.: styrkja- og uppbótaleiðin eða hvað sem menn vilja kalla það, þetta er atriði, sem íslenzkt þjóðfélag kemur alltaf til með að fara aftur inn á, hvað margar tilraunir sem verða gerðar á áratugafresti, þegar menn eru búnir að gleyma einhverju af gömlu reynslunni, til þess að endurreisa hér hinn svokallaða ótakmarkaða einkaatvinnurekstur. M. ö. o.: það hefur sýnt sig, að leiðin hefur verið rétt, en það hefði þurft að framkvæma hana, það hefði þurft að ganga hana öðruvísi.

En þó verðum við nú að aðgæta það, sem hæstv. sjútvmrh. minntist á: Þótt togararnir hefðu fengið meiri peninga á þessum tíma og fengið þessa peninga fyrr og fengið þá ríflegar, hefðu þeir þá staðið betur að vígi í dag? Jú, vissulega hefðu þeir staðið ofur lítið betur að vígi. En við skulum bara gá að, hvað gerzt hefur á sama tíma: Peningarnir, sem þá hefði verið úthlutað til þeirra, eru ekki meira en sjötti, sjöundi partur sem andvirði af því, sem þeir mundu vera í dag, ef engar gengislækkanir og verðbólga hefðu farið fram, svo að það er gefið, að það hefði ekki hjálpað þeim nærri því eins mikið og ég held að hæstv. sjútvmrh. hafi haldið, þó að þeir hefðu fengið útborgaðan þó nokkurn gróða í íslenzkum peningum og þeir peningar legið hér, ef það hefði verið farið síðan inn á þá leið á eftir, sem farið hefur verið þessi tvö síðustu ár, að lækka íslenzka krónu eins gífurlega og gert hefur verið.

Þess vegna var það raunverulega ekki sjálf styrkja- og uppbótaleiðin, sem hæstv. sjútvmrh. var að gagnrýna eða telja, að togaraeigendur mundu gagnrýna þarna, heldur hitt, að hún hefði ekki verið farin í ríkara mæli gagnvart togurunum, þannig að þeir hefðu fengið meira af styrkjum og uppbótum á sínum tíma en þeir hefðu fengið. Það er allt annað mál.

Þá ræddi hæstv. ráðh. um ýmis áföll, sem togaraútgerðin hefði orðið fyrir. Ég held, að eitt gífurlegasta áfallið, sem togaraútgerðin hefur orðið fyrir, og ég held, að það væri nú rétt, að hagfræðingar ríkisstj. rannsökuðu það, það séu gengislækkanirnar, þessar tvær gengislækkanir. Ég held, að í fyrsta lagi sé sjálfur rekstur togaranna þannig, að sá hluti af þeirra kostnaði, sem hækkar við lækkun á gengi krónunnar, sé það stór, að þeir séu viðkvæmari fyrir þessu og verði verr úti en nokkur annar aðili í þjóðfélaginu. Ég held, að gengislækkanirnar séu beinlínis reiðarslag fyrir togaraútgerðina strax hvað reksturinn snertir. Og hvað snertir stofnkostnaðinn, þá sjáum við það þó áþreifanlega á þeim nýju togurum, sem keyptir hafa verið til landsins, að þeir menn, sem hafa ráðizt í að kaupa þessa togara, og það eru ekki allt saman menn, sem bara búa til einhver hlutafélög og geta bjargað sér endalaust þannig, það eru líka til svo heiðarlegir togaraútgerðarmenn, að þeir hafa lagt í það og sett allar sínar eigur að veði til þess að reyna að kljúfa það að afla nýrra togara, þessir menn fá það bókstaflega ofan á sig, að þegar þeir eru búnir að kaupa togara, sem þeir halda að muni kosta kannske 20 millj., að hann er kominn upp í 40 millj., áður en þeir vita af, þannig að þetta er eins og reiðarslag á þá menn, sem hafa einhverja trú á togaraútgerð á Íslandi og eru að reyna að koma henni af stað og endurnýja togaraflotann, þannig að gengislækkunin var beinlínis harðvítugasta aðgerð gegn þeim togaraeigendum, sem voru að leggja í nýja togara þá, enda var það líka svo, að þessir nýju togarar hafa átt hvað erfiðast af öllum og jafnvel sumir þeirra legið allan tímann.

Er það nú sanngjarnt um þessi áföll, sem hæstv. ríkisstj. með sinni stefnu bakar togaraútgerðinni, að togaraútgerðarmenn skuli fara að reyna að vinna þetta upp á kostnað sjómanna? Það er sannarlega þar, sem þeir ættu sízt af öllu að bera niður. Satt að segja hefði manni fundizt, að togaraútgerðarmenn í þjóðfélaginu ættu að vera það sterkir aðilar og það höfðingjadjarfir aðilar í þessum efnum, að þeir hefðu þorað að segja þeim aðilum, sem græða, að það séu þeir, sem eigi að borga. Við vitum það ósköp vel, að á sama tíma og togaraeigendurnir kvarta yfir rekstrinum hjá þeim, þá græða bara bankar ríkisins upp undir 150 millj. kr. á ári, þannig að það vantar ekki gróðann í íslenzkt þjóðfélag, og mætti fleiri þar upp telja en bankana. En reikningar þeirra liggja einna skást fyrir, þó að reynt sé að fela ýmislegt í þeim, þannig að það er hægt greinilega þar að sjá, hver gróðinn er. Það hefði þess vegna verið stórmannlegra af togaraeigendum að segja beinlínis, að það þurfi að skera niður svo og svo mikið af gróða bankanna, af gróða olíuhringanna, af gróða vátryggingarfélaganna og af gróða annarra slíkra aðila, hvers konar umboðsmanna og annarra slíkra, heldur en að fara að ráðast á sjómennina.

Það hefur verið flutt frv. um það hér á þinginu, á þskj. 200, frv. til l. um stuðning við atvinnuvegina, flutt af hv. 4. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl., þar sem beinlínis er lagt til að gera ráðstafanir til þess að geta hækkað fiskverðið til sjómanna og útgerðarmanna, og sýnt greinilega fram á í grg., að það er hægt að taka, eins og þar segir, um 365 millj. kr., sem hægt er að lækka útgjöld sjávarútvegsins með, með ýmiss konar ráðstöfunum, þannig að manni hefði fundizt, áður en farið væri út í það, að togaraeigendur settu Alþ. stólinn fyrir dyrnar um að samþykkja lög til að svipta sjómenn mikilvægum réttindum, sem þeir hafa áunnið sér með langri baráttu, að þá væru þó svona till. athugaðar, en ekki svæfðar í nefnd, — eða þá að það yrði farið inn á þá leið að fara að ganga á bátaútveginn til þess að bjarga togurunum. Og ég verð að segja það, að ljósið, sem togaraútgerðarmenn bregða upp með þessum kröfum sínum, setur raunverulega valdaaðstöðu og þeirra stjórn á þessu í allt annað en skemmtilegt ljós.

Ég gat um það hér í dag, að meðalafli á hvern togarasjómann hefði verið á síðasta áratug um 140 tonn á hvern sjómann á ári, og 1960 mundi þetta í sambandi við minnkaðan afla hafa lækkað niður í um 100 tonn. En þegar íslenzkur togarasjómaður aflar á slæmum aflaárum handa þjóðarbúinu 100 tonn, þá býst ég við, að t. d. brezkur togarasjómaður sé ekki nema með 50, kannske í hæsta lagi 60 tonn. M. ö. o.: í aflaleysisári framleiðir íslenzkur togarasjómaður upp undir það tvöfalt aflamagn á við t. d. brezku togarasjómennina, allt miðað við sjómenn á skipi. Ég held þó, að ef þetta er rétt hjá mér, þá ætti sannarlega að athuga þessa hluti.

Hvað er það, sem þarna er að? Ég er hræddur um, að það, sem að er, sé, að það er hrúgað ofan á togaraútgerðina af hálfu þjóðfélagsins og máske af hálfu togaraeigendanna og allra mögulegra aðila, banka, vátryggingarfélaga og allra mögulegra slíkra, slíkum þunga, að togaraútgerðin er að sligast undir því. Og það er þetta, sem þarf að athuga. Það er þetta, sem þarf að breyta, að létta þessum þunga af, en ekki bara að láta allan þungann haldast og ætla svo að brjóta sjómanninn með vinnuþrældómi, takmarkalausum vinnuþrældómi, afnámi vökulaga undir þessum gífurlega þunga. Þetta eru atriði, sem mér finnst vera hægt að ætlast til að togaraútgerðarmenn hefðu athugað, áður en þeir koma með svona harðvítugar kröfur og setja Alþ. stólinn fyrir dyrnar. Íslenzkt þjóðfélag verður að horfast í augu við þessa hluti.

Þá sagði hæstv. sjútvmrh., að vinnudeilan kæmi ekki þessu máli við. Skyldi þetta hafa verið sagt, ef það hefðu verið aðrir, sem hefðu stjórnað Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandi Íslands? Skyldi það hafa verið sagt hér á Alþ. af hæstv. ríkisstjórn, að það kæmi ekki þessu máli neitt við, þó að það þyrfti að fara að leggja fram nokkra milljónatugi úr ríkissjóði eða frá bátaútgerðinni til togaranna, vegna þess að ótætis kommarnir hefðu stöðvað alla togaraútgerðina? Ég efast um það, að þetta hefði verið sagt. Og hæstv. sjútvmrh. bætti því við, að hvað snerti vinnudeiluna þyrfti togaraútgerðin máske aðstoðar við, held ég hann hafi sagt, við lausnina á því máli þyrfti máske aðstoðar við. Og mér skildist raunverulega, að til þess að leysa togaradeiluna þyrfti kannske styrki og uppbætur í viðbót við þá styrki og uppbætur, sem nú eru. Það verður kannske kallað aðstoð eða trygging, en látum það nú heita það. Það verður þá kannske hætt að tala um styrkja- og uppbótaleiðir og farið að tala um aðstoðar- og tryggingarleiðir héðan af. Mér sem sé sýnist, að það liggi nokkuð í augum uppi, að það eigi að undirbúa það að veita nýja styrki í einhverju formi, nýja aðstoð máske til þess að kaupa togaraútgerðarmenn til að gera út án þess að brjóta vökulögin. Síðan bætti hæstv. sjútvmrh. því við, að um þetta þyrfti ekki að tala hér, það væri síðurinn að láta aðila semja, án þess að Alþ. eða ríkisstj. hlaupi til, sagði hæstv. ráðherra, og ég hef skrifað það upp. Já, það er nú svo, það er nú sinn síðurinn eftir því, hverjir í hlut eiga. Hæstv. ráðherra vildi sem sé meina, að það væri orðinn hér siður, að þessir aðilar, atvinnurekendur og verkamenn, væru látnir semja, án þess að Alþ. og ríkisstj. færu að hlaupa þar til.

Það er nú ekki lengra liðið en síðan í júlí og ágúst s. l. sumar, að aðilar sömdu, að atvinnurekendur og verkamenn sömdu. Og þegar þeir voru búnir að semja, þá hljóp hæstv. ríkisstj. til. Hún hljóp til og lækkaði gengið og tók á þrem mánuðum til baka með gengislækkunum allt, sem verkamenn höfðu samið um við atvinnurekendur að þeir ættu að hafa, þannig að það virðist nú vera nokkuð ólíkt eftir því, hver í hlut á. Mér skildist næstum á hæstv. sjútvmrh., að þegar hann talaði um togaradeiluna, þá léti hann í það skína, að það þyrfti kannske að veita þar aðstoð. Kannske er það aðstoð til togaraeigendanna, kannske er það gegn því, að þeir bara geri út og láti við svo búið standa. En ef það eru verkamenn í landi, sem semja við atvinnurekendur, þá er hlaupið til og tekið af þeim með harðstjórnarlögum frá bankavaldi og ríkisvaldi það, sem þeir hafa samið um í frjálsum samningum. Og þetta fara að verða nokkuð einkennilegir hlutir í okkar landi í þessum efnum, og væri í raun og veru gott að fá að vita það fyrir fram, hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér að halda þeim hætti áfram, ef verkamenn gera verkfall og hækka kaup með samningum við atvinnurekendur, að hlaupa þá til og lækka gengið. Ég vil taka það fram, að slíkur siður mundi ekki tíðkast í nokkru öðru landi Evrópu en Íslandi. Ludwig Erhard, efnahagsmálaráðherra V.-Þýzkalands, var nýlega, einmitt út af allstórfelldum kauphækkunum, sem fram fóru í V.-Þýzkalandi, að gefa sérstaka yfirlýsingu um það, að þeim dytti aldrei í hug að fara að breyta sínu gengi vegna slíkra samninga. Það væri slík fásinna að fara að hringla með gengi eins þjóðfélags og einnar þjóðar, ef um væri að ræða kaupsamninga milli atvinnurekenda og verkamanna. En það er svo sem vitanlegt, hvað hér veldur, að ýmsir atvinnurekendur reka allstíft á eftir, að hér sé þessum ráðum beitt, sem ekki er gert í neinu öðru þjóðlandi Evrópu, sem sé þetta, að meginið af íslenzkum atvinnurekend-

um hefur meginið af sínu rekstrarfé og svo og svo mikið af sínu stofnfé frá bönkum ríkisins og hefur hagsmuni af því að fella þessar skuldir í verði, lækka hjá sér lánin, þannig að þeir slá tvær flugur í einu höggi, þegar þeir lækka gengið eða láta sína ríkisstj. lækka gengið.

Það væri hins vegar æskilegt að fá yfirlýsingar hér um það, að semji aðilar á ný, þá verði ekki beitt þeim aðferðum, sem beitt var síðasta sumar, þeim verstu harðstjórnaraðgerðum, sem beitt hefur verið í íslenzkum efnahagsmálum, síðan tilraunin var gerð til að setja gerðardóminn hér á í janúar árið 1942.

Ég held þess vegna, að það væri þörf á að fá þessi mál á hreint, það væri gefin út ótvíræð yfirlýsing um það af hálfu hæstv. ríkisstj., að hún ætli sér að tryggja það í sambandi við afgreiðslu þessara laga frá Alþ., að togararnir fari af stað. Það er alveg gefið mál, að ef hæstv. ríkisstj. vill skapa sér aðstöðu til þess að knýja á togaraeigendur um að koma togurunum út, þá er auðvitað bezta ástæðan sú að segja: Hér eru 60 millj. í minni hendi, þetta fáið þið og máske meira til, ef þið nú semjið og gerið togarana út. Fyrr fáið þið það ekki. — Það er gefið, að ef ríkisstj. er að hugsa um að tryggja, að atvinnureksturinn í landinu gangi, þá á að fara svona að. Ég segi það, að ef ríkisstj. væri t. d. að reyna að semja við verkamenn og segði við þá, sem væru í verkfalli og væru búnir kannske að vera þrjár vikur í verkfallinu: Ég skal hækka fjölskyldubætur um svona og svona mikið, ég skal veita hin og þessi friðindi, sem koma ykkur að gagni á öllum mögulegum sviðum, fella niður nefskatta og sjúkrasamlagsgjöld og annað þess háttar, ég skal gera þetta, — skyldi ein ríkisstj., eins og núv. hæstv. ríkisstj., framkvæma þetta þannig, að hún léti verkamenn fyrst fá þetta og síðan héldu þeir áfram í verkfallinu? Nei, ég er hræddur um, að hún segði við verkamenn: Þetta skal ég láta ykkur fá, ef þið hættið verkföllum, ef þið semjið um þetta. — Og ég held, ef það vekti fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að fá togaraeigendur til þess að koma togurunum út, þá mundi hún nota þetta, nota þetta til þess að semja við þá.

Það er ekki langt að sækja fyrirmynd í þessu sambandi. Eins og vitað er, þá eru styrkir og uppbætur reglan í öllum kapítalískum löndum Vestur-Evrópu. Þetta brugl og vitleysa, sem ýmsir menn hér eru búnir að vera að þylja yfir þjóðinni í nokkur ár, um það, að það eigi að komast af án styrkja og uppbóta í einu venjulegu kapitalísku þjóðfélagi, er eins og hver önnur vitleysa og tíðkast ekki í neinu þjóðfélagi lengur, — hvergi. Þið getið litið til Englendinganna, sem eru fremstir í þessu öllu saman. Einhvern tíma voru Danir að kvarta yfir því, að Englendingar borguðu þannig með eggjaframleiðslunni hjá sér, að það væri raunverulega 90% af eggjaframleiðslunni, sem væri borgað af ríkinu, og það væri þannig auðvelt að eyðileggja eggjamarkaðinn fyrir Dönum. En við vitum t. d., að ensku togararnir eru allir styrktir. Og á hvern hátt styrkja þeir þá? Jú, þeir styrkja þá með dagstyrkjum á úthaldsdag, fyrir hvern dag, sem togararnir eru gerðir út, fá þeir ákveðinn styrk. Styrkja- og uppbótaleiðin er, eins og vitanlegt er, prinsip-leið hjá öllum þessum þjóðum. Og þeir hafa hins vegar mjög skynsamlegan hátt á því að framkvæma þessar styrkjaleiðir. Þeir hafa nákvæmlega sama hátt á því og tíðkaðist hjá okkur hér á Íslandi áður. Það var borgað fyrir hvern úthaldsdag, og með því var tryggt, að togararnir gengju allan tímann. Því í ósköpunum eigum við ekki að hafa þennan sama hátt á, borga sem sé styrkina fyrir það, að menn geri út og veiði fiskinn í þjóðarbúið, en borga þá ekki fyrir það, að menn láti togarana liggja og veiði ekki í þjóðarbúið?

Ég held þess vegna, ef ekki er hægt að tala við togaraeigendur um þessa hluti, nema þeir setji Alþ. stólinn fyrir dyrnar, eins og þeir gerðu með þessu bréfi, sem ég las hér upp í dag kafla úr, þá sé alveg rétt fyrir okkur að athuga um, hvort við eigum ekki að fara inn á þá leið að taka upp þjóðnýtingu á megninu af togaraflotanum. Mjög þótti mér vænt um að heyra, að hæstv. sjútvmrh. var, eins og ég þóttist líka vita, reiðubúinn til þess að athuga það mál. Það er gamalt stefnumál Alþfl. alveg eins og Sósfl. og Alþb. Hann kom þar inn á það, að það mundi ekki verða meiri hl. fyrir þessu hér hjá okkur á Alþ. Það er nú rétt að láta reyna á það. Hæstv. sjútvmrh. vildi telja, að Framsfl. mundi ekki vera til í neitt slíkt, og vissulega hafði hv. 7. þm. Reykv. tekið frekar illa undir þess háttar. Ég er nú ekki búinn að sjá, að það væri alveg óhugsandi undir sérstökum kringumstæðum að fá Framsfl. inn á að vera með þjóðnýtingu togaranna, ekki sízt ef það væri tengt ýmiss konar samvinnu- og bæjarrekstri, ríkið ætti það og reksturinn önnuðust kannske samvinnufélög og bæjarfélög. Það væri hægt að finna alls konar form í því kannske, sem hægt væri að semja við Framsfl. um, svo að tryggð væri ríkiseign á togurunum.

Við munum, að margt undarlegt hefur gerzt í okkar þjóðfélagi á undanförnum áratug, t. d. það, að Framsfl. og Sjálfstfl., sem stóðu hér saman í ríkisstj. fyrir 10 árum, stóðu mjög harðvítuglega að því, að hér skyldi ein stór verksmiðja, sem þá var í ráði að byggja, sementsverksmiðjan, endilega vera ríkiseign. Og þó að vinir þeirra og verndarar, það volduga ameríska auðvald, legðu fast að þeim að gera þetta að einkaeign, þá stóðust báðir þessir flokkar mátið, sem sé Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu fast að þjóðnýtingu sementsverksmiðjunnar og létu ekki freistast og því síður undan nokkrum hótunum og beygðu Ameríkanana að lokum undir það að verða að lána til þjóðnýttrar sementsverksmiðju hér á landi. Þegar Framsfl. getur gert þetta í samfélagi við Sjálfstfl., þá þætti mér ekkert undarlegt, að hann gæti í samfélagi við Alþfl. og Alþb. fallizt á að þjóðnýta togaraflotann, sem annars lægi kannske bundinn í höfn um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég sé a. m. k. ekki, að það sé neitt prinsip-brot af hálfu Framsóknar og raunar ekki heldur af hálfu Sjálfstfl., þó að hann gerði það að þjóðnýta meginið af togaraflotanum, ef ekki væru önnur ráð til þess að sjá um, að þessi mikilvægu tæki okkar væru í gangi.

Ég vildi nú aðeins segja þetta út frá því, sem hæstv. sjútvmrh. svaraði minni ræðu í dag, og ég vil segja það, að meðan annar eins gróði er til í þjóðfélaginu og nú er á öllum mögulegum sviðum, þá er sannarlega engin þörf á því að taka tillit til slíkra hótana til Alþ. eins og þeirrar, sem kom fram í bréfi Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Og þegar slíkar hótanir koma fram, þá er eðlilegast, að alþýða manna og þeir, sem telja sig hennar fulltrúa, svari slíkum hótunum með því, að láta Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda vita af því, að þjóðfélagið getur ákaflega vel rekið togarana án þeirra. En án sjómannanna verða þeir ekki reknir.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 1. umr. og setti þá fram nokkrar till. í sambandi við lausn þessa máls, sem mér fannst að vektu þá nokkra athygli, og kom það einnig fram í ræðu hjá hv. 7. þm. Reykv. í dag, að hann hefði vænzt þess, að þær hefðu verið athugaðar nánar. En ég sé nú á því frv., sem hér liggur fyrir, að ekkert af þeim till. hefur verið tekið í frv., og skal ég ekki hefja neinar ásakanir á hæstv. ráðh. út af því.

Mér skildist af ummælum hæstv. ráðh. í dag um þetta mál, að hér væri aðeins um eitt stig að ræða í sambandi við að bjarga því nauðsynjamáli, sem hér er til umr., og það er síður en svo, að ég vilji átelja það á nokkurn hátt, þó að hæstv. ríkisstj. sjái sér ekki fært að greiða úr þessu vandamáli öllu í einu. En ummæli hans tók ég þannig, að það sé enn þá í athugun hjá ríkisstj. að búa svo að togaraútgerð, að hún geti átt framtíð hér í þessu landi. Óðruvísi gat ég ekki skilið ummæli hans hér í dag.

Ég verð að segja, að það er mjög ánægjulegt að hafa hlustað á það hér bæði við 1. umr. og eins nú við þessa 3. umr., að flestallir hv. þm. í þessari d. virðast vera á þeirri skoðun, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, að það komi ekki til mála að leggja íslenzka togaraútgerð niður. Þetta sýnist mér allir hv. þm. hafa verið sammála um, sem það hafa rætt, að undanteknum hv. 5. þm. Norðurl. v., sem að því er ég hygg vildi skera togaraútgerðina alveg niður og ekkert hugsa um slíkan óþarfa í okkar atvinnulífi.

En þegar þessi yfirlýsing liggur hér fyrir, þá vekur það allmikla undrun, að þeir menn, sem hafa rætt þetta mál af stjórnarandstöðunni, skuli ekki hafa verið meira inni á eðlilegum og frambærilegum till. en komið hefur fram í þessum umr. Þær hafa sannarlega ekki verið jákvæðar í þessu máli. Hér hafa verið notaðar miklu meira alls konar ásakanir á hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki leyst þennan mikla vanda allan í einu og engan veginn verið komið með neinar jákvæðar till. til að bjarga þessu kannske mesta vandamáli þjóðarinnar, eins og nú er komið fyrir þessari atvinnugrein.

Ef við lítum á, hvað það er, sem raunverulega hefur gert það, að togararnir eru komnir í þá aðstöðu, sem þeir eru í nú, þá er það ekki eingöngu það, að þeim hafi verið ýtt út fyrir íslenzka landhelgi. Það er svo margt annað, sem hefur stuðlað að því, að svo er komið, m. a. það, að það hefur verið erfitt að fá þaulæfða menn til þess að sigla á togurum á fjarlæg mið. Þetta er eitt í þeim vanda, sem togaraútgerðin hefur átt við að búa nú um fjöldamörg ár og orðið þess valdandi, að reksturinn hefur orðið margfalt dýrari. Þeir hafa orðið að hafa fleira fólk, vegna þess að það hefur verið óvanara og lélegra fólk, og það er af því, að fólkið hefur horfið að öðrum atvinnugreinum í landi, þar sem það hefur betri lífskjör og minna erfiði. Þetta hefur verið ein ástæðan. Og nú vilja menn aðeins sigla á togurunum, sem fara á ísfiskveiðar, en alls ekki á þeim, sem fara í langar veiðiferðir. Þeir vilja m. ö. o. ekki vera nú að heiman í 6—8 vikur eins og áður var. Þeim þykir miklu þægilegra að taka eins mikil laun og kannske meiri laun hér, þar sem þeir geta verið heima við, heldur en fara í hinar lengri veiðiferðir, eins og var áður. Þetta er ein ástæðan fyrir því, að erfitt hefur verið að fá fólk á togara á fjarlægari mið.

Auk þess vil ég benda á þá reglu, sem var tekin upp í stríðinu, að setja helzt í land meira en hálfa skipshöfnina, á meðan skipin sigla til útlanda með afla, og greiða full laun, án þess að skuldbinda hana til að koma aftur á skipsfjöl, þegar skip kemur aftur í heimahöfn, en þetta veldur því, að þessir menn geta skapað sér miklu meiri tekjur, þar sem þeir geta unnið í þá 14 daga, sem skipin eru í utanlandsferðinni, fyrir fullum launum hjá öðrum aðila, þótt þeir á sama tíma hafi full laun hjá útgerðinni, Veit ég þess dæmi, að menn hafa verið þannig á þreföldum launum. Það er því ekkert að furða, þó að það sé erfiðleikum bundið að fá menn til að vera á togurum á langferðum fjarri sínum heimilum í margar vikur, þegar þeir eiga kost á því að geta haft þessi kjör á ísfiskveiðum. Og ég hygg, að eins og nú er komið, þá sé tæplega hugsanlegt að gera út togara yfirleitt til saltfiskveiða til fjarlægari miða, eins og t. d. Færeyingar gera, nema hækka svo gífurlega tekjur þeirra manna, að þær verði langt fyrir ofan þær kröfur, sem gerðar eru af þeim mönnum, sem nú hafa gert verkfall á togurunum, ef tryggja ætti skipshafnir á þær veiðar.

Allt þetta sýnir, að vandinn er margþættur í þessu máli, og það hefði mátt búast við því, að þetta væri rætt með meiri hógværð en hefur verið gert hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Ég var dálítið ásakaður hér af hv. 4. landsk. fyrir að hafa fyrstur manna flutt það hér á þingi eða gefið ábendingu um, að það væri rétt að breyta vökulögunum, og hann taldi það vera mikið ódæði, sem ég hefði framið með því að hreyfa því máli hér á Alþ. Nú vildi ég í sambandi við það leyfa mér að benda á, að þegar við sátum í mþn. í togaramálunum, þá var þetta mál þaulrætt þar. Og það var a. m. k. ekki ég einn, sem var á því, að það bæri að athuga þetta atriði, síður en svo. Og ég vildi gjarnan spyrja, hver eðlismunur sé á því, að maður á togara fengi leyfi til þess að vinna, þegar nauðsyn bæri til, eitthvað fram yfir 12 tíma gegn fullum launum, eða maður á mótorbát fær leyfi til þess að vinna kannske 20—24 tíma og ekkert við því sagt og ekki heldur á strandferðaskipum eða siglingaskipum. Það er

ekki hægt að bera á móti því, að þannig er þetta, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur um allan heim, að sjómenn, þó að þeim sé tryggður nægilegur hvíldartími, þá er það einnig heimilað innan viturlegra takmarka að leyfa þeim að vinna meira en einhvern ákveðinn lágmarkstíma og greiða þeim aukagreiðslu fyrir það, sem fram yfir er venjulegan vinnutíma. Og ég sé ekki, að það sé nein goðgá né föðurlandssvik, þó að hreyft sé því máli, hvort ekki sé hægt að skipuleggja það þannig, báðum til hagnaðar og einkum og sér í lagi þegar menn á sama tíma taka tæknina í sínar hendur til að létta störf þessara manna miklu meira en áður var, er þeir voru látnir vinna miklu lengur á dag, svo sem oftast var á saltfiskveiðunum, er menn voru látnir vinna kannske hvíldarlaust í hálfan annan eða tvo sólarhringa. Vinnuskilyrði og vinnuaðferðir eru ekkert sambærilegar og á þeim tíma, sem vökulögin voru sett.

Ég get auk þess sagt hv. 4. landsk. það, að ég hef heyrt allmargar raddir frá sjómönnunum sjálfum, að þeir væru engan veginn andvígir þessari tilhögun á ísfiskveiðum, vegna þess að þeim er það fullkomlega kunnugt, að þeir eru ekki 12 tíma í fullu starfi á þeim veiðum, þó að þeir séu við veiðarnar sjálfar, hvað þá á meðan þeir eru á siglingu milli landa. Hitt er allt annað atriði, að þeir mundu miklu síður vilja láta breyta þessu á saltfiskveiðum, enda er það allt annars eðlis. Á saltfiskveiðum er unnið miklu meira jafnt allan sólarhringinn en á ísfiskveiðunum. Og þær sýndu það bezt skýrslurnar, sem við höfðum á þessum tíma, að á einu skipi gat hver maður afkastað rúmum 900 kg á dag, en meðaltalið var ekki nema 435 kg, og höfðu þó togararnir á þeim tveim árum, sem við höfðum skýrslur yfir, fiskað um 5000 tonn á hvert skip. og það sýndi beinlínis, að það var ekkert að gera fyrir alla þessa 32 menn á flestum skipunum. Ef vinnan er sæmilega skipulögð, má tryggja fulla hvíld, þó að vökulögunum sé að einhverju leyti breytt.

Tillögur hv. 3. þm. Reykv. voru eiginlega mjög athyglisverðar. Hann vildi láta leyfa þeim útgerðarmönnum að halda áfram að gera út sín skip, sem hefðu sýnt það, að þeir gætu látið skipin bera sig, en hin skipin, sem hefðu verið gerð út af einhverjum öðrum aðila, hvort það voru bæjarfélögin eða aðrir, og ekki gátu borið sig, átti ríkissjóður að gera út. Samkvæmt þessu átti að þjóðnýta þau skipin, sem gátu ekki borið sig undir öðrum aðilum. Er þetta einhver sú einkennilegasta þjóðnýtingartill., sem ég hef heyrt.

Og tillaga hv. 4. landsk. var sú, og raunverulega tók hv. 3. þm. Reykv. undir hana líka, að hækka nú gengið. Þá væri öllum erfiðleikum lokið. Nú er bara um að gera að setja gengið eins og það var áður, helzt á 26 krónur pundið, og þá lækkuðu iðgjöldin og þá lækkaði olían, og þá átti öllu að vera borgið. Það er nú svo sem ekki mikill vandi, ef hægt væri að leysa hann á þennan hátt. Þá þyrfti ekki hæstv. sjútvmrh. að hafa margar andvökunætur út af málinu, ef það væri svona auðvelt.

Ég verð nú að segja það, að mig furðar á, að menn, sem eru jafnþingvanir og þekkja eins vel til atvinnumála og þessir hv. þm. gera, þeir skuli leyfa sér að láta svona fjarstæðu út úr sér, því að það er þó vitað, að gengislækkunin bjargaði þó að einhverju leyti togurunum og þeir hefðu stöðvazt enn fyrr, ef genginu hefði ekki verið breytt í samræmi við raunverulegt verðgildi peninganna.

Ég álít, að það, sem þurfi að gera í framtíðinni fyrir togarana, sé fyrst og fremst að komast að samkomulagi um, hvernig sé hægt að fækka mönnum um borð í skipunum, á meðan þau eru á ísfiskveiðum, og komast þar að sams konar niðurstöðu og aðrar þjóðir. Það er engan veginn eðlilegt, að íslenzk togaraútgerð þurfi að hafa fleiri menn á sömu veiðum og sömu slóðum en aðrar þjóðir. Verði ekki hægt að koma því fyrir nema með bættri tækni, þá er að leita að því, hvaða tæknilegar umbætur þurfi að gera, og framkvæma þær síðan.

Mér er ljóst, að Þjóðverjar hafa m. a. getað fækkað mönnum með því að brúka aðra tegund af botnvörpu en Íslendingar, og ræddum við það atriði mjög í mþn. á sínum tíma. En það mætti ákaflega mikilli andstöðu hjá skipstjórunum, en ekki útgerðarmönnunum. Þjóðverjar og Englendingar líka toga aðeins á annarri hlið, en það mátti ekki heyra það nefnt hjá íslenzkum skipstjórum að taka upp þá aðferð, þó að það hæði sparaði mikinn tíma og allmikla vinnu.

Þróunin er nú einnig orðin þannig, að síðan var farið að nota skuttogarana, sem við því miður eigum enga, hefur tekizt að fækka enn meir mönnum á þeim en á hinum togurunum, og það er af því, að þar er hægt að koma tækninni betur við. Þegar því það er alveg fastákveðið, eins og mér skilst hér á Alþ., að það skuli haldið áfram að gera út togara á Íslandi, þá ber að sjálfsögðu að hafa það í hyggju, hvernig við getum notað tækniþróunina hér eins og annars staðar og þá um leið fækkað skipverjunum á hverju skipi, því að það er staðreynd í öllum löndum, að því hærri laun sem greidd eru starfsfólki, því meira verður að nota tæknina. Og það er því aðeins hægt að hækka og bæta kjör fólksins, að það sé hægt að láta vélarnar koma í staðinn til þess að vinna fyrir mannshöndina.

Annað stórt atriði, sem þarf að athuga, og það vildi ég einmitt ræða sérstaklega við hæstv. ráðh., er hinn gífurlegi kostnaður við vátryggingarnar. Ég hef ekki rætt þetta persónulega við ráðherrann, en mér hefur skilizt, að hann hafi fullan áhuga á því að reyna að koma þar umbótum á, en að það sé svo umfangsmikið mál, að ekki sé hægt að gera það nú á þessu þingi eða á þeim tíma, sem eftir er til þingslita. En ég vænti þess, að það verði athugað gaumgæfilega, áður en næsta þing kemur saman, hvernig unnt sé að lækka þann gífurlega kostnað, því að það sýnir sig sjálft, að það er þung byrði, ef togari þarf að borga allt að einni millj. kr. árlega í vátryggingarkostnað. Þá fer að verða spursmál, hvort ekki á að þjóðnýta það atriði og láta ríkið taka að sér vátryggingarnar, ef ekki er hægt að fá þessu breytt á annan hátt. Það annað, sem ég stakk upp á og ég tel að beri að athuga, er, að á meðan togaraútgerðin á við þessa rekstrarerfiðleika að

stríða, verði létt af henni að greiða þunga skatta í atvinnuleysissjóðina, og að sjálfsagt sé að gefa undanþágu frá því gjaldi, þangað til togaraútgerð er aftur komin á öruggan fjárhagslegan grundvöll. Þetta var eitt af því, sem ég benti á fyrr við umræðurnar. Ég get vel skilið, að slíkar till. þurfa að athugast vel, og það gefst sjálfsagt ekki tími til þess að fá um það samkomulag á þeim stutta tíma, sem eftir er nú á þinginu. Ég endurtek það enn, að ég skil ummæli hæstv. ráðh., að hér sé aðeins um að ræða einn hluta af því, sem þarf að bæta í sambandi við togaraútgerðina, það sé engan veginn lokaþátturinn af hans hálfu eða af hálfu hæstv. ríkisstj.

Ég skal svo ekki ræða sjálft aflatryggingasjóðskerfið. Ég var andvígur því á sínum tíma og tel, að það hefði verið miklu heppilegra að fara aðrar leiðir, en um það skal ég ekki ræða hér í dag, því að óneitanlega er það tilhneiging hjá mönnum að hugsa ekki eins mikið um aflann, ef þeir vita, að þeir fá það greitt annars staðar, sem á vantar, auk þess sem það er mjög sár tilfinning hjá þeim mönnum, sem eru aflahæstir, að láta svo og svo stóran hluta af sínum afla til hinna, sem hafa ekki getað gert verkið eins vel. En ég skal ekki frekar fara út í það hér nú.

Meginástæðan fyrir því, að svo erfitt er að fá menn til að fara á hin fjarlægari mið, er, svo sem ég tók fram áðan, að mennirnir hafa miklu lakari kjör, eru meira frá heimilunum og alveg sérstaklega þessi regla, sem haldið er enn og ég þekki ekki í neinum atvinnuvegi nema á togurum, að greiða mönnum, sem eru á ísfiskveiðum, full laun fyrir að vera heima hálfan tímann og það án þess að skuldbinda þá til þess að þurfa að koma aftur til skips, þegar skipin koma heim. Hvernig Færeyingar fara að því að láta sín skip borga sig á veiðunum, getur ekki verið neinn mælikvarði fyrir okkur, því að þeir hafa sjálfsagt allt aðra og miklu minni erfiðleika að glíma við í þessum málum heldur en við höfum. Þetta þótti mér rétt að láta koma hér fram, áður en málið fer héðan úr þessari hv. deild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. taldi, að stjórnarandstaðan hér á þingi hefði verið heldur neikvæð í afstöðu sinni til þessa frv., sem hér liggur fyrir, sérstaklega neikvæð gagnvart þeim úrræðum, sem fram hafa verið borin í sambandi við hugsanlegar lausnir á togaraverkfallinu. Þær úrlausnir eru einkum þetta, að togaraútgerðarmennirnir hafa snúið sér til Alþ. og farið fram á það, að togaravökulögunum verði breytt, þannig að hvíldartími sjómanna yrði styttur verulega og vinnutími þeirra lengdur úr 12 klst. á sólarhring í 16 klst. Það er satt, stjórnarandstaðan hefur snúizt gegn þessu úrræði, verið neikvæð gagnvart því. Önnur hugmynd hefur komið fram, og hún var hér á sveimi um þingsalina fram eftir öllum vetri og á þá lund, að það væri kannske hugsanlegt úrræði til að bæta um hag togaranna að hleypa þeim inn í íslenzka landhelgi. Ég vona nú, að báðar þessar hugmyndir séu dauðar. Það hefur, sem betur fer, komið fram ein yfirlýsing af hendi sjútvmrh. um síðari hugmyndina, að hún væri ekki lengur vakandi í hug íslenzku ríkisstj. Í þriðja lagi kom nú fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hugmynd, sem ætti að stuðla að lausn málsins, og hún var sú að ráðast svolítið í leiðinni á atvinnuleysistryggingarnar, undanþiggja þennan þátt íslenzks atvinnulífs þeirri skyldu að greiða í atvinnuleysistryggingarnar, og tíminn ágætlega valinn til þess, þegar íslenzkir togarasjómenn eru orðnir atvinnuleysingjar. Já, það var rétta augnablikið!

Ég heyrði ekki betur en hv. 1. þm. Vestf. teldi, að það bæri að harma, að togarasjómenn hefðu á stríðsárunum komizt upp á það að búa við góð kjör, vera hér á fullu kaupi í landi, og þetta viðgengist enn, þegar skip sigldu, án skuldbindinga um að þurfa að fara á skipið aftur, þegar það kæmi úr söluferðinni, og þess væru þannig dæmi, að togarasjómenn hefðu verið á þreföldum tekjum, sagði hann, — þreföldum tekjum. Ég veit ekki, hvers vegna þessar upplýsingar voru gefnar, ef þær voru ekki rökstuðningur fyrir þeirri skoðun hv. þm., að togarasjómenn hefðu gífurlega miklar tekjur og þyrfti ekki úr að bæta. Ég held, að þetta séu einhver undantekningartilfelli, ef þetta á sér stað, og séu alls ekki að öllum jafnaði mikil tekjubót íslenzkum togarasjómönnum, það verð ég að segja. Það er viðurkennt af öllum, sem af sanngirni vilja líta á þessi mál, að miðað við vinnutíma togarasjómannsins er hans eftirtekja lítil. Ég sá það nýlega, og mér sýndist það dæmi vera nokkuð rétt reiknað, að þegar lagðar voru niður tekjur þeirra miðaðar við vinnustund, þá fengu þeir út úr því kvennakaup, 16 krónur og nokkra aura á tímann. Það gefur að skilja, að íslenzkri togarasjómannastétt verða ekki boðin þau kjör, enda er komið sem komið er. Þeir hafa ekki unað þeim kjörum og hafa gengið í land, og þess vegna er togaraflotinn stöðvaður, að þeim hefur verið ætlað að una slíkum kjörum.

Mig undrar það ekki, þó að hv. 1. þm. Vestf. hrykki við, þegar ég harmaði það, að vestfirzkur þm. hefði orðið til þess nú fyrstur manna líklega að koma á framfæri hugmyndinni um fækkun manna á togurunum og lengingu þeirra vinnutíma, styttingu hvíldartímans, þ. e. a. s. koma hér á framfæri hugmyndinni um árásina á vökulögin. En hv. þm. var sá drengur, að hann gekkst við þessu. Hann taldi, að hann hefði hreyft þessu hér ásamt ýmsum öðrum till., sumum nýtilegum, við 1. umr. málsins. Hann gekkst við því, en sagði um leið, að hann hefði ekki verið einn um þessa skoðun, það hefðu ýmsir aðrir verið á sama máli um þetta. Hann fór inn á það að rökstyðja, að þetta væri vel framkvæmanlegt, einkanlega á ísfiskveiðum. Hann vildi ekki halda því fram, að það væri svo auðvelt að hrófla við vökulögunum kannske á saltfiskveiðum, þá er vinnan auðvitað miklu, miklu meiri, vinnuþrældómurinn meiri, og hann sagði, að hann teldi það ekki neina goðgá eða nein föðurlandssvik að hamra á þessum skoðunum.

Það er vafalaust rétt hjá honum, að þetta verður ekki kennt við föðurlandssvik, og kann-

ske verður það ekki heldur kölluð goðgá. En þó að hann fari rétt með það, að vinnuharkan á togurunum nú sé ekkert sambærileg við það, sem var, þegar togaraútgerð hófst hér og menn, eins og hann játaði, stóðu 1½—2 sólarhringa og kannske eitthvað á þriðja sólarhringinn án verulegs hvíldartíma á milli, þangað til þeir voru örmagna og vissu ekkert, hvað þeir gerðu, hvort þeir voru að skera af sér fingur eða hvort þeir voru að skera dálkinn úr fiskinum, voru orðnir svo dofnir, — þó að það sé rétt hjá honum, að þrældómurinn sé ekkert álíka nú eins og áður en togaravökulögin voru sett, þá er víst, að það er alveg vonlaust mál, að hægt sé að hrófla við vökulögunum. Það er áreiðanlega orðum aukið, að sjómenn séu ekki andvígir því, en því hélt hv. þm. fram. Eða hvernig eru þau til komin, mótmælin, sem hafa borizt inn fyrir veggi Alþ. frá hverri togaraskipshöfninni á fætur annarri, einróma um það að andmæla því, að haggað sé við togaravökulögunum? Eru það pöntuð mótmæli? Þau breiddust svo skyndilega út yfir togaraflotann eins og eldur færi um sinu.

Nei, ég held, að það hafi verið alveg „spontant", ekki nein pöntuð mótmæli, að það sagði til sín strax vakandi vilji, varnarvilji togarasjómannanna gagnvart vökulögunum. Af þeim mótmælum les ég það, að það sé ekki vilji hjá sjómönnum til þess að leysa þessi mál á kostnað þeirra lagaákvæða um hvíld togarasjómanna, sem þeir eiga nú við að búa. Það, sem nákvæmlega felst í erindi togaraútgerðarmanna, Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, er þetta: að togaravökulögunum verði breytt á þann veg, að vinnutíminn verði lengdur úr 12 klst. á sólarhring í 16 klst. á sólarhring. Og það segja mótmæli togarasjómannanna skilmerkilega, að þá breytingu uni þeir ekki við, henni mótmæli þeir harðlega. Enda hefur farið svo, að aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, hefur hlaupið frá sinni afstöðu. Það tók mjög jákvætt undir þessar kröfur útgerðarmannanna í fyrstu, en hefur reynt að þurrka það allt saman út aftur. Það tekst nú ekki, það stendur svart á hvítu, undirtektir Morgunblaðsins undir þessar kröfur togaraeigendanna voru jákvæðar í upphafi. En hræðslan greip málgagnið fljótt, og það hvarf frá þessari afstöðu.

Hv. þm. sagði, að togarasjómennirnir fengju nóga hvíld á ísfiskveiðum a. m. k., þó að togaravökulögunum yrði breytt. Hann heldur því þannig fram enn í dag, að þetta sé hugsanleg lausn á togaravandamálinu og togaraverkfallinu. Það er því staðreynd, nú öllum kunn, að einn af hv. þm. Sjálfstfl. er hér enn málsvari fyrir þessari kröfu togaraútgerðarmanna. Og mér finnst það dálítið einkennilegt, að annar hv. þm. Sjálfstfl. skuli hafa gufað upp á Alþ. og horfið, þegar mest þörf var á honum sem málsvara sjómannastéttarinnar sem varaformanni Sjómannafélags Reykjavíkur, það verð ég að segja. Það er dálítið sérkennilegt, að þetta skyldi bera upp á sama tímann. Einn þm. flokksins gerir kröfur togaraeigendanna um árásina á vökulögin að sínum og segist hvorki vilja kenna það við goðgá né föðurlandssvik, sem sé hann standi alveg teinréttur við þessa afstöðu sína, en sá, sem átti að vera málsvarinn, er horfinn.

Þá lét hv. þm. í ljós undrun sína á því, að ég skyldi hafa borið fram kröfu um hækkun á genginu til þess að rétta hag togaraútgerðarinnar og að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefði tekið þessa till. mína upp í ræðu sinni á eftir. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég hreyfði engri slíkri till. En hitt er rétt, að ég lét í ljós þá skoðun, að það hefði verið jafnvel betra, að gengisfellingarnar, sem hafa verið framkvæmdar, hefðu ekki verið framkvæmdar. Það er ekki svo auðvelt að kippa breyttu gengi til baka, þegar búið er að framkvæma gengisbreytingu, en hins vegar sýndi ég fram á það, að gengisbreytingarnar hefðu hækkað marga stórútgjaldaliði togaraútgerðarinnar og hef þar fyrir mér tölur úr bókhaldi togaraútgerða.

Ég nefndi þar, og það skal ég endurtaka, að vátryggingargjöld, sem voru almennt um 300 þús. kr. á togara fyrir fyrri gengislækkunina, eru nú komin allt upp í 1 millj. 250 þús. á hinum yngri og dýrari togurum, sem eru á viðreisnarverði, eftir gengislækkun. Að olían hefur meira en tvöfaldazt í verði, er fyrst og fremst afleiðing af gengislækkununum. Vátrygging togaranna er enginn smáliður, og þar lagði jafnvel einn af hv. þm. Sjálfstfl. til, að gripið yrði til þjóðnýtingar, vátryggingariðgjöldin væru svo há, hvíldu svo þungt á togaraútgerðinni, að það væri jafnvel ástæða til, að tryggingastarfsemin væri þjóðnýtt, og þar erum við alveg sammála. Það á að tryggja það, að vátryggingastarfsemin í landinu sé ekki stórgróðafyrirtæki á kostnað frumatvinnuveganna í landinu og þeim til lömunar, og það er alveg óviðurkvæmilegt að láta það ástand haldast. Vitanlega eiga þessar opinberu tryggingar að vera þá í höndum hins opinbera og iðgjöldum hagað þannig, að það sé eingöngu til að standa undir tryggingunum með nauðsynlegustu iðgjöldunum og ekki með nokkra tilhneigingu til þess að safna á því gróða.

Ég átti fyrir nokkrum mánuðum tal við tryggingaforstjórann í Færeyjum, og hann sagði mér það í óspurðum fréttum, að sér bærust oft frá Íslandi fyrirspurnir um, hvort ekki væri hægt að fá að tryggja íslenzk skip í ríkistryggingunni í Færeyjum, — þessi grein er þar þjóðnýtt, — því að þeir segðu, að tryggingaiðgjöld hér væru um það bil tvöfalt hærri en þar. Hann hefði því miður orðið að gefa þær upplýsingar, að það væri einungis hægt að vátryggja í Færeyjum þau skip, sem þar væru skrásett, væru skrásett þaðan, og þannig hefði þeim verið synjað um þetta. Þetta sýndi mér þá þegar það, sem hv. 1. þm. Vestf. viðurkenndi nú og margir hafa viðurkennt á þessu þingi, að tryggingastarfsemi væri hér að því leyti í ólestri, að tryggjendur væru hafðir að féþúfu og iðgjöldin margfalt hærri en þau þyrftu að vera.

Vextir af 40 millj. kr. togara, — það kosta núna þessir þúsund tonna togarar eftir gengislækkun, — eru á 4. millj., og það er komið í þessar svimháu tölur sem afleiðing af gengislækkununum. Það munu því ýmsir verða mér sammála um, að það væri betra, ef hægt væri að kippa þessum gengislækkunum til baka. Þær

hafa ekki orðið slík hjálp frumatvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútveginum og landbúnaðinum, eins og látið var í veðri vaka. Þær hafa ekki orðið til þess, að sjávarútvegur á Íslandi gengi án uppbóta og styrkja, heldur einmitt leitt til þess, að nú verður að hjálpa þessum atvinnuvegum með uppbótum og styrkjum.

Nú eru forustumenn sjómannasamtakanna búnir að þreyta samninga í sjö mánuði við útgerðarmenn togarafélaganna. Þeir eru búnir að þreyta samninga í sjö mánuði, og það er komið á þriðja ár, síðan samningunum var sagt upp. Farið er fram á 20—22% kjarabætur, og sjómennirnir fá enga áheyrn. Þetta eru meginatriðin í því máli. En það, sem var uppistaðan í minni ræðu áðan, var, að svo illt sem það væri að skattleggja bátaflotann vegna togaraflotans með því að taka þá sjóðseign, nokkra tugi milljóna, sem hafa safnazt í hlutatryggingasjóði bátaútvegsins, og nota nú til að bjarga togaraútgerðinni, — ja, bjarga henni aðeins á þann hátt að grynna á skuldunum, eins og hæstv. ráðh. hefur sagt, og að þyngja skattinn á bátaútveginum í viðbót, eins og ákveðið er með þessu frv., — þá væri það þó sök sér, ef það væri gert til þess að koma togaraflotanum af stað. En þegar það er svo játað, að þessi skattlagning á bátaflotann verði engin lausn á því máli, togararnir verði bundnir eftir sem áður, þá tel ég þetta enga lausn og teldi, að það væri aðgengilegra fyrir hv. þm. að samþ. frv. sem þetta, þó að það fæli í sér nokkrum tugum millj. meiri tekjuöflun til handa togaraútgerðinni, ef þá væri hægt að lýsa því yfir, að hún jafnframt færi af stað og yrði jafnframt lifandi þáttur í íslenzku framleiðslustarfi. Það er ekki því að heilsa, það hefur komið berlega í ljós af svörum hæstv. sjútvmrh., togararnir verða áfram bundnir og deilan að engu leyti leyst, þó að þetta frv. verði samþ. Og þá finnst mér það koma til lítils, því að það er auðvitað staðreynd, að togararnir gætu alveg eins legið bundnir hér í höfn með sínar skuldabyrðar frá umliðnum árum. Það held ég, að væri þó óráðlegast af öllu að hyggja nú á að rýra tekjur atvinnuleysistrygginganna í sambandi við þetta mál, þegar togarasjómennirnir, um 800 talsins, eru komnir í hóp atvinnuleysingja.

ATKVGR.
Brtt. 565 felld með 18:16 atkv.
Frv. samþ. með 17:12 atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað til hv. Ed. frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ., og skal ég leyfa mér að gera lítils háttar grein fyrir því.

Eins og kunnugt er og öllum hv. þdm. a. m. k. er kunnugt, hafa togveiðar íslenzkra togara verið um langt skeið ein aðaluppistaða sjávarútvegs Íslendinga. Þessar veiðar hófust á fyrsta tug aldarinnar og gengu yfirleitt mjög vel í upphafi og lengi fram eftir, þannig að togveiðarnar urðu á vissan hátt undirstaða undir efnahagsþróun í landinu og gáfu bæði eigendum togaranna og öllum almenningi, sem atvinnu hafði í sambandi við þá, mjög góðar tekjur. Þetta hefur breytzt á síðustu árum. Það breyttist verulega á kreppuárunum á fjórða tug aldarinnar, þegar afurðaverðmætið féll svo í verði, að það var mjög erfitt fyrir togarana að halda starfsemi sinni áfram aðstoðarlaust, eins og þá var og með því afurðaverði, sem þá almennt var. Á styrjaldarárunum breyttist þetta aftur, og togaraeigendur högnuðust þá vel á þessum atvinnurekstri. En síðan hefur sigið á ógæfuhlið, má segja, og alveg keyrt um þverbak nú síðustu árin.

Versnandi afkoma síðustu ára er að langsamlega mestu leyti, vil ég fullyrða, vegna þess, hve afli skipanna hefur rýrnað. Að vísu er ekki allt sagt með því að geta heildarafla togaranna, en þó gefur það veigamikla vísbendingu um, hvert stefnir, og skal ég þess vegna leyfa mér að rekja hér, hvernig heildarafli togaraflotans hefur breytzt frá 1958, sem að vísu var metár í sögu togaranna, vegna nýrra, fjarlægra miða, ágætra, sem þá voru tekin í notkun, og til þessa dags. 1958 var afli togaranna hátt í 200 eða rétt um 200 þús. tonn. 1959 er hann kominn niður í 156 þús. tonn, 1960 niður í 113 þús. tonn, og á árinu 1961 hefur hann orðið rúmlega 70 þús. tonn, eða rétt rúmur þriðjungur af því, sem hann var 1958.

Það er náttúrlega ýmislegt fleira, sem kemur til greina, sem athuga þarf, þegar bera á saman aflabrögðin, heldur en heildaraflinn, eins og t. d. úthaldsdagar og hvers konar veiðar stundaðar eru, hvort þær eru stundaðar fyrir heimamarkað eða siglt með aflann til útlanda, og verður að taka nokkurt tillit til þess, þegar heildarsamanburður er gerður. En þessar brúttótölur um aflamagnið segja þó sína sögu. Það er enginn vafi á því, að síðan fiskveiðimörkin voru færð út, eins og gert hefur verið og alveg sérstaklega á árinu 1958, hefur það haft mjög mikil áhrif á aflabrögðin, þannig að togaraskipstjórar fullyrða, að þeir hafi með útfærslu markanna misst mörg af sínum beztu veiðisvæðum og það hafi fyrst og fremst orðið orsök til þess, að veiðimagnið hefur minnkað eins og raun er á. En það þarf líka að bæta því við, að í nál., sem n. ein gaf frá sér á árinu sem leið, sem sett var til að athuga rekstur og afkomu togaranna, var talið, að togararnir mundu geta bjargazt styrkjalítið eða styrkjalaust í framtíðinni, ef þeim væru gefin aftur svæðin, sem af þeim voru tekin með útfærslu fiskveiðimarkanna.

En fleira kemur til, sem hefur orðið til þess, að afkoma togaranna hefur orðið upp á síðkastið eins léleg og raun ber vitni. Ég vil þá fyrst telja til það, að togurunum var strax 1951 og 1952 og allar götur fram til 1958 skammtað minna verð fyrir sinn fisk en öðrum skipum, og hefur sá verðmismunur, sem togararnir urðu að búa við á sínum fiski og bátafiskinum, verið metinn til margra milljóna króna á skip. Ég hef í þessu sambandi heyrt nefndar 5.6 millj. kr., en skal ekki fullyrða, hvort sú tala er ná-

kvæm, en allnærri lagi mun hún þó vera, að ég ætla. Gefur að skilja, að þetta hefur orðið til þess að draga mjög úr möguleikum þessa atvinnuvegar til að standa undir þeim áföllum, sem hann nú verður fyrir. Í öðru lagi hefur togaraútgerðin verið útilokuð frá einum sínum bezta markaði um langt bil, þ. e. a. s. brezka markaðinum, vegna þess að löndunarbann hefur verið á íslenzkum fiski í Bretlandi á árunum frá 1952 og fram til 1956 og aftur nú síðar, eftir að síðari útfærslan fór fram.

Allt þetta hefur orðið til þess, að afkoma þessa atvinnuvegar hefur orðið hin síðustu ár mjög rýr, og tapið á árunum 1960 og 1961, sem sérstaklega hefur verið skoðað, nemur á báðum þessum árum á milli 3 og 4 millj. kr. á skip, eftir því sem upplýst hefur verið, eftir að afkoma og reikningar togarafélaganna ýmissa hefur verið athugað.

Það er því alveg sýnilegt, að það þarf eitthvað að gera, til þess að atvinnureksturinn geti haldið áfram, ef það á ekki að hverfa að því að leggja hann niður. Mönnum hefur orðið að hugsa, þegar togaraútgerðin hefur verið rekin með slíku tapi, sem ég hef nú skýrt frá, hvort ekki væri þá tími til kominn að segja alveg skilið við þessa veiðiaðferð og reyna að venda sínu kvæði í kross og hugsa aðeins um veiði á bátum. En það hafa allir, held ég, sem um þessi mál hafa hugsað, kveinkað sér við að hugsa þá hugsun til enda, að togararnir yrðu varanlega afskrifaðir úr íslenzkum atvinnurekstri, til þess hafa þeir flutt of mikla björg í bú. Og þó að tímabundið aflaleysi hafi þjáð þá að undanförnu, þá er engin ástæða til að ætla, að það verði varanlegt. Þess vegna hafa allir, sem um þessi mál hafa fjallað, gert ráð fyrir því, að þessum atvinnuvegi yrði haldið áfram og að honum yrði þá veittur nokkur stuðningur til þess að mæta þeim töpum, sem hann hefur orðið fyrir, eða réttara sagt hluta af þeim töpum.

Það hefur að vísu frá togaraeigendum sjálfum borizt sú ósk, að þeir fengju á ný aðgang að þeim veiðisvæðum, sem voru af þeim tekin með útfærslu fiskveiðimarkanna. En sú hugsun hefur ekki fengið hljómgrunn, hvorki hjá almenningi né ríkisstj., og ríkisstj. hefur ekki á prjónunum neina ráðagerð um það, að sá háttur verði tekinn upp að nýju. Togaraeigendur hafa að vísu það til málsbóta fyrir þessari ósk sinni, að fiskifræðingar okkar hafa látið í ljós þá skoðun, að það þyrfti ekki að valda neinu úrslitatjóni, þó að togurunum yrði hleypt inn fyrir núverandi fiskveiðimörk. En sem sagt, sú leið hefur verið afskrifuð, a. m. k. í bili, og þá er ekki um annað að ræða en reyna að bæta þeim það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir.

Þetta er ekki einsdæmi hjá okkur. Aðrar fiskveiðiþjóðir, sem gera út togara, hafa farið sömu leið, t. d. veita Bretar nú talsvert mikinn styrk til þeirra togara, sem gerðir eru út á fjarlæg mið til þess að bæta þeim upp það, sem þeir hafa misst við útfærslu fiskveiðimarkanna. Þessi uppbót Breta nemur, að mér er tjáð, 17 sterlingspundum á hvern úthaldsdag, og það er allmikil fjárfúlga á hvert skip. Þýzkir togaraeigendur hafa farið fram á það við sína ríkisstj., að hún styrkti líka togaraútgerð þeirra, og án þess að ég viti, hver niðurstaðan hefur orðið, þá virðist mér fastlega mega gera ráð fyrir því, að þýzka ríkisstj. muni einnig veita sínum togurum einhverja aðstoð, svipaða því, sem Bretar þurfa að gera.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þessi aðstoð við togarana verði veitt á þann hátt, að þeim verði veitt aðild að hinum gamla hlutatryggingasjóði sjávarútvegsins, breytt nafni á honum og hann kallaður aflatryggingasjóður, og þar með, að nokkrum öðrum ákvæðum í gömlu hlutatryggingasjóðslögunum verði breytt, og lögin endurskoðuð af þessu tilefni, en þó ekki meira en svo, að segja má, að sú endurskoðun sé sjálfsagt ekki fullnægjandi, heldur verði þar síðar reynt að betrumbæta. En hlutatryggingasjóðurinn, sem stofnaður var fyrir 12 eða 13 árum með lögum hér á Alþ., hefur á undanförnum árum getað veitt þeim bátum, sem tryggðir eru í honum, mjög verulega aðstoð, þegar aflaskortur hefur orðið hjá þeim, og forðað þeim frá því að lenda í vandræðum af þeim sökum. En aðalhugsunin í gömlu hlutatryggingasjóðslögunum var sú, að þegar meðalveiði á einhverjum stað eða einhverju veiðisvæði færi niður fyrir 75% af meðalveiði nokkurra ára, þá kæmi til aðstoð frá honum, og þeim mun meiri, eftir því sem aflinn yrði minni hjá hinum ýmsu bátum á svæðinu.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að togurunum verði bætt við og að ný deild, jöfnunardeild, verði einnig stofnuð. Í gömlu hlutatryggingasjóðslögunum er gert ráð fyrir tveim deildum, síldveiðideild og hinni almennu deild, sem hafa starfað nokkuð sjálfstætt, þó þannig, að önnur deildin hefur jafnan aðstoðað hina, þegar hún hefur lent í kröggum og ekki getað staðið við sínar skuldbindingar. Þá hefur sú deildin, sem betur mátti, veitt hinni lán, til þess að hún gæti staðið við skuldbindingar sínar, og síðan hefur það verið endurgreitt, þegar sú deild, sem á aðstoðinni þurfti að halda, hefur orðið þess megnug.

Nú er bætt við þriðju deildinni, þ. e. a. s. togaradeildinni, og einnig jöfnunardeild, sem á að vera til aðstoðar, þegar einhver hinna deildanna á í erfiðleikum, og getur hún veitt sína fyrirgreiðslu bæði sem lán og styrk. Annars er hugsað, að aðstoðin til togaranna komi til framkvæmda, þegar heildarveiðin fer niður fyrir 85% af meðalveiði undanfarinna ára, og er það nokkru hærri prósenta en hefur verið í gildi fyrir bátana. Nokkrum hluta af gjaldinu til aflatryggingasjóðs er þess vegna ráðstafað til jöfnunarsjóðsins, en nokkrum hluta til hinna ýmsu deilda.

Gjaldið til hlutatryggingasjóðs áður var ½% af útflutningsverðmæti sjávarafurða, nema síldarafurða, þar var gjaldið ¾%, vegna þess að tekjuþörf síldveiðideildar óx meira en hinnar almennu deildar, þar sem aflatregða undanfarinna margra ára á síldveiðum hefur orðið það mikil, að síldveiðideildin hefur orðið að leita á náðir hinnar almennu deildar til þess að geta staðið við sínar skuldbindingar. Þessi gjöld hafa nú verið hækkuð upp í 1¼% og framlag ríkissjóðs hækkað upp í helminginn af þeirri upphæð. Með 2800 millj. kr. útflutningsverðmæti

má gera ráð fyrir því, að 1¼% gefi í árlegar tekjur 35 millj. kr. í sjóðinn og ríkissjóður þurfi þá að leggja á móti helming þeirrar upphæðar, eða 17.5 millj. kr., sem þýðir um 9 millj. kr. hækkun frá því, sem hann nú leggur fram.

Þegar þetta gjald var fyrst ákveðið í brbl. um ráðstafanir vegna gengisbreyt. á árinu sem leið, var ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs hækkaði frá því, sem það var í kr. En við meðferð málsins hefur verið á það fallizt, að framlag ríkissjóðs verði hækkað upp í helminginn af 1¼% útflutningsgjaldinu, eða 17½ millj. kr., sem áætlað er að það muni verða, sem þýðir 9 millj. kr. hækkun á ári úr ríkissjóði.

Skv. þessu á að veita bætur til togaranna fyrir árið 1961. En til þess að bjarga árinu 1960 er í frv. lagt til, að ríkissjóður leggi fram sem óafturkræft framlag til togaradeildarinnar um 30 millj. kr., sem greiðast á allmörgum árum, og verður þá ríkissjóður væntanlega að leggja fram sem svarar vöxtum af þeirri upphæð, sem hann skuldar af því framlagi á hverjum tíma. Þetta er stofnfé togaradeildar og verður grundvöllurinn fyrir starfsemi hennar.

Auk þess kemur svo árið 1961 og framlag þess árs, sem verður úthlutað eftir venjulegum reglum sjóðsins. En úthlutunin fyrir árið 1960 er lögð á vald sjóðsstjórnarinnar og ríkisstj., og getur hún þá eða þær ákveðið, hvaða háttur verður hafður á um þá skiptingu.

Það hefur komið fram nokkur gagnrýni á því, að upp skyldi vera tekinn sami háttur á greiðslum til togaranna fyrir árið 1961 og nú gildir fyrir bátaflotann, þ. e. a. s. að þeir fái mesta aðstoðina, sem minnst hafa aflað. Það hefur verið talið, að þetta gæti dregið úr áhuga manna á að stunda veiðarnar á venjulegan hátt í trausti þess, að þeir mundu fá það bætt, sem þá vantaði. En í fyrsta lagi er nú það að segja, að þeir fá langt í frá bætt að fullu það, sem þá vantar, þó að þeir fái nokkuð upp í það, og svo eins hitt, að ég held, að engum íslenzkum sjómanni detti í hug að draga sig í hlé, þó að hann eigi von í því að fá eitthvað meiri uppbætur, eftir því sem hans veiði er minni. Veiðiskapur er nú einu sinni svo, að það getur verið af ýmsum orsökum, sem hann verður mismunandi. Og engum efa er það undirorpið, að þeim, sem minnst bera úr býtum af sínum veiðiskap, hlýtur náttúrlega að vera þörf á mestri aðstoð.

Hins vegar hefur það verið látið vera opið, hvernig haga skuli skiptingu aðstoðarinnar fyrir árið 1960, og var með þessum hætti reynt að fara bil beggja.

Heildarupphæð aðstoðarinnar verður með þessu móti 30 millj. kr. fyrir árið 1960, hreint og klárt úr ríkissjóði, og önnur upphæð fyrir árið 1961, sem að dómi þeirra, sem frv. hafa samið og bezt þekkja til þessara mála, er talið að muni nema svipaðri upphæð, miðað við aflabrögðin á því ári.

Það hefur verið gagnrýnt líka, að með þessum hætti væru lagðar nokkrar byrðar á bátaútveginn. Það er að vísu rétt, að eins og nú árar, þá lítur út fyrir, að jöfnunarsjóður hljóti að koma til þess að jafna metin. En ég vil í því sambandi benda á, að framlag ríkissjóðsins hefur verið hækkað mjög verulega, eða eins og ég sagði áðan um 9 millj. kr. á ári, og ætti það að geta borið uppi ásamt með framlögum togaraflotans mjög verulegan hluta af þeim kostnaði, sem jöfnunarsjóðurinn verður að hafa af togaradeildinni, á meðan fjárhagsástand togaraútvegsins og aflabrögð eru slík eins og þau hafa verið að undanförnu.

Yfirleitt ber mönnum saman um, að það sé nauðsynlegt að aðstoða togarana, veita þeim einhverja fjárhagslega aðstoð til þess að geta haldið sínum rekstri áfram. En síðan hefur leiðir skilið og ýmsir haldið því fram, að þetta ætti ekki að gerast að neinu leyti á kostnað bátaflotans, heldur væri verkefni ríkissjóðs eins að standa undir þeirri fjárhagsaðstoð, sem togurunum væri veitt. Ég held hins vegar, að þegar uppbygging þessa aðstoðarkerfis eða tryggingakerfis, sem ég vil frekar kalla það, er slík eins og hún er í frv., þá sé ekki ósanngjarnt, að einn styðji annan, — þegar erfiðleika ber að höndum, þá greiði bátaútvegurinn einhvern litinn hlut af því, sem togararnir þurfa á að halda. Sá tími kann að koma í framtíðinni, að þetta snúist við og togaraútvegurinn verði þess megnugur að greiða aðstoð til bátanna, ef þeir kynnu að þurfa á því að halda. Um þetta er aldrei hægt að segja, og þess vegna finnst mér, að sá, sem betur stendur að vígi, megi gjarnan rétta hinum veikari hjálparhönd, ef hann á í erfiðleikum í bili, í þeirri von og veru, að sá, sem nú er veikari, kynni kannske eftir nokkur ár að verða sterkari.

Það hefur líka verið bent á í þessu sambandi, að togaraútgerðin hefur vissulega lagt af mörkum mjög mikið fé til bátaútvegsins með framlagi sínu í fiskveiðasjóð á undanförnum árum. Togararnir hafa greitt af útfluttum sjávarafurðum á undanförnum árum 2% af andvirði útfluttra sjávarafurða, sem runnið hafa í fiskveiðasjóð, en hins vegar hafa togararnir litið sem ekkert notið fyrirgreiðslu af hálfu sjóðsins, þannig að segja má, að hér hafi togararnir lagt sitt lóð í vogarskálina fyrir bátana og veitt þá aðstoð við starfsemi fiskveiðasjóðsins, sem hefur komið bátaútveginum að mjög góðum notum. Það kom fram í nál. meiri hl. í hv. Nd. eða ræðu frsm. meiri hl., að þessi upphæð, sem togaraflotinn hefði frá upphafi lagt í fiskveiðasjóðinn án þess að fá neitt verulegt í staðinn, mundi nú nema um eða yfir 100 millj. kr., þannig að það er vissulega engin smáupphæð, sem togaraflotinn hefur lagt fram til aðstoðar við bátana, og mætti því sýnast, að m. a. af þeim orsökum ætti ekki að vera goðgá, þó að lítils háttar kæmi úr jöfnunarsjóði til togaraútgerðarinnar.

Þetta frv. um breyt. á hlutatryggingasjóðslögunum er fyrst og fremst og ég vil segja aðallega borið fram vegna togaraaðstoðarinnar. Það hefur áður verið á það minnzt, að hlutatryggingasjóðslögin þyrftu endurskoðunar við, og það hefur verið gert lítils háttar í sambandi við samningu þessa frv. En það má e. t. v. segja, eins og ég held að ég hafi orðað áður, að þessa endurskoðun þyrfti að betrumbæta með hliðsjón af þeim umkvörtunum, sem um hlutatryggingalögin almennt höfðu borizt áður. En þó skal ég segja það, að um samningu þessa

frv. hafa fjallað þeir menn, starfsmenn Fiskifélags Íslands, sem með afgreiðslu hlutatryggingasjóðs hafa haft að gera og þekkja þess vegna bezt allra manna til þessara mála. Með þessari fyrirgreiðslu til togaranna er ætlað, að veittar verði bæði úr ríkissjóði, úr togaradeild og úr jöfnunardeild samtals fyrir bæði árin 1960 og 1961 í kringum 60 millj. kr. Þar við bætist svo sú aðstoð, sem togararnir hafa fengið á þann hátt, að af útflutningsgjaldinu er nú greitt vátryggingariðgjald þeirra, sem hefur verið talið munu nema svipaðri upphæð, þannig að allt í allt munu til togaranna renna sem bætur fyrir þessi tvö ár, 1960 og 1961, um það bil 3 millj. kr. á hvern togara, sem út hefur verið gerður.

Ég tel, að með þessu sé mjög veigamiklum stoðum skotið undir þennan rekstur og að þeirra aðstaða verði að mun betri en hún var áður með þessu, enda kom það fram í nál. n. þeirrar, sem athugaði hag og rekstur togaranna á s. l. ári, að þeir áætluðu, að á hvern togara þyrfti í kringum 3 millj. kr. fyrir það, sem liðið er, og síðan bætur fyrir það aflatjón, sem þeir kynnu að verða fyrir á næstu árum.

Það hefur nokkuð í hv. Nd. blandazt inn í þetta mál lausn þeirrar deilu, sem nú stendur yfir milli togaraeigenda og sjómannasamtakanna. Slík deila eins og þessi getur náttúrlega alltaf skotið upp kollinum og tekið sinn tíma að ná endunum þar saman. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er á engan hátt miðað við lausn þeirrar deilu, heldur eingöngu miðað við að bæta togurunum það aflatjón, sem þeir hafa orðið fyrir á árunum 1960 og 1961. Ég var spurður að því þar, hvort þessi fyrirgreiðsla til togaranna mundi nægja, til þess að samningar gætu tekizt á milli aðila og rekstur togaranna hafizt á ný. Um það get ég vitanlega ekkert fullyrt, vegna þess að mér er á þessu stigi málsins algerlega ókunnugt, um hvað samningar muni geta tekizt og hvað muni til þess þurfa. Sérstaklega er erfitt um þetta að segja vegna þess, að ég veit ekki neinn atvinnurekanda nú um langt árabil, sem hefur átt eins erfitt með að mæta óskum um hækkuð laun og einmitt togaraeigendur vegna þeirra áfalla, sem þeir hafa orðið fyrir á liðnum árum, og vegna hins sýnilega áframhaldandi rekstrarhalla, ef ekki rætist úr með aflann. Ég get þess vegna á þessu stigi á engan hátt sagt um það, hvernig um lausn þessarar vinnudeilu muni fara, enda er þetta frv. samið áður en til hennar kom og miðað við að leysa allt annan vanda en þann.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að fara um þetta mál fleiri orðum. Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að málinu yrði að umr. lokinni vísað til hv. sjútvn. og meðferð málsins í n. hraðað, eftir því sem föng eru á.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta frv. efnislega á þessu stigi, þar sem það mun væntanlega koma í n., þar sem ég á sæti, en ég vil þó við þessa 1. umr. beina örfáum spurningum til hæstv. sjútvmrh. Hann las hér upp skrá um heildarafla togara undanfarin fjögur ár og sýndi fram á, hversu aflinn hefði dregizt saman. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hefur hann ekki handbærar hliðstæðar upplýsingar um það, hvað andvirði þessa afla var hvert ár fyrir sig, því að aflamagnið segir ekki allt? Þetta tel ég mikils virði að vita, því að auðvitað er það fyrst og fremst andvirði aflans, sem segir til um það eða gefur bendingu um það, hvernig útkoman er hvert ár fyrir sig, þegar árin eru borin saman. Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi ekki einhverjar upplýsingar að gefa um það, hversu raunverulegur veiðitími togaranna var langur hvert ár fyrir sig, því að það er auðvitað ekki hægt að búast við, að togari afli eins og áður, ef hann er ekki álíka lengi við veiðar.

Þá sakna ég þess, að í grg. þessa frv. fylgja engar upplýsingar frá þeirri n., sem hæstv. ríkisstj. skipaði til að rannsaka hag togaraflotans, en það sýnist mér, að sé nauðsynlegt, að alþm. eða a. m. k. þn. fái sem gleggstar upplýsingar um það, hvernig hag þeirra er raunverulega komið. Ég sé ekki, að í grg. frv. séu neinar upplýsingar um hag togaraútvegsins. Það er bent á, að hann sé illa kominn fjárhagslega, og það er ekkert að efast um, að svo er, en það er náttúrlega ekki nóg að vita það eitt. Ég hygg, að í flestum hliðstæðum málum sé leitazt við að gefa sem ýtarlegastar upplýsingar um það, hversu illa er komið fyrir hverjum þeim, sem aðstoðar þarf frá ríkisins hálfu. Ég vil því spyrja um það, eins og ég sagði áðan, hvort t. d. sjútvn. má ekki eiga von á því að fá yfirlit yfir hag togaraflotans eða þær niðurstöður, sem sú rannsóknarnefnd hefur fengið með sinni rannsókn.

Hæstv. ráðh. drap á það, að komið hefði til mála að leyfa togurunum veiðar inni í landhelginni, og það fer víst ekki á milli mála, að það kom til mála. En hann orðaði það þannig, að þessu hefði verið afstýrt í bili. Á þá bátaflotinn það kannske yfir höfði sér, að þetta sé bara í bili, sem þessari hættu fyrir hann er afstýrt, eða hefur hæstv. ríkisstj. nokkuð það á prjónunum, að það geti komið til þess síðar að leyfa slíkt?

Eins og kunnugt er, hefur það valdið mestri andstöðu gegn þessu frv., að nú á að láta bátaútveginn bera að verulegu leyti þær bætur, sem ætlaðar eru togurunum. Ég ætla ekki að fara út í það að þessu sinni, hvaða sanngirni mælir með þessu, en ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki sé hætta á því, að aflatryggingasjóður verði verulega minna virði á eftir fyrir sjálfa bátana, þegar þetta kerfi er komið á.

Að lokum drap hæstv. ráðh. á þær upplýsingar, sem fram hefðu komið í hv. Nd., að togaraflotinn hefði í raun og veru greitt til aðstoðar bátaútgerð í landinu verulegar upphæðir á liðnum árum með því fiskveiðasjóðsgjaldi, sem frá togurum hefur runnið í fiskveiðasjóð, sem lánar aðallega til báta. Ég veit ekki, hvernig það reikningsdæmi hefur verið reiknað hjá þeim hv. þm., sem kom með þessar upplýsingar í hv. Nd. Ég man þó það, að útflutningsgjald af sjávarafurðum er búið að vera ákaflega lengi í gildi, ég ætla milli 20 og 30 ár, en var alllengi framan af tekjustofn ríkisins og gekk þar af leiðandi alls ekki til báta.

Hæstv. ráðh. sagði, að á þennan hátt hefði togaraflotinn greitt um 100 millj. kr., ég ætla á

13 árum, kann að hafa verið á lengri tíma, ég vil ekki fullyrða það, en hafi þó samtals greitt um 100 millj. kr. í fiskveiðasjóð, sem bátarnir hefðu notið til að fá lán úr. Þessu er auðvitað alls ekki að neita, að gjaldið hefur runnið á þennan hátt í fiskveiðasjóð. En það breytir, eins og ég sagði áðan, svo ákaflega litlu, hvort það fer beina leið í fiskveiðasjóð eða fyrst í ríkissjóð og ríkissjóður aðstoðar svo fiskveiðasjóð. En mér þykir upphæðin harla ótrúleg, því að ég hef fengið þær upplýsingar, að útflutningsgjald til fiskveiðasjóðs frá upphafi hafi numið rúmum 200 millj., frá því að fiskveiðasjóður varð til, — og að togararnir hafi greitt helminginn af þessari upphæð, það þykir mér fremur ótrúleg saga. En það er ekki vert að deila um það, þegar hvorki ég né kannske aðrir hafa í höndunum fullnægjandi upplýsingar um þetta. Þessi skýring eða þessi rökstuðningur segir í sjálfu sér svo ákaflega lítið, vegna þess að ef á að fara út í meting milli bátaútvegs og togara, þá verður að taka um leið með í reikninginn, hvers konar aðstoð frá hinu opinbera í beggja þágu veitt hefur verið.

Og ég ætla, að það þurfi ekki að lesa lengi til þess að komast að raun um, að togaraútgerð í landinu hefur ekki verið nein hornreka a. m. k. á tímabili. Hvenær ætli bátaútgerð í landinu hafi notið þeirra fríðinda, sem togaraútgerð hefur þó notið? Ég þarf ekki annað en minna á stofnlánadeildina frá 1946, þar sem ríkissjóður útvegaði mikið fjármagn til að endurnýja togaraflotann, og útvegsmenn togara fengu þar, að ég ætla, 90% stofnlán til sinna togarakaupa, og lánin, sem þeim voru veitt, þeim 30 togurum, sem upphaflega voru keyptir, hafi verið með 2½% vöxtum. Ég man ekki eftir því, að bátaútvegurinn á Íslandi hafi notið þessara kjara. En ef á að fara að telja eftir þann hlut af útflutningsgjaldinu, sem runnið hefur til fiskveiðasjóðs, og komið er frá togurunum, þá held ég að þyrfti að fara út í eitthvað fleiri sálma en þetta.

Það má svo sem drepa á það, hvernig þessi útgerð hefur notið fyrirgreiðslu hins opinbera, með því að benda á ríkisábyrgðir. Það er líklega ólík saga togaraútgerðar annars vegar og bátaútvegs hins vegar, ef farið er út í það. Þrátt fyrir þetta, þótt ég bendi á að gefnu tilefni, að þarna var á vafasaman hátt verið að draga fram einhverja fórn af hálfu togara í þágu báta, vil ég taka það fram, að ég tel sjálfsagðan hlut að greiða fyrir togaraútgerðinni í landinu, eins og nú er komið fyrir henni. Hitt er annað mál, hvort það á að gera með þeim hætti að leggja byrðar á bátaútveginn. Það hljóta að vera til aðrar leiðir en það. En um þetta skal ég ekki ræða frekar, eins og ég sagði áðan, þar sem tækifæri gefst til þess væntanlega síðar og málið á eftir að koma í n., sem ég á sæti í.

Ég vil endurtaka þær spurningar, sem ég vil vinsamlegast beina til hæstv. ráðh., ef hann hefur tök á því að svara þeim að þessu sinni, eða þá síðar, ef hann getur það. Og það var í fyrsta lagi, hvert andvirði útflutnings á togveiðum hefur orðið hvert ár fyrir sig undanfarin fjögur ár, hver raunverulegur veiðitími togaranna hefur verið þessi ár og hvort ekki muni vera hægt að fá fullnægjandi upplýsingar um hag togaraútgerðarinnar, a. m. k. að sjútvn. geti fengið þær upplýsingar, sem liggja fyrir í niðurstöðum rannsóknarnefndar þeirrar, sem hæstv. ríkisstj. skipaði. Og loks spurði ég um það, hvort hæstv. ráðh. áliti, að það væri engin hætta á því, að aflatrygging bátanna rýrnaði að verulegu leyti, eftir að þetta kerfi er komið á og togaraflotinn kominn þarna með, með þeim hætti, sem ætlazt er til, ef aflaleysi togara helzt áfram eins og verið hefur nú undanfarin tvö ár.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar viðreisnin hélt innreið sína 1960 í ársbyrjun, þá var einn aðaltilgangur hennar sagður vera sá, að ríkisstj. ætlaði sér að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan og traustan grundvöll, afnema uppbótakerfið, sem talið var vera undirrót flestra meinsemda, og skipa svo málum, að allar atvinnugreinar og þá alveg sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir gætu staðið á eigin fótum án allra bóta og styrkja, eins og það var orðað, — án allra bóta og styrkja af nokkru tagi.

Það fór nú svo, að fyrsta viðreisnarárið var ekki liðið, þegar gripið var á ný til ýmiss konar uppbótastarfsemi. Togurunum var úthlutað um ¾ úr millj. hverjum, útflutningsbætur voru lögfestar á landbúnaðarafurðir, tryggingagjöld fiskiskipa voru greidd úr ríkissjóði, og uppbætur til síldarútvegsins voru greiddar úr sjóðum síldarútvegsnefndar, svo að dæmi séu um þetta tekin. Á öðru viðreisnarárinu, þ. e. a. s. á s. l. ári, var enn þá ákveðin ný gengisfelling, og tilgangurinn var fyrst og fremst sagður sá að bjarga nú enn þá sjávarútveginum. Maður skyldi halda, að eftir allar þessar viðreisnaraðgerðir og endurbætur á viðreisninni væri heldur betur búið að tryggja vel rekstrargrundvöll aðalatvinnuveganna og þar væri blómlegt um að litast. En reyndin er ofur lítið önnur. Nú í byrjun þriðja viðreisnarársins er sú atvinnugrein, sem a. m. k. önnur í röðinni skilar einna drýgstum tekjum í gjaldeyrisöfluninni, togaraútgerðin, algerlega stöðvuð, og hér á hv. Alþ. eru lagðar fram till. um nýtt bótakerfi til handa þessari atvinnugrein, en þó svo ófullkomið og ófullnægjandi, að því er ég a. m. k. bezt fæ séð, að þessar úrbætur einar fyrir sig munu alls ekki nægja til þess að hreyfa aftur hjólin í þessari atvinnugrein, sem hafa verið að ryðga föst nú á undanförnum árum, þótt aldrei hafi verið slíkt ástand þar eins og nú, þegar um algera stöðvun er að ræða, annars vegar vegna óbilgirni togaraútgerðarmanna og hins vegar vegna lélegrar afkomu útgerðarinnar og vegna þess, að rekstrargrundvöll raunverulega skortir.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki aðeins um það að ræða, að tekið sé upp nýtt bótakerfi til aðstoðar togaraútgerðinni nú og í framtíðinni, heldur er líka fyrirhugað að veita henni uppbætur fyrir bæði viðreisnarárin, sem liðin eru, um 30 millj. kr. fyrir hvort ár. Með því er í raun og veru viðurkennt, að allt frá þeim tíma, að viðreisnin hélt hér innreið sína, hafi aldrei verið neinn rekstrargrundvöllur til fyrir þessa atvinnugrein. Efni frv. er svo að

öðru leyti að kveða á um það, hvernig fjárins til þessa bótakerfis skuli aflað, og um það, eftir hvaða reglum því fé, sem þannig fæst, verði úthlutað.

Það er vitanlega eitt af því þýðingarmesta, þegar um þessi mál er fjallað, að athuga, hvaða ástæður liggja til þess, að svo er komið sem komið er fyrir togaraútgerðinni. Hæstv. ráðh., sem hér talaði áðan, reyndi að gera þessu nokkur skil að sumu leyti. Að mínu viti gerði hann það réttilega, en ýmislegt nefndi hann þó til, sem alls ekki kemur þessu máli raunverulega við, t. d. eins og það, að vandræði togaraútgerðarinnar stafi af því, að frá því 1951 hafi fiskverðið verið lægra hjá togurum en hjá bátum. Ég fæ ekki séð, að það breyti í raun og veru neinu um þann raunverulega rekstrargrundvöll, sem nú á að gilda fyrir togaraútgerðina, eftir að hún hefur um alllangt skeið notið og nýtur að öllum líkindum framvegis algerlega sama verðs fyrir fiskinn og bátarnir fá.

Þá nefndi hann einnig til sem ástæðu, að brezki markaðurinn hefði verið lokaður lengi. Að sjálfsögðu kann það að vera rétt, að af þessum ástæðum báðum væri sjálfur efnahagur útgerðarinnar nokkru betri nú, ef þetta hefði ekki komið til. Það hefði þó ekki breytt neinu teljandi a. m. k. um rekstrargrundvöllinn nú. Ég held, að ástæðurnar séu fyrst og fremst tvennar: Í fyrsta lagi þær, að viðreisnaraðgerðirnar hafa sjálfar þrengt mjög að rekstri útvegsins, og í öðru lagi komi svo sjálfur aflabresturinn. Það eru þessar tvær ástæður, sem samanlagt valda því, að tap hefur orðið á rekstri togara, sem ætla má, að sé að meðaltali eitthvað á aðra millj. kr. á ári, þó að um það verði ekki með öllu vitað. En líkur benda til þess, að það sé einhvers staðar á þessu bili, a. m. k. eftir þeim reikningum togarafélaga, sem opinberir geta kallazt og allir hafa aðgang að.

Í þessu sambandi vil ég taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á því, að ekki hafa verið lagðar fram með þessu frv. fullnægjandi upplýsingar um afkomu togaraútgerðarinnar. Þó að ég viti hins vegar af ofur lítilli þekkingu á rekstri eins útgerðarfélags, að hún er mjög slæm, þá gefur það samt sem áður, þó að fyrir liggi reikningar nokkurra útgerðarfélaga, ekki fullkomna mynd af ástandi alls flotans, og því ber að leggja áherzlu á það. að þeim, sem um þetta eiga að fjalla hér og taka um það ákvarðanir, séu gefnar allar upplýsingar í þessu efni.

Það er sjálfsagt alveg rétt, sem hér hefur komið fram og hæstv. ráðh. hefur gert að umtalsefni, að aflabrestur togaranna er mjög mikill miðað við þau tímabil, sem bezt hafa verið. En ég ætla þó, að þær tölur, sem hann fór hér með í þessu sambandi, séu ákaflega villandi, þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu eða a. m. k. reyndi að láta liggja að því, að aflinn væri núna aðeins röskur þriðjungur á við það, sem hann var 1958, bar saman 200 þús. lestir og 70 þús. lestir nú. Þessar upplýsingar eru villandi að því leyti, að þarna er miðað við algert metár í sögu togaraútgerðarinnar, þegar aflanum var mokað upp á 2—3 dögum, þegar togararnir fylltu sig á 2—3 dögum á Nýfundnalandsmiðum, og þarna var um algert metár að ræða. Og líka það, að þá voru allir togararnir gerðir út. Síðan hefur það svo gerzt, að fleiri og fleiri togurum hefur verið lagt í þanghafið hér í Reykjavík, og á hinn bóginn líka það, að úthaldsdögunum í heild hefur farið stórkostlega fækkandi. Útsiglingar togaranna, sem nú sigla almennt 6—7 ferðir á ári, ég ætla 6 ferðir að meðaltali í staðinn fyrir 1—2 ferðir áður að meðaltali á ári, þær fækka úthaldsdögum hvers togara, sem gerður er út, sennilega upp undir tvo mánuði á hverju ári eða um 1/6 hluta. Og þegar það bætist svo við, að miklum hluta af togaraflotanum hefur verið lagt algerlega, þá má vel sjá, að þær tölur, sem hæstv. ráðh. fór hér með, eru algerlega villandi og sanna bókstaflega ekki neitt um það, hvað aflinn hefur minnkað miðað við hvern úthaldsdag, — bókstaflega ekki neitt. Hitt ætla ég, að sé rétt, — ég hef ekki tök á að fara hér með nákvæmar tölur í því, — að meðalaflamagn togara hafi minnkað úr rúml. 4 þús. tonnum á ári á togara niður í 3100—3200 tonn á ári, og það er vissulega mjög alvarlegur hlutur, að aflinn hefur minnkað svo mikið. En þó er að gæta þess, að enn þá er afli íslenzku togaranna svo mikill, að engin þjóð, er hefur togara, getur státað af sama meðalafla á ári eins og við Íslendingar. Og meðalaflinn, sem kemur á hvern sjómann, sem á togaraflotanum vinnur, er enn þá yfir 100 lestir á mann, og af slíkum meðalafköstum getur engin fiskveiðiþjóð í veröldinni státað.

Það hlýtur þess vegna að vera þrátt fyrir þann aflabrest, sem orðið hefur, þegar litið er til samanburðar við aðrar þjóðir, að vera okkur ærið íhugunarefni, hvernig standi á því, að okkar togarafloti er að komast á vonarvöl með meiri afla en annars staðar er að jafnaði dregginn að landi — og það miklu meiri. Og ástandið í okkar togaraútgerð er þannig, að þar á sér engin endurnýjun stað ár eftir ár, á sama tíma og aðrar þjóðir, sem búa þó við miklu minni meðalafla, leggja verulega áherzla á að auka sinn togaraflota, bæði að nýjum skipum og hin eldri að öllum tækniútbúnaði. Það er vissulega ástæða til að athuga, hvaða ástæður liggja til þessa. Í þessu sambandi hef ég það fyrir satt t. d., að á árinu 1959 hafi aflahæsti togari Bretlands veitt 2900 tonn, sem sagt aflahæsti togarinn, sem gerður var út frá Bretlandi, fiskaði 200—300 tonnum minna en meðaltalið er hjá okkur í þessum dæmalausa aflabresti, sem við tölum um. Samt halda Bretar áfram að efla sinn togaraflota og leggja áherzlu á að byggja hann upp með nýjum skipum og nýrri tækni. En við leggjum upp laupana.

Ég held, að ástæðurnar til þessarar þróunar, þessa ástands, megi rekja m. a. til þeirra atriða, er ég vil nú telja:

Í fyrsta lagi, að okkar útgerð almennt, og þá ekki síður togaraútgerð en önnur, býr við hærri vexti en þekkist hjá nokkurri annarri fiskveiðiþjóð, og það er þungur baggi, sem útgerðin verður að bera.

Í öðru lagi, að okkar togaraútgerð býr við t. d. helmingi eða jafnvel þrisvar sinnum hærri vátryggingariðgjöld en þekkjast meðal annarra

fiskveiðiþjóða og meðal þeirra þjóða, sem búa við algerlega sambærileg skilyrði hvað áhættu snertir, t. d. Norðmenn. Það má segja kannske, að þetta skipti minna máli nú fyrir sjálfa útgerðina, þegar í gegnum ríkissjóðinn fara vátryggingariðgjöldin. En það er kannske hægt að segja, að útgerðin borgi þau óbeinlínis sjálf. Þó að hún geri það með óbeinum hætti, þá er auðséð, hvaðan þeir peningar eru fengnir. Helmingur eða ⅔ af þeim væru betur komnir í veltu útgerðarinnar en í þeirri hít, sem þeir eru nú í lagðir. Það má líka benda á það, að fyrirkomulagið á sjálfum tryggingunum er orðið slíkt, að hrein vansæmd er að, ekki aðeins stórtjón, heldur stórkostleg vansæmd, þar sem farið er að spila með tryggingarnar eins og fé í fjárhættuspili, þegar togaraútgerðin t. d. í skjóli þess, að ríkið borgar vátryggingariðgjöldin, tryggir sín skip fyrir allt að því þrisvar sinnum hærra verð en raunverulegt verðmæti er og er þannig raunverulega að spila í happdrætti, þar sem vinningurinn er í því fólginn, að skipin farist. Það hefur ein togaraútgerð unnið í þessu happdrætti nú nýlega og fengið 22—23 millj. kr. fyrir gamalt skip, en auðveldlega hefði mátt fá jafngott fyrir 5—7 millj.

Í þriðja lagi kemur það svo, að okkar útgerð býr við hærri útflutningsgjöld, og þá alveg sérstaklega eftir síðustu aðgerðirnar, heldur en nokkurs staðar þekkist meðal nokkurra fiskveiðiþjóða, eða sennilega u. þ. b. 15—18-föld útflutningsgjöld á við t. d. Norðmenn. Ég hygg, að það þekkist hvergi á byggðu bóli, að útflutningsgjöld séu lögð á sjávarafurðir til þess að standa undir lánasjóðum til þess sama atvinnuvegar. Og mér er kunnugt um það, að allir erlendir sérfræðingar, sem hafa starfað fyrir ríkisstj. að þessum málum, hafa sérstaklega fordæmt þessa leið. En ríkisstj. lætur slíka viðvörun eins og vind um eyru þjóta, og í staðinn fyrir að lækka útflutningsgjöldin, eins og allir, sem skyn bera á, telja nauðsyn, þá hefur hún þrefaldað þau, þrefaldað útflutningsgjöldin.

Í fjórða lagi tel ég svo, að ástæðuna megi rekja til þess, að endurbætur í tæknilegum efnum og endurnýjun í samræmi við nýjar kröfur tímans hafa engar átt sér stað í togaraútgerð okkar á síðustu árum og ekki útlit fyrir, að þær muni eiga sér stað.

Í fimmta lagi kemur það svo, að um það bil helmingur alls útgerðarkostnaðar er algerlega háður genginu og hefur í sífellu verið hækkaður með nýjum og nýjum gengisfellingum. Og alveg sérstaklega kemur þetta hart niður, þegar svo stendur á, að útflutningsverðmætið, aflaverðmætið fer minnkandi, en kostnaðurinn stendur í stað á erlendum markaði, en er sífellt hækkaður í krónutölu. Og það er einmitt af þessum ástæðum, sem gengisfellingarnar hafa komið svo hart niður á togaraútgerðinni og leikið hana verr en jafnvel aðrar greinar sjávarútvegsins.

Í sjötta lagi kemur það svo til, að allur innflutningur á þörfum útvegsins, eins og veiðarfærum, olíu, vélum, tæknibúnaði o. s. frv., sem nemur, eins og ég sagði áður, um það bil helmingi af tilkostnaði útgerðarinnar, er í höndum aðila, sem aðeins hafa þau sjónarmið í huga að græða á útveginum, en ekki veita honum sem bezta og ódýrasta þjónustu.

Og svo má enn bæta því við, að á s. l. sumri var tekinn af útveginum í heild, og þar á meðal að verulegu leyti af togaraútgerðinni, gengishagnaður, sem útvegurinn átti upp á 150 millj. kr. Og ef reiknaður væri hlutur togaraútgerðarinnar af þeirri upphæð, eru það vissulega peningar, sem um munar.

Ég ætla ekki núna og hef reyndar ekki tök á því að reyna að fara út í neinar tölur, sem sýni, hvernig bæta mætti rekstrargrundvöll togaranna varðandi þau atriði, sem ég nú hef nefnt. Ég tel a. m. k. veigamikið, ef hægt væri að skera þessi útgjöld niður að lágmarki. Ég vil fullyrða, að þarna gæti verið um að ræða miklu stærri hluti til bjargar togaraútgerðinni en þá, sem hér er verið að ræða. En það er vissulega ekki meining hæstv. ríkisstj. að ráðast gegn þessum frumorsökum að erfiðleikunum og vanda togaraútgerðarinnar. Úrræðin, sem hér er um að ræða, ná ekki lengra en að krafsa í bakkann með nýjum sköttum og álögum, sem eru þó algerlega ófullnægjandi. Þessir skattar og álögur eru til komin með þeim hætti, eru fyrirhuguð með þeim hætti, að það hljóta að verða gerðar a. m. k. mjög miklar athugasemdir við þau, mjög miklar athugasemdir, og þau hljóta að sæta mjög mikilli gagnrýni. Það á sem sagt að leysa þennan vanda, sem hæstv. ríkisstj. á verulegan þátt í að hefur skapazt, með því í fyrsta lagi að hækka útflutningsgjöld af afurðum bátaflotans, öðrum en síldarafurðum, úr ½% í 1¼% og hækka útflutningsgjöldin af afurðum síldveiðiflotans úr ¾% í 1¼%. Í öðru lagi á svo að skattleggja útflutningsafurðir togaraútgerðarinnar, sem unnar eru hjá togaraútgerðinni sjálfri, um 1¼%. Það á sem sagt að fara að eins og með það frv., sem hér var til umr. og afgreiðslu um landbúnaðinn, að það á að taka nokkurn hluta af mjólkinni og gefa kúnum hana aftur. Í þriðja lagi á svo að leysa vandann með því að leggja fram úr ríkissjóði 2½ millj. kr. á ári í næstu 15 ár. Og í fjórða lagi á að hækka heildarframlag ríkissjóðs um 7—9 millj. kr. á ári til hlutatryggingasjóðs, en lækka jafnframt hlutfallslegt framlag sjóðsins til þessarar tryggingarstarfsemi.

Þegar þetta er athugað, þá er ekkert um að villast, að aðalinntakið í þessu er að rýra hlut bátaútvegsins, sem á með þessu að gjalda nýja skatta án þess að fá nokkuð auknar tryggingar eða nokkra aukna styrki, og verja þessum hlut bátaflotans til aðstoðar togaraútgerðinni. Að auki kemur svo smávægilegt framlag úr ríkissjóði. Þetta er efni málsins.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að m. a. viðreisnaraðgerðir ríkisstj. og þó alveg sérstaklega gengisfellingin á s. l. sumri og aðgerðirnar í kringum hana hafi leikið afkomu bátaútvegsins svo, að hann sé alls ekki aflögufær til þess að mæta þeim byrðum, sem þarna á að leggja á hann. Ég get viðurkennt það, að ef um sérstakt góðæri væri að ræða í bátaútgerðinni, þá gæti komið til greina að skattleggja hana til þessara hluta, alveg eins og það gæti komið til greina að skattleggja aðra aðila í þjóðfélaginu. Ég get

að vísu ekki séð, að það sé neinn sá náttúrlegi naflastrengur á milli bátaútvegs og togaraútgerðar, að það sé neitt eðlilegra af þeirri ástæðu að fara að skattleggja bátaútgerðina til þess að bjarga togaraútgerðinni heldur en hvern annan atvinnuveg í landinu. Ég fæ ekki séð það. En hitt finnst mér þó skera alveg úr, að afkoma bátaútvegsins hefur mjög versnað nú á síðustu tímum og alveg sérstaklega af aðgerðunum á s. l. sumri, þó að ég ætli ekki að fara nánar út í þá sálma, og það finnst mér skera úr um það, að sú leið er algerlega óréttmæt, sem farin er, að skattleggja hann enn þá meira en búið er að gera til þess að reyna að krafsa ofur lítið í bakkann til bjargar togaraútgerðinni.

Ég vil þó taka fram, að þetta, sem ég nú var að segja, á ekkert skylt við það, að ég sé andvígur því, að hlutatryggingasjóði togaraútgerðarinnar sé komið á fót. Ég teldi þó, að slíkur hlutatryggingasjóður ætti að njóta sams konar, ekki hlutfallslega minni styrks en hlutatryggingasjóður hefur áður notið, og að ríkið legði þar a. m. k. jafnmikið fram og togaraútgerðin sjálf.

Það er að mínu viti alveg auðsætt, að það að tryggja rekstur togaraflotans er sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar, en ekkert einkamál þeirra, sem fást við þá útgerð. Það er hvort tveggja, að við þörfnumst þessarar útgerðar sem uppsprettu gjaldeyrisöflunar, og hitt einnig, að okkur mun ekki takast að nýta þær auðlindir, sem fólgnar eru í djúpmiðunum í kringum landið og á fjarlægum miðum, nema með útgerð slíkra skipa sem togararnir eru. Og okkur mun ekki heldur takast að nýta frystihúsakostinn og afkastagetu fiskvinnslustöðvanna, nema við höfum togaraútgerð. Þess vegna álít ég, að útgerð togaraflotans sé sameiginlegt hagsmunamál allrar þjóðarinnar og tillit til þess verði að taka, þegar lausnar á vanda þessarar útgerðar er leitað.

Það stendur nú svo á, að um það bil helmingur af öllum togaraflota landsmanna er í eigu bæjarfélaga. Og þessum stóra hluta af togaraflotanum hefur í raun og veru verið haldið úti með beinni skattlagningu á íbúa þessara bæjarfélaga, sem hafa orðið að gjalda með útgerðinni með verulegum hluta af útsvörum sínum. Og það er jafnvel svo, að þessi byrði hvílir svo þungt á einstökum bæjarfélögum, að þau beinlínis líða við það og verða að láta nauðsynlegar framkvæmdir og þjónustu við íbúana sitja á hakanum vegna þess, hve miklu fé þau hafa orðið að verja til þess að halda þessari útgerð gangandi. Ég tel, að það sé ekki snefill af réttlæti til í því, að þessi bæjarfélög eigi fremur en önnur eða frekar en aðrir aðilar í þjóðfélaginu að standa undir togaraútgerðinni, því að það eru vissulega ekki síður heildarhagsmunir þjóðfélagsins, sem eru í húfi, heldur en afkoma þessara bæjarfélaga, sem þarna er um að ræða. Ég tel, að slíkt fyrirkomulag sé í raun og veru alveg jafnórétt-látt og sú skipan, sem nú er verið að reyna að koma upp, að láta bátaútgerðina bera hallann. Ég tel, að hvort tveggja sé alger óhæfa. Það, sem að mínu viti þarf að koma hér til, er fyrst og fremst það að reyna að bæta rekstrargrundvöllinn í heild, og að því leyti sem slíkar ráðstafanir kynnu að verða ónógar, þá verður að taka það, sem á vantar, úr sameiginlegum sjóði landsmanna, með beinum styrkveitingum úr ríkissjóði. En áður en til þess yrði gripið, teldi ég þó, að það ætti að skila útveginum og þá alveg sérstaklega togaraútgerðinni þeim 150 millj. kr., sem gripnar voru af honum á s. l. sumri, og verja þeirri upphæð að mjög verulegu leyti til bjargar togaraútgerðinni í vanda hennar nú.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég mun ekki tala langt mál að þessu sinni, vegna þess m. a. að ég á sæti í þeirri nefnd, sem þessu máli verður vísað til, og gefst því frekar tækifæri til þess að athuga málið nánar.

Það hefur komið fram í þessum umr., og kom þó sérstaklega fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það væri efnahagsaðgerðum ríkisstj. eða hinni svokölluðu viðreisn að kenna, hvernig komið er hag togaranna. Maður verður nú að segja, að flest er það, sem hægt er að vitna til, að viðreisnin eða efnahagsráðstafanirnar eigi sök á, þegar aflabrestur togaranna getur á þann hátt gripið inn í þær framkvæmdir. Það er öllum kunnugt, sem eitthvað hafa fylgzt með aflabrögðum togaraflotans á undanförnum árum, hversu gífurlegur aflabrestur hefur verið nú hin síðari ár. Árið 1958 mun aftur á móti hafa verið eitt mesta aflaár í sögu togaraflotans og það þrátt fyrir það, þó að togararnir yrðu að verja miklum tíma af sínum úthaldstíma í að sigla á fjarlæg fiskimið.

Því hefur verið haldið fram, að það sé ekki eðlilegur samanburður, þegar rætt er um afla togaranna, hvað hann sé lítill nú, þá sé nokkur hluti af þeim orsökum, að skipin sigli nú meira með aflann á erlendan markað en þeir hafa gert að undanförnu. Ég vil benda í því sambandi á, að það mun líka mega til sanns vegar færa, að ef skipin t. d. árin 1958 og 1959 hefðu orðið að verja svo miklu af sínum úthaldstíma í að sigla á fjarlæg mið til að afla og hefðu haft svipaða möguleika á heimamiðum, þá hefði vitanlega útkoman hvað aflann snertir orðið mun hagstæðari fyrir togaraflotann. Og ég held því fram, að sá tími, sem á árunum 1958 og 1959 fór í að sigla skipunum á fjarlæg mið til þess að ná til aflans, sé ekki minni en fer hjá skipunum í að sigla með aflann héðan af heimamiðum og t. d. til Bretlands og Þýzkalands, eins og gert hefur verið nú upp á síðkastið. Það, sem réð öllu um hið mikla aflamagn, sem varð hjá togurunum á árunum 1958 og 1959, var það, hvað uppgripin voru mikil og þá sérstaklega í sambandi við karfaveiðarnar. Það er alveg einsdæmi í útgerðarsögu þessarar þjóðar, svo stór skip sem hinir svokölluðu nýsköpunartogarar voru, að það skyldi takast að fylla þessi skip á tveimur til þremur sólarhringum, en það skapaði meira heildaraflamagn, enda þótt svo langt þyrfti að fara til að sækja aflann, að svo mikil uppgrip voru á þessum miðum. Og það var einmitt vegna þess, hvað veiðarnar gengu vel á hinum fjarlægari miðum og að veiðisvæðin, sem veiðarnar voru stundaðar á, voru svo geysivíðáttumikil, að það var ekki nema eðlilegt, að

ályktað væri, að þarna gæti verið um verulega framtíðarmöguleika að ræða. Á því munu meðal annars hafa verið byggðar vonir þeirra manna, sem fóru út í að byggja síðustu stóru togarana, sem fyrst og fremst eru miðaðir við það að stunda úthaldsveiðar.

Á þessum árum og árunum þar á undan var afli togaranna svo mikill, að þeir voru ekki látnir sitja við sama borð og bátaflotinn varðandi fiskverðið. Ég hef haldið því fram áður, að til þessa hefði aldrei átt að taka gagnvart togaraflotanum, enda er komið á daginn, að hann hefði verið betur á vegi staddur til þess að mæta þeim aflabresti, sem síðan hefur átt sér stað, ef hann hefði búið við sama verð á fiskinum og bátaflotinn gerði.

Það hefur verið rætt um það, að síðan viðreisnin kom til framkvæmda, hafi verið varið miklu fé úr ríkissjóði til greiðslu á vátryggingaiðgjöldum fiskiskipanna. Þetta er ekki rétt. Það, sem varið hefur verið til greiðslu á vátryggingagjöldum fiskiskipanna, var fyrst í stað útflutningssjóður, það voru tekjur, sem voru teknar af útveginum sjálfum, og hann fékk þar til ráðstöfunar nokkra upphæð til þess að mæta hluta af vátryggingagjöldunum. Og síðan, nú hin síðustu ár, hafa vátryggingagjöldin verið greidd að fullu. Fyrir árið 1960 er það hvort tveggja, að það eru eftirstöðvar frá útflutningssjóði, sem koma þar til með að mæta iðgjaldagreiðslunum, og svo á það, sem kann á að vanta, að koma af gengishagnaðinum. Það, sem nú á sér stað aftur í sambandi við útflutningsverðið, er beint eftir óskum útvegsmanna, að þeim hluta af útflutningsgjaldinu, sem þar um ræðir, er varið til iðgjaldagreiðslunnar. Að hér sé um of þungar álögur að ræða varðandi hlutatryggingasjóðinn eða aflatryggingasjóðinn, þá vil ég segja, að það hefur komið fram ósk ár eftir ár frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um að hækka tekjur til sjóðsins, og það hefur jafnan komið fram, að útvegsmenn hafa viljað hækka sinn hlut gegn því, að hærri upphæð kæmi á móti úr ríkissjóði, og það er það, sem hér á sér stað.

Því hefur verið haldið fram, að ýmsar af nauðþurftum útgerðarmanna séu í höndum þeirra manna, sem fyrst og fremst hugsa um að okra á útveginum. Í því sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því, að nú um langt skeið, hefur Landssamband ísl. útvegsmanna haft með höndum innkaup fyrir alla þá útvegsmenn, sem þess hafa óskað, á t. d. veiðarfærum og ýmsum öðrum þörfum til útgerðarinnar. Fyrir þessa þjónustu hefur Landssambandið aðeins tekið lágar prósentur, og ég er viss um það, að einmitt fyrir þessar aðgerðir Landssambandsins hafa útvegsmenn haft af því mikinn hag.

Úrræðin, sem hér er um að ræða, ná aðeins til þess að krafsa í bakkann, sagði síðasti ræðumaður. Það er rétt út af fyrir sig, að þessi úrræði, sem felast í því hlutverki, sem aflatryggingasjóði er ætlað að gegna, má heimfæra upp á eitthvað svipað og þetta. Það er til þess að koma á móti útveginum, til þess að bjarga því sárasta af þeim halla, sem um ræðir vegna aflabrestsins, og það hefur alla tíð verið ætlunin, að hlutverk aflatryggingasjóðsins sé fyrst og fremst til þess. Það dettur engum í hug og hefur aldrei dottið í hug, að það væri hægt að gera út á aflatryggingasjóðinn. Og þegar um það er rætt, að það sé óeðlilegt, að þeir, sem minnstan afla fá á vertíðinni, fái mest úr sjóðnum, vegna þess að það geti leitt til þess, að menn leggi sig minna eftir aflanum, vegna þess að þá fá þeir minna úr hlutatryggingasjóði, — þetta er svo fráleit hugsun, að það er eiginlega undarlegt, að nokkrum heilvita manni skuli detta það í hug, því að framkvæmd hlutatryggingasjóðslaganna hefur alla tíð verið þannig, að vitanlega hefur sá, sem fær minnst úr hlutatryggingasjóðnum, bezta afkomu. Og það verður aldrei nema viss hundraðshluti af því, sem hlutatryggingasjóðurinn lætur af hendi til þess að brúa bilið á milli þess, sem skipið hefur fengið, og þess, sem skipið þarf hins vegar til þess að endarnir nái saman við reksturinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að sinni, enda hef ég, eins og ég hef áður sagt, aðstöðu til þess að athuga málið nánar í þeirri n., sem því mun verða vísað til.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af fyrirspurnum, sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín.

Ég gerði í minni fyrri ræðu nokkurn samanburð á aflabrögðum togaranna frá árinu 1958 og til ársins 1961. Það var aðeins samanburður á heildarmagni togaraflotans alls, og ég komst að þeirri niðurstöðu, að aflinn, heildarafli togaranna árið 1961, hefði verið rétt rúmur þriðjungur af því, sem hann var árið 1958. En ég tók fram í þessu sambandi, að árið 1958 hefði verið metár, og ég tók líka fram, að heildaraflinn segði ekki til um allt, heldur yrði þá líka að taka tillit til úthaldstíma og siglingatíma og til þess, hve margir togarar hefðu verið að veiðum. Þetta tók ég alveg greinilega fram og ætlaði ekki með þessu heildarmagni, sem ég nefndi, að villa um neinar heimildir á því, hvað mismunurinn væri á þessum árum. En heildaraflamismunurinn gefur strax mjög skýra vísbendingu um það, hvert hefur stefnt þessi ár, enda er það á allra manna vitorði, að aflinn hin síðustu ár hefur orðið miklu, miklu minni en hann var árið áður, og þó að ekki sé tekið til samanburðar árið 1958, heldur bæði árin á undan og eftir, þegar aflinn hefur verið í kringum 150—160 þús. tonn hjá togurunum í heild.

Hv. 4. þm. Vestf. spurði um verð á aflanum, eða fyrir hvaða söluverð aflinn hefði verið látinn, og um veiðitímann, sem hvort tveggja hefði áhrif á afkomu togaranna. Það er alveg rétt, hvort tveggja þetta hefur áhrif. En það hefur ekki fyrir árið 1960 verið gert upp nákvæmlega, hvað verðið hefur verið að meðaltali. Það hefur náttúrlega verið ákaflega misjafnt, sérstaklega hjá þeim, sem hafa selt í útlöndum. Verðið hér heima hefur verið miklu jafnara. En ef það ætti að fá nákvæma mynd af því, hvernig aflamagnið hefur haft áhrif á afkomuna, þá væri rétt, að þetta lægi fyrir og sömuleiðis veiðitíminn. En þrátt fyrir það, þó að þetta liggi ekki fyrir, sem erfitt er líka að segja endanlega til um nema þá með mjög ýtarlegri

rannsókn, þá liggur það fyrir alveg óumdeilanlega, að afkoma togaranna með þessum aflabrögðum hefur orðið hatramlega slæm, samanborið við það, sem hún hefur verið áður.

Það liggja fyrir opinberar skýrslur um bæjarútgerðirnar, líklega flestar eða allar, í Reykjavík, í Hafnarfirði, Útgerðarfélag Akureyrar o. fl., sem rekin eru ýmist sem opinber eða hálfopinber fyrirtæki, og þær tala sínu máli. Og í skýrslu togaranefndarinnar, sem vann á árinu 1961 og lagði sig mjög eftir því að finna, hvernig afkoman hefði verið, kemur það fram, að meðaltap á togara hefði orðið 2½ millj. kr., og það segir okkur raunar allt það, sem við þurfum að vita í þessu sambandi. Þá er að vísu reiknað með venjulegri fyrningu, og heildartapið að meðtalinni fyrningarafskrift er að dómi n. þetta.

Þá spurði hv. þm., hvort aflatryggingasjóður yrði minna virði en áður vegna tilkomu togaradeildar og jöfnunarsjóðs, þannig að gömlu deildirnar, almenna deildin og síldveiðideildin, stæðu verr að vígi en áður til að sinna bótagreiðslum vegna aflaleysis til handa bátunum á þorskveiðum og síldveiðum. Mér skildist, að þetta væri meiningin í fyrirspurn hv. þm., og ég get svarað því til, að möguleikar gömlu deildanna eiga að vera alveg óraskaðir og þeir sömu og þeir voru áður, þrátt fyrir tilkomu hinna nýju deilda tveggja, togaradeildar og jöfnunardeildar, samkvæmt útreikningum þeirra manna, sem að frv. hafi unnið og þekkja allra manna bezt til þessa máls alls.

Þá sagði hv. þm., að hann vildi draga í efa, að framlag togaranna til fiskveiðasjóðs hefði orðið eins mikið og ég lét í ljós í minni fyrstu ræðu, eða um 100 millj. kr. samtals, sem þeir hefðu í þennan sjóð látið. Nú sagði ég það greinilega, að þetta hefði komið fram hjá frsm. meiri hl. sjútvn. í hv. Nd. og hefði ég ekki haft aðstöðu til þess að athuga þetta enn, en samkvæmt því, sem hann hefur upplýst og fréttir hafa verið sagðar af í blöðum, þá hefur hlutdeild togaranna í útfluttum sjávarafurðum verið eins og hér segir undanfarin ár: 1957 36%, 1958 38%, 1959 32% og 1960 24.5%. Tekjur fiskveiðasjóðs hefðu verið fram að þessu ári sem hér segir: 1957 18.7 millj., 1958 24.4 millj., 1959 27½ millj. og 1960 36.4 millj., eða alls 108.9 millj. Ef reiknað væri með sama hlut togaranna í tekjum af útfluttum sjávarafurðum, yrði framlag togaranna til fiskveiðasjóðs fyrir þessi fjögur ár 33.8 millj. Og ef sama hlutfall væri lagt til grundvallar frá byrjun, þá næmi hlutur togaranna í framlögum til fiskveiðasjóðs um 97 millj. kr. alls, sem er nálega alveg sú tala, sem ég nefndi, og ég ætla, að hún sé ekki fjarri lagi, þó að þetta sé náttúrlega að nokkru leyti áætlun. En mörg undanfarin ár hefur þáttur togaranna í fiskveiðum Íslendinga numið um 40 og jafnvel 50% af heildarveiðimagni. Þó að hlutur togaranna hafi fallið mjög verulega nú hin síðustu árin, þá hefur hann á undanförnum árum mörgum, á meðan aflatregðan var ekki komin til, verið svo mikill hluti af heildarveiðimagninu, að ég er ekki frá því, að rúmar 200 millj. kr. í heildartekjur, eins og hv. þm. nefndi, geti orðið til þess, að hlutur togaranna yrði þar í kringum 100.

Ég var ekki að segja þetta af neinum metingi eða telja þetta eftir, en ég sagði það aðeins vegna þess, að ég taldi, að á þennan hátt hefðu togararnir aðstoðað bátana og það allmyndarlega, þannig að ekki þyrfti að telja eftir, þó að bátarnir gætu nú að einhverju leyti greitt fyrir togurunum í þeirra vandræðum um takmarkaðan tíma, sem jafnvel gæti svo aftur endað með því, að jöfnunardeild aflatryggingasjóðsins gæti orðið til þess að togararnir síðar gætu jafnað metin og aðstoðað þá.

Hv. þm. sagði líka, að sannarlega hefði togaraútgerðin ekki verið hornreka í íslenzkum útvegsmálum. Það er nú svo. Hún var það einmitt, hv. þm., því að 1951 var tekið upp það kerfi að greiða togurunum minna verð fyrir fiskinn, sem þeir fluttu á land, þó að jafngóður væri, heldur en bátarnir fengu. Þetta kalla ég að vera hornreka. Öll árin frá 1951 til 1958 var ekki greitt sama verð fyrir þann fisk, sem togararnir báru að landi, eins og þann fisk, sem bátarnir báru að. Þetta var rökstutt með því þá, að togararnir þyrftu ekki á jafnmikilli aðstoð að halda og bátarnir, og það kann vel að hafa verið rétt. En útkoman varð samt þessi, að togararnir fengu allt annað verð en bátarnir. Og það hefur verið reiknað út, hversu miklu þessi verðmismunur muni nema. Ég hef að vísu ekki átt kost á því að sannprófa þá tölu, en mér hafa sagt greinargóðir menn, sem þetta hafa athugað, að þessi upphæð muni nema á hvern togara, eins og ég sagði í minni frumræðu, í kringum 5.6 millj. kr. Og ég verð að segja það, þrátt fyrir það álit, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. lét hér í ljós áðan, að verðmismunur á fiski og missir á brezka markaðinum hefði ekkert að segja í sambandi við rekstur botnvörpuskipanna nú, þá er það eitt áreiðanlegt og víst, að betur hefðu íslenzkir togarar verið á vegi staddir með að mæta sínum erfiðleikum nú, ef þeir hefðu átt í handraðanum þessar 5.6 millj., sem af þeim voru teknar á árunum 1951—1958. Og betur hefðu þeir áreiðanlega verið á vegi staddir líka, ef þeir hefðu haft aðgang að brezka markaðinum allan þann tíma, sem þeir voru útilokaðir frá honum, sem er án alls samjafnaðar bezti markaðurinn, sem við eigum kost á.

Ég er á engan hátt að telja eftir það, sem togararnir hafa verið látnir leggja af mörkum til ýmist bátaútvegsins eða sameiginlegra þarfa landsmanna á undanförnum árum. En mér þykir það ekki ósanngjarnt, að þess sé getið í sambandi við bollaleggingar um, að það megi undir engum kringumstæðum láta nokkurn hlut af þeim byrðum, sem nú þarf að leggja á til hjálpar togurunum, lenda á bátaútveginum. Ég tel það bæði með hliðsjón af því, sem liðið er, og eins með hliðsjón af ástandi dagsins í dag, fullkomlega forsvaranlegt, að sá háttur sé hafður á, sem frv. gerir ráð fyrir, enda ekki hlutur bátanna í þessari fúlgu, sem til togaranna er tekin, nema tiltölulega mjög lítill, þegar framlag togaranna sjálfra og hlutur ríkissjóðs er dregið frá, þar sem ríkissjóður tekur þetta algerlega að sér einn annað árið og mjög verulegan hluta af útgjöldunum síðara árið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vék svo að því, að hér

væri verið að innleiða nýtt bótakerfi, sem fullyrt hefði verið af núv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, að gersamlega yrði horfið frá. Ég vil í því sambandi segja, að ég vil telja mun á þessu kerfi og á því almenna bótakerfi, sem var hér uppi haft, bæði í tíð vinstri stjórnarinnar og stjórnanna þar á undan vegna erfiðleika útvegsins, þar sem greidd var viss upphæð til allra til hækkunar á verði, nema þá minni til togara, en hér er eingöngu verið að tryggja togaraútgerðina fyrir aflabresti. Ef aflabrestur verður ekki, þá þarf ekki til neinna bóta að koma. Það er eingöngu í því tilfelli, að aflinn á togurum verði minni en 85% af veiði undanfarinna ára, sem kemur til útgjalda úr aflatryggingasjóði, alveg eins og nú um 12—13 ára bil hefur verið greitt úr hlutatryggingasjóði til bátanna, þegar aflaleysi hefur að þeim steðjað. Þetta er í eðli sínu öðruvísi gjald en þær venjulegu bótagreiðslur. Þetta er tryggingargjald, en ekki uppbótagjald, — tryggingargjald, sem útgerðin kaupir sér með aðstoð ríkissjóðs, og það er starfsemi, sem á undanförnum árum hefur verið rekin af hlutatryggingasjóði án þess að vera orðuð nokkurn tíma við bætur. Og það er ekkert annað, sem hér gerist, heldur en það, að togararnir fá aðild að þessu tryggingakerfi með eigin framlögum og viðbótarframlagi úr ríkissjóði. Þetta er það, sem hefur gerzt, og þessu vil ég ekki að ruglað sé saman við það, sem venjulega eru kallaðar uppbótagreiðslur úr ríkissjóði.

Ég held, að það hafi ekki verið miklu fleira, sem kom fram í ræðum þessara hv. þm. beggja, sem til máls hafa tekið. Ég skal því ekki orðlengja frekar um þetta. En ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel, að með þessu sé togaraútgerðinni gefin aðild að því tryggingakerfi, sem 13 undanfarin ár hefur verið starfrækt fyrir vélbátaflotann.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja í tilefni af ræðu hæstv. sjútvmrh. Ég tek undir það með honum, að það er ekki vert að blanda saman tryggingakerfi og uppbótum. Þess vegna tel ég, að það eigi að taka með sérstökum hætti þá fjárhagsaðstoð, sem togurum verður veitt vegna áranna 1960 og 1961, því að það er liðinn tími, og það er hægt að vita, hvað þarf til þess, síðan eigi tryggingakerfi að taka við. En það er samkv. þessu frv. ætlazt til þess, að árið 1961 blandist þarna að verulega leyti inn í tryggingakerfið, og það tel ég ekki heppilegt.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að auðvitað yrði að taka tillit til úthaldstíma togara, verðlags á afla þeirra og þess, sem fæst fyrir hann, til þess að geta gert sér grein fyrir hinu raunverulega tapi. Þetta er alveg rétt, og ég fór ekki fram á annað en það, að sjútvn. yrði veitt aðstaða til þess að kynnast þessari rannsókn, sem hefur þegar farið fram. Ég býst við því, að sú rannsóknarnefnd, sem hefur um þetta fjallað, hafi þessi gögn í sínum fórum, og ég tel það a. m. k. ekki neina frekju, að Alþ. fái aðgang að slíkum gögnum, enda hefur hæstv. ráðh. alls ekki neitað því, að svo kunni að verða.

En það, sem mestum ágreiningi veldur í þessu máli, er það ákvæði frv., að bátaútvegurinn á að taka yfir á sig verulegan hluta af þeim bótum, sem togararnir fá. Og það er ekki óeðlilegt, að þetta kunni að valda ágreiningi. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vilja fara út í neinn meting milli báta annars vegar og togara. Og ég segi alveg það sama, að ég vil það alls ekki. En hvar var byrjað á þessum metingi? Er það ekki í hv. Nd., þar sem frsm. meiri hl. sjútvn. kemur fram með þessar upplýsingar, að togaraútgerðin hafi lagt bátaútgerðinni til 100 millj. kr.? Þetta er upphafið að því, og það var því ekki að tilefnislausu, að á þetta var minnzt, enda var það hæstv. ráðh., sem minntist fyrst á það hér, en ekki ég. En þetta tel ég með öllu villandi, því þó að útflutningsgjald af togaraafla hafi runnið í fiskveiðasjóð, þá er það út af fyrir sig ekkert framlag til bátaútvegsins, þó að bátaútvegurinn fái lán úr þessum sjóði. Togarar hafa auðvitað fengið lán engu síður en bátar, svo að það kemur nákvæmlega í sama stað niður, hvort útflutningsgjaldið rann í fiskveiðasjóðinn eða eitthvað annað. Báðir útvegirnir hafa fengið lán úr lánastofnunum þjóðarinnar, og ég held því fram og því hefur ekki verið mótmælt, að togararnir hafi fengið þar miklu ríflegri fyrirgreiðslu. Eða er það nokkuð rangt hjá mér, að togaraútgerðin hafi fengið lán, sem nam 90% af kostnaðarverði togaranna, þegar þeir voru keyptir? Ekki einn einasti bátur, sem ég veit til, hefur fengið slík lán. Er það ekki líka rétt, að lánin hafi verið veitt út á fyrstu 30 togarana, nýsköpunartogarana, með 2½% vöxtum? Það eru ekki slíkir vextir, sem bátaútvegurinn býr við.

Margt fleira má nefna, sem ég kæri mig ekkert um að vera að fara út í, því að mér er heldur ógeðfellt að vera með slíkan samanburð. En hinu tek ég ekki þegjandi, að togaraútgerðin hafi lagt bátaútveginum til 100 millj. og ekkert fengið í staðinn. Togaraútgerðin hefur fengið fyrirgreiðslu frá hinu opinbera, ekki síður en bátaútvegurinn, svo að ekki sé meira sagt, og því er algerlega villandi að vera með slíkar upplýsingar sem þetta um þessar 100 millj. Það er aðeins þetta, sem ég vil undirstrika. Ég býst við, að þessi rökstuðningur í hv. Nd. hafi verið fluttur til að renna stoðum undir, að nú skuli bátaflotinn standa undir aðstoð til togaranna. Það tel ég harla lélegan rökstuðning. Þetta er aðalágreiningsefnið, að ég ætla, um þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 86. og 87. fundi í Ed., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 365, n. 724 og 732, 725).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Með þessu frv., ef að lögum verður, er gerð veruleg skipulagsbreyting á þeim sjóði, sem nú heitir hlutatryggingasjóður bátaútvegsins, en lagt er til með frv. þessu, að nafn sjóðsins verði framvegis aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins hefur sem kunnugt er starfað í tveimur deildum, almennri deild og síldveiðideild. En nú er lagt til, að bætt verði við tveim deildum til viðbótar, almennri deild togaraflotans og jöfnunardeild. Eins og nafnið bendir til, er togaradeildinni ætlað að veita togurunum bætur vegna aflabrests, að undanskildum smærri togskipum, sem eiga eins og áður rétt til bóta úr hinni almennu deild bátaútvegsins. Fjórða deildin er svo eins konar jöfnunarsjóður fyrir allar þrjár deildirnar hinar. Má úr henni veita, eftir því sem á stendur og viðeigandi telst hverju sinni, lán eða styrki. Núv. eignir hlutatryggingasjóðs, sem munu vera um 40 millj. kr., verða eftir sem áður eign almennu deildar bátaútvegsins og síldveiðideildarinnar. Stofnfé hinnar almennu deildar togaraútvegsins er hins vegar ákveðið 37 500 000 kr., og leggur ríkissjóður fram upphæðina og greiðir á 15 árum.

Hinn alvarlegi aflabrestur, sem átt hefur sér stað hjá togaraflotanum nú hin síðari ár, er svo mikill, að gert er ráð fyrir, að ef slíkur sjóður sem hér um ræðir hefði verið fyrir hendi, þá hefði togaraútgerðinni borið um 60 millj. kr. úr sjóðnum bæði árin 1960 og 1961. Er það sama upphæð og frv. kveður á um að togararnir fái, verði það samþ. og komi til framkvæmda.

Skv. frv. þessu eru tekjur aflatryggingasjóðs nær tvöfaldaðar frá því, sem nú er, en öll tekjuaukningin gengur til jöfnunardeildarinnar. Hlutverk jöfnunardeildarinnar er, sem fyrr segir, að veita hinum deildunum lán eða beinan fjárstyrk, eftir því sem sjóðsstjórnin kveður á um hverju sinni. Er þetta nýmæli laganna mjög þýðingarmikið. Og enda þótt nú líti út fyrir, að hin almenna deild togaranna njóti fyrst góðs af þessari skipan sjóðsins, þá mega bátaútvegsmenn minnast þess, að slík jöfnunardeild sem þessi hefði oft og tíðum komið sér vel fyrir þá og þá sérstaklega í sambandi við hinn langvarandi aflabrest, sem átti sér stað á síldveiðunum fyrir Norðurlandi.

Mál þetta hefur oft, bæði í fréttum og í öðru sambandi, verið nefnt aðstoðin við togaraflotann. Það má segja, að það sé svo. Það kemur til með að leysa vissa fjárhagslega örðugleika, sem skapazt hafa á umræddum tveim árum, en framtíðarlausn til að skapa rekstrarhæfan grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri skipanna er ekki hlutverk þessa frv. Það verður annað og meira að koma þar til, og mun ég ekki blanda því máli inn í þessar umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni, en svo sem fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 732, mæli ég með því, að frv. verði samþ. óbreytt, svo sem það kom frá hv. Nd.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. tók fram, var ekki samstaða í n. um afgreiðslu þessa máls. Við, sem minni hl. skipum, teljum að vísu fulla þörf á því að koma togaraflotanum til aðstoðar vegna aflabrestsins á undanförnum árum, en við teljum, að það komi ekki til mála að gera það með þeim hætti, sem þetta frv. kveður á um.

Meginefni frv. er, eins og þegar hefur verið tekið fram, að hér er um fjárhagsaðstoð að ræða til togaraútgerðarinnar vegna aflabrests á undanförnum tveimur árum. En jafnframt á þetta að verða aflatrygging togaranna framvegis. Fjáröflunin í þessu skyni er með tvennum hætti. Hún er nokkur hækkun á framlagi ríkisins til aflatryggingasjóðs frá því, sem það framlag var til hlutatryggingasjóðs, og hún er skattur á bátaútveginn í landinu. Þetta á að framkvæma að forminu til þannig að fjölga deildum aflatryggingasjóðs úr tveimur, sem nú er, í fjórar, bæta við togaradeild og jöfnunardeild. Síðan á helmingur af útflutningsgjaldinu, sem á að renna til aflatryggingasjóðs, og helmingur af ríkisframlaginu að renna til jöfnunardeildarinnar. Hinn helmingurinn á að renna til hinna einstöku deilda.

Það er sýnilegt, að jöfnunardeildin gengur fyrst og fremst til þess nú á næstunni að verða togaraflotanum til aðstoðar. Það hefur komið fram við 1. umr. þessa máls, að hér er ekki um neina aukningu eða eflingu á aflatryggingu bátanna að ræða, svo að þau auknu framlög, sem hér eiga sér stað, þær auknu tekjur, sem aflatryggingasjóður á að fá frá því, sem hlutatryggingasjóður hefur fengið, eiga að ganga til togaranna.

Þetta fé á að koma að miklum meiri hluta til beint frá sjávarútveginum, en eins og ég sagði, á framlag ríkisins að hækka nokkuð.

Þá er reglunum um það, hvað skuli teljast meðalafli, nokkuð breytt frá því, sem áður var, og verður meira á valdi sjóðsstjórnarinnar og reglugerðarákvæði, hvernig þær reglur verða. Nú verður meira aflamagn talið meðalafli en áður. Það hefur það í för með sér, að aflatryggingabætur koma fyrr til greina en ella.

Framlag til togaranna vegna aflabrestsins á árinu 1960 á að vera 30 millj. kr. lán, þ. e. a. s. það er lán, sem ætlazt er til að aflatryggingasjóður taki sjálfur til styrktar togurunum. Sjóðurinn á að standa undir vöxtum og afborgunum af þessu láni, svo að þetta er hrein fjárhagsaðstoð til togaranna, þessar 30 millj. kr. Framlag til aflatryggingar togurum á þar fyrir utan að verða 37½ millj. kr., sem er framlag ríkissjóðs, og á að koma á 15 árum. Þar með er árið 1961, sem á þarna að taka inn í aflatrygginguna. Auk þessa kemur svo jöfnunardeildin til að hlaupa undir bagga, þegar á þarf að halda, og er sýnilegt, að hún verður að gera það þegar í stað.

Þetta eru aðalefnisatriði frv., að ég ætla. Vegna þess að það er orðið áliðið þings og ég vil ekki tefja að óþörfu framgang þessa máls, þó að ég sé ekki meðmæltur því í þessu formi, þá sleppi ég að ræða hin minni háttar atriði, en held mér við þessi meginatriði.

Þegar slíkt frv. er lagt fyrir Alþ., þar sem um er að ræða allmikil fjárframlög til togaraútgerðarinnar, milli 60 og 70 millj., vegna aflabrests á tveimur árum, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvað togaraflotinn þurfi mikla aðstoð vegna aflabrestsins á þessum árum og hvað mikla fjárhagsaðstoð togaraflotinn þurfi til þess að tryggja rekstur hans framvegis, ekki aðeins til þess að veita bætur út á halla, sem orð-

ið hefur, heldur að tryggja það, að rekstur togaranna geti haldið áfram. Í öðru lagi er sú spurning, hvaðan réttmætast sé að taka þetta fé. Við 1. umr. þessa máls óskaði ég þess við hæstv. sjútvmrh., að sjútvn. yrði í té látin skýrsla rannsóknarnefndar þeirrar, sem hæstv. ríkisstj. skipaði til að rannsaka hag togaraflotans. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri ekki nóg að vita aflamagn togaranna í heild hvert ár fyrir sig, heldur líka, eins og ég þá undirstrikaði, hvert andvirði aflans hefði orðið hvert ár um sig. Þar sem ætla má, að allar slíkar upplýsingar séu beztar og fullkomnastar í þessari skýrslu, þá óskuðum við, sem minni hl. n. skipum, eftir því, að n. fengi þessa skýrslu til athugunar. En því miður gat hæstv. ríkisstj. ekki orðið við þessari beiðni, og skv. skilaboðum hv. form. n. var ástæðan sú, að í skýrslunni væri trúnaðarmál, sem snerti einstök útgerðarfélög, og væri því ekki hægt að fara með það til þingnefndar.

Ég verð að segja, að þetta eru lítt viðunandi svör frá hæstv. ríkisstj., að ekki megi trúa þingnefnd fyrir upplýsingum um hag togaraflotans, þegar verið er að fara fram á það við Alþ. að veita honum fjárhagsaðstoð upp á 60—70 millj. Og ég verð að segja, að það er vægast sagt lítilsvirðing á Alþ., að þingnefnd skuli ekki vera trúað fyrir þeim upplýsingum, sem utanþingsnefnd er trúað fyrir, en það felst í þessum svörum. Þar að auki er þetta ekki nema tylliástæða, því að auðvitað var hægt að láta sjútvn. í té þessa skýrslu án þess að geta þar um nöfn einstakra togara eða útgerðarfélaga. Það er hægt að hafa gamla aðferð, sem einu sinni var kallað að breiða yfir nafn og númer. Það var hægt að þurrka allt slíkt út, svo að þessi þingnefnd, sem ekki var trúað fyrir leyndarmálum, fengi ekki að vita, um hvaða aðila var að ræða í einstökum tilfellum í þessari skýrslu. En það er komið sem komið er, að sjútvn. hefur ekki fengið þessar upplýsingar. Hins vegar fengum við þau skilaboð, að ef það væri eitthvað sérstakt, sem við vildum spyrja um, þá væri sjálfsagt að leitast við að svara því. En það er ekki hægt að vita það fyrir fram, hvað þarf að spyrja um, fyrr en maður sér skýrsluna.

Ég skal nefna það t. d. út af þessu, að ég leitaðist við að afla mér upplýsinga um andvirði togaraaflans á undanförnum árum hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, hjá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, hjá Fiskifélagi Íslands og fékk þær hvergi. Hvort þessar stofnanir hafa haft þessar upplýsingar eða ekki, það veit ég ekkert um, nema hvað Fiskifélagið svaraði því, að það hefði þær alls ekki. En hvar átti þá að fá þessar upplýsingar? Ég ætla, að þær hafi hlotið að vera í skýrslunni. M. ö. o.: þetta er grundvöllurinn undir því, að þm. geti gert sér grein fyrir því, hversu mikla fjárhagsaðstoð togararnir þurfa og með hvaða hætti væri bezt að láta hana í té, þ. e. hvað aflamagnið í krónum hefur orðið hvert ár fyrir sig, því að sjálft aflamagnið talið í tonnum segir ekkert um þetta, eins og ég tók fram við 1. umr.

Þrátt fyrir þetta er okkur, sem minni hl. skipum, fyllilega ljóst, að togaraflotinn þarf fjárhagsaðstoð, og við erum reiðubúnir til þess að samþykkja fjárhagsaðstoð fyrir togaraflotann, en fyrst og fremst í því formi, að það verði tryggt, að togararnir verði þá reknir áfram. Nú er það svo, að þeir, sem vel ættu að þekkja til þessara mála, eins og Landssamband ísl. útvegsmanna, eru ekki sérlega ánægðir með þetta frv. Í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Framhaldsaðalfundur L. Í. Ú., haldinn í Reykjavík 12. des. 1961, skorar á Alþingi það, er nú situr, að breyta þessu ákvæði“ — þ. e. lagaákvæði — „þannig, að tekjuauki sá, er hlutatryggingasjóður fær samkv. frv., gangi til þeirrar greinar sjávarútvegsins, er þær eru runnar frá, þ. e. til síldveiðideildar, þorskveiðideildar bátaútvegsins og togaradeildar, hafi hver þessara deildar aðskilinn fjárhag.“

M. ö. o.: L. Í. Ú. er algerlega andvígt þessu fyrirkomulagi, að stofna jöfnunardeild, heldur hafi hver deild sinn sérstaka fjárhag og tekjur frá hverjum flokki veiða gangi til viðkomandi deildar. Og enn fremur segir:

„Stjórn L. Í. Ú. telur rétt, að þeirri skipan sé haldið, sem felst í ofangreindri ályktun aðalfundarins, að deildir sjóðsins verði aðeins þrjár, þ. e. síldveiðideild, almenn bátadeild og almenn togaradeild.“

Auk þess segir í þessari umsögn:

„Geti einhver hinna þriggja deilda ekki gegnt hlutverki sínu í samræmi við tilgang sjóðsins vegna fjárskorts, telur stjórn L. Í. Ú. eðlilegt, að hinar deildir sjóðsins hlaupi undir bagga með lánveitingum, séu þær þess umkomnar, og verði slík lán frá einni deild til annarrar einungis veitt gegn ríkisábyrgð á láninu, svo sem verið hefur með deildir hlutatryggingasjóðs. Þá telur stjórn L. Í. Ú. eðlilegt, eins og áður var, að framlag ríkissjóðs nemi jafnhárri upphæð og tekjur sjóðsins nema af útflutningsgjöldum af afurðum togara og báta. Á hinn bóginn telur stjórn L. Í. Ú. það hæpna ráðstöfun að hækka gjöld af útfluttum sjávarafurðum til sjóðsins, þótt það gangi til uppbyggingar hans, vegna hinnar erfiðu afkomu sjávarútvegsins.“

Brtt. þær, sem við í minni hl. n. flytjum, eru í fullu samræmi við þetta álit L. Í. Ú. En ef ekki á að taka fjárframlögin með þessum hætti, sem gert er ráð fyrir, en það er með hækkun á útflutningsgjaldi af öllum sjávarafurðum, þannig að í framkvæmdinni verður mikill hluti hækkunarinnar beint frá bátaflotanum, hvaðan eiga þá peningarnir að koma?

Okkur, sem skipum minni hl., virðist, að það séu til nægir peningar í þetta og meira að segja frá sjávarútveginum sjálfum. Það er það fé, sem tekið var af útflytjendum með gengislækkuninni s. l. sumar og mun vera um 150—170 millj. kr. Miklum hluta af þessu fé er óráðstafað. Þess vegna leggjum við til, að þaðan sé fengið fé til aðstoðar togurunum og meira fé en gert er ráð fyrir í þessu frv., þannig að út úr fjárhagsaðstoðinni komi meiri aflatrygging en í frv. felst. En samkv. frv. er ætlazt til, að hækkað verði útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem hér segir: Í stað ¾% útflutningsgjalds af síldarafla komi 1¼%. Í stað ½% af þorskafla komi 1¼%, og í stað þess, að togarar greiddu ekkert

í hlutatryggingasjóð, komi nú líka 1¼%. Mér sýnist, að þegar maður bætir við 2½ millj. kr. framlagi ríkissjóðs á ári, eins og ætlazt er til, þá nemi þessi hækkun frá því, sem áður var, 27½ millj. kr., þ. e. a. s. bæði af útflutningsgjaldinu og af framlagi ríkissjóðs. Tekjur hlutatryggingasjóðs hafa verið, miðað við afla 1961, í kringum 27½ millj. kr. og eiga að hækka upp í 52½ millj. að viðbættu 2½ millj. ríkisframlagi, þannig að tekjur aflatryggingasjóðs í heild, þegar frv. er komið til framkvæmda, ættu að verða um 55 millj., að meðtöldum þeim 2½ millj. á ári, sem gert er sérstaklega ráð fyrir í þessu frv.

Það er gert ráð fyrir því í grg. þessa frv., að andvirði útfluttra sjávarafurða á s. l. ári muni verða um 2800 millj., og ég hef fengið þær upplýsingar, að það megi áætla, að 500 millj. af því séu fyrir togaraafla, 900 millj. fyrir síldarafla og 1400 millj. fyrir þorskafla bátanna. Ég skal taka fram, að ég hef ekki sjálfur getað rannsakað þetta, en mér hefur verið tjáð, að þannig megi áætla þetta. Að óbreyttum lögum átti því að koma í hlutatryggingasjóð 6.75 millj. frá síldaraflanum og 7 millj. frá þorskafla bátanna eða 13¾ millj. Móti þessu hefur ríkið lagt jafnháa upphæð, og hefðu þá tekjur hlutatryggingasjóðs að óbreyttum lögum orðið um 27½ millj. kr. Samkv. þessu frv. aftur á móti, þar sem allar þessar deildir útvegsins eiga að greiða sama gjald til aflatryggingasjóðs, 1¼%, þá sýnist mér, að tekjurnar verði, miðað við afla síðasta árs og þá skiptingu, sem ég nefndi, frá togurunum 6¼ millj., frá síldveiðunum 11¼ millj. og frá þorskafla bátanna 17½ millj., eða samtals 35 millj., og kemur þetta heim við það, sem mun standa í grg. þessa frv. En á móti þessu á ríkið ekki að greiða nema helminginn. Í stað þess að áður greiddi ríkið jafnháa upphæð, þá greiðir ríkið helminginn á móti, 17½ millj., og koma þá út 52½, en þar fyrir utan er svo framlagið, sem ég nefndi áðan, 2½ millj. kr. á ári, svo að út úr þessu ættu að koma 55 millj.

Hverjir taka nú á sig þessar hækkanir á fjárhagsaðstoðinni til togaraflotans? Hverjir taka á sig þessa 27½ millj. kr. hækkun á ári, miðað við aflabrögð síðasta árs? Tekjurnar verða: Frá togurunum sjálfum eiga að koma 6¼ millj., frá síldveiðum bátaflotans, og það eru eingöngu bátar, má heita, sem stunda síldveiðar, 4½ millj., frá þorskafla bátanna 10½ millj., eða frá bátaflotanum í heild 15 millj. Loks kemur hækkun á framlagi ríkissjóðs, og hvað er það mikið? Það eru 3 millj. 750 þús., miðað við það aflamagn, sem ég nefndi áðan. Hækkunin er 3 millj. 750 þús., þegar hækkunin, sem lögð er á bátaflotann í þágu togaraflotans, er um 15 millj. En við þessar 3¾ millj. má bæta þeim 2½, sem ég nefndi áðan, svo að öll hækkun á framlögum ríkisins til bjargar togurunum er 6¼ millj., nákvæmlega sama og togararnir eiga að leggja fram sjálfir.

Það er þetta fyrirkomulag, sem við í minni hl. getum ekki sætt okkur við, að skattleggja bátaflotann þannig, í stað þess að taka fjármagnið þaðan, sem það er til og handbært. Þar að auki skal ég geta þess, að ríkissjóði er ekki ætlað að leggja fram nema 8½ millj. á þessu ári, en mundi eiga að leggja fram samkv. reglunni 17½, og er sagt í grg. frv., að þetta sé í samræmi við ákvæði fjárlaga, — en ekki veit ég, hvort það er nægileg afsökun.

Ég skal þá gera grein fyrir þeim brtt., sem við í minni hl. flytjum við þetta frv. og eru í samræmi við þær till., sem fluttar voru í hv. Nd.

1. till. er í samræmi við það, sem ég sagði áðan, að við leggjum til, að ekki verði höfð jöfnunardeild, heldur verði deildirnar þrjár og með aðskilinn fjárhag.

2. till., sem við flytjum, er, að meðalafli, sem talað er um í frv., verði talinn hinn sami hjá bátaflotanum og hjá togaraflotanum, miðað við 85%, þ. e. a. s. að bætur komi þá til, þegar á skortir þann afla að hafa náð 85% af meðalafla, nema á síldveiðum leggjum við til, að það verði eins og í frv. miðað við 75%.

3. till. er aðeins í samræmi við 1. till.

4. till., sem við flytjum, er, að hækkunin á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum verði minni en gert er ráð fyrir í frv. — Rökin fyrir því að hafa þessa hækkun minni en er í frv. eru þau, að við ætlumst til, að fé komi til aðstoðar togaraflotanum af gengishagnaði, eins og ég nefndi áðan. — 2. liður í 4. till. er það, að framlag ríkisins verði jafnt gjaldinu, sem kemur frá sjávarútveginum, eins og hefur verið til hlutatryggingasjóðs. — 3. liðurinn í þessari 4. till. er, að tekjur af hverjum flokki fiskveiða renni til viðkomandi deildar aflatryggingasjóðs. — 4. liðurinn er um það, að heimilt skuli, að ein deild láni annarri deild innan aflatryggingasjóðs gegn ábyrgð ríkissjóðs, en þetta hefur verið í lögum áður, og þannig mun bátadeildin eiga nú nokkurt fé hjá síldveiðideild.

5. till., sem við flytjum, er um það, að togbátar geti komið til greina, að heimilt sé að veita togbátum fjárhagsaðstoð vegna aflabrests 1960 eins og togurum, enda eru þessi 250 tonna skip togarar. — B-liður þessarar till. er um gengishagnaðinn, sem ég ræddi um áðan, að hann gangi til aðstoðar togurunum vegna aflabrests beggja þessara ára, 1960 og 1961, og að skilið verði þannig á milli aflatryggingar og styrkja til togaranna, þannig að aflatryggingin sjálf byrji með árinu 1962.

Þar sem nú er orðið áliðið, vil ég ekki vera að lengja mál mitt meira að svo komnu, en tel, að öll sanngirni og rök mæli með því, að togurunum verði veitt meiri aðstoð en í frv. felst og ekki með skattlagningu á bátaútveginn í landinu, eins og hér er gert ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Ed., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 725,1 felld með 11:5 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 725,2 felld með 11:6 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 725,3 felld með 11:6 atkv.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 725,4 felld með 11:6 atkv.
9.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 725,5 felld með 11:6 atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 813).

64. Háskóli Íslands.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands** [219. mál] (stjfrv., A. 611).

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Með þessu frv. er lagt til, að stofnuð verði tvö ný prófessorsembætti í tannlæknisfræði við læknadeild háskólans. Öðru embættinu er ætlað að koma í stað dósentsembættis í tannlæknisfræði, sem nú er ekki skipað í. Hitt embættið er nýtt.

Kennsla í tannlækningum hefur farið fram í læknadeild háskólans síðan haustið 1945. Aðeins einn prófessor starfar þó að tannlækniskennslunni, en með honum starfa nokkrir dósentar og aukakennarar. Nýlega hefur nám í tannlæknisfræði verið lengt úr fimm árum í sex ár, auk þess sem tannlæknadeildin hefur verið flutt í nýtt húsnæði, úr háskólabyggingunni í húsnæði landsspítalans, og var við það kleift að fjölga kennslustólum úr 6 í 12, þannig að nú er hægt að brautskrá 6 kandídata árlega. Þessi lenging tannlæknanámsins og hin bætta aðstaða, sem tannlæknakennslan hefur hlotið í hinum nýju húsakynnum, gerir alveg óhjákvæmilegt að auka kennslukrafta við tannlækniskennsluna.

Nú starfa hér á landi 55 tannlæknar. Svarar það til þess, að einn tannlæknir komi á 3120 íbúa. Er hér um að ræða mun færri tannlækna á íbúa en á sér stað í nágrannalöndunum, en í síðustu skýrslum, sem tiltækar eru hér um það efni, segir, að í Finnlandi sé einn tannlæknir á 2720 íbúa, í Danmörku á 2150 íbúa, í Noregi á 1650 og í Svíþjóð á 1600 íbúa. Af þessum tölum sést, að hér er um að ræða mjög alvarlegan skort á tannlæknum, sem brýna nauðsyn ber til að ráða bót á.

Þetta frv. er einn liður í þeim ráðstöfunum, sem brýna nauðsyn ber til að gera í því skyni að fjölga tannlæknum á Íslandi. Gera má ráð fyrir, að á næstunni verði unnt að útskrifa úr læknadeild háskólans sex tannlækna á ári, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Þetta frv. er flutt að eindreginni beiðni háskólaráðs og læknadeildar Háskóla Íslands.

Hæstv. forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 731, 743).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Frv. þetta fjallar, eins og nýlega hefur verið greint frá hér í deildinni, um myndun tveggja prófessorsembætta í læknadeild Háskóla Íslands til tannlækninga. Eins og frá var skýrt þá, er hér um algera nauðsyn að ræða, ef þessi deild á að geta starfað áfram og þeir kraftar að fást til hennar, sem nauðsynlegir eru.

Menntmn. hefur tekið þetta mál til meðferðar og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, þar eð einn nm. vill gera breytingar við frv. og mun skila séráliti. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hæstv. forseti. Ég hafði flutt í menntmn. brtt. við frv. svo hljóðandi.

„Á eftir 1. gr. bætist við ný grein (2. gr.), svo hljóðandi: Á eftir 2. málsl. 1. málsgr. 38. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Einn af prófessorunum í tannlæknisfræði skal hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins."

Eins og hv. þm. vita, er það svo með marga af prófessorunum, sem eru við læknadeild háskólans, að þeir hafa ýmis önnur störf á höndum fyrir það opinbera, bæði yfirumsjón í sambandi við matvælaeftirlit og heilbrigðiseftirlit, læknisstörf í sambandi við geðveikraspítalann á Kleppi og í sambandi við landsspítalann, svo að það er ekki óvenjulegt að fela prófessorunum hin og þessi opinber þjónustustörf líka.

Nú hafði ég lagt þessa till. fram og skilað henni í morgun ásamt stuttri grg. og nokkru fskj. með henni, en ekkert af þessu er komið úr prentun enn þá og óþægilegt fyrir hv. þm. að eiga að taka afstöðu um þetta mál, á meðan þau gögn liggja ekki fyrir, hins vegar málið orðið það brýnt, að nauðsynlegt er að ýta á eftir því. Því vildi ég nú hafa þann hátt á, ef það mætti verða til þess að flýta fyrir sjálfum framgangi málsins og gefa þm. um leið tækifæri til þess að íhuga þessa brtt. mína, að taka hana aftur nú til 3. umr. og mæla þá fyrst og fremst fyrir henni við 3. umr., þegar skjölin lægju fyrir, en láta málið hafa sinn gang nú, ef hæstv. forseti hefur ekkert við það að athuga frá fundarskapanna sjónarmiði. Þá mundi ég sem sagt taka þessa brtt. til baka núna og láta hana koma

til atkv. við 3. umr., svo að málið geti haldið áfram.

ATKVGR.
Brtt. 743 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 611, n. 742, 743).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. var hér til umr. í gær, og þá hafði nál. minu sem minni hl. menntmn. ekki verið útbýtt, og ég tók þess vegna brtt., sem ég var með, til baka til 3. umr. Nú hefur þessu nál. verið útbýtt og er á þskj. 742, og brtt. sömuleiðis, sem er á þskj. 743. Brtt. fjallar um, að það sé bætt inn í 38. gr. háskólalaganna nýjum málslið, svo hljóðandi: „Einn af prófessorunum í tannlæknisfræði skal hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins."

Í 38. gr. eru ýmsum prófessorum við læknadeildina lagðar ýmsar skyldur á herðar, þ. á m. hefur einn af prófessorunum við læknadeildina yfirlæknisstöðuna við landsspítalann, annar hefur allmikið með geðveikrahælið á Kleppi að gera, og einn prófessorinn annast eftirlit í heilbrigðismálum. Nú er það svo viðvíkjandi tannlækningum, að það virðist mjög mikil þörf á því, að hið opinbera láti þau mál til sín taka. Nýlega hefur verið birt opinberlega skýrsla frá stjórn Tannlæknafélags Íslands, sem ég hef birt sem fskj., og kemur þar ýmislegt fram um þeirra rannsóknir og þeirra álit, tannlæknanna, á heilsufarsástandi, sérstaklega í barna- og unglingaskólunum. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Athuganir, sem gerðar voru í einum af barnaskólum bæjarins" — þ. e. Reykjavíkur — „fyrir þremur árum sýndu, að aðeins rúmlega 10% barnanna burstuðu tennurnar reglulega og tæpur helmingur átti sinn eigin tannbursta. Börnin voru látin koma með burstana sína í skólann, og var ótrúlega algengt, að fjölskyldan notaði öll sama burstann."

Í þessari skýrslu Tannlæknafélagsins eru upplýsingar, sem ég býst við, ef hv. þm. hafa fyrir að lesa þær, að þeir margir hverjir muni verða næstum agndofa á því ástandi, sem ríkir í þessum málum. Enn fremur er þar sagt frá því, hvernig Norðurlandaþjóðirnar hagi sér í þessum efnum, t. d. eftirlitinu viðvíkjandi skólabörnum í Stokkhólmi. Þar er sagt frá því, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Öll skólabörn í Stokkhólmi fá t. d. tvisvar á ári gefins tannbursta frá yfirvöldum borgarinnar og eru um leið látin bursta tennur sínar úr sérstakri flúorupplausn. Annast þetta 8 stúlkur, sem fengið hafa lítils háttar tilsögn um rétta tannburstunaraðferð. Sjá 2 stúlkur um 15 þús. börn. Mundi því t. d. ein stúlka geta annazt þetta hér í bæ", — það er átt við Reykjavík, — „og kostnaðurinn við tannburstagjafirnar minni en rekstur einnar tannlækningastofu í bænum. En árangurinn hjá þeim er undraverður, því að tannskemmdir minnka um 25%"

Það eru fleiri atriði í þessari skýrslu, sem eru mjög eftirtektarverð, og ég held, að það væri ákaflega heppilegt, — það þýðir engan aukakostnað eða neitt slíkt, — að einum af prófessorunum í tannlæknisfræði væri falið að hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólunum. Ég held, að það mundi þýða, að viðkomandi prófessor mundi tiltölulega fljótt gera tillögur til hæstv. menntmrh. eða heilbrmrh. um löggjöf í þessum málum á Íslandi, sem vantar. Hins vegar held ég, að ástandið sé þannig, að það sé ekki viðunandi fyrir okkur. Við erum orðnir langt á eftir öllum öðrum þjóðum í þessum efnum. Það kom t. d. fram í þeirri grg., sem hæstv. menntmrh. lét fylgja frv. frá háskólanum, hvernig ástandið á Íslandi væri mun lakara hvað snertir tannlækna heldur en í nokkru Norðurlandanna, helmingi lakara en í Svíþjóð. Þar er einn tannlæknir á hverja 1600 íbúa, hér er einn tannlæknir á 3120 íbúa, og umsjónin með tannlæknaþjónustunni eftir því. Ég held, að það ætti að geta orðið samkomulag um það. Þetta þýðir ekki fjárútgjöld, þetta þýðir aðeins ráðstöfun til þess að bæta ofur lítið heilbrigðisþjónustuna, alveg í sömu stefnu og öðrum prófessorum í læknadeildinni hefur verið falið að gera.

Ég skal um leið geta þess, fyrst hér er verið að ræða um háskólann, að ég hefði að vísu óskað frekar eða a. m. k. jafnhliða því, sem bætt væri við prófessorum í læknadeild, að bætt hefði verið við prófessorum annars staðar. Við erum nú á síðustu dögum þingsins að afgreiða frv. um breytingu á háskólalögunum til að bæta við tveim prófessorum í læknadeild. Ég held, að það hafi verið líka á síðasta þingi, sem við afgreiddum á síðustu dögum frv. um breyt. á háskólalögunum, — annaðhvort var það síðasta eða næstsíðasta dag, — um að bæta við tveim prófessorum í læknadeild. Fyrir 4 árum voru þarna 8 prófessorar, með þessu fara þeir upp í 12. Ég er ekkert að segja á móti því. En ég hefði kosið að fjölga a. m. k. eins mikið í norrænudeildinni viðvíkjandi okkar íslenzka máli, sögu og bókmenntum. En ég sé nú ekki til neins að koma með brtt. um það. Ég veit, að það verður sagt, að það kostar eitthvað að vinna að því að halda uppi hróðri íslenzkrar menningar og íslenzkra vísinda um okkar eigið mál, okkar eigin tungu. En þetta, sem ég hér legg til, þarf ekki að kosta neitt, en getur orðið til þess að hjálpa til að laga ófremdarástand, sem nú ríkir. Ég vil þess vegna vonast til þess, að hv. þdm. samþykki þessa brtt. mína á þskj. 743.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 743 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LJós, SkG, ÁÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HS, HV, IG.

nei: JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, RH, AGb, BF, BK, BBen, GJós, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, IngJ, JóhH, BGr.
BP greiddi ekki atkv.
5 þm. (KGuðj, ÞÞ, EmJ, HÁ, JSk) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér sýnist þetta skynsamleg till. og ætla að greiða atkv. með henni. En af því að ég hef ekkert rætt um þetta mál, vildi ég um leið aðeins skjóta því að, beina því til hæstv. stjórnar, að mér finnst þetta ekki heppileg vinnubrögð, sem nú eru höfð og hafa verið höfð áður um breyt. á l. um háskólann og fjölgun starfsmanna þar. Fyrir tveimur árum var lagt fram frv. alveg á síðustu dögum þingsins um embættafjölgun þar, og nú kemur annað, líka alveg á síðustu dögum þingsins, og væri æskilegt, að öðruvísi væri að unnið í framtíðinni. Ég segi já.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að þetta frv. yrði útskýrt hér við 1. umr., en það hefur einhverra hluta vegna ekki þótt ástæða til þess. Hér er um það að ræða að bæta við tveimur prófessorsembættum í læknadeild háskólans, og þeir nýju prófessorar eiga að vera prófessorar í tannlæknisfræði. Þar á að bæta við tveimur prófessorum við þann eina prófessor, sem þar hefur starfað fram að þessu. Ég hef ekki annað en gott að segja um þetta og er því algerlega fylgjandi. Hér á landi ríkir tannlæknaskortur mikill, eins og kunnugt er, og hljótast af því árlega mikil vandræði í heilbrigðislegu tilliti. Um leið og þessir tveir nýju prófessorar taka til starfa við tannlæknadeild, er þess að vænta, að húsrými tannlæknadeildar, sem hingað til hefur verið allt of lítið, muni aukast. Þar með ættu að skapast bætt skilyrði til að útskrifa nýja tannlækna.

Það er ekki til að útskýra þetta, að ég stend hér upp, heldur langar mig til að koma á framfæri hugmynd, sem að vísu var hreyft í hv. Nd. í sambandi við þetta mál. Það er mjög algengt um prófessora í læknadeild, að þeim eru samhliða kennslustarfi sínu falin einhver ákveðin störf, svo sem forstaða sérstakra deilda í sambandi við heilbrigðismál og læknadeildina. Ég vil stinga upp á því, að hv. menntmn. þessarar deildar taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að fela öðrum prófessornum, sem hér er fyrirhugað að bæta við, yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í skólum landsins. Engin tannlæknaþjónusta er jafnmikilsverð og tannvernd barna. Þessi tannvernd er í mesta ólestri hjá okkur hér á Íslandi, og veitti ekki af að hefja undirbúning að því að rækja þessa þjónustu í framtíðinni. Ég teldi það mjög vel til fallið, að það yrði fram tekið í lögum, að öðrum þeirra prófessora, sem hér um ræðir, skyldi falið að hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustunni í skólum landsins. Ég hef orð á þessari uppástungu nú þegar í þeirri von, að hv. menntmn. athugi þetta mál og ráðfæri sig við aðila varðandi þessa uppástungu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 787).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 787, mælir hún með því, að það verði samþ. Einn nm., Finnbogi R. Valdimarsson, áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Efni frv. er það, að fjölgað verði prófessorum í læknadeild og verði þannig stofnuð tvö prófessorsembætti í tannlæknisfræði, og er frv. borið fram að beiðni háskólaráðs og læknadeildar Háskóla Íslands.

Öðru þessara tveggja prófessorsembætta er ætlað að koma í stað dósentsembættis, sem ekki hefur enn þá verið skipað í, en hitt er með öllu nýtt. Frá því að kennsla í tannlækningum hófst, árið 1945, hafa verið brautskráðir úr tannlæknadeildinni 39 tannlæknar. Nemendafjöldi í deildinni hefur ávallt takmarkazt mjög bæði af húsrými og tækjum deildarinnar, og árlega hefur orðið að vísa frá mörgum, sem sótt hafa um inngöngu í deildina.

Þegar deildin fluttist í húsnæði í landsspítalanum, árið 1960, var tannlæknastólum fjölgað úr 6 í 12, og er nú hægt að útskrifa 6 tannlækna á ári hverju. Það hefur verið erfitt að fá kennslukrafta til deildarinnar. Nú er talið, að kennslumálum hennar sé komið í það óefni, að óumflýjanlegt sé að stórefla hana að kennaraliði, og því er þetta frv. fram komið.

Í grg. við frv. er getið til samanburðar, hve margir íbúar komi á hvern tannlækni í nágrannalöndum okkar, og sýnir sú skýrsla, að við erum langsamlega verst staddir í þeim efnum, Íslendingar, því að hér á landi koma 3120 íbúar á hvern tannlækni, en í Svíþjóð t. d., þar sem þessum málum er þó bezt komið á Norðurlöndum, 1600, svo að við stöndum þar helmingi verr að vígi en t. d. Svíar.

Það er mikill hörgull á tannlæknum hér, og allir vita, að tannlæknaskorturinn er tilfinnanlegur. Í því sambandi vil ég aðeins nefna þá erfiðleika, sem heilbrigðisþjónusta barnaskólanna hér í Reykjavík hefur átt við að stríða í þessum efnum. Ég sé, að í hv. Nd. hefur einn hv. þm. látið prenta í sérstöku nál. skýrslu frá stjórn Tannlæknafélagsins um tannlæknaþjónustuna í barnaskólunum. Þó að sú skýrsla gefi tilefni til verulegra aths., mun ég ekki lengja störf þessarar hv. þd. með slíku, en ég vil láta þess getið, að viðræður við Tannlæknafélagið hafa leitt það ótvírætt í ljós, að ástæðan til þess, að ekki fást nægilega margir tannlæknar að

barnaskólunum hér í Reykjavík, er fyrst og fremst hinn tilfinnanlegi tannlæknaskortur.

Við 1. umr. málsins hér í þessari hv. þd. hreyfði 9. þm. Reykv. (AGl) því eða lét í ljós ósk um það, að athugað væri um breytingu á frv. í þá átt, að öðrum hinna nýju prófessora yrði ætlað að hafa yfirumsjón með tannlækningum í skólum. Brtt. þess efnis var borin fram í hv. Nd., en náði ekki þar fram að ganga, þó að hins vegar menn teldu sig ekki henni andvíga. Mun það hafa verið ástæðan, að þeir hafi talið, að það mál þyrfti nánari athugunar en svo, að gert yrði í fljótu bragði. Persónulega vil ég segja það, að ég álít, að slík till. sé mjög athugandi. Hitt er annað mál, að bæði er þingi nú að ljúka og slík breyting yrði ekki á frv. gerð, án þess að hún væri áður borin undir háskólaráð og læknadeild háskólans og tími vitanlega allt of naumur til þess. Eðlilega þyrfti það mál athugun hjá þeim aðilum, áður en umsögn væri hægt að gefa.

N. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þó með þeim áskilnaði, eins og ég áður sagði, að einn nm. hefur frjálsar hendur um að fylgja eða flytja brtt. við frv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt., sem er alveg samhljóða þeirri brtt., sem borin var fram í hv. Nd. í sambandi við þetta frv.

Brtt. er á þá leið, að á eftir 1. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi:

„Á eftir 2. málsl. 1. málsgr. 38. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Einn af prófessorunum í tannlæknisfræði skal hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustu í barna- og unglingaskólum landsins."

Eins og hv. frsm. menntmn. tók fram hér í ræðu áðan, þá er tannlæknaþjónustan í barnaskólum landsins í mestu óreiðu, og í Reykjavík varð fyrir nærri tveimur árum að leggja niður að mestu leyti tannlæknaþjónustuna í barnaskólunum. Ég skal viðurkenna, að það var fyrst og fremst vegna tannlæknaskorts, þó að fleira kæmi þar til greina, sem sé það þá helzt, að stjórnarvöld borgarinnar vildu ekki ganga að kröfum tannlækna um launahækkun. En hverju sem þetta er að kenna í Reykjavík, þá er það staðreynd, að tannlæknaþjónusta í skólunum var lögð niður, — þjónusta, sem talið var sjálfsagt að koma á fót fyrir áratugum og síðan verið haldið áfram. Þetta er vissulega eða ætti að vera öllum ábyrgum mönnum í þessu þjóðfélagi áminning í þessu efni. Hér verður að bæta úr og það hið allra bráðasta. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er myndarlegt spor í þá átt, það skal viðurkennt. En við gætum, um leið og samþ. eru lög um stofnun prófessorsembætta í tannlæknisfræði, gert betur. Og það hygg ég, að sé með þeirri brtt., sem ég leyfi mér að bera hér fram, þess efnis, að einn af prófessorunum í tannlæknisfræði skuli hafa yfirumsjón með tannlæknaþjónustunni í barna- og unglingaskólum landsins. Þetta er spor, sem verður að stíga bráðlega, hvort sem hlutverkið verður falið einum af þessum prófessorum eða einhverjum öðrum. Ég tel það mjög í verkahring eins prófessoranna að hafa slíka yfirumsjón og yfireftirlit með þeirri tannlæknaþjónustu, sem er í barnaskólum landsins nú, þótt ófullkomin sé, og sérstaklega þeirri þjónustu, sem þarf að byggja upp nauðsynlega á næstu árum.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja þessa till. fram og óska þess, að leitað verði afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 797) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að svara orðum hv. 9. þm. Reykv. (AGl), sem hann lét áðan falla, í þá átt, að hann viðurkenndi að vísu, að það, að ekki hafði tekizt að fá tannlækna að barnaskólunum í Reykjavík í þeim mæli, sem þurfti og æskilegt var, hefði strandað fyrst og fremst á tannlæknaskorti, en einnig á því, að stjórn borgarinnar vildi ekki ganga að kröfum um launahækkun þeim til handa.

Hv. þm. veit vel sem borgarfulltrúi hér í Reykjavík, að það lá beinlínis fyrir, að þó að gengið væri að kröfum læknanna um launahækkun, þá er ekki vitað nú, hvort nokkur tannlæknir mundi fást að skólunum. Það hefur verið leitað samstarfs við Tannlæknafélagið síðan um ýmsar leiðir, og ég veit ekki til þess enn, að félagið hafi getað lýst yfir, að það gæti gengið til samvinnu á þeim grundvelli, og ég efast ekkert um, að það er vegna þess, að þessir menn eru allir svo störfum hlaðnir, að þeir sjá ekki út úr því, sem þeir hafa að gera, hvað þá heldur að fara að bæta á sig nýjum verkefnum.

Það er hins vegar yfirlýstur vilji borgaryfirvaldanna hér í Reykjavík, að tannlæknaþjónustan fari fram í sjálfum skólunum, svo fljótt sem mögulegt er, en það er alveg gefið mál, að það getur ekki orðið, fyrr en tannlæknunum fjölgar að einhverju ráði.

Um brtt. hv. þm. vil ég segja, að ég hef eiginlega svarað henni í minni framsöguræðu. Ég vil aðeins endurtaka það, að tími er orðinn svo naumur, að það er óhugsandi, að hægt verði að afgreiða frv. á þinginu, ef ætti að fara að leita úr þessu umsagnar þeirra aðila, sem nauðsynlegt yrði að leita umsagnar frá. Hins vegar held ég, að þm. hljóti allir að vera á einu máli um það, að þetta frv. verði að hljóta afgreiðslu nú á þinginu, til þess að flýtt verði fyrir því, að svo miklu leyti sem samþykkt þessa frv. getur stuðlað að því, að úrbætur fáist í þessu mikla vandamáli, sem tannlæknaskorturinn er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 797 felld með 11:5 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 815).

65. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga [178. mál] (stjfrv., A. 389).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þeim mönnum, sem fengizt hafa við og fjallað um sveitarstjórnarmál, hefur lengi verið það ljóst, að gagngerðar endurbætur þyrfti að gera á lögum um fjárhagsmál og tekjustofna sveitarfélaganna. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er það óheppilegt og í rauninni óviðunandi, að sveitarfélögin hafi svo að segja eingöngu einn tekjustofn til að byggja á, sem eru útsvörin. Það mun vera svo hjá flestum sveitarfélögum, að útsvörin eru meira en 90% af öllum tekjum þeirra. Á marga lund er það óheppilegt, að sveitarfélögin hafi þannig þurft að styðjast svo til eingöngu við einn tekjustofn. Hefur það leitt til þess m. a., að útsvörin hafa í mörgum sveitarfélögum orðið miklu hærri en æskilegt væri og sveitarstjórnirnar sjálfar hefðu óskað, en enn fremur er það ljóst, að fyrir sveitarfélögin er það óheppilegt að þurfa að byggja á þessum tekjustofni einum. Ef erfiðleikar steðja að í atvinnu- eða efnahagsmálum, atvinna dregst saman, verðfall verður á afurðum landsmanna eða önnur óhöpp steðja að, þá þrengist fyrir hjá sveitarfélögunum um álagningu og innheimtu útsvaranna einmitt á sama tíma, sem mest er þörfin fyrir sveitarfélögin að auka sínar framkvæmdir og vega þannig upp á móti því, sem atvinna kann að hafa dregizt saman. En auk þessa var mönnum það ljóst, að hinar áratugagömlu reglur um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum þyrfti að endurskoða frá grunni. Þó að slíkt skipulag um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum hafi getað vel hentað áður fyrr og kunni að henta enn í fámennustu sveitarfélögum, þá er það ljóst, að með þeim gerbreyttu atvinnuháttum, sem hér hafa orðið á Íslandi, þá er óhjákvæmilegt að setja miklu fastari skorður um útsvarsálagningu, eins og um aðra skattlagningu, heldur en felst í niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

Í sambandi við þessa endurskoðun á tekjustofnum og fjárhagsmálum sveitarfélaganna og mat á þeim aðstæðum og röksemdum, sem ég hér hef nefnt, þarf þó að sjálfsögðu jafnan að hafa í huga það sjálfstæði, það sjálfsforræði sveitarfélaganna, sem er einn af hyrningarsteinum hins íslenzka lýðveldis og lýðræðis og hefur verið einn af hornsteinum þjóðskipulags okkar frá öndverðu. Og sjálf stjórnarskráin gerir ráð fyrir þessu sjálfsforræði, þar sem hún segir í 77. gr., að rétti sveitarfélaganna til þess að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum. Þó að almenna löggjafanum sé þar með fengið mjög víðtækt vald til þess að skipa málefnum sveitarfélaganna, er þó augljós andi og tilgangur stjórnarskrárinnar sá, að sveitarfélögunum sé tryggt sjálfstæði og sjálfsforræði að verulegu marki.

Skömmu eftir að núv. ríkisstj. tók til starfa, var skipuð fimm manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um tekjustofna sveitarfélaganna. Í þessari nefnd áttu sæti Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri í félmrn., sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jónas Guðmundsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Tómas Jónsson borgarlögmaður, varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga, og alþingismennirnir Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason. Hlutverk n. var orðað þannig, að hún skyldi endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frv. til l. um það efni. Eftir að n. hafði starfað skamma stund, skilaði hún till. til bráðabirgða um breytingar á útsvarslögum og enn fremur frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þessi frumvörp voru bæði lögð fyrir Alþ. snemma árs 1960 og bæði lögfest á því þingi. N. hélt síðan áfram störfum til að vinna að sínu meginverkefni, og það frv.. sem hér liggur fyrir um tekjustofna sveitarfélaganna, er árangur þess starfs.

Helztu nýmæli þessa frv. eru þessi:

1) Að í stað heimildar til að leggja á fasteignaskatt er gert ráð fyrir, að fasteignaskattur verði lögákveðinn í öllum sveitarfélögum.

2) Álagning veltuútsvara afnumin.

3) Sveitarfélögunum veitt heimild til þess að innheimta aðstöðugjald af þeim, sem hafa sjálfstæða atvinnu.

4) Gert er ráð fyrir landsútsvörum, sem nokkur fyrirtæki skuli greiða og renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

5) Í stað þriggja mismunandi útsvarsstiga, sem nú gilda síðan 1960, verði settur einn og sami útsvarsstigi fyrir landið allt.

6) Að skattstjórar annist álagningu útsvara, en álagningin skal þó búin þeim í hendur af sveitarstjórnum eða framtalsnefndum þeirra.

Ég skal nú rekja í stórum dráttum efni þessa frv., en get um leið vísað til hinnar ýtarlegu grg., sem fylgir frv., bæði varðandi skýringar á ýmsum nýmælum frv. og nánari grg. fyrir einstökum atriðum.

I. kafli þessa frv. er almenn ákvæði. Þar segir, hverjir tekjustofnar sveitarfélaganna eru, en það er í fyrsta lagi fasteignaskattur, í öðru lagi aðstöðugjald, í þriðja lagi framlag úr jöfnunarsjóði, sem greinist í tvennt, hluta af söluskatti og landsútsvar, og í fjórða lagi útsvör.

II. kafli frv. fjallar um fasteignaskatt. Þar segir svo í 3. gr., að á allar fasteignir skuli árlega leggja skatt til sveitarfélaga, þar sem fasteign er. Skatturinn skal miðaður við fasteignamatsverð og vera 2% af virðingarverði bygging-

arlóða, 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja, ½% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

Í núgildandi lögum er sveitarfélögunum veitt heimild til þess að leggja á fasteignaskatta. Allir kaupstaðirnir hafa notfært sér þessa heimild og ýmis sveitarfélög önnur. Hins vegar eru fasteignaskattar til sveitarfélaganna ekki í allmörgum sveitarfélögum. Í stað þeirrar heimildar, sem nú gildir, er því gert ráð fyrir hér að samræma fasteignaskattana að því leyti um land allt, að öll sveitarfélög skuli nota þennan tekjustofn. Í því sambandi má geta þess, að þangað til fyrir nokkrum árum var lögskipaður fasteignaskattur um allt land á allar fasteignir í landinu, sem rann til ríkisins, svo að að því leyti má segja, að hér sé ekki um nýmæli að ræða, þó að þessi skattheimta hafi legið niðri nú um nokkurra ára skeið.

Þegar ákveða skyldi í lögunum þær hundraðstölur, sem hér skyldi nota, þurfti að sjálfsögðu ýtarlega athugun á því, hverjar hundraðstölur þau sveitarfélög notuðu, sem fasteignaskatta hafa. Kom þá í ljós, að þær eru mjög mismunandi. Fyrir 10 árum voru samþ. lög á Alþ., sem heimiluðu sveitarstjórnum að innheimta fasteignaskattana með allt að 400% álagi eða m. ö. o. fimmfalda. Sum sveitarfélög notuðu þessa heimild að fullu, en sum að nokkru leyti. Síðan kom í gildi nýtt fasteignamat 1. maí 1955, og fasteignamatið hækkaði mjög misjafnt í hinum einstöku sveitarfélögum. Það hækkaði mest í Reykjavík. Niðurstaðan varð sú, að eftir að nýja fasteignamatið kom, hlutu sum sveitarfélög, einkum kaupstaðir, sem höfðu notað álagsheimildina að fullu, talsvert minni tekjur af fasteignasköttum en áður, og var því sett ákvæði árið 1959 um heimild til að innheimta fasteignaskatta til sveitarsjóða með álagi. Þær prósenttölur, sem settar eru í 3. gr., mundu valda því, að fasteignaskattur hjá sumum sveitarfélögum yrði að lækka frá því, sem hann er nú, og m. a. með hliðsjón af því er ákveðið í 5. gr. frv., að með reglugerð, sem ráðh. staðfesti, geti sveitarstjórn ákveðið að innheimta fasteignaskatt með allt að 200% álagi. Þetta er sem sagt fyrst og fremst gert til þess að gera sveitarfélögunum kleift að lækka ekki fasteignaskattinn frá því, sem nú er, en auk þess er annað sjónarmið haft í huga. Eins og það er allvíða í öðrum löndum svo, að einn megintekjustofn sveitarfélaga er fasteignaskattar, þá virðist sú skoðun eiga vaxandi fylgi að fagna hér á landi, að réttmætt sé, að sveitarfélögin stefni í framtíðinni meira í þá átt að ná hlutfallslega meira af tekjum sínum inn með fasteignasköttum en verið hefur.

III. kafli þessa frv. fjallar um aðstöðugjald. Um alllangt skeið hefur verið á lagt í mörgum — ég vil segja flestum sveitarfélögum þessa lands svokallað veltuútsvar. Veltuútsvarið á sér ýmsar orsakir. Það er orðið mjög langt síðan það var fyrst tekið upp. Það eru áratugir síðan, og liggja til þess ýmsar orsakir. Ein ástæðan er vafalaust sú, að sveitarfélögin gripu til veltuútsvaranna vegna þess, að þau áttu ekki um aðra tekjustofna að velja. Þeim var meinað ár eftir ár að fá nýja tekjustofna, þó að hlaðið væri á þau nýjum útgjöldum, og til þess að þurfa ekki að hækka hinn almenna útsvarsstiga, þ. e. a. s. útsvörin á almenningi, úr hófi, mun hafa verið gripið til veltuútsvarsins. Annað mun einnig hafa komið hér til greina sem rök fyrir veltuútsvarinu, og það var, að ýmis fyrirtæki, umsvifamikil fyrirtæki í sveitarfélagi, sem kannske ár eftir ár töldu sig ekki hafa tekjuafgang eða hagnað, hefðu sloppið að mestu við greiðslur til þess sveitarfélags, ef veltuútsvörin hefðu ekki verið. Nú nota slík fyrirtæki mörg ýmiss konar fyrirgreiðslu, sem sveitarfélögin veita með ærnum kostnaði, og þótti því eðlilegt, að í einhverju formi yrðu þau látin gjalda fyrir slíka aðstöðu, þótt ekki væri um tekjuafgang hjá þeim að ræða. Fleiri ástæður munu hafa legið til grundvallar því, að veltuútsvörin voru upp tekin, og skal ég ekki rekja það nánar hér. Hins vegar hafa veltuútsvörin sem skattstofn verið ákaflega mikið gagnrýnd og það á marga lund með réttu. Og ég ætla, að flestir þeir, sem eitthvað hafa fjallað um eða kynnt sér skatta- og útsvarsmál atvinnuveganna, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það yrði að afnema þennan tekjustofn, og í þessu frv. er gert ráð fyrir að afnema veltuútsvörin. Hins vegar er það ljóst, að vitanlega þurfti að bæta sveitarfélögunum upp þann tekjumissi, sem af þessu leiddi, en árið 1960 voru veltuútsvörin í landinu alls 75.8 millj. og árið 1961 voru þau 85.2 millj. kr. Til þess að bæta sveitarfélögunum upp þennan tekjumissi og vísa þeim ekki á þá leið að hækka útsvörin á almenningi eða hinn almenna útsvarsstiga eru farnar tvær leiðir í þessu frv. Önnur er sú að leggja á svokallað aðstöðugjald, sem III. kafli þessa frv. fjallar um, og hin að leggja á svokölluð landsútsvör, sem fjallar um í IV. kafla frv.

Varðandi aðstöðugjaldið, þá segir svo í 8. gr., að sveitarstjórnum sé heimilt að innheimta aðstöðugjald, og er það því ekki skylt eins og um fasteignaskattana. Sveitarstjórnir hafa heimild til þess að innheimta aðstöðugjald hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu. Síðan eru taldir upp ýmsir aðilar, sem skulu vera undanþegnir aðstöðugjaldi, og eru þar nefndir skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar. Ég kem að því síðar, hvernig háttað er ákvæðum frv. um olíufélögin.

Í 9. gr. segir svo, á hvað skuli leggja aðstöðugjaldið eða við hvað það skuli miðað. Og það eru samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstrarins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup og fyrningarafskriftir samkv. ákvæðum skattalaga. Um nánari rökstuðning fyrir aðstöðugjaldinu vil ég vísa til grg. frv., einkum á bls. 17, 18 og 19, þar sem ýtarlega er út í það mál farið, og skal ég ekki endurtaka þau rök, sem þar koma fram. En að sjálfsögðu kunna menn að spyrja, þar sem aðstöðugjaldið skal miðað við samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstrarins, þar með talin efnis- og vörukaup: Er þá einhver verulegur munur á þessu aðstöðugjaldi og veltuútsvörunum? Og því er til að svara, að þar er verulegur munur á.

Í fyrsta lagi má geta þess, að fyrirtæki, sem skilar hagnaði, hefur orðið að greiða veltuútsvar af þeim hagnaði, og að því leyti hefur sá tekjuafgangur verið a. m. k. tvískattaður til sveitarfélaganna, þ. e. bæði lagt á hann tekjuútsvar og veltuútsvar. Þessi tvísköttun er afnumin með aðstöðugjaldinu, vegna þess að það er miðað við tilkostnaðinn, útgjöldin, en þar kemur tekjuafgangur ekki til greina. Þá er þess að geta, að aðstöðugjaldið er, eins og ýtarlega er rökstutt í grg. frv., greiðsla fyrir aðstöðu eða þjónustu, sem sveitarfélagið veitir fyrirtækjunum, og telst því með rekstrarkostnaði og verður að dragast frá rekstrartekjum sem hver annar kostnaður.

Varðandi viðmiðunina má einnig geta þess, að þar sem aðstöðugjaldið er viss hundraðshluti af útgjöldum eða tilkostnaði fyrirtækisins, þá veldur það að sjálfsögðu því, að það er fyrirtækinu í hag að hafa sem minnstan tilkostnað þjóðfélagslega séð, og með þjóðarhag fyrir augum er það því verulegur kostur, að aðstöðugjaldið hvetur þannig og örvar til aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Í 10. gr. segir, hve hátt aðstöðugjaldið megi vera, og er hér um hámark að ræða: Í fyrsta lagi af rekstri fiskiskipa og flugvéla allt að ½%, af rekstri verzlunarskipa allt að 1%, af hvers konar iðnaðarrekstri allt að 1½% og af öðrum atvinnurekstri allt að 2%. Nú er rétt að taka það skýrt fram, að hér er um hámark að ræða, og ég geri ráð fyrir, að ekki sé ástæða til þess að ætla, að einstök sveitarfélög leggi á atvinnurekstur hærri prósenttölu aðstöðugjalds en það sama sveitarfélag hefur lagt á í veltuútsvörum. M. ö. o.: ég geri ekki ráð fyrir, að sveitarfélögin telji sig þurfa eða telji það rétt að hafa hærri prósenttölu aðstöðugjalds á sama atvinnurekstri heldur en prósenttala veltuútsvarsins hefur verið. Varðandi hámarkið, þá er það 2%, en hámark veltuútsvarsins var ákveðið 3% í l. frá 1960, en þangað til hafði ekkert lögákveðið hámark verið til.

Þá segir í 11. gr., að skattstjórar annist álagningu aðstöðugjaldsins.

IV. kafli þessa frv. fjallar svo um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lögin um jöfnunarsjóð frá 1960 eru tekin inn í þetta frv. vegna þess, hve hann er nátengdur tekjustofnum og fjáröflun sveitarfélaganna.

Í 15. gr. eða fyrstu gr. þessa kafla segir um hlutverk jöfnunarsjóðs, og er það óbreytt frá lögunum 1960, en hlutverk hans er í stórum dráttum þetta: Í fyrsta lagi að greiða framlag til sveitarfélaganna samkv. ákvæðum þessa kafla, í öðru lagi að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, í þriðja lagi að leggja út greiðslur milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkv. framfærslulögum, þar til endurgreiðsla fer fram, í fjórða lagi að greiða aukaframlag til sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð, og í fimmta lagi að styrkja tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga, en þessi síðasti liður var á sínum tíma tekinn inn eftir óskum Sambands ísl. sveitarfélaga.

Í 16. gr. frv. segir svo um tekjur jöfnunarsjóðs, og er þar fyrst svo fyrir mælt, að ríkissjóður greiði ⅛ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, eftir þeim ákvæðum, sem þar greinir, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. kr. Það var mikill áfangi í baráttu sveitarfélaganna fyrir nýjum tekjustofni, þegar ákveðið var 1960, að þau skyldu fá fimmtung söluskattsins, sem þá var lögfestur, og ákveðið, að þessi fimmtungur skyldi renna í jöfnunarsjóð og síðan skiptast milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu. Aðrar tekjur jöfnunarsjóðs eru svo landsútsvörin. Að því er snertir söluskattshlutann og þær reglur, sem um hann gilda, þá eru ákvæðin að mestu óbreytt frá því, sem er í gildandi l. frá 1960.

Þá er komið að landsútsvörunum, sem eru nýmæli í þessu frv., en hafa verið til umr. um langan aldur. Ég ætla, að það sé komið á annan áratug, síðan fyrst hófust umr. á fundum og þingum Sambands ísl. sveitarfélaga um landsútsvör, og beindist þá athyglin einkum að því, að rétt væri, að ýmsar stofnanir og fyrirtæki, sem næðu til allra eða mikils þorra landsmanna í mörgum, eða flestum sveitarfélögum, greiddu í einu lagi landsútsvar í stað þess að greiða á þeim stað eða þeim stöðum, þar sem fyrirtækin væru og störfuðu. Einkum var þá haft í huga að leggja landsútsvör á ýmiss konar ríkisfyrirtæki, einkasölur, verzlunarfyrirtæki ríkisins, sölusambönd, samvinnusambönd, olíuverzlanir, peningastofnanir og fleiri aðila, sem greindir eru og taldir upp í athugasemdunum á bls. 20. Samband ísl. sveitarfélaga hefur hvað eftir annað samþykkt og ályktað að óska eftir slíkum landsútsvörum, og var það því eitt af meginverkefnum þeirrar nefndar, sem undirbúið hefur þetta mál, að semja reglur um það. Niðurstaðan er sú, sem greinir í 17. gr., að landsútsvör skuli greiða: a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sölunefnd varnarliðseigna, og samkv. 18. gr. eiga þessir aðilar að greiða í landsútsvar 5% af hagnaði fyrirtækisins. Þetta ákvæði er varðandi Áfengis- og tóbaksverzlunina samhljóða því, sem nú er í lögum, og greiðir þetta fyrirtæki eða hefur greitt þessa fjárhæð til þeirra sveitarfélaga, þar sem þessi fyrirtæki starfa eða hafa útibú. Hins vegar er það nýmæli, að sölunefnd varnarliðseigna skuli greiða 5% af hagnaði sínum til sveitarfélaganna, og þá ákveðið, að það skuli vera í formi landsútsvars. Þá er b-liður. Þar er gert ráð fyrir, sbr. 18. gr., að 1% sé greitt af heildarsölu eftirtalinna stofnana í landsútsvar. Það eru síldarverksmiðjur ríkisins, áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðja ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins, landssmiðjan og ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Og c) Olíufélög, sem flytja inn olíur og olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands, eiga að greiða 1½% af heildarsölu félaganna.

Varðandi þennan síðasta lið er þess að geta, að þessi félög hafa þá sérstöðu, að þau greiða útsvör á fjölmörgum stöðum, líklega um 60 stöðum í landinu. Þessi útsvör hafa yfirleitt verið veltuútsvör, og af þessum sökum hafa risið mörg ágreiningsefni, sem farið hafa bæði til úrskurðar hjá hreppsnefndum og niðurjöfnunarnefndum fyrst og síðan yfirskattanefndum, ríkisskattanefnd og fyrir dómstóla, og hefur því

orðið af þessu í ýmsum efnum hin mesta óvissa og mikið málavafstur. Það hefur því þótt rétt að leggja á olíufélögin í einu lagi landsútsvar með þeim hætti, sem hér greinir, en það þýðir þá um leið, að aðstöðugjald skuli ekki leggja á þau í neinu sveitarfélagi.

Þá er gert ráð fyrir því, samkv. 20. gr., að fjórðungur landsútsvaranna, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skuli koma í hlut þess, en ¾ hlutar landsútsvaranna skuli ganga til jöfnunarsjóðs, þannig að það komi til skipta í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags eftir sömu reglum og söluskattinum er úthlutað. Það eru fleiri aðilar, sem mjög hefur komið til orða, að ættu að greiða landsútsvör, og eru það einkum bankar og sparisjóðir, sem þar hafa verið hafðir í huga. Undirbúningsnefndin hafði áhuga á því, að landsútsvör næðu einnig til þessara aðila. Það hefur samt sem áður ekki þótt fært að þessu sinni að taka það inn í frv., en það mál er að sjálfsögðu til áframhaldandi athugunar, með hverjum hætti rétt sé að haga greiðslum peningastofnana til sveitarfélaganna, en ég ætla, að allir séu sammála um, að sanngjarnt sé og eðlilegt, að eitthvað og í einhverju formi greiði þessar stofnanir til sveitarfélaga.

Þá kemur V. kafli frv., sem er sá ýtarlegasti og lengsti, en hann er um útsvör. Varðandi fyrstu greinar þess kafla má geta þess, að þar er um litlar breytingar að ræða frá gildandi l., eða 27., 28., 29. og 30. gr.

Í 31. gr. segir svo, að útsvör skuli miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá. Það þýðir, að skattalög gilda einnig varðandi útsvarsálagningu að þessu leyti, að þær reglur, þær undanþágur, þau sérákvæði, sem gilda um tekjuskattsálagningu, koma yfirleitt einnig til greina við útsvarsálagningu. Það felst í þessu ákvæði 31. gr.

Hins vegar er í sambandi við þetta atriði rétt að benda á ákvæði í frv. til bráðabirgða, e-lið, en þar segir svo, að á árunum frá 1962—1967 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þeim greinum, sem þar eru upptaldar. Nú er það svo, að ýmiss konar frádráttur, sem ákveðinn er og hefur verið í tekjuskattslögum, hefur ekki verið notaður af ýmsum sveitarfélögum við útsvarsálagningu. Þess vegna þótti ekki fært að lögskipa það fyrirvaralaust eða þannig, að það þyrfti strax að koma til framkvæmda, að öll sveitarfélög væru varðandi útsvarsálagningu skyld að veita hvern þann frádrátt, sem tekjuskattslögin veita. Niðurstaðan varð því sú, að þetta bráðabirgðaákvæði er inn sett, að um næsta 6 ára skeið sé sveitarstjórnum eða framtalsnefndum heimilt að víkja frá þessum tilteknu ákvæðum, en þau snerta skattlagningu hjóna, flutning yfir fimm áramót á tapi fyrirtækja, um skattfrelsi gjafa, um sjómannafrádrátt og um skattfrjáls varasjóðstillög félaga. Þessi atriði eru þar með á þessum næstu 6 árum látin á vald framtalsnefnda og sveitarstjórna. Ef hins vegar verður ekki gerð á þessu breyt. á þessu tímabili, þá fellur þessi heimild sveitarstjórna og framtalsnefnda um að víkja frá skattalögum um umræddan frádrátt niður eftir árið 1967.

Í 32. gr. frv. er svo útsvarsstiginn, og hefur í rauninni merkilegum áfanga verið náð í því efni, á þann veg, að nú er gert ráð fyrir einum og sama útsvarsstiga fyrir öll sveitarfélög landsins, kaupstaði og sveitahreppa. Fyrir 1960 voru sveitarfélögin frjáls um sína útsvarsstiga samkv. reglunni um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Það mátti því segja, að þá væri fjöldi útsvarsstiga notaður, allt að því jafnmargir og sveitarfélögin voru mörg, eða á þriðja hundrað. Það var út af fyrir sig mikil breyting, mjög róttæk breyt. með l. frá 1960 að fækka þessum útsvarsstigum niður í 3, en þá var ákveðið, að einn skyldi gilda fyrir Reykjavík, annar fyrir aðra kaupstaði og þriðji fyrir sveitahreppa. Í sambandi við það mál var tekið fram, að framtíðarstefnan ætti að sjálfsögðu að vera sú að reyna að koma á einum og sama útsvarsstiga fyrir landið allt. Að þessu hefur síðan verið unnið, og eins og kemur fram í grg. frv., hefur undirbúningnefndin lagt í það mjög mikla vinnu að komast að niðurstöðu um einn og sama útsvarsstiga. Í grg. á bls. 23 og 24 er skýrt frá þessum athugunum og hvernig háttað var álagningu sveitarfélaganna bæði árið 1960 og 1961, og eftir þær ýtarlegu athuganir, sem þar er skýrt frá, komst n. að þeirri niðurstöðu, að fært væri að semja reglu, sem nota mætti um allt land. Er þar svo greint nánar frá því, með hverjum hætti það hefur orðið, og m. a. að sett er inn ákvæði í 32. gr., að auk þess frádráttar, sem veittur er fyrir konu og börn, þá er sveitarstjórn heimilt að draga frá útsvari allt að 800 kr., og er þetta við það miðað, að ekkert sveitarfélag þurfi nokkru sinni eða á nokkrum aðila vegna þessa nýja útsvarsstiga að hækka útsvar frá því, sem verið hefur. Þessi samræming á útsvarsstigum, sem leiðir til eins útsvarsstiga fyrir landið allt, er eitt af merkustu atriðum í þessu frv. og einn af stærstu áföngum í okkar útsvars- og skattamálum á síðari árum. Mun þetta að sjálfsögðu leiða til ómetanlegrar samræmingar í útsvarsálagningu um landið.

Í 33. gr. frv. er svo fyrir mælt, hvenær lækka skuli útsvör gjaldenda, en það er þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi: a) Sjúkrakostnaður, ef verulegan má telja. b) Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega. c) Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Í þessum tilfellum skal lækka útsvör gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 32. gr. um útsvarsstiga. En enn fremur er heimilt að undanþiggja bætur almannatryggingja útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára. Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða þeim, sem nú eru í gildi síðan 1960.

Í 37. gr. og næstu greinum þar á eftir er svo skýrt frá tilhögun eða reglum um framkvæmd útsvarsálagningar, og er þar um verulegar breytingar að ræða. Þær standa í sambandi við þá gerbreyttu skipan á framkvæmd skattamála, sem gert er ráð fyrir í frv. því um tekju- og eignarskatt, sem lagt hefur verið fyrir þetta Alþ., verið afgreitt frá hv. Ed. og er nú hér í dag

til 1. umr. Nú er svo um álagningu útsvara, að niðurjöfnunarnefndir eru kosnar í öllum kaupstöðum til þess að jafna niður, en í sveitahreppum eru það hreppsnefndirnar sjálfar. Hér er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að bæjarstjórn kjósi eftir hverjar reglulegar bæjarstjórnarkosningar 3—5 menn í framtalsnefnd og þeir séu kosnir til fjögurra ára í stað eins árs, sem nú er. Þó hefur bæjarstjórn heimild til þess að ákveða skemmri kjörtíma, ef hún óskar. Skattstjóri skal eiga sæti í framtalsnefnd, en hefur þar ekki atkvæðisrétt, nema bæjarstjórn hafi kosið hann í hana. Í hreppum skal hreppsnefndin annast þessi framtalsnefndarstörf ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans, en getur þó falið 1—3 mönnum úr sínum hópi að annast þessi störf. Að þessu leyti er hér ekki um mikla breytingu að ræða frá því, sem nú er. En hins vegar er ætlunin að nota í miklu ríkara mæli en verið hefur skattstofurnar og starfslið skattstjóra við útsvarsálagningu, og því er svo fyrir mælt í 44. gr., að skattstjóri annist álagningu útsvara í skattaumdæmi sínu, en við álagningu útsvaranna er hann bundinn við þá skrá um tekjur og eignir, sem framtalsnefnd eða hreppsnefnd lætur honum í té. Og hlutverk framtalsnefndarinnar er samkv. 42. gr. í fyrsta lagi að rannsaka skattframtölin og úrskurða þau til útsvarsálagningar, í öðru lagi að áætla tekjur og eignir þeirra, sem ekki hafa skilað framtali, og í þriðja lagi að ákveða, að hverju leyti skuli til greina tekin ýmis atvik, sem lög ákveða eða heimila að tekið sé tillit til. Má segja, að það sé aðalatriðið eða eitt aðalatriðið í störfum framtalsnefndarinnar, að hún, en ekki skattstjórinn, ákveður það í hverju einstöku tilfelli, hvaða frádráttarliði skuli taka til greina, sem ákveðnir eru eða heimilaðir í lögum. Enn fremur úrskurðar framtalsnefndin kærur, er fram kunna að koma.

Um þetta fyrirkomulag og samstarf framtalsnefndanna og skattstjóranna eru nánari ákvæði í 42., 43. og 44. gr., og meginatriði þess er það, að notað sé starfslið og sérþekking skattstofanna, sem ætlað er að koma á fót 9 að tölu hér á landi, sem allra mest í sambandi við útsvörin. Hins vegar hefur þótt rétt að setja sérákvæði varðandi hin fámennari sveitarfélög, og er því svo fyrir mælt í 45. gr., að í hreppum með færri en 300 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur henni í té afrit af skattskrá hreppsins til hliðsjónar við álagningu. Hér er sem sagt veitt heimild til þess að halda því skipulagi um álagningu útsvara, sem verið hefur, í hinum fámennari hreppum, ef sveitarstjórnirnar óska þess.

Í VI. kafla frv. er fjallað um sameiginleg ákvæði, fyrst og fremst um kærur og áfrýjun, og þar verður sú hin mikla breyting á, að útsvarskærur ganga ekki frá framtalsnefndum eða sveitarstjórn til yfirskattanefndar og þaðan til ríkisskattanefndar, heldur fara þær beint til ríkisskattanefndar, vegna þess að gert er ráð fyrir í skattafrv. að leggja yfirskattanefndirnar allar niður, og verður því kæru- eða dómstigum fækkað, ekki aðeins um skattinn, heldur líka um útsvörin, um eitt stig.

Ég vænti þess, að með þessum orðum hafi ég gert grein fyrir helztu ákvæðum þessa frv., sem hér liggur fyrir. Sem fskj. með frv., á bls. 28—54, er svo grg., sem ráðstafanir voru gerðar til á sínum tíma að tekin yrði saman með upplýsingum um tekjustofna sveitarfélaga í ýmsum löndum. Til þess voru valdir þeir formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson og Páll Líndal skrifstofustjóri, að kynna sér þessi mál í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Englandi, Hollandi og Sviss. Þeir hafa samið þá ýtarlegu og glöggu grg. um tekjustofna sveitarfélaga, álagningu og innheimtu sveitarfélagaskatta í þessum löndum, þá grg., sem hér fylgir með og ég vænti að þm. þyki nokkur fengur í að fá, því að þar er geysilegan fróðleik að finna. Það er eins og gengur, að ýmislegt í þeim málum hefur orðið til gagnlegra ábendinga og upplýsinga, en aftur á móti að sjálfsögðu margt, sem ekki hentar okkar staðháttum, en hins vegar jafnan gagnlegt að kynna sér, hvernig aðrar þjóðir leysa svipuð vandamál og þau, sem við eigum við að glíma.

Að svo mæltu legg ég til, **að frv. verði vísað** til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í ræðum hv. stjórnarsinna að undanförnu kvörtun yfir því, að við framsóknarmenn vildum ekki tjá þeim þakkir okkar fyrir ýmis mál, sem þeir hafa borið fram hér á hv. Alþ. Við erum mjög ófúsir til þess að færa þeim þakkir fyrir það, sem við teljum lélega gert og miður fara, eins og við erum fúsir til þess að viðurkenna það, sem til bóta horfir. Og mér sýnist fljótt á litið við lestur þessa frv., sem hér er nú til 1. umr., að á því sé heldur geðslegri svipur en á mörgum þeim málum, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir hér á hv. Alþ.

Ég vil taka það fram þegar í upphafi, eins og ég gerði við umr. um útsvör hér á þinginu 1960, að ég tel meginmáli skipta í sambandi við afgreiðslu á sveitarstjórnarmálum, að sveitarfélögin fái að halda sínu sjálfstæði og vera áfram þeir hyrningarsteinar í íslenzku þjóðlífi, sem þau hafa verið. Ég vil endurtaka það, sem ég þá sagði, að ég er sannfærður um, að sjálfstæði sveitarfélaganna hefur verið mikill styrkur í sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar og mun verða til þess að viðhalda sjálfstæði hennar, ef þau fá að njóta sín.

Ég kveið nokkuð fyrir því, að þegar þetta frv. sæi dagsins ljós, þá mundi lengra gengið í að hefta sjálfstæði sveitarfélaganna en ég teldi æskilegt. Sem betur fer sýnist mér ekki hafa farið svo sem ég kveið. Í sjálfu sér eru ekki fólgnar í þessu frv. stórvægilegar breytingar, nema þá að breytt er til batnaðar frá þeim lögum, sem sett voru hér á Alþ. 1960 um bráðabirgðabreyt. á útsvarslögum, enda voru þau á margan hátt hin mesta hrákasmíði, sem þurfti að endurbæta og það sem fyrst, og hefur nokkuð áunnizt í þá átt með þessu frv., þó að það sé á ýmsan hátt gallað. Nú er t. d. gert ráð fyrir því að hafa einn útsvarsstiga um landið allt, en áður var verið að auglýsa með lögum, að í einu byggðarlagi væri betra að búa en í öðrum, þó að það í reyndinni sýndi sig svo, að

mörg sveitarfélög notuðu þann útsvarsstiga, sem í l. var tengdur við Reykjavík eina. Þetta er til bóta frá því, sem áður var.

Mun ég nú snúa mér að því að ræða einstaka þætti þessa frv., kosti þess og galla, en vil þó í upphafi máls míns endurtaka það, að ég lít svo á, að hér séu ekki nein verulega stór nýmæli á ferðinni, og lýsi vonbrigðum mínum yfir, að minna hefur áunnizt en ætlað var í því að fá nýja tekjustofna handa sveitarfélögunum.

Þeir tekjustofnar, sem sveitarfélögunum eru ætlaðir samkv. þessu frv., eru í fyrsta lagi fasteignaskattur. Fasteignaskattur hefur verið, eins og hæstv. fjmrh. tók hér fram áðan, í gildi um alllangt skeið, fyrst sem skattur til ríkisins, og síðar var sveitarfélögum heimilt að nota fasteignaskatt. Öll stærri sveitarfélög munu hafa notað sér ákvæði þessara heimildarlaga og innheimt hjá sér fasteignaskatt, og mun sú innheimta vera verulega mikið í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir um álagningu skattsins í þessu frv. Það form að ætla sveitarfélögunum að ná tekjum sínum verulega með fasteignaskatti er að minni hyggju ekki eins mikils virði hér á landi og í öðrum löndum, vegna þess að það er hinn almenni borgari, sem á hér fasteignirnar. Hér er yfirleitt keppt að því, að fólk eigi sínar íbúðir sjálft, bændur eigi jarðirnar o. s. frv. Þess vegna er fasteignaskatturinn sem tekjustofn fyrir sveitarfélög ekki eins mikils virði til þess, að hann nái fyrst og fremst til þeirra, sem gjöld geta borið, eins og er í öðrum löndum, þar sem færri eiga fasteignir.

Annað atriði í þessu frv. er breyt. sú, sem gerð er á þeim þætti álagningarinnar að leggja niður veltuútsvörin, eins og það er kallað. Ég get ekki neitað því, að mér finnst munurinn á aðstöðugjaldi og veltuútsvari ekki svo ýkjamikill, að það skipti verulegu máli nema í nafnbreytingum. Eins og hæstv. fjmrh. gat um hér áðan, þá er það eitt undanskilið að minni hyggju í venjulegum rekstri, að aðstöðugjaldið er ekki lagt á þær tekjur, sem eru umfram útgjöldin. Hins vegar er það þó þannig, að aðstöðugjaldið er lagt á fyrningarafskriftir, og það hefur ekki verið ýkjamikill tekjuafgangur, eftir að þær hafa átt sér stað, hjá fyrirtækjum yfirleitt. Og mér sýnist, eftir því sem ég hef borið þetta saman á þeim stað, sem ég er kunnugastur, þá muni þetta hafa sáralitla þýðingu. Hins vegar er ekki því að neita, að ég hef ekki tileinkað mér enn þá þann hugsunarhátt, að gjöldin séu álitlegri tekjustofn til þess að leggja á útsvör heldur en tekjurnar. Og mér finnst satt að segja, að við séum komnir nokkuð langt frá þeirri hugsun, sem við byggðum lengst af á og var merkilega góð, að leggja á eftir efnum og ástæðum, þegar við förum að taka útgjöldin sem stofn fyrir tekjur til sveitarfélaga. Ef ég tek dæmi af veltuútsvari annars vegar, þ. e. því álagningarformi, og aðstöðugjaldinu, þá koma í hug tveir bátar, sem róa til fiskjar héðan úr höfuðborginni eða annars staðar á landinu. Þeir koma að að kvöldi, annar með góðan afla, en hinn hefur tapað öllum sínum veiðarfærum. Daginn eftir yrði sá, sem tapaði veiðarfærunum og aflaði ekki neitt, að kaupa sér ný veiðarfæri og þar með að auka sín útgjöld. Sá, sem héldi veiðarfærunum og aflanum, greiddi minna aðstöðugjald en hinn, sem tapaði bæði afla og veiðarfærum. Það tekur mig lengri tíma en síðan þessu frv. var útbýtt að tileinka mér það, að þetta sé réttari álagningarstofn en veltuútsvörin, þótt gölluð séu. Það sama væri uppi, ef við tækjum iðnaðarfyrirtæki, sem yrði fyrir miklum skakkaföllum með sínar vélar, yrði að auka stórkostlega viðhaldskostnað þeirra og framleiðslustöðvun yrði vegna óhappa. Það þýddi meiri útgjöld og hærra aðstöðugjald. Enn fremur sýnist mér eftir þessu frv., ef ég skil það rétt, að þá muni með aðstöðugjaldinu vera lagt á birgðaaukningu. Fyrirtæki, sem keypti inn mikið af vörum seint á árinu og hefði ekki selt þær, t. d. verzlunarfyrirtæki eða iðnaðarfyrirtæki, ætti það í birgðum, það hefði valdið því, að það yrðu meiri útgjöld, vegna þess að það keypti birgðirnar, en það hefði ekki fengið auknar tekjur, af því að það hefði ekki selt þær, en það yrði að greiða hærra aðstöðugjald fyrir það að hafa aukið birgðirnar, og þar með væri búið að leggja á þennan stofn, áður en fyrirtækið fengi tekjur af honum.

Mér voru fullkomlega ljósir gallar veltuútsvarsins, og ég er hæstv. fjmrh. sammála um það, að hjá því varð ekki komizt, að fyrirtæki greiddu til sveitarfélaga og bæjarfélaga eins og aðrir aðilar í sveitarfélögunum, því að þau njóta þar margs konar hluta, sem kosta sveitarfélagið sameiginlega mikið. En að með þessum hætti sé verið að létta af slæmu gjaldi og setja á betra gjald, það þarf að rökstyðja betur en enn þá hefur verið gert, til þess að ég geti tileinkað mér það. Ég á afar erfitt með að skilja það, að óhöppin séu betri stofn til þess að taka útsvar af heldur en höppin. Hins vegar sýnist mér, að hér sé verið að fara í nokkurs konar feluleik, það sé hér verið að afnema óvinsælt veltuútsvar, en leggja á gjald, sem ekki sé farið að sýna sig. En munurinn er að minni hyggju ekki ýkjamikill í atvinnurekstrinum. Þó skal það viðurkennt, að hér er það skýrt tekið fram, sem ekki var gert í l. frá 1960, hvernig skyldi fara um umboðssölu. Það fékkst ekki upplýst hér í umr., hvort það væru umboðslaunin, sem væru talin velta í sambandi við umboðssöluna, eða það, sem selt væri, tekjur umboðssölunnar. Hér er það nú skýrt tekið fram, að það, sem er stofninn til aðstöðugjaldsins, það er kostnaðurinn við að reka umboðssöluna, en ekki það, sem selt er. Hins vegar í allri venjulegri verzlun og iðnrekstri og öðru því um líku, þá er það keypta varan, keypta hráefnið og allt það, sem því fylgir, sem talið er kostnaður. Þess vegna finnst mér, að hér sé ekki um verulegan mun að ræða frá því, sem áður var. Og ég held, að þegar fram líða stundir, þá muni verða augljósir gallar á þessari aðferð, engu síður en á veltuútsvarinu áður. Og sumir þeirra eru að minni hyggju enn þá hvimleiðari og fráleitari, eins og það að leggja sérstaklega á tjónin. Hins vegar er það nú skýrt tekið fram, að þetta aðstöðugjald er frádráttarbært til skatts, það var veltuútsvarið ekki, og tel ég það til bóta. En það var ekkert því til fyrirstöðu, að veltuútsvarið gæti orðið frádráttarbært til skatts, ef það hefði verið ákveðið í lögunum.

Þegar frv. um jöfnunarsjóð var hér til meðferðar á þinginu 1960, var á það bent, að fjárhagur sjóðsins í heild væri ekki nægjanlega tryggður með ákvæðum laganna, þar sem sá sjóður, sem átti að myndast til þess að verða hinn raunverulegi jöfnunarsjóður, átti að verða til vegna þeirra, sem urðu fyrir skerðingarákvæðum sjóðsins. Nú hefur þessi ábending verið tekin til greina, og gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn haldi eftir af sínum tekjum, þangað til hann er orðinn 5 millj. kr. Ég tel þetta ákvæði vera til bóta, því að það er nauðsynlegt að tryggja það, að jöfnunarsjóður geti gegnt því höfuðhlutverki sínu að vera jöfnunarsjóður sveitarfélaga, ef með þarf. Enn fremur hefur með frv. verið dregið úr skerðingarákvæðunum frá því, sem áður var, svo að hin smærri sveitarfélög njóta nú betur framlags úr jöfnunarsjóði en var með l. 1960. Þetta er að minni hyggju hvort tveggja til verulegra bóta.

Þá er í kaflanum um jöfnunarsjóð tekið upp ákvæði um landsútsvör. Hugmynd um landsútsvör hefur verið fyrr á ferðinni hér á hv. Alþ., og þegar frv. um útsvör var hér til meðferðar 1960, þá m. a. flutti hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, brtt. í hv. Ed., þar sem hann gerði ráð fyrir landsútsvörum. Nú hefur þessi hugmynd komið inn í þetta frv., og á að gera hana að veruleika. Um það má deila, hver ættu að vera mörkin eða hvaða aðilar ættu eingöngu að greiða landsútsvör. Hér hafa verið tekin ríkisfyrirtækin og olíufélögin. Tekjur, sem jöfnunarsjóður fær af þessu landsútsvari, eru, þegar frá er dregið það, sem gengur til þeirra staða, er fyrirtækin starfa á, rúm 21 millj. kr. eftir áætlunum í frv. Nú er hér ekki um mikla fjárhæð að ræða, þó að hún sé nokkur, og ekki er vafi á því, að sveitarfélögin hafi almennt gert ráð fyrir, að lengra yrði gengið í því að útvega þeim nýja tekjustofna með þessu frv., ekki síst þar sem mjög hefur verið þyngt á um útgjöld þeirra á síðustu árum, svo sem til almannatrygginga, sjúkrasamlaga, og nokkur aukin útgjöld fylgja ákvæðum þessa frv. Hér er ekki um nýja tekjustofna að ræða, heldur er hér tilfærsla á útsvörum fyrirtækja, sem áður hafa greitt gjöld sín til þeirra staða, sem þau eru staðsett á. Ég er ekki nógu kunnugur því til þess að geta metið það, hvort með þessari breyt. verða einhver bæjar- eða sveitarfélög á landinu fyrir skakkaföllum, þar sem fyrirtæki hafa starfað á þeim stöðum, sem nú eiga að greiða landsútsvör, en hafa áður greitt beint til þeirra. Mér sýnist, að á stöðum, þar sem t. d. síldarverksmiðjur ríkisins, olíufélögin og áfengisverzlun ríkisins greiða útsvör, þar geti farið svo, að þetta frv. verði til þess, að í þeirra hlut komi minna en áður, vegna þess að landsútsvörin eru lögð næstum því eingöngu á fyrirtæki, sem áður hafa greitt útsvör, og þess vegna tilfærsla og skipting á þeim frekar en áður hefur verið. Ég vil taka það fram, að ég er fylgjandi hugmyndinni um landsútsvör og tel hana að mörgu leyti rétta og nauðsynlega og eðlilega. Hitt þarf að meta eða athuga, hvernig með verður farið, ef sérstaklega tilfinnanlega er á hlut þeirra gengið, sem nutu útsvara af þeim stofnunum, sem landsútsvör eru nú lögð á. En ég endurtek það, að ég vonaðist til þess, að eitthvað nýtt flyti með, sem gæti jafnað þessi met og aukið tekjur sveitarfélaga í heild.

Eins og fyrr verða útsvörin aðaltekjustofnar sveitarfélaganna eftir þessa lagabreytingu sem áður. Nú er horfið frá því ráði að setja upp útsvarsstiga í auglýsingaskyni, eins og gert var 1960, heldur að því að hafa einn útsvarsstiga fyrir allt landið. Auðvitað og af eðlilegum ástæðum verður hann að vera með þeim frávikum, að það megi hækka og lækka útsvör til þess að mæta þörfum hinna einstöku sveitarfélaga. Og eftir sem áður gæti farið svo, að engin tvö sveitarfélög í landinu notuðu þennan útsvarsstiga með sama hætti, þrátt fyrir það að hann sé ákveðinn í lögum. Reynslan af útsvarsstigunum þremur frá 1960 mun nú vera sú, að reglur hinna einstöku sveitarfélaga hafa verið mjög breytilegar, og er ég ekki alveg viss um, hvort það hefur verið mikil breyting frá því, sem áður var, og sveitarfélögin legðu á eftir jafnmörgum breytilegum reglum og áður. Þess vegna er það eðlilegt og nauðsynlegt, að sveitarfélögin hafi það rými, sem gert er ráð fyrir í þessum kafla frv., og til þess að þau haldi sínu sjálfstæði, má ekki skera þeim þröngan stakk.

Á framkvæmdinni við útsvarsálagninguna er nokkur breyting, sem ég mun nú víkja að. Á dagskrá þessa fundar í dag er frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Hæstv. fjmrh. hefur lagt það fyrir Alþ., og þegar verið var að semja það frv., var sparnaðarandinn ríkjandi, að kallað var, og þar var lagt til að leggja niður skattanefndirnar í sveitum og hinum einstöku sveitarfélögum landsins. Hæstv. ráðh. hafði talað um það á hv. Alþ., hvað þær væru margar og það væri ánægjulegt að leggja niður svo margar nefndir. En svo skeður það, að sá hæstv. ráðh., sem fer með sveitarstjórnarmál eða tekjustofna sveitarfélaganna, sem einnig heitir Gunnar Thoroddsen, leggur til í þessu frv., að upp skuli teknar nefndir, sem heita framtalsnefndir. Þær eiga að taka að sér það verkefni, sem skattanefndirnar hurfu frá. Mér sýnist, að tala nefnda verði nákvæmlega jöfn eftir sem áður, en það eru komin ný nöfn á þessar nefndir og þess vegna hægt að tala um það í fjárlagaræðum, að skattanefndir hafi verið lagðar niður. En framtalsnefndir koma svo aftur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Auk þess sem skipt er um nafn á þessum nefndum, þá er sú breyt. á því gerð, að í staðinn fyrir það, að ríkið greiddi skattanefndunum, þá eiga sveitarfélögin að greiða framtalsnefndunum að öðru leyti en því, sem skattstjórinn eða trúnaðarmaður hans er þeim lagður til ókeypis. En verkefni þessarar nefndar á að vera að mestu leyti það sama og skattanefndirnar hafa haft til þessa. Hins vegar þegar framtalsnefndirnar eru búnar að vinna sitt verk, sem er að fara yfir framtöl manna og gera þau þannig úr garði, að þau megi færa inn á skrá, eins og þeir samþykkja þau, með þeim atriðum, sem þar að lúta, þá er búið að vinna mestallt verkið. Og mín reynsla af því er sú, að þá sé það tiltölulega lítið verk, og ég hygg, að það séu ekki mörg sveitarfélög, sem hafa af því aukakostn-

að að reikna þá út útsvörin, eftir að þessu verki er lokið, ekki sízt þar sem útsvarsreglurnar hafa verið prentaðar og ekkert er annað að gera en bera saman tvær tölur. En þá kom annað til. Samkv. frv. um tekju- og eignarskatt, sem átti að vera sparnaður í framkvæmd skattalaga, voru settar upp skattstofur og skattstjórar, og nú þurfti að finna verkefni handa skattstjóranum. Og þá á að senda honum þessa útreiknuðu skýrslu, og hann á svo að reikna út útsvörin. Mikil held ég að verði nú ánægjan vestur á Patreksfirði, þegar þeir verða búnir að vinna þetta undirbúningstarf og hefðu svo getað lokið hinu á einum degi, að bera saman þessar tvær tölur í útsvarsstigunum og tekjur manna og ástæður, en þurfa þá að taka sig til og senda þetta vestur á Ísafjörð eða einhvern annan stað í Vestfjarðakjördæmi til þess að fá útsvör útreiknuð. Ég er alveg viss um það, að þeir telja sig geta gert þetta sjálfir hér eftir sem hingað til, og svo verður með fleiri staði. Ég sé ekki hagkvæmnina í þessu, að þegar búið er að vinna undirbúningsverkið, þá eigi að senda skattaskrána eða framtalsskrána, sem vafalaust heitir þá, með þeim frávikum, sem framtalsnefndin samþykkir, til þess eins að láta bera saman tvær tölur. Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt fyrir skattstjórana í sínum nýju embættum að fá þetta verkefni sér til dundurs, en fyrir sveitarfélögin er þetta á engan hátt sparnaður. Þetta er unnið af þeim mönnum, sem eru þar fastir starfsmenn hvort sem er, eða hreppsnefndin gerir þetta, um leið og hún leysir af hendi framtalsnefndarstörfin, og því er hér verið að gera þetta flóknara og erfiðara í framkvæmd en áður hefur verið. Og ég sé á engan hátt öryggi í því, að þetta verði betur af hendi leyst, því að ef upp kemur reikningsvilla hjá framtalsnefnd í slíkum útreikningum, þá er hún alltaf umyrðalaust leiðrétt, eins og allt slíkt, sem sannanlegt er, að um hreinar reikningsskekkjur sé að ræða. Og það mundi engu breyta, hvort sem þetta væri reiknað út á sveitarskrifstofunum eða hjá skattstjóra, auk þess sem þetta ákvæði skerðir vald sveitarfélaga, þótt í litlu sé. Hins vegar verður ekki hægt að skilja það með öðrum hætti en þeim, að það hafi þurft að finna upp verkefni handa skattstjórunum.

Um innheimtuna er það að segja, að hún er með mjög svipuðum hætti og verið hefur í gildandi lögum. Þó hefði ég viljað biðja þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga það, hvort ekki væri eðlilegra og kæmi sér á allan hátt betur í framkvæmd að heimila sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjaldið og fasteignaskattinn með sama hætti og útsvör. Gert er ráð fyrir því, að gjalddagi á aðstöðugjaldi verði einn. Nú má gera ráð fyrir því, að hér verði um verulega fjárhæð að ræða, og það gæti verið tilfinnanlegt fyrir fyrirtæki að þurfa á einum og sama degi að greiða aðstöðugjaldið. Hins vegar er sá háttur hafður á um innheimtu á veltuútsvari, að það er innheimt, eins og önnur útsvör, í öllum stærri sveitarfélögum og bæjarfélögum með nokkurra mánaða eindaga, átta eða tíu gjalddögum á ári, og þessi háttur á innheimtu er auðveldari bæði fyrir þá, sem eiga að innheimta, og einnig fyrir þá, sem eiga að greiða. Og ég þekki til þess, að sú framkvæmd er viðhöfð að innheimta fasteignaskatt og önnur gjöld með sömu gjalddögum og á sama hátt og útsvörin eru innheimt. Ég vildi mjög fara fram á það við hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugaði þá breyt. á þessu frv. að gefa heimild í frv. fyrir því, að sveitarstjórnir megi innheimta aðstöðugjald og fasteignaskatt með útsvörum á sömu gjalddögum, því að það mundi gera þetta mál auðveldara í framkvæmd, bæði fyrir sveitarfélögin og eins fyrir gjaldendurna.

Í síðustu atriðum þessa frv., hinum almennu atriðum, er vikið að kærum og meðferð þeirra, og þar er m. a. gert ráð fyrir því, að ríkisskattanefnd skuli rökstyðja sína úrskurði. Þetta atriði tel ég einn af kostum frv. Ég tel, að það hafi verið mikill ljóður á ráði, að ríkisskattanefnd hefur ekki rökstutt sína úrskurði, og hafa ábyggilega margar sveitarstjórnir lent í deilum við hana í sambandi við ýmsa úrskurði, sem frá henni hafa komið, og það hefði verið hægt að fá betri skilning af beggja hálfu, ef rökstuðningur hefði verið látinn fylgja. Þess vegna tel ég, að þetta atriði sé eitt af því, sem er til bóta í þessu frv.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri. Ég hef lýst skoðun minni gagnvart þessu frv., og þó að ég sjái á því mörg vandkvæði og telji, að sumt sé þar, sem mjög orki tvímælis, þá tel ég þó, að það sé betur frá þessu máli gengið en útsvarslagabreyt. 1960 og að það sé nokkuð til bóta frá því, sem þar er. Að endingu vil ég segja það, að ég treysti því, að þó að ýmislegt í frv. sé á annan veg en ég hefði kosið, þá gangi það þó ekki á þann þáttinn, sem ég tel mest virði, þ. e. að sveitarfélögin haldi sjálfstæði sínu og sjálfsforræði, svo sem verið hefur, því að það er þjóðinni fyrir beztu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Á borð okkar þm. hafa á undanförnum dögum hrúgazt mörg plögg, þykkir doðrantar, mikil skjöl. Að mestu leyti hafa þetta verið uppprentanir á gildandi lagabálkum, en sá háttur verið hafður á að endurprenta allt pródúktið, þótt ekki væri um að ræða nema eina eða tvær smábreytingar á viðkomandi lögum. Þetta eru auðvitað vinnubrögð út af fyrir sig og skapar góðan markað fyrir pappír. En hér er eitt af þessum stóru frv. komið á okkar borð á seinustu dögum, og því fylgdu ein sex eða sjö önnur frv. vegna þeirra breyt., sem hér eru gerðar á tekjustofnum sveitarfélaga. Ég vil þó segja eins og sá hv. þm., sem hér lauk nú máli sínu (HS), hv. 3. þm. Vesturl., að hér er þó ekki, eins og í mörgum þeim tilfellum, sem ég nú hef vikið að, um aðeins smábreytingar eða kákbreytingar að ræða á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hér hefur verið að unnið um lengri tíma og af mönnum, sem gott skyn bera á sveitarstjórnarmál, og er því ýmislegt af breyt. og nýmælum þessa frv. til bóta frá því, sem áður hefur verið. Á það skal ekki draga neina dul.

Ég mun nú víkja að efni þessa lagabálks og fara þar nokkrum orðum um.

Í I. kafla þessa frv. er gerð grein fyrir því, hvaða tekjustofna sveitarfélögin eigi nú að búa

við. Hæstv. fjmrh., sem fylgdi þessu frv. úr hlaði, sagði réttilega, að fram að þessu hafa útsvörin verið nálega einasti tekjustofn sveitarfélaganna, eða um 90% af heildartekjum þeirra. Þetta mun rétt vera. En hann gerði allnokkuð úr því, að á þessu yrði nú veruleg breyting. Ég sé ekki, að breytingin sé svo ákaflega mikil eða að hinir nýju tekjustofnar, sem hér koma til, séu svo gildir, að mikið orð sé á hafandi.

Það er fyrst með fasteignaskattinn. Fasteignaskattur hefur verið heimilaður, ekki lögskipaður, og hafa ýmis sveitarfélög notfært sér hann og haft heimild til að leggja á hann 200—300 — ég held upp í 400% álag, eða svo var það upphaflega, þegar hann var heimilaður. Og þannig hafa allmörg sveitarfélög notfært sér þessa heimild og haft fasteignaskatt sem tekjustofn ásamt útsvörunum. Hitt er rétt, að hjá þeim sveitarfélögum, sem hafa ekki notfært sér þá heimild, sem í l. hefur verið um fasteignaskatt, fá þarna nú lögbundinn tekjustofn, sem þau verða að notfæra sér.

Þá er annar liðurinn, sem hér er gerð grein fyrir í upphafsorðum frv. sem tekjustofni. Það er hið svokallaða aðstöðugjald. En það er enginn nýr tekjustofn í raun og veru, því að það á að koma í staðinn fyrir heimild sveitarfélaganna til að leggja á veltuútsvör, og kemur þannig eitt í annars stað.

Þriðji tekjuliðurinn, sem hér er svo nefndur, eru framlög til sveitarfélaganna úr jöfnunarsjóði, og er þar um enga eða mjög smávægilegar breyt. að ræða að því er snertir jöfnunarsjóðinn. Um hann hafa verið lög fram að þessu, og kem ég þó að því síðar, sem þar er nýtt á ferðinni. En aðstöðugjaldið er í raun og veru í staðinn fyrir veltuútsvörin og þannig ekki nýr tekjustofn, heldur nýtt nafn á tekjustofni.

Útsvörin eru og verða meginstofn þeirra tekna, sem sveitarfélögin koma til með að hafa, eins og verið hefur, og má þó vera, að þau verði eitthvað minni hundraðshluti af heildartekjunum en þau hafa verið fram til þessa.

Í II. kafla frv. er fjallað um fasteignaskattinn, og þar segir strax, að árlega skuli leggja skatt til sveitarfélaganna á fasteignir. Þar er fyrst talið, að skatt beri að leggja á virðingarverð byggingarlóða. Viðvíkjandi þessum skattstofni vil ég segja það, að ég tel að vísu sjálfsagt að leggja skatt á fasteignamat eða virðingaverð byggingarlóða, en ég hefði talið mjög koma til álita að fá heimild til þess í þessu frv. að leggja verðhækkunarskatt á ónotaðar lóðir í kaupstöðum. Það er vitað, að margur spekúlantinn kemst yfir lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaða, heldur þeim svo ónotuðum í þeim tilgangi, að þær hækki í verði fyrir almennar aðgerðir bæjarfélagsins eða þjóðfélagsins, og væru þó miklu betur komnar undir yfirráðum bæjarfélagsins sjálfs til þess að geta með sem greiðlegustum hætti framkvæmt hyggilegt og hagkvæmt skipulag bygginga á bæjarlandinu. Það ætti því í raun og veru að vera til þess heimild að leggja verðhækkunarskatt á slíkar lóðir og lendur, til þess að menn hefðu ekki áhuga á því að halda slíkum eignum eingöngu í gróðaskyni. Þessi skattlagning ætti að rýra gróðamöguleikann í sambandi við þetta og koma í veg fyrir, að menn sitji með slíkar lóðir og lendur ónotaðar. Þetta er mín persónulega skoðun, að þarna mætti í raun og veru koma ákvæði um verðhækkunarskatt á óbyggðum lóðum í kaupstöðum.

Annað atriðið um fasteignaskattinn er það, að 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja komi sem skattstofn. Það mun hafa verið svo í gildandi lögum, að það var heimilt að hafa skattinn af húsum mismunandi eftir því, til hvers eignirnar hafa verið notaðar, og mismunandi eftir verðmæti þeirra og hagnýtingu. Þetta tel ég réttmætt og hyggilegt, og ég held, að það sé ekki rétt að hafa fasteignaskattinn af húseignum 1% af öllum húseignum. Húseignir geta verið mismunandi arðberandi, og eftir því má hafa breytilegan skatt á þeim, og húseignir geta verið mismunandi nauðsynlegar, og hinar nauðsynlegustu húseignir ætti að mínu áliti að skattleggja minnst. Þess vegna tel ég stighækkandi eða breytilegan skatt á húseignum vera eðlilegri skattstofn heldur en húsa- eða fasteignaskatt, sem sé eins yfir öll slík mannvirki. Að sjálfsögðu er svo rétt, eins og hér er lagt til í þessu frv., að lægra gjald komi á tún og garða og reiti, erfðafestulönd og slíkar lendur í kaupstöðum heldur en á hina flokka eignanna, sem hér hefur verið rætt um, og er ég því samþykkur. E. t. v. mætti sá skattur vera öllu lægri en þarna er lagt til, því að þarna er um nýtingu lands að ræða, sem oft er nauðsynleg fyrir bæjarfélagið, en oft og tíðum ekki til mikillar arðsemdar fyrir þá, sem nytja.

Um fasteignaskattana get ég því sagt það, að ég er því samþykkur, að fasteignirnar séu teknar sem skattstofn, er skylt sé að leggja á og hafa sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Aðeins hef ég þarna gert grein fyrir hugmyndum mínum um það, hvernig hugsa mætti sér að haga þessu á hagkvæmari eða skynsamlegri hátt út frá mínum sjónarmiðum. Það er gert ráð fyrir því, að af fasteignaskattinum komi heildartekjur um 30 millj. kr., og er það þannig allverulegur tekjustofn, sem hér er gert ráð fyrir að nýta.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um III. kafla frv. Eins og menn hafa tekið eftir, hefur verið upphafinn mikill og hávær áróður í blöðum stjórnarinnar út af því, að nú hafi mikil gleðitíðindi gerzt í sambandi við framlagt frv. um tekjustofna sveitarfélaga, því að nú ætti að leggja hin illræmdu veltuútsvör niður, þau ættu að hverfa, sá ófögnuður. Sannleikurinn er sá, að það hafa ýmsir farið hörðum og illum orðum um veltuútsvörin og talið þau ranglátan tekjustofn og viljað fá þau lögð niður. Og nú er þetta boðað, að hin illræmdu veltuútsvör verði ekki lengur á lögð, þau skuli nú hverfa og það sé hinn mikli fagnaðarboðskapur við þetta nýja frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Rétt er það, að það á ekki að leggja á veltuútsvör, ef þetta frv. verður að lögum. En III. kafli frv. heitir: Um aðstöðugjald. Og það er ekkert farið í grafgötur með það í þeim grg., sem þessu frv. fylgja, að um leið og veltuútsvörin hverfa, þá verður upp tekinn skattur, sem heita skal aðstöðugjald. Breytingin er því frá mínu sjónarmiði heldur meiri í orði en á borði. Mér dettur í hug, þegar kaþólskir mega ekki éta kjöt á

föstunni, þá segja þeir, þegar þeir eru að gæða sér á góðu kjöti: Við erum að borða klauflax, — en ekki kjöt. Og hér er ekki um að ræða veltuútsvar, heldur bara aðstöðugjald og það afskaplega sanngjarnt, af því að það er svo margvísleg aðstaða, sem bæjarfélögin veita ýmiss konar atvinnurekstri, og víst er það rétt.

Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, að það væri svolítill munur á aðstöðugjaldi og veltuútsvari, og má sjálfsagt finna þar á blæbrigðamun. En aðstöðugjaldið á að leggja á samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstrarins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup, svo og fyrningarafskriftir samkv. ákvæðum skattalaganna. Þannig á að leggja aðstöðugjaldið á. Það, sem mönnum hefur þótt þyngst undir að búa í sambandi við veltuútsvarið, hygg ég að hafi verið það, þegar fyrirtæki hefur tapað og fær samt á sig veltuútsvar. En ég sé ekki annað en þessi meginókostur veltuútsvarsins fylgi aðstöðugjaldinu eða hinu nýja nafni, sem kemur í staðinn, því að það á að leggja þetta á samanlögð útgjöld vegna atvinnurekstrarins án tillits til þess, hvort fyrirtækið hefur skilað gróða eða tapi. Hygg ég því, að meginókostur veltuútsvaranna og það, sem maður hefur með sjálfum sér talið vera harkalegast við þau, það haldi sér við álagningu aðstöðugjaldsins. Ég veit því ekki, þegar frá líður, hvort fögnuðurinn verður svo afskaplega mikill yfir þessari breyt., að veltuútsvör verða ekki á lögð lengur, en aðstöðugjaldið komi í staðinn. En vonandi verður reynslan sú samt, að mönnum finnist þetta vera réttlátara en veltuútsvörin, því að að öðrum kosti verða stjórnarblöðin og hv. stjórnarflokkar sjálfsagt fyrir vonbrigðum, og á þeirra vonbrigði í ýmsum málum er ekki bætandi.

Aðstöðugjaldið verður samkv. frv. nokkuð mismunandi eftir ýmsum tegundum rekstrar og fyrirtækja, lægst af rekstri fiskiskipa og flugvéla, helmingi hærra, þ. e. a. s. miðað við hámarkið, á verzlunarskipum, nokkru hærra á ýmiss konar iðnrekstri og hæst á því, sem þarna er kallað: annar atvinnurekstur. Er mér ekki alveg ljóst, hvaða greinar atvinnurekstrar mundu koma undir það gjald, sem er að hámarki til 2%.

Ef það lægju fyrir upplýsingar um það, að aðstöðugjaldið ætti að skila miklu minna fé til sveitarfélaganna en veltuútsvörin hafa gert, þá mætti segja, að það hillti undir eitthvert fagnaðarefni af þessari breytingu. En það liggur ekki hér fyrir svart á hvítu. Það er talið, að veltuútsvörin hafi verið um 18% af heildartekjum sveitarfélaganna, og þegar nm., sem unnu að þessu frv., ljúka sínum skýringum á kaflanum um aðstöðugjaldið, þá segja þeir, að það sé ekki auðvelt að gera sér nákvæmlega grein fyrir því, hve miklar tekjur sveitarfélaganna geti orðið af gjaldinu, en gera verður ráð fyrir því, segja þeir, að tekjur af gjaldinu verði tæplega eins miklar og tekjurnar hafa verið af veltuútsvörunum. Ég get ekki betur séð en með þessu sé nokkurn veginn gefið í skyn, að þetta verði ámóta skattlagning, ámóta há og tekjuútsvörin hafa verið, og þá er það aðallega, sem eftir stendur, breytingin á nafninu, það er klauflax í staðinn fyrir kjöt. Verði það svo í reyndinni, að tekjuupphæðin af aðstöðugjaldinu verði í heild svipuð og af veltuútsvörunum, þá er breyt. meiri í orði en á borði. En ef þarna verður um meginmismun að ræða, þannig að tekjurnar, sem sveitarfélögin fá af aðstöðugjaldi, verði miklum mun minni en af veltuútsvörunum fram að þessu, þá er greinilegt, að þarna verður um einhverja meira eða minna verulega tilfærslu að ræða á byrðum skattþegnanna, og gæti þá svo farið, að það væri verið með þessari breyt. að íþyngja hinum almenna skattþegni og létta á rekstrinum, og það yrði þá nokkuð í sömu átt og þær breytingar, sem fyrir þinginu liggja um breyt. á tekjuskattslögunum. Og færi svo, þá er a. m. k. plús og mínus þarna um að ræða. Móti fögnuðinum yfir því að losna við veltuútsvar er þá aftur sá skuggi fallinn yfir, að það verði vegna þess að hækka á hinum almenna gjaldanda, einstaklingunum.

IV. kaflinn er um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sá kafli er að langmestu leyti uppprentun úr lögunum frá 1960 og fátt nýtt í honum annað en ákvæðin um landsútsvör, en það er nýmæli í útsvarslögum. Það er rétt viðvíkjandi landsútsvörunum, sem hæstv. fjmrh. sagði, að nokkur undanfarin ár hefur mjög verið um það rætt, að réttlátt væri að taka upp landsútsvör. T. d. hafa þrír þm. Alþb. nú tvö ár í röð flutt frv. um landsútsvör. Þetta frv. hefur nú verið til meðferðar hjá heilbr.- og félmn., og hef ég þar verið beðinn þess hvað eftir annað að bíða með afgreiðslu þess út úr nefndinni, þangað til milliþn. um tekjustofna sveitarfélaga hefði skilað áliti og ljóst yrði þannig, hvaða tillögur hún bæri fram viðvíkjandi landsútsvörum, en það þóttust menn í stjórnarherbúðunum vita, að í hinu nýja frv. um tekjustofna sveitarfélaganna yrðu ákvæði nokkur um landsútsvör. Þeir aðilar eða þau fyrirtæki, sem eiga að bera landsútsvör samkv. þessu frv., eru Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sölunefnd setuliðseigna, þ. e. a. s. sölunefnd varnarliðseigna heitir hún hér í 17. gr. frv., en sölunefnd setuliðseigna í grg., og þannig er hún nú oftast nær kölluð. Þá koma síldarverksmiðjur ríkisins og áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðja ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins, landssmiðjan og ríkisprentsmiðjan Gutenberg og svo olíufélögin, sem flytja inn olíur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands. Þetta eru aðilarnir, sem nú á að leggja á landsútsvör samkvæmt þessu frv.

Ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að minna hins vegar á þær till. um landsútsvör, sem felast í frv. okkar þm. Alþb., en þau fyrirtæki, sem við ætluðumst til, að landsútsvörin næðu til, eru þau, sem nú skal greina: Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkv. eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna síðan milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Þetta er okkar till., og hefur þarna verið fall-

izt á það, að tekjurnar af landsútsvörum þeirra fyrirtækja, sem nefnd eru nú í þessu frv., skuli, eins og við lögðum til, renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En ég tel, að það vanti allmarga aðila í þá upptalningu, sem er í 17. gr. frv. Ég hefði talið réttmætt og sjálfsagt, að þarna hefðu þau takmörk verið dregin, sem ég og meðflm. mínir að nefndu frv. drógum, að landsútsvar skyldu greiða allar þær stofnanir og þau fyrirtæki, sem starfsemi reka, er nær til landsins alls. Og þá ættu undir þetta að falla skipafélög, bankar, heildsölufyrirtæki og tryggingafélög, auk þeirra fyrirtækja og stofnana, sem frv. nefnir. Og ég fæ ekki séð, að það sé nokkur munur á þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem ég nú hef nefnt og ekki eru talin upp í frv., og hinum, sem þarna eiga að bera landsútsvör, sem svo eiga að skiptast niður á sveitarfélögin.

Við, sem að frv. um landsútsvör stóðum, létum það í ljós í grg., að við teldum það vera mismunun á útsvarsskyldu þjóðfélagsþegnanna, að fyrirtæki, sem verzla við fólkið í landinu almennt, skuli vera látin greiða útsvör af allri veltu sinni aðeins til eins sveitarfélags, en það hafa þau gert hingað til. Og ég hygg, að flestir menn verði að segja, að þetta sé rétt sjónarmið, — þegar við svo athugum það, að það er nálega alltaf stærsta sveitarfélag landsins og eitt af þeim náttúrlega bezt stæðu vegna allrar aðstöðu, sem þannig fær aðstöðu til að ná útsvari af verzlun langt út fyrir sín eigin takmörk. Það er oft og tíðum í Reykjavík jafnað niður útsvörum á viðskipti, sem fara fram langt utan við endimörk borgarinnar og við fólk íbúum hennar óviðkomandi að öllu leyti nema útsvarsskyldunni. Reykjavík leggur þannig útsvör á alla veltu sölusamtaka eins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og kemur þó minnst af þeim fiski, sem þar er tekinn til sölumeðferðar, nokkurn tíma til Reykjavíkur. Það er bara greitt af honum útsvar þar.

Reykjavík hefur einnig haft allar útsvarstekjur af allri tóbakssölu í landinu, og eru þó tóbaksneytendur því miður ekki einungis bundnir við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, heldur eyða þessum vörum úti um allt land. En hins vegar hefur Reykjavík ekki haft allar tekjur af útsvari áfengisverzlunarinnar. Þar hefur nokkur útsvarsgreiðsla farið fram í þeim sveitarfélögum, þar sem áfengisverzlun ríkisins hefur haft útibú. En tölur liggja fyrir um það, að af áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni hafði Reykjavík 1960 um 13 millj. kr. í útsvarstekjur.

Með frv., sem hér liggur fyrir, er greinilega komið til móts við það sjónarmið, að rétt sé að leggja landsútsvör á vissan rekstur og fyrirtæki, og ég fagna því. Hins vegar er það sjálfgefið, að ég og mínir flokksmenn munum flytja brtt. við frv. að því er þetta snertir, m. a. í þá átt að taka fleiri stofnanir og fyrirtæki með, sem hafa viðskipti við landslýðinn allan, og mætti það þá vera til nokkurrar tekjuaukningar fyrir sveitarfélögin.

Hæstv. ráðh. lét þess getið í sambandi við landsútsvörin áðan, að það væri ekki ætlunin að taka nokkurs staðar aðstöðugjald í neitt sveitarfélag af þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem ættu að greiða landsútsvar. Ég gladdist af að heyra það. En ég þóttist hafa séð það í skýringum með frv., að fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skuli koma í hlut þess sveitarfélags, en að ¾ hlutum skuli landsútsvarið ásamt söluskatti samkv. 16. gr. a. skiptast á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra. Út frá þessu hafði ég skilið það svo, að t. d. landsútsvar af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins mundi, áður en það dreifðist út til sveitarfélaganna, lenda hér í Reykjavík að einum fjórða hluta. En ef þetta er misskilningur minn, þá fagna ég því og vil að svo komnu leggja meira upp úr því, að hæstv. ráðh. segir, að ekkert aðstöðugjald eigi að greiðast af þessum fyrirtækjum til neins sveitarfélags. En ég vona, að sé þarna um misskilning að ræða, þá verði það leiðrétt, svo að menn viti alveg nákvæmlega um það, hvor skilningurinn er réttur.

Ég skal taka það fram, að aðstöðugjaldið er allt saman í heimildarformi. Það er veitt heimild sveitarfélögunum til þess að innheimta aðstöðugjald af atvinnurekstri, en skylt er það ekki að hafa það sem tekjustofn. En ég kemst að þeirri niðurstöðu, að ef það er rétt, að fjórðungur af aðstöðugjaldi skuli renna til þess sveitarfélags, sem viðkomandi fyrirtæki er staðsett í, þótt það heiti ekki aðstöðugjald, þá finnst mér allar líkur til þess, að Reykjavík fái öllum öðrum sveitarfélögum fremur og meir meginhlutann af þessum tekjustofni, og tel ég ekki ástæðu til þess, því að Reykjavík hefur náttúrlega langsterkasta aðstöðu allra sveitarfélaga til þess að búa að sínu.

Þá er komið að V. kaflanum, sem er um útsvörin. Þar er sú meginbreyting á, að í staðinn fyrir þá þrjá útsvarsstiga, sem lögfestir voru 1960, er nú komið inn á þá braut að hafa útsvarsstigann einn, og það tel ég vera það ákvæði þessa frv., sem mest stefnir til bóta og ég hygg að verði sízt ágreiningsefni. Það var hálfgerð viðurstyggð að hugsa sér það að lögbjóða þrjá útsvarsstiga í landinu, einn, sem gengi næst lágum tekjum manna í sveitunum, annan í kaupstöðunum og þann þriðja og hagstæðasta fyrir Reykjavíkurborg. En hér er lagt til, að útsvarsstiginn verði einn. Nú hef ég ekki á þessum stutta tíma, sem liðinn er síðan frv. var lagt fram, haft aðstöðu til þess að taka dæmi af þessum skattstiga, en skattstiga geta menn ekki kannað, svo að vit sé í, nema með því að taka alls konar dæmi. Þó sýnist mér, að það sé ástæða til að benda á, að það er ætlunin, að hann byrji, þessi skattstigi, á 15 þús. kr. nettótekjum. Ég held, að það væri fyllilega athugunarvert, hvort ekki væri ástæða til að sleppa öllum tekjuvonum í sambandi við útsvör af lægri tekjum en 30 þús. í staðinn fyrir 15, og vita þó allir, að enginn maður framfærir sig af 30 þús. kr. tekjum. Nær væri, ef mögulegt væri, að byrja ekki álagningu útsvars á lægri tekjur en 40—50 þús. kr. En að byrja að skattleggja tekjur, sem nema 15 þús. kr., þó að nettótekjur séu, það álít ég allnærri skattþegnunum gengið og verið að skattleggja freklega þurftartekjurnar, nauðsynlegu tekjurnar til þess að lifa

af. Það er þó hér eitt atriði í þessum kafla, sem mér sýnist vera til bóta og milda dálítið þetta ákvæði, hvað útsvarsstiginn byrjar neðarlega, og það er, að 800 kr. frádráttur má dragast frá útsvarinu. Hér stendur: „Auk frádráttar þess, sem hér um ræðir, er heimilt að draga frá útsvari samkv. 1. málsgr. allt að 800 kr., þannig að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu fjárhæð.“ Þetta er að því leyti til bóta, að 800 kr. frádrag af lágu útsvari lækkar það hlutfallslega meira en hið háa útsvar, og er þannig dálítið verndarákvæði fyrir hina lægstu gjaldendur, en að þeim tel ég vera allt of fast gengið með því, að útsvarsstiginn byrji á svo lágum tekjum eins og hér er ætlazt til.

Þá er kaflinn um álagningu útsvaranna. Þar kemur að þessu breytta fyrirkomulagi, sem skattalöggjöfin gerir ráð fyrir, að landinu skuli skipt í níu umdæmi, þar sem skattstjóri sé yfir hverju núverandi kjördæmi landsins. Ég veit ekki, hversu ágæt þessi breyt. er. Þarna verða níu embættismenn settir á laggir, að vísu í staðinn fyrir nokkra skattstjóra, sem fyrir eru, og þeir eiga að hafa umboðsmann í hverju sveitarfélagi, og auðvitað eiga þeir hver um sig að hafa starfslið, og þeir eiga þó, að því er útsvarsálagninguna snertir, eingöngu að leggja blessun sína á þá útsvarsskrá, sem kemur frá hinum svokölluðu framtalsnefndum. Ég held, að álagning útsvaranna í höndum tveggja aðila, framtalsnefndar annars vegar og skattstjórans hins vegar, sé að því leyti viðsjárverð tilhögun, að ábyrgðin á útsvarsálagningunni skiptist á tvo aðila. Það held ég, að sé miður gott. Ef mistök verða svo, þá getur hvor aðilinn kennt hinum um, og þó væru mestar líkur til þess, að það yrði skattstjórinn að öllum jafnaði, sem kenndi framtalsnefndinni um, ef rangt reyndist eftir allt saman.

Ég held líka, að það að ætla skattstjórunum álagningu útsvara á landssvæði eins og t. d. öllum Vestfjarðakjálkanum, öllu Vestfjarðakjördæmi, — og þannig verða skattstjóraumdæmin, — það hljóti að verða til þess, að persónulegs kunnugleika við álagningu útsvaranna gæti miklu minna en áður. En við álagningu útsvara hefur það oft komið fyrir, að kunnugleiki niðurjöfnunarnefndarmanna veldur því, að hægt er að draga úr útsvarsbyrði manna og fyrirtækja, þegar árferði eða atburðir hafa verið viðkomandi öndverð og andstæð, þegar einstaklingur t. d. hefur orðið fyrir einhverjum áföllum, þannig að tekjur hans hafa runnið niður, og um þetta er vitað í hans nágrenni, þegar niðurjöfnun útsvaranna fer fram. En þegar skattstjórinn, sem situr einhvers staðar á einum stað á þessu stóra svæði, leggur á, þá verður það vélrænt, hann gerir það í vél, og hann getur engin slík mannleg tillit tekið, nema þá á blettinum í kringum sig. Að þessu leyti held ég, að þetta verði einnig til hins verra, auk þess sem ég efa stórlega, eins og ég áðan vék að, að þetta nýja skipulag verði til nokkurs sparnaðar. Ég held, að þarna komi stórar skattstjóraskrifstofur með allmiklu starfsliði og svo öllum umboðsmönnunum í hverju sveitarfélagi fyrir skattstjóra, auk framtalsnefndanna, sem er í raun og veru bara nýtt nafn á hreppsnefnd.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta frv. við 1. umr. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem það kemur til. Ég læt það í ljós, eins og ég hef þegar raunar gert, að það er ýmislegt til bóta í þessu frv. Það er mikið verk, sem hefur verið hér unnið, það er mér alveg fyllilega ljóst, og af mönnum, sem hafa viljað gera vel. Sjálfsagt hefur stjórnarstefnan svo einhverju ráðið um það, hvernig frv. er í einstökum atriðum, og tel ég á því ýmsa meinbugi, sem ég geri mér vonir um að hv. meiri hl. hér á Alþ. verði svo viðsýnn að fallast á að laga og að frv. fái þannig breytingar til lagfæringar, áður en það verður gert að lögum.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Mér hefði þótt miklu betra, ef formaður þeirrar nefndar, sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, hefði verið hér og helzt fleiri úr þeirri n. Ég sé að vísu einn hv. nm., sem er hér sem varamaður á þingi nú í bili, en ekki fleiri úr þeirri virðulegu n., og mér hefði þótt vænt um, ef það hefði verið athugað, hvort t. d. formaður nefndarinnar væri ekki hér í þinghúsinu. (**Fjmrh.:** Hann er ekki á landi hér sem stendur.) Jú, formaður er hér í nefndinni, í stað þess, sem fór af landi brott. (**Forseti:** Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að finna þá hv. þingmenn, sem ræðumaður hefur lýst eftir.) Þökk fyrir.

Hér er um stórt mál að ræða, frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Frv., athugasemdir og fylgiskjöl liggja hér fyrir. Er það samtals 54 blaðsíður og mikið lesmál. Þessu var útbýtt hér mjög nýlega, svo að mönnum hefur ekki gefizt tími til að kynna sér málið til hlítar. Ég vil þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um fáein atriði í þessu nýja frv.

Ég vil fyrst nefna III. kafla frv. Hann er um aðstöðugjald, sem svo er nefnt, aðstöðugjald, sem á að leggja á atvinnurekendur og aðra, sem sjálfstæða atvinnu hafa, eins og það er orðað í fyrstu greininni í þessum kafla. Jafnframt er ákveðið, að veltuútsvör, sem voru lögfest hér fyrir tveim árum, skuli falla niður. Þetta tel ég vera mjög til bóta, jafnvel þó að tillögurnar um þetta aðstöðugjald séu að ýmsu leyti öðruvísi en ég tel að æskilegt væri. Ég tel þau ákvæði þó betri en lagaákvæðin um veltuútsvarið, sem nú gilda. Ég tel líka, að þess hafi verið að vænta, úr því að á annað borð var farið að hreyfa við því ákvæði, því að ég hygg, að enginn mennskur maður hefði getað fundið upp nokkuð annað jafnfráleitt og ranglátt og þessi veltuútsvör eru. (**Fjmrh.:** Veit hv. þm., hver fann þau upp?) Hæstv. ráðh. spyr um, hver hafi fundið þetta upp. Ég veit það nú ekki, en mér skilst, að þetta hafi lengi tíðkazt hér í Reykjavík t. d., þótt ekki væri búið að setja um það lagaákvæði, heldur hafa veltuútsvörin þá verið byggð á gömlu ákvæði í útsvarslögum, sem heimilar að leggja á gjaldendur eftir efnum og ástæðum. Þetta hefur verið notað á ýmsum öðrum stöðum á landinu undanfarið og alllengi víst sums staðar og þá með ýmsum hætti, en það mun ekki ofmælt, að það sé einhver sú fráleitasta og ranglátasta skattlagning, sem upp hefur verið fundin, eins og þessu hef-

ur verið beitt, og það hafa fróðir menn sagt, að það eigi sér enga hliðstæðu erlendis. Veltuútsvörin hafa verið lögð á heildarumsetningu án nokkurs tillits til afkomu gjaldendanna. Í mörgum tilfellum hafa þau verið bótalaus eignaupptaka, þar sem við álagningu þeirra var ekkert farið eftir því, hver útkoman varð af atvinnurekstrinum eða hver efnahagur gjaldendanna var. Útsvörin hafa verkað sem hemill á viðleitni aðila í verzlun og öðrum atvinnurekstri til að selja þjónustu sína og vöru á sem lægstu verði með því að hafa veltuna sem stærsta og nýta á þann hátt sem bezt framleiðslutæki, húsakost og vinnuafl. Þeim mönnum, sem hafa reynt að haga rekstri sínum þannig, hefur verið refsað með þessum veltuútsvörum, eins og þau hafa verið notuð. Enn má á það benda, að þau hafa lagzt mjög misþungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir voru búsettir á landinu, veltuútsvarsstiginn verið miklu hærri á einum stað en öðrum, og hefur þetta valdið misrétti og rangindum. Það er því sannarlega kominn tími til að hverfa frá þeirri skattlagningu.

Eins og ég sagði, þá tel ég, að þetta, sem hér eru till. um, þetta aðstöðugjald, það sé miklu skárra, þótt ýmislegt megi sjálfsagt að því finna. Í 10. gr. frv. eru ákvæði um það, hvað aðstöðugjaldið megi vera hátt. Þar eru hámarksákvæði, að því er gjaldið varðar. Þessi ákvæði eru það rúm, að mér sýnist, að þessi aðstöðugjöld geti orðið mjög misþung á þeim, sem greiða, eftir því, hvar þeir eru á landinu, eins og var um veltuútsvörin, og e. t. v. ekki svo mikill munur á þessu tvennu að því er þetta áhrærir.

Ég aflaði mér nokkurra upplýsinga um álagningu veltuútsvara árið 1960, eftir að þau höfðu verið lögákveðin hér á hæstv. Alþ., og gerði samanburð á veltuútsvörunum á nokkrum stöðum. Mig langar að draga hér fram nokkur sýnishorn úr þeim samanburði. Tek ég þá einkum álagningu veltuútsvara á verzlunarrekstur. Á nýlenduvöruverzlun mun hafa verið lagt veltuútsvar í Reykjavík á því ári, sem nam um það bil 0.43% af sölunni. En önnur verzlun, ótalin annars staðar, eins og þar stendur, mun hafa orðið að greiða hér í Reykjavík á því ári 0,68% af veltunni.

Ef við lítum svo til annarra staða, þá er það þannig hér í grenndinni, í Hafnarfirði, að þar var lagt á verzlun með matvörur og þess háttar 0.89%, þ. e. rúmlega helmingi hærra en í Reykjavík, og á vefnaðarvörur, skófatnað, búsáhöld og þess háttar vörur 1.4%. Það er líka rúmlega helmingi meira en í Reykjavík. Þetta hefur gert að sjálfsögðu allmikinn aðstöðumun fyrir verzlunarrekendur í þessum kaupstöðum, sem eru svo mjög nærri hvor öðrum, og hefur gert verzlunarrekendum í Hafnarfirði óhægari samkeppni við Reykjavík.

Ef borið er saman við aðra staði, þá kemur þó fram enn meiri mismunur. T. d. var 1960 lagt á verzlun með matvörur og nýlenduvörur á Ísafirði 1.3%, þ. e. þrisvar sinnum hærra en í Reykjavík, og á vefnaðarvörur, búsáhöld, skófatnað og járnvörur 1.7%, þ. e. 150% hærra en í Reykjavík. Ef við bregðum okkur austur á land og athugum álagningu veltuútsvara í Neskaupstað, þá var þar lagt á almennar verzlanir 1,6%, sem er til samanburðar við 0,43 og 0,68% í Reykjavík. Við sjáum, að þarna er margfalt þyngra gjaldið. Og mér er kunnugt um það, að í sumum kauptúnahreppum var lagt á vörusöluna almennt 2% af söluverðinu. Þá er það nærri því fimmfalt við það, sem er í Reykjavík á nýlenduvörur t. d. og þrisvar sinnum hærra en á aðrar algengar verzlunarvörur. Ég skal nefna eitt dæmi enn, um Siglufjörð. Þar var lagt á verzlun yfirleitt um 1,1%, þó á vefnaðarvörur og skófatnað 1,46%, og er þetta helmingi meira, og á sumar tegundir enn hærra, miðað við Reykjavík. Ég óttast það mjög, að þó að nú sé gerð þessi breyting, að veltuútsvörin verði afnumin og aðstöðugjaldið lagt á í staðinn, þá verði þetta þannig, að gjaldið leggist ákaflega misþungt á fólk eftir því, hvar það er á landinu.

Veltuútsvörin voru þannig, að við álagningu þeirra var ekkert farið eftir rekstrarafkomu fyrirtækjanna, og jafnvel þó að um taprekstur væri að ræða, þá urðu menn að borga veltuútsvar. Þessu er ekki til að dreifa með aðstöðugjaldið, því að það er talið með öðrum kostnaði við reksturinn, talið með öðrum rekstrarkostnaði. Hjá verzlunum t. d. hlýtur þetta því að verða tekið inn í vöruverðið, alveg eins og annar kostnaður. Þá er aðstöðugjaldið í raun og veru eins og tollur, tollur, sem leggst á allt kostnaðarverð vörunnar eða nýr söluskattur, aðeins ekki lagt á heildarsöluverðið, heldur á kostnaðarverðið, allt kostnaðarverðið. Og ég tel það ekki rétt að haga álagningu þessa skatts eða þessa tolls þannig, að menn á einum stað á landinu þurfi að borga kannske margfalt hærri tolla af þessu tagi heldur en þeir, sem eiga heima í einhverju öðru lögsagnarumdæmi. Þannig er nú með aðflutningsgjald af vörum, að þar gildir sama regla fyrir allt landið. Þannig er einnig með söluskattinn. Þar búa allir við sömu lagaákvæði. En að því er þetta aðstöðugjald varðar, þá verður þetta þannig, að það leggst ákaflega misþungt á landsmenn eftir því, í hvaða sveitarfélagi þeir eru búsettir. Reynslan hefur sýnt, að þannig var þetta með veltuútsvörin, og mér sýnist, að óbreyttum þessum ákvæðum um aðstöðugjaldið, að það muni verða eins, e. t. v. ekki alveg eins mikill munur, en fast að því og getur orðið það í mörgum tilfellum. Þetta tel ég mjög mikinn galla, og ég vil nú leyfa mér að beina því til þess hv. þm., sem hér er á fundinum og sæti á í hv. heilbr.- og félmn., að hann hlutist til um, að þetta atriði verði tekið þar sérstaklega til athugunar. Það mun vera annar hv. nm. hér staddur á fundinum einnig. Ég vil þá beina þessu til þeirra til vinsamlegrar athugunar.

Í athugasemdum um þennan kafla á bls. 19 segir, að sveitarstjórn þurfi að taka ákvörðun um það, hvort hún notar heimildina um álagningu aðstöðugjalds og að hve miklu leyti hún hyggst nota hana, áður en fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er samþykkt. En ég tel, að þetta þyrfti í raun og veru að ákveða í byrjun hvers árs, sem gjaldið á að miðast við. Eins og ég hef áður sagt, þá er þetta aðstöðugjald sama eðlis og tollur eða söluskattur, að þetta telst með öðrum kostnaði og leggst t. d. á vöruverðið. Og

ég sé ekki betur en það sé mjög nauðsynlegt fyrir þá, sem eiga að borga þetta gjald, að vita fyrir fram, hve hátt það verður. Menn vita það um tollinn og söluskattinn og geta reiknað þar með réttum tölum, þegar þeir verðleggja sínar vörur. En ég fæ ekki betur séð en verzlunarrekendur þurfi alveg á sama hátt að vita það fyrir fram, hvað hátt aðstöðugjald verður af þeim tekið. Verði þetta ekki gert, þá verða fyrirtækin að áætla aðstöðugjaldið, og þá má búast við, að þau hefðu tilhneigingu til að áætla það hæsta, sem það getur orðið, til þess að sleppa skaðlaust frá því. Þannig gæti þetta orðið til þess að halda uppi hærra vöruverði en verða mundi, ef menn fengju fyrir fram vitneskju um það, að aðstöðugjaldið yrði ekki í hámarki. Ég vil því mjög beina til hv. nefndar, að hún íhugaði þetta atriði.

Ég tel, að þarna þyrfti að gera jafnt. Ég held, að það væri rétta leiðin í þessu efni að ákveða fast aðstöðugjald, sem gilti um land allt, svo að það legðist jafnhátt aðstöðugjald á landsmenn, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Það mundi vera hægt að ákveða gjaldið allmiklu lægra en hámarksgjaldið er í frv., en síðan mætti taka ákveðinn hluta af gjaldinu til jöfnunar milli sveitarfélaga. Ég tel, að þetta væri miklu heppilegri og sanngjarnari aðferð.

Ég vil nefna hér ákvæði, sem eru í 8. gr. frv., um aðstöðugjaldið. Í 2. mgr. 8. gr. eru ákvæði um, að nokkrir aðilar séu undanþegnir aðstöðugjaldi. Það eru skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar. Ég vil benda á það, að í útsvarslögunum, sem nú gilda, í 8. gr. þeirra, segir, að sláturhús og mjólkurbú skuli vera undanþegin veltuútsvari. Þrátt fyrir þetta ákvæði í lögunum veit ég dæmi þess, að félag, sem rekur sláturhús, hefur verið krafið um veltuútsvar af þeim rekstri, og ríkisskattanefnd úrskurðaði, að það skyldi óbreytt standa. Ég veit nú ekki, á hverju sá úrskurður hennar hefur verið byggður, þar sem þetta ákvæði er í útsvarslögunum. En ef það er meining þeirra, sem hafa samið frv., sem ég vil gera ráð fyrir, að þessi fyrirtæki séu undanþegin aðstöðugjaldinu, þá held ég að fenginni reynslu, að það þyrfti að ákveða þetta nokkru skýrar, þannig að ekki væri um að villast, að það væri óheimilt að leggja á þennan rekstur. Það er því þörf að gera þessi ákvæði ákveðnari og skýrari en þarna er. Þarna er talað um t. d., að mjólkurbú eigi að vera undanþegið aðstöðugjaldi. Ber að skilja það þannig, að mjólkurbú, sem rekur mjólkurbúð eða selur nýmjólk í mjólkurbúðum, jafnvel þótt ekki sé í sjálfri mjólkurstöðinni, eigi að vera undanþegið aðstöðugjaldi af þeirri verzlun? Mér finnst það eðlilegt. En um þetta þarf að setja skýrari ákvæði, svo að ekki valdi ágreiningi, þegar til framkvæmda kemur. Og hvað um vörur frá þessum stofnunum? Hvenær má leggja á þær aðstöðugjald? Hvaða aðilar mega gera það? Þetta tel ég, að þurfi að ákveða nánar, annaðhvort í l. eða þá t. d. að það kæmi greinilega fram í nál. frá þingnefndinni, og væri síðan farið eftir hennar skýringum við samningu reglugerðar um þessi atriði.

Í IV. kafla frv., sem er um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eru ákvæði um landsútsvör. Ég tel þar stefnt í rétta átt. En hins vegar tel ég, að það hefði verið ástæða til að ganga lengra á þeirri braut. Í aths. við 17. gr. frv. er nokkuð að þessu vikið. Þar segir, að það hafi verið á dagskrá undanfarið hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að taka upp landsútsvör og athyglin hafi „einkum beinzt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, svo sem einkasölum, sölusamböndum, samvinnusamböndum, olíuverzlunum, peningastofnunum, heildverzlunum, skipafélögum og vátryggingafélögum. Sameiginlegt þessum aðilum er það, að afkomu sína eiga þeir undir skiptum sínum við alla landsmenn, en ekki eingöngu undir skiptum við íbúa þess sveitarfélags, þar sem starfsemin kann að hafa aðalbækistöðvar. Þó að þessir aðilar hafi þannig ýmislegt sameiginlegt, eru þeir í öðrum efnum ólíkir. Sölusambönd og heildsölur eru ekki frábrugðin öðrum verzlunum víðs vegar um landið. Ef lögð væru landsútsvör t. d. á heildsölur, sem skipt væri á milli sveitarfélaganna í landinu, ætti einnig að skipta útsvörum, sem lögð eru á verzlanir í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum, á milli þeirra og nágrannasveitarfélaga, vegna þess að íbúar þessara nágrannahreppa hafa einatt öll skipti sín í verzlun í kaupstaðnum eða kauptúninu. Það mundi lenda í ógöngum að fylgja slíkri reglu út í æsar."

Ég get tekið undir með þeim, sem þetta rita í athugasemdunum, að það væri erfitt að koma því í framkvæmd að skipta útsvörum smásöluverzlana, sem hafa viðskipti víðar en í því sveitarfélagi, sem þær eiga heima. En mér finnst enginn munur á heildverzlun ríkisins og öðrum heildverzlunum, að því er landsútsvörin snertir. Hér er lagt til að leggja landsútsvar t. d. á tóbakseinkasölu ríkisins, og þetta útsvar hennar á að skiptast milli allra sveitarfélaga, þ. e. a. s. ¾ hlutar þess eiga að skiptast milli allra sveitarfélaga í hlutfalli við íbúatölu. Hins vegar er ekki í frv. lagt til, að þær smásöluverzlanir á öllum verzlunarstöðum landsins, sem verzla með tóbak frá einkasölunni, skili útsvari af þeim viðskiptum til annarra sveitarfélaga. Það, sem sveitarfélögin fá, er því hluti í útsvari, sem heildverzlunin borgar, og að þessu leyti eru þessar ríkisverzlanir ekkert frábrugðnar öðrum heildverzlunum. Það væri alveg á sama hátt hægt að láta landsútsvar ná til fleiri heildsölufyrirtækja og skipta því út um allt land án þess að láta menn utan verzlunarstaðar, þar sem smásöluverzlun hefur sitt aðsetur, fá nokkuð af hennar útsvari.

Ég skal skýra þetta með dæmi. Það er gott t. d. fyrir Áshrepp í Húnavatnssýslu að fá hluta af landsútsvari tóbakseinkasölunnar, þó að hann fái ekki um leið hluta af útsvari þeirra verzlana á Blönduósi, sem selja í smásölu tóbak frá einkasölunni. En það væri á sama hátt ágætt fyrir þá Vatnsdælinga að fá einhvern hluta af landsútsvari annarrar heildverzlunar, þótt ekki væri ríkisins, þó að þeir fengju ekki um leið hluta af útsvörum þeirra verzlana á Blönduósi, sem verzla með þær vörur. Ég fæ því ekki séð, að það sé á nokkurn hátt óþægilegra að taka landsútsvar af heildverzlun í eigu annarra

en ríkisins en af ríkisverzlun. Og ég tel, að þetta væri sanngjarnt, að leggja landsútsvör yfirleitt á heildverzlanir og önnur fyrirtæki, sem hafa viðskipti við alla landsmenn. Það er eðlilegt, að það fari ákveðinn hluti af þessu útsvari til heimasveitar þessara fyrirtækja vegna þeirrar aðstöðu, sem þar er látin í té, en að öðru leyti yrði útsvörum þessara fyrirtækja skipt á milli allra sveitarfélaga landsins. Þetta er eitt af því, sem ég vil beina til hv. n. til athugunar.

Það er komið hér fyrir nokkru inn á þá braut að jafna gjöldin til sveitarfélaganna. Það má segja, að það hafi verið gert með því að láta sveitarfélögin hafa hluta af söluskattinum, og það er gert með ákvæðum þessa frv. um landsútsvörin. En ég tel, að það þurfi að ganga lengra á þessari jöfnunarleið. Og það verður gert. Það er mín trú, að það verði gert innan skamms. Og ég held, að það verði bezt að stíga stærra skref nú þegar, því að þetta hlýtur að koma. Það verður illa séð af fólki t. d. austur á Austfjörðum, norður á Siglufirði eða vestur á Ísafirði, ef það verður til lengdar látið búa við það að þurfa að borga miklu hærri gjöld af sínum nevzluvörum og öðrum nauðsynjum, sem það þarf að kaupa, miklu hærri toll, — því að þetta er í raun og veru ekki annað en tollur eða söluskattur, þetta aðstöðugjald, — borga miklu hærri gjöld af því tagi heldur en landsmenn á öðrum stöðum þurfa að borga. Enda verður það illa þokkað, það hlýtur að verða horfið frá því. Og bezt væri að ganga nú þegar lengra í áttina til jöfnunar, því að það er réttlætismál.

Ég vil nefna hér eitt atriði í V. kaflanum, sem er um útsvörin. Samkv. 32. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að félög borgi stighækkandi útsvar af tekjum og eignum. Þannig er þetta einnig í núgildandi útsvarslögum. Það er að vísu hvað tekjurnar snertir ekki mjög mikil stighækkun, tröppurnar eru þar aðeins tvær, það er 20% af tekjum, sem eru innan við 75 þús., og 30% af því, sem er þar fram yfir. Hins vegar er eignarskatturinn samkv. frv. sá sami hjá félögum og hjá einstaklingum og stighækkandi. Ég tel, að það væri réttara að breyta þessu. Samkv. lögum um tekju- og eignarskatt og einnig samkv. því frv. um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir þinginu, eiga félög að greiða hlutfallslegan skatt bæði af tekjum og eignum, en ekki stighækkandi, og mér finnst, að það væri eðlilegt að taka upp sömu reglu um útsvör félaga til sveitarfélaga. Áður fyrr var stighækkandi skattur til ríkisins af félögum eins og einstaklingum. En það fór að bera á því mjög, að vegna þessa ákvæðis var félögum skipt niður í fleiri smærri félög til þess að sleppa betur frá stighækkuninni. Og m. a. þess vegna var frá þessu horfið 1958 við setningu skattalaganna þá. Ég held, að það væri rétt að láta sömu reglu gilda að þessu leyti, bæði um álögur til ríkisins og sveitarfélaganna, að því er varðar félögin.

Ég held, hæstv. forseti, að ég sjái ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð nú við þessa umr. Ég vildi láta þessar athugasemdir koma fram og beina því til hv. n., að hún tæki þær til athugunar. Ég tel, að það sé of skammt gengið til jöfnunar í þessum málum í frv. Meiri jöfnuður hlýtur að koma innan skamms, og það ætti nú þegar að ganga lengra í þá áttina. Ef áfram verður haldið að afla sveitarfélögum tekna með útsvörum eða með álagi á atvinnurekstur, eins og gert hefur verið og hér á að gera, þá verður að skapa aukinn jöfnuð milli sveitarfélaganna að því er snertir þörf fyrir slíka álagningu. Þetta er hægt að gera með ýmsu móti, og þetta þarf að gera, til þess að útsvörin leggist ekki svo misjafnlega þungt á gjaldendur, bæði einstaklinga og félög, eins og nú er.

Ég vil enn nefna hér eitt atriði viðkomandi útsvörum. Það er lagt til í frv., að nú verði aðeins einn útsvarsstigi fyrir allt landið. Þetta tel ég mjög til bóta frá því, sem er í núgildandi lögum, þar sem þeir eru þrír. En þrátt fyrir þetta, þá getur svo farið, að útsvörin verði mjög mishá í hinum einstöku sveitarfélögum. Samkv. 34. gr. er heimilt að lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu. Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30%. Hins vegar er nú ekkert um það, hve mikið megi lækka útsvörin samkv. 32. gr. Þarna væri möguleiki fyrir einstök sveitarfélög að hverfa að mjög miklu leyti frá því að leggja á beinan skatt, eins og útsvörin eru, en taka í staðinn fullt aðstöðugjald, eins og frv. heimilar hæst. Með þessu gætu einstök sveitarfélög farið í þá slóð að draga úr beinu sköttunum, en hækka óbeinu skattana, þ. e. a. s. neyzluskatta, í staðinn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Ég mun ekki á þessu stigi gera að umtalsefni þær athugasemdir eða ábendingar, sem þeir fluttu hér fram, enda mörgu af því beint til hv. heilbr.- og félmn. og verður að sjálfsögðu tekið til athugunar af henni eftir 1. umr.

Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast hér á, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. (HS), vegna þess að mér virtist kenna þar nokkurs misskilnings á ákvæðum þessa frv. og skattafrv. Hann minntist á það, að ég hefði áður skýrt frá því, að nú yrðu lagðar niður undirskattanefndir í landinu og mundi af því leiða mikinn sparnað, og er þetta rétt. Hins vegar taldi hann, að nú væri með öllu horfið frá þessu, því að nú ætti að koma upp framtalsnefndum í staðinn og auk þess að setja upp skattstofur víðs vegar. Þarna kennir nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Sú till., sem ég hef skýrt frá áður, að leggja niður allar undir- og yfirskattanefndir í landinu, er alveg óbreytt og kemur greinilega fram í frv. um tekju- og eignarskatt, sem liggur nú fyrir þessari hv. deild. Á þessu hefur engin breyting orðið. Varðandi framtalsnefndirnar, þá er þar ekki um nýjar nefndir að ræða. Í 37. gr. frv. um tekjustofna sveitarfélaga segir, að bæjarstjórn skuli kjósa framtalsnefnd til 4 ára, 3—5 manna. Þessar n. eru til samkv. lögum og hafa verið í hverju einasta bæjarfélagi. Það eru niðurjöfnunarnefndir, sem eftir þessu frv. eru kallaðar framtalsnefndir. Hér er ekki varðandi kaupstaðina fjölgað um eina einustu nefnd. Framtals-

nefndin kemur í stað niðurjöfnunarnefndar. Varðandi niðurjöfnun í hreppunum segir í 38. gr.: „Í hreppum annast hreppsnefnd störf framtalsnefndar". M. ö. o.: hreppsnefndin jafnar niður, eins og er og verið hefur. Þar er engin ný nefnd í hreppunum. Til hægðarauka fyrir hreppsnefndirnar, ef þær kynnu að óska þess, að ekki þyrftu allir hreppsnefndarmenn að taka þátt í niðurjöfnuninni, þá er henni heimilað að fela 1—3 mönnum úr sínum hópi að vinna að þessu starfi. M. ö. o.: að því er þessi mál snertir, þá stendur það alveg óbreytt, sem ég hef áður sagt: undirskattanefndir og yfirskattanefndir lagðar niður, og framtalsnefndirnar koma í stað niðurjöfnunarnefnda, engar nýjar nefndir hér um að ræða.

Varðandi skattstofurnar er látið liggja að því, að hér sé verið að stofna mörg ný embætti og skattstofubákn með mörgum starfsmönnum, og kom það einnig fram í ræðu hv. 4. landsk. þm. Hér er líka um misskilning að ræða. Það er gert ráð fyrir í frv., að 9 skattstjórar og 9 skattstofur verði í landinu, þ. e. ein fyrir hvert kjördæmi og sú níunda í Vestmannaeyjum, og var því bætt inn í hv. Ed. vegna sérstöðu Vestmannaeyja. Hvað eru skattstjórarnir í landinu margir nú? Og hvað voru þeir margir, þegar hin ágæta vinstri stjórn lét af völdum? Þeir voru ekki 9, þeir voru 10. M. ö. o.: með þessu frv. er þó heldur fækkað en hitt. Þessir skattstjórar, sem nú eru í landinu, eru í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum, Neskaupstað, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði, Akranesi, 10 að tölu. Ég á því bágt með að skilja þá túlkun á frv., sem gerir ráð fyrir fækkun skattstjóra, að með því sé verið að fjölga. Ég tek þetta aðeins fram hér til að leiðrétta þennan misskilning, sem ég efa ekki að hefur verið algerlega óviljandi hjá þessum hv. þingmönnum.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um tekjustofna sveitarfélaga, er ærið mikill bálkur, enda er hér fjallað um í rauninni mikinn málaflokk, sem gilt hafa um allmörg lagaákvæði fram til þessa. Ég tel ástæðu til þess að minna á það hér nú við 1. umr. þessa máls, að það er mjög óviðkunnanlegt og óeðlilegt að haga undirbúningi slíkra stórmála sem þessa máls og ýmissa annarra, eins og nú er farið að tíðka, á þann hátt, sem hér hefur verið gert. Sá háttur virðist vera tekinn upp, að hæstv. ríkisstj. eða þeir flokkar, sem að stjórn standa, skipa einn eða fleiri menn úr sínum hópi, úr stjórnarflokkunum, til þess að vinna að undirbúningi að stórum lagabálkum eins og endurskoðun skattalaga, endurskoðun sveitarstjórnarlaga, endurskoðun tollskrár eða annars þess háttar. Það er unnið af skiljanlegum ástæðum í langan tíma að undirbúningi og athugunum í sambandi við þessar breytingar. Af þessu hlýzt, sem líka er aðeins eðlilegt, allmikill kostnaður, sem auðvitað er greiddur af ríkinu, þeim mönnum, sem til þess arna hafa verið valdir af stjórnarflokkunum. En síðan er þessum stóru lagabálkum fleygt fyrir Alþingi, þeir teknir til umræðu, eftir að þingmenn hafa haft þessi frumvörp í höndunum aðeins skamman tíma, og þar með eru stjórnarandstöðuflokkarnir, sem hafa ekki átt kost á því að vinna að undirbúningi slíkra stórmála sem þessara, að verulegu leyti sviptir möguleikum til þess að geta látið skoðanir sínar koma fram í slíkum stórmálum. Ég vil finna að þessu almennt séð. Það má segja að vísu, að það sé ekkert verra með þetta frv. en nokkur önnur, en ég tel, að þessi vinnubrögð séu röng, séu óeðlileg og það eigi að forðast þetta í framtíðinni. Þegar endurskoða þarf slíka lagabálka eins og þann, sem hér er nú til umr., þá er miklu eðlilegra að haga endurskoðuninni þannig að gefa þingflokkunum kost á því að eiga sína fulltrúa við endurskoðunina. Þá mundi kannske líka vera hægt að komast fram hjá nokkrum árekstraratriðum, sem annars geta valdið óþarfatöfum við afgreiðslu málsins, þegar inn í þingið kemur. Það verður líka að segja það eins og það er, að það er næstum að segja engin aðstaða til þess fyrir þingmenn, sem verða að sinna hér afgreiðslu margra mála í senn, að fá allar þær upplýsingar við afgreiðslu málsins hér inn í Alþ. í slíkum stórmálum sem þessum, sem þeir eðlilega þurfa á að halda, þegar svona mál eru til meðferðar.

Ég skal svo víkja hér nokkuð að þessu máli sem heild, eins og það kemur mér fyrir sjónir nú hér við 1. umr. málsins. En ég hlýt að hafa þann fyrirvara á, að ég hef ekki haft tíma til að kynna mér það niður í kjölinn og hefði þurft að hafa miklu lengri tíma til að geta kynnt mér þar ýmis einstök atriði.

Ég hygg, að ástæðurnar til þess, að þetta frv. hefur verið flutt af ríkisstj., séu fyrst og fremst þær, að forustumenn sveitarfélaganna í landinu hafa á undanförnum árum hvað eftir annað óskað eftir því, að Alþ. veitti bæjar- og sveitarfélögum nokkra nýja tekjustofna til viðbótar við þá, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa búið við. Forustumenn sveitarfélaganna hafa kvartað undan því, að það væri í sífellu verið að leggja ýmiss konar útgjöld á sveitarfélögin af Alþ., en að hins vegar hefðu sveitarfélögin varla aðra tekjustofna en hin beinu útsvör. Ég hygg, að flestir hafi viðurkennt þetta sjónarmið sveitarstjórnarmanna, að það var brýn nauðsyn á því að taka tekjustofna sveitarfélaganna til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að bæta nokkuð aðstöðu sveitarstjórnarmanna í þessum efnum.

En þegar litið er svo á þetta frv. út frá þessu sjónarmiði, þá verð ég að segja það, að mér sýnist, að harla lítið komi út úr þessu í þá átt að bæta aðstöðu sveitarstjórnarmanna með tekjuöflun. Í frv. er gert ráð fyrir því, að tekjustofnar sveitarfélaga verði fjórir. Í fyrsta lagi fasteignaskattur. Hann er nú í framkvæmd í öllum aðalatriðum, og þessi breyting, sem hér er gert ráð fyrir, mun ekki verka á nokkurn hátt til að bæta aðstöðu sveitarstjórnarmanna varðandi tekjuöflun. Í öðru lagi gerir þetta frv. ráð fyrir svonefndu aðstöðugjaldi, en þá um leið fyrir því, að veltuútsvörin, sem áður voru, verði felld niður. Það er beinlínis sagt í grg. frv., að það megi búast við því, að þetta aðstöðugjald muni gefa bæjar- og sveitarfélögunum heldur minni tekjur en veltuútsvörin hafa gert. Ekki get ég séð, að út úr þessu geti komið miklar bætur fyrir

sveitarstjórnarmenn. Þá er í þriðja lagi rætt um framlög úr jöfnunarsjóði, en þar er um hluta af söluskatti að ræða, sem í gildi hefur verið, og svo um landsútsvör, sem eru alger nýjung í þessu frv. Og í fjórða lagi eru svo hin almennu útsvör, sem hafa verið í gildi.

Mér sýnist því, að hér sé um það að ræða, að aðeins sé hægt að segja, að um einn lið sé að ræða, sem ætti að geta aukið nokkuð við tekjustofna sveitarfélaganna frá því, sem verið hefur. Og það er sá vísir að landsútsvörum, sem er gert ráð fyrir í þessu frv. En ósköp er það mjór vísir, sýnist mér, þessi landsútsvaravísir, sem hér er þó fitjað upp á. Það er gert ráð fyrir því í grg. frv., að þessi landsútsvör geti numið væntanlega í kringum 29 millj. kr. á ári fyrir öll sveitarfélögin í landinu. En tekjustofnarnir munu hafa verið fyrir sveitarfélögin þó nokkuð mikið á fjórða hundrað millj. kr. á ári, svo að skammt dregur nú þetta nýja ákvæði um landsútsvör upp á 29 millj., og enn þá skemmra dregur það, þegar þess er svo gætt, að innifalin í þessum 29 millj. kr. eru að verulegu leyti útsvör, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa haft til þessa. Af þessum 29 millj. kr. er gert ráð fyrir því að taka af olíufélögunum í landinu um 10 millj. kr., en þau hafa borið þessi gjöld og sennilega hærri en þarna er gert ráð fyrir. Og þau gjöld frá olíufélögunum hafa dreifzt til fjölmargra sveitarfélaga í landinu, þótt nú eigi að skipta þessari upphæð með nokkuð öðrum hætti. En þar er enginn stórmunur á.

Þá er gert ráð fyrir því, að í gegnum þessi landsútsvör komi nokkur upphæð frá Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins og nokkrum ríkisfyrirtækjum. Flest þessi fyrirtæki hafa borið slík gjöld áður til vissra sveitarfélaga, en nú á að skipta þessum upphæðum út með nokkuð öðrum hætti, og örfá ný koma þarna inn. Sem sagt, mér sýnist, að það geti varla verið um það að ræða, að hægt sé að segja, að þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga geri ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum fyrir sveitarfélögin eða bæti þar neitt úr frá því, sem áður hefur verið. Ég dreg því þá ályktun af þessu við fyrstu athugun, að málið leysi að mjög litlu leyti þann vanda, sem við var að glíma.

En felast þá ekki neinar teljandi breytingar í þessu frv., þó að það leysi ekki þennan vanda sveitarstjórnarmanna um nýja tekjustofna? Jú, það eru nokkrar breyt., sem er að finna í þessu frv., að mér sýnist. Ein er þó alveg yfirgnæfandi stærst, og hún er sú, að það á að leggja niður veltuútsvörin, sem í gildi hafa verið og fært hafa sveitarfélögunum í landinu í kringum 75 millj. kr. á ári í tekjur af ca. 350—400 millj., sem útsvörin hafa numið alls. Nú á að leggja þetta niður og taka upp nýtt gjald í staðinn, sem heitir aðstöðugjald. Og hvaða munur er á þessu aðstöðugjaldi og veltuútsvarinu, sem í gildi hefur verið? Jú, mér sýnist, að aðalmunurinn á þessu tvennu sé sá, að aðstöðugjaldið verður þannig í framkvæmd, eins og hér hefur verið sagt af öðrum, sem talaði á undan mér, að það muni í langflestum tilfellum koma fram eins og nýr söluskattur, skattur til verðhækkunar á vörum og þjónustu í landinu, þ. e. a. s. það aðstöðugjald, sem lagt verður t. d. á verzlanir í staðinn fyrir veltuútsvarið áður. Verzlanirnar fá aðstöðu til þess að velta þessu nýja gjaldi af sér sem kostnaðarlið inn í vöruverðið. Verzlanirnar í landinu eiga því ekki að borga af sinni hálfu neitt útsvar til sveitarfélaganna í þessu formi. Verzlanirnar eiga eingöngu að innheimta þetta gjald af almennum neytendum í landinu, þeim, sem verzla við verzlanirnar. Þetta hlýtur því að verða til þess, að almennt vöruverð hækkar af þessum ástæðum, en gjaldinu er létt af t. d. verzlunum.

Sama er að segja um iðnaðarfyrirtæki, sem selja framleiðslu sína á innlendum markaði. Þau geta velt þessu af sér út í hækkað vöruverð, og almenningur í landinu á að borga þennan hluta af útsvörunum eins og hinn hlutann. En hins vegar verður þetta svo, að t. d. sjávarútvegurinn eða þær atvinnugreinar í landinu, sem aðallega framleiða fyrir erlendan markað, verða að bera gjaldið að fullu og öllu, alveg eins og þær þurftu að bera veltuútsvarið áður. Þær verða sjálfar að borga það af sínum hluta. Þær geta ekki velt því af sér. Fiskibátur, sem fær að bera þetta aðstöðugjald í staðinn fyrir veltuútsvarið áður, verður að taka á sig aðstöðugjaldið og getur vitanlega ekki velt því yfir á neinn annan, því að þar markast tekjurnar við framleiðsluna og hið erlenda markaðsverð á hverjum tíma. Aftur á móti losnar verzlunin við veltuútsvarið, sem hún bar áður og þurfti að borga og gat ekki velt af sér, því að það var bannað. Hún losnar við veltuútsvarið, en innheimtir í staðinn fyrir sveitarfélögin þetta aðstöðugjald með því að hækka allar vörur og þjónustu í verði. Þetta er talsvert gott fyrir verzlunina í landinu, það sé ég, og þetta er talsvert gott fyrir iðnaðarfyrirtæki, en bótin í þessu fyrir t. d. útflutningsfyrirtæki er ekki mikil. Þau sitja áfram eftir með þetta gjald.

Eins og ég sagði áðan, sýnist mér, að þetta sé í rauninni stærsta breyt., sem þetta frv. felur í sér. Raunverulega er um það að ræða að létta gjöldum nokkuð, t. d. á verzlunarfyrirtækjum, iðnrekstri, sem selur framleiðslu sína hér á innlendum markaði, og ýmsum slíkum aðilum, sem selja þjónustu. Þeir losna við gjald, sem á þeim hvíldi áður og var hluti af þeirra útsvari til sveitarfélaganna, en útflutningsfyrirtækin sitja uppi með alveg sams konar gjald og veltuútsvarið var. En þó er hætt við því, að sveitarfélögin fái þarna eitthvað nokkru minna, sýnist mér, heldur en þau hafa fengið út úr veltuútsvarinu.

Það hefur oft verið sagt um veltuútsvarið, að það hafi verið og sé ósanngjarnt. En ég get nú ekki annað séð en flestir gallar veltuútsvarsins komi einnig fram í þessu svonefnda aðstöðugjaldi. Gallarnir, sem menn fundu við veltuútsvarið, voru þeir aðallega, að þar væri verið að skattleggja fyrirtæki án tillits til þess, hvort fyrirtækin hefðu tekjuafgang til þess að greiða gjöldin með. Þetta getur auðvitað alveg eins komið út úr aðstöðugjaldinu, að aðstöðugjald verði lagt á aðila, sem sannanlega er með taprekstur. Mér sýnist, að það sé engu líkara en þeir, sem að samningu þessa frv. hafa staðið, hafi þarna meira verið að leita eftir því að leysa vandamál tiltekinna atvinnugreina og tiltekinna

aðila í landinu, losa þá nokkuð undan gjöldum, sem þeir þurftu að bera áður, heldur en hitt, að þeir hefðu það í huga, sem ég held að hefði átt að vera aðalástæðan til þess, að við þessu máli var hróflað, en það var að reyna að auka nokkuð tekjur bæjar- og sveitarfélaganna í landinu.

Ég vil líka taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að mér sýnist, að álagning þessa aðstöðugjalds, þar sem miða á við útgjöldin, en ekki tekjurnar, hljóti að koma mjög einkennilega út í ýmsum tilfellum og mjög ósanngjarnlega. Mér er það ofarlega í huga í þessum efnum, af því að það er kannske aðalatvinnureksturinn í minu byggðarlagi, stærsti hluti veltuútsvara þar hefur einmitt verið á útgerðarrekstri. Það þótti ekki fært að sleppa útgerðinni í minu byggðarlagi algerlega við öll útsvör, en þannig hefði það orðið, hefði átt að leggja eingöngu á tekjuútsvör, vegna þess að mikill hluti útgerðarinnar hefur ekki sýnt á reikningsuppgjöri sínu neinn teljandi hagnað á undanförnum árum, og því var vitanlega gripið til þess að leggja þar á veltuútsvör, og veltuútsvörin voru miðuð við brúttó-aflamagn, t. d. fiskiskipa. Nú á ekki að leggja *brúttó-aflamagnið til grundvallar*, heldur á að leggja til grundvallar útgjaldaupphæðina hjá hverjum og einum, þannig að vel getur svo farið, að sá, sem er með mestan hallarekstur og á erfiðast, beri hæst aðstöðugjald, og mér sýnist, að það sé alveg eins líklegt, að þannig fari það viðvíkjandi útgerðinni, eins og á hinn veginn. Ég efast því mjög um, að þetta nýja aðstöðugjald verði langlíft, að mönnum litist á að leggja þetta til grundvallar, að miða við rekstrarútgjöldin það veltugjald, sem á að leggja á þennan rekstur. Og mér sýnist, að gamla formið, sem í gildi hafði verið áður, veltuútsvörin, hafi verið eðlilegra en þetta aðstöðugjald, eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Ég sagði það hér áðan, að um einn nýjan lið væri að ræða í þessu frv., þar sem von væri á nokkurri bót fyrir sveitarfélögin með nýjan tekjustofn frá því, sem verið hefur, en það er sá vísir til landsútsvara, sem frv. gerir ráð fyrir. En þó að þessi landsútsvör nái skammt, þá tel ég, að þau séu í rétta átt, og það ber að meta það, það sem það nær. En ég skil ekki, hvernig stendur á því, að það skuli ekki hafa verið haft nokkru víðtækara en frv. gerir ráð fyrir, fyrst landsútsvarið var tekið upp á annað borð.

Mér sýnist, að það hafi verið full ástæða til að leggja á landsútsvar, sem kæmi til skipta á milli sveitarfélaganna í landinu almennt, t. d. á samtök eins og hin almennu sölusamtök framleiðenda í landinu. Nú er þetta svo, að það er lagt útsvar hér í Reykjavík á t. d. stofnun eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þó að þar sé aðeins um að ræða sölusamtök fjölmargra frystihúsa, sem staðsett eru úti um allt land. Ég álít, að það hafi verið fullkomlega eðlilegt, að útsvar þessarar stofnunar hefði átt að ganga inn í landsútsvarið og skiptast á milli sveitarfélaganna í landinu almennt. Og sama er að segja um önnur slík landssamtök. Hið sama er að segja um alla heildverzlun. Heildverzlun í landinu er þannig, að það er ákaflega eðlilegt, að það gjald, sem á hana er lagt, renni einmitt í þann sjóð, sem landsútsvörin eru látin renna í, og slíkt komi til skipta fyrir sveitarfélögin í landinu almennt. Einnig sýndist mér, að það væri ástæða til þess að láta ýmsa þá aðila, sem oft hefur verið rætt um áður, bera nokkur útsvör, eins og t. d. banka og vátryggingarfélög og hin stóru, almennu skipafélög, láta þessa aðila bera nokkur útsvör, sem kæmu einmitt í landsútsvörin til almennra skipta. Af einhverjum ástæðum hefur hæstv. ríkisstj. ekki treyst sér til þess að taka þetta upp að þessu sinni. En ég held, að það hefði verið miklu réttlátara að taka þetta upp í landsútsvörin en sumt af því, sem þar er tekið upp. Ég fyrir mitt leyti hefði miklu fremur hikað við að taka inn í landsútsvörin útsvör t. d. af síldarverksmiðjum ríkisins, sem hér er gert ráð fyrir að taka inn í landsútsvörin. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa hingað til greitt þetta litla umsetningargjald til þeirra staða, þar sem verksmiðjurnar eru staðsettar, og ég tel, að til þess séu mikil og almenn rök, að svo sé. Það sést bezt á því, þegar gerður er samanburður á því, að nokkur sveitarfélög hafa eigin síldarverksmiðjur, sem reknar eru á alveg hliðstæðan hátt og síldarverksmiðjur ríkisins *út af fyrir sig. Þau sveitarfélög njóta* auðvitað góðs af útsvarsálagningu á þessar síldarverksmiðjur, en síldarverksmiðjur ríkisins eru á þennan hátt teknar út úr og lagt gjald á þær sem landsútsvar. Ekki vil ég þó mótmæla þessu fyrir mitt leyti, en mér sýnist, að það sé miklu hæpnara að taka þau fyrirtæki inn í þetta en t. d. að taka heildverzlun í landinu almennt.

Þá er hér eitt atriði, sem ég vildi minnast á við þessa umræðu málsins og mér þykir heldur andkannalegt í þessu frv. og ég kann illa við, en það er það ákvæði, að skattstjórar séu að leggja útsvörin á, að vísu samkvæmt reglum, sem sveitarstjórnirnar setja þar um. Ég held, að þetta verði mjög bögglingslegt í framkvæmd og óeðlilegt. Þegar sveitarstjórnir hafa kosið sínar framtalsnefndir í staðinn fyrir niðurjöfnunarnefndirnar, sem starfað hafa, og þessar nefndir hafa farið yfir framtölin og ákveðið að fullu og öllu þær reglur, sem leggja á eftir í sveitarfélaginu, þá liggur dæmið í rauninni fulluppgert fyrir manni. Það er í rauninni lítið annað að gera en afskrifa þetta, þegar búið er að ákveða reglurnar og fara yfir framtölin. Og ég sé enga ástæðu til þess að fara þá að senda þessi gögn, jafnvel um alllanga vegalengd á þann stað, þar sem skattstjórinn hefur sína aðalbækistöð. Slíkt mundi aðeins tefja fyrir, valda óþarfakostnaði, og a. m. k. væri ekki ástæða til, sýnist mér, að gera það, ef sveitarstjórnir óska ekki eftir því. Hvers vegna mátti þá ekki þetta ákvæði vera þannig í lögunum, að heimilt væri að láta skattstjórana reikna út skattinn, ef sveitarstjórnir óskuðu eftir því? Nei, en í stað þess er þetta sett þannig upp í frv., að það er sagt, að skattstjórarnir skuli gera þetta. Annað virðist ekki vera heimilt, nema í hinum smæstu sveitarfélögum, sem sérstök ákvæði gilda um.

Ég er einnig á móti þessu vegna þess, að mér sýnist, að með þessu sé verið að fikra sig í þá áttina, — en ég er mjög á móti öllu slíku, — það sé verið að fikra sig í þá áttina, að embættismenn, skipaðir af ríkinu, séu að seilast eftir að

blanda sér í innri mál sveitarfélaganna, sem snerta þessa álagningu. Ég álít, að sveitarfélögin eigi innan þess ramma, sem búið er að leggja af löggjafanum, að fá að vinna þessi verk sjálf. En ég býst við því eða ég óttast það, að næsta skref á eftir verði, að það verði síðan ákveðið, að sveitarstjórnirnar þurfi ekki hér neitt nærri að koma, heldur skuli skattstjórinn gera þetta. Ég held því, að þetta ákvæði sé síður en svo til bóta, og það færi betur á því að geyma allar hugmyndir um þetta og halda sér við það, sem verið hefur um skipulag í þessu efni. Einnig er svo þess að gæta, að um leið og þetta nýja ákvæði er hér tekið upp, þá er verið að setja upp nýtt kerfi varðandi framkvæmd skattamálanna í landinu, sem maður satt að segja veit ekki fyllilega um enn þá, hvernig komi til með að verða í framkvæmd.

Jú, ég veit, að það er gert ráð fyrir því, t. d. á Austurlandi, að þar verði einn skattstjóri í öllu Austurlandskjördæmi. Ég efast ekkert um, að þótt sagt sé, að þar eigi að verða einn skattstjóri, og þótt hæstv. fjmrh. segi nú, að það eigi að fækka skattstjórunum í landinu úr 10 niður í 9 samkv. hinu nýja skipulagi, þá veit ég það upp á hár, að þeim verður fjölgað praktískt talað á Austurlandi, því þó að menn finni upp á því að ákveða, að þessi eini skattstjóri á Austurlandi skuli búa, t. d. uppi á Egilsstöðum, þá veit ég, að það verður áfram einhver skattstofa og einhver raunverulegur skattstjóri, hvort sem hann er kallaður skattstjóri eða ekki, í Neskaupstað, og það verður annar slíkur á Seyðisfirði og annars staðar, þar sem ekki er auðvelt til að komast. Það er unnið að framkvæmd skattamála alveg sérstaklega á tímabilinu janúar til apríl, og það er gert ráð fyrir, að það sé búið að fullu og öllu í apríl að vinna úr skýrslum og leggja á suma skatta samkv. þessu. Framtal fer fram í janúar, og allajafna er það svo hjá okkur t. d. fyrir austan, að það er með öllu ófært eftir öllum venjulegum leiðum að komast til Neskaupstaðar, nema aðeins sjóleiðina eina saman. Og það er ekkert greiðfært þar á milli, því að það er ekki mikið um áætlunarferðir. Og ég er alveg sannfærður um, að það er hvorki hægt að láta skattstjórann sitja í Neskaupstað og þjóna öllu Austurlandi né sitja einhvers staðar annars staðar og þjóna Neskaupstað á þessum tíma. En auðvitað er hægurinn hjá að kalla aðeins einn af þessum mönnum skattstjóra og hina undirskattstjóra eða þjónustumenn skattstjóra, en þessar skattstofur verða í framkvæmd. Það er engin leið að leysa af hólmi fjölmargar skattanefndir, sem starfað hafa þarna mánuðum saman, án þess að það komi einhverjir til að vinna þeirra störf.

Ég held því, að það ríki svo mikil óvissa um það, hvernig verði með framkvæmdina varðandi þetta nýja skattstjórakerfi allt saman og skattstofukerfi í landinu, að það sé sízt ástæða til þess að fara að ákveða það, að þeir skattstjórar, sem nú verða ráðnir, eigi að annast álagningu útsvara í hinum ýmsu sveitarfélögum. Ég held, að það færi miklu betur á því, að forustumenn sveitarfélaganna gerðu það áfram, eins og þeir hafa gert hingað til. Það er rétt, eins og hér hefur verið sagt, að það er vissulega mikilvægt að halda við fullkomnu sjálfstæði sveitarfélaganna. Ég álít, að það boði ekkert gott, að ríkisstj. eða stjórnarflokkar á hverjum tíma fái aðstöðu til þess að grípa inn í innri mál sveitarfélaganna í gegnum það embættismannakerfi, sem þeir kunna að byggja upp hverju sinni. Sveitarstjórnarmenn eiga vitanlega að starfa eftir þar til settum lögum, eins og verið hefur, og bregði þeir eitthvað út af þeim lögum, er vitanlega hægt að kæra yfir því. Það er hinn rétti gangur málsins. En hitt tel ég mjög óeðlilegt, að einhverjir stjórnskipaðir embættismenn fari að fjalla um slík innri mál sveitarfélaganna, eins og að annast álagningu útsvara í sveitarfélögunum.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vil segja það að lokum, að ég hef orðið fyrir vonbrigðum að því leyti til varðandi þetta frv., að mér sýnist, að það leysi að sáralitlu leyti þann vanda, sem ég hélt að hefði átt að leysa varðandi tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, en það var að rýmka nokkuð möguleika bæjar- og sveitarfélaga í landinu til þess að geta aflað sér tekna á öruggan hátt. Mér sýnist, að hér sé ekki um það að ræða, að sveitarfélögin geti búizt við neinum nýjum tekjustofni, sem teljandi er, og svo hitt, að mér sýnist, að meginbreytingin, sem felst í þessu frv. frá því, sem verið hefur, sé breytingin á veltuútsvarinu, þar sem því verður nú þannig fyrir komið um hið nýja gjald, sem kemur í staðinn fyrir veltuútsvarið, aðstöðugjaldið, því er raunverulega létt af ýmsum af þeim, sem borið hafa veltuútsvarið hingað til. Verzlanir og iðnrekstur t. d., sem framleiðir fyrir innlendan markað, þurfa ekki héðan af að borga þennan hluta af útsvörunum, sem þau hafa borgað hingað til, því að nú mega þau velta af sér aðstöðugjaldinu yfir í vöruverðið jafnóðum. Þau koma því aðeins til með að innheimta þetta aðstöðugjald af neytendum, en þau eiga ekki að borga það sjálf. En hins vegar t. d. þær atvinnugreinar, sem framleiða fyrir útflutning, sitja áfram eftir uppi með þetta gjald, eins og veltuútsvarið áður. Þær greinar geta ekki velt gjaldinu af sér. Og þessa breytingu tel ég ekki til bóta, heldur þvert á móti.

Að öðru leyti til sýnist mér þó, að nokkur atriði frv. séu vissulega til bóta frá því, sem áður var, og ég tel sérstaklega landsútsvarið stefna í rétta átt, þó að það nái allt of skammt. En þó þykja mér samt á frv., eins og það er núna, svo stórir gallar, að þeir séu stærri en það, sem í frumvarpinu getur talizt miða í rétta átt.

Ég hefði sérstaklega viljað vænta þess, að hæstv. ríkisstj. tæki þó það atriði til endurskoðunar í þessum efnum, sem snýr að sjálfstæði sveitarfélaganna varðandi álagningu útsvaranna. Mér sýnist, að það atriði sé þannig, að það ætti í rauninni að vera ótrúlegt, að ríkisstjórninni sé það neitt keppikefli að koma þessu fyrir á þann veg, sem lagt er til í frv., en hún ætti að geta þó a. m. k. fallizt á það að hafa ákvæðin um álagningu útsvaranna í heimildarformi, þannig að sveitarstjórnirnar fái að ráða því sjálfar, hvort þær leggja á útsvarið eða fela öðrum að vinna það verk.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hafði þann hátt á áðan, að hann vék ekkert að þeirri gagnrýni, sem fram hafði komið á frv. í ræðum þingmanna hér í dag, og hefði ég þó talið æskilegt, að svör hans við þeirri gagnrýni, sem fram kom á frv., hefðu legið fyrir hv. heilbr.- og félmn., áður en hún færi að vinna að meðferð frv. En látum það vera.

Það var aðeins eitt atriði, sem hann kom inn á viðvíkjandi gagnrýni okkar, sem áður höfðum talað, það var viðvíkjandi því, að það væri á misskilningi byggt, að skattstjóraembættunum yrði fjölgað, þau væru 10, en yrðu ekki nema 9. Ekki sagði hæstv. ráðh. neitt um það, að af þessu mundi þess vegna leiða sparnað, en það var það, sem vakti fyrir mér í dag með því að gera þetta að umtalsefni, að ég væri mjög hræddur um, að einmitt þessi nýja embættaskipan mundi leiða til aukinna útgjalda og verða miklu meira embættisbákn en skattstjóraembættin hafa verið til þessa. Nú er það svo, að þeir skattstjórar, sem starfa, hafa viðkomandi kaupstað, sem þeir sitja í, sem sitt embættissvið. En nú yrði hvert kjördæmi í landinu, sem er allmikill landshluti, embættissvið hvers skattstjóra. Það er því alveg gefinn hlutur, að þarna verður settur inn nýr embættismaður á háum launum með stórt og mikið verksvið, og hann kemst ekki yfir þetta starf, hvort sem það er fyrir alla Vestfirðina eða allt Austurlandið, án þess að hafa allmikið starfslið. Hver skattstofa verður því stórt embætti með starfsliði miklu. Auk þess segir í frv., að hver skattstjóri eigi að hafa umboðsmann í hverju sveitarfélagi, og það verður eins konar aðstoðarskattstjóri. Það má af þessu ráða, að það verður áreiðanlega ekki hægt að nefna sparnað í sambandi við þessa nýju tilhögun. Ég hygg, að þarna sé stofnað til allumfangsmikilla nýrra embættisbákna, sem ekki er auðvelt að sjá fyrir, hvað komi til með að kosta, en hins vegar er ég hræddur um, að þessi tilhögun leiði til þess, að ábyrgðin skiptist á þá aðila, sem eiga að ganga frá álagningu útsvaranna, og það tel ég mjög mikinn ókost við þetta fyrirkomulag, að þar kunni hver að kenna öðrum um, ef mistök verða, framtalsnefndirnar heima í héruðum og skattstjórinn, sem leggur síðustu hönd á verkið. En það er full þörf á því, að frá útsvarsálagningu sé þannig gengið, að gjaldandinn geti gengið að einum ábyrgum aðila.

Hins vegar vil ég svo beina því til hæstv. ráðherra, sem ég vék að í dag, hvort það er ekki rétt skilið, að til þess er ætlazt með frv., að ¼ hluti af landsútsvörunum lendi í því sveitarfélagi, þar sem það fyrirtæki er staðsett, sem landsútsvar skal greiða. (Gripið fram í.) Það er þannig, já. Þá sýnist mér það ekki vega þungt, þó að það sé þannig, að þessi hluti heiti ekki aðstöðugjald, sem hæstv. ráðherra tók fram í dag, og er þá rétt, að það er ekki heimtað aðstöðugjald, en ¼ af landsútsvarinu á að lenda í því sveitarfélagi, sem viðkomandi fyrirtæki er staðsett í. Þar af mun leiða, að stærsta sveitarfélag landsins, höfuðborgin, mun fá allmikinn hluta af landsútsvörunum vegna þeirra miklu stofnana og fyrirtækja, sem staðsett eru hér í Reykjavík í hópi þeirra fyrirtækja, sem landsútsvör eiga að greiða samkv. frv.

Að lokum skal ég svo aðeins taka undir það, sem sagt hefur verið, að ég sé ekki betur en það sé rétt, að hið nýja aðstöðugjald geti komið mjög misjafnlega niður og öllu misjafnar en veltuútsvörin, geti komið á taprekstur engu síður en þau og hafi í sér þann háska að leggjast á vöruverð og koma þannig á neytendur vörunnar, t. d. lagt á olíufélögin, en kaupendur olíu og benzíns greiða, þannig að í raun og veru verður það til beinnar verðhækkunar í landinu, eins og söluskattar yfirleitt, en það er hin gegnumfærða stefna hæstv. ríkisstj. að koma sem mestu af tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga yfir á skattþegnana í gegnum söluskatta, og þykir mér það mjög miður.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð fleiri núna. Málið er á sínu fyrsta umræðustigi og fer til nefndar, og skil ég það vel, að hæstv. ríkisstj. vilji koma málinu í meðferð n. í kvöld.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma, það er aðeins út af athugasemd hæstv. fjmrh. Það er ekki byggt á neinum misskilningi hjá mér, þetta um störf skattanefnda og framtalsnefnda. Hæstv. ráðherra veit það vel, að skattanefndir hafa undirbúið skattaframtölin og gert skattaskrárnar. Hreppsnefndir hafa svo síðar unnið að útsvarsálagningu samkvæmt þessum skrám, eftir að þær lágu fyrir, en fyrr hafa ekki þeirra störf hafizt. Með þeirri breytingu, sem nú á að gera, verða framtalsnefndirnar að taka við framtölunum og vinna það verk, sem skattanefndirnar hafa unnið. Hér verður því um nýjar nefndir að ræða, af því að óhugsandi verður, að hreppsnefndir sitji yfir því verki.

Þess vegna er það rétt, sem ég sagði í dag: Það, sem hér er verið að gera, er, að verið er að leggja niður skattanefndirnar, en setja upp framtalsnefndir í þeirra stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 389, n. 461, 493 og 510, 462, 494, 495, 507, 508, 509, 511).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga hefur verið lagt fram í hv. d. í framhaldi af þeirri bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 66/1945, um útsvör, sem gerð var með l. nr. 43/1960, og er frv. undirbúið af nefnd þeirri, sem undirbjó bráðabirgðabreyt. 1960 og samdi þá einnig frv. það, sem varð að lögum nr. 19/1960, um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á fimm fundum, þar sem Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri var einnig mættur, en hann var formaður n. þeirrar, sem hæstv. fjmrh. skipaði til að undirbúa málið. Veitti ráðuneytisstjórinn heil-

br.- og félmn. mikilsverða aðstoð, og leyfi ég mér að þakka það fyrir hennar hönd.

Þó að nm. séu sammála um ýmis atriði í frv., eru þar einnig önnur atriði, sem ágreiningur er um og valda því, að n. hefur ekki orðið sammála. Hefur mér verið falin framsaga fyrir nál. meiri hl. á þskj. 461. Eins og þar kemur fram, standa fjórir nm. að brtt. á þskj. 462, en einn þeirra, hv. 4. þm. Reykn., áskilur sér rétt til að flytja frekari brtt. og skila séráliti Hv. 4. landsk. þm. skilar einnig séráliti, en við hinir, sem í n. erum, mælum með frv. með þeim breyt., sem eru á þskj. 462.

Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. fjmrh. ýtarlega og glögga grein fyrir efni frv., og í grg., sem því fylgir, er mikinn fróðleik að finna. Mun ég þess vegna ekki rekja efni frv. að ráði, heldur ræða málið almennt og gera grein fyrir brtt. á þskj. 462 og víkja um leið að þeim athugasemdum, sem fram komu við 1. umr. málsins hjá hv. þdm., eftir því sem mér finnst tilefni til.

Í mörg ár hafa forustumenn sveitarfélaganna og samtaka þeirra fundið til þess, að sveitarfélögin hefðu ónóga tekjustofna, einkum með hliðsjón af því, að lögboðin útgjöld þeirra hafa farið vaxandi ár frá ári. Till. um samræmingu þeirra reglna, sem farið er eftir við álagningu gjalda til sveitarsjóðanna, eiga einnig upptök sín hjá samtökum sveitarfélaga og hjá forustumönnum í sveitarstjórnarmálum. Það er þetta tvennt, tekjustofnarnir og samræming ákvæða um álagningu gjalda til sveitarsjóða, sem frv. á þskj. 389 fjallar aðallega um, og í þriðja lagi fjallar það um framkvæmd álagningarinnar, einkum með hliðsjón af fyrirhuguðum breyt. á skattalögum, á þá lund, að skattanefndir og yfirskattanefndir verði lagðar niður, en skattstjórar annist skattastörfin í þeirra stað, í umdæmum, sem verða hin sömu og hin nýju kjördæmi, og Vestmannaeyjar að auki, eins og upplýst var við 1. umr.

Sveitarstjórnarmenn bentu fyrir allmörgum árum á hluta af söluskatti og landsútsvör sem nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin til viðbótar útsvörum og fasteignaskatti. Þessar till. fengu engar raunhæfar undirtektir um langan tíma, en lítilsháttar fasteignaskattur, sem runnið hafði í ríkissjóð, var afhentur sveitarfélögunum, þegar ekki þótti lengur svara kostnaði fyrir ríkið að innheimta þann skatt. Annað og meira var ekki gert fyrir sveitarfélögin í þessu efni, fyrr en stuðningsflokkar núv. ríkisstj. tóku þá ákvörðun 1960 að leggja 20% af söluskatti í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skyldi framlagið til sjóðsins það ár eigi vera minna en 56 millj. kr. Við þetta var staðið og úthlutað úr sjóðnum á árinu 1960 kr. 54 750 317.00, en eftir urðu þá vegna skerðingarákvæðanna kr. 1 249 683.00 í sjóðnum. S. l. ár nam úthlutunin kr. 69 954 357.-00, en eftir urðu kr. 962 443.00 vegna skerðingarinnar. Á þessu ári er framlagið til sjóðsins áætlað í fjárlögum kr. 83 400 000.00, eða kr. 27 400 000.00 hærra en það var fyrir tveimur árum. Heildarupphæð útsvara á öllu landinu árið 1959 nam kr. 432 846 090.00, en kr. 420 672 585.00 árið 1960, þ. e. a. s. útsvörin lækkuðu þá miðað við árið áður um kr. 12 173 505.00, enda þótt gjaldstofninn, tekjurnar, sem útsvör eru lögð á, hafi þá hækkað í krónutölu. Það voru jöfnunarsjóðsframlagið og bráðabirgðabreytingin á útsvarslögunum 1960, sem gerðu þessa þróun mögulega, og sýna staðreyndir það nú glöggt, að bráðabirgðabreyt. var nauðsynleg jafnhliða þeirri ákvörðun að afhenda sveitarfélögunum ⅛ hluta söluskattsins í gegnum jöfnunarsjóð.

Einnig er það mín skoðun, að komið hafi glögglega í ljós, að bráðabirgðabreyt. útsvarslaganna hafi verið æskileg, til þess að hægt væri að byggja heildarendurskoðun l., sem nú liggur fyrir í frumvarpsformi, á þeirri reynslu, sem fengizt hefur.

Þær upphæðir, sem sveitarfélögin hafa fengið úr jöfnunarsjóði, svöruðu til um 13% viðbótar við álögð útsvör á öllu landinu 1960 og um 15% viðbótar s. l. ár. Auk þess að greiða söluskattshlutann til sveitarfélaganna er sjóðnum m. a. ætlað að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum þeirra, samkv. l. um eftirlit með sveitarfélögum, og að greiða aukaframlög til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör. Til þess að sinna þessum verkefnum hefur sjóðurinn nú ekki aðrar tekjur en þann afgang, sem eftir verður vegna þess ákvæðis 2. gr. l., að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en sem nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum næstliðið ár. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þetta skerðingarmark verði 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum, og mun þannig fé það, sem eftir verður í sjóðnum vegna skerðingarinnar, stöðugt fara minnkandi. Til þess að sjóðurinn verði samt megnugur þess að aðstoða sveitarfélögin, samkv. því, sem ég áðan sagði, er nú lagt til, að heimilað verði að halda eftir 1% af tekjum hans, unz sjóðurinn nemur allt að 5 millj. kr. Veitti ég því athygli við 1. umr., að einn hv. ræðumaður úr liði stjórnarandstöðunnar lýsti yfir velþóknun sinni með þetta ákvæði í frv.

Sveitarfélögin hafa þannig undanfarin tvö ár notið góðs af þeirri ákvörðun stjórnarflokkanna að afhenda 20% af söluskattinum sem nýjan tekjustofn. Samkv. 17. og 18. gr. frv. er nú einnig ráðgert að koma til móts við óskirnar um landsútsvör, þ. e. útsvör ýmissa stofnana og fyrirtækja, sem eiga afkomu sína undir viðskiptum við alla landsmenn. Skulu ¾ hlutar landsútsvaranna ganga til jöfnunarsjóðs, en ¼ hluti kemur í hlut þess staðar, þar sem starfsemi stofnananna eða fyrirtækjanna fer fram. Eins og frá er skýrt í grg. frv., er áætlað, að þessi tekjustofn gefi til að byrja með um kr. 29 120 000.00, sem mundi þá skiptast þannig, að kr. 7 280 000.00 rynnu til einstakra staða, en kr. 21 840 000.00 rynnu í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skiptist það til þeirra á sama hátt og söluskatturinn, þ. e. a. s. miðað við íbúatölu hvers sveitarfélags. Fyrirtæki þau, sem ætlað er að greiða landsútsvör samkv. frv., hafa að vísu flest greitt nokkur gjöld áður til þeirra sveitarfélaga, þar sem þau hafa starfrækslu, t. d. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Af þessu leiðir það, að mestur ávinningur verður af landsútsvörum fyrir sveitarfélög, þar sem engin slík starfræksla hefur áður verið, en það eru flest

hinna minni sveitarfélaga í landinu. Aftur á móti er augljóst, að nokkur sveitarfélög geta tapað á breytingunni til að byrja með a. m. k., t. d. Siglufjörður, Raufarhöfn og Patreksfjörður. Þar sem þannig stendur á, þarf að vera möguleiki fyrir jöfnunarsjóð til að hlaupa undir bagga, og þess vegna er flutt brtt. 6 á þskj. 462, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

f. Á árunum 1963—1965 skal ráðh. heimilt að verja fé úr jöfnunarsjóði til þess að bæta sveitarfélögunum að nokkru eða öllu leyti þann halla, sem þau kunna að bíða vegna ákvæðanna um landsútsvör, ef hallinn er verulegur fyrir sveitarfélagið og útsvarsbyrði þess til muna meiri en almennt gerist."

Tímatakmörkin í till. miðast við það, að samkv. b-lið í ákvæðum til bráðabirgða í frv. verða aðeins álögð landsútsvör samkv. 18. gr. c. á þessu ári, þ. e. a. s. landsútsvör af heildarsölu olíufélaganna, en önnur landsútsvör koma fyrst til framkvæmda á næsta ári. Þess vegna er lagt til, að heimildin gildi frá 1963, og á hinn bóginn er lagt til, að heimildin sé tímabundin til ársins 1965, þannig að reynslan geti úr því skorið, hvort þá verði nauðsynlegt að framlengja heimildina.

Við 1. umr. um þetta frv. létu ýmsir hv. ræðumenn stjórnarandstöðunnar í ljós þá skoðun, að till. um landsútsvör gengju of skammt, og boðuðu brtt., sem mundu ganga lengra, og er það eins og vant er úr þeirri átt, að stjórnarandstaðan telur sig geta gert allt fyrir alla, einnig það, sem látið var ógert, meðan hv. stjórnarandstæðingar höfðu aðstöðu til. Í sambandi við landsútsvörin tel ég mest um vert að fá að þessu sinni staðfesta með lagasetningu þá reglu, sem sveitarstjórnarmenn hafa lengi óskað eftir. Síðar mun gefast tækifæri til að láta landsútsvör ná til fleiri aðila en frv. tiltekur, og leyfi ég mér að skírskota til ummæla hæstv. fjmrh. við 1. umr. um áframhaldandi athugun á því, með hverjum hætti rétt sé að haga greiðslum fleiri aðila, svo sem peningastofnana, til sveitarfélaganna.

Þess hefur orðið vart upp á síðkastið í ýmsum sveitarfélögum, að meira er um framkvæmdir en oft áður, við t. d. gatnagerð og vatnsveitur. Er það mín skoðun, að þarna gæti m. a. þeirra áhrifa, sem söluskatturinn hefur þegar haft á framkvæmdagetu sveitarfélaganna. Hækkun söluskattshlutans og landsútsvörin munu tryggja áframhald þessarar þróunar og gera sveitarfélögunum fært að sjá fyrir sameiginlegum þörfum íbúanna í ríkari mæli en áður og án þess að ofþjaka útsvarsgreiðendum með allt of háum útsvarsálögum. Þetta eru að mínum dómi raunhæfustu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að tryggja það sjálfstæði sveitarfélaganna, sem hv. þdm. hafa borið svo mjög fyrir brjósti, bæði við 1. umr. um þetta frv. og við umr. um þessi mál á þinginu 1960.

Áður en ég læt útrætt um jöfnunarsjóðinn, vil ég vekja athygli á 2. brtt. á þskj. 462. Samkv. gildandi ákvæðum skal framlag jöfnunarsjóðs greitt til sveitarfélaganna þrisvar á ári, fyrir 15. janúar, 15. júlí og 15. október. Lagt er til, að í stað 15. júlí komi 15. maí, og kemur það sér betur fyrir sveitarfélögin og hentar ráðuneytinu fullt eins vel, vegna þess að um miðjan júlí er mest um sumarfrí.

Eins og ég gat um áðan, hafa till. um samræmingu lagaákvæða um álagningu gjalda komið frá samtökum sveitarfélaganna. Ástæðan er sú, að meðan mikils ósamræmis gætir í þessu efni, getur það valdið megnri óánægju gjaldenda á þeim stöðum, sem leggja mest á, og jafnvel stuðlað að fólksflutningum til annarra staða, þar sem gjaldabyrðin er minni. Afstaða gjaldendanna að þessu leyti er skiljanleg og eðlileg. En á hinn bóginn verður ekki fram hjá því gengið, að bæði eru þarfir sveitarfélaganna og aðstaða þeirra til tekjuöflunar mjög misjafnar. Fullkomin samræming á álagningu þeirra gjalda, sem renna í sveitarsjóði, er þess vegna ekki framkvæmanleg, nema jafnframt eigi sér stað jöfnun tekna á milli sveitarfélaganna innbyrðis. Ef til vill kemur að því, að fundin verði leið til þess að koma þessari samræmingu á til fulls, en það gerist hvorki í einu stökki né tveimur, heldur í fleiri áföngum. Fyrsti áfanginn í þessa átt var farinn árið 1960 með setningu laga nr. 43, um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 66/1945, um útsvör. Og með frv. því, sem hér liggur fyrir, verður stigið annað mikilvægt spor í þessa átt, verði frv. samþ.

Við 1. umr. virtist mér, að hv. ræðumenn hefðu einna minnst við fasteignaskattinn að athuga. Sá er þó munur á till. frv. og gildandi laga, að frv. gerir ráð fyrir, að skatturinn verði lögboðinn, en ekki aðeins heimilaður, eins og nú er. Mörg af minnstu sveitarfélögum landsins hafa ekki notfært sér þennan skatt, og fá þarna nýjan tekjustofn. Einn hv. þdm. gerði athugasemd við það við 1. umr., að samkv. frv. verður afnumin heimild til þess að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, íbúafjölda o. s. frv. Eftir því sem ég þekki til, þar sem þessi heimild hefur verið notuð, hefur þetta reynzt örðugt og margbrotið í framkvæmd og þess vegna verið fellt niður. Frv. gerir ráð fyrir fastákveðnum skatti, sem er jafn hámarksheimildum samkv. gildandi l. Sami hv. þdm. hreyfði í þessu sambandi hugmynd um verðhækkunarskatt lóða. Það er í sjálfu sér athyglisverð hugmynd, en slíkur skattur getur varla orðið fastur og tryggur tekjustofn. Vil ég í því sambandi benda á það, sem sagt er um reynslu Dana á þessu sviði á bls. 31 í grg. þeirri, sem frv. fylgir, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þegar talað er um verðhækkunarskatt í Danmörku:

„Í lögum um eignarskatt til sveitarfélaga frá 1926 var sveitarfélögunum í Danmörku veitt heimild til að leggja á sérstakan verðhækkunarskatt, og eftir breyt. á l. þessum 1933 er þetta fastur skattur, en mjög erfitt hefur reynzt að framkvæma álagningu hans, og því gefur hann mjög litlar tekjur enn sem komið er. Reglur þær, sem gilda um mat eigna í þessu skyni, eru mjög flóknar, og mest eru það áætlanir, sem stuðzt er við, frekar en raunhæft mat á verðhækkuninni."

Fasteignaskatturinn mun gefa þeim sveitar-

félögum, sem hafa notfært sér hann, um 30 millj. kr. á ári. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að sveitarfélögin eigi að leggja á hærri fasteignagjöld, en lægri útsvör, og skírskota til fyrirmynda erlendis frá, þar sem sveitarfélögin hafa mestar tekjur sínar af fasteignum. Fyrir íslenzkar aðstæður mun bezt henta að fara báðar leiðirnar, en vel má vera, að nokkuð mætti auka fasteignaskattinn, með því m. a. að koma fasteignamatinu í betra horf en nú er, og væri þá eitthvað hægt að létta útsvörin.

Einn er sá tekjustofn sveitarfélaga, sem margir hafa amazt við á liðnum árum. Það eru veltuútsvör. Þessi tekjustofn hefur þó verið sveitarfélögunum nauðsynlegur, til þess að þau gætu náð til fjölda gjaldenda, sem þau hafa ekki getað fengið gjöld af með öðrum hætti. Námu veltuútsvörin í landinu um 76 millj. kr. árið 1960 og um 85 millj. kr. s. l. ár., samkv. því, sem upplýst er á bls. 17 í grg. með frv. Með frv. er lagt til, að veltuútsvörin verði lögð niður. En það segir sig sjálft, að þær upphæðir, sem ég nefndi, geta sveitarfélögin ekki misst, nema eitthvað annað komi í staðinn, og samkv. frv. er lagt til, að það skuli vera aðstöðugjald. Nokkrir hv. þdm. fundu hugmyndinni um aðstöðugjald ýmislegt til foráttu við 1. umr. þessa máls, m. a. það, að útgjöldin sem viðmiðun til álagningar væru ranglát, jafnvel ranglátari en veltan, gjaldið legðist þungt á þá, sem yrðu fyrir óhöppum í rekstri sínum. Einnig hefur í erindi til heilbr.- og félmn. verið talið, að samkv. orðalagi 9. gr. frv. mundi vera hægt að leggja aðstöðugjald á eigin fjárfestingu og birgðaaukningu, og bent hefur verið á þann aðstöðumun, sem verzlun og iðnaður fyrir innlendan markað hafa umfram útflutningsfyrirtæki til þess að velta aðstöðugjaldinu af sér yfir á viðskiptamenn sína. Einn hv. þdm. undirstrikaði skilmerkilega, að hann vildi hafa aðstöðugjaldið hið sama um land allt.

Í tilefni af þessari gagnrýni vil ég taka þetta fram:

Það er alls ekki tilætlunin, að aðstöðugjaldinu sé sérstaklega beitt til þess að íþyngja þeim, sem verða fyrir óhöppum í rekstri sínum, ekki frekar en veltuútsvarinu var beitt þannig. Sveitarstjórnirnar hafa aðeins heimild til þess að leggja á gjaldið, eins og nú er með veltuútsvarið. Reynsla er fyrir því, að þegar örðugleikar steðja að einhverri atvinnugrein, þá hefur þessi heimild ekki verið notuð nema mjög vægilega, því að flestir sveitarstjórnarmenn eru nátengdir atvinnulífinu og vita, hvar skórinn kreppir. Þannig var t. d. ekki lagt neitt veltuútsvar á vélbátaútgerðina í Vestmannaeyjum s. l. ár. Og í mínu byggðarlagi, þar sem vélbátaútgerðin hefur lengst af átt erfitt uppdráttar, hefur útgerðinni oftast verið hlíft við álögum, þrátt fyrir heimild til að leggja á veltuútsvör. Ég tel fyrir mitt leyti enga ástæðu til að ætla, að sveitarstjórnir notfæri sér aðstöðugjaldið að þessu leyti af meiri hörku en veltuútsvarið.

Aðfinnslunum um eigin fjárfestingu og birgðaaukningu tel ég vera eytt með 1. brtt. á þskj. 462, þar sem lagt er til, að 9. gr. orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkv. ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja. Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi bráttótekjum.“

Þá er það aðstöðumunur verzlana og iðnaðar fyrir innlendan markað, samanborið við útflutningsfyrirtæki. Þessi aðstöðumunur hefur alla tíð verið fyrir hendi. Þar er ekki um nýtt fyrirbrigði að ræða í sambandi við aðstöðugjaldið. En það er tekið tillit til þessa aðstöðumunar í flokkun gjaldanna í 10. gr. frv., þar sem flokkarnir eru fjórir, þ. e. a. s. a) allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla, b) allt að 1% af rekstri verzlunarskipa, c) allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri og d) allt að 2% af öðrum atvinnurekstri. Innan þessara takmarka geta sveitarstjórnir ráðið gjaldinu.

Vegna hugleiðinga hv. 1. þm. Norðurl. v. við 1. umr. þessa máls á þá leið, að æskilegt mundi vera, að aðstöðugjaldið væri hið sama alls staðar í landinu, vil ég láta í ljós, að það gleður mig, að hann skuli nú vera inni á þeirri hugsun. Með aðgerðum stjórnarflokkanna 1960 og með þessu frv. er einmitt stefnt að meiri samræmingu í álagningu gjalda til sveitarsjóða en áður hefur tíðkazt. Fyrir 1960 var þetta þannig, að sveitarstjórnir gátu haft sjálfdæmi um hæð veltuútsvaranna, og munu hafa þekkzt dæmi þess, að þau væru allt að 5%. Sömuleiðis var það svo fyrir 1960, að hver sveitarstjórn gat sett sér álagningarreglur um útsvör, þannig að sá möguleiki var fyrir hendi, að reglurnar yrðu jafnmargar og sveitarfélögin. Með bráðabirgðabreyt. útsvarslaganna 1960 voru veltuútsvörin í fyrsta sinn takmörkuð og eru nú bundin við 3% mest. Þá voru jafnframt lögfestir þrír útsvarsstigar. Ég minnist þess frá umr. í hv. deild 1960, að ýmsir flokksbræður hv. 1. þm. Norðurl. v. töluðu af mikilli fyrirlitningu um þetta mál, kölluðu frv., sem þá var flutt, hrákasmíði og öðrum ónefnum og töldu, að með því að afnema hina gömlu, góðu reglu um álagningu útsvara eftir efnum og ástæðum væri verið að svipta sveitarfélögin ævafornu sjálfsforræði. Tveggja ára reynsla hefur nú sýnt, að þetta var ástæðulaus ótti hjá flokksbræðrum hv þm., og þess vegna kúvendir hann nú Framsóknarfleyinu með snörum handtökum og finnst ekki nógu langt gengið í samræmingarátt að því er aðstöðugjaldið áhrærir að þessu sinni. Ég fagna þessari breyttu afstöðu, sem nú lýsir sér einnig í því, að þeir menn, sem áður vildu ekki afnema regluna um efni og ástæður, fagna mjög yfir því, að í frv. er gert ráð fyrir einum útsvarsstiga í stað þriggja áður.

Tveimur smávægilegum aths. hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég svara, áður en ég lýk við að ræða um aðstöðugjaldið. Honum finnst þörf á að orða undanþáguna fyrir sláturhús og mjólkurbú skýrar. Það stendur í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr., svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar.“

Er hægt að orða þetta skýrar? Ég kem ekki

auga á það, og er mér nær að halda, að hv. þm. hafi ekki verið búinn að lesa greinina, þegar hann talaði við 1. umr.

Hin aths. var um mjólkurbúð, sem er rekin í tengslum við mjólkurstöð. Spurt var, hvort greiða ætti aðstöðugjald af slíkri búð. Ég tel tvímælalaust, að á rekstur mjólkurbúðarinnar megi leggja aðstöðugjald, ef sveitarstjórn vill notfæra sér heimildina til þess.

Í sambandi við gjalddaga fasteignaskatta og aðstöðugjalds komu fram tilmæli við 1. umr. þess efnis, að sveitarstjórnum yrði heimilað að haga innheimtu þessara gjalda á sama hátt og innheimtu útsvara. Þessi tilmæli hafa verið tekin til greina með brtt. 5 á þskj. 462, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 66. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.“

Við 1. umr. varð ég þess ekki var, að hv. ræðumenn gagnrýndu að ráði þá till., sem í frv. felst, að einn og sami útsvarsstigi skuli notaður fyrir allt landið, þó þannig, að við hann megi bæta allt að 30% til þess að ná áætluðum útsvarsupphæðum. Þvert á móti fögnuðu menn þessu ákvæði frv., eins og ég vék að áðan. Mig minnir þó, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi saknað þarna takmörkunar á hinn veginn, sem sé fyrir því, hversu mikinn afslátt megi veita frá útsvarsstiganum. Ég álít ekki, að slíkrar takmörkunar sé þörf, m. a. vegna ákvæða 20. gr. frv. um skerðingu á framlögum úr jöfnunarsjóði og vegna ákvæða 22. gr., sem gerir ráð fyrir rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags vegna þess, að útsvörin hafi ekki gefið því nægilegar tekjur. Segir m. a. í 22. gr., að ráðuneytið geti sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatta og aðstöðugjalda.

Ég hygg, að það hafi verið sami hv. þm., sem hreyfði því við 1. umr., að betur mundi fara á því að leggja útsvör á félög eftir hlutfallslegum stiga, en ekki stighækkandi. Sú hætta, sem um var talað í þessu sambandi, tel ég, að sé hverfandi lítil, þar sem útsvarsstigi félaganna á bls. 7 í frv. er aðeins í tveimur þrepum og hækkunin nálægt því að vera hlutfallsleg.

Minnzt var á það við 1. umr., að útsvarsstiginn samkv. 32. gr. byrjaði of neðarlega, þ. e. a. s. á 15—20 þús. kr. hreinum tekjum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að einn af þeim þremur útsvarsstigum, sem lögfestir voru árið 1960, byrjaði á 7—10 þús. kr. Var sá stigi þá saminn af nokkrum valinkunnum oddvitum, sem vildu reyndar láta stigann byrja enn þá neðar. Gagnvart þeim sveitarfélögum, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni, en það eru mörg minnstu sveitarfélög landsins, eru þess vegna settar þrengri skorður til tekjuöflunar en nú gilda. Vil ég í þessu sambandi einnig benda á þann aukafrádrátt, sem heimilaður er samkv. 32. gr., og heimildina til þess að fella niður útsvarsálagninguna á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 kr.

Við samningu þeirra tillagna, sem í frv. eru um heimildir fyrir sveitarstjórnirnar til að leggja á gjöld fyrir sveitarsjóðina, hefur það verið haft í huga annars vegar að ganga sem lengst í þá átt að samræma álagningarreglurnar, en hins vegar að sníða ekki sveitarstjórnunum allt of þröngan stakk til tekjuöflunar, því að slíkt væri vissulega sama og svipting sjálfsforræðis. Ég skal játa, að þetta er vandasamt verk, sem að sjálfsögðu hlýtur misjafna dóma. En reynslan fær væntanlega að skera úr um það, hvernig til hefur tekizt með samningu þessa frv. Það hlaut eftir atvikum góðar viðtökur í hv. deild við 1. umr., og vænti ég, að með þeim breyt., sem eru á þskj. 462, þyki það enn betur aðgengilegt.

Ég mun í máli mínu hér að framan hafa gert grein fyrir brtt. öllum nema tveimur. Það er fyrst 3. brtt., þess efnis, að í 45. gr. miðist stærð þeirra sveitarfélaga, sem heimilað verði að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, við 500 íbúa í stað 300, eins og í frv. stendur. Sú tilhögun á samstarfi skattstjóra og sveitarstjórna við úrvinnslu framtala og álagningu gjalda, sem frv. gerir ráð fyrir, mætti talsverðri gagnrýni við 1. umr., einkum með tilliti til þeirra staða, þar sem samgöngur eru erfiðastar. Með umræddri brtt. er reynt að koma til móts við þá gagnrýni. Þess er hins vegar að vænta, að alls staðar, þar sem því verður við komið með góðu móti, notfæri sveitarfélögin sér þá þjónustu og fyrirgreiðslu, sem skattstofurnar geta veitt og eiga að veita. Nýskipun þessara mála samkv. skattalagafrv. þarf að sjálfsögðu að sýna sig í reynd, en menn mega ekki bíta sig um of í gamalt fyrirkomulag, sem orðið er á eftir tímanum, þótt það hafi einhverja kosti.

Að endingu kem ég svo að 4. brtt. á þskj. 462. Hún er um það að fella niður 51. gr. frv. Varðandi þá grein barst heilbr.- og félmn. svofellt bréf, dagsett 17. þm., frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af bréfi voru, dagsettu í dag, í sambandi við frv. það til laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ., óskum við eftir að taka fram eftirfarandi:

Í 51. gr. frv. er þeim, sem kaupa fisk eða framleiðsluvöru eða annast sölu hennar, gert að skyldu að viðlagðri ábyrgð að halda eftir 2½—10% af söluverði vöru til greiðslu gjalda, sem lögð eru á samkv. frv. á framleiðanda eða seljanda vöru.

Hér er um að ræða ákvæði, sem getur orðið til þess að torvelda greið viðskipti milli aðila, t. d. þegar um er að ræða aflakaup af fiskiskipi. Þegar slík kaup eiga sér stað, þá er það regla, að fyrir liggur krafa frá viðskiptabanka, sem lánað hefur út á óveiddan afla, að fá greidd 35% af aflanum upp í skuld fyrirtækisins við bankann. Jafnframt er það fyrir hendi, t. d. á síldveiðum, að um 55% af aflanum er kaup skipshafnarinnar, og af þeim hluta er skipshöfnum greitt upp í kaup sitt og aflahlut, en afgangur þessa hundraðshluta bíður lokauppgjörs. Framan af vertíð er því ekki nema um ca. 10% af aflanum að ræða, sem hægt er að ráðstafa til að standa straum af ýmsum útgerðarkostnaði, svo sem olíu, greiðslu veiðarfæra og viðhaldi þeirra, viðgerðarkostnaði á skipi og vél, hafnargjöldum o. fl. Í aflabrestsárum, sem á síldveiðum s. l. 18 ár hafa verið miklu fleiri en hin,

hafa þessar aðstæður til greiðslu haldizt til loka vertíðarinnar. Með frv. á að taka verulegan hluta eða jafnvel öll þessi 10%, sem útvegsmaðurinn hefur haft til að halda útgerðinni gangandi yfir vertíðina, og gæti það leitt til ófyrirsjáanlegra truflana á útgerð fjölda skipa, auk þess sem það bakar fiskkaupendum margs konar óþægindi og kostnað. Og þar sem þetta er í rauninni óframkvæmanlegt, mundu ákvæði frv., ef þeim væri framfylgt, oft leiða til þess, að fiskkaupendur yrðu að greiða útsvör fiskseljenda, með þeim afleiðingum, að þeir gætu eigi staðið í skilum með greiðslur, sem þeim er skylt að inna af hendi, svo sem kaup eigin starfsmanna. Ýmsar ástæður geta leitt til þess, að fiskkaupandi, sem haldið hefur eftir hundraðshluta afla upp í gjöld, komist í greiðsluþrot, þannig að útvegsmaður, sem átti kost á að fá sitt fé greitt, ef hann hefði haft heimild til þess að taka við því, getur þurft að snara gjöldunum út sjálfur, þótt viðskiptamaður hans hafi haldið þeim eftir samkv. ákvæðum frv. Þar sem ákvæði þetta kemur til með að gera viðskipti erfiðari og flóknari en þau hafa verið, förum við fram á, að greinin verði felld úr frv.".

Lýkur þar bréfinu. Það mættu einnig fulltrúar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna á fundi n. til viðræðna um þetta mál og fleira; og viljum við, sem flytjum brtt. á þskj. 462, fallast á erindi Landssambandsins þessu viðvíkjandi.

Ég legg svo til, að brtt. á þskj. 462 verði samþ. og frv. svo breyttu verði vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fram eftir öllum vetri voru að berast fregnir um það, að frv. um nýja tekjustofna sveitarfélaga væri rétt í þann veginn að koma hér í þinginu. Svo fréttist það, að mþn. sú, sem hefði haft það verkefni með höndum að semja slíkt frv., væri búin að ljúka störfum og hefði skilað frv. um þetta efni til hæstv. ríkisstj. En samt liðu vikur, margar vikur, og mun þá ríkisstj. hafa verið að athuga frv. En það varð talsverð bið á því, að frv. kæmi. Má af því ráða, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki öll verið á eitt sátt um það, hvort hægt væri að leggja það fram sem stjórnarfrv., án þess að á því væru gerðar einhverjar meira eða minna veigamiklar breytingar. Svo mikið er víst, að þegar frv. loks kom, þá var það á ýmsan hátt öðruvísi en fréttir höfðu borizt af því. T. d. hafði verið sagt, að bönkunum yrði í þessu væntanlega frv. ætlað að bera um 16 millj. kr. af landsútsvari því, sem lagt yrði til í frv. að upp yrði tekið. En þegar frv. kom fyrir Alþ., var ekki orð eða bókstafur um það, að bankarnir ættu að bera landsútsvör, hvorki 16 millj. kr. né neina aðra lægri upphæð. Af þessu virðist mega ráða, að að þessu leyti hefur hæstv. ríkisstj. a. m. k. látið fella úr frv. allveigamikið atriði og þannig dregið úr einum af þeim tekjustofnum, sem hv. mþn. hafði lagt til að sveitarfélögin fengju. Frv. er þess vegna nokkuð afturmjórra og smærra í sniðum en menn höfðu búizt við, að því er það efnisatriði snertir að sjá sveitarfélögunum í landinu fyrir nýjum tekjustofnum. Það er að vísu ákvæði í frv. um landsútsvör, en það er ekki mjög gildur tekjustofn, þegar allt kemur til alls, og miklu rýrari en sveitarstjórnarmenn munu yfirleitt hafa gert sér vonir um, einkanlega eftir að fregnir fóru að berast af frv. Ég hygg því, að af þessu megi ráða, að frv. hafi heldur verið breytt til hins verra í meðförum hæstv. ríkisstj. frá því, sem frv. var, þegar mþn. skilaði því í hendur henni. A. m. k. fer það ekki á milli mála, að þegar um er að ræða frv. til l. um nýja tekjustofna handa tekjuknöppum sveitarfélögum, þá er það til hins verra, að niður sé felldur 16 millj. kr. póstur, þótt ekki væri um annað að ræða en þessa breyt. að hafa fellt niður landsútsvar á bönkum, sem þeirri upphæð næmi.

Það var fyrst um miðjan marzmánuð, sem frv. um tekjustofna sveitarfélaga var útbýtt hér á Alþ. og nú er 27. marz, svo að það er rétt um hálfur mánuður, síðan þetta mikla mál var lagt fyrir þingið. Nokkrum dögum seinna kom það svo til 1. umr. og var allmikið rætt og að því búnu vísað til nefndar. Það var þegar ljóst í heilbr.- og félmn., að stjórnarflokkarnir legðu mikla áherzlu á, að málið fengi skjóta afgreiðslu. Þó var ekki með öllu fyrir það synjað, að eitthvert tóm gæfist til athugunar á málinu, enda hefði annað verið ósvinna, og tóku nm. því allir mjög vel að hraða störfum og sátu á fundum nálega daglega til athugunar á frv. En eins og menn sjá af þessu, fer því víðs fjarri, að nokkurt eðlilegt tóm eða nauðsynlegt tóm hafi gefizt til þess að kanna svo víðtækan og yfirgripsmikinn lagabálk sem hér er um að ræða. Afgreiðsla á einum hálfum mánuði á slíku máli sem þessu er flaustursafgreiðsla. Það verður ekki hægt annað að segja. Það hefði verið eðlilegt, að slíkt stórmál, sem sveitarfélögin í landinu eiga um lengri eða skemmri tíma í framtíðinni við að búa, hefði fengið miklu meira rúm til vandlegrar athugunar. Það er vani hér á hv. Alþingi, nálega ófrávíkjanlegur vani, jafnvel þó að um smámál sé að ræða, að þau séu send víða vegu í ýmsar áttir hinum og þessum aðilum, sem taldir eru hafa sérstaka aðstöðu til að þekkja til viðkomandi máls í einstökum atriðum, jafnvel smáatriðum, og leita umsagnar þessara aðila um málið, og alltaf siðvenja að veita tóm til þess, að slíkar umsagnir berist. Það þætti mjög óþinglegt, ef einhver risi gegn því, jafnvel þótt um tiltölulega smávægilegt mál væri að ræða, að mál væri sent til umsagnar og viðkomendum, sem að því væru spurðir, gefið hæfilegt tóm til þess að senda þinginu umsögn sína og álitsgerð.

Nú skyldu menn ætla, að þetta mál hefði sætt þessari venjulegu, þinglegu meðferð, að vera sent til umsagnar, — og þá hverjum? Fyrst og fremst auðvitað sveitarstjórnum um allt land. Hér er um að ræða grundvallarmál fyrir alla tekjuöflun sveitarfélaganna, og mér finnst, að það sé lágmarkskrafa, sem gera beri, að ekki sé lögfest víðtæk ný löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna, án þess að sveitarfélögin séu þar að spurð. Og ég fæ ekki séð, að neitt reki svo harkalega á eftir þessu máli, að það hefði ekki verið hægt að koma slíkum vinnubrögðum við, að senda frv. til sveitarstjórnanna til umsagnar. En það var ekki sent, ekki einni ein-

ustu sveitarstjórn. Engin sveitarstjórn mér vitanlega hefur fengið málið til umsagnar. Ef svo er, þá hefur það gerzt, meðan frv. var í smíðum hjá milliþn., en síðan það kom til meðferðar á Alþ. hefur það ekki verið sent til umsagnar neinni sveitarstjórn, að ég viti.

Þetta álít ég vera miður farið, því að það má ætla, að sveitarstjórnarmenn hefðu látið sig málið skipta og brugðizt fljótt við að senda sínar umsagnir og vafalaust getað þá út frá sinni reynslu gert ýmiss konar gagnlegar athugasemdir og veitt nytsamar leiðbeiningar um einstök efnisatriði málsins. Það var enn sjálfsagðara að beita þessum vinnubrögðum sökum þess, að málið er svo seint á ferðinni, að sveitarfélögin eru nú á þessu gjaldári búin, flest stærstu bæjarfélögin a. m. k., að ganga frá fjárhagsáætlun sinni fyrir árið 1962. Þau eru búin að ákveða heildarupphæð útsvaranna og leggja þannig málið í hendur sínum niðurjöfnunarnefndum til framkvæmda. En hér eru tillögur á ferðinni um, að nýr tekjustofn skuli koma til, sem hefur ekki verið úr að spila áður hjá sveitarfélögunum, á ég þar við landsútsvörin, og gæti það auðvitað og hlyti, ef ekki á að vera um aukna skattlagningu að ræða á gjaldþegnum sveitarfélaganna, að lækka eitthvað heildarupphæð útsvaranna. Frv. kemur því of seint til þess, að það sé vandkvæðalaust að taka það allt saman til framkvæmda á þessu gjaldári. Það er og viðurkennt af hv. meiri hl., að frv. kemur svo seint, að það verður ekki hægt með nokkru móti að framkvæma það að öllu leyti á þessu ári.

Og hvað er það, sem stendur í veginum með það? Hér er ekki af meiri hl. hugsað til þeirra vandkvæða, sem ég drap á áðan. Nei, það er viðurkennt, að það verði ekki búið á fyrri hluta ársins 1962 að koma upp þeim embættum, sem frv. gerir ráð fyrir. Það verður ekki búið að koma á laggir hinum nýju skattstjóraembættum, sem eiga að framkvæma að verulegu leyti í samstarfi við svonefndar framtalsnefndir í sveitarfélögunum álagningu útsvaranna og aðstöðugjalds. Og þetta er vitanlega alveg rétt. Þó að það mál kunni að sjálfsögðu að vera vel undirbúið hjá hæstv. ríkisstj., að stofna til þessara skattstjóraembætta, og vafalaust sé búið að hugsa sér hina lukkulegu, væntanlegu skattstjóra, þá er ýmislegt fleira í sambandi við það. Það þarf að útvega þeim embættisaðstöðu og ráða þeim starfsfólk, áður en þeir geta innt af hendi sitt mikilvæga hlutverk, og má ætla, að það verði ekki á fyrra helmingi ársins 1962, sem þetta verði allt saman komið í kring. Skattstjóraembættin níu verða vafalaust ekki tekin til starfa svo snemma á árinu 1962, að þau geti innt af hendi það hlutverk, sem ráð er fyrir gert í þessu frv. Þetta er ein veigamikil ástæða til þess, úr því að ekki er hægt að framkvæma þessa væntanlegu löggjöf nema að nokkru leyti á árinu 1962, að sá háttur hefði þá verið upp tekinn hreinlega að leggja málið núna fyrir síðari hluta þessa þings, vísa því síðan til umsagnar sveitarstjórnum og vinna úr umsögnum þeirra í byrjun næsta þings og koma þá frv. í gegn á síðari hluta þessa árs eða í ársbyrjun 1963. Þá hefði verið hægt að koma við skynsamlegum og mennilegum vinnubrögðum við þessa breyt. á lögunum um tekjuöflun sveitarfélaganna.

Þetta, sem ég nú hef sagt, er játað í bráðabirgðaákvæði með frv., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skattanefndir (skattstjórar, þar sem þeir eru) skulu leggja á aðstöðugjald á árinu 1962, og skal gjaldið miðað við útgjöld, efnis- og vörukaup svo og fyrningarafskriftir á árinu 1961. Tilkynning sú, er um ræðir í 13. gr., skal send til skattanefnda (skattstjóra) eigi síðar en 1. júlí 1962. Gjalddagi aðstöðugjalds á árinu 1962 skal vera 1. september."

Í c-lið þessa bráðabirgðaákvæðis segir enn fremur:

„Á árinu 1962 leggja niðurjöfnunarnefndir og hreppsnefndir á útsvör samkv. V. kafla laga þessara, og fer um kærur og fresti eftir l. nr. 66 frá 1945 á því ári."

Og að lokum er í bráðabirgðaákvæðinu e-liður, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 1962—1967 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkv. l. um tekjuskatt og eignarskatt" o. s. frv.

Þessi bráðabirgðaákvæði sum eru beint sett með frv. vegna þess, að mönnum er ljóst, að hversu hratt sem afgreiðsla þessa máls gengur í gegnum þingið, þá verða hin nýju skattstjóraembætti ekki orðin starfhæf svo snemma á árinu 1962, að þau geti innt af hendi sitt hlutverk samkv. hinni nýju löggjöf. Og það segi ég að gefi vísbendingu um, að öllu eðlilegra hefði verið að fresta allri afgreiðslu málsins til næsta þings, en láta sveitarstjórnirnar fá tækifæri til þess í millitíðinni að segja álit sitt um frv. og miðla hv. þm., sem síðar eiga að afgreiða það, af sínum ríka reynslusjóði.

Nú kynnu menn að segja, að það, sem reki á eftir um setningu þessara laga, sé, að það sé verið að veita sveitarfélögunum nýja tekjustofna og þeim veiti ekki af að verða þeirra aðnjótandi þegar á þessu ári. Það er að vísu satt, að landsútsvarið er þarna nýr tekjustofn, og vafalaust langar sveitarstjórnirnar til þess að fá það sem fyrst ásamt útsvarstekjum og öðrum tekjum sínum á árinu 1962. En ekki finnst mér það skipta svo gífurlega miklu máli, hvort það er að einhverju leyti á þessu ári eða strax á því næsta, sem sá tekjustofn berst sveitarfélögunum í hendur. Það er ekki um það stóra tekjustofna að ræða nýja í þessu frv., að það skipti verulegu máli fyrir sveitarfélögin, hvort sú breyting verður á tekjumöguleikum þeirra á árinu 1962 eða árinu 1963. Mér finnst því, að þrátt fyrir það hefði verið tilvinnandi, að þetta stóra mál hefði fengið rýmri tíma til afgreiðslu og þannig betri undirbúning, þó að af því hefði leitt, að það hlyti ekki lögfestingu fyrr en í lok þessa árs, í upphafi næsta þings, eða í byrjun ársins 1963. En um það þýðir sjálfsagt ekki að tala. Ég játa, að það var ekki borin fram bein brtt. um þetta í heilbr.- og félmn., en mér fannst á öllu, að slíkur tillöguflutningur væri þýðingarlaus, því að það væri slíkt kapp lagt á að afgreiða málið án tafar, að það mundi vera tilgangslaust. En ég taldi fyllilega ástæðu til að vekja athygli á því, hver hefðu verið eðli-

legri og æskilegri vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu málsins.

Eins og frsm. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. vék að í sinni framsöguræðu hér áðan, bárust n., meðan hún hafði málið til meðferðar, nokkur erindi viðvíkjandi frv., og þau voru öll andmæli og athugasemdir og bárust á þessum skamma tíma, sem n. hafði málið til meðferðar. Þetta virtist strax benda til þess, að ýmsir aðilar væru í landinu, sem hefðu eitt og annað við frv. að athuga, eins og það væri úr garði gert. Það var í fyrsta lagi mikið erindi upp á margar vélritaðar síður frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þar var alveg sérstaklega og af miklum alvöruþunga andmælt ákvæðum 9. gr. frv. um aðstöðugjaldið, sem koma skal, svo sem öllum er nú orðið kunnugt, í staðinn fyrir veltuútsvörin hjá sveitarfélögunum. Þeir forsvarsmenn L. Í. Ú., sem mættu á fundinum, einir 7 eða 8, og fylgdu þar með eftir sínu ýtarlega erindi, sinni skriflegu gagnrýni á vissum ákvæðum frv., þeir sögðu það hiklaust við nefndina, að ef það hefði verið hugsað sem aðstoð við atvinnulífið í landinu, sjávarútveginn sérstaklega, að létta af þeim veltuútsvörunum, þá yrðu þeir að segja það skýrt og skorinort, að aðstöðugjaldið þætti þeim öllu verra. Látið okkur þá heldur fá að halda okkar veltuútsvari, sögðu þeir. Þeirra afstaða var þessi. Þeir báðu heldur um veltuútsvarið áfram en hið nýja aðstöðugjald, sem koma skyldi í þess stað. Hitt var svo varatillaga þeirra, að ef aðstöðugjaldið ekki fengist hreinlega fellt niður og veltuútsvarinu fremur haldið, þá yrðu a. m. k. gerðar breytingar, sem tryggðu, að það yrði takmarkaður grundvöllur sá, sem leggja mætti aðstöðugjaldið á, einkanlega hjá fyrirtækjum útgerðarmanna og fiskiðnaðarfyrirtækjum.

Hv. meiri hl. hefur að vísu synjað Landssambandi ísl. útvegsmanna algerlega um það að hverfa frá því að taka upp aðstöðugjaldið og láta þá hafa sitt veltuútsvar áfram, eins og þeir skýrt og skorinort báðu um. En hins vegar hefur meiri hl., — það skal játað, — komið dálítið til móts við þá með því að takmarka ákvæðin um aðstöðugjald þannig, að skýrt sé, að það leggist ekki á eigin fjárfestingu fyrirtækjanna, en eingöngu á samanlögð rekstrarútgjöld þeirra, — áður stóð: samanlögð útgjöld, — en það þrengir nokkuð grundvöllinn, sem gjaldið leggst á, þegar tekið er fram, að það skuli einungis vera samanlögð rekstrarútgjöld fyrirtækjanna. Að þessu leyti hefur verið komið til móts við hina sterku gagnrýni L. Í. Ú., sem Landssambandið fylgdi svo mjög eftir, að það sendi fyrst langt og ýtarlegt erindi og lét síðan stóra sveit gervilegra útgerðarmanna koma á fund n. til þess að ræða við hana ýtarlega sín sjónarmið. Hvernig þeir una þessum hlut sínum, skal ég ekki um segja, en svo mikið er víst, að þeir létu svo sem þeim væri það mest í mun að fá heldur að halda veltuútsvarinu og mega vera lausir við þetta svonefnda aðstöðugjald.

Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi sendi heilbr.- og félmn. einnig erindi út af þessu frv. og gagnrýndi nokkur ákvæði þess, nokkur þau sömu, sem L. Í. Ú. hafði gagnrýnt, og gerðu forsvarsmenn þeirra samtaka einnig grein fyrir sínu máli. Það, sem þeir vildu einkum fá lagfært, var það, að ekki gæti undir nokkrum kringumstæðum komið til mála, að eigin fjárfesting fyrirtækja yrði skattlögð með aðstöðugjaldinu. Eru brtt., sem gerðar hafa verið á 9. gr. samkv. till. meiri hl. heilbr.- og félmn., því að nokkru leyti svar við þeirra erindi.

Félag skattstjóra hafði einnig ritað n. og gert athugasemdir um eitt atriði frv., þ. e. a. s. um launagreiðslur til skattstjóra, og vildu fá þar á breytingar nokkrar.

Þá barst einnig erindi frá stjórn kaupstaðasamtakanna á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, og fulltrúar frá stjórn þeirra samtaka mættu einnig hjá heilbr.- og félmn. á fundi og ræddu sínar brtt., sem þeir lögðu fram. Þeir lögðu fram þó nokkuð margar brtt. við frv. Hafa, að ég held, fæstar þeirra verið teknar til greina, en þó ein eða tvær þeirra.

Og að síðustu var svo lagt fram á fundi í heilbr.- og félmn. bréf frá bæjarstjóranum á Siglufirði, þar sem bent var á þá staðreynd, að Siglufjarðarkaupstaður mundi verða fyrir tekjutjóni af frv., ef það yrði lögfest. Að því er það sveitarfélag snerti væri því ekki um nýja tekjustofna eða auknar tekjur að ræða, heldur yrði Siglufjarðarkaupstaður fyrir tekjuskerðingu sökum þess, að ríkisfyrirtæki þar, svo sem síldarverksmiðjurnar fyrst og fremst, hefðu goldið þar í bæjarsjóðinn opinber gjöld, og mundi sú skattgreiðsla nú að mjög miklu leyti hverfa og bærinn því verða fyrir tilfinnanlegum tekjumissi. Þessu verður ekki heldur mótmælt. Þetta er þannig. Nokkur sveitarfélög, Siglufjörður, Raufarhöfn, Seyðisfjörður, Njarðvíkurhreppur og sennilega nokkur fleiri verða fyrir tekjumissi við lögfestingu þessa frv., og er það því von, að þau mótmæli slíku, þegar um er að ræða lagafrv., sem á að bæta aðstöðu sveitarfélaganna, en ekki að spilla henni. Það skal hins vegar játað, og kem ég að því nánar síðar, að með 6. till. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. er nokkuð komið til móts við þau sveitarfélög, sem verða fyrir skell af völdum þessa frv., og munu þau e. t. v. una sínum hlut nokkru skár, ef sú till. verður samþ., svo sem búast má við.

Mig vantar nú nál. meiri hl. heilbr.- og félmn., en ég man það þó rétt, að í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. er það alveg játað, að nokkur sveitarfélög verði fyrir barðinu á þessu frv. og verði fyrir tekjurýrnun, svo að það fer vitanlega ekki á milli mála. Það er og játað í nál. meiri hlutans, að í þessu frv. sé um minni háttar tekjuaukningu að ræða fyrir sveitarfélögin í heild heldur en í frv., sem var til bráðabirgða og afgr. hér á Alþ. á árinu 1960. Þá fengu sveitarfélögin ⅛ af innheimtum söluskatti til ríkissjóðs, og það var nokkur tekjubót fyrir sveitarfélögin, en svo segir í nál. meiri hl.: „Að þessu sinni er aðallega um það að ræða að lögfesta landsútsvör," — og það er rétt. Það er í raun og veru ekki um aðra nýja tekjustofna að ræða í þessu frv. en þennan litla vísi að landsútsvörum, sem hér er lagt til að upp verði tekinn í 17. —19. gr. frv. Öll þau sveitarfélög, sem kærðu sig um, hafa í gildandi l. haft heimild til þess að leggja á fasteignaskatt, svo að hann er ekki nýr tekjustofn. Aðstöðugjaldið er, eins og ég

hef margsinnis vikið að hér áður, eiginlega nýtt nafn fyrst og fremst á veltuútsvörunum. Ákvæðin um hluta sveitarfélaganna af söluskatti eru óbreytt frá því, sem verið hefur. Og þá ber að þessum brunni, að það eru landsútsvörin ein, sem eru hinn nýi tekjustofn, sem sveitarfélögin fá með lögfestingu þessa frv. Það er að vísu rétt, að nú er skylt samkv. frv. að leggja á fasteignaskatt, en áður hefur það verið heimilt. — Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um nál. meiri hl., en vil lítillega þessu næst víkja að brtt. þeim, sem hv. meiri hl. n. hefur lagt fram á þskj. 462.

N. var nefnilega klofin að mér fjarstöddum. Ég var sjúkur einn dag og tilkynnti auðvitað skrifstofu þingsins það, og hafði þannig lögleg sjúkdómsforföll. En á þeim degi var lokið meðferð heilbr.- og félmn. á þessu frv. og nefndin klofin. Mér gafst því ekki kostur á að segja til um, hverjum af brtt. hv. meiri hl. ég gæti fylgt og hverjum ekki, né heldur gat ég gert hv. meiri hl. neina grein fyrir brtt. mínum. N. klofnaði því án þess, að gengið væri úr skugga um, að hve miklu leyti hugsanlegt hefði verið að fá heildarsamkomulag um brtt. við frv. Þetta sýnir, að hv. meiri hl. n. taldi sig vera mjög bundinn í báða skó um það að hraða sem allra mest afgreiðslu frv., því að vissulega eru það æskilegust vinnubrögð, að úr því fáist skorið í nefndarstarfinu, að hve miklu leyti samkomulag er um mál og að hve miklu leyti menn geta orðið sammála um brtt. frá stjórnmálaflokkunum á þingi. En í þessu tilfelli gafst ekki tóm til þess sökum eins dags veikindaforfalla. Ég verð því að verja nokkrum mínútum í það að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra brtt., sem hv. meiri hl. n. ber fram á þskj. 462. Ég skal fara þar mjög fljótt yfir sögu, því að eiginlega hefði þetta átt að gerast upp í nefndinni.

Ég tel 1. brtt., við 9. gr., um að takmarka nokkuð þann grundvöll, sem aðstöðugjaldið leggst á, vera til nokkurra bóta. En þó er ég henni ekki að öllu leyti samþykkur. Ég tel alveg ástæðulaust að breyta gr. frá því, sem er í frv., að því er snertir hvers konar verzlunar- og þjónustufyrirtæki. Ég tel, að gr. hefði mátt að ósekju gagnvart þeim vera sem næst óbreytt. En hins vegar er full ástæða til þess að breyta greininni og þrengja grundvöll hennar að því er snertir útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki, því að þau eru þannig stödd, að þessi gjöld leggjast af öllum þunga sínum á þau og þeirra rekstur, og slík fyrirtæki eiga þess engan kost að velta þeim af sér yfir á aðra, og skiptir því mjög miklu máli, að þau séu sanngjarnlega lögð á slík atvinnufyrirtæki. Ég flyt því einnig brtt. við þessa grein og nokkuð í sömu átt og hv. meiri hl. gerir, en þó að verulegu leyti á annan veg, og mun ég gera grein fyrir því nánar, þegar ég ræði um mínar eigin tillögur. Þó verð ég að játa það, að gr. er til bóta svo orðuð sem meirihlutamennirnir í heilbr.- og félmn. gera ráð fyrir, samanborið við það, sem er í sjálfu frv. Að minni till. fallinni mundi ég því sennilega greiða henni atkv.

Þá er 2. till. Hún er eingöngu um það að færa fram gjalddaga á aðstöðugjaldinu, og tel ég það til bóta.

3. till. er um það, að sveitarfélögum, sem megi leggja sín útsvör á sjálf og ein án þess að þurfa að fara með það í kokkhúsið til skattstjórans, þeim er fjölgað með brtt. meiri hl., þannig að þessa sjálfsákvörðunarréttar njóta nú ekki aðeins hin allra smæstu sveitarfélög, upp að 300 íbúum, heldur nokkru fleiri, þ. e. a. s. sínum sjálfsákvörðunarrétti eiga að mega halda um álagningu útsvaranna þrátt fyrir öll skattstjóraembættin sveitarfélög, sem hafa 500 íbúa. Þetta sýnir, að sú skerðing á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna, sem felst í þessu frv., þykir svo mikil og tilfinnanleg, og sveitarfélög með 500 íbúa og færri hafa andmælt þessari réttindaskerðingu svo kröftuglega, að meiri hl. hefur hrokkið við og fellst á að láta sveitarfélög með allt upp að 500 íbúum halda þessum rétti, að ráða að öllu skattlagningu sinni að því er snertir útsvarsálagninguna. En hin stærstu, hvers sem þau eiga nú að gjalda, fá ekki að halda þessum rétti. Þau verða fyrir þeirri réttindaskerðingu um sjálfsákvörðunarvald yfir útsvarsálagningunni, sem hin vilja ekki sætta sig við, hin smærri, og látið er eftir þeim, að þau skuli vera laus við. Ég hef ekki heyrt nein rök færð fyrir því, hvers vegna sé nauðsynlegt að koma þarna til móts við eindreginn vilja og óskir hinna smærri sveitarfélaga, en synja aftur hinum stærri sveitarfélögum um það. Mín till. er því sú, að öll sveitarfélög landsins fái að halda þeim sjálfsákvörðunarrétti, sem þau nú hafa um álagningu sinna útsvara, og legg til, að allur kaflinn um nýja skattstjóraembættafarganið verði felldur niður.

5. brtt. er sjálfsögð. Hún er um það að heimila sveitarstjórnum að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem eiga að renna í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvaranna, svo að hægt sé að hafa þessa innheimtu meira sameinaða, t. d. láta gjaldseðil með öllum gjöldunum koma í einu, en ekki að þurfa að gefa út jafnmarga gjaldkröfuseðla og skattstofnarnir eru margir, en þannig var þetta í frv. Þessi till. er því ótvírætt til bóta miðað við hagkvæma framkvæmd.

Og svo er 6. till., sem viðurkennir það, að samkv. frv. verði þó nokkuð mörg sveitarfélög fyrir tekjuskerðingu við setningu laganna, og þess vegna er lagt til af meiri hl., að á árunum 1963—65 skuli ráðh. vera heimilt að verja fé úr jöfnunarsjóði til þess að bæta sveitarfélögum að nokkru eða öllu leyti þann halla, sem þau kunna að bíða vegna ákvæðanna um landsútsvör, ef hallinn er verulegur fyrir sveitarfélagið og útsvarsbyrði þess til muna meiri en almennt gerist. Þetta er verndarákvæði gagnvart þeim sveitarfélögum, sem verða fyrir tekjumissi við setningu þessara laga, lögfestingu þessa frv., og er ég því fyllilega samþykkur, þótt eðlilegast hefði verið að búa svo um hnútana í frv. sjálfu, að tekjuskerðing yrði a. m. k. ekki mjög tilfinnanleg hjá neinu sveitarfélagi við þetta nýja tekjuöflunarfrv.

Þá kem ég að því að gera grein fyrir brtt. mínum, sem nú rétt í þessu hefur verið útbýtt og eru á þskj. 494. Þetta eru 13 till., sumar um grundvallaratriði frv., og vil ég fara um þær nokkrum orðum. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann telji ekki rétt að gera

hlé á ræðu sinni?) Jú, ég held það. Það er alveg nýtt efni í henni núna. (**Forseti:** Þá verður fundinum frestað til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar, fyrir fundarhlé, hafði ég skýrt frá vinnubrögðum í n., rætt nokkuð um nál. meiri hl. og brtt. meiri hl. og gert grein fyrir afstöðu minni til þeirra tillagna, þar sem þær höfðu verið afgr. á nefndarfundi, þar sem ég hafði ekki mætt. Ég hafði þar komið máli mínu, þegar ég hugðist fara að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við málið.

1. brtt. mín á þskj. 494 er við 9. gr. frv. og er um það að slá þann varnagla í fyrsta lagi, að aðstöðugjaldið verði aldrei lagt á annað en samanlögð rekstrarútgjöld, og er það í samræmi við till. meiri hl., og í annan stað, að aðstöðugjald útgerðar- og fiskiðnaðarfyrirtækja skuli aldrei miðast við hærri rekstrarútgjöld en sem bráttótekjum rekstrarins nemur. Ég tel, að útgerðar- og fiskiðnaðarfyrirtæki hafi þarna sérstöðu, og það verður því að gjalda sérstaklega varhuga við að leggja ekki gjaldið á annað en bein rekstrarútgjöld þeirra, og tel eðlilegt, að það hámark sé sett, að viðmiðunin sé aldrei hærri en bráttótekjunum nemur. M. ö. o.: ég legg til, að 9. gr. orðist svo: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld vegna atvinnurekstrarins næstliðið almanaksár, þar með talin efnis- og vörukaup iðnfyrirtækja svo og fyrningarafskriftir samkv. ákvæðum skattalaga. Aðstöðugjald útgerðar- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal þó aldrei miðast við hærri rekstrarútgjöld en bráttótekjum rekstrarins nemur."

Þá legg ég enn fremur til, að aðstöðugjaldið skuli ekki vera frádráttarbært. Ég tel það allt annars eðlis en venjuleg útsvör og tel, að það sé ástæðulaust, að það sé frádráttarbært. Hins vegar er þarna aðeins um að ræða útlínur þess, hvernig þetta verður lagt á, og betra að stilla gjaldinu heldur betur í hóf. Það hygg ég að megi treysta sveitarstjórnunum til að gera, þar sem þær, eins og nm. sögðu fulltrúum Landssambands ísl. útvegsmanna, hljóta öllum öðrum fremur að skilja það, að ekki má slátra mjólkurkúnni.

Rétt er, að ráðherra eigi þess kost að setja með reglugerð nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

Þegar 9. gr. væri komin í þetta horf, þá held ég, að það ætti ekki að geta komið neinu fyrirtæki að sök, að gjaldið sé lagt á eins og lagt er til í frv., á útgjöldin, þegar búið er að takmarka það á þennan hátt við sjálf rekstrarútgjöldin og veita rýmri skilyrði fyrir útgerðarfyrirtæki og fiskiðnaðarfyrirtæki en þar er gert. Þetta er mín fyrsta brtt. Og ég hef áður tekið það fram, að till. meiri hl. um breyt. á 9. gr. fer nokkuð í sömu átt, þó að þær séu engan veginn sama efnis. En fyrir hvorum tveggja, meiri hl. og minni hl. heilbr.- og félmn., vakir það sama, að slá þarna varnagla að því er snertir álagningu aðstöðugjaldsins.

Við 10. gr. flyt ég einnig smábrtt. Í 10. gr. frv. segir, að aðstöðugjaldið megi ekki vera hærra en þar er tilgreint, frá ½% og upp í 2%. En ég legg til, að stafliður e bætist við þessa grein og að í honum séu skartgripaverzlanir, sælgætissölur, kvikmyndahús í einkarekstri, blómaverzlanir og lyfjabúðir og á þessi fyrirtæki megi leggja allt að 3%, þ. e. a. s. að þarna bætist við einn gjaldliður í viðbót með hærra hámark en í hinum liðunum og að undir hann falli skartgripaverzlanir, sælgætissölur, kvikmyndahús í einkarekstri, blómaverzlanir og lyfjabúðir. Í sumum sveitarfélögum mun það vera til, að sérákvæði gildi um þessa tegund fyrirtækja og að það sé lagt á eftir hærri reglum og rýmri en önnur atvinnufyrirtæki í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá kem ég að einni af veigameiri brtt. við frv., og er sú till. um landsútsvörin. Ég lét það í ljós við 1. umr. um málið, að ég teldi till. um landsútsvör vera allt of þröngar og þar af leiðandi kæmu af þessu minni tekjur en eðlilegt væri til handa sveitarfélögunum, og eru till. mínar um landsútsvörin allvíðtækar. Ég legg til, að 17. gr. breytist verulega og verði gerð víðtækari, að 18. gr. í þeirri mynd, sem hún er í frv., falli niður, og efni 19. og 20. gr. breytist einnig verulega samkv. mínum till.

Efni þessarar till. minnar er í fyrsta lagi það, að landsútsvör skuli greiða fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, þar með talin sölunefnd varnarliðseigna, einnig sementsverksmiðja ríkisins, áburðarverksmiðjan, viðtækjaverzlun ríkisins, landssmiðjan, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og þau fyrirtæki önnur, sem félmrn. úrskurði að samkv. eðli málsins falli undir þessi ákvæði. Með þessu móti eru það miklu fleiri fyrirtæki, sem ekki aðeins er heimilt, heldur skylt að leggja á landsútsvör, en í frv. segir. Og þetta væri því, ef brtt. mín verður samþ., orðinn miklu gildari tekjustofn handa sveitarfélögunum. Til þess er ætlazt samkv. minni till., að landsútsvörin skuli renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og er einnig gert ráð fyrir því í frv., en landsútsvörin skuli í heild skiptast í réttu hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna. Þetta er á annan veg en í frv., því að þar er ætlunin, að fjórðungur landsútsvars falli til hverju sveitarfélagi, þar sem viðkomandi fyrirtæki er staðsett, en að ¾ hlutar landsútsvarsins, sem slíkt fyrirtæki á að bera, skuli skiptast eftir íbúatölu. Á þessu er meginmunur. Ég hygg, að ekki verði með rökum móti því mælt, að eðlilegast er, að landsútsvörin skiptist á öll sveitarfélög landsins eftir íbúatölu.

Með frv., eins og það er, mundu Reykjavíkurborg verða tryggðar allháar upphæðir af landsútsvari með ákvæðinu um, að ¼ hluti landsútsvarsins skuli falla til þess sveitarfélags, sem fyrirtækin eru staðsett í. En út á sína feiknaháu íbúatölu fær Reykjavík líka bróðurpartinn af landsútsvörunum með þessari skiptingu, með því að láta íbúatölu sveitarfélaganna einungis ráða skiptingunni og þannig sé hún hlutfallsleg á öll sveitarfélögin, hlutdeild þeirra í landsútsvörunum sé hlutfallsleg að öllu leyti við íbúatöluna.

Ég sé, að nokkrar brtt. eru þegar komnar fram viðvíkjandi þessari grein. Þar er lagt til,

að landsútsvör verði ekki lögð á síldarverksmiðjur ríkisins, en þær skuli í staðinn greiða 1% af brúttó-andvirði seldra afurða á hverju ári til þess sveitarfélags, þar sem þær eru starfræktar. Ég játa, að það gæti komið til mála að undanþiggja af ríkisfyrirtækjunum einna helzt síldarverksmiðjur ríkisins og e. t. v. sementsverksmiðjuna, gangandi út frá því í fyrsta lagi, að síldarverksmiðjurnar geti búið við svo misjafnt árferði, að það beri að ganga varlega til verks með að skattleggja þær í góðærinu, og hins vegar, að sementsverksmiðja ríkisins á að inna af hendi þá þjónustu fyrir landslýð allan að framleiða sem allra ódýrast sement, og því vafasamt, hvort nokkurt útsvar á að leggja á slíkt fyrirtæki eins og sementsverksmiðjuna. En að öðru leyti teldi ég sjálfsagt, að öll ríkisfyrirtæki, sem annast verzlun og viðskipti, verði berendur landsútsvars.

Hér er lagt til, að olíufélögin, skipafélög, sem þjóna landsbyggðinni allri, bankar og tryggingafélög skuli bera landsútsvar, en frv. nær ekki yfirleitt til þessara stofnana, félaga, samtaka og fyrirtækja.

Gjalddagi landsútsvaranna tel ég sé rétt, að sé á miðju ári, á miðju gjaldárinu, og er lagt til, að hann verði 1. júlí.

Þá er mín 4. till. sú, að eftir 17. gr. frv. komi ný grein, er verði 18. gr., og sé hún svo hljóðandi: „Samband ísl. sveitarfélaga skipar fimm manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félmrn. sér um innheimtu þeirra. Landsútsvarið skal á lagt eftir sömu reglum og lög ákveða hverju sinni. Kærur vegna álagðra landsútsvara koma fyrst til úrskurðar nefndar þeirrar, sem jafnar þeim niður, en heimilt er útsvarsgreiðanda að kæra útsvarið áfram til ríkisskattanefndar, ef hann vill ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndarinnar. Landsútsvarsskyld fyrirtæki skulu ekki greiða sveitarútsvar af þeim viðskiptum, sem landsútsvar nær til."

Hér er um alveg nýtt ákvæði að ræða. Í fyrsta lagi er ætlazt til þess, að sérstök n. leggi landsútsvörin á, en í frv. segir ekkert um það, hver skuli leggja þau á, en það virðist vera gengið út frá því, að það verk hvíli á félmrn., félmrn. sjálft eigi að leggja landsútsvörin á. Ég tel, að svo mikið kalli að í félmrn. sem öðrum ráðuneytum af daglegum störfum, að erfitt sé að taka við svona umfangsmiklu verkefni beint inn í ráðuneytið til framkvæmda, verki, sem verði að vinnast á skömmum tíma, og sé því eðlilegra, að Samband ísl. sveitarfélaga velji úr hópi sveitarstjórnarmanna fimm manna nefnd til þess að jafna landsútsvörunum niður, hún standi ábyrg fyrir sínum verkum og megi kæra til hennar, og geri hún þá þær leiðréttingar, sem henni þykir þurfa. En fáist ekki sú leiðrétting, sem gjaldendur vilji sætta sig við, þá gangi málið til hins æðra úrskurðarstigs, sem ráð er fyrir gert í frv., þ. e. a. s. ríkisskattanefndar.

Í 18. gr. frv. er ætlunin að leggja landsútsvarið á eftir þeim reglum, sem þar eru tilgreindar, mismunandi hundraðshluta af hagnaði ríkisfyrirtækja, af heildarsölu stofnana, sem greindar eru í 17. gr. d., og af heildarsölu olíufélaganna. En í mínum till. er lagt til, að á þessi fyrirtæki og stofnanir, sem landsútsvör skuli greiða, sé lagt landsútsvar eftir sömu reglum og lagaákvæðum sem gildandi eru hverju sinni um útsvör á fyrirtæki, — þó að útsvarsupphæðin eigi að skiptast á sveitarfélögin í landinu, beri þau sams konar útsvör og þau hefðu borið við núverandi aðstæður.

Þegar gerð hefur verið grein fyrir álagningu útsvaranna á þennan hátt, kemur af sjálfu sér, að 18. gr. frv. og 19. gr. eiga að falla niður, en í framhaldi af þessu eru nauðsynlegar breyt. á 20. gr., og legg ég til, að hún verði svo hljóðandi:

„Félmrn. annast úthlutun framlaga jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna. Kostnaður við störf niðurjöfnunarnefndar landsútsvara samkv. 18. gr. greiðist af heildarupphæð landsútsvara. Við úthlutun ráðuneytisins á landsútsvörum til sveitarfélaganna er því heimilt að halda eftir 1% af tekjum jöfnunarsjóðs til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkv. 15. gr., unz sjóðurinn nemur alls 7 millj. kr."

Það er heimilað í frv. að halda eftir 1% af tekjum jöfnunarsjóðs, þar til hann hefur náð 5 millj. kr. En ég tel það mark í það lægsta og vil, að þessi heimild gildi, þar til sjóðurinn hefur náð 7 millj. kr., og mætti þó e. t. v. setja það mark hærra, svo að nokkurn veginn verði fyrir því séð, að jöfnunarsjóðurinn fengi nokkurn styrk og gæti orðið nokkuð verulega þess umkominn að hjálpa sveitarfélögunum samkv. ákvæðum 15. gr. Ég taldi nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í mínum brtt., að niðurjöfnunarnefndin, sem ég geri ráð fyrir að leggi landsútsvörin á, fengi þóknun fyrir sín störf og þá að sjálfsögðu af heildarupphæð landsútsvara, áður en hún kæmi til skipta milli sveitarfélaganna.

8. brtt. mín er aðeins um gjalddaga á framlagi jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, og er í tillögunni svo kveðið á, að framlag jöfnunarsjóðsins til sveitarfélaganna greiðist þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. maí, fyrir 15. okt. og fyrir 15. jan. Er það í samræmi við till. stjórnar kaupstaðasamtakanna á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ef sveitarfélag skuldar ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar og á að fá landsútsvar, megi halda landsútsvarinu eftir, að svo miklu leyti sem það hrekkur til til þess að greiða ábyrgðarskuldina, og gæti þá svo farið, að sveitarfélagið fengi ekkert af landsútsvarinu í sínar rekstrarþarfir og yrði þannig í einu stóru átaki að greiða sína ábyrgðarskuld. Nú ber að sjálfsögðu að búa svo um, að ríkið hafi fulla aðstöðu til að innheimta sínar ábyrgðarskuldir, og hef ég því lagt til, að ákvæðið um þetta verði svo hljóðandi:

„Nú kemst sveitarsjóður eftir setningu þessara laga í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og skal þá taka upp samninga um greiðslur ábyrgðarskuldarinnar, áður en hluti sveitarfélagsins er greiddur. Þó má aldrei ganga nær gjaldgetu sveitarfélags en svo í slíkum samningum, að útsvarsbyrðar gjaldenda í viðkomandi sveitarfélagi geti orðið innan eðlilegra takmarka, miðað við önnur sveitarfélög með hliðstæða aðstöðu."

Með þessu væri tryggt, að samningar tækjust milli ríkissjóðs og sveitarfélagsins um greiðslu á ábyrgðarskuld, og nokkur trygging fyrir því, að greiðslubyrðinni væri dreift á það tímabil, sem væri sveitarfélaginu viðráðanlegt, án þess að þurfa að ofþyngja skattþegnunum vegna þess, að greiðslan væri heimtuð í einu lagi.

Þá er 9. brtt. mín við 30. gr. frv. Meginbreytingin hjá mér er sú, að allir þeir undirtölulíðir í 30. gr., sem víkja að skiptingu útsvara milli sveitarfélaga, skuli falla niður, og að þær leifar af útsvaraskiptingu milli sveitarfélaga, sem ráð er fyrir gert í frv., hverfi algerlega. Ég tel, að þetta séu gamlar leifar, sem ekki sé nauðsynlegt að viðhalda og tæpast sé rétt að viðhalda lengur, en fæ ekki betur séð en því muni fylgja mjög umfangsmikil skriffinnska að velta þessum útsvarshlutum milli sveitarfélaganna, frá sveitarfélagi og til, sitt á hvað, en mjög óvíst, að þetta hafi nokkra praktíska þýðingu fyrir sveitarfélögin eftir allt saman, og held því, að það væri mjög gott að losna við þessar seinustu leifar af skiptingu útsvara, og það væri gert alveg hreint borð að því er þetta snertir með samþykkt minnar 9. brtt. En till. er um það, að greinin orðist svo:

„a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. l. nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

b. Á aðra aðila skal útsvar lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.

c. Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið (þ. e. a. s. sveitin).

d. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári."

En eins og ég hef sagt, allir þeir undirliðir 30. gr., sem að einhverju leyti fjalla um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga, falli niður.

Þá kemur, að því er ég tel, með 10. brtt. minni ein af veigameiri brtt., því að hún fjallar um sjálfan útsvarsstigann. Samkv. frv. er í 32. gr. heimilað að leggja útsvör á einstaklinga frá og með 15 þús. kr. hreinum tekjum. Það mark finnst mér vera svo lágt, að það sé bókstaflega fjarstæðukennt að ætla manni með 15 þús. kr. hreinar tekjur að bera útsvar. Í brtt. minni miða ég við það, að útsvar verði ekki lagt á lægri tekjur hjá einstaklingum en 30 þús. kr. hreinar tekjur. Held ég, að till. mín verði skýrust með því að lesa upp, hvernig útsvarsstiginn kæmi til með að líta út samkv. minni till. frá 30 þús. kr. og upp að 100 þús. kr. og þar yfir, en á sama hátt og hann er byggður upp í frv., og hef ég þar breytt stiganum til samræmis við grundvallarbreytinguna, nefnilega það tekjumark, sem byrjað er á. Till. er þá á þessa leið, að af 30—40 þús. kr. greiðist 1000 af 30 þús. og 16% af afgangi. Af 40—50 þús. kr. greiðist 2800 kr. af 40 þús. og 18% af afganginum. Af 50—60 þús. kr. greiðist 4800 kr. útsvar af 50 þús. og 20% af afganginum. Af 60—70 þús. kr. greiðist 7 þús. kr. af 60 þús. kr. tekjum og 22% af afganginum. Af 70—100 þús. kr. greiðist 9500 af 70 þús. og 25% af afganginum. En af 100 þús. kr. og þar yfir greiðist 17 þús. af 100 þús. kr. og 30% af afganginum, sem sé að greiða í útsvar 30% af tekjum umfram 100 þús. kr., og er það sama og stiginn kveður á um samkv. frv. Breyt. liggur því í því, að ekki er heimilt að leggja útsvar á eins lágar tekjur og ráð er fyrir gert í frv. En það, hvernig útsvarsþunginn leggst á frá 30 þús. og upp að 100 þús., er jafnað út með uppbyggingu stigans eftir mjög svipuðum reglum og hann er byggður upp eftir í frv. En eftir 100 þús. kr. tekjur er útsvarsbyrðin hin sama samkv. till. minni og stiganum eins og hann er í frv.

Þá eru og smábreyt. við a-lið þessarar gr., 32. gr., en ekki verulegar. Í frv. segir, að frá útsvari, eins og það reiknast samkv. þessum stiga, sé veittur fjölskyldufrádráttur, 800 kr. fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldandans samkv. eftirfarandi reglum: Fyrir fyrsta barn 1000 kr., — þetta er eins samkv. minni till., — fyrir annað barn 1100 kr. og fyrir þriðja barn 1200 kr. Þessar tölur eru allar óbreyttar samkv. minni till. En síðan segir í frv., að eftir það hækki frádrátturinn um 100 kr. fyrir hvert barn, en þegar barnahópurinn er orðinn fjögur eða fleiri, tel ég rétt, að frádrátturinn hækki, og legg til, að eftir það verði 200 kr. frádráttur fyrir hvert barn, frá og með fjórða barni. Í frv. segir svo, að auk þessa frádráttar sé heimilt að draga frá útsvari samkv. 1. málsgr. allt að 800 kr., þannig að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu upphæð. Ég legg til, að þessi heimild breytist úr 800 kr. í 1000 kr., en meginreglan sé hin sama, að þannig sé hægt að lækka útsvör allra um hér um bil sömu upphæð. Og enn fremur legg ég til, að fella megi niður með öllu útsvarsálagningu á tekjur, sem séu lægri en svo, að útsvarið af þeim verði 1000 kr., og er það samhljóða ákvæði í frv. Í þessum tölul. gr. eru svo einnig ákvæði um útsvarsálagningu á félög í tveimur þrepum, og hef ég ekki gert neina brtt. við þau.

Þá er komið að D-kafla frv. um álagningu útsvara, þ. e. a. s. 37.—46. gr. Þetta er kaflinn um hin nýju skattstjóraembætti og hvernig þau eigi að starfa meira og minna í samstarfi við framtalsnefndirnar og að álagningu útsvaranna. Ég legg til, að allur kaflinn falli niður, og þýðir það þá, að áfram eigi að gilda þær reglur og þau lagaákvæði frá bráðabirgðaákvæðum um útsvör 1960, sem nú gilda, þannig að niðurjöfnunarnefndirnar annist álagningu útsvaranna og skattstjórafyrirkomulagið, sem nú er í landinu, verði að sinni óbreytt. Þetta er að sjálfsögðu allveigamikil breyting á frv., en mundi á þessu ári a. m. k. ekki hafa verulega þýðingu, vegna þess að frv. er svo seint á ferð, að aðstandendur frv. játa, að ýmiss konar framkvæmdaratriði, sem gert er ráð fyrir í þessum kafla, séu óhugsanleg á árinu 1962 vegna þess, hvað seint það kemur.

Ég er í fyrsta lagi þeirrar skoðunar, að þetta nýja skattstjóraembættiskerfi verði dýrt og væri þannig gott við það að losna. Í annan stað held ég, að eins og kaflinn er byggður upp, þá sé lítt framkvæmanlegt fyrir framtalsnefndirnar að vinna samkv. ákvæðum hans. Þeim virðist vera ætlað að vinna úr framtölum manna, áður en skattstjóri hefur um framtölin fjallað, og undirbúa þau að öllu leyti undir lokaálagningu útsvaranna. Ég tel, að miklu eðlilegra væri, að öll framtöl gjaldþegnanna færu strax á byrjun-

arstigi gegnum hreinsunareld skattstjóraembættanna, ef þau eiga á annað borð að vera, og að starfseminni þarna væri í verulegum atriðum vikið við frá því, sem ráð er fyrir gert í frv. En með till. minum er synt fram hjá þessum agnúum á samstarfi framtalsnefndar og skattstjóra á þann hátt, að núverandi fyrirkomulag eigi að gilda og efni þessa kafla ekki að koma til framkvæmda.

Ég hef áður á það bent, að ég óttast, að sú dreifing ábyrgðar, sem leiða muni samkv. frv. af verkaskiptingu milli skattstjóra og framtalsnefndar, geti reynzt óheppileg, ef til ágreinings kæmi vegna útsvarsálagningarinnar. Þá kynni svo að fara, að hver kenndi öðrum um. Ég tel og, að störf framtalsnefnda séu, eins og ég áðan sagði, lítt framkvæmanleg með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, og held, að það mundu koma í ljós verulegir agnúar við framkvæmd starfa með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert. Ég held því, að ráðlegt væri að athuga sinn gang betur, jafnvel af þeim, sem vilja halda fast við það, að þetta nýja embættakerfi verði sett á fót.

Ég held, að skattstjóraembættin með umboðsmönnum þeirra í hverju sveitarfélagi og fjölmennu starfsliði, sem sé þess umkomið að ljúka niðurjöfnunarstarfi á skömmum tíma, eins og vera þarf og hlýtur að verða, hljóti að verða mjög dýr í framkvæmd. Þess vegna held ég, að það sé mesta fásinna, jafnvel öfugmæli, að tala um sparnað, eins og gert hefur verið í sambandi við fyrirhugaða skipun skattstjóraembættanna, og það sem verst er, að ég efast um, að þetta fyrirkomulag reyndist fyllilega starfhæft á ýmsum stöðum á landinu. Niðurstaða mín er sem sé þessi, að ég legg til, að allur D-kaflinn falli niður.

Þá er 12. brtt. mín. Hún er við 47. gr. frv., um það, að b-liður gr. orðist svo: „Álagt útsvar, að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með sex jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. febr. eftir ákvörðun sveitarstjórnar þannig: 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv., 1. jan. og 1. febr.“ Nú mun það vera svo, að þeir, sem greitt hafa útsvar sitt að fullu fyrir áramót, fá útsvarsupphæð sína dregna frá á næsta skattári, verða ekki útsvarsskyldir að því er snertir hina greiddu útsvarsupphæð. Og einnig þeir, sem greitt hafa útsvar sitt reglulega, þ. e. launþegar, og atvinnurekendur haldið eftir af tekjum þeirra mánaðarlega og skilað sveitarsjóðnum þannig útsvarsupphæð þeirra á reglubundnum gjalddögum, þeir munu hafa fengið útsvarið viðurkennt sem frádráttarbært, ef þeir höfðu greitt það fyrir 1. febr. næsta ár á eftir. Ég held, að það sé áreiðanlegt, að í frv., eins og það er, séu þessi ákvæði þrengd þannig, að öllum sé gert að skyldu að hafa greitt að fullu útsvar sitt fyrir áramót, og þannig gert ráð fyrir því, að þeir greiði einnig hluta af því eða lokaáfangann í desembermánuði. Nú er það vitað mál, að desember er af ýmsum ástæðum mörgum einna erfiðastur útgjaldamánuður og því gott að geta losnað við að eiga að greiða af útsvari sínu ásamt öllu öðru í þeim mánuði, og geri ég því ráð fyrir, að mönnum sé heimilt að ljúka útsvarsgreiðslu sinni í ágúst, september, október og nóvember, svo sé stokkið yfir desembermánuð og menn fái að ljúka útsvarsgreiðslunni í janúar og 1. febrúar, og þá njóti þeir þeirra fríðinda, sem menn njóta nú, einkum fastlaunamennirnir, ef þeir hafa greitt á þessum tíma. Þetta er ekkert stóratriði, en ég taldi þó ástæðulítið að þrengja þessi ákvæði, sem eru mönnum nokkuð til hægðarauka og ég held að brjóti ekki heldur mjög í bága við þarfir sveitarfélaganna, þó að þeim sé haldið.

Þá er að lokum síðasta brtt. mín, sú 13., við 48. gr., og er um það, að hún orðist svo: „Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari gr., þ. á m. um þóknun til atvinnurekenda fyrir störf þau, sem þeim er falið að inna af hendi samkv. lögum þessum, og má kveða nánar á um allt slíkt í reglugerð.“ Hér er vikið að því, að skyldur eru lagðar á atvinnurekendur í sambandi við að skila útsvörum launamanna, en í frv. er einnig í 51. gr. gert ráð fyrir því, að á atvinnurekendur verði lagðar skyldur í sambandi við að skila til sveitarsjóðs einnig útsvörum fyrirtækja, sem þeir eiga skipti við, og er með þessari lokatill. minni ákveðið, að það megi semja um þóknun til atvinnurekenda fyrir slík störf. Þetta er þýðingarmikil aðstoð við sveitarstjórnirnar um að ná affallalaust inn tekjum sveitarfélagsins, og sýnist vera eðlilegt, að gjald geti komið fyrir svo mikilsverða þjónustu. En hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur fallizt á, samkvæmt tilmælum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að losa þá undan þessari skyldu og fella þannig niður 51. gr. frv. Ég býst við, að ýmsum sveitarfélögum muni þykja hún, eins og hún er í frv., nokkurs virði, og er því, eins og ég gerði grein fyrir í upphafi míns máls, andvígur þeirri till. meiri hl. heilbr.- og félmn., að þessi grein verði felld niður. Ákvæði þessarar 51. gr. frv. eru að minni hyggju nokkurn veginn alveg hliðstæða við þá skyldu, sem nú hvílir á atvinnurekendum að halda eftir af útsvörum launamanna og skila sveitarsjóði þeirri upphæð. Aðeins er þessi regla nú færð yfir á atvinnurekendur, sem eiga viðskipti við önnur atvinnufyrirtæki útsvarsskyld. En á slíkum útsvarsupphæðum geta orðið vanskil engu síður en á útsvörum launamanna, sem þannig þykir ástæða til að veita aðstoð við að innheimta. Það er sem sé öllum kunnugt, að atvinnurekendum er nú gert að skyldu, ef þess er krafizt, að halda eftir andvirði opinberra gjalda af kaupi launþega og standa ríki eða sveitarfélagi skil á greiðslu gjaldanna. Og í þessari 51. gr., sem meiri hl. leggur til að sé felld niður úr frv., er á hliðstæðan hátt ætlazt til þess, að sölusambönd og slíkir aðilar, sem annast sölumeðferð vara fyrir framleiðendur, skuli einnig, ef þess er krafizt, halda eftir útsvari og aðstöðugjaldi framleiðanda eða seljanda vöru og standa skil á hinum vangreiddu gjöldum til sveitarsjóðs. Það er ekki nema eðlilegt, að viðkomandi atvinnurekendur fari fram á það við löggjafann að vera leystir undan þessari skyldu, einkanlega ef ætlunin er að leggja þetta á þá án endurgjalds, og þannig blasti málið við þeim, þegar þeir hreyfðu sínum andmælum. Ég tel þetta það mikilsverða þjónustu og hliðstæða þeirri þjónustu, sem nú er veitt sveitarfélögunum um inn-

heimtu útsvara hjá launþegum, að það sé eðlilegt, að þessi gr. frv. standi og að heldur sé farið inn á það að greiða atvinnurekendum, sem þetta annast, fyrir þeirra ómak. Það mundi auðvelda mjög innheimtu sveitargjalda hjá framleiðendum og ýmsum öðrum, ef ákvæðið í frv. helzt og slíkum atvinnurekendum mætt af sanngirni með því að heimila þeim, að samið skuli við þá um umbun fyrir þjónustuna.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt, og þess er ekki að dyljast, að sumar þeirra snerta ýmis grundvallarákvæði frv. Undir þann flokk vil ég telja till. um aðstöðugjaldið, till. mína um landsútsvarið, till. mína um skattstigann og um álagningu útsvaranna. Ég hlýt að leggja þunga áherzlu á það, að þessar brtt. minar fáist samþykktar, og tel, að ef þær yrðu samþ., væri það til mikilla bóta á frv.

Ég tel hugsanlegt, að heildarsamkomulag kynni að hafa fengizt í hv. heilbr.- og félmn. um einhverjar af þessum brtt. mínum, en ég vek enn athygli á því, að úr þessu hefur ekki fengizt skorið, þar sem svo mikið kapp var lagt á það af meiri hl. að ljúka afgreiðslu málsins í n., þó að ekki væru allir nm. þá viðstaddir og þannig gæfist ekki kostur á að bera saman ráð sín um lokaafgreiðslu málsins á fullskipuðum nefndarfundi, en það hefði ég talið æskilegast um slíkt mál. En ég treysti þá á, að e. t. v. verði athugað milli 2. og 3. umr., hvort einhverjar af mínum till. væru þannig, að meiri hl. fengist til að sinna þeim og fallast á þær. Og hefði þó verið æskilegast, að vel hefði verið gengið úr skugga um það í n. sjálfri.

Það er augljóst, að þessi hraði, sem er á afgreiðslu málsins, er til baga. Hann er nálega óþinglegur. Þegar ég fór hér í ræðustól til að gera grein fyrir mínum till., var enn ekki búið að útbýta mínum brtt. Allir sjá, að æskilegast hefði verið, að hv. þm. hefðu þó þskj. með brtt. fyrir sér, þegar þær eru ræddar. En brtt. var svo útbýtt, meðan ég hélt mína ræðu. Slíkur hraði er óæskilegur. Það er nálega nauðsynlegt, að þm. hafi þskj., sem verið er að ræða um, á borði fyrir framan sig, meðan umr. fara fram, en fái þau ekki fyrst að umr. lokinni.

Ég hef ekki enn þá séð, að búið sé að útbýta nál. 2. minni hl. hv. heilbr.- og félmn., og hef þannig enn, þegar ég lýk máli mínu, ekki séð hans nál. Og ég hef ekki heldur séð brtt. hans og get því á þessu stigi málsins ekki tekið neina afstöðu til þeirra. Þetta eru allt saman afleiðingar af því, að afgreiðsla málsins er rekin áfram með meiri hraða en svo, að hægt sé að veita þm. starfsaðstöðu til að taka þátt í afgreiðslu málsins, og er það hvergi nærri gott. Ég skilaði nál. mínu og brtt. til prentunar upp úr miðjum degi í gær, en svo miklar annir eru í ríkisprentsmiðjunni nú vegna þess hraða, sem hafður er á störfum þingsins um afgreiðslu fjölda mála, að ríkisprentsmiðjan annar ekki prentun þskj. svo fljótt, að þau liggi fyrir þm., þegar mál er tekið til umr. Ég vil vona, að þeir, sem stjórna störfum þingsins, gefi þessu gaum, að það er varla boðlegt þm., að málin séu rekin svo hratt áfram, að ríkisprentsmiðjan geti ekki lokið prentun þskj., áður en málið er tekið til umr., allra sízt þegar um stórmál er að ræða eins og þetta. Ég skil ósköp vel aðstöðu forsetanna um það, að þeim er uppálagt að hraða mjög málum, og við því er ekkert að segja. Við viljum allir taka þátt í því að auka hraða þingstarfanna, þegar líður á þingtíma, og er eðlilegt og sjálfsagt. En hófs verður þó að gæta um þetta, svo að það sé ekki algert málamyndakák á afgreiðslu stórmála. Þá er betra að fresta heldur afgreiðslu þeirra og á allan hátt miklu sómasamlegra.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. lauk athugun á því frv., sem hér er verið að ræða, s. l. fimmtudag, eftir að hafa verið á fundum dag eftir dag og eftir að málið hafði verið keyrt þar áfram af eins miklum hraða og frekast var hægt.

Ég hafði ekki tækifæri til þess að ræða í flokki mínum þær brtt., sem ég hugðist flytja við þetta frv., fyrr en á þingflokksfundi í gær, og ég skilaði þeim inn til skjalavarðar í morgun, og var verið að útbýta þeim nú fyrir nokkrum mínútum. Ég vil taka þetta fram í upphafi til þess að undirstrika það, sem raunar hefur áður komið fram, að sá hraði, sem verið hefur á afgreiðslu þessa máls í heilbr.- og félmn., hefur gert það að verkum, að tími hefur verið mjög takmarkaður til eins nákvæmrar athugunar á frv. þessu og æskilegt hefði verið, og ber að harma það.

Eins og hv. alþm. vita, gegna sveitarfélögin í landinu þýðingarmiklum þætti í sambandi við þjóðarbúskap okkar Íslendinga, eins og raunar alls staðar annars staðar. Sveitarfélögin hafa vissum afmörkuðum verkefnum að sinna, og til þess að geta rækt þau þurfa þau að sjálfsögðu að hafa verulegt fjármagn til umráða. Á undanförnum árum hafa þær raddir gerzt æ háværari í hópi sveitarstjórnarmanna, að sveitarfélögunum væru fengnir nýir tekjustofnar og þeim þannig gert auðveldara að ráðast í ýmsar framkvæmdir, sem þeim var nauðsynlegt að vinna. Sannleikurinn er sá, að sveitarfélögin hafa á undanförnum árum gengið eins langt og mögulegt hefur verið í því að afla tekna eftir þeim tekjustofnum, sem þau hafa haft. Þeir tekjustofnar hafa verið, eins og menn vita, fyrst og fremst tekjuútsvörin og veltuútsvörin.

Eins og komið hefur fram í umr. hér, var veltuútsvaraálagningin komin út í slíkar öfgar sums staðar, að sum sveitarfélaganna voru farin að leggja allt að 5% veltugjald á suman rekstur, og sjá allir, að slíkt nær ekki nokkurri átt. Forustumenn sveitarfélaganna hafa talið sig eiga siðferðilegar kröfur á því, að ríkissjóður útvegaði þeim einhverja nýja tekjustofna, ekki sízt fyrir þá sök, að með alls kyns löggjöf, sem afgr. hefur verið hér á hv. Alþ., hafa ýmis af rekstrarútgjöldum sveitarfélaganna verið stórhækkuð ár eftir ár.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. lét að því liggja hér áðan, að forustumenn sveitarfélaganna stæðu í einhverri sérstakri þakkarskuld við núv. hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún hefði — fyrst allra ríkisstj. — sinnt því ákalli forustumanna sveitarfélaganna að útvega þeim nýja tekjustofna, þegar ríkisstj. og þingmeirihluti hennar ákvað á árinu 1960, að ⅓ söluskattsins

rynni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og deildist þaðan út til þeirra.

Ég þekki dálitið til rekstrar eins bæjarfélags, þar sem ég á sæti í bæjarstjórn, þ. e. a. s. Kópavogskaupstaðar, sem nú þegar er orðinn fjórða mannflesta bæjarfélagið hér á landi og sýnilega verður eftir örfá ár næstfjölmennasta bæjarfélag á Íslandi. Ég viðurkenni að vísu, að við höfum kunnað að meta þann tekjuauka, sem bæjarsjóðurinn hefur fengið í sinn hlut af söluskattinum í gegnum jöfnunarsjóðinn. En ég fullyrði það, að á þeim tveim árum, síðan þessi tekjustofn var útvegaður þessu bæjarfélagi, hefur hann algerlega — og meir en það — horfið í hækkanir, sem orðið hafa á rekstrarútgjöldum bæjarfélagsins vegna löggjafar, sem samþ. hefur verið á hv. Alþingi. Og vil ég þá sérstaklega tilnefna, að greiðslur til almannatrygginga hafa á tveim seinustu árum stórkostlega hækkað í þessu bæjarfélagi, eins og öðrum að sjálfsögðu, og greiðslur til sjúkrasamlaga hafa einnig stórkostlega hækkað.

En hér kemur fleira til en þetta eitt. Að sjálfsögðu hafa verðlagsbreytingar í þjóðfélaginu áhrif á afkomu sveitarfélaganna ekki síður en einstaklinganna. Allar framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna, hvort sem er við skólabyggingar, gatnagerðir eða hvað það nú er, hafa stórkostlega hækkað, fyrst og fremst af völdum þeirra tveggja gengislækkana, sem ákveðnar hafa verið hér á landi á valdatíma hæstv. núv. ríkisstj. Þannig held ég að mér sé óhætt að fullyrða, að þegar dæmið er gert upp, þá hafi forustumenn sveitarfélaganna sízt ástæðu til þess að þakka núv. hæstv. ríkisstj. sérstaklega fyrir það, að hún hafi sýnt málefnum sveitarfélaganna og tekjuþörf þeirra sérstakan skilning umfram það, sem aðrar ríkisstj. hafa gert á undanförnum árum.

Ég skal viðurkenna það, að mér hefur fundizt gæta óskiljanlegrar tregðu af hálfu forustumanna ríkisvaldsins á undanförnum árum með að bæta úr tekjuþörf sveitarfélaganna og fallast á, að ríkið eftirléti þeim eitthvað af þeim tekjustofnum, sem það hefur haft. En það þýðir ekki að deila um það núna, það er búið og gert og liðinn tími og kemur ekki aftur.

Ég vil þá að loknum þessum fáu inngangsorðum víkja að efni frv. þess, sem hér er verið að ræða, og þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 511 við frv. Ég vil taka það fram strax í byrjun, að ég sé við fljótlegan yfirlestur, að í brtt. minni, tölul. nr. 4, er skekkja. Þar stendur, að persónufrádráttur fyrir fjórða barn eigi að vera 15 þús. kr., en á að sjálfsögðu að vera, að persónufrádráttur fyrir fjórða barn skuli vera 1500 kr. Ég bið hv. þm. að athuga það.

Frv. það um tekjustofna sveitarfélaga, sem við erum nú að ræða, ákveður, hverjir þessir tekjustofnar skuli vera, í 1. gr. frv. Þar segir, að tekjustofnar sveitarfélaga séu þessir: 1) Fasteignaskattur. 2) Aðstöðugjald. 3) Framlög úr jöfnunarsjóði, hluti af söluskatti og landsútsvör. 4) Útsvör.

Ég ætla að ræða meginatriði frv. í þeirri röð, sem þau eru sett fram í því, og geta þá í leiðinni þeirra brtt., sem ég hef flutt við það.

Í II. kafla frv. er fjallað um fasteignaskatt. Fasteignaskatturinn hefur í mörg ár verið fastur tekjustofn fyrir öll, a. m. k. hin stærstu, sveitarfélög í landinu, þannig að það fer ekki á milli mála, að fasteignaskatturinn út af fyrir sig er enginn nýr tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Meginbreytingin á ákvæðum kaflans frá því, sem áður var, er sú, að nú á að lögbjóða, að sveitarfélögunum skuli skylt að leggja á fasteignaskatta. Áður var hér aðeins um heimild að ræða. Fasteignaskatturinn er ákveðið prósentgjald, eins og það er ákveðið í 3. gr., og í grg. með frv. er að finna upplýsingar um það, að prósenturnar eru í þessari gr. ákveðnar þannig, að fasteignaskatturinn á að gefa jafnháar tekjur í sveitarsjóðina og hann hefur gert fram til þessa, þar sem hann hefur verið á lagður. En í 5. gr. frv. eru svo ákvæði um það, að sveitarstjórnir geti með reglugerð, sem ráðh. staðfestir, ákveðið að innheimta skatt þennan með allt að 200% álagi. Þetta þýðir það, að ef sveitarstjórnir nota sér heimildarákvæði þetta, þá mun fasteignaskatturinn í þeim sveitarfélögum verða brefaldur frá því, sem hann hefur verið til þessa.

Ýmsum kann að þykja eðlilegt að lögbjóða einhverja hækkun á fasteignasköttum, og staðreynd mun það vera, að sveitarfélög víða erlendis munu hafa aðaltekjur sínar af fasteignagjöldum í ýmissi mynd. En ef á það er litið, að á undanförnum tveim árum hafa hvers kyns álögur á fasteignir vaxið stórkostlega, fyrst og fremst í formi óbeinna skattaálaga, tolla og annars slíks, þá sjá menn, að það er meir en vafasamt að ætla að fara að auka við þá skattálagningu með því að hækka fasteignaskattinn svo stórkostlega eins og gert er ráð fyrir í frv. Sannleikurinn er sá, að eitt af þeim mörgu vandamálum, sem við er að glíma í dag, er það, hversu byggingarkostnaður er orðinn hár í þjóðfélaginu og aðgangur að lánsfé takmarkaður. Þetta hefur orsakað það, að víða liggur við borð, að þeir, sem ráðizt hafa í húsbyggingar og eru að reyna að koma upp yfir sig þaki, eru við það að missa húseignir sínar. Og ekki bætir það hlutskipti þeirra, ef hækka á stórlega fasteignagjöld af húsum þeirra með samþykkt þessa frv., en ákaflega er sennilegt, að ýmis sveitarfélög telji sig nauðbeygð til þess að nota hækkunarheimild frv.

III. kafli frv. fjallar um aðstöðugjald. Í 8. gr. segir, að sveitarstjórnir skuli hafa heimild til þess að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum. Gjaldstofn aðstöðugjaldsins er, eins og segir í 1. brtt. á þskj. 462, með leyfi hæstv. forseta: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir skv. ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja. Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi bráttótekjum.“

Í frv., eins og það var, þegar það var lagt á borð okkar þm., var ákvæðið um gjaldstofn aðstöðugjaldsins talsvert annað en ég las hér áðan. Þar var gert ráð fyrir því, að hallarekstur eða tap á atvinnurekstri gæti verið gjaldstofn aðstöðugjaldsins. Að sjálfsögðu náði slíkt ákvæði ekki nokkurri átt og kom enda mjög

óréttlátlega niður á hinar ýmsu atvinnugreinar í landinu, þar sem það mun nú vera staðreynd, að sjávarútvegurinn mun mjög víða vera rekinn með almennu tapi. Sérstaklega sjá menn, hversu fráleitt ákvæðið er, ef þeir taka dæmið af afkomu togaraútgerðarinnar á Íslandi tvö undanfarin ár, þar sem upplýst er, að hallarekstur þeirra hafi numið, að mig minnir, að hér hafi komið fram í umr. um þessi mál, fast að 2 millj. kr. að meðaltali á togara. Eins og frv. var upphaflega, var ráð fyrir því gert, að leggja mætti aðstöðugjald á tap þetta. Hins vegar fékkst í heilbr.- og félmn. samkomulag um það að breyta þessu ákvæði, og er að því stórkostlega mikil bót fyrir atvinnureksturinn í landinu.

Það er auðséð á ýmsum stöðum í frv., að aðstöðugjaldið mun verka svipað og tollur eða söluskattur. Það er gjald, sem að vísu atvinnureksturinn á að greiða, en mun í mörgum, ef ekki flestum tilfellum öðrum en þar sem um útflutningsatvinnuvegi er að ræða vera gjald, sem atvinnureksturinn mun fær um að koma af sér og yfir á viðskiptamenn sína. Einmitt vegna þess, að aðstöðugjaldið er þessa eðlis, ber brýna nauðsyn til þess að taka ákvæði inn í frv., sem girða fyrir það, að útflutningsatvinnuvegirnir, sem hafa þessa sérstöðu, geti til viðbótar henni orðið fyrir því, að aðstöðugjaldið verði hækkað á þeim stórlega umfram það, sem veltuútsvarið var á þá á s. l. tveim árum. En í frv. eru engin ákvæði, er koma í veg fyrir það, þannig að það er sýnilegt, að eins og frv. er núna, mun vera heimilt að leggja á sumar greinar vinnslustöðva sjávarútvegsins allt að 2% aðstöðugjald á útgjöld hans.

Þegar frv. þetta var til umr. í hv. heilbr.- og félmn., barst n. meðal annarra erinda grg. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um frv., og er í þeirri grg. að finna ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar um það, hvernig gjald þetta kemur við sjávarútveginn, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa upp úr þessu erindi nokkur atriði. Þar segir:

„Í lögunum um veltuútsvar er sagt, að upphæð útsvarsins skuli ákveðin í hundraðshlutum af veltu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu. Upphæð veltuútsvarsins mátti skv. ákvæðum 6. gr. l. eigi vera hærri en allt að 2% af vinnslu sjávarafurða. En með 8. gr. l. er þessi réttur mjög takmarkaður, því að þar segir: „Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árunum 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík á árinu 1959, að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundraðshluta, sem þar var þá á lagður.“ Það er þessi takmörkun,“ segir í bréfi L. Í. Ú. „á álagningarrétti sveitarfélaganna, sem hefur komið í veg fyrir það, að sveitarfélögin gætu hækkað veltuútsvarið upp í það hámark, sem tilgreint er í 6. gr. laga nr. 43 frá 1960. Á árinu 1961 var álagt veltuútsvar í Reykjavík 0.54% á hvers konar fiskiðnað og á Akureyri 0.5%. Þar við er að athuga, að útsvarsstigi í Reykjavík var síðar lækkaður um 11% og á Akureyri um 15%. Á hinum ýmsu stöðum úti á landi hefur veltuútsvarið á útgerð og fiskvinnslu verið mjög mismunandi. Það mun hafa verið hæst í Vestmannaeyjum, þar sem það nam 1.035%, þegar útsvarsstiginn hafði verið lækkaður, en þar er þess að gæta, að í Vestmannaeyjum var ekki lagt veltuútsvar á bátana á s. l. ári.“

Enn fremur segir í þessu erindi:

„Ákvæði 9. gr. frv. um, að telja skuli efnis- og vörukaup með útgjöldum, eru sérlega varhugaverð, þar sem svo virðist skv. þeim, að greiða þurfi skattinn af efnis- og vörukaupum án tillits til þess, hvort umrætt efni hefur verið notað eða selt.“

Enn fremur segir í þessu bréfi L. Í. Ú.:

„Í lögum nr. 43 frá 1960, 8. gr., var bannað, að útsvar á veltu yrði hærra að hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959, og var þetta ákvæði, sem hindraði, að margar sveitarstjórnir gætu notað sér heimildina um að leggja á allt að 2% veltuútsvar. Í frv. þessu, eins og það liggur fyrir, eru engin slík takmörk lengur fyrir hendi, heldur er það lagt óskorað á vald sveitarstjórnanna að ákveða álagningu aðstöðugjaldsins upp að hámarkinu, eins og það er greint í d-lið 10. gr. frv., en undir þann lið mundu koma m. a. fiskverkunarstöðvar og síldarverkunarstöðvar. Breyt. frá veltuútsvari í aðstöðugjald mundi þýða hjá fiskiðnaðarfyrirtækjum, fiskverkunarstöðvum og síldarverkunarstöðvum hækkun, sem næmi frá 100—350%, eins og ákvæði frv. eru nú, því að búast má við, að flestar sveitarstjórnir muni nota heimild þá, sem í frv. felst, til hins ýtrasta.“

Ég tel rétt að taka það fram í þessu sambandi, að bréf þetta er að sjálfsögðu samið, áður en samkomulag náðist um það í heilbr.- og félmn. að breyta ákvæðum 9. gr. á þann veg, að ekki mætti framvegis leggja aðstöðugjald á taprekstur fyrirtækjanna, og mun því prósentgjald þetta vera of hátt reiknað hjá þeim, miðað við frv. eins og það er nú.

„Ákvæði frv.,“ segir enn fremur í bréfi þessu, „um, að aðstöðugjald skuli frádráttarbært gagnvart tekjum, hefur ekki verulega þýðingu hjá fyrirtækjum sjávarútvegsins, þegar hallarekstur er jafnalgengur og hann hefur verið um mörg undanfarin ár. Engu að síður er ákvæðið æskilegt í frv. með tilliti til uppbyggingar í sjávarútvegi. Sérstaklega viljum vér benda á þann reginmun, sem er á aðstöðu fyrirtækja sjávarútvegsins, sem háð eru erlendu markaðsverði fyrir framleiðslu sína, og verzlunarfyrirtækjum, iðnaðarfyrirtækjum, þjónustufyrirtækjum, sem selja vöru sína og þjónustu á innlendum markaði. Fyrirtæki sjávarútvegsins geta ekki hækkað verð framleiðslu sinnar til samræmis við hækkað kaupgjald, hækkað vöruverð og hækkaða skatta, í hvaða formi sem er, heldur kemur slík hækkun fram í auknum taprekstri fyrirtækjanna, og á þetta jafnt við, hvort sem um er að ræða fiskiskip eða hvers konar fisk- og síldarverkunarstöðvar, og til þess að hindra stöðvun fyrirtækja sjávarútvegsins af þessum sökum hefur orðið að grípa til útflutningsuppbóta og síðar að færa gengi íslenzku krónunnar til samræmis við framleiðslukostnað útfluttra afurða.

Öðru máli gegnir um verzlunar-, iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, sem selja vöru og þjónustu sína á innlendum markaði og geta krafizt hækkunar á vöru, framleiðslu og þjónustu sinni í samræmi við aukinn tilkostnað.

Með skírskotun til þessa, sem að framan er sagt, förum vér eindregið fram á, að frv. verði breytt þannig, að aðstöðugjaldið verði reiknað af heildarsölu vöru, vinnu og þjónustu, eins og veltuútsvarið var skv. lögum nr. 43 frá 1960. Jafnframt förum vér fram á, að öll fiskiðnaðarfyrirtæki, fiskverkunarstöðvar, síldarverkunarstöðvar, síldarverksmiðjur, sem ekki gilda um önnur sérákvæði, hvalvinnslustöðvar, niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðjur, rækju- og humarverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur og aðrar verkunarstöðvar sjávarafla eða vatnafiska, verði sett eins og fiskiskip undir a-lið 10. gr. frv., sem segir, að aðstöðugjald megi ekki vera hærra en allt að 0,5% af gjaldstofni. Til vara förum vér fram á, að sett verði ákvæði í frv. varðandi hundraðshluta aðstöðugjaldsins, þar sem ákveðið verði, að gjaldið megi ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959, hliðstætt við ákvæði 8. gr. laganna. Í því sambandi má benda á þá miklu hækkun, sem orðið hefur á þessum gjaldstofni í krónutölu síðan árið 1959 vegna gengisbreytinga, svo að sama prósenta nemur nú miklu hærri krónutölu en þá."

Að lokum segir í þessu bréfi:

„Það er því augljóst, að með frv. um tekjustofna sveitarfélaga og með frv. um tekju- og eignarskatt er verið að margfalda skattabyrði fiskiskipa og annarra fyrirtækja sjávarútvegsins, í fyrsta lagi með því, að aðstöðugjald það, sem koma skal í stað veltuútsvarsins, er miklu hærra heldur en veltuútsvarið var, auk þess sem samkv. frv. um tekju- og eignarskatt er gert ráð fyrir hækkun á matsverði fiskiskipa, sem hefur í för með sér stóraukinn eignarskatt og hækkun á útsvari að því leyti, sem það er miðað við eignir."

Og svo enda þeir: „Stjórn L. Í. Ú. telur óhjákvæmilegt, að leiðrétt séu þessi ákvæði umræddra frv., af því að öðrum kosti er rekstri fyrirtækja sjávarútvegsins stefnt í voða, sem hafa mun ófyrirsjáanlegar afleiðingar."

Svo mörg eru þau orð. M. a. með hliðsjón af þessum augljósu rökum, sem fram koma í því erindi frá L. Í. Ú., sem ég var að lesa hér áðan, hef ég leyft mér að flytja brtt. við 9. gr. III. kafla, um aðstöðugjald, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, fyrri efnisbreytingin er þessi:

„Óheimilt er framtalsnefndum og hreppsnefndum að leggja aðstöðugjald á útgjöld, er stafa af tjóni, sem gjaldandi hefur orðið fyrir í atvinnurekstri sínum."

Þetta virðist sanngjarnt ákvæði, og vandséð eru rökin fyrir því að standa á móti samþykkt þess. Síðari efnisbreyt. við 9. gr. er þessi:

„Aðstöðugjald má ekki nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hundraðshluti veltuútsvars var á hverjum stað 1960. Heimilt er þó sveitarfélögum utan Reykjavíkur að hækka hundraðshluta aðstöðugjalds upp í það, sem gildir í Reykjavík, miðað við sömu tegund gjaldstofns."

Hér er tekin upp efnislega varatillaga Landssambands ísl. útvegsmanna um breyt. á aðstöðugjaldinu.

Það kom fram í umr. hér áðan og hefur raunar komið fram áður, að sá gengishagnaður, er varð á útflutningsvörubirgðum, sem til voru í landinu í ágústbyrjun, þegar gengið var fellt í síðara skiptið, og gerður var upptækur í ríkissjóð, mun vera í kringum 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð munu 137 millj. kr. örugglega renna beint í ríkissjóð eða til hans þarfa. Auk þess kom það fram og hefur komið oft fram, að sú hækkun útflutningsgjaldsins, sem þá var ákveðin á sjávarafurðir, muni nema á heilu ári kringum 135 millj. kr. Þegar litið er á þessa gífurlegu eignaupptöku, sem sjávarútvegurinn, þ. e. a. s. framleiðendur, útvegsmenn og sjómenn, varð að þola nú fyrir nokkrum mánuðum umfram aðrar stéttir í þjóðfélaginu vegna þeirrar gengisbreytingar, sem framkvæmd var í ágústmánuði 1961, þá sýnast ekki einungis efnisrök liggja til þess, að tekin verði upp ákvæði í III. kafla frv. eitthvað í svipaða átt og ég var að lýsa áðan, heldur mæla öll sanngirnisrök með því, að þau verði sett inn í frv. Atvinnuvegur, sem hefur verið skattlagður af því opinbera, eins og sjávarútvegurinn hefur verið á s. l. ári, umfram aðra atvinnuvegi í landinu, það er tæplega sæmandi, að með því frv., sem hér er verið að ræða, um tekjustofna sveitarfélaganna, skuli opnaðar leiðir einnig til þess að hækka á honum stórlega sveitargjöld, einnig umfram það, sem gildir um aðra atvinnuvegi. Ég tel því, að bæði efnisrök og sanngirnisástæður leiði til þess, að samþykkja eigi þær brtt., sem ég hér var að lýsa við 9. gr. frumvarpsins.

Það kemur fram í grg. með þessu frv. um 9. gr., að gjaldstofn aðstöðugjalds af umboðssölufyrirtækjum eigi að vera rekstrarútgjöldin. Þetta kemur hvergi greinilega fram í frumvarpsgreinunum sjálfum, svo að ég vil, til þess að taka af allan vafa, auglýsa eftir því hjá fyrirsvarsmönnum hæstv. ríkisstj. hér í deildinni, hvort þessi skilningur sé ekki óyggjandi og réttur.

Ég kem þá að því að ræða örlítið um IV. kafla frv., sem ber yfirskriftina: „Um jöfnunarsjóð sveitarfélaga." Í honum er að finna ákvæði, sem tekin eru upp í 15. og 16. gr. frv. úr l. um jöfnunarsjóð, óbreytt. Í 17. gr. er hins vegar að finna nýmæli um landsútsvör, þá sem greiða eiga landsútsvör. Og í 18. gr. frv. er að finna upplýsingar um það, við hvað landsútsvörin eigi að miða og hver skuli vera prósenta þeirra.

Í umr. þeim, sem hér hafa orðið hjá bæði frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. og eins frsm. 1. minni hl. heilbr.- og félmn., hafa komið fram sjónarmið, sem ég get ekki fallizt á. Báðir þessir aðilar hafa talað um það, að með ákvæðunum um landsútsvör væri verið að leggja sveitarfélögunum nýjan tekjustofn. Á þetta get ég ekki fallizt. Sannleikurinn er sá, að langflestir þeirra aðila, sem teknir eru upp í 17. gr. frv. sem gjaldendur landsútsvara, hafa áður greitt sveitarútsvör til einhverra sveitarfélaga í einni eða annarri mynd. Ég hef verið að reyna að finna út eftir þeim upplýsingum, sem er að finna í grg. með frv., hvað þeir aðilar, sem nú á í fyrsta skipti að gjaldleggja til sveitarsjóðanna, gæfu

mikið í heildarpúlíu landsútsvaranna, sem talin eru nema 29.1 millj. kr. Þessir aðilar eru, eftir því sem mér sýnist vera, í fyrsta lagi sölunefnd varnarliðseigna, í öðru lagi áburðarverksmiðjan, í þriðja lagi Viðtækjaverzlun ríkisins, í fjórða lagi Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Mér skilst af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að þetta séu þeir aðilar, sem koma nýir inn sem gjaldendur landsútsvara. Og ég fæ ekki betur séð af þeim upplýsingum, sem hér er að finna um þetta, en þessir nýju gjaldendur komi til með að leggja í þessa púlíu einhvers staðar milli einnar og tveggja millj. kr. af 29.1 millj. kr. heildarupphæð, sem áður hefur að öðru leyti verið goldin til einhverra sveitarfélaga.

Það fer því fjarri að ætla, að landsútsvörin séu almennt fyrir sveitarfélögin einhver nýr tekjustofn. Það fer fjarri því. Landsútsvörin eru að vísu nýmæli út af fyrir sig, nýmæli, sem kveður á um aðra skiptingu á því fé, sem þessir aðilar hafa greitt, en gilt hefur til þessa. Í stað þess t. d., að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiði til þeirra sveitarfélaga einna, þar sem áfengisútsölur eru og aðsetur stofnunarinnar, 5% gjald af hagnaði, þá er nú ákveðið, að útsvar þetta á áfengisverzlunina skuli renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og skiptast eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Ég get því á engan hátt tekið undir það með þessum framsögumönnum nefndarhlutanna, að landsútsvörin séu nýr tekjustofn almennt talað. Þau munu færa sumum sveitarfélögum auknar tekjur, en öðrum tilsvarandi tekjutap. Þannig skilst mér, ef þetta er réttur skilningur hjá mér á þessu, að það sé óyggjandi, að með frv. þessu séu sveitarfélögunum engir nýir tekjustofnar lagðir. Það er aðeins um að ræða hækkun á tekjustofnum, sem til voru, áður en frv. var lagt fram, og smávægilegar breyt. á því, hvert tekjur gjaldenda landsútsvara skuli renna.

Við 17. gr. frv. hef ég flutt brtt. um tvo nýja stafliði, sem ég legg til að bætt verði við greinina. Það er stafliður a) tryggingafélög, og stafliður b) bankar, sbr. 18. gr. e. hér á eftir. Ég er í sjálfu sér fylgjandi hugmyndinni um landsútsvör og tel hana, ef hún er rétt framkvæmd, til hinna mestu bóta almennt talað. En svo er hægt að ákvarða reglur um landsútsvör, að þær leiði til óréttlætis. Það er bæði hægt að ganga það stutt í því að taka inn gjaldendur landsútsvara, að þau gefi of lítið, og það er hægt að tína til aðila og sleppa öðrum, þannig að engin sanngirni væri í. Þannig hefur orðið með þetta frv. Það er talið, að landsútsvörin gefi 29 millj. kr. rúmlega. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason) (frh.): Herra forseti. Í gær, þegar þingfundi var slitið rétt fyrir kl. 7, átti ég ólokið nokkrum hluta af framsöguræðu minni fyrir nál. mínu, sem lagt var fram í gær. Ég var að ræða um VI. kafla frv., sem fjallar um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Ég hafði reynt að sýna fram á, að ákvæði kaflans um landsútsvör mætti ekki skilja þannig, að með því ákvæði væri verið að leggja sveitarfélögunum nýjan tekjustofn, því að flestir þeir gjaldendur, sem nefndir væru í 17. gr. frv. sem gjaldendur landsútsvara, hefðu áður goldið sveitarútsvör í einni eða annarri mynd, og að ákvæðið um landsútsvör væri einungis um það, að útsvör þessara aðila skyldu nú skiptast eftir öðrum reglum en áður hefði verið. Ég hafði sömuleiðis lýst yfir fylgi mínu við þá meginstefnu, að rétt væri að leggja landsútsvör á vissa aðila, en reynt að sýna jafnframt fram á, að svo stutt mætti ganga í því að taka inn aðila sem gjaldendur landsútsvara, að þau gætu valdið verulegu óréttlæti. Og ég taldi, að eins og ákvæði 17. gr. frv. væru, þar sem svo fáir aðilar eru teknir inn, þá skapaði það visst óréttlæti gagnvart hinum ýmsu sveitarfélögum. Ég hef fengið reiknað út, hvað ákvæðin um landsútsvör mundu hafa þýtt, ef þau hefðu verið í gildi á s. l. ári, þegar niðurjöfnun fór fram, fyrir ýmis sveitarfélög. Og langar mig til þess að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

Það sveitarfélagið, sem tapar stærstri fjárhæð á þessari breytingu, er 1300 íbúa hreppsfélag á Suðurnesjum, Njarðvíkurhreppur, sem tapar við þessa breyt. 747 þús. kr. Reykjavík með um 75 þús. íbúa tapar á þessari breytingu 682 þús. kr. Seyðisfjörður tapar 148 þús. kr. Raufarhöfn tapar 109 þús. kr., Akureyri 110 þús. kr. og Siglufjarðarkaupstaður tapar 226 þús. kr.

Í hv. heilbr.- og félmn. fékkst samkomulag um það að taka inn viðbótarákvæði í frv., þar sem ráðherra væri veitt heimild til þess að bæta sveitarfélögum upp það tekjutap, sem þau yrðu fyrir vegna ákvæðisins um landsútsvör. Er þessi brtt. til mikilla bóta, ef notuð verður, og gæti dregið úr þessu óréttlæti.

Þegar frv. þetta var til umr. í heilbr.- og félmn., mættu á fundi n. meðal annarra aðilar frá kaupstaðasamtökunum á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þeir lögðu fram grg. fyrir nefndina, og segir svo í henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn kaupstaðasamtakanna lýsir jafnframt undrun sinni yfir því, að ekki skuli gert ráð fyrir því í frv., sbr. 17. gr., að fleiri aðilar greiði landsútsvör og einkum bankar og tryggingafélög, sem reka viðskipti við landið allt, enda hafa þessir aðilar ávallt verið nefndir efstir á blaði í sambandi við hugmyndina um landsútsvar. Íslenzkir bankar og peningastofnanir hafa til þessa af lítt skiljanlegum ástæðum ekki verið útsvarsskyldir, þótt þeir hafi notið fyrirgreiðslu og þjónustu viðkomandi sveitarfélaga ekki síður en önnur fyrirtæki, sem útsvarsskyld hafa verið. Bankar eru í eðli sínu verzlunarstofnanir, enda gjaldskyldir til opinberra þarfa í flestum löndum, sbr. t. d. upplýsingar í grg., sem prentuð er sem fskj. með téðu frv. Sú staðreynd, að flestir íslenzkir bankar eru ríkisstofnanir, breytir hér engu. Frv. gerir einmitt ráð fyrir, sbr. 17. gr., að verzlunarstofnanir ríkissjóðs verði landsútsvarsskyldar."

Við 2. umr. þessa frv. hafa komið fram nokkrar brtt. frá ýmsum þm., þar sem þeir leggja til, að sumir þeirra aðila, sem ráðgert er að greiði landsútsvör, verði undanþegnir því. Hyggjast þeir með þessum tillöguflutningi vafalaust

reyna að firra þau sveitarfélög, sem þeir bera mest fyrir brjósti, því að verða fyrir tekjutapi vegna ákvæðanna um landsútsvar. Ég teldi það réttari leið og í samræmi við það, sem ég áður hef sagt, að fjölga heldur gjaldendum landsútsvara umfram það, sem ráðgert er með frv., heldur en að tína út úr því nokkra aðila og mundi það að sjálfsögðu leiða m. a. til þess, að þau sveitarfélög, sem nú verða fyrir mestum skakkaföllum, mundu fá þann tekjumissi uppborinn við það, að jöfnunarsjóðurinn fengi verulega auknar tekjur til sín, ef till. mínar t. d. yrðu samþ. í deildinni, og þannig mætti firra þau tekjutapi.

Ég flyt á þskj. 511 brtt. við 17. gr. frv. um það, að teknir verði inn sem gjaldendur landsútsvara tryggingafélög og bankar, þ. e. a. s. þeir viðskiptabankar, sem lögum samkv. verzla með gjaldeyri. Og við 18. gr. flyt ég sömuleiðis þrjár brtt. Sú fyrsta er um það, að í stað þess, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sölunefnd varnarliðseigna greiði 5% af hagnaði sínum í jöfnunarsjóðinn, þá greiði þau 7%. Ef þessi brtt. yrði samþykkt, mundi hún þýða um 6.2 millj. kr. tekjuauka fyrir jöfnunarsjóðinn, sem rynni til sveitarfélaganna. Í öðru lagi flyt ég brtt. við 18. gr. um, að aftan við greinina bætist tveir nýir stafliðir. Hinn fyrri er um það, að tryggingafélög greiði ¾% af iðgjaldatekjum sínum í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Eftir upplýsingum, sem ég hef aflað mér um iðgjaldatekjur tryggingafélaga á s. l. ári, þykir mér ekki ósennilegt, að samþykkt þessarar brtt. mundi þýða um 2.5 millj. til 3 millj. kr. tekjuauka fyrir jöfnunarsjóðinn. — Þriðja efnisbreyting mín er sú, að ég legg til, að bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skuli frá ársbyrjun 1963 greiða í jöfnunarsjóð sveitarfélaga 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, sbr. 12. gr. l. nr. 4 frá 1960. Frá sama tíma hætti gjald þetta að renna í ríkissjóð. Í fjárlögum fyrir árin 1961 og 1962 eru tekjur ríkissjóðs af þessari starfsemi gjaldeyrisbankanna áætlaðar um 15 millj. kr. hvort árið, þannig að ef þessi brtt. fengist samþykkt, þá mundi hún væntanlega þýða, að tekjur jöfnunarsjóðsins af landsútsvörum mundu aukast um 15 millj. kr.

Þessar þrjár brtt., sem ég hef flutt við þessar tvær greinar frv., mundu þannig þýða um 23.7 millj. kr. tekjuauka fyrir jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, og hygg ég, að ef þær fengjust samþykktar, þá mundi hlutur sveitarfélaganna úr jöfnunarsjóði hækka mjög verulega frá því, sem nú er, og ég tel útilokað, að nokkurt sveitarfélaganna geti orðið fyrir tekjumissi út af þeim breyt., sem fyrirhugaðar eru í sambandi við landsútsvörin.

Eins og ég las hér upp áðan, geri ég ráð fyrir, að tekjur gjaldeyrisbankanna renni til jöfnunarsjóðsins frá ársbyrjun 1963. Þetta geri ég vegna þess, að að sjálfsögðu er reiknað með þessum tekjulið í sambandi við fjárlög 1962, og er því eðlilegt, að breytingin verði ekki fyrr en þetta fjárhagsár er liðið.

Við IV. kafla frv. hef ég ekki svo fleiri athugasemdir að gera og vík þá máli mínu að næsta kafla, sem er um útsvör. Meginbreytingin, sem þar er að finna, er sú, að nú á að lögbjóða einn og sama útsvarsstiga um allt land á tekjur einstaklinga. Ég tel þessa breytingu tvímælalaust til bóta og tel, að hún hefði átt að vera komin fyrr. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að í því fælist viss tegund af sióleysi að skattleggja menn mjög misjafnlega til hinna ýmsu sveitarfélaga, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Og ég hef tvívegis ásamt fleiri þm. flutt þáltill. um það, að undirbúin verði lagasetningu eða frv., sem gangi m. a. í þessa áttina. Því fagna ég þessari breyt., sem hér á að gera í sambandi við útsvarsstigann.

Ég hef eina brtt. flutt við ákvæði 32. gr., og efnislega gengur sú breyt. út á, að fjölskyldufrádráttur frá og með fjórða barni skuli hækka um 200 kr. frá því, sem er í frv. Ég hygg, að hér sé um fullkomið sanngirnismál að ræða, miðað við þær miklu breytingar, sem hafa orðið í sambandi við skattheimtu ríkissjóðs á seinustu árum, þar sem í æ ríkara mæli hefur verið lagt út á þá braut að innheimta tekjur ríkisins með óbeinum sköttum, þ. e. a. s. í tolli og með sölusköttum. Þetta hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að barnmörgu fjölskyldurnar í landinu hafa orðið verr úti við þessa skattheimtu en áður var. Því tel ég, að það sé sanngirnismál að auka persónufrádrátt barnmörgu fjölskyldnanna frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Að endingu vil ég víkja örfáum orðum að kafla þeim, sem fjallar um álagningu útsvara og innheimtu o. fl. Fram hefur komið brtt. um að fella þann kafla alveg niður. Ég tel, að það sé eðlilegt, að landinu sé skipt niður í skattstjóraumdæmi, eins og ráðgert er að gera. En gallinn á því er sá, að skattaumdæmin eru allt of stór, að mínu viti, og vegna þess, hvað þau eru ákveðin stór, þá rísa ýmis vandamál, sem m. a. frsm. 1. minni hl. heilbr.- og félmn. vék hér að í gær, — ýmis vandamál, sem hægt væri að komast hjá, ef skattaumdæmin væru smærri. En þetta atriði heyrir raunar til öðru frv., þannig að ég mun ekki fara nánar út í það nú, en vil þó lýsa þessari skoðun minni, að ég tel eðlilegt, að landinu sé skipt í skattstjóraumdæmi, en smærri en ráðgert er að hafa.

Um þær brtt., sem ég flyt ásamt þrem meðnm. mínum á þskj. 462, þarf ég lítið að ræða. Þær hafa verið skýrðar hér allar, en tvímælalaust eru þær mjög til bóta frá því, sem frv. var í upphafi.

Ég hef nú lokið við að lýsa afstöðu minni til frv. og vikið að þeim brtt., sem ég hef flutt. Ég tel þær svo mikilvægar, að ef þær fást ekki samþykktar í hv. deild, þá treysti ég mér ekki til þess að greiða frv. í heild atkv., þó að ég viðurkenni, að ýmis ákvæði þess séu mjög til bóta frá því, sem verið hefur.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., um tekjustofna sveitarfélaga, er í sex köflum og 68 greinum. Frv. fylgir löng grg. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að til þess að hægt sé að kynna sér slíkan lagabálk til hlítar, þarf langan tíma og saman-

burð og samanlestur við önnur gildandi lög um hliðstæð efni. Mér sýnist ýmislegt í þessu frv. vera til bóta frá því, sem áður hefur verið. Aftur á móti eru einstök atriði þessa frv., sem eru að margra dómi mjög hæpin og beinlínis til fjárhagslegs tjóns fyrir einstök bæjar- eða sveitarfélög.

Um lengri tíma hefur staðið til, að gerðar yrðu breytingar á tekjum bæjar- og sveitarfélaga. Það mun flestum hafa verið orðið ljóst, að þeir tekjustofnar, sem sveitarfélögin hafa haft úr að spila, hafi verið allt of litlir og á engan hátt nægt sveitarfélögunum til þess að standa undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði. Sífellt hafa verið gerðar meiri og hærri kröfur til sveitarfélaganna og oft og tíðum fyrir atbeina ríkisvaldsins, en án þess að tryggja það jafnhliða, að sveitarfélögin fengju tilsvarandi tekjur á móti þeim auknu kröfum, sem til þeirra hafa verið gerðar. Þetta hefur að sjálfsögðu orsakað það, að sveitarfélögin hafa orðið að grípa til þess að hækka útsvörin frá ári til árs. Hjá sumum sveitarfélögunum eru útsvörin orðin það há, að lítt er viðunandi og stefnir til hreinna vandræða, ef ekki fást nýir tekjustofnar fyrir sveitarfélögin, svo að hægt yrði að draga úr útsvarsbyrðunum að einhverju leyti.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram hér í hv. d. frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjustofnarnir skulu vera sem hér segir: Það er fasteignaskattur, — sá tekjustofn er ekki nýr, hann hefur verið notaður hjá sveitarfélögunum um árabil. Samkv. 5. gr. má þrefalda þennan skatt. Verður að telja slíka ráðstöfun mjög varhugaverða, eins og húsnæðismálum okkar er nú háttað, og virðist tæplega fært að láta þennan skatt ganga þannig yfir á húseigendur. En sérstaklega mundi þetta koma mjög illa við þá, sem standa í byggingum og hafa verið að byggja undanfarin ár og hafa átt nóg með að standa undir þeim kröfum, sem til þeirra hafa verið gerðar að undanförnu, þótt ekki bætist þarna nýr, mjög stór skattur við. Þá skal leggja á aðstöðugjald, sem kemur í staðinn fyrir veltuútsvarið. Um þennan skatt má að sjálfsögðu deila, og er það álitamál, hvort slíkur skattur sé réttlátari en veltuútsvörin. Þá er gert ráð fyrir úthlutun úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna eftir þar til settum reglum. Þá kemur hluti af söluskatti, sem renna skal til sveitarfélaganna, svo landsútsvar og að lokum væntanlega útsvör. Þetta eru þá þeir tekjustofnar, sem frv. gerir ráð fyrir að verði fyrir sveitarfélögin til að spila úr.

Mér sýnist, að fátt nýtt sé í frv. til bóta frá því, sem áður var, hvað tekjuhliðina áhrærir. Tvö nýmæli eru þó í frv. Annað er um landsútsvör, hitt er hið svokallaða aðstöðugjald, sem kemur í staðinn fyrir veltuútsvörin. Mér skilst, að aðstöðugjaldið sé lítið annað en veltuútsvar. bara í nýjum búningi. Aðstöðugjald má innheimta af rekstri fiskiskipa og flugvéla, verzlunarskipum, hvers konar iðnrekstri svo og öðrum atvinnurekstri. Veltuútsvar var lagt á öll slík fyrirtæki áður, þar sem þau voru á annað borð lögð á, en það mun hafa verið gert í langflestum sveitarfélögunum. Athyglisvert er, að mjög lítill mismunur er gerður á eðli og nytsemi þess atvinnurekstrar, sem leggja má aðstöðugjaldið á. Þannig má t. d. leggja aðstöðugjald á hvers konar iðnrekstur. Það er t. d. lagt að jöfnu súkkulaðiverksmiðja og niðursuðuverksmiðja, svo að eitt dæmi sé nefnt. Ég tel þetta alveg fráleitt. Aðstöðugjald ætti að miðast við þjóðhagslega þýðingu fyrirtækisins. Það er fyrst og fremst það, sem ég tel að eigi að ráða, hvar aðstöðugjaldið er lagt á og þá hvað það er hátt. Það verður tæplega um það deilt, að öll fiskiðja, svo sem hraðfrystihús, niðursuða fiskafurða, niðurlagningarverksmiðjur og niðursuða landbúnaðarafurða til sölu á erlendum mörkuðum, er þjóðhagsleg nauðsyn, sem ber að auka stórlega, hvar sem hún er. Allar þjóðir stefna að því marki hröðum skrefum að vinna úr því hráefni, sem þær afla, fullunna vöru. Íslendingar eru langt á eftir öðrum þjóðum á þessu sviði. Á þessu þarf að verða breyting. Við eigum að stefna að því að vinna úr okkar ágætu hráefnum sjálfir fullunna vöru og selja hana þannig á erlendum mörkuðum. Jafnhliða verðum við að gæta þess að íþyngja ekki þessum atvinnurekstri með of háum sköttum og tollum, en það virðist mér vera gert að nokkru leyti, m. a. með því að ætla sér að leggja 1½% aðstöðugjald á þennan atvinnurekstur og láta hann t. d. greiða sama gjald og í dæminu, sem ég nefndi áðan um súkkulaðiverksmiðjur, sælgætisverksmiðjur, gosdrykkja- og ölverksmiðjur.

Þá tel ég það og alveg fráleitt að ætla sér að taka sama aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og af flugvélum. Eftir því sem bezt verður vitað, eru t. d. allir togararnir reknir með stórtapi og hafa verið það á undanförnum árum. En flugfélögin aftur eru, eftir því sem bezt verður vitað, rekin með stórhagnaði. Ég spyr: Er nokkurt minnsta vit í því að taka sama aðstöðugjald af báðum þessum fyrirtækjum, togurunum annars vegar og t. d. flugvélunum hins vegar? Mér sýnist slíkt hin mesta fjarstæða. Eins og nú horfir, er svo að segja allur togaraflotinn stöðvaður vegna þess, að eigendur þeirra telja sig ekki geta veitt sjómönnum viðunandi kjör. Telja svo menn, að slíkur atvinnurekstur sé fær um að taka á sig nýja skattabyrði? Ég held, að það sé tæplega hægt að halda því fram, að slíkt sé fært.

Mér fyndist eðlilegast, að aðstöðugjald af flugvélum t. d. yrði það sama og af rekstri verzlunarskipa. Undanskilja ætti þó vitanlega sjúkraflugvélar, á þeim ætti ekki að vera neitt aðstöðugjald, þær ættu ekkert aðstöðugjald að greiða. En mér skilst á frv., að það sé ekki gerður greinarmunur á því, til hvers flugvélarnar séu notaðar. Ef svo er ekki, þá væri gott að fá um það upplýsingar. Um aðstöðugjald má vitanlega segja, að þar sé aðeins um heimildir að ræða, sveitarstjórnirnar þurfa ekki frekar en þær vilja að leggja það á. Sama var um veltuútsvarið, þar var aðeins um heimild að ræða, sem sveitarstjórnirnar notuðu í langflestum tilfellum og lögðu það gjald á. Og mér er nær að halda, að sama verði ofan á með aðstöðugjaldið. Sveitarstjórnirnar verða beinlínis neyddar til þess að nota það, vegna þess að þær vantar tekjur til þess að geta staðið undir sínum rekstri.

Skv. 17. gr. frv. er gert ráð fyrir, að eftir-

taldir aðilar skuli greiða landsútsvör: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, sölunefnd varnarliðseigna, síldarverksmiðjur ríkisins, áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðjan, Viðtækjaverzlun ríkisins, landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og olíufélögin. Af landsútsvarinu skal falla til þess sveitarfélags, þar sem það verður lagt á, ¼, en ¾ skulu ásamt ¼ af söluskatti, sem er innheimtur árlega skv. 16. gr. a, skiptast á milli sveitarfélaganna eftir þar til settum reglum.

Við því hafði verið búizt, að inn í landsútsvörin yrðu teknir t. d. bankar og vátryggingarfélög og jafnvel fleiri stofnanir, sem reka alhliða þjónustu fyrir alla landsmenn. Þetta hefur þó ekki verið gert, hvað sem því veldur. Verður það að teljast stórfurðulegt. Það er vitað, að bæði bankar og tryggingarfélög eru rekin með stórum hagnaði ár hvert án þess að þurfa að greiða neitt af sínum mikla gróða til sveitarfélaganna. Það virðast ekki vera til nein sérstök rök, sem mæla móti því, að þessar stofnanir séu látnar greiða til opinberra þarfa einhverja ákveðna prósentutölu af veltu og ágóða til sveitarfélaganna og þar með létta hinar gífurlegu útsvarsbyrðar af almenningi að einhverju leyti. Þess verður að vænta, að á þessu verði sú breyting gerð, að bankarnir og tryggingarfélögin og jafnvel fleiri hliðstæðar stofnanir verði fyrr eða síðar látin greiða að sínum hluta útsvar til sveitarfélaganna til jafns við aðra gjaldendur.

Í 17. gr. er lagt til, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða 1% í landsútsvar af heildarsölu þeirra, þ. e. 1% af veltu eða heildsölu. Nú greiða síldarverksmiðjur ríkisins 0.5% til þeirra sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar. Breyt. sú, sem gert er ráð fyrir í frv. á útsvari síldarverksmiðjanna, verður mjög óhagstæð fyrir viðkomandi sveitarfélög, svo sem Siglufjörð og Raufarhöfn. Sama gildir vitanlega um þá staði, þar sem aðrar slíkar verksmiðjur eru til, svo sem Skagaströnd, og um þá staði, þar sem ákveðið er að byggja slíkar verksmiðjur nú á vori komanda.

Skv. bréfi, sem mér hefur borizt frá bæjarstjóranum á Siglufirði um þetta mál, er þess getið, að útsvar af síldarverksmiðjum ríkisins 1961 hafi enn ekki verið gert upp, en muni verða um 500 þús. kr. Útsvar ársins 1962 er áætlað á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs 590 þús. kr. Skv. frv., eins og það er nú og ef það verður þannig að lögum, mundi útsvar ríkisverksmiðjanna á Siglufirði verða 1180 þús. kr. Fjórði hluti bæjarins úr þessu er 295 þús. kr. Þannig mundi því bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar missa, ef frv. verður samþ. óbreytt hvað þessu viðkemur, 295 þús. kr. Skv. útreikningi bæjarstjórans mundi tap bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar vegna landsútsvaranna verða sem hér segir: Af útsvari síldarverksmiðja ríkisins, eins og áður er getið, 295 þús. kr., af útsvari Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins 262 500 kr., af útsvari olíufélaganna á Siglufirði 225 þús. kr. Samtals gerir þetta 782 500 kr. Greitt til baka úr jöfnunarsjóði 436 800 kr. Hreint tap fyrir Siglufjarðarkaupstað samanlagt vegna landsútsvaranna á þau fyrirtæki, sem hér hafa verið upp talin, yrði því 345 700 kr.

Ég tel rétt að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, kafla úr bréfi bæjarstjórans á Siglufirði um þetta mál, en þar segir m. a.:

„Líkindi eru til, að veltuútsvar Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins 1962 verði um 400 þús. kr. af um 10 millj. kr. veltu þessa fyrirtækis á Siglufirði. Einnig má benda á, að ekki þarf nema síldveiðin glæðist örlítið meir fyrir Norðurlandi til þess, að olíusala aukist stórlega til síldveiðiflotans og þar með útsvar af veltu. En af hvorugri þessari hækkun mundi Siglufjörður njóta útsvara að neinu marki, eftir að landsútsvörin kæmust á. Þá er ákvörðunin um, að síldarverksmiðjur ríkisins falli undir landsútsvör, mesta áfall fyrir bæjarsjóð Siglufjarðar. S. R. hafa starfað hér rúmlega þrjá áratugi og vaxið hér og þróazt. Nú er svo komið, að síldarverksmiðjur ríkisins eru í raun og veru fimm fyrirtæki, þ. e. síldarbræðsla, frystihús, vélsmiðja, soðkjarnavinnsla og niðursuðuverksmiðja. Stærð S. R. í hlutfalli við stærð bæjarins er óvenjumikil og stór hluti af bænum byggður upp í kringum fyrirtækið. Bæjarfélagið hefur lagt í kostnað, sem skiptir millj. kr., til þess að treysta aðstöðu S. R. í bænum, í þeirri von að fá til baka opinber gjöld, sem hverju fyrirtæki ber að greiða í sínu sveitarfélagi. Afnot S. R. af allri aðstöðu í bænum eru í stuttu máli á þann veg, að ef nokkurt fyrirtæki yrði að falla undir aðstöðugjald, er félli til viðkomandi heimabyggðar skv. röksemdum í frv. um tekjustofna sveitarfélaga, þá eru það síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði. En S. R. hafa frá fyrstu tíð greitt mjög smávægileg gjöld til bæjarsjóðs, eða 0.5% af brúttóframleiðslu, og er það miklum mun minna en önnur fyrirtæki greiða. T. d. hafa öll smáiðnfyrirtæki greitt 1.5% í veltu og oft verið vitnað í, að þetta stóra fyrirtæki, S. R., ætti að greiða opinber gjöld eins og önnur fyrirtæki á staðnum.

Forráðamenn bæjarmála á Siglufirði hafa haft það mjög ríkt í huga að fá útsvar S. R. hækkað til hagsbóta fyrir bæjarsjóð Siglufjarðar og hafa farið fram á við þm. kjördæmisins, að þeir flyttu það mál. En þar sem lengi hefur staðið til að breyta útsvarslögunum, var fallizt á að fresta tilraun til hækkunar, þar til útsvarslagabreyt. yrði á dagskrá. Nú hefur verið lagt fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og þar er útsvarsgreiðslu S. R. breytt á hinn versta veg fyrir Siglufjörð. Er þar um skerðingu að ræða. Frv. um tekjustofna fyrir sveitarfélög er því hreint öfugmæli hvað Siglufjörð áhrærir. Í stað aukinna tekjustofna hjá öðrum bæjarfélögum tapar Siglufjarðarkaupstaður verulegri fjárupphæð. Nú er vitað mál, að ef S. R. væru samvinnufélag eða einkafyrirtæki, þá hefði útsvar fyrirtækisins runnið í bæjarsjóð. Ég kem ekki auga á neina sanngirni í því að refsa Siglufjarðarkaupstað fyrir það, að hér skuli af tilviljun vera staðsettur stórfelldur ríkisrekstur, á þann hátt, að bæjarsjóður eigi að missa stóran hluta af útsvari þessa fyrirtækis ofan á mjög lága útsvarsgreiðslu síðustu þriggja áratuga. Verður það að teljast mjög ómaklegt gagnvart fátæku bæjarfélagi, sem oftast hefur haft mjög há útsvör miðað við önnur bæjarfélög, sem stafar af allt of lágri útsvarsgreiðslu S. R. Till. mín

er sú, að útsvar S. R. verði hækkað upp í 1% af brúttó-framleiðslu, eins og frv. gerir ráð fyrir, og Siglufjarðarkaupstaður fái útsvarið allt. Er það í samræmi við óskir forráðamanna bæjarmála á Siglufirði nú og á undanförnum árum. Vænti ég þess, að þér, hr. alþingismaður, sjáið yður fært að veita þessu fylgi."

Svo mörg eru þau orð, þannig lítur bæjarstjórinn og bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar á þetta mál, og mun ég þá halda áfram þar, sem áður var frá horfið.

Í framhaldi af því, sem hér hefur verið sagt, höfum við hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) leyft okkur að flytja brtt. við frv. á þskj. 492:

„1. Við 17. gr. Orðin „síldarverksmiðjur ríkisins" falli niður.

2. Eftir 32. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarfélags, þar sem þær eru starfræktar."

Brtt. er flutt í trausti þess, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. hana og koma þar með í veg fyrir, að þau sveitarfélög, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins eru starfræktar, væru hlunnfarin, eins og fullar líkur eru til, ef frv. yrði samþ. óbreytt. Það er ekkert um það að deila, að eins og frv. er nú, mundi það verða til stórtjóns fjárhagslega fyrir sveitarfélögin, ef það yrði samþ. óbreytt, þ. e. a. s. þau sveitarfélög, þar sem slíkur verksmiðjurekstur er rekinn. Að ætla sér að láta útsvör síldarverksmiðjanna falla inn í landsútsvörin, er hrein fjarstæða. Í því sambandi má benda á, að fjölmargar síldarverksmiðjur eru í eigu einstaklinga og hlutafélaga. Að sjálfsögðu bera slíkar verksmiðjur útsvör til jafns við aðra gjaldendur viðkomandi staða, og slíkt útsvar rennur óskipt til þeirra sveitarfélaga.

Ég fæ ekki séð, hvað liggur til grundvallar og hvaða sanngirni mælir með því að taka þarna út úr síldarverksmiðjurnar og setja þær í sérstakan flokk og taka stóran hluta af útsvari þeirra og leggja í sameiginlegan sjóð, en skilja svo eftir þær síldarverksmiðjur, sem reknar eru af einstaklingum eða hlutafélögum, og á þær má svo leggja útsvar eins og önnur fyrirtæki viðkomandi staða, og það útsvar á að renna að öllu leyti til viðkomandi sveitarfélags. Með því að láta útsvör af síldarverksmiðjum ríkisins renna inn í landsútsvörin er verið að fremja hróplegt ranglæti gagnvart þeim gjaldendum, sem búsettir eru í þeim sveitarfélögum, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins eru. Ég verð að segja það, að ég get tæplega trúað því, að hv. alþm. láti hafa sig til þess að greiða slíku atkv.

Ég vil hér með leyfa mér að skora á hv. alþm. að samþ. brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. og koma þar með í veg fyrir, að Alþ. samþ. frv. óbreytt að þessu leyti, og koma þar með í veg fyrir óheyrilegt ranglæti, þar sem þegnum þjóðfélagsins yrði mismunað á hinn herfilegasta hátt. Ég vil enn fremur skora á hv. heilbr.- og félmn. að endurskoða afstöðu sína til þeirra ákvæða frv., sem ég hef hér rætt um og brtt. okkar fjallar um.

Þá vil ég og óska þess, að hæstv. forseti hraði afgreiðslu málsins ekki það mikið, að n. gefist ekki kostur á því að athuga vel fram komnar brtt. Málið er allt mjög vandasamt, og ber því að athuga allar aðstæður mjög vel. Að ætla sér að berja frv. að mestu óbreytt í gegn af þingmeirihl. er hrein fjarstæða og mundi mælast mjög illa fyrir.

Ég vil nú leyfa mér að átelja meðferð á þessu stórmáli hér í hv. d. Frv. er flutt seint á yfirstandandi þingi, og þm. hefur ekki almennilega gefizt tími til að athuga málið eins vel og æskilegt hefði verið. Sérstaklega er það athyglisvert, að álits sveitarstjórnanna hefur ekki verið leitað um frv., sem þó hefði verið beinlínis skylda að gera, þar sem allt málið snertir sveitarfélögin alveg sérstaklega, og slíka málsmeðferð ber vitanlega að viðhafa, þegar um stórmál er að ræða, að senda þau til umsagnar þeirra aðila, sem málin heyra mest undir.

Til þess að hv. heilbr.- og félmn. gefist kostur á að athuga till. okkar á þskj. 495, munum við taka hana aftur til 3. umr., og vonumst við til þess, að hv. n. geti fallizt á till. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. við nánari athugun.

Um brtt. meiri hl. á þskj. 462, 6. tölul., vil ég segja þetta: Orðalag till. er mjög óákveðið, og má túlka hana á ýmsan veg og teygja eins og hrátt skinn. Ég tel, að sú till. uppfylli á engan hátt þær óskir og kröfur, sem fram hafa komið til breyt. á frv., t. d. frá bæjarstjórn Siglufjarðar, og tel hana því til lítilla bóta, eins og hún er orðuð. Ég mun athuga það við 3. umr., hvort ekki er hægt að breyta þessari till., gera hana a. m. k. þannig, að ekki þurfi að deila um, hvað hún virkilega á að þýða, en eins og hún er núna, er hún lítt skiljanleg.

Það hafa komið hér fram fjöldamargar brtt. við frv. Langflestar þeirra tel ég vera til bóta frá því, sem er í frv., og get að sjálfsögðu og mun greiða flestum þeirra atkv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta stórmál, en vænti þess, að heilbr.- og félmn. taki þessar till. okkar til athugunar. Ég treysti því, að hv. alþm. skilji aðstöðu okkar flm. og annarra, sem eru samþykkir tillögu okkar, skilji það, að hér er um stórmál að ræða. Þegar um það er að ræða að samþ. tekjustofna fyrir sveitarfélögin, þá er a. m. k. ætlazt til þess, að ekki verði gengið á rétt sveitarfélaganna, þannig að þau fái minni tekjur, eftir að lögin hafa verið samþ., en þau höfðu áður.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Það, sem ég tel helzt til bóta í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, er, að tekin hefur verið upp sú regla að láta einn útsvarsstiga gilda um allt landið. Áður fyrr og fram undir 1960 var mjög mikil ringulreið í útsvarsstigum einstakra sveitarfélaga, og þá bráðabirgðastefnu, sem þá var tekin upp og nú er mörkuð með einum útsvarsstiga í stað þriggja, hana tel ég vera til bóta. Hitt þarf vitanlega engum að dyljast, að þar með er ekki sagt, að útsvör í öllum bæjarfélögum landsins geti orðið ein og hin sömu, og fyrir því er vitanlega engin trygging og það væri á ýmsan hátt ekki eðlilegt. Þarfir sveitarfélaganna eru ákaflega mismunandi af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki að fara út í hér, og þess vegna er það augljóst mál, að útsvörin hljóta að vera mismunandi há. Þetta fer eftir fram-

kvæmdum sveitarfélaganna, þetta fer eftir tekjuöflun einstakra gjaldenda og fjölmörgum öðrum ástæðum, sem þar koma til greina. Það er því alls ekki líklegt, að útsvör geti verið jöfn um allt landið þrátt fyrir þetta, en að hafa einn og sama mælikvarða, sem hækkaður er og lækkaður eftir þörfum sveitarfélaganna, tel ég að sé til bóta og sé rétt stefna, sem þar kemur fram í þessu frv.

Um nýja tekjustofna er ekki að ræða fyrir sveitarfélögin, eins og fram hefur komið í þessum umr. Landsútsvörin, sem má segja, að sé eina breytingin í jákvæða átt frá því, sem áður hefur verið, eru fyrst og fremst tilfærsla á tekjum. Ýmsir tekjustofnar eru teknir frá öðrum sveitarfélögum, eins og síðasti ræðumaður ræddi ýtarlega um, og þau sett í hinn sameiginlega sjóð, sem síðar á að deila úr til annarra sveitarfélaga eftir fólksfjölda þeirra. Það er þess vegna hin mesta blekking, að hér sé verið að búa til nýjan tekjustofn fyrir sveitarfélögin, sem geti orðið til þess að létta útsvarsbyrðar þeirra. Reynslan mun sýna, að svo verður ekki. Hér er aðeins um tilfærslu að ræða, alveg á sama hátt og þegar tekjuskattur var minnkaður með lögum 1960, en söluskattur aukinn. Tekjuöflun ríkissjóðs minnkar ekki, nema síður sé, en það var fært af þeim, sem höfðu háar tekjur, á ýmsa aðra aðila, m. a. á hinar barnmörgu fjölskyldur í landinu, sem mest verða að borga í gegnum hinn stóraukna söluskatt, sem þá var innleiddur. Söluskatturinn, sem þá var lögskipaður, átti að hluta að ganga til sveitarfélaganna til lækkunar á útsvörum, en reyndin mun hafa verið sú, að útsvörin lækkuðu hvergi vegna söluskattsins, heldur gekk hann yfirleitt til þess að mæta hækkun á lögboðnum gjöldum, sem voru lögð á bæjar- og sveitarfélögin hin síðari árin. Það má kannske segja, að þessi skipting á söluskattinum hafi komið í veg fyrir, að útsvörin héldu áfram að hækka, en það er öruggt mál, að hann mun hvergi hafa lækkað útsvörin, a. m. k. ekki í hinum stærri sveitarfélögum. Vonandi verður þessi millifærsla með landsútsvörin til þess, að eitthvað verði hægt að lækka útsvarsbyrðarnar, en það verður ekki, meðan hin lögboðnu útgjöld bæjar- og sveitarfélaganna fara stöðugt hækkandi, eins og verið hefur hin síðustu ár.

Í þessu frv. er það snjallræði fundið upp að afnema mjög óvinsælt útsvarsform, sem nefnt var veltuútsvar. Það heldur þó áfram, þótt skipt sé um nafn, og nú er það nefnt aðstöðugjald. Það á ekki lengur að leggja það á tekjur, eins og áður var með veltuútsvarið, heldur á að leggja það á útgjöldin. Þetta hefur vakið undrun margra, því að yfirleitt hafa menn talið, að útgjöld einstakra fyrirtækja væru lélegur gjaldstofn. Brtt. sú, sem n. hefur gert, er vitanlega til bóta, að það, sem lagt er á sem aðstöðugjöld, skuli ekki fara fram úr tekjum þeirra félaga, sem aðstöðugjöld greiða. Enda væri það frámunalegt, og er alveg undravert, að slíkt skuli geta komið fram í frv., sem á að vera baulathugað í milliþn., að lagt skuli á gjöld ýmissa atvinnufyrirtækja, þar sem vitað er, að þau geta oft og tíðum, einkum þegar fyrningarafskriftir koma til viðbótar, farið langt og það mjög langt fram úr tekjunum, og væri hægt að nefna um það mýmörg dæmi frá síðustu árum, þar sem þannig hefur staðið á, og það þó að engin sérstök óhöpp hafi skeð, eins og alltaf geta þar komið einnig til viðbótar. Það voru margir vankantar á þessu frv. Þetta var einn, að ætla sér að leggja á gjöldin alveg takmarkalaust. En n. hefur sniðið þennan vankant af að því leyti, að gjöldin skuli ekki fara fram úr tekjunum. Nokkrir aðrir vankantar hafa einnig verið sniðnir af frv., en þeir eru fleiri, sem eru á því, og ýmis atriði, sem þarf að breyta, og væri stórlega til bóta, ef Alþ. gæti á það fallizt.

Ég vildi næst leyfa mér að minnast á nokkrar brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér í hv. deild við þrjár greinar þessa frv., og vil aðeins gera nokkra grein fyrir þeim hverri fyrir sig.

Þá er það fyrst brtt. á þskj. 509 við 10. gr. frv., varðandi aðstöðugjaldið, að a-liðurinn í 10. gr. breytist þannig, að aðstöðugjaldið, sem þar er ákveðið ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla, verði fært niður í ¼%. Það hefur verið upplýst hér í hv. deild, og það munu allir vita, sem eitthvað þekkja til álagningar í sveitarfélögum, að útgerðin er undirstöðuatvinnuvegurinn á hverjum stað. Það eru tækin, sem draga hráefnið í land og skapa þá atvinnu, sem mest er byggt á í þorpum og kaupstöðum víðs vegar í kringum landið. Það hefur þess vegna verið viðtekin regla að hlífa þessum atvinnuvegi við veltuútsvari. Séu tekjur, þá kemur vitanlega tekjuútsvar, en það hefur yfirleitt verið skilningur sveitarstjórna fyrir því, að það sé óeðlilegt að leggja veltuútsvar, sem nú er kallað aðstöðugjald, á fiskibáta, togara og annan slíkan atvinnurekstur, enda hefur þessi atvinnurekstur velt mjög háum upphæðum, en hagurinn hefur verið þannig, að það hefur gengið illa að afskrifa nokkuð, sem máli skiptir. Það hefur þess vegna verið upplýst hér í umr., að ýmsir bæir hafa alls engin veltuútsvör lagt á fiskibátana, eins og Vestmannaeyjar og jafnvel Ísafjörður. Ég veit, að Akranes hefur aðeins lagt 0.25% á þann rekstur, og ég hef kynnt mér í ýmsum þorpum í kringum landið, að það hefur sáralítið veltuútsvar verið lagt á vélbátaútgerðina og víða alls ekki neitt.

Ég tel, að það sé þess vegna farið öfugt að, þegar lögfesta á aðstöðugjald á þennan atvinnurekstur, yfirleitt hærra aðstöðugjald en veltuútsvar hefur í reyndinni verið í fjölmörgum bæjum og kauptúnum í kringum landið. Það eru til undantekningar, — ég skal fúslega játa það, — þar sem hefur verið lagt á rekstur vélbáta, jafnvel upp í 1%, en það eru hreinar undantekningar. Hitt hefur verið meginreglan, að leggja ýmist ekkert á þennan atvinnurekstur eða sáralítið. Og ástæðan fyrir því er augljós, og hef ég minnzt á það hér að framan, og vænti ég, að allir séu mér sammála um, að slíkur undirstöðuatvinnuvegur eigi því aðeins að borga útsvar, að það sé um verulegan tekjuafgang að ræða.

Þá er lagt til í 10. gr., að hæsta aðstöðugjald sé 2%. Í útsvarslögunum frá 1960 er gert ráð fyrir því, að hægt sé að fara með veltuútsvar af tekjum allt upp í 3%. Ég hef leyft mér að flytja brtt., að á eftir e-lið komi nýr stafliður, og með leyfi hæstv. forseta, hljóðar hann svo:

„Allt að 3%: Barar, billiard-stofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, tóbaks- og sælgætisverzlanir.“

Hjá þessum fyrirtækjum eru yfirleitt lítil útgjöld, mikill gróði, og þess vegna gerist hér tvennt í senn, að útsvar á þessum stofnunum er lækkað um ⅓, úr 3% niður í 2%, og þar að auki er lagt á miklu lægri upphæð en áður, því að einmitt hjá þessum fyrirtækjum er um allháar tekjur að ræða, en tiltölulega lítil útgjöld, mjög miklu minni útgjöld en í flestum öðrum atvinnugreinum. Það má þess vegna segja, að það sé í samræmi við stjórnarstefnuna að setja tiltölulega ríft hámark á aðstöðugjald eða veltuútsvar vélbátaútgerðarinnar, en lækka á sama tíma aðstöðugjald á sjoppum og öðrum slíkum atvinnurekstri um ⅓, því að það var áður yfirleitt um 3%. Ég vil þess vegna taka undir það, sem sagt var hér í gær í umr., að það virðist vera, að útvegurinn eigi formælendur fáa hér á Alþ., og ég vil spyrja: Hvers á útvegurinn að gjalda í ýmsum þeim lagagreinum og lagasetningum, sem gerðar hafa verið? Í fyrra komu okurvextir og stórkostlegur lánsfjárskortur, sem hefur orðið útgerðinni fjötur um fót og orsakað það, að fyrir hana þurfti á síðasta ári að gera sérstakar kreppuráðstafanir. Og nú á að löggilda hærra aðstöðugjald en veltuútsvarið var áður. Ég álít, að þarna sé röng stefna upp tekin, vegna þess að allir munu sammála um, að hérna sé um undirstöðuatvinnuveg að ræða, sem atvinnulífið að verulegu leyti byggist á víðs vegar í landinu.

Þá vil ég næst víkja að brtt., sem ég flyt á þskj. 507 ásamt 7. þm. Reykv. (ÞÞ). Þessi brtt. fjallar um hækkun frádráttar í útsvari vegna barnafjölskyldna. Allir, sem eitthvað þekkja til útsvarsálagningar, vita, að á undanförnum árum hafa útsvarsstigarnir verið of háir fyrir barnafjölskyldur. Og ég hygg, að þeir, sem hafa unnið að niðurjöfnun, muni sammála um það, að þegar börn gjaldenda voru komin upp í 6, 7, 8 og þaðan af fleiri, þá hafi niðurjöfnunarnefndin komizt í vandræði og orðið að slá verulega af hinum venjulega útsvarsstiga. Það kom sem sagt víða í ljós, að niðurjöfnunarnefndirnar voru sammála um það, að þegar gjaldendur höfðu jafnmörg börn á framfæri sínu, var þeim ókleift að greiða það útsvar, sem stigi niðurjöfnunarnefndar greindi frá, og þá hefur oft verið farin sú leið að lækka útsvarið, án þess að nokkrar reglur væru um það, og hefur það verið meira og minna af handahófi, en gert af brýnni þörf. Einnig munu þeir, sem að sveitarstjórnarmálum hafa unnið, hafa fundið það oft og tíðum, hvað erfitt var að innheimta há útsvör af slíkum gjaldendum. Því hefði mátt vænta í þessu frv., sem samið er af mþn., — og væntanlega hafa ýmsir menn unnið að þessu frv., sem hafa þekkt einmitt þessa þætti málsins, — að gerðar væru alveg sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja barnafjölskyldum verulega útsvarslækkun. Alveg sérstaklega þegar barnafjöldinn er yfir 4, þá er nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til þess. Aftur á móti er frádrátturinn stighækkandi, sem nemur 100 kr. fyrir hvert barn. Frádráttur í útsvari byrjar sem sé á 1000 kr. fyrsta barn, 1100 kr. annað barn og síðan 100 kr. hækkun fyrir hvert barn. Ég tel, að þetta sé alls ekki nægilegt, og þess vegna höfum við 7. þm. Reykv. leyft okkur að flytja svo hljóðandi brtt. við 32. gr., að í stað orðanna „Fyrir 1. barn kr. 1000.00 . . . . kr. 100.00 fyrir hvert barn“ komi: Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00“, — er óbreytt frá því, sem er í frv., — síðan komi nokkur aukahækkun: „fyrir 3. barn kr. 1300.00, fyrir 4. barn kr. 1600.00, fyrir 5. barn kr. 2000.00,“ þannig að munurinn hækki alltaf um 100 kr. við hvert barn, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu.

Samkv. frv. á gjaldandi með 7 börn og 90 þús. kr. tekjur að greiða um 6800 kr. í útsvar. Samkv. þessari till. ætti útsvar þess gjaldanda að verða 3300 kr. Hafi þessi gjaldandi 100 þús. kr. tekjur, á hann að greiða í útsvar samkv. frv. 9300 kr., en samkv. till. okkar yrði útsvar hans 5800 kr. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um það, að þegar gjaldandi hetur orðið 6, 7 eða 8 börn á framfæri sínu, þá megi þykja gott, ef hann getur bjargazt hjálparlaust frá sveitarfélaginu, og það sé ekki hugsanlegt, að slíkur gjaldandi geti verið tekjustofn fyrir sveitarfélagið, eins og þetta frv. augljóslega gerir ráð fyrir. Það er líklegt, að þessir menn lendi yfirleitt í nokkuð háum tekjum, því að fjölskyldubætur manns, sem hefur 7 börn á framfæri sínu, eru samkv. þeirri hækkun, sem gerð hefur verið á síðasta ári, 20650 kr. Og hafi maðurinn 70 þús. kr. vinnutekjur, sem hann vissulega þarf, hvort sem hann getur aflað þeirra eða ekki, þá er hann búinn að fá 90 þús. kr. tekjur með fjölskyldubótunum. Hafi hann 80 þús. kr. vinnutekjur, þá kemst hann upp í 100 þús. kr. með fjölskyldubótunum, og með þessu móti er a. m. k. fjórði parturinn af fjölskyldubótunum tekinn í útsvar til bæjar- og sveitarfélaga mínus sá persónufrádráttur, sem maðurinn hefur.

Þetta tel ég, að sé alveg ófær leið, að taka þannig 25—30% af fjölskyldubótunum aftur í útsvar, en það hlýtur að vera það hjá mönnum, sem hafa svo háar fjölskyldubætur, vegna þess að þeir hafa mörg börn á framfæri sínu. Með skattalögunum er þetta fullkomlega viðurkennt. Þar hafa hjón 50 þús. kr. frádrátt í sínum tekjum til skatts, síðan 10 þús. kr. fyrir hvern ómaga á framfæri sínu, og maðurinn með 7 börn, — en það dæmi hef ég sett upp, vegna þess að það er ekki óalgengt, — hann fær 50 þús. plús 70 þús. fyrir börnin, eða 120 þús. kr. skattfrjálsar tekjur. Maðurinn, sem á 7 börn, þarf þess vegna engan tekjuskatt að borga fyrr en hann er kominn yfir 120 þús. kr. tekjur, og fyrir því eru litlar líkur hjá almennum gjaldendum í þessu landi.

Ég tel þess vegna, að hér sé mikið réttlætismál. Og það er meira, sem kemur hér til, sem ekki er hægt að komast hjá að víkja aðeins að í þessu sambandi. Stjórnarstefnan síðustu 2—3 ár hefur verið, eins og oft hefur verið tekið fram, lækkun skatts á hátekjumönnum og að nokkru leyti afnám, og fjölskyldubæturnar hafa ekki farið stighækkandi, heldur jöfn greiðsla, hvort sem gjaldandinn á eitt barn eða tíu börn. Þar er enginn munur gerður á, heldur nákvæmlega sama upphæðin. Þegar hinn 3% almenni söluskattur var lögleiddur og söluskattur í innflutn-

ingi var stórhækkaður líka 1960, þá var þessum byrðum, sem létt var af hátekjumönnunum, velt yfir á barnafjölskyldurnar í landinu í stórauknum mæli. Það mætti nefna þess mörg dæmi, að auk þess sem tvær gengisbreytingar hafa hækkað allar lífsnauðsynjar stórkostlega, þá eykst söluskatturinn jafnt og þétt, þar sem hann er ákveðinn hundraðshluti af öllum innflutningi og öllum innkaupum.

Ég vil aðeins nefna sem dæmi þessu til sönnunar, að einir litlir krakkaskór kosta hér um 290 kr. Það er ekki lítill kostnaður fyrir mann, sem hefur 7 börn á framfæri sínu, að skóa sinn hóp. Af hverjum skóm tekur ríkið í söluskatt um 41 kr. Og lítill barnafrakki kostar um 1500 kr., söluskattur af hverjum frakka er yfir 200 kr. Þannig mætti nefna þess dæmi, hvernig hinar brýnustu lífsnauðsynjar hafa stöðugt farið hækkandi vegna verðbreytinganna og vegna söluskatts, sem ríkið innheimtir af hverri flík og öllum þeim matvælum, sem keypt eru, í hvaða mynd og formi sem er, nema ég held, að mjólkin ein sé þar undanþegin. Allar þessar daglegu þarfir leggjast þungt á manninn með 7 börn. Hann verður að borga 3% af öllum kaupum innlendum, og hann verður að borga þar að auki 16.5% af öllu því, sem flutt er inn í landið. Þetta verður þess vegna fyrir jafnstóra fjölskyldu gífurlega hár skattur á hverju einasta ári, og þess vegna er nauðsynlegt og alveg óhjákvæmilegt, að þegar lög eru sett um útsvarsinnheimtu, þá sé tekið tillit til þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkið er áður búið að framkvæma af þessum gjaldendum í þjóðfélaginu, sem vinna þó mestu nytjastörfin. Maðurinn með 7 börnin verður að borga 7 sinnum meira til ríkissjóðs í gegnum söluskatta og þá skattheimtu heldur en maðurinn með eitt barnið, og auk dýrtíðar af völdum gengisbreytinga og af völdum tolla, sem vaxa með hverri gengisbreytingu, þá verður aðstöðumunurinn gífurlegur, og hann er á engan hátt bættur með fjölskyldubótunum, þar sem þær fara ekki stighækkandi, eins og eðlilegt hefði verið. Enda er það svo, að þess mun mega finna dæmi víðs vegar í kringum land í kaupstöðum, þar sem verulegur innflutningur er, að innheimtur söluskattur er upp undir helming af öllum tekjum ríkissjóðs. Það þarf þess vegna engan að undra, að þessi ógnaskattheimta leggist þungt á marga gjaldendur í þessu landi, og fram hjá því verður ekki gengið þegjandi, þegar verið er að gera lög um útsvör, sem snerta hvern einasta þegn þjóðfélagsins meira og minna.

Þá vildi ég næst koma að þriðju brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt 5. þm. Norðurl. v. (BP), og hún er við 45. gr. frv. Þar segir, að í hreppum með færri en 300 íbúa sé sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu. Annars er sveitarstjórnum alls ekki lengur heimilt að leggja sín útsvör á, eins og verið hefur áður. Ég sé, að hv. heilbr.- og félmn. hefur komið með brtt. við frv. að færa íbúatöluna þarna upp í 500. Ég tel, að þessi grein sé mjög óhyggileg og ótímabær, og brtt. okkar 5. þm. Norðurl. v. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sveitarfélögum með færri en 5000 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim í té afrit af skattskrá hreppsins til hliðsjónar við álagninguna.“

Í frv. er gert ráð fyrir hinum svonefndu framtalsnefndum. Þær koma í staðinn fyrir niðurjöfnunarnefndirnar, sem starfað hafa á undanförnum árum. Þær eiga að undirbúa samkv. frv. skattframtölin í hendur skattstjóra, gera þær breyt. á framtölum og útreikningi, sem þær telja nauðsynlegar, og taka þar til greina þær athugasemdir, sem lögin gera ráð fyrir í sambandi við útsvarsálagninguna, og síðan er aðeins eftir að reikna sjálf útsvörin út. Það munu allir við það kannast, sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, að vinna sú, sem skattstjórum er þarna ætluð, er sáralítil og tekur niðurjöfnunarnefndirnar langminnstan tíma. Það er tiltölulega lítið verk að skrifa útsvarsupphæðina, eftir að búið er að fara yfir framtalið og bera niðurstöður þess saman við útsvarsstigann. Ég held, að þetta ákvæði sé þess vegna mjög óæskilegt, vegna þess að sveitarstjórnirnar þurfa að taka tillit til svo margra atriða og sjá það alltaf betur, þegar búið er að leggja útsvarið á, hver sératriði það eru, sem gefa þarf gætur. Og þær fá ekki heildaryfirsýn yfir útsvarsálagninguna, fyrr en búið er að fara yfir allar skýrslurnar og leggja útsvörin á eftir útsvarsstiganum í hvert skipti. Ég hygg, að sveitarfélögin sjálf hafi ekki óskað eftir þessari breytingu. Þau hafa sennilega aldrei verið um það spurð, og ef þau væru spurð um það, þá hygg ég, að þau óskuðu ekki eftir því, að þetta vald, að ganga frá útsvarsálagningunni, verði af þeim tekið.

Eitt líka, sem þarf að athuga, er, að frv. þetta, sem skyldar sveitarfélögin til þess að láta skattstjórann leggja útsvörin á, getur oft og tíðum seinkað álagningu útsvara stórlega og tafið þannig, að útsvarsskráin sé lögð fram. Þeir kaupstaðir, sem notað hafa á undanförnum árum vélar hagstofunnar til þess að leggja síðustu hönd á útsvarsskrána, þekkja það mætavel, að verulegur dráttur hefur oft orðið á því, að skráin væri lögð fram, vegna þess að hagstofuvélarnar voru ekki tilbúnar að gera útsvarsskrána, eftir að niðurjöfnunarnefnd hafði gengið frá álagningu sinni. Þetta er vitanlega til stórbaga, því að öllum niðurjöfnunarnefndum og sveitarstjórnum er það nokkurt áhugamál að fá útsvarsskrána sem fyrst fram, svo að ekki dragi úr innheimtunni, — að hún komi fyrir almenningssjónir og hægt sé að innheimta útsvörin samkv. lögum og reglum þar um.

Samkv. brtt. okkar er opið eftir sem áður fyrir sveitarfélög að láta skattstjórann annast þetta starf, ef þau óska eftir því. Það er aðeins heimild, að þau sveitarfélög, sem það vilja og eru undir 5000 íbúum, megi eftir sem áður leggja sjálf útsvörin á og ganga alveg frá þeim, eins og verið hefur á undanförnum árum. Ég tel, að þessi tala, 500, sem n. hefur dottið niður á núna, sé alveg út í loftið. Ég vil taka sem dæmi þorpin hér fyrir austan fjall, Eyrarbakka og Stokkseyri, annað með 530 íbúa, hitt með 490 íbúa. Þetta þýðir, að Eyrbekkingar eru skyldugir til þess að senda sín framtöl til skattstjór-

ans í því umdæmi, en Stokkseyringar mega leggja útsvör á heima alveg óáreittir.

Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi víðs vegar um landið, sem sýna alveg ljóst, að það er algerlega óeðlilegt að skylda sveitarfélögin, án þess að þau hafi nokkuð óskað eftir því, til þess að verða að hlíta þeim lögum að senda öll sín gögn til skattstjórans til álagningar. Aftur á móti í hinum stærri bæjum, þá veit ég, að þróunin verður sú, að álagningin er orðin svo vélræn, að það verður sjálfsagt vinnusparnaður að láta vélarnar vinna þetta verk, og þess vegna höfum við talið, að hámarkið 5000 væri hæfilegt, og mun, eins og nú standa sakir, Reykjavík og þrír kaupstaðir utan Reykjavíkur vera skyldir til þess að hlýða þessum ákvæðum laganna. Öll hin sveitarfélögin hafa svo opna leið að láta skattstjórann annast þessi störf eftir frv., ef þau óska eftir því, en ef þau óska heldur eftir að vinna þetta verk sjálf á sama hátt og áður, þá tel ég tvímælalaust, að þeim eigi að vera það heimilt. Og ég satt að segja undrast það, að nefndin, sem samdi þetta frv., og þeir, sem að frv. standa, skuli leggja slíkt ofurkapp á þessa grein að vilja ekki hækka í till. sinni ákvæðið upp í hærri tölu en 500. En ég trúi ekki öðru en hv. alþm. vilji athuga þetta mál nánar, og vissulega munu þeir sannfærast um það, að hér er ekki nokkur hætta á ferðinni fyrir einn eða annan. Og ef sveitarfélögin komast að því, að það sé hagkvæmara fyrir þau að láta skattstjórann vinna þessi störf, þá mun áreiðanlega ekki standa á þeim að notfæra sér það.

Ekki hef ég trú á því, að hér sé um sparnað að ræða, því að kostnaður við það að skrifa töluna eftir útsvarsstiganum er fyrir niðurjöfnunarnefndir áreiðanlega sáralítill. Og ég er sannfærður um það, að kostnaður við niðurjöfnunarnefndir í hinum einstöku sveitarfélögum er hér um bil sá sami, hvort sem þær ljúka niðurjöfnun eða ljúka henni ekki. Hins vegar kemur hér allverulegt starf til skattstjórans, sem kostar áreiðanlega verulegt fé, hver sem á að greiða það. Þar sem þetta ákvæði er sett hérna fram, án þess að það hafi nokkuð verið kynnt sveitarfélögunum áður, eins og að vissu leyti mörg atriði í þessu frv., þá tel ég, að það sé alveg ótækt að seilast inn á verksvið þeirra með þessu móti, því að ég veit ekki til, að nokkurt sveitarfélag hafi óskað eftir því að afsala sér réttinum til þess að leggja síðustu hönd á útsvarsálagninguna. Það væri það minnsta, að mþn. eða þingnefnd sú, sem þetta mál hafði með höndum, hefði látið svo lítið að bera þessi atriði undir ýmis sveitarfélög, áður en frv. væri kevrt hér gegnum Alþingi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. En ég vænti þess, að ýmsir þm. taki þær brtt. til íhugunar, sem hér hafa verið fluttar. Og alveg sérstaklega trúi ég ekki öðru en hin síðasta brtt. verði af mörgum talin eðlileg og sjálfsögð, enda haggar hún á engan hátt meginstefnu frv. að einu eða öðru leyti, en hún felur það í sér að svipta ekki sveitarfélögin ævafornum rétti til útsvarsálagningar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi spyrjast fyrir um hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. (**Forseti:** Hann er í húsinu, og það er hægt að senda eftir honum.) Væri þá hægt að ná í hann? Það væri ágætt. (**Forseti:** Það er verið að gera tilraun til þess að ná í hann.) Ég þurfti einmitt að ræða lítið eitt við frsm. meiri hl. Hann gerði að umtalsefni nokkuð af því, sem ég hafði sagt við 1. umr. málsins, og ég vil fá tækifæri til að ræða við hann um nokkuð af því.

Hv. 5. þm. Vestf., frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., minntist í framsöguræðu sinni á nokkuð af því, sem ég hafði sagt um þetta mál við 1. umr. Ég hafði m. a. nefnt það, að ég teldi, að það þyrftu að vera skýr ákvæði í 9. gr. um undanþágur frá aðstöðugjaldi. Ég hafði nefnt þar sláturhús og mjólkurbú, sem segir, að skuli vera undanþegin þessu gjaldi, og það var ekki að ástæðulausu, að ég nefndi þetta, vegna þess að í útsvarslögunum frá 1960, 8. gr. þeirra l., segir: „Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.“ En svo kom það fyrir hjá samvinnufélagi, sem rekur sláturhús, að á það var lagt veltuútsvar, á allar sláturfjárafurðirnar. Það var að sjálfsögðu kært yfir þessu, alla leið til ríkisskattanefndar, en hún vildi ekki fella þetta veltuútsvar niður. Ég veit ekki, á hverju þetta hefur verið byggt. Ef til vill á því, að í sömu útsvarslögum var, ef ég man rétt, heimild til að leggja nokkurt veltuútsvar á landbúnaðarvörur í umboðssölu. En hvernig sem þessu er háttað, þá varð þetta ákvæði á þessum stað að minnsta kosti gagnslítið eða gagnslaust fyrir gjaldandann. Hann varð að borga útsvar af þeim vörum, sem unnið var að í sláturhúsinu.

Hv. frsm. segir: Er hægt að orða þetta skýrar en er í frvgr.? Þetta orðalag er mjög svipað og var um veltuútsvarið í útsvarslögunum, og varð þó ágreiningur um það, eins og ég þegar hef lýst. Það er ef til vill ekki þörf á því að setja þetta inn í frvgr. öðruvísi en nú er. Ég geri ráð fyrir, að gefin verði út reglugerð um þetta, og þá mætti setja þarna skýrari og nákvæmari ákvæði um þetta, og ég vil einmitt út af þessu vekja athygli á einu. Yfirleitt er það svo með sláturhús, að við þau eru byggð frystihús, og kjöt af sláturfénaði er látið úr sláturhúsinu inn í frystihúsið. Það er yfirleitt ekki hægt að reka sláturhús nema hafa frystihús þar við, og þá þarf að hafa það alveg ákveðið, hvort þær afurðir, sem unnið er að í sláturhúsinu, verða ekki undanþegnar aðstöðugjaldi, eins fyrir því, þó að þær fari úr sláturhúsinu gegnum sambyggt frystihús og úr því aftur á markaðinn. Þetta gæti að sjálfsögðu verið reglugerðarákvæði, en ég teldi æskilegt, að það kæmi glöggt fram, hvað hv. n., sem hefur undirbúið frv., segir um þetta, eða hvernig ætlazt er til, að þetta ákvæði verði skilið.

Hv. frsm. meiri hl. sagðist gleðjast yfir því, að ég hafði lýst því við 1. umr. um frv., að ég teldi nauðsynlegt að koma á meiri jöfnuði í álagningu gjalda til sveitarfélaga en verið hefði. Hann var eitthvað að tala um stefnubreytingu í þessu sambandi, en ég kannast ekki við það að hafa breytt um stefnu í því. Ég hef alltaf litið svo á, að það væri eðlilegt, að þessi gjöld væru sem jöfnust á mönnum, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Ég átti ekki neinn þátt í því, að það

voru lögfestir þrír útsvarsstigar 1960, ég tel það til mikilla bóta, að útsvarsstiginn er nú orðinn bara einn. Ég átti ekki heldur þátt í því að lögfesta þau veltuútsvör, sem sett voru í lögin 1960 og hafa orðið þannig í framkvæmdinni, eins og ég gerði grein fyrir, að á ýmsum stöðum á landinu eru þau þrisvar til fjórum sinnum hærri en annars staðar. Ég benti á það við 1. umr. málsins, að ég teldi nokkra hættu á því, að aðstöðugjaldið, sem kemur í stað veltuútsvaranna, mundi einnig leggjast mjög misjafnlega þungt á landsmenn eftir því, hvar þeir eru búsettir, og það væri nauðsynlegt að vinna að meiri jöfnuði í þessu efni. Og mér þótti gott að heyra það, að hv. 5. þm. Vestf. virtist vera mér sammála um, að það væri rétt að vinna að því, að þessi gjöld leggist sem jafnast á menn, hvar sem þeir búa á landinu.

Þetta er stór lagabálkur, og þm. hafa haft skamman tíma til að athuga þetta frv. hér í hv. d. Það er ekki gott að segja um það fyrir fram, hvernig þetta reynist í framkvæmdinni. Ég tel, að þarna séu ýmis ákvæði til bóta eða geti reynzt betri en það, sem við höfum búið við að undanförnu. En það er fyrst og fremst reynslan, sem sker úr um þetta, og ég held, að það væri mjög mikilsvert fyrir Alþ. að fá sem allra fyrst nokkra vitneskju um, hvernig framkvæmdin verður nú þegar í upphafi, eftir að þetta frv., ef að lögum verður, kemur til framkvæmda. Þess vegna vildi ég leyfa mér að skjóta því til hv. heilbr.- og félmn., hvort hún vildi ekki taka það til athugunar fyrir 3. umr. að bera fram till. um það, að í bráðabirgðaákvæði frv. væru sett fyrirmæli um það, að nú þegar á næsta sumri yrði safnað upplýsingum frá öllum sveitarfélögum um álagningu fasteignaskatts, aðstöðugjalds og útsvars á þessu ári. Það er erfitt fyrir hvern einstakan, sem hefur áhuga fyrir að kynna sér þetta, að safna saman slíkum upplýsingum, en ætti að vera auðvelt fyrir ríkisstj. að gera þetta. Það mætti búa til eyðublöð fyrir þessar upplýsingar, sem óskað væri eftir, og þá væri það ákaflega lítið verk fyrir sveitarstjórnir eða þá, sem leggja gjöldin á, að útfylla slíkar skýrslur, strax þegar álagningu gjaldanna er lokið.

Ég tel, að þær upplýsingar, sem þarna ætti að óska eftir, væru: Heildarupphæð fasteignaskatts í sveitarfélaginu og hvað mikið álag væri á skattinn samkvæmt 5. gr., ef notuð hefur verið heimildin til hækkunar á skattinum. Viðkomandi aðstöðugjaldinu yrði spurt um heildarupphæð þess í sveitarfélaginu og jafnframt þær reglur, sem farið hefur verið eftir við álagningu aðstöðugjaldsins, þannig sundurliðaðar, að sjáist, hvað hátt gjald er lagt á hverja grein atvinnurekstrar. Sé t. d. lagt mishátt gjald á vörur, þá sé tilgreindur hundraðshluti gjalds á hverja vörutegund eða vöruflokk. Í þriðja lagi væri svo óskað upplýsinga um heildarupphæð álagðra útsvara. Ef útsvör hafa verið hækkuð eða lækkuð samkvæmt heimild, þá sé tilgreint, hvað mörgum hundraðshlutum hækkun eða lækkun nemur.

Ég tel, að það ætti að óska eftir því, að sveitarfélögin sendu þessar upplýsingar strax að lokinni álagningu gjaldanna, og síðan ætti í ráðuneytinu að gera glögga yfirlitsskýrslu um álagninguna í öllum sveitarfélögunum samkv. þessum upplýsingum þeirra og sú skýrsla yrði lögð fram á Alþ. í byrjun reglulegs þings næsta haust. Það væri tiltölulega lítið verk að gera þetta, en ég held, að það væri mjög mikilsvert fyrir alþm. að hafa þegar á fyrsta ári slíka yfirlitsskýrslu um álagningu gjalda hjá sveitarfélögunum eftir þessum nýju reglum. Þá væri auðvelt að sjá, hvernig gjöldin hafa verið lögð á hvarvetna um landið, hvað há aðstöðugjöld hafa verið tekin og hvað mikill munur er á þeim, hvar eru aðstöðugjöldin lægst og hvar hæst. Það er nauðsynlegt að geta gert sér grein fyrir því, hvað þungt þetta leggst á menn í sveitarfélögunum, og einnig um hin gjöldin, fasteignaskattinn, því að það er heimild til að hækka hann töluvert frá því, sem ákveðið er í frv., og þá einnig um útsvörin, að hve miklu leyti eru notaðar heimildirnar til þess að hækka og lækka þau um ákveðinn hundraðshluta. Ég hef ekki orðað till. um þetta, því að ég hefði talið langæskilegast, ef hv. heilbr.- og félmn. vildi athuga þetta atriði á milli umræðna. Eins og ég sagði, þá er það víst, að það er ekki mikil fyrirhöfn fyrir sveitarstjórnirnar að útfylla slíkt eyðublað, þegar lokið er álagningunni, og það væri ekki heldur mikið verk að semja úr þessu eina yfirlitsskýrslu. Það mundi ekki hafa neinn teljandi kostnað í för með sér, en mundi verða mjög til glöggvunar fyrir þm. á næsta þingi og auðveldara, ef slíkt lægi fyrir, að átta sig á því, hvernig þetta hefur reynzt í framkvæmdinni þegar á fyrsta ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvaða meginástæður lægju til þess, að þetta frv. er í rauninni flutt. Mér þykir alveg augljóst vera, að frv. er ekki flutt til þess að auka við tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga í landinu. Það held ég, að hafi komið mjög skýrt fram í umr. hér um málið. Sá eini vísir í frv., sem er til nýrra tekjustofna, landsútsvörin, er svo mjór, að það er varla hægt að búast við því, eins og hér hefur verið bent á, að hann muni raunverulega gefa nema eina eða tvær millj. króna til viðauka fyrir sveitarfélögin í landinu við það, sem verið hefur, vegna þess að það er alveg ljóst, að meiri hlutinn af því, sem nú á að flokkast undir landsútsvör, hefur fram til þessa verið í útsvarsupphæð sveitarfélaganna í landinu. Og tilfærslan, sem maður hefði þó getað hugsað sér að lægi á bak við þetta landsútsvar, sem hér er tekið upp, tilfærslan á milli hinna einstöku sveitarfélaga, hún er sáralítil, og þó þykir mönnum nú ástæða til þess að upphefja þetta svo að segja að fullu og öllu aftur. Það hefur komið hér fram brtt. frá meiri hluta hv. heilbr.- og félmn., sem er á þá leið, að heimilt sé að greiða úr jöfnunarsjóði aftur sérstakar uppbætur til þeirra sveitarfélaga, sem kunna að fá út úr þessari nýju skipan nokkru minni tekjur en þau höfðu áður, og þá er nokkurn veginn búið að fara hér í hring. Ef þetta verður í alvöru framkvæmt, þá er landsútsvarinu, svo stutt sem það náði, svo að segja skilað aftur, því að þegar aukningin hefur næstum engin verið á nýjum tekjustofnum varðandi landsútsvarið, þegar þar er nokkurn veginn um að

ræða sömu tekjur og áður var, en það á aðeins að skipta þeim eilítið öðruvísi en var, þá vitanlega fá einhverjir minna og aðrir meira. Og þeir, *sem fengju minna, eiga að fá þetta bætt upp* aftur úr sjóðnum, og þá, eins og menn sjá, er í rauninni ekkert orðið eftir af þessari landsútsvarshugmynd.

En hvaða ástæður liggja þá til þess, að þetta frv. er raunverulega flutt? Hverju á það að breyta? Það bætir sem sagt ekki við neinum nýjum tekjustofnum, og skipulagsbreytingin eða formið á þessu er ekki í neinum verulegum atriðum til bóta frá því, sem áður hefur verið. Jú, það kemur í ljós við nánari athugun, að það er ein mikilvæg breyting, sem felst í þessu frv., og það er full ástæða til þess að undirstrika það, hver hún er. Meginástæðan til þess, að frv. er flutt, er sú, að það á að létta veltuútsvarinu, sem verið hefur, af tilteknum aðilum, sem það útsvar hafa borið. Þeir eiga ekki lengur að þurfa að borga þetta veltuútsvar, og þeir eiga ekki heldur að borga það aðstöðugjald, sem á að koma í staðinn. Sveitarfélögin eiga að vísu að fá álíka háa upphæð, kannske nokkru lægri, eins og segir í frv., í staðinn fyrir veltuútsvörin, en ýmsir þeir aðilar, sem borguðu veltuútsvarið, eiga ekki að þurfa að borga það. Þeir eiga að losna við þennan hluta af sínu útsvari. Þannig verður þetta t. d. með verzlunina í landinu. Það vita allir menn, sem hafa komið nærri útsvarsálagningu, að í mörgum kaupstöðum landsins a. m. k. hefur málið verið þannig, að ýmsar einkaverzlanir á stöðunum eða eigendur þeirra hefðu ekki borið neitt útsvar samkv. framtölum þeirra, ekki af hreinum tekjum, þær voru svo litlar. Eina leiðin til þess að láta þessar verzlanir bera nokkurt útsvar á viðkomandi stöðum var að leggja á veltuútsvar, og þessar verzlanir þurftu að greiða nokkurt útsvar í sveitarsjóð í gegnum veltuútsvarið. En hvernig fer þetta nú? Nú fer þetta þannig, að þessir aðilar verða útsvarsfrjálsir. Þeir eiga að vísu að innheimta aðstöðugjald, sem þeir mega leggja á vörurnar, sem þeir selja, og breyta því þannig í söluskatt, sem almenningur verður að borga.

Í þessu er auðvitað meginbreytingin fólgin, sem í þessu frv. er. Það nákvæmlega sama gerist með iðnaðarfyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað. Þau hafa nú þurft að greiða talsvert útsvar sum hver í sveitarsjóðina í formi veltuútsvars. Þau hefðu mörg borgað tiltölulega lítið til sveitarsjóðanna, ef það hefði átt að leggja eingöngu á þau tekjuútsvör, vegna þess að það var þannig háttað og er þannig háttað um framtal hjá þeim, sem hafa rekstur með höndum, að þeir hafa mikið til sjálfdæmi um það, hvernig skattskýrsla þeirra lítur út og *hvaða tekjur eru sýndar á skattskýrslueyðublöðum*. Þessir aðilar koma nú til með að borga að vísu nokkurt aðstöðugjald, en þeir borga það bara ekki sjálfir. Þeir leggja þetta jafnóðum á þá vöru, sem þeir selja frá sér, breyta þessu aðstöðugjaldi í söluskatt, og þeir verða sjálfir að langmestu leyti útsvarsfrjálsir héðan af.

Þetta er mergurinn málsins. Það er alveg greinilegt, að þetta frv. er fyrst og fremst flutt í þessum tilgangi. Þetta er ástæðan til þess, að frv. er flutt, og þetta er sá vinningur, sem ýmsum mönnum sýnist við það að lögfesta þetta frv. Hitt stendur svo aftur jafnljóst, að þeir aðilar í landinu, sem framleiða fyrir erlendan markað, t. d. sjávarútvegurinn, verða að sitja áfram uppi með sitt veltuútsvar, þó að það heiti aðstöðugjald héðan af. Það á raunverulega að leggja þetta aðstöðugjald t. d. á allar greinar sjávarútvegsins, með sama hætti og veltuútsvarið hefur verið. Og af því að þeir framleiða fyrir erlendan markað, þá geta þeir ekki velt gjaldinu af sér. Þeir skulu sitja uppi með það. Og það er alveg greinilegt, að þeir, sem standa að flutningi þessa máls, telja ekkert athugavert við þetta. Það var ekki sá þátturinn, sem þeir voru að leysa, að reyna að bjarga þessum aðilum undan þessum gjöldum, sem þeir hafa borið. Það voru aðrir, sem þarna voru bornir fyrir brjósti, og það tekst sýnilega að koma gjöldunum af þeim og yfir á herðar annarra.

Ég álít, að það sé full ástæða til þess að undirstrika það, að þetta er meginatriði þessa máls, sem hér liggur fyrir. Ákvæðið í þessu frv. um fasteignaskattinn, sem að vísu á að gera nú lögbundinn, þannig að þennan skatt skuli leggja á, á því er engin veruleg eðlisbreyting frá því, sem verið hefur í framkvæmd, því að það hefur verið heimild til þess að leggja hann á, og það hafa svo að segja allir notað þessa heimild. Á því er því svo til engin breyting.

Með útsvarsstigann er heldur engin teljandi breyting. Sumir telja, að það sé allmikill vinningur við það, að útsvarsstiginn verður einn um allt land, en þeir munu hafa verið þrír fram til þessa. Ég tel þetta skipta sáralitlu máli, á meðan þau ákvæði eru í lögum og verða framkvæmd, að það megi breyta þessum skala upp á við um 30% og niður á við um 30%, og það er vitað, að það verða raunverulega jafnmargir útsvarsskalar í framkvæmd í landinu og þeir voru. Hvort það verður prentað hér í einhverju plaggi, að það sé aðeins einn skali, sem megi sveifla svona fram og til baka, eða þeir séu þrír og sveiflast þar af leiðandi heldur minna, breytir engu, nema að örlitlu formi. Þar er engin eðlisbreyting á.

Nei, það er illt til þess að vita, að hugmyndin um landsútsvör skuli vera gerð að jafnlitlu og raun er á í þessu frv. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það, sem lá á bak við hugmyndina um landsútsvör, var það tvennt: Í öðru lagi að gera nokkra aðila í landinu útsvarsskylda, sem hingað til hafa sloppið gersamlega undan því að greiða útsvör, þar á meðal alveg sérstaklega bankana í landinu, en þeir eru víða útsvarsskyldir í löndum, og það var full ástæða til þess að láta þá borga nokkurt útsvar hér líka. Þetta hefur ekki fengizt. Og hin meginástæðan, sem menn höfðu fram að færa fyrir því að taka upp landsútsvör, var svo sú, að útsvör, sem lögð eru á aðila, sem reka starfsemi eða þjónustu — ekki fyrir þann stað, þar sem þau eiga heimasveit, heldur raunverulega fyrir allt landið, — að útsvör á þau fyrirtæki rynnu í einn sameiginlegan jöfnunarsjóð og yrði deilt út til landsins alls, sem raunverulega á að eiga útsvörin, en ekki t. d. Reykjavík ein, eins og er í langflestum þessum tilfellum. Það var auðvitað alveg ljóst mál, að það var ekki hægt að framkvæma þessa hugmynd, svo að neinu gagni væri, án þess að

landsútsvörin þýddu það í framkvæmd, að Reykjavík, sem hefur notið nokkurra sérréttinda í þessum efnum, tapaði nokkru af sínum útsvarstekjustofnum. En þegar til framkvæmdanna átti að koma, þá hefur hæstv. ríkisstj. guggnað á því að framkvæma þetta á þennan hátt, sem allir höfðu þó hugsað sér, sem um þetta mál höfðu talað fram til þessa.

Það eru auðvitað öll rök fyrir því um almenn sölusamtök, — við skulum segja eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og önnur slík, — að þau útsvör, sem þessi sölusamtök bera, eigi að skiptast nokkuð jafnt niður á hin ýmsu sveitarfélög í landinu, en útsvarið eigi ekki að renna allt til Reykjavíkur, þó að höfuðstöðvarnar séu hér. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er byggð upp þannig, að þar er um að ræða samtök um 60 frystihúsa í landinu. Þar af munu vera þrjú eða fjögur hér í Reykjavík, hin öll dreifð víðs vegar út um land. Sölumiðstöðin er ekkert annað en umboðssölustofnun fyrir þessi frystihús víða úti um land, en eigi að síður er þessi stofnun útsvarsskyld hér í Reykjavík og Reykjavíkurborg hirðir útsvarið, þó að hún á þennan hátt fái raunverulega aðstöðu til þess að skattleggja starfsemi annarra bæja og sveitarfélaga í landinu. Svipað má segja um ýmiss konar annan rekstur, sem eðlilega fer fram að forminu til hér í höfuðborg landsins, í Reykjavík, en raunverulega tilheyrir landinu öllu. Og það var og er full ástæða til þess að láta útsvör þessara aðila renna í einn sameiginlegan sjóð, sem Reykjavík fær auðvitað úr að réttu hlutfalli við aðra. En framkvæmdin hefur sem sagt orðið sú, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þorað að hreyfa við neinu, sem teljandi er, í þessum efnum, við sérréttindum Reykjavíkur. Það er hreint smáræði, sem þar er tekið, og skiptir sáralitlu máli fyrir sveitarfélögin í landinu sem heild.

Hins vegar tekur ríkisstj. upp í landsútsvarið útsvör á olíufélögin í landinu. Og vegna hvers? Vegna þess að staðreyndin er sú, að þessum útsvörum er núna dreift til langflestra byggðarlaga í landinu. Það verður því auðvitað engin veruleg breyt. á því að taka útsvör olíufélaganna og setja þau útsvör í jöfnunarsjóðinn og skipta þeim upp á nýtt, — engin veruleg breyt. kemur þar fram. Að vísu eru það auðvitað nokkur sveitarfélög, sem þarna hagnast, en ef litið er á heildina, þá er þarna ekki um mikla breytingu að ræða. Miklu meiri breyt. hefði hér verið, ef t. d. stofnanir eins og SÍS og ýmis heildsölufyrirtæki, sem skrásett eru og búsett hér í Reykjavík, — ef útsvör þessara aðila hefðu verið lögð í jöfnunarsjóðinn og þeim skipt upp eftir íbúatölu á hin einstöku sveitarfélög.

Niðurstaðan er sem sagt þessi, sem ég segi, að hugmyndin um landsútsvör er gerð að sáralitlu sem engu í þessu frv., og trúi ég því varla, að nokkur hafi séð ástæðu til þess að fara að flytja þennan lagabálk, sem hér liggur fyrir, vegna þeirra ákvæða, sem er að finna í frv. um landsútsvörin, svo lítil sem þau eru.

Svo voru það nokkur atriði, sem mig langaði til þess að víkja að, varðandi framkvæmd útsvarsálagningarinnar.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sú breyt. verði gerð á með álagningu útsvara, að skattstjórar í nýjum skattaumdæmum, sem gert er ráð fyrir að setja á stofn, skuli leggja útsvörin á. Og í 37. gr. frv. segir m. a., að skattstjóri eða umboðsmaður hans skuli eiga sæti í framtalsnefnd. Hér er um allverulega breyt. að ræða frá því, sem verið hefur í framkvæmd. Nú er allt í einu ákveðið, að inn í hinar raunverulegu niðurjöfnunarnefndir sveitarfélaga, sem eiga nú að heita framtalsnefndir, skuli koma ríkisembættismenn, sem eru skipaðir af fjmrh. Skattstjórar eða umboðsmenn skattstjóra skulu koma inn í þessar n., og það er beinlínis gefið undir fótinn með það, að það megi kjósa þá sem fastafulltrúa í n., og mjög bent á það, að þar eigi þeir raunverulega að vera. Þetta atriði tel ég mjög óeðlilegt, og þarna er alveg augljóslega verið að sveigja inn á þá braut að skerða sjálfstæði sveitarfélaganna. Ríkisvaldið virðist vera þarna að seilast til beinna áhrifa á innri málefni sveitarfélaganna.

Varla trúi ég því, að þeir menn, sem samið hafa þetta frv., hafi hugsað það vandlega, hvernig hægt sé í rauninni að framkvæma þau ákvæði, sem er að finna í 37.—46. gr. varðandi álagningu útsvara. Í 42. gr. er sagt, að þessar framtalsnefndir skuli yfirfara framtölin og úrskurða hin ýmsu framtöl, hvernig þau skuli endanlega vera, þegar lagt verður á útsvar samkvæmt þeim. Og í d-lið þessarar gr. segir beinlínis, að framtalsnefndirnar skuli semja skrá yfir tekjur og eignir gjaldenda, sem miða skal útsvörin við. Síðan, þegar þetta hefur verið gert, eiga framtalsnefndirnar að senda þessa skrá til hlutaðeigandi skattstjóra. Þar segir enn fremur, að framtalsnefndirnar skuli vera búnar að ljúka þessum störfum sínum fyrir aprílmánaðarlok ár hvert, og þá á að senda þessi gögn til skattstjóranna, og síðan tekur skattstjórinn þessi gögn og á að leggja útsvörin á. Og svo berast auðvitað skýrslur hans til sveitarstjórnanna aftur, áður en hægt er að fara að innheimta útsvörin samkv. þeirra álagningu.

Nú er það alveg vitað mál, að á mörgum stöðum á landinu háttar þannig til, að það verður erfitt að koma þessum skýrslum frá sér nema með miklum seinagangi um þetta leyti árs, eða fyrir lok aprílmánaðar. Ég hef m. a. bent á, hvernig þetta t. d. mundi verða í mínu heimabyggðarlagi og í því skattaumdæmi, sem þar á að vera. Það skiptir ekki verulegu máli, hvort skattstjórinn verður búsettur í Neskaupstað eða t. d. einhvers staðar annars staðar á Austurlandi. Örðugleikarnir við að komast á milli verða hinir sömu í báðum tilfellum. Það er enginn vafi á því, að það verður mjög örðugt að koma þesum skýrslum frá framtalsnefndunum til skattstjóranna og síðan aftur frá skattstjórunum til viðkomandi staða, þannig að ekki verði um óheyrilegan drátt að ræða varðandi álagningu útsvaranna, alveg óþarfan drátt, þannig að innheimta geti raunverulega ekki farið fram með eðlilegum hætti.

Ég verð að segja, að mér þykir furðulegt, að þeir, sem að flutningi þessa máls standa, skuli halda í þessi ákvæði, að þeir skuli ekki geta fallizt á það að gefa sveitarfélögunum rétt til þess að velja á milli, hvort þau annist að fullu og öllu sjálf álagningu útsvaranna samkv. sett-

um reglum og lögum eða hvort þau óska eftir því, að skattstjórarnir vinni þetta verk. Hættan getur engin verið. Ef maður hugsar sér, að það kunni að liggja einhver hætta í því, að framtalsnefndirnar og sveitarstjórnirnar kunni að brjóta lög eða reglur í einhverjum greinum fremur en skattstjórarnir, þá eru eftir hin eðlilegu dómstig í málinu. Það er hægt að kæra það, sem aflaga hefur farið, og það er hægt að leiðrétta það samkv. réttum lögum og reglum.

Ég held, að það sé full ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. athugi þennan framkvæmdakafla betur og hugleiði þær ábendingar, sem hér hafa komið fram um það, hvort ekki væri rétt að breyta þessu og leyfa sveitarstjórnunum að ráða sínum málum íhlutunarlaust í þessum efnum, eins og verið hefur. Ég held, að þessi fyrirhugaða framkvæmd sé sízt til bóta.

Þá vil ég benda á það, að mér sýnist, að augljóslega þurfi að breyta bráðabirgðaákvæðinu í frv. með tilliti til till., sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt hér fram varðandi álagningu aðstöðugjaldsins. En ég geri ráð fyrir því, að till. meiri hl. muni verða samþ., en með þeirri till. er búið að breyta aðalgrundvellinum, sem lagður var með frv., eins og það var lagt fram, fyrir álagningu aðstöðugjaldsins, þar sem er sagt í till. meiri hl., að það skuli þó aldrei leggja aðstöðugjald á hærri útgjöld en sem nemur tekjum viðkomandi fyrirtækis. En ákvæðin, sem sett eru hér til bráðabirgða um álagningu aðstöðugjaldsins á árinu 1962, eru ekki í samræmi við þetta. Þar er fortakslaust sagt, að aðstöðugjald árið 1962 skuli miðað við útgjöld, efnis- og vörukaup og fyrningarafskriftir, eins og þær eru á árinu 1961. En ég hygg, að ætlunin sé að láta sömu reglu gilda um álagningu aðstöðugjaldsins á árinu 1962 eins og ætlað er að lögbinda í sjálfu frv. til frambúðar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef aðeins viljað undirstrika það sem mína skoðun, hvað sé raunverulega höfuðefni þessa frv. og hvaða ástæður liggja raunverulega til þess, að það er flutt. Ástæðurnar eru þær, að það er verið að létta gjöldum af tilteknum aðilum og koma þeim gjöldum sem söluskatti yfir á almenning í landinu. Það er eina meginbreytingin, sem er að finna í þessu frv. Hitt allt er tiltölulega smátt og hefði vissulega mátt bíða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 462,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 494,1 felld með 21:5 atkv.
— 511,1 felld með 23:12 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 494,2 felld með 22:7 atkv.
— 509 felld með 22:10 atkv.

10.—16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,3 felld með 23:7 atkv.
Brtt. 495,1 tekin aftur til 3. umr.
— 511,2 felld með 22:11 atkv.

17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,4 felld með 22:5 atkv.
— 494,5—6 tekin aftur.
— 511,3 felld með 22:10 atkv.

18.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,7 felld með 21:5 atkv.

20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,8 felld með 22:6 atkv.
— 462,2 samþ. með 29 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

22.—29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,9 felld með 22:6 atkv.

30.—31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,10 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BFB, BP, MS, EystJ, GeirG, GJóh, DÁ, HV, KGuðj, LJós.

nei: MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, JKs, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH JP, JR, RH.

SkG, GíslG, HÁ, IG, JSk greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÞ, EðS) fjarstaddir.

Brtt. 507 felld með 22:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BP, MS, EvstJ, GeirG, GJóh, HÁ, DÁ, HV, IG, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ.

nei: BBen, EI, EmJ, SB, JKs, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, RH.

GíslG, JSk greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÞ, EðS) fjarstaddir.

Brtt. 511,4 felld með 22:14 atkv.

32. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 495,2 tekin aftur til 3. umr.

33.—36. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,11 felld með 22:11 atkv.

37.—44. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 508 tekin aftur til 3. umr.
— 462,3 samþ. með 29 shlj. atkv.

45. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

46. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 494,12 felld með 22:6 atkv.

47. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,13 felld með 22:8 atkv.

48.—50. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462,4 (51. gr. falli burt) samþ. með 26:7 atkv.

52.—66. gr. (verða 51.—65. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462,5 5 (ný gr., verður 66. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

67.—68. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462.6 samþ. með 29 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 530, 495, 508, 535).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir þeim aðstöðumun, sem útflutningsframleiðslufyrirtæki hefðu gagnvart aðstöðugjaldi, samanborið við

verzlanir og iðnaðarfyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað. En sá munur er í því fólginn, að síðarnefndu fyrirtækin hafa betri aðstöðu en útflutningsfyrirtækin til að velta af sér þessu gjaldi, ef svo mætti segja. Ég gerði líka grein fyrir því, hvers vegna ekki var talið fært að setja sams konar takmörkun í það frv., sem hér liggur fyrir, og sett var í frv. það, sem varð að lögum um bráðabirgðabreytingu á útsvarslögunum 1960. En nú hefur orðið samkomulag um það í meiri hl. heilbr.- og félmn. að gera greinarmun á þeirri mismunandi aðstöðu, sem útflutningurinn hefur annars vegar og innlenda verzlunin og iðnaðarframleiðslan hins vegar, og þess vegna flytjum við á þskj. 535 svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Við 10. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð."

Í einstökum greinum er það til, að sveitarfélög hafi ekki notfært sér veltuútsvarið, og þess vegna er síðari hluti tillögunnar orðaður eins og ég las upp.

Ég held, að ég þurfi ekki að skýra þetta mál frekar, en ég mæli með því, að þessi brtt. verði samþykkt.

Út af tilmælum, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. beindi til heilbr.- og félmn. um skýrslugerð varðandi þessi mál, vil ég upplýsa það, að þær skýrslur, sem hann talaði um, hafa verið gerðar s. l. tvö ár og eru til í félmrn. Þegar ráðuneytisstjóri þess mætti á fundi hjá heilbr.- og félmn. milli umr., þá var um þetta rætt við hann, og kom það fram, að þessari skýrslugerð og skýrslusöfnun verður haldið áfram, og hygg ég, að það hafi verið skoðun nm., að óþarft væri að flytja um það sérstaka till. í sambandi við þetta frv., eins og hv. þm. fór fram á.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki séð sér fært að mæla með brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e., sem er á þskj. 495. Í brtt. okkar er lagt til í fyrsta lagi, að orðin „síldarverksmiðjur ríkisins" falli niður, þ. e. verksmiðjurnar verði ekki teknar með í landsútsvörin, og annað, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarfélaganna, þar sem þær eru starfræktar. Við umr. um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, þegar það var til 2. umr. hér í hv. deild, sýndi ég fram á hið mikla ósamræmi, sem er í því að taka síldarverksmiðjur ríkisins inn í landsútsvarið, láta aðeins ¼ af útsvarinu renna til sveitarfélaganna, þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar, og láta ¾ hluta útsvarsins renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Ég benti þá og á og endurtek það hér, að margar síldarverksmiðjur og aðrar hliðstæðar verksmiðjur, svo sem beinamjölsverksmiðjur, eru reknar ýmist sem hlutafélög eða sem einstaklingsfyrirtæki. Að sjálfsögðu greiða slíkar verksmiðjur allt sitt útsvar til þeirra sveitarfélaga, þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar.

Ef maður tekur dæmi: Hjalteyrarverksmiðja, sem er mjög stór síldarverksmiðja, er rekin sem hlutafélag og greiðir að sjálfsögðu allt sitt útsvar til Arnarneshrepps. Síldarverksmiðjur ríkisins á Raufarhöfn, Húsavík, Siglufirði og Skagaströnd og þær síldarverksmiðjur, sem kunna að verða byggðar hér eftir, eiga samkv. frv. að greiða til viðkomandi sveitarfélaga aðeins ¼, ¾ hlutar skulu renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, eins og ég benti hér á áðan, sem svo skal skiptast á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags, eins og segir í frv. Þannig getur t. d. Arnarneshreppur fengið hluta af útsvari síldarverksmiðja ríkisins til viðbótar öllu því útsvari, sem verksmiðjan á Hjalteyri kemur til með að greiða. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum, sem sýnir, hve fráleitt það er að taka nokkurn hluta af síldarverksmiðjum landsins inn í landsútsvarsgrúppuna, en láta svo aðra standa þar fyrir utan. Með því er verið að skapa óeðlilegt misræmi á milli hinna ýmsu sveitarfélaga, sem búa við hliðstæðan atvinnurekstur.

Ég sé, að hv. heilbr.- og félmn. hefur flutt brtt. við frv. um síldarverksmiðjur ríkisins. Þar leggur n. til, að aftan við 1. gr. bætist: „Heimilt er þó sveitarfélögunum að innheimta aðstöðugjald af öllum rekstri verksmiðjanna öðrum en síldarbræðslu, þ. á m. vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra." Ég vil taka það fram, að þetta er annað frv., en þar sem frv. grípa hvort inn í annað, þá fer ég inn á þetta hér, og mun þá ekki taka til máls um hitt frv. Ég skal taka það fram, að þessi brtt. n. er til bóta frá því, sem frv. gerði ráð fyrir áður, en samkv. því átti ekkert af fyrirtækjum S. R. að greiða aðstöðugjald, og má þó segja, að fyllsta ástæða hefði verið til, að öll fyrirtæki S. R., þar með talin síldarbræðsla, hefðu greitt fullt aðstöðugjald, þegar það er haft í huga, að viðkomandi bæjarfélög hafa lagt mikið í verklegar framkvæmdir beinlínis vegna þess, að verksmiðjurnar voru settar á þessa staði. Ég fullyrði, að það skiptir mörgum milljónum, sem t. d. Siglufjarðarkaupstaður er búinn að leggja í framkvæmdir, einmitt vegna þess að síldarverksmiðjurnar voru settar niður á Siglufirði. Þar með er ekki sagt, að viðkomandi bæjarfélag hafi ekki haft mjög gott af því, að verksmiðjurnar voru starfræktar og settar þar niður. Hins vegar vil ég þó taka það ákveðið fram, að við teljum þessa brtt., þó að samþ. verði, mjög langt frá því að vera fullnægjandi fyrir viðkomandi sveitarfélög. Eftir sem áður stendur sjálft fyrirkomulagið óbreytt, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða landsútsvar. Það er það, sem skiptir mestu máli, og það er það, sem orsakar misræmið á milli hinna ýmsu sveitarfélaga á greiðslum útsvara áðurnefndra fyrirtækja.

Þrátt fyrir það að hv. heilbr.- og félmn. hafi ekki séð sér fært að mæla með brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e., sem eru um það að fella úr frv., að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða

landsútsvar, heldur skuli þær hér eftir sem hingað til greiða útsvar til þeirra sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar, munum við halda fast við till. okkar, sem teknar voru við 2. umr. aftur til 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en óska þess við hæstv. forseta, að brtt. okkar á þskj. 495 komi til atkvgr., þegar frv. verður endanlega afgreitt hér í hv. deild.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég ásamt hv. 11. landsk. þm. brtt. við 17. og 32. gr. þess frv., sem fyrir liggur um tekjustofna sveitarfélaga. Við tókum þá till. aftur til 3. umr., svo að hún liggur enn fyrir við þessa umr., og hv. 11. landsk., sem er fyrri flm. till., hefur nú rætt um hana nokkuð við þessa umr. Ég vil leyfa mér, auk þess sem ég tek undir það, sem hv. 11. landsk. hefur sagt, að bæta nokkrum orðum við um þetta mál.

Ég verð að segja, að mér kemur það raunar nokkuð á óvart, að þess skuli vera þörf að ræða um mál eins og þetta, sem í brtt. felst, við tvær umr. og vafi skuli leika á því, að slík brtt. verði samþ. í hv. deild. Ég get vel skilið, að þeim, sem undirbjuggu þetta stóra frv. um tekjustofna sveitarfélaga, hafi sézt yfir rök þessa máls innan um allan þann aragrúa málsatriða, sem hér er um að ræða, og að þeim kunni að hafa sýnzt við lauslega athugun, að það væri eðlilegt að setja þá reglu, að öll ríkisfyrirtæki greiddu landsútsvar. Þó held ég, að þessu hafi ekki verið fylgt út í yztu æsar, að öll ríkisfyrirtæki skyldu greiða landsútsvar, og ég vil t. d. benda á það, að eftir því sem mér sýnist, þá á t. d. Innkaupastofnun ríkisins, sem er verzlunarfyrirtæki, sem ríkið á, ekki að greiða slíkt útsvar. Má vera, að þau séu fleiri, ríkisfyrirtækin af því tagi, sem eru ekki tekin inn í frv. upphaflega. Sama er að segja um fleiri ríkisstofnanir, að þeim er ekki ætlað að greiða landsútsvar, og sýnist því reglan ekki hafa verið algild hjá þeim, sem bjuggu frv. til. En þó að ég geti skilið það, að þeim, sem önnuðust undirbúning frv., hafi ekki verið það ljóst, að þessi regla var gölluð, þá furðar mig á því, að hv. heilbr.- og félmn. skyldi ekki verða það ljóst, eftir að hv. 11. landsk. hafði flutt ræðu sína við 2. umr. og skýrt þetta mál, að það er mjög fjarri lagi, það ákvæði, sem hér er í 17. og 18. gr., að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða landsútsvar.

Hv. 11. landsk. gerði ýtarlega grein fyrir þessu við 2. umr., sem hann hefur að nokkru leyti endurtekið hér. En ég tel alveg óhjákvæmilegt og ekki ástæðu til annars heldur en rifja það upp, áður en þessari umr. lýkur, til þess að hv. deildarmenn hafi aðstöðu til þess að gera sér fyllilega grein fyrir málinu enn einu sinni, áður en þeir a. m. k. neita þessari sjálfsögðu leiðréttingu á frv.

Eins og kunnugt er, eru reknar margar síldarverksmiðjur á þeim stöðum, þar sem síldveiðiflotinn leggur afla sinn á land, aðallega þó á Norður- og Austurlandi. Allar þessar síldarverksmiðjur inna af hendi nákvæmlega sams konar þjónustu og hafa sams konar viðskipti við allan síldveiðiflotann án tillits til þess, hvaðan þau skip eru, sem síldveiðar stunda. Þegar síldin er á vestursvæðinu, þá fara þau til Siglufjarðar eða inn á Húnaflóa, ef síldin er svo vestarlega, og leggja upp í síldarverksmiðjurnar þar. Ef síldin er austar, en samt fyrir Norðurlandi, leggja þau upp í síldarverksmiðjurnar við Eyjafjörð og á Húsavík og Raufarhöfn. Ef síldin er fyrir Austurlandi, þá leggur flotinn upp á Vopnafirði, Seyðisfirði, Neskaupstað og í hinum minni verksmiðjum, sem þar eru fyrir sunnan og raddir hafa verið uppi um að þyrfti að stækka. Það fer sem sé ekki eftir því, hvaðan skipin eru, — þau eru alls staðar að af landinu, — heldur bara eftir því, hvar síldin er, hvar hún veiðist, hvaða verksmiðja tekur á móti henni. Þetta eru landsviðskipti svo hreinnar tegundar sem þau geta verið, viðskipti við allt landið, viðskipti við síldveiðiskip, sem gerð eru út frá höfnum víðs vegar um landið. Ef um það ætti að vera að ræða að leggja landsútsvar á í sambandi við þessi viðskipti, þá sýnist það liggja beinast við, að það væri lagt á allar þessar verksmiðjur, sem hafa viðskipti við síldveiðiflotann. Við flm. erum þó ekki að mæla með því, að það verði farið að leggja landsútsvar á þær verksmiðjur, sem eru í eigu annarra en ríkisins, heldur höfum við aðeins lagt til, að landsútsvarið á síldarverksmiðjum ríkisins yrði fellt niður.

Hvað þýðir nú þetta, ef á að fara að leggja landsútsvar á þessar verksmiðjur, en ekki á aðrar? Þetta þýðir það, að þar sem eru verksmiðjur, sem eru ekki eign ríkisins, og þær eru nú reyndar fleiri, þar geta sveitarfélögin lagt á aðstöðugjald, sem kemur sveitarsjóðunum til góða og þar af leiðandi gjaldþegnum í því byggðarlagi. Og þetta aðstöðugjald getur verið allt að 1½%. En á þeim stöðum, þar sem svo vill til, að ríkið á þessar verksmiðjur, þá er annað upp á teningnum. Þá má ekki leggja á þetta aðstöðugjald, heldur á að leggja á þær landsútsvar, og af þessu landsútsvari fær hlutaðeigandi sveitarfélag ekki nema ¼, en hitt fer til almennra þarfa sveitarfélaganna um land allt. Þetta kemur þannig niður, að þeim mun meira verður að leggja á almenning í þessum sveitarfélögum, og kemur þannig fram hin mesta mismunun milli manna.

Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að hv. heilbr.- og félmn. eða a. m. k. meiri hl. hennar skuli ekki vera þetta ljóst, skuli ekki láta sér skiljast þetta, þegar það er skýrt, eins og það var gert við 2. umr. af hv. 11. landsk., að þetta ákvæði er alveg fráleitt og ranglátt í garð þeirra sveitarfélaga, sem þarna eiga hlut að máli — í mesta máta ranglátt. Það væri ekki óeðlilegt, þó að þessi sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, sneru sér til ríkisstj. og Alþ., eftir að svona löggjöf hefði verið samþ., og óskuðu eftir að fá þessar verksmiðjur keyptar, sem ríkið á á þessum stöðum. Og þau gætu kannske borgað eins mikið út í þeim, miðað við stofnkostnað, og þeir aðilar yfirleitt gera, sem hafa verið að reisa síldarverksmiðjur á síðari tímum, því að vitanlega eru þessi fyrirtæki, hvort sem þau eru eign ríkisins eða annarra, fyrst og fremst, eins og eðlilegt er og sjálfsagt, reist fyrir fjármagn, sem fengið er úr hinum almennu lánastofnunum.

Nú veitti ég því athygli, og hv. 11. landsk.

hefur áður minnzt á það, að hv. heilbr.- og félmn. hefur gert brtt. við annað mál, sem er frv. um breyt. á l. um síldarverksmiðjur ríkisins, á þskj. 543, þar sem lagt er til, að sveitarstjórnum verði heimilt að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna, þ. e. a. s. ríkisverksmiðjanna, en síldarbræðslu, þ. á m. vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra. Ég þykist sjá, að hér sé um að ræða einhvers konar dúsu handa Siglfirðingum, af því að síldarverksmiðjur ríkisins þar reka frystihús og sennilega einnig vélaverkstæði, sem hefur viðskipti við almenning. Ég heyrði raunar áðan, að hv. 11. landsk. lét sér heldur fátt finnast um þessa dúsu, en ekki vildi hann neita því fyrir hönd Siglfirðinga að þiggja hana. sem kannske var ekki von. En mér sýnist þessi brtt. heldur óhrjáleg, þegar á allt er litið. Mér finnst það einkennilegt, að gera till. um það að umbuna þarna að litlu leyti einu því sveitarfélagi, sem hér á hlut að máli, en ekki öðrum. Og maður gæti jafnvel látið sér detta í hug, að nú væri farinn að setjast að hv. þm. einhvers konar beygur, vegna þess að bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram á Siglufirði eftir tvo mánuði, þess vegna sé þessi dúsa rétt. Siglufjörður er fjölmennur kaupstaður, og þm. þykir nokkurs um vert, hvernig menn taki þar afstöðu í slíkum kosningum.

En hér er um að ræða annan stað, þar sem líka er ríkisverksmiðja, en er fámennur, og á ég þar við Raufarhöfn. Þar hefur verið rekin síldarverksmiðja á vegum ríkisins í 25 ár eða svo. Það þykir kannske ekki miklu skipta, hvernig hreppsnefndarkosningar fara á Raufarhöfn síðasta sunnudag í maímánuði, — það þykir kannske ekki miklu skipta í 500 manna þorpi eða tæplega það, enda hafa hreppsnefndarkosningar löngum verið þar ópólitískar. En vist má brýna svo deigt járn, eins og nú er verið að gera, að jafnvel hreppsnefndarkosningar í 500 manna þorpi gætu orðið pólitískar. Rangsleitni er ævinlega leiðinleg, en illúðlegust er hún, þegar henni er beitt gegn þeim, sem litið bolmagn hafa. Þetta litla sveitarfélag á Raufarhöfn hefur þurft að leggja mikið í kostnað á undanförnum árum, sem að sumu leyti stendur í sambandi við þann mikla mannfjölda og atvinnurekstur, sem þar er að sumrinu. Þar hefur þurft að gera götur með ærnum kostnaði, en ekki þarf nú yfirleitt í álíka fjölmennum þorpum að gera mjög vandaðar götur. Þar hefur verið lagt í mikinn kostnað við vatnsleiðslu um þorpið og til þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem þar eru. Það hefur alveg nýlega verið komið upp læknisbústað í því skyni að reyna að tryggja þessu fólki læknishjálp, og hreppurinn orðið að leggja mikið fé út í því sambandi, bæði varanlega og til bráðabirgða. Þarna þarf að byggja barnaskóla, þó að hv. Alþ. hafi reyndar nú á þessum vetri í annað sinn neitað Raufarhafnarbúum um leyfi til að byggja barnaskóla. Skólahúsið, sem þar er nú í notkun, var byggt, þegar íbúar hreppsins voru nokkuð á annað hundrað. Væntanlega fæst þetta leyfi, áður en langt um líður, og þá þarf að byggja þennan skóla. Hreppurinn hefur undanfarin ár safnað nokkru fé í sjóð af litlum efnum til þess að geta hafið þessa byggingu. Hann mundi hefja hana nú þegar, ef það hefði verið leyft. Auk þess er svo þess að gæta, að það er nokkurn veginn óhjákvæmilegt nú á næstunni að ráðast þar í hafnarframkvæmdir, sem munu kosta mikið fé, og af hálfu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins hefur þess nú mjög nýlega verið farið mjög eindregið á leit við hreppsfélagið, að það taki að sér að byggja uppskipunarbryggju síldarverksmiðjanna þar á staðnum. Þess hefur verið farið á leit af stjórn síldarverksmiðjanna. Menn höfðu vænzt þess, að þetta mundi þýða það, að stjórn síldarverksmiðjanna eða ríkisstj. mundi aðstoða við útvegun fjármagns í þessu skyni, ef talið væri aðkallandi að hefja þetta verk vegna verksmiðjanna. Af því hefur nú ekki orðið, en í þess stað kemur þessi kveðja, sem er að hirða þennan tekjustofn, sem Raufarhafnarhreppur hefur haft af síldarverksmiðjunum.

Ég veit ekki, hvort hv. n. sér ástæðu til þess að gera grein fyrir því, hvers vegna hún eða a. m. k. meiri hl. hennar leggst á móti þessari brtt. okkar, en mér finnst, að það mætti naumast minna vera en að gerð væri grein fyrir því með rökum, ef einhver eru. Ég sé ekki, að þau séu nein, en ærin á móti.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vona, að hv. deild taki nú til greina þau rök, sem hér hafa komið fram frá okkur flm. þessarar till., láti ekki rök í þessu máli sem vind um eyru þjóta og geti fallizt á að samþ. tillöguna.

ATKVGR.

Brtt. 535 samþ. með 25:1 atkv.

— 495 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, DÁ, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, BFB, BP.

nei: EmJ, SB, JKs, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, BF, BK, BBen, RH.

EI, HÁ, JSk greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÍG, HV, IG, AGb, ÁÞ, BGr) fjarstaddir.

Brtt. 508 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, DÁ, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, BFB, BP, EðS, EOl.

nei: EmJ, SB, JKs, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓTh, DÓ, SÁ, SI, BGr, BF, BK, BBen, EI, RH.

5 þm. (GÍG, HV, IG, AGb, ÁÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 562).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að í fyrsta sinn verði nú sett heildarlöggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna. Meginatriði frv. eru þessi:

1. fyrsta lagi, að fasteignaskattur verði lögákveðinn í öllum sveitarfélögum. Skal hann

vera samkv. 3. gr. 1% af fasteignamatsverði húsa og annarra mannvirkja, en 2% af virðingarverði byggingarlóða. Nú eru heimildarákvæði í lögum fyrir sveitarfélög til að leggja á fasteignaskatt, og eru þau notuð í öllum kaupstöðum og nokkrum öðrum sveitarfélögum. Í þessu frv. er það ákveðið, að í öllum sveitarfélögum skuli leggja á slíkan skatt. Þá er veitt heimild til þess fyrir sveitarstjórnir með samþykki ráðuneytisins að innheimta slíkan skatt með allt að 200% álagi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að í stað þess, að fram til ársins 1960 skyldi jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum og í l. frá 1960 voru ákveðnir þrír útsvarsstigar, þá skuli nú gilda einn og sami útsvarsstigi um allt land.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að veltuútsvör, sem voru heimil samkv. ákvæðinu um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum og settar voru svo nokkrar skorður við og hámark í l. 1960, skuli nú afnumin með öllu. Til þess að bæta sveitarfélögunum upp missi tekna vegna veltuútsvara, en þær námu um 85 millj. á s. l. ári, er gert ráð fyrir aðstöðugjaldi, sem III. kafli þessa frv. fjallar um, og landsútsvörum. Um aðstöðugjaldið eru nánari reglur í III. kafla þessa frv., og segir þar, að aðstöðugjaldið megi vera hæst 2%, en nánar tiltekið í 10. gr., hver skuli hámarksprósenta fyrir vissar atvinnugreinar.

Landsútsvörin eru nýmæli, en samtök sveitarstjórna hafa árum saman óskað eftir því, að þau yrðu lögleidd. Er gert ráð fyrir, að landsútsvör verði lögð á nokkur ríkisfyrirtæki og enn fremur olíufélög, eftir því sem nánar greinir í IV. kafla frv. Þau skulu renna að ¼ til þess sveitarfélags, þar sem hlutaðeigandi stofnun er, en að ¾ í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skal þaðan skipt milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu þeirra.

Þá eru staðfest ákvæði, sem lögtekin voru 1960 um hluta af söluskatti, sem renna skal til jöfnunarsjóðs og þaðan útdeilt til sveitarfélaganna eftir sömu reglum og gilt hafa undanfarin tvö ár.

Ég vil að öðru leyti vísa um greinargerð og rökstuðning fyrir þessu frv. til þeirra athugasemda, sem frv. fylgja, og í því sambandi einnig benda á þá ýtarlegu frásögn, sem prentuð er sem fskj. með frv., eftir þá Jónas Guðmundsson, formann Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Pál Líndal, skrifstofustjóra, um tekjustofna sveitarfélaga í ýmsum löndum Evrópu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum að svo stöddu, m. a. vegna hinnar ýtarlegu grg., sem því fylgir, en legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og varðar tekjuöflun sveitarfélaganna, er að mínu viti með þeim hætti, að þörf er á að athuga ýmis ákvæði þess betur en gert hefur verið. Það er vissulega rík þörf á því að tryggja tekjuöflun sveitarfélaganna og gjarnan að bæta þar um frá því, sem verið hefur, ef það væri unnt. En mér sýnist, að þetta frv. muni ekki tryggja það í neinum verulegum atriðum, að sveitarfélögin fái verulegar úrbætur frá því, sem verið hefur. Það væri þá helzt með því ákvæði að lögbinda fasteignaskatt í öllum sveitarfélögum, sem hingað til hefur verið heimildarákvæði, sem hefur ekki verið notað nærri alls staðar. En sú leið að leggja á háa fasteignaskatta er að mínu viti mjög varhugaverð vegna þess, að það er ekki þar með sagt, að þeir, sem eiga fasteignir, hafi allir tekjur í samræmi við það til þess að borga þessi gjöld með. Og ég þekki það vel í sveitunum, að það eru margir, sem eiga fasteignir, sem eru kannske nokkuð verðmætar í sjálfu sér, en skapa ekki tekjuöflunarmöguleika að sama skapi til þess að standa undir miklum gjöldum af þessum fasteignum. Að því leyti tel ég, að það sé mjög varhugavert að hækka þessa fasteignaskatta og lögbinda þá, þannig að það sé ekki neitt samræmi á milli tekjuöflunarmöguleikanna annars vegar og þeirrar skyldu fasteignaeigenda að greiða gjöld. Og yfirleitt sú stefna að taka gjöld með tollum og sköttum á fasteignir tel ég að sé mjög varhugaverð. Hitt virðist miklu eðlilegra, að binda tekjuöflun bæði ríkis og bæjarfélaga við þær tekjur, sem einstaklingarnir hafa hverju sinni, og þá stighækkandi, eftir því sem tekjur einstaklinganna eru hærri og þeirra fyrirtækja, sem skattskyld eru.

Þá má kannske segja, að þetta frv. hafi það nýmæli að leggja á aðstöðugjald. Þó er það tæpast nýmæli, heldur er það afturganga á veltuútsvarinu gamla og að því leyti ekki veruleg breyt. frá því, sem verið hefur. Hins vegar sýnist mér, að þetta gjald kunni að verða að sumu leyti þyngra á atvinnugreinunum en veltuútsvarið var. Sérstaklega virðist það óeðlilegt, að lagt sé á útgjöld, sem stafa beinlínis af tjóni eða óhöppum í atvinnurekstri. En samkv. frv. virðist það augljóst, að útgjöld, sem stafa beinlínis af tjóni og óhöppum, verða gjaldskyld í þessu tilefni, þannig að þeim, sem hafa kannske lakasta aðstöðu til þess að greiða útsvör vegna lélegrar tekjuútkomu af óviðráðanlegum ástæðum, bæri kannske að greiða hæstu útsvörin. Að því leyti finnst mér aðstöðugjaldið vera órétt-látt. Það hefur að vísu verið gerð nokkur breyt. til bóta á frv., síðan það kom fyrir Alþ., í þessu efni, en þó ekki fullnægjandi, t. d. gagnvart landbúnaði, þar sem harðindi geta gripið inn í, óþurrkar og annað slíkt, sem veldur auknum rekstrarkostnaði. Þó að rekstrarkostnaður fari ekki fram úr heildartekjum búsins, hlýtur slíkt að verða óeðlilegur gjaldstofn, sem alls ekki er réttlátt að leggja aðstöðugjald á. Og þó að það megi segja kannske, að þetta sé aðeins heimildarákvæði og það sé á valdi sveitarstjórnanna að hafa hemil á þessu og taka tillit til slíks, þá er þó óeðlilegt að lögbjóða slíka heimild, sem kynni að verða notuð og koma illa við.

Þá sýnist mér líka, að prósentugjaldið sjálft í 10. gr. l. sé tæpast réttlátt í öllum greinum, t. d. um rekstur fiskiskipa, sem er mjög áhættusamur atvinnuvegur. Það er heimilt að leggja á hann allt að ½%. Væri ekki nóg að hafa það ¼%? Þessi útgerð skipa, sem veiða fisk, er mjög nauðsynleg, — útgerð þeirra er mjög nauðsynleg fyrir þjóðarbúið, það er okkar höfuðgjaldeyrisöflun. En hins vegar er þessi atvinnuvegur, eins og oft hefur verið á bent, mjög áhættusam-

ur og því ekki eðlilegt að taka mikil slík gjöld sem þessi af honum, enda líka mikil hætta á ýmiss konar óhöppum, sem tæpast er rétt, eins og ég sagði áðan í sambandi við landbúnaðinn, að leggja útsvör á.

Þá er gert ráð fyrir því að leggja á landsútsvör, og það má segja, að í rauninni sé það eina verulega nýjungin í þessu frv. Ég skal segja það strax, að ég er yfirleitt mjög hlynntur þessari hugmynd og tel hana rétta, að svo miklu leyti sem hún kemur fram í þessu frv. Þó finnst mér það orka nokkuð tvímælis að taka síldarverksmiðjur ríkisins inn í þetta sem einn af þeim aðilum, sem eiga að greiða landsútsvörin, og alveg sérstaklega taka síldarverksmiðjur ríkisins, en ekki einkaverksmiðjur, sem starfræktar eru á sama hátt. En það er nú kannske ekki mikið atriði. Hitt finnst mér þó nokkuð stórt atriði, að þau væru teknir fleiri aðilar inn í þennan lið, og þá yrði eðlilegast að taka einhverja þá aðila, sem hafa ekki greitt útsvör áður, aðila, sem gætu lagt eitthvert verulegt fé í þessu skyni, og aðila, sem annast þjónustu fyrir alla landsmenn, og þá koma manni helzt í hug tryggingarfélög og bankar í því sambandi. Þessir aðilar hafa, eins og margoft hefur verið á bent, haft á undanförnum árum verulegan gróða af sínum rekstri, sem er tekinn af landsfólkinu öllu, og það virðist ekkert óeðlilegt við það, að einhverju af þeim gróða sé varið til þess að bæta fjárhagsaðstöðu sveitarfélaganna, sem berjast mjög í bökkum með að geta staðið undir sínum útgjöldum og vantar tilfinnanlega tekjustofna. Ég hefði því talið rétt, að þarna yrði bætt inn í nokkrum aðilum, sem ég nefndi, sérstaklega tryggingarfélögum og bönkum, og ef til vill mætti líka taka heildsölur, sem annast heildsölu fyrir alla landsbyggðina.

30. gr. fjallar um það, hverjir eru útsvarsskyldir um tekju- og eignaútsvar, og það er í 2. lið, b-lið, talað um, að á aðra aðila en einstaklinga skal lagt í sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram. Hins vegar er í kaflanum um aðstöðugjald gert ráð fyrir, að leggja megi aðstöðugjald á aðila, þar sem þeir hafa atvinnurekstur, t. d. útibú, og virðist þarna nokkur munur á gerður. Ég hefði nú talið, að það hefði þurft og átt að vera samræmi í þessu og hafa þennan b-lið 30. gr. þannig, að heimilt sé að leggja tekjuútsvar á þar, sem starfsemin fer fram, hvort sem um aðalstarfsemi eða útibú er að ræða. Ég þekki til þess, að slíkur atvinnurekstur á sér stað, og það hafa orðið deilur um það á undanförnum árum eftir þeim gömlu reglum, sem gilt hafa, hvernig ætti að haga útsvarsálagningu í slíkum tilfellum. En ég hefði talið frá mínu sjónarmiði séð eðlilegast, að lagt væri á þar, sem starfsemin fer fram, hvort sem það er aðalstarfsemi eða útibú.

Í 32. gr. eru útsvarsstigarnir og fjallað um frádrátt vegna fjölskyldu og þess háttar. Þar er gert ráð fyrir, að fyrir fyrsta barn, sem hjón hafa á framfæri, megi draga frá 1000 kr. af útsvari, fyrir annað barn 1100 kr. og svo stighækkandi um 100 kr. fyrir hvert barn. Nú er það svo, að við þær breyt., sem gerðar hafa verið á tekjuskattslögum undanfarandi, þar sem horfið hefur verið frá eða dregið úr beinum tekjuskattsálögum, en hins vegar auknir mjög söluskattar og tollar, sem koma mjög þungt við allar barnafjölskyldur, þá er ekki óeðlilegt og miklu frekar brýn þörf á að auka frádrátt barnmargra fjölskyldna í sambandi við útsvarsálögur til þess að reyna að létta byrðar þeirra, því að þær eru mjög þungar fyrir eftir þær breyt., sem gerðar hafa verið á tekjuöflun ríkisins í sambandi við þessar breyt. á skattalögum. Þess vegna hefði ég talið, að þessi frádráttur vegna barna hefði þurft að fara meir stighækkandi en hér er gert ráð fyrir og verða mun meiri, þegar komið er yfir vissan fjölda, t. d. þrjú börn í fjölskyldu.

Í 33. gr. er heimilað og reyndar í sumum tilfellum skylt að lækka útsvör, ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi, t. d. sjúkratilfelli, slys eða dauðsföll, og í c-lið er talað um uppeldis- og menningarkostnað barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára. — Ég hefði talið, að þessum lið ætti að breyta, þannig að felld yrði niður setningin „sem eldri eru en 16 ára.“ Og ég byggi það á þeim rökum, að t. d. í sveitunum, þar sem ekki er hægt að láta börnin ganga í skóla heiman að, frá heimilunum, þá verða foreldrar að koma þeim fyrir í heimavistarskólum, stundum í öðrum héruðum. Þar sem börn sækja unglinganám, svo sem víða er nú, í önnur héruð, þá er ekkert óeðlilegt, þó að kostnaður vegna slíkrar fyrirgreiðslu væri gerður jafnrétthár kostnaði vegna unglinga, sem eru eldri en 16 ára. Ég sé engan eðlismun á slíku og teldi því eðlilegt, að slíkt yrði gert.

Þá er gert ráð fyrir í þessu frv., að kjörnar verði sérstakar framtalsnefndir til þess að reikna út útsvörin, en hins vegar er gert ráð fyrir, að skattstjórar leggi útsvörin á, þó með undantekningarákvæðum, þar sem er heimilað í litlum sveitarfélögum, að hreppsnefndir geri slíkt. Ég fæ ekki skilið, hver sparnaður er í því að kjósa sérstakar framtalsnefndir, en leggja niður þær skattanefndir, sem starfað hafa hingað til og í flestum tilfellum eru þó skipaðar þjálfuðum mönnum, og láta svo sveitarfélögin bera kostnað af þessum nefndum, sem raunverulega eiga að taka við af öllum þeim skattanefndum, sem unnið hafa að þessum málum að undanförnu. Ég tel það spor aftur á bak að ætla að leggja kostnað af þessum störfum á sveitarfélögin og létta þeim af ríkissjóði, um leið og talið er, að eigi að bæta fjárhagsaðstöðu sveitarfélaganna. En skattstjórar eiga að annast útsvarsálagninguna, og þeim er gefinn ákveðinn frestur í frv. til þess að vinna slíkt verk. Framtalsnefndir eiga að hafa lokið við útreikninginn til undirbúnings þessu fyrir aprílmánaðarlok, en skattstjórar eiga að ljúka álagningu útsvara fyrir 20. júní, að mér skilst.

En er það nú hugsanlegt, að skattstjórar, sem eiga að starfa í stórum héruðum, þar sem margar sýslur eru og fleiri tugir sveitarfélaga — er það hugsanlegt, að þeir geti lokið þessu starfi á tæplega sjö vikum í svo stórum héruðum, án þess að sett verði upp heilt skrifstofubákn? Nú er ætlazt til þess, að þeir endurskoði alla útreikninga framtalsnefndanna á þessum plöggum, sem til þeirra berast, og slíkt verk hlýtur að taka mikinn tíma, þó að hitt að reikna

útsvörin eftir stiga þurfi kannske ekki að taka mjög mikinn tíma. Mér sýnist, að með þessu sé útilokað, að skattstjórar geti lokið þessu verki á þessum tíma, sem þeim er ætlaður, og þetta leiðir til þess, að útsvarsálagningu verði ekki lokið á tilsettum tíma og sveitarfélögin komist af þeim sökum í vandræði með að fá nauðsynlegar tekjur til þess að standa undir útgjöldum sínum. Ég hefði talið, að úr því að framtalsnefndir eiga að vera í sveitunum til þess að reikna þetta út, þá ætti að vera verk hreppsnefnda eða sveitarstjórna að leggja útsvörin á. Þær hafa miklu betri aðstöðu til þess, og það getur þá komið til leiðréttingar síðar, ef skattstjórarnir sæju ástæðu til þess að gera leiðréttingar við framtöl eftir á. Það ætti því að snúa við heimildinni í 45. gr., sem lýtur að því, að litlu sveitarfélögunum sé heimilað að leggja útsvörin á, — snúa því við þannig, að þeim væri gert það að skyldu að leggja útsvörin á, að þeim væri þó heimilað að fela skattstjóra að gera það í einstökum tilfellum, ef þeim þætti ástæða til. Mér sýnist, að í raun og veru ætti að snúa þessu alveg við.

Þá er eitt atriði enn, sem ég vildi gera aths. við hér við þessa umr. eða ég vildi nú frekar gera fsp. út af. Það er í sambandi við bráðabirgðaákvæðið. Þar er gert ráð fyrir, að skattanefndir og skattstjórar skuli leggja á aðstöðugjaldið nú á þessu ári. Er þá hugsað, að þessir aðilar ákveði, hversu hátt aðstöðugjaldið skuli vera á hverri grein, eða eiga þeir að fá fyrirmæli um það frá viðkomandi sveitarstjórnum, áður en þeir ákveða aðstöðugjaldið? Ég sé ekki í þessu bráðabirgðaákvæði, hvernig þetta skuli gert, en ég hefði talið, að það væri ástæða til þess, að það kæmi fram, hvort það eigi að vera á valdi skattanefndanna og skattstjóranna að ákveða upphæð aðstöðugjalds í hverju tilfelli, eða einhver skýring gefin á því, hvernig það skuli að öðru leyti fundið.

En varðandi aðstöðugjaldið sjálft, þá vék ég að því hér áðan í sambandi við t. d. verzlanir, sem annast nú margar hverjar úti um landið sölu á vörum, sem er mjög lítil álagning á, t. d. áburði og fóðurbæti og slíkri vöru, ýmsum nauðsynjavörum, að mér hefði sýnzt, að það væri ástæða til í þessu frv. að gera nokkurn skilsmun á slíkri vöruveltu og annarri veltu, sem getur skilað miklum gróða. Og það er full ástæða til þess að gera einhvern greinarmun á því í frv. eða l. og binda þetta nokkuð, svo að það væru ekki tekin óeðlilega há gjöld af vörum, sem eru seldar með mjög lítilli álagningu og eru nauðsynlegar atvinnulífinu í landinu og framfærslu heimilanna, heldur yrðu þá tekin aftur hærri gjöld af einhverjum öðrum liðum, eins og reyndar hafa verið gerðar till. um í Nd., svo að sveitarfélögin gætu náð tekjum sínum á þann hátt.

Mér sýnist, að það séu svo mörg atriði í þessu frv. í heild, sem þurfi nánari athugunar við, að það megi fara með gát að þessu, svo að ekki verði unnið óhappaverk fyrir sveitarfélögin, sem við þetta eiga að búa, og væri ástæða til þess að athuga það mál allt miklu betur en gert hefur verið.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Hæstv. fjmrh. fylgdi frv. úr hlaði í byrjun umr. á laugardaginn og gerði þar í stuttri ræðu grein fyrir helztu atriðum þess, sérstaklega þeim veigameiri breyt. frá gildandi l., sem í frv. felast. Mér þótti það helzt að ræðu hæstv. ráðherra, hvað hún var stutt. Mér hefði fundizt hann eiga að gera nánari grein fyrir a. m. k. stærstu atriðunum í þessu frv., gefa á þeim nánari skýringu, um leið og hann fylgdi frv. úr hlaði í þessari hv. deild. Hér er um mjög stórt og umfangsmikið mál að ræða, þar sem efni þessa frv. er, og hefði ekki veitt af að gefa á því sem fyllstar skýringar í upphafi umr. Forráðamenn sveitarfélaga og forráðamenn heildarsamtaka sveitarfélaganna hafa um langt árabil haft orð á því og unnið að því, að sveitarfélögin mættu eignast nýja tekjustofna. Áhuginn hefur verið mikill og ég held áreiðanlega ekki bundinn við pólitískar skoðanir, hvað þetta snertir. En heldur hefur miðað seint áfram og lítið fengizt fram jákvætt fram að þessu. Þó ber að geta þess, að fyrir tveim árum var lögleiddur nýr tekjustofn handa sveitarfélögunum, þar sem er hluti sveitarfélaganna af söluskattinum. Margir munu hafa vænzt þess, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, yrði enn bætt úr hvað þetta snertir, að með þessu frv. mundu lagðar fram till. um nýja tekjustofna sveitarfélaganna. Ég hygg, að margir áhugasamir menn um sveitarstjórnarmál hafi beðið eftir þessu frv. með eftirvæntingu, en ég er hræddur um, að margir þessara manna verði fyrir vonbrigðum, þegar þeir kynnast efni frv., eins og það er úr garði gert.

Í 1. gr. er ákveðið, hverjir tekjustofnar sveitarfélaga séu. Þeir eru fasteignaskattur, aðstöðugjald, framlög úr jöfnunarsjóði og útsvör. Nú er spurningin: Hvað er nýtt í þessu efni? Er um að ræða nýja tekjustofna sveitarfélaga? Því miður verður svarið við þessu í meginatriðum neitandi. Hér er ekki um neina nýja tekjustofna sveitarfélaga að ræða, sé litið á sveitarfélögin í heild. Að vísu eru gerðar ýmsar og veigamiklar breyt. á ákvæðum um tekjustofnana, en raunveruleg viðbót er lítil sem engin. Fasteignaskatturinn er nú lögákveðinn með þessu frv., en fasteignaskatturinn hefur verið til um mörg ár, svo að þar er ekki um neina raunverulega viðbót að ræða, sé litið á málið frá sjónarmiði sveitarfélaganna í heild. Fasteignagjald hefur verið innheimt um áraraðir í öllum kaupstöðum landsins og a. m. k. í um helmingi hreppsfélaga á undanförnum árum. Þetta hefur verið gert samkvæmt heimild í lögum. Sú heimild hefur þannig verið notuð af miklum meiri hl. allra sveitarfélaga landsins. Nú á að skylda sveitarfélögin til þess að innheimta þennan skatt. Að sjálfsögðu táknar það, að heildarskatturinn hækkar, en fyrir einstök sveitarfélög táknar þetta ekki í heild neina viðbót, það er aðeins um viðbót að ræða fyrir þau tiltölulega fáu og fámennu hreppsfélög, sem hafa ekki notað sér heimildina til þessa dags. Spurningin er þessi: Hvers vegna hafa hrepps-

félög ekki innheimt fasteignagjaldið? Er það vegna þess, að forráðamenn þessara hreppsfélaga, svo og íbúarnir í heild, hafi ekki óskað eftir því? Sé svo, þá er mikil spurning um, til hverra bóta það er að eiga að skylda þau hreppsfélög til þess að innheimta þetta gjald. Ég varpa þessu fram sem spurningu, sem ég hef ekki aðstöðu til að svara. En sé það svo, að fasteignagjald hafi í þessum hreppsfélögum ekki verið innheimt af því, að enginn hafi óskað þess þar, þá tel ég vafasamt að vera að lögákveða þetta.

Heildarupphæð fasteignagjalda í landinu mun á síðustu árum hafa verið um og yfir 20 millj. kr., eða nú síðasta árið einhvers staðar á milli 20 og 30 millj. Það er gert ráð fyrir, að þegar þessi ákvæði um fasteignaskatt, sem hér liggja fyrir, eru orðin að lögum, þá muni skatturinn gefa í heild um eða upp undir 30 millj. Af þessu reiknast mér til, að heildartekjuaukningin sé í raun og veru heldur lítil af þessum tekjustofni.

Það er annað atriði, sem ég vildi aðeins benda á í sambandi við fasteignaskatt. Samkv. frv. skal nú reiknaður út ákveðinn hundraðshluti af virðingarmati húsa, lóða og annarra mannvirkja, — reiknaður út ákveðinn hundraðshluti sem fasteignaskattur. Í lögunum, sem nú eru í gildi og eru heimildarlög, er þetta ekki ákveðið á þennan hátt, heldur eru þar tölur, sem tákna hámark þess, sem innheimta má. Í lögunum, sem nú eru í gildi, eru einnig önnur ákvæði, m. a. það, að hafa megi skattinn mismunandi eftir verðmæti eignanna og eftir notkun þeirra. Getur ekki verið hentugt og sanngjarnt að hafa enn í lögum einhver ákvæði um þetta efni? Húseign getur staðið auð vegna þess, að enginn vilji leigja hana. Húseign getur staðið auð og ónothæf af því, að enginn vill kaupa hana. Samt sem áður skal greiða ákveðinn fasteignaskatt af þessari eign. Við sjáum af þessu dæmi og ef við berum það saman við sams konar hús, sem er í fullri leigu og hárri leigu, að þá er ekki, a. m. k. ekki við fyrstu sýn, auðsætt, að það sé sanngjarnt.

Aðstöðugjald er annar tekjustofn sveitarfélaga. Aðstöðugjaldið er í raun og veru ekki nýr tekjustofn, heldur kemur aðstöðugjaldið í staðinn fyrir veltuútsvar. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þann kafla, sem um aðstöðugjaldið ræðir, hann þarfnast að mínum dómi nákvæmrar athugunar. En mér hefði leikið hugur á að vita nú, ef þess væri kostur, hvað er reiknað út að aðstöðugjaldið gefi sveitarfélögunum í tekjur. Ég má segja, að talið sé, að veltuútsvarið hafi gefið sveitarfélögunum um 85 millj. á næstsíðasta ári, en ég hef ekki séð þess getið í grg. með þessu frv., hvort reiknaðar hafi verið út heildartekjur af aðstöðugjaldi, en það atriði finnst mér skipta sveitarfélögin allmiklu máli. Koma þau til með að standa skaðlaus við brottfellingu veltuútsvarsins, tapa þau á því eða græða þau á því? Ég hef a. m. k. ekki getað komið auga á það við yfirlestur, að þessa sé nokkurs staðar getið.

Það munu þegar hafa borizt til Alþ. mótmæli gegn ýmsum ákvæðum varðandi aðstöðugjaldið, og er það raunar ekki óeðlilegt. En ég held, að það sé sérstök ástæða til að gefa einmitt þessum kafla um aðstöðugjaldið gaum, og mér er ekki grunlaust um, að þar hafi ekki öll atriði verið athuguð eins vel og vera þarf.

Um aðra kafla þessa frv. skal ég vera fáorður að þessu sinni. Það eru stórir og veigamiklir kaflar, sem eru felldir inn í þetta frv., eins og kaflinn um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og kaflinn um útsvör. Veigamikil breyt. í kaflanum um útsvör er að sjálfsögðu sú, að nú á að gilda einn skattstigi fyrir allt landið. En einnig í öðrum atriðum held ég, að full ástæða væri til endurskoðunar á þessum kafla um útsvörin, og mun það verða athuga nánar milli umr. og þá væntanlega koma fram brtt. um það efni síðar.

Ég skal láta máli mínu lokið nú, en vil aðeins endurtaka, að ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðh. Ég hafði mætt hér á laugardaginn þrátt fyrir erfiða aðstöðu blátt áfram til að hlusta á útskýringar hæstv. ráðh. við 1. umr.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þegar verið er að ræða um tekjustofna sveitarfélaga, þá er það í sjálfu sér stórmál. Hitt vildi ég láta sagt hér við 1. umr. þessa máls, að mér finnst þetta mál ekki hafa verið tekið þeim tökum, sem hæfir slíku stórmáli.

Það er oft talað um þjóðfélagsbygginguna, og ef þannig er talað, má segja, að sveitarfélögin séu undirstaðan í þeirri byggingu. Þeir, sem hafa yfirstjórn þjóðmálanna, verða að taka mikið tillit til sveitarfélaganna. Þau þarf að treysta sem bezt, eins og þau væru undirstöður húss. Ég minnist þess, og mér þótti það réttilega sagt, að hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann var borgarstjóri í Reykjavík, einu sinni á fundi Sambands ísl. sveitarfélaga, að sveitarfélögin yrðu að gá að sér fyrir valdinu að ofan. Í samræmi við þetta tel ég, að rétt sé að segja, að valdið að ofan verði að gæta vel hagsmuna sveitarfélaganna. Og nú er það svo, að hæstv. fjmrh. er oddviti landsins að ofan og leggur fram það frv., sem hér liggur fyrir.

Mér hefur sem sveitarstjórnarmanni satt að segja lengi þótt á skorta, að valdið að ofan gerði skyldu sína gagnvart sveitarfélögunum. Mér þótti það mikil bót að vísu, þegar það var í lög leitt, að sveitarfélögin skyldu fá hluta af söluskatti þeim, er ríkið innheimtir. En sá galli fylgdi þeirri gjöf Njarðar, að efnahagsmálaaðgerðir áttu sér stað í þjóðfélaginu jafnhliða, sem segja mætti að gleyptu þennan skatthluta hjá sveitarfélögunum, svo að þau stóðu ekkert betur að vígi á eftir en þau áður höfðu staðið.

Sveitarfélögin hafa lengi verið að biðja um nýja tekjustofna. Oft má segja, að þeim hafi fundizt, — ég hef fullkomlega orðið þess var, — að þeim væru veittar álögur í stað þess að finna handa þeim nýja tekjustofna. Nú má það vera, og það er sjálfsagt að viðurkenna það, að tekjustofnar eru ekki auðfundnir handa sveitarfélögum, nýir tekjustofnar í þjóðfélagi, sem þarf að hafa sig allt við vegna rekstrar síns og framsóknarmála að hafa nógar tekjur. Það er hin almenna afsökun. Í þessu frv. tel ég að bóli ofur lítið á, þrátt fyrir það, alvarlegri viðleitni

til þess að láta sveitarfélögin fá betri fjárhagslega aðstöðu en þau hafa haft.

Tekjustofnarnir, sem þau hafa og eiga að hafa skv. þessu frv., eru taldir í I. kaflanum, í 1. gr.

Fyrst er það fasteignaskattur. Það er ekki nýr tekjustofn, því að sveitarfélögin hafa haft heimild til þess að taka einmitt jafnháan skatt og frv. gerir ráð fyrir, aðeins er heimild gerð að skyldu.

Þá kemur aðstöðugjald, sem sumir hafa leyft sér að kalla nýjan tekjustofn, en það er ekki rétt, því að aðstöðugjaldið kemur í staðinn fyrir veltuútsvarið, sem hefur lengi verið notað og var lögleitt 1960. Ef maður athugar þetta aðstöðugjald, þá sést, að það er í raun og veru sami sokkurinn, en honum hefur verið snúið við, og satt að segja virðist mér hann ekki líklegur til að verða skjólbetri fyrir það.

Fyrst þegar ég varð var við þessa hugmynd, að breyta veltuútsvarinu í hið svonefnda aðstöðugjald, þá var það á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenzkra sveitarfélaga í fyrra. Ég benti þá á annmarka, sem ég tel mjög mikla, á því að taka þetta aðstöðugjald, — galla, sem gera það að verkum, að þarna skapast, með aðstöðugjaldstökunni, mikið misrétti milli manna. Ég benti t. d. á það, að þegar ætti að hafa tilkostnað sem mælikvarða, þá væru skattlögð óhöppin. Báturinn, sem reri til fiskjar og aflaði ekki neitt, þyrfti að borga eins mikið af róðri sínum og hinn báturinn, sem reri og kæmi með hlaðafla, bara ef þeir hefðu svipaðan tilkostnað. Þar við bættist svo, ef yrðu óvenjuleg óhöpp, þannig að báturinn tapaði veiðarfærum sínum, þá væri tilkostnaðurinn vegna endurnýjunar veiðarfæra skattlagður. Mér var svarað eitthvað á þá leið, að hjá misræmi yrði aldrei komizt, og það er hverju orði sannara. Í skattamálum og líka útsvarsmálum verður ekkert, að ég hygg, þannig, að það sé hægt að segja, að það sé 100% rétt, þannig að það standist allan samanburð um réttlæti milli gjaldþegna.

Nú sé ég, að af hv. Nd. hefur verið samþ. inn í frv. till. um, að aðstöðugjaldið, sem tekið er af tilkostnaði, tekið er af gjaldahlið rekstrarins, megi þó aldrei taka af hærri upphæð, þó að hún sé fyrir hendi í tilkostnaðinum, en sem svarar til bruttótekna aðilans. Þetta er að vísu til bóta. En eftir sem áður rúmast innan reglunnar misræmishætta, því að verið getur, svo að ég haldi mér við líkinguna með dæmið um bátinn, að báturinn, sem tapaði línunni, hafi ekki hærri tilkostnað en annar, borið saman við tekjurnar, hans útgerð sé þannig. Ég á við það, að hafi tveir aðilar sama tilkostnað og annar þeirra hafi orðið fyrir beinu tjóni, en hinn ekki, þá getur það tjón rúmazt innan þeirrar upphæðar, sem fer ekki fram úr bruttótekjum, og veldur því ósamræmi og óréttlæti.

Annað kemur einnig til greina, sem ég vil aðeins nefna, og það er það, að í tilkostnaðinum telst sennilega ekki vinna gjaldandans sjálfs, ef hann vinnur að sinni framkvæmd. Hún á að koma fram í tekjuhliðinni, en hún telst honum ekki til tilkostnaðar, ekki í smárekstrinum a. m. k. Nú getur verið, að tveir gjaldendur, sem hafa slíkan rekstur, séu þannig settir, að annar sé duglegur maður og heilsugóður, hinn sé svo heilsubilaður, að hann geti ekki gengið til verka og þurfi að kaupa starfið, sem hinn maðurinn leggur til frá sjálfum sér. Í reglunni, eins og hún er sett upp hér, er ekkert rúm fyrir að taka tillit til þessa. Sá, sem er óvinnufær, þarf að greiða að öðru jöfnu hærra útsvar í aðstöðugjald en hinn hrausti maður. Þannig eru ótal göt á þessari reglu, og þegar allt kemur til alls, ef henni er beitt eins mikið og ætlazt er til að beita henni hér, þá hygg ég, að hún verði öllu óréttlátari en veltuútsvörin, sem menn voru mjög þreyttir á og fundu marga annmarka á, en höfðu það gildi þó, að miðað var við afrakstur, miðað var við bruttótekjur, ekki við tap, heldur það, sem kom til tekna í reikningnum.

Ég sagði, ef beitt er álagningunni eins mikið og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá eru miklir annmarkar á reglunni. Ég hef séð bent á það í blöðunum og einmitt blöðum hæstv. fjmrh., svo sem rétt er, að með þessu móti, að telja vöru þá, sem kemur til gjalda rekstrarmegin, fullu verði, þá geti farið svo, að sama varan sé aðstöðugjaldsskylduð oft, vegna þess að menn handlanga milli sín vörur. Sérstakt dæmi hefur verið nefnt, að ull, sem einn fær og þvær, annar vinnur t. d. til dúka, þriðji fær svo dúkinn og sníður úr honum og saumar föt, — hjá öllum þessum aðilum er varan höfð sem álögustofn. En svo er til maður eða fyrirtæki, sem gerir allt þetta við ullina, sem hinir þrír gerðu. Hann greiðir bara einu sinni af verðinu. Þessir menn benda á, að réttara væri að láta gjalda aðstöðugjaldið af vinnsluvirðinu, þ. e. verðmætisaukningunni hjá hverjum. Allt þetta virðist mér mjög til athugunar, og mér sýnist, ef á að halda sér við hugtakið aðstöðugjald, þá eigi að leita dýpra eftir reglum fyrir því, hvað er hægt að láta vera reglu, sem yfir alla gengur. En þetta með aðstöðugjaldið er þó vitanlega tilraun. Menn voru orðnir afar óánægðir með veltuútsvarið. Sýnilega fæst ekkert gjald, sem hægt er að vera ánægður með. En það er þá farið þarna að eins og þegar móðir snýr barninu á hina hliðina, þegar það er órótt í svefni. En ég álít, að mönnum verði ekki svefnsamt á þessari hliðinni. Það kemur fram.

Þá er framlagið úr jöfnunarsjóði. Það er vitanlega mjög í rétta átt að auka tekjur jöfnunarsjóðs. En mér finnst vera of lítið af því gert í þessu frv. Ég sé, að flokksbróðir minn, Jón Skaftason, hefur í Nd. lagt fram till. um það, að varið yrði til jöfnunarsjóðs þeim tekjum, sem ríkið hefur nú áskilið sér frá bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Mig minnir, að slík upphæð sé skv. fjárlögunum, sem nú gilda, um 15 millj. Ég tel, að þessi till. hafi verið spor í rétta átt, og það munar töluvert um 15 millj. í þessum sjóði eftir verkefnum hans. Vitanlega gátu þær ekki komið til tekna hjá jöfnunarsjóðnum fyrr en á nýju ári, árinu 1963, en þetta var þó till., sem ég tel að átt hefði að taka til greina, vegna þess að jöfnunarsjóðinn vantar áreiðanlega tekjur til þess að geta annað sínu hlutverki svo sem nauðsynlegt er, ekki sízt þegar það hefur verið gert í þessu frv., sem ég tel nú til bóta, úr því að farið er að reyna að skapa samræmda reglu fyrir allt landið, að setja

upp einn skattstiga. Það leiðir það af sér, ef menn eiga að sitja þar við sama borð, að þá eru þau sveitarfélögin, sem hafa lélegasta tekjumöguleika, þannig sett, að þau komast ekki af nema fá aðstoð, sem vitanlega á þá að koma úr jöfnunarsjóði. Það má auðvitað um skattstigann segja, að hann hefur mikil teygjubönd, þar sem er 30% hækkunarheimild og takmarkalaus lækkunarheimild. En það mun þó koma í ljós, að aðstæður eru svo misjafnar í landinu, að þörfin fyrir fé úr jöfnunarsjóði til þess að jafna og hjálpa þeim sveitarfélögum, sem versta hafa aðstöðuna, er mjög mikil. Þess vegna álít ég, að í framtíðinni ætti að leggja kapp á það að efla jöfnunarsjóðinn.

Ég álít, eins og ég sagði í upphafi, að þjóðfélagið og þeir, sem því stýra, eigi að ástunda það að gera sveitarfélögin sem traustastar stofnanir og sem sjálfstæðust að hægt er. M. a. fyrir það, að ég álít, að sveitarfélögin eigi að vera sjálfstæðar heildir, finna til sjálfstæðis síns og ábyrgðar sinnar sem heilda, þá álít ég að löggjöf eins og þessa hefði átt að senda sveitarfélögunum til umsagnar og fá aðstoð þeirra til að ganga þannig frá henni, að hún yrði sem beztur stakkur sniðinn fyrir sveitarfélögin. Eiginlega verð ég að segja það, að mér finnst það að gera þetta ekki hafa verið tómlæti af þeim hæstv. ráðh., sem hafði áreiðanlega skilning á því, að sveitarfélögin ættu að vera sjálfstæð og ættu að varast valdið að ofan. Ég álít, að með þeim hætti, sem tekinn er upp, að ætla skattstjórum hinna stóru skattumdæma að vinna að álagningunni á þann hátt, sem þeim er ætlað í þessu frv., þá sé vegið í þann knérunn að rýra vald og ábyrgðartilfinningu hinna einstöku sveitarfélaga. Ég álít, að þó að hv. Nd. leiðrétti þannig, að heimildin til að ganga frá álagningunni heima fyrir er miðuð við stærri sveitarfélög nú en upphaflega var í frv., þá sé ekki þar með nógu langt gengið. Ég álít, að eðlilegast væri að byrja í þessu efni þannig að prófa það, hvort sveitarfélögin vilja nota sér þetta, með því að gefa öllum sveitarfélögum heimild til að nota sér það, en leggja á engin þeirra skyldur til að beita þeirri aðferð við álagningu.

Ég hef tækifæri til þess að tala um þetta mál nánar, því að það fer væntanlega til n., sem ég á sæti í, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt, en vildi við 1. umr. benda á þessi örfáu atriði, sem ég hef nefnt, til þess að þau gætu komið til athugunar milli umr. í hugum þeirra, sem hlustað hafa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var málið aftur tekið til 2. umr. (A. 562, n. 649 og 672, 650, 673).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., fjallar um tekjustofna sveitarfélaga. Í frv. er safnað saman í eina heild ýmsum gildandi ákvæðum um þessi efni, en þó með verulegum breyt. í ýmsum atriðum og sumum veigamiklum, auk þess sem frv. hefur að geyma alger nýmæli.

Í 1. gr. frv. eru taldir upp þeir tekjustofnar, sem sveitarfélögum eru ætlaðir, þ. e. fasteignaskattur, aðstöðugjald, framlag úr jöfnunarsjóði og útsvör. Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að fara fáeinum orðum um hvern þessara tekjustofna.

Samkv. gildandi l. er sveitarfélögum heimilt að leggja á fasteignaskatta. Þessa heimild hafa allar bæjarstjórnir notfært sér og líka allmargar sveitarstjórnir aðrar, einkum munu það þó hafa verið stærri hrepparnir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með vaxandi verðbólgu og stórhækkuðu gangverði á fasteignum var fasteignamatið komið úr öllu samræmi við raunverulegt verðgildi fasteigna, þegar sveitarstjórnum var á árinu 1952 heimilað að innheimta fasteignaskattana með allt að 400% álagi. Sú heimild, sem þannig var veitt, var yfirleitt notuð meira eða minna, og sum sveitarfélög fóru þar í hámark. Nýtt fasteignamat gekk í gildi 1957, og þá féll niður þessi heimild til að innheimta fasteignaskattana með 400% álagi. Fasteignamatið hækkaði að vísu verulega, en þó hvergi svo mikið, að það hækkaði um 400%, nema hér í Reykjavík. Á öðrum stöðum var hækkunin minni, og sveitarfélög, sem höfðu t. d. notað til fulls 400% álagsheimildina, miðað við gamla fasteignamatið, lækkuðu töluvert í tekjum af fasteignasköttum. Því var enn á ný árið 1959 lögleidd heimild til að innheimta fasteignaskattana með álagi, svo að sveitarsjóðir bæru ekki minna úr býtum en þeir gerðu með hámarksálagi fyrir 1957.

Heimild til þess að innheimta fasteignaskatta með álagi er haldið í þessu frv., svo sem fram kemur í 5. gr. þess. Sú mikla breyt. felst í frv. varðandi fasteignaskattana, að í stað heimildar verði nú sveitarfélög lögskylduð til að leggja á fasteignaskatta, og fasteignaskattur er fastákveðinn hundraðshluti af virðingarverði og er jafnhár og hámarksheimildir leyfa í gildandi lögum, sem eru frá 1945. Fyrir þau sveitarfélög, sem hafa notað núgildandi heimild til álagningar fasteignaskatta til fulls, verður hér ekki um neina tekjuaukningu að ræða, en einhver tekjuaukning verður þarna fyrir þau sveitarfélög, sem höfðu ekki notað heimildina til fulls, og þetta verður að sjálfsögðu nýr tekjustofn fyrir þau sveitarfélög, sem hafa ekki notfært sér heimildina til þess að leggja á fasteignaskatta.

Eins og áður sagði, munu það vera aðallega hin smærri sveitarfélög í dreifbýlinu, þar sem fasteignamat er yfirleitt lægst, sem hafa ekki notað heimildina, og því ætti fasteignaskatturinn að vera síður tilfinnanlegur fyrir gjaldendur þar en í þéttbýlinu, þar sem yfirleitt er hærra matsverð á fasteignum og þar sem heimildin reyndar hefur verið notuð á undanförnum árum. Lögbinding fasteignaskatts má skoðast sem einn liður í þeirri viðleitni, sem víða kemur fram í þessu frv., að samræma sem mest skattheimtuna í hinum ýmsu sveitarfélögum, og ég ætla, að flestum muni þykja sú stefna til bóta.

Þá er í frv. lagt til, að tekið verði upp aðstöðu-

gjald, sem komi í stað útsvars á veltu, sem velflest sveitarfélög hafa lagt á á undanförnum árum. Áður en bráðabirgðabreytingin var gerð á útsvarslögunum á árinu 1960, var ekkert ákvæði til í lögum, sem takmarkaði álagningu veltuútsvars, en með útsvarslagabreyt. 1960 var hins vegar ákveðið hámark fyrir slíkri skattheimtu. Þótt flestir væru sammála um það, að veltuútsvörin væru á engan hátt heppileg eða sanngjörn, þá var þó reyndin sú, að flest sveitarfélög töldu óhjákvæmilegt að nota sér þessa skattheimtu, og það er augljóst, að ekki er unnt að afnema veltuútsvörin, nema í stað þeirra komi annar tekjustofn fyrir sveitarfélögin, því að svo mikill hluti útsvara er í ýmsum sveitarfélögunum veltuútsvör. Aðstöðugjaldið, sem hér er tekið upp, ber að skoða sem greiðslu fyrir þá þjónustu, sem sveitarfélagið lætur í té með margvíslegu móti og miðar að því að skapa atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu stunda í sveitarfélaginu, skilyrði eða aðstöðu til atvinnurekstrar. Þar sem aðstöðugjaldið skoðast og er í eðli sínu greiðsla fyrir veitta þjónustu, þá reiknast það til kostnaðar við reksturinn og kemur til frádráttar á skattaframtölum. Aðstöðugjaldið á að miðast við rekstrarútgjöld næstliðins almanaksárs, eins og nánar er ákveðið í 9. gr. frv.

Þessi frumvarpsgr. tók nokkrum breyt. í meðförum hv. Nd. Alþingis. Hún var þar gerð fyllri og inn í hana bætt því ákvæði, að aðstöðugjald megi aldrei reiknast af hærri upphæð en sem nemur brúttótekjum. Þá var einnig bætt aftan við 10. gr. frv., sem fjallaði um það, hve há prósentutala aðstöðugjalds megi vera fyrir mismunandi tegundir rekstrar, — það var bætt aftan við þá gr. nýrri málsgrein, sem takmarkar innheimtu aðstöðugjalds af rekstri fiskiskipa og fiskvinnslustarfsemi við þá prósentu, sem notuð var við álagningu veltuútsvars á slíka starfrækslu á hverjum stað síðasta ár. Þó er samkv. gr. heimild til að fara jafnhátt og gert var með veltuútsvörin í Reykjavík á s. l. ári, þ. e. heimild fyrir þau sveitarfélög, sem kynnu að hafa lagt lægra veltuútsvar eða ef til vill ekkert á sams konar starfsemi. Veltuútsvar hefur, eins og kunnugt er, verið lagt á heildartekjur eða veltu, en aðstöðugjaldið verður hins vegar miðað við rekstrarútgjöld. Má því ætla, að aðstöðugjaldið gefi sveitarfélögunum eitthvað lægri tekjur en veltuútsvarið hefur gert, þar sem líka hámarksákvæði aðstöðugjaldsins eru yfirleitt lægri en þær álagningarprósentur, sem notaðar hafa verið við veltuútsvörin.

Á það má benda, að með því ákvæði, að aðstöðugjald megi ekki reikna af hærri upphæð en nemi brúttótekjum, er komið í veg fyrir tvísköttun, sem átti sér stað um veltuútsvörin, þ. e. a. s. að þau voru lögð á heildartekjur fyrirtækja, en að auki var rekstrarafgangur eða hagnaður svo skattaður með álagningu tekjuskatts. En eins og frv. þetta er nú, þá mundi slík tvísköttun ekki geta átt sér stað.

Þriðji tekjustofninn er framlag úr jöfnunarsjóði. Lögin um jöfnunarsjóð sveitarfélaga eru í heild felld inn í frv., en með breyt. og nýmælum þó. Það er þá fyrst að geta landsútsvara á ríkisfyrirtæki og olíufélög, sem upp eru talin í 17. gr. frv. Hugmyndin um landsútsvör kemur hér ekki fram í fyrsta sinn, hún hefur alllengi verið á dagskrá. Það má þar til nefna, að hún hefur verið mjög rædd innan vébanda Sambands ísl. sveitarfélaga. Í frv. er, eins og ég áður sagði, lagt til, að landsútsvörin verði lögð á tiltekin ríkisfyrirtæki og einnig á olíufélögin. Ýmsar aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa verið nefnd í þessu sambandi, og m. a. hafa í hv. Nd. Alþ. verið fluttar brtt. í þá átt að bæta þarna inn í frv. fleiri stofnunum, en ekki náðu þó þær brtt. fram að ganga. Hins vegar verður það að sjálfsögðu áfram til athugunar, hvort síðar þyki rétt að leggja landsútsvör á fleiri stofnanir en þær, sem í frv. eru upp taldar. Um þetta efni má að öðru leyti vísa til ýtarlegra athugasemda á bls. 20 í frv., eins og það var lagt fram í hv. Nd. Af álögðum landsútsvörum skal ¼ hluti renna til þess sveitarfélags, sem það fellur til í, en ¾ útsvarsins skulu renna í jöfnunarsjóð og skiptast, ásamt hluta sveitarfélaganna af söluskatti, á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu. Það er áætlað, að landsútsvörin nemi samanlagt rúmlega 29 millj. kr., svo sem fram kemur í athugasemdum með frv.

Þá má geta þeirrar breytingar, að samkv. frv. er gert ráð fyrir, að framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélags megi nema allt að 60% af samanlögðum *fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum* næstliðins árs, en í núgildandi lögum um jöfnunarsjóð er framlagið takmarkað við 50% af álögðum útsvörum. Þarna er sem sé rýmkað um og aukið það framlag, sem jöfnunarsjóði er heimilt að greiða einstökum sveitarfélögum.

Í niðurlagi 20. gr. frv. er heimild til handa ráðh. til að halda eftir 1% af tekjum jöfnunarsjóðs til þess að mæta þörfum sveitarfélags samkv. 15. gr. frv., og nær sú heimild þar til sjóðurinn nemur allt að 5 millj. kr. Í núgildandi l. um jöfnunarsjóð er kveðið svo á, að því fé, sem eftir verður við úthlutun til sveitarfélaganna vegna skerðingarákvæðisins, skuli varið til að greiða kostnað, sem fellur á sjóðinn vegna hlutverks hans. Það er fyrirsjáanlegt, að það fé, sem þannig verður afgangs vegna skerðingarákvæða, muni fara minnkandi frá ári til árs, og því er tekið upp þetta ákvæði í niðurlagi 20. gr. um heimild til handa ráðh. að halda eftir og mynda sjóð til að standa undir kostnaði, sem á jöfnunarsjóð fellur, því að það er nauðsynlegt, að hann hafi jafnan handbært allmikið fé til þeirra hluta.

Með hluta sveitarfélaganna af söluskatti og landsútsvörum myndast verulegur tekjustofn *fyrir sveitarfélögin, og það má segja*, að í tíð hæstv. núv. ríkisstj. hafi fyrst verið gengið inn á þá heillabraut að gera alvarlegt átak til þess að fá sveitarfélögunum tekjustofn, sem um munar, þar sem eru jöfnunarsjóðsframlögin.

Fjórði tekjustofn sveitarfélaganna, útsvörin, um þau má segja það, að stærsta breyt., sem felst í þeim kafla, sem um þau fjallar, er sú, að nú skuli gilda einn útsvarsstigi fyrir allt landið. Eins og menn rekur minni til, þegar ákveðið var með útsvarslagabreyt. 1960 að hafa útsvarsstigana þrjá fyrir landið, þá var það allmjög gagnrýnt af ýmsum þm. stjórnarandstöð-

unnar og talið, að það mundi verða illframkvæmanlegt að fylgja því við útsvarsálagningu. Áður höfðu útsvarsstigarnir verið líklega jafnmargir og sveitarfélögin, eða yfir 200, þannig að sveitarfélögin höfðu frjálsar hendur með að setja sér sinn útsvarsstiga. Að vísu má segja, að mönnum hafi ekki verið þar alveg frjálsar hendur. En þegar horfið var að því að ákveða útsvarsstigana í lögum, þá var þar stigið mjög merkilegt spor í þá átt að samræma útsvarsálagningu á hinum ýmsu stöðum í landinu. Þegar sú breyt. var gerð á útsvarslögunum, var boðað, að í athugun væri, þegar það hefði sýnt sig í framkvæmdinni, hvernig þessir þrír stigar reyndust, að setja einn útsvarsstiga fyrir allt landið. Og niðurstaðan af þeim athugunum, — sem eðlilega hlutu að verulegu leyti að byggjast á reynslu af þeirri nýskipan, sem upp var tekin 1960, — niðurstaðan hefur orðið sú, sem greinir frá í þessu frv. í 32. gr.

Ég skal nú ekki orðlengja frekar um einstaka kafla frv. eða einstaka tekjustofna. Um það nýja fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir um álagningu gjalda, vísa ég til grg. þeirrar, sem frv. fylgir.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á tveim fundum, og mætti á fyrra fundinum ráðuneytisstjórinn í félmrn., en hann var formaður þeirrar n., sem samdi frv. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 649, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. með breyt. á 18. gr., sem flutt er á þskj. 650, og stendur öll n. að þeirri brtt. Minni hl., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 9. þm. Reykv. (AGl), skilar séráliti og brtt., sem þeir að sjálfsögðu munu gera grein fyrir. Í n. komu fram raddir þeirra um ýmsar af þeim brtt., sem þeir hafa flutt, en meiri hl. n. taldi sig ekki geta fylgt þeim brtt., og stendur því n. öll aðeins að þessari einu brtt., sem ég áðan nefndi, á þskj. 650.

Ég vil að lokum gera stuttlega grein fyrir brtt. n. á þskj. 650. Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þau ríkisfyrirtæki, sem þar eru upp talin, greiði landsútsvör, og í 20. gr., að ¼ hluti landsútsvars skuli ganga til þess sveitarfélags, sem útsvarið fellur til í, en ¾ renna í jöfnunarsjóð. Þessi ríkisfyrirtæki, sem nefnd eru í 17. gr. hafa sum verið gjaldskyld til þeirra sveitarfélaga, sem þau eru starfandi í, en um leið og á þau verða lögð landsútsvör, þá fellur niður skylda þeirra til að gjalda beint til þess sveitarfélags, sem þau eru starfrækt í. Þetta kemur illa við sum þessi sveitarfélög, sem eftir þessum nýju reglum fá tilfinnanlega lægri skatttekjur af slíku ríkisfyrirtæki en áður, og um mörg þeirra gildir það, að þetta gjald, sem þessi ríkisfyrirtæki áður hafa greitt í sveitarsjóð, hefur verið verulegur hluti af heildartekjum sveitarfélagsins.

Erindi um úrbætur í þessum efnum hafa líka borizt frá sveitarfélögum, sem telja sig vanhaldin með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Með brtt. á þskj. 650 er lagt til, að landsútsvör ríkisfyrirtækjanna, sem talin eru í 17. gr., b-lið, hækki úr 1 í 1½% af heildarsölu. Í grg. með frv. er áætlað, að landsútsvör þessara ríkisstofnana muni nema 3520 þús. kr., miðað við 1% af heildarsölu, eins og hún var árið 1961. Hækkun úr 1 í 1½% mun því þýða 1760 þús. kr. í hækkuðum landsútsvörum þessara fyrirtækja samanlagt. Af hækkuninni rynni þá ¼ til sveitarfélags, þar sem ríkisstofnun er staðsett eða starfrækt, og auk þess fá þau svo að sjálfsögðu sinn skerf af þeim ¾, sem í jöfnunarsjóðinn renna.

Í meðförum Nd. var bætt við bráðabirgðaákvæði, heimild til handa ráðh. til að verja fé úr jöfnunarsjóði til að bæta sveitarfélögum að nokkru eða öllu leyti þann halla, sem þau kunna að bíða vegna ákvæðis um landsútsvör. En rétt er að undirstrika það, að sú heimild er þó tímabundin. Hækkun á útsvarsprósentunni ásamt þessari heimild í bráðabirgðaákvæðunum mundi væntanlega verða til þess að bæta sveitarfélögum þeim, sem illa verða úti af þessum sökum, þann tekjumissi, sem þau ella yrðu fyrir.

Þessu frv., tekjustofnafrumvarpinu, nátengd, eru þau 9 frv., sem næst standa á eftir því á dagskrá þessa fundar. Frv. fjalla um breyt. á l. um ríkisstofnanir og aðrar stofnanir, sem leiðir beint af ákvæðum frv. um tekjustofna. Heilbr.- og félmn. hefur haft þessi frv. öll til athugunar, og hún leggur einróma til, að frv., sem á dagskrá þessa fundar eru, 11.—18. mál, að báðum meðtöldum, verði samþ. óbreytt. Ég vænti þess, að það þyki nægja að geta þess hér í framsögu, en nál. hefur ekki verið gefið út öðruvísi.

Hins vegar um eitt af þessum frv., 19. dagskrármálið, þ. e. frv. um breyt. á l. um síldarverksmiðjur ríkisins, hefur n. orðið sammála um að flytja brtt. eða viðauka við það frv. Það er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur er einungis verið að taka það skýrt fram í l., sem frv. um tekjustofna gerir einnig ráð fyrir, að síldarverksmiðjurnar greiði ekki landsútsvör af öðrum rekstri en síldarbræðslu. Það var sem sé einróma álit n., að það væri eðlilegt, að þetta kæmi fram í l. um síldarverksmiðjur, svo að öll tvímæli væru tekin af. Fyrir því flytur n. við þetta frv., sem er 184. mál, svo hljóðandi brtt.:

„Aftan við 1. gr. bætist: Enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri."

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta brtt. til meðferðar í sambandi við þetta frv.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta mál. Ég endurtek það, að meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt., sem öll n. stendur að till. um. En meiri hl. n. getur hins vegar ekki fallizt á þær brtt., sem fluttar hafa verið af minni hl. á þskj. 673.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. rakti efnisskipun þessa frv., sem hér liggur fyrir, allýtarlega, og ég sé ekki ástæðu til þess, þess vegna, að gera það. Efnisskipunin er, að mér virðist, yfirleitt góð í frv., og það er til þess að gera auðvelt samkv. því að finna efnisatriði, og efninu virðist vera skipulega raðað. Í frv. er búið að sameina þau ákvæði, sem nú eru gildandi um tekjuöflun sveitarfélaga, og allt er þetta til bóta.

Fleira tel ég einnig til bóta í frv., eins og ég hafði drepið á við 1. umr. Ég tel það til bóta, að auknar hafa verið tekjur jöfnunarsjóðs með landsútsvörum, þó að ég telji þar of skammt gengið. Þá tel ég einnig til bóta, að útsvarsstiginn er gerður einn, þó að hann sé, eins og hann auðvitað þarf að vera, með æðimiklum tilfærslumöguleikum, sem kalla mætti teygjubönd. Það ber vitanlega að því að stefna í landinu, að álögur til félagslegra þarfa hvíli sem jafnast á landsmönnum, en getur þó naumast orðið að minu áliti alger jöfnuður í þeim efnum, vegna þess að það er svo misjafnt í sveitarfélögunum, sem tekið er fyrir og haft að verkefnum, sem kosta útgjöld. Það er eðlilegt, að þau sveitarfélög, sem gera mest fyrir félaga sína, þurfi að kosta meira til en hin, sem hafa ekki skilyrði til að gera jafnmikið. En sá er eiginlega munurinn á þéttbýlinu og dreifbýlinu í þessum efnum, að þéttbýlið, þar sem margar hendur vinna létt verk og stutt er milli heimila, getur haft samlög um sveitarfélagslegar framkvæmdir, sem dreifbýlið getur ekki. Með þessu tvennu, að gera útsvarsstigann einn og auka tekjur jöfnunarsjóðs, er horfið til réttrar áttar, og er það út af fyrir sig eitt af því, sem má segja að stefni að því að koma í veg fyrir það, að byggðir eyðist fyrir álöguþunga, — fámennar byggðir.

Hins vegar er sú öfugstefna í frv., að því er mér virðist, að sjálfstæði sveitarfélaganna um álögur er skert með því að taka verulega af þeim álöguvaldið og láta það í hendur fjarskyldra og ókunnugra, en þar á ég við ákvæðin um það, að skattstjórar hafi endanlegt ákvörðunarvald um álögurnar. Hins vegar er framkvæmdin að undirbúningi mála látin nokkuð mikið hvíla á heimamönnum, svo að það verður mjög ómökum líkt að senda til endanlegrar ákvörðunar þau skjöl og gögn, sem fyrirskipað er að undirbúin séu heima, en lögð í hendur skattstjóranna.

Þá er það galli á frv., sem ég vil lýsa yfir fyrir mitt leyti hér, að ekki er tekið eðlilegt tillit til þess, að samvinnufélögin safna óskiptilegum eignum, sem eru í raun og veru sameignir heimastöðvanna, og þær verða það algerlega formlega, ef samvinnufélag hættir störfum. Þau eru gjaldskyld til sveitar, samvinnufélögin, eins og sérgróðafyrirtækin í sömu byggð. Þetta er ekki eðlilegt. Það væri eðlilegt, eins og tiðkazt hefur nú allmikið að undanförnu, að sveitarfélögin tækju tillit til þess, að samvinnufélögin leggja þeim til varanlegar eignir með varasjóðamyndunum sínum og framkvæmdum, sem eru sameignir á staðnum.

Ég skýt þessu svona fram, en kem ekki með neinar brtt. í því sambandi, af því að ég tel, að þær mundu ekki fá neinar undirtektir á þessu stigi. Hins vegar þætti mér ekki ólíklegt, að seinni tími mundi einhvern tíma leiðrétta þetta.

Veltuútsvar hefur verið þyrnir í augum margra, og það er afnumið í þessu frv. Ekki verður leyfilegt skv. því að leggja veltuútsvar á. Það hefði vitanlega verið mjög æskilegt, ef það hefði verið hægt að leggja þann tekjustofn algerlega niður eða finna tekjustofn í staðinn, sem hefði verið miklu réttlátari. En nú er það svo, að sveitarfélögin mega ekki án þess vera að hafa einhvern tekjustofn, sem ekki er mjög hverfull, þó að misjafnt ári, — ekki eins hverfull og tekjuútsvar til dæmis. Og það er komið í ljós, að sú nefnd, sem samdi þetta frv., hefur ekki fundið í staðinn gjaldstofn, sem líklegt er að verði betur liðinn en veltuútsvarið var, heldur gjaldstofn, sem er að minu viti fjarlægari því, sem hefur verið grundvallarstefna fram undir þetta í gjaldskyldu til sveitar, að hún færi eftir því, hvað bök manna eru breið, hún færi eftir efnum og ástæðum. Veltuútsvarið er þó að því leyti í svipaðri átt, að þar er lagt á tekjur, sem fram koma, þó að hins vegar sé lagt á brúttó-tekjurnar, sem ekki geta talizt fullkominn mælikvarði fyrir gjaldgetu.

Í frv. á að taka upp í staðinn fyrir veltuútsvarið aðstöðugjald. Og eftir heitinu og eftir rökstuðningi þeim, sem er í grg. frv., þá er litið svo á, að þetta gjald sé greiðsla fyrir aðstöðu þá, sem gjaldandinn hefur í sveitarfélaginu, en ekki útsvar. En ekki dylst það, þegar farið er að athuga þetta gjald, að það hefur í sér útsvarssjónarmið. Það er ekki eingöngu gjald fyrir aðstöðu. Fasteignaskatturinn, sem var heimilaður áður, en er lögleiddur nú, — og við það hef ég ekkert að athuga, — hann er miklu nær því að vera aðstöðugjald. Ef ætti að leggja á aðstöðugjald í þessa orðs fyllstu merkingu, ætti það að vera fyrir einhver tiltekin afnot, sem væru metin. Fasteignaskatturinn er af fasteignum. Hann gæti því fallið undir hugtakið aðstöðugjald. En eins og í frv. er gert ráð fyrir að miða þetta iðgjald til sveitarinnar við útgjöld, tilkostnað, þá er farið langt út fyrir svið það, sem kalla mætti að sé greiðsluhæft fyrir aðstöðu. Þetta er í raun og veru veltuútsvarið — eins og einhver sagði í hv. Nd. — afturgengið. Og mér virðist líkingin vera að því leyti rétt hjá manninum, sem notaði hana, að eins og afturgangan er venjulega verri en það, sem áður var í lifanda lífi, þá ætla ég, að aðstöðugjaldið reynist það líka.

Við, sem stöndum saman að nál., hv. 9. þm. Reykv. (AGl) og ég, höfum leyft okkur að nota aðra líkingu í þessu sambandi, líkinguna þá, að þegar veltuútsvarinu, sem var óvinsælt sem tekjuöflunarleið, er breytt í aðstöðugjald, þá gerist svipað og þegar sjúklingur, sem var orðinn þreyttur á að hvíla á annarri hliðinni, veltir sér yfir á hina, þó að hún sé veikari fyrir. Þetta getur gert fró á augnabliki, og þó sérstaklega á meðan sjúklingurinn er að hugsa til að breyta um, en hins vegar verður ekki nein varanleg úrbót. Og þannig er líklegt að fari með aðstöðugjaldið, að það verði ekki vel liðið, þegar farið er að reyna það.

Landsútsvör eru tekin upp, og það er til bóta. Hitt er annað mál, að þar er allt of skammt gengið. Ég fyrir mitt leyti tel, og ég hygg, að það sé líka skoðun hv. 9. þm. Reykv., — ég tel, að bankarnir hefðu átt að koma inn í gjaldskylduna í jöfnunarsjóðinn með landsútsvör, og mér skilst, að 4% af brúttó-vaxtatekjum bankanna mundu ekki hafa gert nema 0.36% af 9% vöxtum. Og sér hver maður, að ekki er nærri gengið þeim gjaldanda, sem ekki er meira lagt á. Hins vegar skal ég játa það, að smærri peningastarfsemi í landinu, eins og litlir sparisjóðir

úti í dreifbýlinu, stæði ekki vel við það að greiða slíkt útsvar, sérstaklega ekki nú, þegar þeir eiga mjög í vök að verjast vegna þeirrar lagasetningar, sem að þeim þrengir, og þar á ég við, að minnkaður hefur verið munur á útlánsvöxtum og innlánsvöxtum hlutfallslega, að fé hefur verið tekið til bindingar af þessum stofnunum og nú bætast ofan á — ég vil kalla siðferðislegar skyldur þessara sjóða til þess að taka bréf þau, sem væntanlega verða gefin út vegna lausaskulda bænda. Allt þetta kreppir svo að þessum stofnunum, að það hefði ekki verið sanngjarnt að leggja útsvör á þær, en hitt var auðvelt, að ákveða lágmark tekna hjá þeim stofnunum, sem til greina kæmu.

Till. til breyt. á frv., sem ég ætla nú að fara að ræða um og við hreyfðum í hv. heilbr.- og félmn., fengu ekki undirtektir. Eina brtt. flytur þó n. sameiginlega á þskj. 650, sem ég tel til bóta og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, svo að ég ræði ekki meira um hana. En við minnihluta-mennirnir í n., hv. 9. þm. Reykv. og ég, flytjum nokkrar brtt. á þskj. 673, og vil ég víkja að þeim með nokkrum orðum.

1. brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 2. mgr. 9. gr. bætist: Heimilt er framtalsnefndum og hreppsnefndum að undanþiggja aðstöðugjaldi hjá einstökum gjaldendum kostnaðarliði, sem stafa af óvenjulegu tjóni."

Ákvæðin um aðstöðugjaldið eru á þá leið, að þar eru engir kostnaðarliðir undanþegnir, hvernig sem þeir eru til komnir. Aðeins er sú hamla á komin með þetta gjald í heild fyrir breytingu, sem gerð var í Nd., að aðstöðugjaldið má ekki hjá neinum vera lagt á hærri upphæð en bruttótekjur eru. Þetta hamlar dálítið, — ég skal játa það, — en hins vegar geta eftir sem áður innan þess ramma átt sér stað ýmsir þeir atburðir, sem gera það að verkum, að óréttlátt er að leggja á þann tilkostnað, sem þeir valda, aðstöðugjald. Ég vil t. d. nefna það, að ef fiskibátur tapar línu sinni, þá verður hann að kaupa aðra í staðinn og tvíborga þá línu, sem starfsbróðir hans, sem verður ekki fyrir tjóninu, borgar einu sinni. Og það er ekki réttlátt, að þessir menn greiði jafnhátt aðstöðugjald. Ef hey brennur hjá bónda, þá verður hann að kaupa sér fóðurbirgðir í staðinn. Það eykur tilkostnað hans og þá hækkar aðstöðugjald hans, eftir því sem frv. hljóðar. Og fyrir þetta viljum við byggja, ef hægt væri, tillöguflutningsmennirnir, með því að heimila hreppsnefndum og framtalsnefndum, sem eru kunnugar því, hvernig á stendur og hversu mikið tjónið er og illa það kemur niður, að undanþiggja aðstöðugjaldi hjá þessum aðilum tjónupphæðirnar, ef þær eru óvenjulegar. Við teljum, að með þessari till. sé svo hóflega í sakirnar farið, að það sé ekki sanngjarnt að fallast ekki á hana.

2. till. er við 10. gr. um, að á eftir c-lið komi nýr stafliður: „Allt að 3%: barar, billiardstofur, söluturnar, skartgripaverzlanir, blómaverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir," — þ. e. að þessir aðilar greiði hærra, það megi leggja á þá hærra aðstöðugjald en annan rekstur, vegna þess hve tilkostnaður við sölu þessara vara, sem hafa háa álagningu yfirleitt, er miklu minni en gerist og gengur um almenna vörusölu.

Jöfnunarsjóðurinn er ágæt stofnun og hefur þegar gert gagn. Það er þakkarvert, eins og ég hef oftar en einu sinni áður lýst, að tekin hefur verið upp sú skylda, að ríkissjóður greiði ⅓ hluta af tilteknum sölusköttum í jöfnunarsjóðinn. En dýrtíð hefur aukizt, útgjöld sveitarfélaga hafa mjög hækkað og þessi eini fimmti hluti er því annar en hann var, þegar hann var ákveðinn. Og við teljum tímabært að hækka þetta tillag upp í ¼. Og um leið og það væri gert, er sjálfsagt að hækka líka þá lágmarksupphæð, sem ríkissjóður á að greiða, en hún er 56 millj. á ári, upp í 70 millj. Það yrði fast lágmarksgjald, sem yrði ákveðið, ef 3. till. okkar yrði samþ. En jafnframt felur 3. till. í sér þá breyt. á ákvæðunum, að það er í l. um jöfnunarsjóð áskilið, að ef söluskattur reynist ekki svo hár, að 56 millj. verði meira en einn fimmtungur, þá megi ríkissjóður innheimta til baka, endurheimta hjá sveitarfélögunum það, sem fram yfir varð. Þetta ákvæði teljum við ekki réttlátt og leggjum til, að það falli niður. Sveitarfélög hafa takmarkaðan rétt til tekjuöflunar til að bæta sér upp áföll með nýjum álögum, — þau hafa takmarkaðan rétt. Ríkissjóður hefur aftur á móti á bak við sig löggjafarþingið, sem getur aukið tekjuöflunina. Þess vegna er ekki nema réttlátt, að sú upphæð, sem er rétt sveitarfélögunum einu sinni og þau taka til nota, fái að haldast, en sé ekki að einhverju leyti endurheimt.

Þá er 4. till., að taka á vissan hátt banka upp í tölu þeirra, sem greiði landsútsvar. En 5. till. er um, á hvern hátt það skuli gert. Og við leggjum til, að það gjald, sem ríkið tekur nú af bönkunum, sem verzla með gjaldeyrinn, 50% af heildartekjum vegna munar sölugengis og kaupgengis og enn fremur af próvisjóninni, — að þær tekjur, sem ríkissjóður hefur áskilið sér frá bönkunum í þessu efni, renni eftir þetta ár til jöfnunarsjóðs. Það virðist vera lítil ástæða til þess, að þessar stofnanir, sem greiða ekki neitt til sveitar, greiði til ríkissjóðs, — hins vegar mjög sanngjarnt, þegar búið er að stofna jöfnunarsjóðinn og stofna til landsútsvaranna, að þá verði bankarnir þar aðilar, og við förum samt ekki harðara út í það en þetta og tökum að sjálfsögðu tillit til þess, að búið er að ætla ríkissjóði þessar tekjur fyrir árið 1962. En þarna mun vera um að ræða, eftir því sem fjárlög áætla, 15 millj. kr.

Þá er 6. till. okkar, hún er við 32. gr. Hún er um það, að hækkuð sé frá því, sem ákveðið er í frv., heimild til frádráttar útsvörum vegna barnaframfæris. Hún er um það, að frádrátturinn vegna barna, þegar þau eru fleiri en þrjú, hækki um 300 kr., eftir því sem börnunum fjölgar, fyrir hvert barn. Þetta er flutt vegna þess, að þegar efnahagsaðgerðirnar voru gerðar, þessar svonefndu, í febrúar 1960 og fjölskyldubætur í sambandi við þær auknar, þá voru þær teknar á vissan hátt í öfugu hlutfalli við ómagaþungann, þ. e. a. s. þær voru mest auknar hjá þeim fjölskyldum, sem höfðu aðeins þrjú börn, vegna hinnar fullu, nýju greiðslu fyrir fyrsta, annað og þriðja barn. Í því efnahagsástandi, sem nú er, njóta barnaframleiðendur þessa á móti þeirri dýrtíð, sem skapazt hefur, en nú er það vitað

mál, að það eru þeir, sem hafa flest börnin, sem harðast verða úti, þegar álög eru í neyzluskattaformi, og þessi till. um hækkunina er í leiðréttingarátt í þessu efni.

Þá er ég kominn að 7. till. á þskj. 673. Hún er við 45. gr. og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, — greinin orðist svo:

„Í sveitarfélögum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, er sveitarstjórn (í bæjum framtalsnefnd) heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá sveitarfélagsins til afnota við álagninguna. Sveitarstjórnin (eða framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið fyrir 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagninguna ákvæði laga þessara."

Sú breyt. felst í þessari till., að undanþágan, sem upphaflega átti að vera, — undanþágan frá því, að hreppsnefndir mættu ekki ganga frá útsvarsskrá, átti að vera fyrir sveitarfélög, sem hefðu 300 íbúa eða færri, en var færð í Nd. í undanþágu fyrir hreppa, sem hafa 500 íbúa eða færri, — þá er hér gert ráð fyrir því, að undanþágan verði fyrir öll þau sveitarfélög, þar sem skattstjórinn er ekki búsettur. Þetta virðist vera mjög sanngjarnt. Hér er ekki verið að meina skipulaginu að komast á, um það, að skattstjórar vinni að niðurjöfnun útsvara endanlega, heldur aðeins að leggja það í vald þeirra, sem ekki eru í hans heimabyggð, — heimabæ, held ég að megi segja, því að hann mun eiga setu í bæ, — það er verið að heimila þeim að ganga frá álögunum, ef þeir telja ekki æskilegra að senda honum skýrslurnar til að telja saman, eins og frv. gerir ráð fyrir, að eigi að vera skylda hjá öllum þeim, sem búa í stærri sveitarfélögum en 500 manna. Ég held, að með þessari till. sé nokkur annmarki höggvinn burt að því er snertir rýmkun fyrir sveitarfélögin, sjálfstæði þeirra viðurkennt, en jafnframt gefið tækifæri til þess, að sú þróun geti átt sér stað, sem frv. vill koma á með beinum fyrirmælum, ef hún er að vild þeirra, sem hlut eiga að máli.

Þá hef ég rakið efni þessara sjö brtt. okkar hv. 9. þm. Reykv. og vænti þess, að hv. þdm. sjái, að það er ekki með þeim verið að leika sér að því að vilja umturna frv. Þvert á móti hefði ég fyrir mitt leyti hug á því að gera miklu fleiri brtt. og mundi hafa gert það, ef líkur hefðu verið fyrir því, að lagfæringar á frv. fengju byr hjá þeim meiri hl., sem nú um þessar mundir drottnar hér á Alþ. En það er nú fyrirfram vitað, að meiri hl. er ekki fáanlegur til mikilla breyt., og þingtíminn orðinn naumur, og þess vegna er rétt að bíða betri tíma með fleiri breytingar.

Við teljum, flm. till. í minni hl., að ekki hafi verið viðhöfð rétt vinnubrögð við smíði þessa frv. Að vísu er það gert af ágætum mönnum í nefnd. En við teljum, að hin réttu vinnubrögð, þegar um svo þýðingarmikil löggjafaratriði er að ræða sem þessi, gagnvart eins sjálfstæðum heildum og sveitarfélögin eru í okkar þjóðfélagi, þá eigi að senda frumvörpin að löggjöf til sveitarstjórnanna. Það teljum við rétt vinnubrögð og fullkomna viðurkenningu á sjálfstæði sveitarfélaganna og skynsamlega. Þetta var gert, þegar gildandi sveitarstjórnarlög voru sett, og bar góðan árangur. Og í dag var ákveðið í hv. heilbr.- og félmn. að senda frv. um skipulag til umsagnar þeim aðilum. Það taldi ég rétt að verið.

Annars vil ég að lokum segja það, að ég hygg, að þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði að lögum, þá muni sveitarfélögin og almenningur una svo illa sumum ákvæðum — ég segi sumum ákvæðum — þess, að Alþ. muni fljótlega taka lögin til endurskoðunar og umbóta. Ég þykist viss um það, að menn muni t. d. vilja hafa bankana gjaldskylda í jöfnunarsjóðinn, jöfnunina meiri milli sveitarfélaganna og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna meiri um álögur.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt í það að ræða þetta mál, þar sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hefur lýst því mjög réttilega. En fyrir málið í heild vil ég þó minna á það, að mér finnst með frv. þessu gengið á sjálfstæði og rétt sveitarfélaganna í landinu frá því, sem áður var. Það er orðin allmikil breyt. frá því, að sveitarstjórnirnar báru hita og þunga dagsins af því, sem innan sveitarfélagsins gerðist í opinberum sveitarmálum, og þeir, sem með þau mál fóru, féllu og stóðu allajafna með sínum verkum.

En með frv. þessu finnst mér, að sé höggvið í þann knérunn, að sveitarstjórnirnar muni í framtíðinni falla og standa á eigin gerðum, þar sem nýir aðilar koma til með að hafa allmikið með málefni sveitarfélaganna að gera, þar sem annars vegar er félmrn. með jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hins vegar hin nýju embætti, sem verið er að stofna, skattstjórar, sem eiga að vera einn í hverju kjördæmi. En þetta á eftir að sýna sig, hvernig í framkvæmd verður.

En það er eitt atriði sérstaklega, sem ég vildi minnast á í sambandi við þetta frv., en það er um aðstöðugjaldið. Því hefur réttilega verið lýst, hversu ranglát þessi tekjuöflun kann að vera, því að eftir því sem rekstur eins aðila er óhagstæðari og óhöppin meiri, eftir því á hann að greiða meira til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags. Og þetta minnir óneitanlega á það, að ein stórþjóð var komin það langt í skattlagningu að leggja á tekjustofna landsins, að hún greip til þess óyndisúrræðis að fara að leggja skatta á gjöld þegnanna, það voru Frakkar. Þetta minnir á þau rökþrot, sem hjá Frökkum voru, að við séum að nokkru leyti að komast fjárhagslega á svipaða hillu og þá var ástatt í Frakklandi. En ég vona þó, að framhaldið hjá okkur verði ekki líkt og var hjá þeirri þjóð.

Það er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnirnar semji skýrslu, sem skattstjórinn á að leggja á aðstöðugjaldið eftir, en aðstöðugjaldið miðast við þau útgjöld, sem eru hjá þegnum hlutaðeigandi sveitarfélags. Hins vegar er svo ráð fyrir gert, að sveitarstjórnirnar reikni út fasteignaskattinn, og enn fremur, að þær leggi á útsvörin eða hafi a. m. k. heimild til þess, þar sem íbúar eru færri en 500. Þess vegna fyndist mér eðlilegt, af því að heimilt er samkv. 45. gr. frv., að sveitarstjórnir leggi á útsvör án þess að leita til skattstjóra, og þar sem þær eiga að reikna út fasteignaskattinn, að þá eigi þær einn-

ig, þar sem íbúar eru ekki fleiri en 500, að reikna út aðstöðugjaldið, án þess að skattstjórinn komi þar nokkuð til, og hygg ég, að það muni vera mikill hægðarauki að þessu fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög. Og vil ég beina því til hv. félmn., að hún taki þessa breyt. upp, og sé ég ekki, að þetta verði neitt til þess að tefja fyrir málinu, þar sem n. hefur komið sér saman um brtt. og frv. þarf af þeim sökum að ganga aftur til Nd. Alþ.

En ef svo er, að n. vilji ekki á þetta hlusta og ekki bera fram till. um þetta atriði málsins, þá mun ég flytja brtt. við 3. umr., því að ég tel, að þetta verði til mikils hægðarauka fyrir alla aðila, bæði fyrir sveitarstjórnirnar, sem notfæra sér heimild 45. gr., og einnig til hægðarauka fyrir hlutaðeigandi skattstjóra. Og hér þarf ekki að breyta nema sáralitlu. Það þarf að breyta 11. gr. örlítið og bæta einni setningu inn í 45. gr., þar sem mundi koma fyrir orðið „útsvör" í fyrstu málsgr.: útsvör og aðstöðugjald.

Ég held, að það séu ekki fleiri gr., sem þyrfti að breyta, en þessar tvær, og vil ég beina því til n., að hún taki þetta til athugunar, og mundi að því, ef nefndin tekur þetta upp, verða mikill hægðarauki fyrir þær sveitarstjórnir, sem notfæra sér heimild 45. gr. Einnig sé ég ekki annað en þetta gæti orðið tímasparnaður hjá hlutaðeigandi skattstjóra, sem virðist eiga allmiklum störfum að gegna fyrir hin ýmsu sveitarfélög á svæðinu, og vænti ég þess, að hv. n. bregðist vel við og taki upp þessa brtt., svo að hún nái þá fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 673,1 felld með 11:8 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 673,2 felld með 11:8 atkv.
10.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 673,3 felld með 11:8 atkv.
16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 673,4 felld með 11:8 atkv.
— 650 samþ. með 14:2 atkv.
— 673,5 felld með 11:8 atkv.
17. gr., svo breytt, og 18.—31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 673,6 felld með 11:8 atkv.
32.—44. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 673,7 felld með 10:8 atkv.
45.—50. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
51.—68. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 702).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég því, að ég mundi flytja brtt. við frv., ef n. athugaði ekki þá þætti þess, sem ég óskaði eftir. Nú er það sýnt, að hv. félmn. hefur ekki viljað sinna þessu máli á þann veg, sem ég benti á við 2. umr. málsins, og þess vegna leyfi ég mér hér að flytja skriflega brtt., og er hún varðandi aðstöðugjaldið, sem er hinn þriðji tekjuliður sveitarfélaganna, sem er byggður á tekjustofnum innsveitis, þ. e. a. s. samhliða fasteignaskatti og útsvörum, sem jafnað er niður á tekjur einstaklinga í hlutaðeigandi sveitarfélagi. En eins og hv. þm. vita, þá er veitt heimild í 45. gr. frv. til þess, að sveitarfélög, sem hafa íbúatölu innan við 500, ef þau óska eftir því, þá fái þau að jafna niður útsvörunum sjálf, án þess að skattstjóri hafi þar nokkra íhlutun. Þá er það líka samkv. þessu frv., að sveitarstjórnir reikna út fasteignaskattinn. Það, er líka vitað mál, að aðstöðugjaldið byggist á þeim skýrslum, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir semja og senda til skattstjóra, og sveitarstjórnirnar eiga enn fremur að tilkynna um það, hvort þær vilja notfæra sér þennan tekjustofn og þá að hve miklu leyti. Ég fæ því ekki séð, ef sveitarstjórnir með íbúa innan við 500 vilja notfæra sér þá undanþágu, sem veitt er samkv. þessu frv., annað en það væri til hægðarauka fyrir alla aðila, ef aðstöðugjaldið fylgdi í sama flokki og niðurjöfnun útsvara að því er það snertir. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja hér tvær brtt., aðra við 11. gr. frv., að á eftir orðunum „Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds" komi: sbr. þó 45. gr. laganna." Og enn fremur, að 45. gr. breytist þannig, að á eftir orðinu „útsvör" í 1. málsgr. komi: og aðstöðugjald. Í hreppum með færri en 500 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör og aðstöðugjald án milligöngu skattstjóra.

Ég ætla mér ekki að ræða þetta meira. Ég gerði grein fyrir till. minni í dag og bið forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 709) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í d. lýsti hv. 1. þm. Vesturl. þeim brtt., sem hann nú hefur flutt, og mæltist til þess, að heilbr.- og félmn. tæki þær til athugunar á milli umræðna.

Það hefur verið leitað álits formanns þeirrar n., sem samdi tekjustofnafrv., ráðuneytisstjórans í félmrn., og hann réð eindregið frá, að slík brtt. yrði samþykkt. Meiri hl. heilbr.- og félmn. telur sig því ekki geta samþ. þessar brtt.

Það má segja, að öll frávik frá þeirri reglu, að skattstjórar leggi á aðstöðugjald og útsvör, séu til þess fallin að koma í veg fyrir þá samræmingu á framkvæmdinni í álagningu þessara gjalda, sem er ein meginstefna þess frv., sem hér liggur fyrir, og auk þess er eðlismunur á þessum gjöldum, sem hér er um að ræða, annars vegar útsvörum, hins vegar aðstöðugjaldi. Aðstöðugjaldið er allstrangt gjald, þannig að því er ekki gefin heimild til þeirra frávika, sem í ýmsum tilfellum er hægt að beita við álagningu útsvara, eins og fram kemur í, að ég ætla, 33. gr. frv.

Niðurstaða þessarar athugunar er sú, að meiri hl. getur ekki mælt með samþykkt brtt.

ATKVGR.
Brtt. 709 felld með 10:4 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Þetta mál hefur tekið breyt. í Ed., og ég vildi leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að heilbr.- og félmn. þessarar d. fái tækifæri til að athuga breytingarnar. Ég hef rætt þetta við hæstv. fjmrh., og hefur hann ekkert á móti því, að slík meðferð verði höfð á málinu, og þykir honum það eðlilegt. Ég skal hins vegar sjá um, að málið verði tekið strax fyrir í n., svo að taka megi málið á dagskrá á morgun hér í deildinni. Ég vænti þess, að hæstv. forseti fallist á það.

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 91. fundi í Nd., 13. apríl.
Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 702, 753, 754, 755).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. hér fyrir nokkrum dögum, var þess óskað, að umr. væri frestað og málið tekið út af dagskrá, svo að heilbr.- og félmn. gæfist tækifæri til að athuga þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., og raunverulega frv. í heild, ef henni þætti nauðsynlegt að koma fram einhverjum breytingum.
N. hefur athugað frv. og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Í sambandi við 10. gr. frv. hafa þrír nm., Gísli Jónsson, Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, orðið sammála um að bera fram svo hljóðandi brtt., að aftan við 10. gr. bætist ný málsgr., er orðist svo:
„Aldrei má þó leggja aðstöðugjald á atvinnurekstur skattaðila það ár, sem raunverulegur halli hefur orðið á atvinnurekstri hans, nema skattaðili eigi eignir umfram skuldir, er nemi a. m. k. hinu álagða aðstöðugjaldi. Verði ágreiningur um mat eigna og skulda, skulu aðilar lúta úrskurði ríkisskattanefndar um það atriði."
Mér þykir rétt að gera dálitla grein fyrir þessari brtt., einkum og sér í lagi vegna þess, að hún snertir raunverulega sáralítið þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Ed., en stafar e. t. v. meira af því, að ég hafði ekki aðstöðu til þess hér, þegar málið var til umr. í hv. d. og í n. á fyrra stigi, þar sem ég var fjarverandi við störf við Norðurlandaráð, að koma þessari brtt. að. Ég hef persónulega átt margar umr. um þetta sérstaka atriði í sambandi við störf mþn. í skattamálum, því að það var samstarf milli þeirrar mþn., sem undirbjó þessa löggjöf, og þeirrar, sem undirbjó skattalöggjöfina. Hreyfði ég þar hvað eftir annað þessu atriði og fékk ekki samkomulag um, að mþn. fylgdi málinu efnislega. Nú hafa þær breyt. verið gerðar á þessum lögum, að burt er numið það ákvæði, að leggja skuli á útsvör eftir efnum og ástæðum. Það var sú eina vörn, sem skattþegninn raunverulega hafði í sambandi við útsvarsálagningu og gat alltaf skotið máli sínu til yfirskattanefndar til úrskurðar, byggt á þeim grundvelli, að hann hvorki hefði tekjur né eignir til að greiða útsvarið. Mér er kunnugt um, að veltuútsvar var talið af greiðanda ólöglega álagt, og skaut hann úrskurði sínum til yfirskattanefndar, og úrskurður féll þannig, að með því að sannað væri, að skattaðili hefði nægilegar eignir til þess að greiða veltuútsvarið, þá skyldi það standa óbreytt. Í þessu lá beinlínis viðurkenning á því, að ef skattaðili ætti ekki eignir til að greiða með og hefði ekki heldur tekjur, þá fengi það ekki staðizt að leggja á veltuútsvar að óbreyttu ákvæði útsvarslaganna, eins og það var þá. En eins og ég sagði áðan, hefur nú þessi vörn verið numin í burtu.
Hér er leyft nú að leggja á aðstöðugjald, sem áður var veltuútsvar og raunverulega nákvæmlega sama gjaldið, þó að því sé valið annað nafn, á veltu, þótt engar tekjur séu og engar eignir til að greiða það með. Það er sama sem að gefa sveitarsjóðunum heimild til þess að rýra veðhæfni eigna. Við skulum hugsa okkur t. d. útgerðarfyrirtæki, sem er fleytt áfram með lánastarfsemi frá bönkum eða ríki og er eingöngu leyft að halda áfram rekstri vegna þess, að það er talið tjón fyrir viðkomandi sveitarfélag og þjóðfélagið í heild að stöðva reksturinn, sem haldið er áfram með lánum, jafnvel þó að ekki séu fullkomnar tryggingar, þá getur viðkomandi sveitarfélag, sem raunverulega er verið að hjálpa, komið og lagt á tugi þúsunda og haft forgangsrétt fyrir þeirri kröfu og rýrt þannig stórkostlega veðhæfni eignanna. Þetta tel ég gersamlega óhæft og vænti því, að till. verði samþ.
Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að með þessum l. eru sveitarsjóðunum gefnir verulegir tekjustofnar fram yfir það, sem áður var. Þeim er m. a. nú gefið landsútsvar, og þeim hefur auk þess verið gefinn stór hluti af söluskattinum. Það er því beinlínis óréttlátt að gefa þeim meiri réttindi en þeir hafa haft um álagningu veltuútsvars á skuldir og taprekstur, þrátt fyrir það að löggjafinn hafi sýnt svo mikla sanngirni að gefa sveitarfélögunum möguleika til að afla tekna á annan hátt. Sama má segja um fasteignagjöldin. Þau falla nú að fullu og öllu til sveitarsjóðanna, en áður féll nokkur hluti þeirra til ríkissjóðs. Ég tel því, að hér sé allt of langt gengið í að leggja sveitarfélögunum tekjur og beri því að breyta þessu ákvæði.
Í umr. um þetta mál í mþn. kom það glögglega fram, að veltuútsvar var á sínum tíma lagt á beinlínis sem vörn, eftir því sem fulltrúar frá sveitarfélögunum héldu fram, gegn því, að það væri rangt fram talið, og það átti að vera réttur forráðamanna sveitarfélaganna,

hvort sem viðkomandi aðili hefur talið samvizkusamlega fram eða ekki. Þrátt fyrir það að skattadómarar eins og yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd hafi viðurkennt framtalið, þá átti samt sem áður sveitarfélagið eða forráðamenn þess að hafa þann rétt að mega dæma mann sem skattsvikara og hegna honum fyrir ímyndað lagabrot með því að leggja á hann veltuútsvar, eins og það var áður kallað. Þetta tel ég hreinustu óhæfu. Veltuútsvar var alltaf illa liðið. Það er jafnilla liðið, þó að það breyti hér um nafn og sé kallað aðstöðugjald. Það breytir engu um eðli málsins. Og engin breyt. hefur orðið á því önnur en sú, að nú á það að vera frádráttarhæft, teljast með öðrum gjöldum viðkomandi skattaðila, sem þó fékkst ekki áður. En ég tel, að þó að það sé sett inn í l., sé samt sem áður enginn grundvöllur fyrir því að leyfa þá skattálagningu, sem hér er gert með þessu ákvæði. Það má segja, að hér sé aðeins um að ræða heimild fyrir sveitarstjórnirnar, og það er alveg rétt. En reynslan hefur sýnt, að þessi heimild hefur verið notuð svo skefjalaust, að það hefur engin linkind verið sýnd. Þess vegna er þeim ekki treystandi til að fara með það vald, sem þeim er gefið hér, og ber því Alþ. að breyta l. að þessu leyti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þetta mál annað eða meira, nema sérstakt tilefni gefist til. En í sambandi við þá brtt., sem fram kemur frá þeim Birgi Finnssyni, Jóni Skaftasyni og Hannibal Valdimarssyni, þ. e. við 17. gr. b, þá skal ég ekki ræða það atriði, aðeins geta þess, að málið var rætt í n. og fékkst ekki þar samkomulag um afgreiðslu þess. Ég og Jón Kjartansson vorum andvígir till., teljum, að ekki sé rétt að breyta þessu ákvæði, en munum hins vegar láta það í hendur flm. að mæla fyrir þeim till.

Meiri hl. n., þ. e. ég, Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, leggur til, að frv. verði afgr. með þeirri breyt., sem er á þskj. 755, og aðrar brtt. verði felldar.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga hefur áður verið til meðferðar og afgreiðslu í hv. deild, og þegar það kom aftur hingað til athugunar vegna breyt., sem gerðar voru á því í Ed., átti ég satt að segja von á því, þegar formaður heilbr.- og félmn. óskaði eftir athugun á frumvarpinu í þeirri nefnd, að sú athugun væri eingöngu með tilliti til breytinga, sem gerðar voru á frv. í meðferð Ed. En það var nú ekki. Ég kom aðeins of seint á fund n., og þegar þangað kom, þá höfðu þrír nefndarmenn, þeir Gísli Jónsson, Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, komið sér saman um brtt. um alveg nýtt málsatriði, sem mér var ekki kunnugt um áður, og gerði hv. 1. þm. Vestf. grein fyrir þessari till. áðan. Úr því að málið hafði þannig verið tekið upp á ný, taldi ég rétt, að fram kæmi einnig athugasemd við breyt., sem gerð var á frv. í Ed., þ. e. a. s. breyt., sem gerð var á b-lið 18. gr., þess efnis, að Ed. hækkaði prósentugjald af stofnunum, sem þar um ræðir, úr 1%, eins og það hafði verið, þegar málið fór frá þessari hv. deild, í 1½%. Þarna er um að ræða landsútsvar, sem síldarverksmiðjur ríkisins, áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðjan, viðtækjaverzlunin, landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg eiga að greiða.

Það mun muna mest um þetta gjald hjá síldarverksmiðjum ríkisins, og miðað við rekstraráætlun þeirra, sem hefur verið byggð á því, að verksmiðjurnar fengju 400 þús. mála afla, jafngildir 1% kr. 2.50 á hvert mál síldar. En eftir hækkun Ed. í 1½% jafngildir þetta gjald 3.75 kr. á hvert mál síldar. Þetta tel ég óþarflega hátt gjald, og þess vegna leyfði ég mér í heilbr.- og félmn., þegar málið var tekið þar upp á ný með þeim hætti, sem ég hef lýst, að flytja um þetta brtt. Og það er ekki rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, að það hefði ekki verið meiri hl. í n. um till., því að hún er flutt af mér og tveimur nm. öðrum, Jóni Skaftasyni og Hannibal Valdimarssyni. (Gripið fram í.) Mér heyrðist hv. þm. segja, að það hefði ekki verið meiri hl. fyrir till. Sé þetta á misskilningi byggt, biðst ég velvirðingar á því.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um till. fleiri orðum. Hún liggur hér fyrir, og ég veit, að hv. þdm. hafa áttað sig á henni. En ég vil út af hinni brtt., sem ekki varð samkomulag um í n. og hv. 1. þm. Vestf. gerði grein fyrir áðan, aðeins segja það sem mína skoðun, án þess að ég ræði till. meira efnislega, að ég lít svo á, að ef sú till. nær fram að ganga, þá verði óframkvæmanlegt fyrir sveitarfélögin að leggja á aðstöðugjaldið, og það mundi eyðileggja þann tekjustofn fyrir sveitarfélögunum, og því er ég mótfallinn till. Ég skal geta þess, að ég hef rætt þetta atriði við samnefndarmenn mína úr n. þeirri, sem undirbjó frv., og eru þeir sömu skoðunar og ég hvað þetta snertir.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Við hv. 11. landsk. höfum leyft okkur að flytja brtt. við 20. gr. frv., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 2. málsgr.: „Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess“ o. s. frv. Við leggjum til, að þessu verði breytt á þá leið, að þar standi „þriðjungur landsútsvara af síldarverksmiðjum ríkisins og fjórðungur annarra landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess“ o. s. frv. Við flutning þessara till. höfum við tvisvar sinnum áður gert tilraun til þess í þessari hv. d. að leiðrétta augljóst ranglæti, sem í frv. felst, ef að lögum verður, þar sem gerð er mjög áberandi mismunun milli þeirra sveitarfélaga, þar sem reknar eru síldarverksmiðjur í einkaeign og síldarverksmiðjur í ríkiseign.

Við höfum lagt til í fyrsta lagi, að landsútsvarið á síldarverksmiðjur ríkisins verði fellt niður, þar sem við sjáum ekki, að frekar sé ástæða til að leggja það á þær en aðrar verksmiðjur. Eftir að sú till. hafði verið felld, þá bárum við fram brtt. við frv. um breyt. á l. um síldarverksmiðjur ríkisins. Í þeirri brtt. okkar fólst það, að sveitarfélög, þar sem ríkisverksmiðjur starfa, skyldu halda þeim tekjum, sem þær hafa haft af verksmiðjunum, þannig að ekki væri gengið á þann hluta, sem þær hafa til þessa haft. Sú, till. var líka felld. Nú viljum

við freista þess í þriðja sinn að fá mál þessara sveitarfélaga leiðrétt.

Ég tel, að málið sé fullskýrt, og skal ekki hafa um það fleiri orð, en vænti þess nú, að hv. þm. geti fallizt á að leiðrétta að nokkru leyti þau missmíði, sem eru á frv. að þessu leyti.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja hér örfá orð út af þeim ummælum, sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. hér rétt áðan út af brtt. þeirri, sem liggur frammi á þskj. 755 og ég er annar flm. að.

Þessi þm. lét sig hafa það að fullyrða, að ef till. sem þessi væri samþ., þá mundi aðstöðugjald sem tekjustofn sveitarfélaga hverfa burt. Mér kom þessi fullyrðing hv. þm. mjög á óvart, því að ég þóttist þekkja hann að öðru en því að fara með fjarstæðukenndar fullyrðingar. Sannleikurinn er sá, að meiri hl. aðila eða fyrirtækja, þeirra sem yrðu gjaldendur aðstöðugjalds, eftir að frv. þetta hefði náð samþykki, mun vera rekinn með einhverjum hagnaði, og mikill meiri hl. þeirra mun sömuleiðis eiga eignir umfram skuldir, þannig að það hlýtur að tilheyra undantekningum, ef aðili eftir samþykkt þessarar brtt. losnaði við að gjalda aðstöðugjald.

Ástæðan fyrir því, að ég styð þessa brtt., er þessi: Ég hef, frá því að ég fór að kynna mér útsvars- og skattalög, verið mjög mótfallinn veltuútsvörum. Röksemdir þeirra manna, sem eru meðhaldsmenn veltuútsvara, eru þau, að þau séu nauðsynleg til þess að tryggja sveitarfélögum tekjur frá þeim aðilum, sem aðstöðu hafa til þess að skjóta undan bæði tekjum og eignum. Ég hef aldrei getað fallizt á þennan rökstuðning. Mér finnst í fyrsta lagi, að það sé óviðunandi niðurstaða, að þeir aðilar, sem telja rétt fram tekjur og eignir, skuli verða að gjalda hærri gjöld í sambandi við veltuútsvarið fyrir það, að einhverjir aðrir aðilar kunna að stela undan tekjum og eignum til skatts.

Svo er hitt, og það er nú það aðallega, sem hefur ráðið úrslitum um, að ég styð þessa brtt., að einhvern tíma verðum við Íslendingar, eins og raunar aðrar þjóðir, að fara að framkvæma skatta- og útsvarslöggjöf, sem við það er miðuð, að tekjur og eignir komist til skila, og það er eina leiðin að herða skatteftirlitið. Það á í fyrsta lagi að setja skynsamlega skattalöggjöf og útsvarslöggjöf og í öðru lagi að herða eftirlitið með því, að tekjur séu taldar fram og eignir. Að þessu eigum við að keppa, en ekki að hafa í lögum einhver ákvæði, ranglát ákvæði gagnvart þeim, sem telja rétt fram tekjur og eignir, til þess að ná af þeim, sem vilja snúa á sveitarfélögin með því að draga bæði tekjur og eignir undan skatti.

Það er þetta fyrst og fremst, sem hefur ráðið því, að ég hef gerzt flm. að þessari brtt., og ég held, að í raun réttri geti hún ekki þýtt neitt stórt í sjálfu sér, því að ég skil ekki, að þau fyrirtæki geti verið mörg í landinu, sem ár eftir ár geta gengið með tapi og eiga ekki eignir umfram skuldir.

Jón Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég gat ekki orðið sammála meðnm. mínum um afgreiðslu þessa máls. Ég vil afgr. frv. óbreytt eins og það kom frá Ed. Brtt. þær, sem hér liggja fyrir, brtt. á þskj. 755 frá Gísla Jónssyni o. fl., ég held, að hún geti gert sveitarfélögum ákaflega erfitt fyrir um álagningu aðstöðugjalds og það sé þess vegna varasamt að samþ. slíka till. Hin till. á þskj. 754 er að vísu ekkert annað en að færa í sama horf eins og frv. var, þegar það fór hér úr d. En ég sé fyrir mitt leyti ekki ástæðu til þess að hrekja málið milli deilda til þess að breyta þessu aftur, og þar af leiðandi legg ég til, að sú till. verði einnig felld. Og alveg sama máli gegnir um till. á þskj. 753, þar sem ég legg til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir frá Ed.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 755 felld með 24:5 atkv.
— 754 felld með 20:7 atkv.
— 753 felld með 21:8 atkv.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 817).

66. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins [184. mál] (stjfrv., A. 395).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. og 77. fundi í Nd., 26. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 395, n. 474).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 474 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 540, 543).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Hæstv. forseti. Við 2. umr. um þessi tekjustofnamál drap ég á það, að til mála hefði komið í heilbr.- og félmn. að flytja við frv. þetta brtt. við 3. umr. Sú tillaga hefur nú verið lögð fram og liggur fyrir á þskj. 543. Efni hennar er á þá leið, að lagt er til, að sveitarstjórnum verði heimilað að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þ. á m. vegna seldrar vinnu vélaverkstæðis þeirra. Er hér fyrst og fremst um að ræða hraðfrystihúsrekstur síldarverksmiðjanna á Siglufirði og nýbyrjaða niðurlagningarverksmiðju þeirra. Að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir, að landsútsvar reiknist ekki af þeim rekstri.

Heilbr.- og félmn. stendur í heild að þessari brtt. Væntir *nefndin* þess, að hv. þd. samþykki hana.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 540, 543, 567).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá stendur svo á í ýmsum sveitarfélögum hér á landi, þ. á m. nokkrum bæjarfélögum, að þar eru reknar síldarverksmiðjur, sem hafa það sameiginlegt að hafa allar viðskipti við síldveiðiflotann á síldarvertíð og veita honum þjónustu. Nú hefur hér í hv. d. við afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga verið ákveðið að því leyti, sem það er á valdi þessarar hv. deildar, að þessi sveitarfélög skuli skiptast í tvo flokka og hafa mismunandi rétt til að afla sér tekna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð í sambandi við rekstur þessara fyrirtækja. Sá flokkurinn, sem betur er settur, á að hafa heimild til þess að taka aðstöðugjald af sínum síldarverksmiðjum, sem nemur allt að 1½%. En hinn flokkur sveitarfélaga, sem á að vera lakar settur, — það eru þau sveitarfélög, þar sem svo vill til, að verksmiðjurnar eru ríkiseign, — hann á ekki að fá möguleika til að afla í sveitarsjóð nema ¼% af umsetningu verksmiðjanna. Þarna virðist á nokkuð áberandi hátt mismunað þessum sveitarfélögum, sem hér eiga hlut að máli, og þar af leiðandi verða gjaldendur þeirra sveitarfélaga, *sem við lakari kostinn eiga að búa* að þessu leyti, að leggja á sig meiri gjöld til þarfa sveitarfélaganna heldur en í hinum. Í umr. um þetta mál, um tekjustofna sveitarfélaga, bárum við hv. 11. landsk. fram brtt. í því skyni að bæta úr *þessu misrétti, en þessar tillögur okkar voru* felldar hér í hv. deild. Við gerðum þá grein fyrir þessu máli allýtarlega, báðir flm., og mig furðaði nokkuð á því, að hv. deild eða meiri hl. hennar skyldi ekki taka til greina þær upplýsingar, *sem þar voru gefnar*. Nú höfum við tekið það ráð að freista þess að koma fram breytingum á því frv., sem hér liggur fyrir um síldarverksmiðjur ríkisins, til þess að reyna að nokkru leyti að bæta úr því misrétti, sem hér virðist eiga sér stað.

Hingað til hefur það verið svo, að síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem þær eru starfræktar, hafa greitt til sveitar- og bæjarsjóðs upphæð, sem nemur ½% af framleiðslu sinni. Þetta er að vísu mun lægra en öðrum sveitarfélögum er heimilað að taka í aðstöðugjald samkv. frv. um tekjustofna sveitarfélaga. En þó væri það frekar viðunandi, ef þessum sveitarfélögum yrði þó heimilt að halda þeim tekjum, sem þau áður höfðu, þó að þau væru eigi að síður verr sett en hin. Þess vegna höfum við leyft okkur að bera fram á þskj. 567 brtt., sem er þess efnis, að það skuli standa áfram, að ríkisverksmiðjurnar greiði framleiðslugjald, ekki þó eins hátt og áður var, þ. e. a. s. ½%, heldur aðeins ¼%, og mundi það þá að viðbættum hluta þessara sveitarfélaga í landsútsvari nema álíka upphæð og þau fengu áður af framleiðslugjaldi.

Hér er ekki fram á annað farið en að hlutur þessara sveitarfélaga verði ekki beinlínis skertur frá því, sem hann hefur verið. Það er ekki farið fram á það að fá að taka sömu gjöld af síldarverksmiðjum eins og öðrum sveitarfélögum á að vera heimilað að taka sem aðstöðugjald í frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Og við vildum mega vænta þess, að á þetta yrði litið með sanngirni.

Inn í þessa till. okkar á þskj. 567 höfum við tekið efni brtt. nefndarinnar um aðstöðugjald af öðrum rekstri en síldarbræðslu og svo ákvæði frv. í 1. gr. um það, að verksmiðjurnar séu að öðru leyti undanþegnar gjöldum sveitarfélaga, *að undanteknum fasteignaskatti og landsútsvari*, og sömuleiðis undanþegnar tekju- og eignarskatti.

Þetta er þá efni þeirrar brtt., sem við hv. 11. landsk. flytjum. Við förum ekki fram á það, að *þessi sveitarfélög, þar sem ríkisverksmiðjurnar* eru, fái rétt til álagningar til jafns við önnur sveitarfélög, þar sem verksmiðjur eru reknar, en við förum fram á, að þau verði ekki beinlínis svipt tekjumöguleikum, sem þau hafa haft *samkv. lögum um langan tíma*.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 567 felld með 20:16 atkv.

— 543 samþ. með 29:2 atkv.

Frv., *svo breytt*, samþ. með 28:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. *fundi* í Ed., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 638).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 707) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 707 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 708).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89., 90. og 91. fundi í Nd., 10., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 818).

---

67. Ríkisábyrgðasjóður.

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um Ríkisábyrgðasjóð [134. mál] (stjfrv., A. 263).

Á 39. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 8. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur farið mjög í vöxt undanfarinn áratug, að veittar væru ríkisábyrgðir vegna lána til margvíslegra framkvæmda. Oft eru þessar ábyrgðir nauðsynlegar til þess að hrinda málum áleiðis, og þeir aðilar, sem hafa notið slíkra ábyrgða, eru margvíslegir. Það eru bæjar- og sveitarfélög, það eru samvinnufélög, hlutafélög, útgerðarfélög, einstaklingar. En um leið og viðurkennt er, að í mörgum tilvikum hefur verið og er og verður nauðsynlegt að veita ríkisábyrgðir til þess að tryggja framgang nauðsynjamála, þá er hitt þó ljóst, að þessi mál hafa verið að komast í algera óhæfu, hreinar ógöngur að undanförnu, og ber þar margt til. Sumpart hefur ekki verið nægileg aðgæzla höfð og fyrirhyggja, þegar veittar voru slíkar ábyrgðir, ekki rannsakað nægilega, hvort það fyrirtæki, sú framkvæmd eða það mannvirki, sem átti að veita ríkisábyrgð fyrir, var nægilega grundvallað, hvort það var möguleiki á því, að það gæti staðið undir slíkum lánum, borið sig. Í öðru lagi hefur þess stundum ekki verið gætt að fá nægar tryggingar fyrir slíkum ríkisábyrgðum. Enn fremur hefur eftirlit ekki verið nægilegt stundum með því, hvernig þessi starfsemi, sem ríkið þannig tók ábyrgð á, gengi eða henni væri stjórnað. Í stuttu máli hafa því ábyrgðir hlaðizt upp, sem fallið hafa á ríkissjóð. Árið 1957 var í fjárl. gert ráð fyrir, að þessar ábyrgðir, sem féllu á ríkissjóð vegna vanskila, mundu nema um 18 millj. kr., en reyndust vera 21. Árið 1958 var í fjárl. gert ráð fyrir 20 millj., þær urðu 24. Árið 1959 var gert ráð fyrir 20 millj., þær urðu 29. Árið 1960 var gert ráð fyrir 35 millj. í fjárl., urðu 50 millj. Árið 1961 var gert ráð fyrir 38 millj. í fjárl., en urðu um 80 millj.

Þessar ábyrgðir, sem fallið hafa á nú á síðasta ári eða tvö síðustu ár, eru teknar áður en núv. stjórn tók við störfum, og skal ég ekki rekja hér sérstaklega orsakir þessara vanskila. En ein af orsökunum, sem okkur öllum þdm. er kunnugt um, er að sjálfsögðu hinir miklu örðugleikar, sem togaraútgerðin hefur átt við að stríða í 2—3 undanfarin ár. Það var auðvitað ljóst, að hér þurfti að taka í taumana og gera sérstakar ráðstafanir, til þess að svo héldi ekki áfram. Þess vegna var samið frv. til laga um ríkisábyrgðir og lagt fyrir Alþingi í fyrra, og var það afgr. sem lög nr. 37 frá 29. marz 1961. Tilgangur þeirra var sá að skapa meiri festu og aðhald, bæði um veitingu ríkisábyrgða, eftirlit með þeim og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir vanskil og forða ríkissjóði, ef unnt væri, frá slíkum áföllum.

Í fyrsta lagi var sú breyting gerð með lögunum, að ríkisábyrgð skyldi aldrei heimilt að veita, nema lagaheimild væri fyrir hendi, en það fól í sér, að ekki er heimilt að veita ríkisábyrgð með þingsályktun.

Í öðru lagi var sú gagngerð breyting gerð á, að ef ríkisábyrgð væri veitt, skyldi meginreglan vera einföld ábyrgð, en ekki sjálfsskuldarábyrgð. Í þessu felst meginmunur, þar sem sjálfsskuldarábyrgðin felur það í sér, að ef lántaki stendur ekki í skilum, getur lánveitandinn umsvifalaust gengið að ábyrgðaraðilanum, þ. e. a. s. ríkissjóði í þessu tilfelli, en ef ábyrgðin er einföld, verður lánveitandinn fyrst að reyna að innheimta kröfuna hjá lántaka og því aðeins, að staðreynd sé, að hann geti ekki staðið í skilum, er unnt að krefjast greiðslu af ábyrgðaraðilanum. Fram að þessu höfðu ríkisábyrgðir yfirleitt verið sjálfsskuld-

arábyrgðir, og var sú reyndin orðin í mjög mörgum, ég vil ekki segja flestum tilvikum, en mjög mörgum, að lánveitandi, ef vanskil urðu, gerði ekki einu sinni tilraun til þess að innheimta hjá skuldaranum sjálfum, heldur sneri sér beint að ríkissjóði. Stundum var jafnvel komið svo, að lántaki taldi ekki hvíla á sér neinar sérstakar skyldur til þess að annast vaxta- og afborganagreiðslur af lánum, sem ríkissjóður var í ábyrgð fyrir, ríkissjóðurinn gæti séð fyrir því.

Þessi breyting úr sjálfsskuldarábyrgð í einfalda ábyrgð, — það tekur auðvitað alllangan tíma að koma henni í framkvæmd, því að þær sjálfsskuldarábyrgðir, sem áður voru veittar, halda að sjálfsögðu gildi sínu áfram. Hins vegar er þessi breyting þegar farin að hafa nokkur áhrif og á þó eftir að hafa miklu meiri áhrif síðar.

Í þriðja lagi var svo ákveðið í þessum ríkisábyrgðalögum, að ef aðili, sem óskaði eftir ríkisábyrgð, stóð í vanskilum eða óbættum sökum við ríkissjóð, skyldi ekki heimilt að veita honum nýja ríkisábyrgð. nema samið yrði um þá fyrri skuld eða hún greidd.

Í þriðja lagi var svo ákveðið, að hver, sem ríkisábyrgð fengi, skyldi greiða visst áhættugjald í ríkissjóð. Var það 1% af einfaldri ábyrgð, en 1½% fyrir sjálfsskuldarábyrgð.

Þá er gert ráð fyrir því í l., að einhver ríkisbankanna yrði fenginn til aðstoðar ríkissjóði varðandi veitingu ríkisábyrgða, eftirlit með starfsemi þeirra, sem ríkisábyrgð fengju, o. s. frv. Og loks var svo ákveðið, að gengið skyldi í það að gera hreint fyrir dyrum varðandi eldri vanskil, að fulltrúar frá fjvn. skyldu athuga allar þær ábyrgðir, sem á ríkissjóð hefðu fallið, og gera tillögur um það til fjmrh., hvernig með skyldi fara. Var svo ákveðið í l., að því aðeins mætti fella niður skuld eða hluta af skuld, að fjvn. mælti einróma með því, mælti einróma með eftirgjöf, og hafa fulltrúar fjvn. ásamt fulltrúum fjmrn. lagt í þetta mikla vinnu og skilað síðan tillögum með meginatriðum, þar sem gert er ráð fyrir að gera tillögur um, hvernig skuli afgreiða þessi mál. Í einstaka tilvikum er gert ráð fyrir eftirgjöf, þó eru það tiltölulega lágar upphæðir, en oftast eru gerðar tillögur um það, að þessar kröfur skuli endurgreiddar ríkissjóði á vissu árabili, þetta frá fimm, átta, tíu árum eða jafnvel nokkru fleiri árum, ásamt hóflegum vöxtum. Um þessar tillögur hefur orðið alger samstaða hjá þessum fulltrúum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. til laga um ríkisábyrgðasjóð, er í rauninni framhald af hinu fyrra frv., sem lögfest var í fyrra um ríkisábyrgðir, og meginefni þess er það, að stofna skuli sérstakan sjóð, er nefnist ríkisábyrgðasjóður. Í 2. gr. frv. er kveðið á um stofnfé hans, og er það í þrennu lagi. Það er í fyrsta lagi, að gengishagnaður af útflutningsbirgðum, sem samkv. 6. gr. brbl. frá 3. ágúst s. l. skyldi að nokkru renna til þess að létta af ríkissjóði áföllnum ríkisábyrgðum, skuli renna sem stofnfé til ríkisábyrgðasjóðsins. Í öðru lagi, að áhættugjaldið, sem ákveðið er í l. frá í fyrra, 1% og 1½%, það sem þegar hefur goldizt, skuli einnig telja stofnfé sjóðsins. Og í þriðja lagi skuli afhenda sjóðnum kröfur eða framkröfur, sem ríkissjóður á, vegna þess að hann hefur orðið sem ábyrgðaraðili að greiða kröfur, enn fremur þær kröfur, sem stafa af því. að ríkissjóður hefur ekki tekið ábyrgð á greiðslu, heldur sjálfur tekið lán og endurlánað það, en vanskil hafa orðið af hálfu lántaka. Og loks er svo heimilað að afhenda sjóðnum kröfur, sem stafa af því, að vanskil hafa orðið á lánum, sem hafa verið veitt beint úr ríkissjóði. Þetta er stofnfé sjóðsins, eins og segir í 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru svo taldar í 3. gr. Það er í fyrsta lagi, að áhættugjald, sem hér eftir verður goldið, skuli renna í ríkisábyrgðasjóð, en ekki í ríkissjóð. Í öðru lagi fé, sem endurgreiðist samkvæmt þeim kröfum, sem nefndar voru áður samkv. 2. gr. Og í þriðja lagi framlög, sem ákveðin verði í fjárl. hverju sinni, eftir því sem sjóðurinn þarf á að halda.

Í 4. gr. er svo ákveðið, að úr ríkisábyrgðasjóði skuli greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. jan. 1961 vegna ábyrgða, sem hann hefur tekizt á hendur, og sama gildir um kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir sama tímatakmark fyrir vanskil á lánum, sem ríkissjóður hefur tekið og endurlánað. Þar sem gert er ráð fyrir, að gengishagnaðurinn, sem til hefur fallið á árinu 1961, auk þess sem greiðist svo inn á árinu 1962, skuli verða stofnfé sjóðsins, þá er talið eðlilegt, að sjóðurinn taki einnig að sér að greiða þær ábyrgðarkröfur, sem féllu á ríkissjóð á s. l. ári.

Það eru nokkur meginrök, sem liggja til þess, að þetta frv. hefur verið samið og lagt hér fram. Í fyrsta lagi er talið eðlilegt að losa þessi mál út úr sjálfum ríkissjóðnum. Það er ekki eðlilegt að telja með í venjulegum rekstri eða starfsemi ríkissjóðsins þessi ábyrgðarlán eða vanskil, sem á hann falla og, eins og reynslan sýnir og ég gat um, er ákaflega erfitt og í rauninni ógerningur að áætla fyrir fram. Í fyrsta lagi er eðlilegt að losa þetta út úr ríkissjóðnum sjálfum og afhenda þetta verkefni sérstökum sjóði. Að sjálfsögðu er óhjákvæmilegt, að ríkissjóðurinn verður að bera ábyrgð á fjárreiðum ríkisábyrgðasjóðsins, og þess vegna er ákvæðið í 3. tölul. 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að framlag, sem áætlað er eða verður í fjárl., skuli greiða sjóðnum eftir því, sem á þarf að halda. Í þessu felst það, að ef ríkisábyrgðasjóður eftir árið þarf ekki á öllu því framlagi að halda, sem ætlað er í fjárl., þarf ekki að greiða það allt úr ríkissjóði. Ef hins vegar ríkisábyrgðasjóðurinn þarf á meira fé að halda eitthvert ár en áætlað er í fjárl., er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að það verði greitt umfram fjárlög. Þetta leiðir af þeirri ábyrgð, sem ríkissjóður samkv. 1. gr. ber á fjárreiðum sjóðsins.

Til viðbótar þessu sjónarmiði, að losa þessi vanskila- og ábyrgðamál út úr sjálfum ríkissjóðnum, er svo gert ráð fyrir, að einhverjum ríkisbankanna, — og ég vil taka fram, að þá er gert ráð fyrir Seðlabanka Íslands, — verði falinn sjóðurinn til umsjár, og einnig gert ráð fyrir því, að sá hinn sami banki verði til aðstoðar ríkissjóði, eftir því sem ríkisábyrgðalögin í fyrra gera ráð fyrir, og þá sérstaklega verði þau skuldabréf, sem nú verða á næstunni útgef-

in og undirskrifuð í samræmi við tillögur fulltrúa fjvn. og fjmrn., afhent ríkisábyrgðasjóðnum og þar með Seðlabankanum til innheimtu. — Og kem ég þá að þriðja atriðinu, sem er einnig eðlilegt, og það er, að banka verði faldar þessar kröfur til innheimtu. Það er eðlilegra en að fjmrn. sjálft standi í slíkum innheimtuaðgerðum, enda er enginn vafi á því, að það mun gefa betri raun.

Loks má geta þess í sambandi við gengishagnaðinn, sem gert var ráð fyrir að rynni að verulegu leyti til þess að standa undir áföllnum ríkisábyrgðum, að það ákvæði í brbl. frá í sumar hefur stundum verið skýrt og túlkað þannig, að ríkissjóður hafi hrifsað til sín þennan gengishagnað, og þá sleppt því viðbótarákvæði, að þetta fé má eingöngu nota til þess að létta ríkisábyrgðum eða vanskilakröfum af ríkissjóði. Það þykir rétt, að það liggi alveg hreint fyrir, að þessi gengishagnaður renni alls ekki í ríkissjóð, heldur í þennan sérstaka sjóð, sem hefur það verkefni að standa undir þessum áföllnu ábyrgðum.

Til skýringar því, hversu alvarleg þessi ríkisábyrgðamál eru orðin, má geta þess til viðbótar, að útlagt fé vegna ríkisábyrgða er nú orðið samtals um 265 millj. kr.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir í hv. þd. og hljóti samþykki hv. Alþingis, og það er skoðun mín og sannfæring, að þegar þessi lög eru komin til viðbótar lögunum frá í fyrra um ríkisábyrgðir, þá muni fara að stefna í betra og bjartara horf með ríkisábyrgðirnar en verið hefur nú undanfarið.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég geng út frá því, að sú tillaga, sem fram hefur komið um að vísa máli þessu til fjhn., verði samþ. og af því að ég á sæti í þeirri n., fæ ég tækifæri þar væntanlega til þess að ræða þetta frv. í einstökum atriðum. Hins vegar vildi ég nú segja um það nokkur orð, áður en það fer til nefndar.

Ræða hæstv. fjmrh. gaf tilefni til þess, að minnzt væri á mál, sem var mjög til umr. hér í fyrra í sambandi við afgreiðslu frv. um ríkisábyrgðir, en það er eðli ríkisábyrgða og þá sérstaklega það, sem ég hef haldið fram, að ekki sé rétt að setja bankasjónarmið yfir þessa starfsemi ríkisins, sem er hjálpar- og stuðningsstarfsemi við atvinnulífið og framfarirnar í landinu til þeirra aðila, sem hafa ekki efni á því, þó að þeir hafi ríkan vilja, að tryggja á sama hátt og tryggja þarf við banka. Þessi starfsemi er þátttaka ríkisins í uppbyggingu atvinnulífsins og þar af leiðandi í sjálfu sér allmikið frábrugðin starfsemi bankanna. En þó að ræða hæstv. ráðh. gæfi tilefni til þess að taka upp aftur eitthvað úr umr. frá því í fyrra um frv. um ríkisábyrgðir, ætla ég nú ekki að gera það, heldur snúa mér að þessu frv., eins og það nú liggur fyrir.

Ég get ekki séð, að yfir því sé mikil birta né umbótatíbrá, þó að hæstv. fjmrh. segðist vona, að það mundi birta til í þessum málum, þegar búið væri að koma þeim fyrir á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Oft er talað um offramleiðslu í lagasetningu. Nýlega var kveðið:

> Taka að flókna málin mjög,
> menning gölluð veldur.
> Alltaf bætast lög á lög,
> lög, sem enginn heldur.

Enginn vafi er á því, að Alþingi á að gæta hófs í lagasetningu, unga ekki út óþörfum lagabálkum. Menn hætta að virða lög, ef þeir reka sig á, að ýmis þeirra eru bara tildur og pappírsgögn, óþörf að mestu eða máske stundum öllu. Ég sé ekki betur en frv. þetta sé egg, sem vægast sagt sé mjög vafasamt að Alþ. eigi að unga út og gera að lögum. Mér sýnist efni frv. þannig í heild, að lagasetningin sé óþörf og þess vegna tildur. Mér sýnist hér vera um það helzt að ræða að halda sérstakan reikning yfir allt, sem lýtur að ríkisábyrgðum, töp af þeirra völdum og fé, sem ráðstafað er til að greiða þau, svo og fé, sem endurheimtist frá réttum aðilum síðar fyrir útlagðar ábyrgðir. Þetta er nánast bókhaldsatriði og fyrirkomulag, sem ráðherra getur haft í hendi sinni án lagasetningar. Hvers vegna að vera þá með þennan fyrirgang, setja sérstök lög og mér liggur við að segja: látast stofna sjóð? Mér liggur við að segja það: látast stofna sjóð. Ef við breytum í gamni og alvöru heiti frv. og köllum það frv. til laga um ríkisábyrgðareikning og hagræðum orðalagi frv. svo í samræmi við það, verður ljóst, að hér er um lítið annað að ræða en sérreikning ríkisábyrgða og hvað skuli á hann færast til tekna og gjalda. Formsins vegna virðist mér við fljótan yfirlestur a. m. k. ekkert til fyrirstöðu þessu bókhaldi eftir ákvörðun ráðherra án sérstakrar lagasetningar, ekki sízt þegar athuguð eru lögin, sem hann vitnaði til áðan um ríkisábyrgðir og sett voru á síðasta Alþ. Í þeim lögum segir t. d., með leyfi hæstv. forseta, í 4. gr.:

„Áhættugjald það, sem greitt verður samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr., skal geymast á sérstökum reikningi. Má einungis nota fé þetta, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt í reikninginn."

Hér eru fullkomin fyrirmæli um það, að þetta fé, sem ræðir um í frv., skuli vera á sérstökum reikningi. Í þessum lögum, sem afgreidd voru í fyrra, er heimild til að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjmrn. til aðstoðar. Ekki þarf nýja lagaheimild til þess, og þar er ráðherra líka heimilað að setja nánari ákvæði með reglugerð um þessi mál. Lítill vafi er á því, að ráðh. hefur þar með, án þessarar fyrirhuguðu lagasetningar, heimild til að skipa þessum reikningshaldsmálum með reglugerðarákvæðum, ef þeirra þyrfti þá einu sinni með. Hér virðist mér þess vegna verið að setja lög á lög ofan alveg að þarflausu. Ég sé ekki betur. Þetta er nóg um það.

En svo skal vikið að frv. frá öðru sjónarmiði um stund. Samkv. 2. gr. frv., sem er um stofnfé, segir: „Stofnfé ríkisábyrgðasjóðs er sem hér

segir: 1. Gengishagnaður, sem samkv. 2. mgr. 7. gr. l. nr. 80 3. ágúst 1961 á að renna til ríkissjóðs.“ Það er fyrsta stofnframlagið. Ríkisstj. felldi gengi íslenzku krónunnar í sumar sem leið. Ríkisstj. sagðist gera það til þess að koma í veg fyrir röskun á efnahagslífi af völdum þeirra nýju samninga, sem verkamenn og vinnuveitendur höfðu gert með sér þá. Vitað er, að þetta var yfirskinsástæða. Gengisfellingar þessarar þurfti ekki með vegna röskunar sökum kauphækkananna. Gengisfellingin var gerð sem hefndarráðstöfun, eins og oft hefur verið sagt, gerð til að sýna, að ekki þýddi fyrir verkamenn og vinnuveitendur að gera samninga nema með leyfi ríkisstj. Enn fremur var gengisfellingin höfð svo mikil, að hún lappaði upp á göt, sem voru að koma á viðreisnarskip ríkisstj. Beint í ríkissjóð þótti vissara að fá t. d. upphæð þá. sem frv. ætlast nú til að verði fyrst og fremst stofnfé í þessum væntanlega ríkisábyrgðasjóði. Í gengisfellingarlögunum er talað um, að það eigi að vera til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Nú er mér spurn: Er í frv. gert nokkurt ráð fyrir því, að ríkisábyrgðir, sem á falla, verði flokkaðar eftir því, hvort þær eru beint í þágu atvinnuveganna eða annarra framkvæmda? Ég sé ekki fyrir mitt leyti, að alltaf sé svo eðlilegt og beint samband þarna á milli, að réttmætt hafi verið að gera þessa ráðstöfun til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Sagt er, að þessi upphæð, sem þannig hafi komið og muni koma, muni vera um 120—140 millj. Í sambandi við gengisfellinguna er margfaldur ágreiningur um þessa fjáröflun ríkisstj. Sá ágreiningur er enn ekki útkljáður, því að brbl. um gengisfellinguna hafa enn ekki verið samþ. á Alþ. Þessi ágreiningur hlýtur að ná til þessa frv. um ríkisábyrgðasjóð, sem hér liggur fyrir. Líklega er þetta fé, sem ríkisstj. hellti yfir sig með gengisfellingunni, það, sem veldur því, að þetta frv. er samið og lagt fram. Hæstv. fjmrh. er þannig settur, að honum hefur þótt féð fara illa í vasa til lengdar, eins og það lá um áramótin. Annars var það ekki ónýtt fyrir hæstv. ríkisstj. um áramótin, þegar hún var þá með sitt sjónarspil um mikinn og góðan árangur efnahagsaðgerða sinna á árinu. Það er orðið algengt, að unglingar skjóti bragandi flugeldum í loft upp til hátíðabrigðis um áramótin. Þessir eldar skreyta loftin ýmsum litum stundarkorn í senn, dofna fljótlega að vísu og deyja út. Ríkisstj. skreytti loftin umhverfis sig og yfir höfðum sér um áramótin með nokkurs konar flugeldum. Það voru áramótaávörp og útvarpsfréttir um ágæta útkomu af verkum hennar. Þetta bragaði um stund af áróðursáhuganum, skemmti eyrum og augum ýmissa áhorfenda, en dó svo út og hvarf inn í myrkur veruleikans eins og ljós æskumannanna, sem eru að skjóta þeim til hátíðabrigðis um áramótin.

Stærsta flugeldaskrautið og flugeldaskrumið hjá hæstv. ríkisstj. var, að hlaupareikningur ríkisins við Seðlabankann væri með, minnir mig, 39 millj. kr. innstæðu eða þar um bil. Þetta hefði aldrei, a. m. k. ekki um óralangan tíma, skeð. Svona væri útkoman í ríkisbúskapnum nú. En þessi fagurliti flugeldur dofnaði og dó út í skammdegismyrkrið, þegar vitnaðist, að þarna hafði gengishagnaðurinn verið notaður í sjónarspilið. Hann hafði runnið inn í reksturinn á árinu, þó að hann væri utan fjárlaga og ætti vitanlega að liggja fyrir utan eftir öllu eðli málsins. Nú er komið með þennan ógeðuga gengisfellingarfeng eftir auglýsingarnotin af honum um áramótin og búið til utan um hann lagafrv., sem að mínu viti er alveg óþarft, nema kannske til auglýsinga að einhverju leyti handa ókunnugum. Auðvitað er alveg eins hægt að leggja þennan seðlabunka inn í ríkisábyrgðareikning eins og í ríkisábyrgðasjóð. Vill nú ekki hæstv. fjmrh., sem er ríkur af smekkvísi, hætta við að bæta þessum lögum að óþörfu ofan á lögin um ríkisábyrgðir og draga frv. til baka? Ég spyr við þessa 1. umræðu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég mun nú ekki ræða almennt um ríkisábyrgðir, enda þótt ræða hæstv. fjmrh. gæfi nokkurt tilefni til þess, þar sem ræða hans fjallaði ekki síður um ríkisábyrgðir almennt og þann vanda, sem hann taldi að af þeim hefði risið, heldur en um það frv., sem hér liggur fyrir um stofnun sérstaks sjóðs, sem kallaður er ríkisábyrgðasjóður.

Það er sjálfsagt, að ríkissjóður verður að greiða þær ábyrgðarskuldbindingar, sem á hann falla, og með einhverjum hætti verður auðvitað að afla fjár til að standa undir þeim útgjöldum, og einhver töp vegna ríkisábyrgða eru sjálfsagt alltaf óhjákvæmileg, enda þótt skynsamleg beiting ábyrgðarheimilda og aðhald um innheimtu geti dregið nokkuð úr áhættu ríkissjóðs. Mörgum mun nú fljótt á litið finnast eðlilegt, að útgjöldum, sem af ríkisábyrgðum spretta, sé jafnað niður með sama hætti og öðrum ríkisútgjöldum, þ. e. a. s. að tekna til að mæta þeim útgjöldum sé aflað með sams konar hætti og ríkistekna yfirleitt, þar sem það verður að teljast mjög hæpið, eins og hér hagar til, að innheimta sérstök áhættugjöld af aðalskuldurum eða þeim, sem ábyrgðin er veitt, enda þótt horfið hafi verið að því ráði hér að nokkru leyti, eins og kunnugt er, með ríkisábyrgðalögunum.

Það getur sjálfsagt verið skynsamlegt út af fyrir sig að leggja til hliðar einhverjar fjárhæðir í þessu skyni, til þess að mæta töpum vegna ríkisábyrgða. En hitt er annað mál, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hefur nú nokkuð vikið að, hvort ástæða sé til — og ég vil nú bæta við, hvort skynsamlegt sé — að fara að stofna sérstakan sjóð í þessu skyni, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er mikil spurning, eins og hv. síðasti ræðumaður sýndi fram á, hvort það er ekki óþarfaumstang, og það er enn fremur að mínu viti nokkur spurning, hvort slíkt fyrirkomulag getur ekki einmitt verkað öfugt við þann tilgang, sem sagður er búa að baki þessu frv., sem sé hvort slíkt fyrirkomulag getur ekki jafnvel ýtt undir kæruleysi hjá skuldurum, þ. e. a. s. þegar þeir vita, að það er búið að stofna sérstakan sjóð til að greiða ríkisábyrgðarskuldir. Getur ekki slíkt, ef um raunverulegan sjóð er að tefla, gefið þeim hugsunarhætti undir fótinn, að dálítil vanskil komi ekki að sök, þar sem hvort eð er sé kominn á fót sérstakur sjóð-

ur til þess að standa undir þvílíkum kröfum og skuldum, sem á ríkissjóð falla? Og er það ekki hugsanlegt, að það hafi sín áhrif á kröfuhafana, þegar þeir vita af slíkum sérstökum sjóði til þess að standa undir þessum skuldum, þrátt fyrir einföldu ábyrgðina, sem nú hefur verið tekin upp og vitaskuld dregur eitthvað úr þessari hugsanlegu áhættu.

Þótt ég geti nú ekki varizt því, að þvílíkar hugsanir vakni í mínum huga við fljótlega athugun á frv. þessu, þá er ég þó á þessu stigi ekkert á móti því, að þetta frv. eða sú aðalhugmynd, sem í því felst, þ. e. a. s. hugmyndin um stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni, fari til n. og sé þar athuguð. Það kann að vera, að eitthvað það komi fram við þá athugun, sem breyti þeirri skoðun, sem vaknar hjá manni við fyrsta yfirlestur þessa frv., að það sé nú ekki ýkjamikil ástæða til þessa frv. og að það breyti ekki í raun og veru svo miklu frá því ástandi, sem nú er, að því þó fráskildu, sem ég mun koma að síðar, er stofnfé varðar, en það er, eins og þetta frv. ber með sér, að ríkissjóður er auðvitað ekki og verður auðvitað ekki leystur undan þeim ábyrgðum, sem á honum hvíla, og það verður eftir sem áður og alveg eins og hingað til að áætla á fjárlögum hvert ár ákveðna fjárhæð í því skyni, til að mæta töpum vegna ríkisábyrgða. Það er því ekki hægt að segja, að þessi mál séu með þessu tekin út úr fjárl., enda verð ég að telja það vafasama röksemd, sem hæstv. ráðh. vildi halda fram sem einni höfuðástæðunni fyrir flutningi þessa frv., að það væri eðlilegt að losa ríkissjóð sjálfan undan þessu eða út úr þessu, og að því er manni skildist, þá beina þessum málum meir út af fjárl. en verið hefur. Fjárlögin eiga að sjálfsögðu að sýna sem gleggsta mynd af allri afkomu ríkissjóðs, og því er einmitt eðlilegt, að þau gefi jafnan glögga mynd af þessum þætti málanna, alveg eins og öðrum fjármálum ríkisins.

Sem sagt, ég tel rétt, að þetta sé athugað í þn. rækilega, og má vera, að þar verði þá lögð fram einhver sterkari rök fyrir flutningi frv. En það er sjálfsagt að taka undir það, að það sé æskilegt að mynda þær reglur um ríkisábyrgðir, sem sporni við því, að ríkissjóður verði fyrir óeðlilegum töpum af ríkissjóðsábyrgðum. Hitt er svo annað mál, sem ég skal þó ekki fara nánar út í hér við umr. um þetta frv., að af öðrum ástæðum má ekki sníða ríkisábyrgðunum of þröngan stakk. Um það, hvernig fyrirkomulag skuli þess vegna vera á þeim, geta verið skiptar skoðanir, eins og kom fram, þegar rætt var um ríkisábyrgðirnar hér á sínum tíma.

Hvað sem því líður, get ég ekki komizt hjá því að gera á þessu stigi málsins ákveðna athugasemd við þá stofnfjárútvegun, sem sjóðsstofnunin er reist á í þessu frv., þ. e. a. s. við þann póst stofnfjárins, sem mér skilst að sé kjarninn í stofnfénu samkv. þessu frv. Skv. 2. gr. frv. er stofnfé ríkisábyrgðasjóðs fyrst og fremst gengishagnaður, sem skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1961 átti að renna til ríkissjóðs, til þess, eins og þar er orðað, að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna. Hvaða fjármunir eru það, sem hér er um að ræða? Svar við þeirri spurningu er að finna í 6. gr. þeirra laga, sem ég nefndi áðan, brbl. nr. 80/1961. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir, framleiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstj. kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði þessarar málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurður. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á hinu eldra gengi og andvirðis á hinu nýja gengi skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar skv. ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé af þessum reikningi skal enn fremur greiða ⅝ hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum framleiddum á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna. Að öðru leyti skal fé þetta notað til að létta byrðar ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða í þágu atvinnuveganna."

Þessi lög, nr. 80/1961, eru brbl., eins og kunnugt er. Þau voru lögð fyrir Nd. og eru þar enn. Þau hafa því enn ekki komið til kasta þessarar hv. d. og ekki verið rædd hér. Þetta er þess vegna fyrsta tilefnið, sem gefst hér, þ. e. a. s. í þessari hv. d., til þess að gera athugasemdir við þetta ákvæði brbl. 80/1961, og ég vil ekki láta það tækifæri fara hér fram hjá mér ónotað.

Ég vil nú fyrst segja það, að mér finnst það að *fara nokkuð aftan að* síðunum að leggja þetta frv. fram hér og ætlast til, að með því sé þessi póstur, sem Alþ. er ekki enn búið að samþ. í þessum brbl., sem að vissu leyti mega þó kallast undirstöðulögin undir þetta frv., sem hér er lagt fram, og Alþ. sem sagt langt frá því enn er búið að leggja blessun sína yfir þennan tekjupóst, sem nú er ætlazt til, að með þessu frv. sé lögfestur sem stofnfé og það aðalstofnfé þessa sjóðs. Það er m. ö. o. eðlilega enn þá alveg óvíst, hver örlög þessa ákvæðis í brbl. frá 1961 verða. Alveg án tillits til þess á að samþ. það í öðrum lögum sem stofnfjárframlag í tiltekinn sjóð. Ég er ekki að segja, að þetta geti ekki staðizt, en heldur finnst mér það óviðkunnanlegt.

Hvað er þá nánar að segja um þessa fjártöku skv. 6. gr. laga nr. 80/1961? Með 6. gr. þeirra laga er verðhækkun, sem varð 4. ágúst s. l. á útflutningsafurðum tiltekinna framleiðenda, gerð upptæk í ríkissjóð. Sú verðhækkun stafaði að vísu af gengisbreytingu. Venjuleg og viðurkennd eignaupptökuskilyrði eru hér ekki fyrir hendi, og sú eignataka, sem hér er um að ræða, er því annaðhvort eignarnám eða skattur. Ef um eignarnám væri að ræða, ættu útflytjendur þeir, sem hér eiga hlut að máli, rétt á fullum bótum. Það er auðsætt, bæði af þessu frv. og öðru, að ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir slíkri bótagreiðslu til þessara útflytjenda. Hún lítur því ekki á þessa eignaupptöku sem eignarnám, hún lítur á hana sem skatt og skattlagningu. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig er hægt að rökstyðja það, að þessi eignataka sé skattur? Ég fæ ekki séð, að sú eignaskerð-

ing, sem þarna er um að tefla, sé gerð eða á lögð eftir skattlegum sjónarmiðum. Það er með þessu lagaboði tekinn tiltekinn hluti af verðmæti tiltekinna eigna einstakra manna, útflytjenda, alveg án tillits til tekna þeirra. Ég veit að sjálfsögðu, að skattar hafa ekki alltaf verið á lagðir til þess að standa beint undir því, sem venjulega er kallað opinberar þarfir, heldur oft og einatt verið notaðir sem eins konar miðlunarúrræði og til að færa til fjármuni. Mér er spurn: er nú ekki hér fulllangt gengið? Tökum dæmi: Síldarsaltandi norður á Siglufirði hefur átt svo og svo miklar óseldar síldarbirgðir 1. ágúst s. l. Af verðmæti þeirra á hann að gjalda tiltekinn hluta til þess að greiða ríkistryggðar skuldir einhvers atvinnurekanda við Faxaflóa eða á Suðurlandi. Síldarsaltandinn á Siglufirði er kannske hinn mesti skilamaður, sem ríkið hefur aldrei þurft að greiða eyri fyrir og ríkið hefur kannske aldrei þurft að ganga í neina ábyrgð fyrir. Þrátt fyrir það getur hann verið fátækur maður. Hann getur verið raunverulega alveg eignalaus maður. En hluti eigna hans er með þessu ákvæði jafnt af honum tekinn fyrir það. Atvinnurekandinn hér við Faxaflóa eða á Suðurlandi, sem hefur ekki staðið í skilum, er kannske raunverulega, þegar allt kemur til alls, stórefnaður maður, hefur kannske svo mikið umleikis og á svo miklar eignir, að hann hefur í almenningsmunni hlotið viðurnefnið „hinn ríki“. Hann getur haft margfaldar tekjur á við síldarsaltandann á Siglufirði. Það er hins vegar ekki víst, að hann hafi nokkru sinni saltað síld, atvinnurekstur hans getur legið á allt öðrum sviðum.

Þessi orð mín má auðvitað ekki skilja svo, að það hafi ekki verið teknar neinar ríkisábyrgðir fyrir Siglfirðinga á umliðnum árum, og það má ekki heldur skilja það svo, að ég haldi, að það hafi kannske aldrei þurft að greiða ríkisábyrgðir fyrir þá. Og því síður má skilja orð mín á þá lund, að ég vilji halda því fram, að hér við Faxaflóa eða hér á Suðurlandi séu sérstakir vanskilamenn og ríkisábyrgðir hafi sérstaklega þurft að greiða vegna þeirra. Ég nefni aðeins þetta dæmi til þess að sýna alveg glöggt, að það þarf ekki að vera neitt eðlilegt samband á milli þess manns, sem af er tekin eign með þessum lögum, og þess manns, sem ríkisábyrgðarskuld er greidd fyrir. Og þetta sýnir það, sem ég hef þegar áður sagt, að þessi gjaldtaka, þessi eignataka á sér stað alveg án tillits til eigna og tekna gjaldþegnsins.

Það var sagt — og stendur að vísu í brbl., að það eigi að verja þessu fé til að greiða áfallnar ríkisábyrgðir í þágu atvinnuveganna. Það er hins vegar ekki mælt svo fyrir um, að það þurfi að vera í þeirri sömu atvinnugrein sem um er að ræða og leggur þessa fjármuni til. Það er þess vegna ekki um að tefla nein venjuleg verðjöfnunargjöld hér. En auk þess er í þessu frv., sem nú liggur fyrir um ríkisábyrgðasjóðinn, alveg felld niður, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur sýnt fram á, sú takmörkun, sem gerð var í brbl. um það, að þessu stofnfé ríkisábyrgðasjóðsins skyldi sérstaklega varið til þess að greiða ríkisábyrgðir vegna skulda í þágu atvinnuveganna, en eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, geta ríkisábyrgðir vitaskuld verið vegna margra annarra framkvæmda. Það er náttúrlega ekki hægt að segja það, að ríkisábyrgðir t. d. vegna byggingarsamvinnufélaga, þó að það sé ágætur og lofsverður tilgangur, sem þar er um að ræða, að það sé sérstaklega í þágu atvinnuveganna, sem þær ábyrgðir eru veittar. En eftir frv. um ríkisábyrgðasjóð á að greiða jafnt slíkar ábyrgðarskuldbindingar úr ríkisábyrgðasjóði, ef á þarf að halda. Og mér er alveg ómögulegt að sjá, að það séu nokkur þau tengsl þarna á milli, sem geti réttlætt það að taka þannig frá einum manni eign og yfirfæra til annars. En það er auðvitað ekkert annað í reyndinni, sem gerist í þessu tilfelli, en það, að það er tekinn af þessum manni, þessum útflytjanda eða framleiðanda, sem á þessar vörur, ákveðinn hluti af eign hans, tekin af honum verðhækkunin. Í því sambandi skiptir auðvitað orðalag engu máli. Þó að það orðalag sé ekki notað eða haft á 6. gr. brbl. um þetta mál, skiptir það auðvitað engu um það, sem hér er raunverulega gert. Og það er þetta, sem á sér stað. Nú er það enn fremur ljóst, að gengisbreyting getur hækkað ýmsar aðrar eignir í verði en þessar vörur, sem framleiddar hafa verið fyrir þennan tíma og fara til útflutnings. En það er ekkert hliðstætt gjald lagt á þá verðhækkun, sem stafar af gengisbreytingunni að öðru leyti. Ég spyr því enn og aftur: Hvernig í ósköpunum er hægt að rökstyðja þessa eignatöku sem skatt út frá venjulegum skattlegum sjónarmiðum?

Það kann að láta vel í eyrum einhverra að tala um það að gera gengishagnað upptækan og að menn eigi ekki að njóta hans. Ég lít nú reyndar svo á, að í þessu tilfelli sé ekki hægt að tala um neinn gengishagnað, það sé í raun og veru rangnefni á þessu fyrirbæri, sem þarna er um að tefla. Með gengishagnaði er átt við raunverulega annað en þetta, þ. e. a. s. þann hagnað, sem menn verða fyrir, ef þeir eiga erlendan gjaldeyri. Þó getur það kannske látið nokkuð vel í eyrum sumra manna að tala um það að gera gengishagnað þannig upptækan, og því mætti vera, að sumir létu sér fátt um finnast lögmætishliðina á þessu, ef réttlætissjónarmið leiddi til þess, að það væri eðlilegt, að þetta fé væri þannig tekið. En að mínum dómi fer því fjarri, að það sé svo eða þurfi að vera svo, að réttlætissjónarmið leiði til þess, að slík eignaupptaka sem þessi sé framkvæmd, því að það er auðsætt, að sú furðulega ráðstöfun, sem hér er um að tefla, hlaut að leiða til misræmis á milli einstakra framleiðenda. Og ég skal aftur taka dæmi frá Siglufirði, þar sem þetta kemur alveg sérstaklega glöggt fram einmitt í sambandi við síldveiðar á Norðurlandi.

Kauphækkunin, sem talin var sem ástæða og rökstuðningur fyrir brbl., var komin til framkvæmda, áður en síldarsöltun hófst. Og þess vegna var sami framleiðslukostnaður þar norður frá, að verulegu leyti a. m. k., á saltsíld, hvort sem hún var söltuð í júní, júlí eða ágúst. En samkvæmt ákvörðun eða ákvæði í þessu lagaboði eiga þeir einir, sem salta síld eftir 1. ágúst 1961, að njóta þeirrar verðhækkunar, sem gengisbreytingin hafði í för með sér. Þetta þýðir það, að þeir, sem söltuðu síld eftir 1. ágúst, fá

allmörgum tugum króna meira fyrir hverja útflutta síldartunnu en hinir, sem höfðu saltað síld sína fyrir 1. ágúst. Nú stóð svo á, að t. d. Siglfirðingar og ýmsir fleiri reyndar söltuðu meginhluta síldar sinnar fyrir 1. ágúst. Af þessum mönnum eru þannig í raun og veru teknar í ríkissjóð margar milljónir króna í gengishagnað, sem kallað er. Þetta sýnist mér nokkuð vafasamt réttlæti. Ég fæ ekki betur séð en með þessum ráðstöfunum sé tekin t. d. frá siglfirzkum atvinnurekendum fjárhæð, sem skiptir milljónum króna, til þess, samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, að greiða ábyrgðarskuldir fyrir Pétur og Pál. Ég vil segja það, að ef hefði átt að vera réttlætissjónarmið, sem lá til grundvallar þessari fjártöku, og hefði átt að jafna þessum hagnaði, ef menn vilja kalla hann svo, þá hefði ekki átt að fara að á þennan veg, sem hér er ráðgert, heldur jafna þessum verðmætum eða fé út til þeirra, sem staðið höfðu að öflun þessara verðmæta í raun og veru, t. d. að því er síldarsöltunina varðar, sem ég nefndi, þá til sjómannanna, sem höfðu aflað þessarar síldar.

Ég fæ þess vegna ekki séð annað en það sé ákaflega vafasöm heimild til þess að leggja á og innheimta skatta með þessum hætti, og ég get ekki heldur séð, að það sé réttlætt með öðrum hætti. Ég skal að sjálfsögðu ekki fullyrða neitt um það, hvernig dómstólar kynnu að líta á það, ef einstakir atvinnurekendur, sem þetta ákvæði hefur snert, færu í mál til þess að kanna lögmæti þessara ákvarðana, og ég mun að sjálfsögðu ekki eggja neinn til sérstakrar málsóknar í því skyni. En það vil ég fullyrða, að oft hafa skattaatriði og skattaálögur verið lagðar undir dómstóla og leitað úrskurðar þeirra um skattamálefni af minna tilefni en þessu.

Ég skal nú ekki fara nánar út í að ræða þetta mál, enda vék hv. 1. þm. Norðurl. e. að ýmsum atriðum, eins og þeim, hvernig þessi upptaka í ár hefði verkað eða verið talin verka á afkomu ríkissjóðs um s. l. áramót. Ég skal sleppa því alveg að ræða það atriði hér. En ég vil að lokum segja það, að ég held, að það sé ekki of sterkt að orði kveðið, að lögmæti og réttmæti þessarar eignaupptöku sé ákaflega hæpið.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal ekki við þessa 1. umr. fara ýtarlegar en ég gerði í minni frumræðu út í þetta mál, að öðru leyti en því að minnast hér á 3 eða 4 atriði í ræðum hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Norðurl. v.

Það er í fyrsta lagi út af því, að óþarft sé að setja lög um ríkisábyrgðasjóð. Þá er því til að svara, að ef það er talið rétt að aðskilja þessi mál, þessi ríkisábyrgða- og vanskilamál, frá sjálfum ríkissjóðnum, og ég taldi mig færa nokkur rök að því í minni frumræðu, að það væri rétt, þá er nauðsynlegt að setja um það sérstök lög, alveg á sama hátt og um margvíslega sjóði, sem stofnaðir hafa verið á vegum ríkissjóðs eða eru í eigu ríkisins, hafa verið sett sérstök lög.

Í öðru lagi minntist hv. 1. þm. Norðurl. e. á það, að ríkisstj. hefði fellt gengið í ágústmánuði. Þetta er nú heldur ónákvæmt orðalag, vegna þess að það, sem gerðist, var það, að ríkisstj. viðurkenndi þá gengisfellingu, sem þessi hv. þm. og ýmsir fleiri höfðu beitt sér fyrir og gert nauðsynlega og óhjákvæmilega. Sérstök ástæða er til að minnast á þetta vegna ummæla þessa hv. þm., því að það er vitanlegt, að í þeim samtökum eða samsæri, sem gert var á s. l. sumri til þess að hækka kaupgjaldið í landinu miklu meira en nokkur möguleiki var, að atvinnuvegirnir gætu risið undir, þá stóð þessi hv. þm. þar í fararbroddi, því að það er vitað, að sú bylgja upphófst einna fyrst á þeim stað, þar sem hann er nú búsettur, og allir vita, að hann átti sinn verulegan þátt í því. Sérstaklega af því tilefni vildi ég aðeins minnast á þetta ónákvæma orðalag, því að það eru hinar miklu kauphækkanir, sem hann og fleiri stóðu að, sem raunverulega felldu gengi ísl. krónunnar, og brbl. frá því í ágúst voru ekkert annað en viðurkenning á því gengisfalli, sem þegar var raunverulega orðið.

Sami hv. þm. finnur það mjög að þessu frv. og eins frv. og lögum um ríkisábyrgðir frá því í fyrra, að það sé ekki rétt að setja bankasjónarmið yfir uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Túlkun hans er því sú væntanlega, að bankar og lánsstofnanir miði ekki að því eða starfi ekki að því að byggja upp atvinnulífið í landinu. Nú er ég að vísu á allt annarri skoðun, því að mér hefur jafnan skilizt það, að bankar og lánsstofnanir hafi upphaflega til komið hér eins og annars staðar til þess að ávaxta sparifé manna og í sambandi við það til þess að lána út til uppbyggingar atvinnulífsins í landi. Þessi hv. þm. virðist telja tilgang og starfsemi bankanna eitthvað allt annað. Og mér kemur það sannast sagna ákaflega spánskt fyrir, þar sem hann er einn af bankastjórum landsins, hann er forstöðumaður sparisjóðsins á Húsavík, að hann skuli gagnrýna með þessum hætti svo sína starfsemi og sinna starfsbræðra, að þessar lánsstofnanir, sem hann m. a. veitir forstöðu, starfi ekki að því að byggja upp atvinnulífið í landinu. Ég held, að starfsbræður hans, aðrir bankastjórar og forstöðumenn lánsstofnana í landinu, hljóti að kunna honum litlar þakkir fyrir slíkar lýsingar á starfsemi og tilgangi banka og sparisjóða í þessu landi.

Loks er það gengishagnaðurinn, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði sér mjög tíðrætt um og gerði eiginlega að aðaluppistöðu í sinni ræðu. Út í það mál ætla ég ekki að fara á þessu stigi, því að það er ákveðið í brbl. frá 3. ágúst, sem liggja nú fyrir Nd., hvernig ráðstafað skuli þeim gengishagnaði. Að vísu stendur þetta frv. í nokkru sambandi við það, en fyrst og fremst verður það stóra mál um ráðstöfun gengishagnaðarins að sjálfsögðu rætt, þegar það mál verður til umræðu. En hinu get ég ekki neitað, að mér fannst kenna ákaflega mikils misskilnings hjá hv. þm. varðandi túlkun hans á þessum gengishagnaði og því, að ákveðið var, að hann skyldi renna til þess að létta ríkisábyrgðir. Hann telur, að hér sé annaðhvort um eignarnám að ræða eða skattaálögur. Ég lít svo á, að hér sé um hvorugt að ræða. Hér er um það að ræða, hvort eigendur vissra birgða, sem eru framleiddar með hinu fyrra gengi og eldra kaupgjaldi og tilkostnaði, eigi að ástæðulausu

að fá á silfurbakka 13% hækkun á verði þessarar vöru. Eigandi birgða 31. júlí gat verið framleiðandi, — hann þurfti ekki að vera framleiðandi. Í sumum tilfellum var það maður, sem ekkert hafði komið nálægt framleiðslunni, heldur var nýbúinn að kaupa framleiðsluna til þess að selja hana sem útflutningsvöru eða flytja hana út, hafði keypt hana á hinu gamla verði vegna þess, að þessar afurðir voru framleiddar með hinu eldra kaupgjaldi og gamla verðlagi. Hvaða réttlætisástæða er finnanleg fyrir því, að slíkur útflytjandi eigi allt í einu að óvörum að fá 13% hækkun í sinn vasa? Þetta er, eins og ég gat um, það flókið mál, vegna þess að það eru svo margvíslegir aðilar, sem munu hafa átt þessar birgðir. En í mjög mörgum tilfellum hefði það verið hið mesta ranglæti að gefa þessum útflytjendum slíkt stórfé í sinn vasa. Jafnvel þó að það væru framleiðendur sjálfir, þá á ég eftir að heyra réttlætisrök fyrir því, að þeir, sem höfðu framleitt vöruna á hinu eldra verðlagi, ættu svo að fá þessa 13% hækkun, sem gengisbreytingin nam.

Ég álít, að hér hafi með þessu ákvæði brbl. verið dregin sú lína, sem næst er sanni og sanngirni. Það er að sjálfsögðu erfitt að finna þá línu þarna eða þau mörk, sem fullnægja öllu réttlæti, en ég held, að þarna hafi þó verið komizt næst því með þessu ákvæði. Hér er ekki um að ræða skattaálögur né eignaupptöku, heldur aðeins ákvörðun löggjafarvaldsins um það í sambandi við breytingu á genginu, að hið nýja gengi skuli ekki greitt á þær birgðir, sem búið er að framleiða. Þessi ákvörðun er gerð um leið, og þessir eigendur birgðanna eru, þegar lögin eru sett, alls ekki orðnir eigendur þessarar 13% gengisbreytingar.

En eins og ég gat um, út í þetta mál ætla ég ekki að fara nánar að þessu sinni, það verður að sjálfsögðu um það rætt í sambandi við staðfestingu brbl. frá 3. ágúst.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann sagði — rétt eftir haft held ég — í sem stytztu máli: Við (þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj.) felldum ekki gengið. Það gerðu þeir, sem hækkuðu kaupið. — Og meira sagði hann: Þar áttir þú mikinn hlut að, vegna þess að þú varst í fararbroddi á þeim stað, þar sem hófust kauphækkanir.

Nú lít ég allt öðruvísi á þetta en hæstv. ráðh., að ég hafi fellt gengið, en hann ekki. Mín afstaða er sú í þessu máli, að verkfall hófst í minni byggð, þegar útgerð var að hefjast, og um það var þá að ræða, hvort við áttum að bíða, láta bátana liggja, fisk leika lausum sporði, skulum við segja, í sjónum og aflast ekki, þó að vitað væri, að hann væri mikill á miðunum, og bíða eftir því, sem hæstv. ríkisstj. kynni að telja rétt að gera — einhvern tíma. Auðvitað hafði maður heyrt það af hennar munni sjálfrar líka, að hún vildi ekki og ætlaði ekki að skipta sér af kaupgjaldsmálum, þau yrðu vinnuveitendur og vinnuseljendur að semja um. Við þarna norður frá tókum þann háttinn, sem ég held fram að skynsamlegastur hafi verið og heppilegastur frá þjóðhagslegu sjónarmiði, líka gagnvart hæstv. ríkisstj., og ekki aðeins að við stjórnarandstæðingar tækjum þennan kost, heldur líka stjórnarstuðningsmenn. Við sömdum um sanngjarna breytingu á kjörum, að við töldum, og öll vinna hófst, fiskur var mikill dreginn að landi og hefur verið á Húsavík, jafnvel svo, að ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. og hennar málfærslumenn vitni oft í Húsavík sem dæmi um það, að þar hafi vel gengið.

Nú er mér spurn: Hefði ríkisstj. í raun og veru talið það rétt af mér að eiga engan þátt í því, að menn færu að nota sér fiskinn, þegar hann var framan við lendinguna, eða hefði ég átt að stuðla að því og hefði það verið betri stuðningur fyrir hæstv. ríkisstj., hefði ég verið betri þegn, réttar sagt, með því móti að stuðla að því, að þarna hefðu menn setið auðum höndum og nú hefði máske verið vitnað í Húsavík sem auman stað, sem hefði þurft að fara hungurgöngur á fundi hæstv. ríkisstj. til að fá liðsinni í afkomumálum? (Gripið fram í.) Ja, kannske t. d. í líkingu talað: eins og var á Móðuharðindatímum, en ég blanda þeim nú aldrei inn í þessi mál bókstaflega, ekki bókstaflega, en ég treysti á það hins vegar, þegar ég hef talað um þau, að hin bókmenntalega sinnaða þjóð eigi líka bókmenntalega sinnaða fulltrúa hér á Alþ. og þoli þess vegna, að talað sé ofur lítið bókmenntalega í málum.

En þegar hæstv. ríkisstj., sem varð fyrir því, að kaupið var hækkað, hún, sem ekki hafði ætlað að skipta sér af þessum viðskiptum borgaranna í landinu, lækkaði gengið, þá var það sýnt, að hún vildi ráða í þessum málum. Í ljós er nú komið, að hennar ráð í þessum efnum voru yfirdrifin, og ein sönnun þess er einmitt sú fiárhæð, sem nú er samkv. frv. ráðstafað í einn sjóð, sem ég tel óþarfa að mynda. Ríkissti. hefur yfirleitt ekki tök á því að koma öðruvísi fyrir þessari fúlgu, sem hún fékk yfir sig með yfirdrifinni gengisfellingu.

Það var ekki ég, sem setti þessi óþægindi yfir hana, þetta fé í vasa hennar, það var hún, sem gerði það sjálf. Og ég fullyrði það, að afkoma þessa árs hjá þjóðinni er mjög mikið að þakka því, að afstýrt var löngum verkföllum, og ég tel það ekki sem ádeilu á mig, þvert á móti, að sagt er, að ég hafi haft þar í upphafi aðstöðu til að beita áhrifum mínum til þess, að til vandræða leiddi ekki. Ég hef ekki heyrt það nokkurs staðar, að hæstv. ríkisstj. gæti réttlætt með tölum — hagfræðilegum tölum — gengisfellingu sína. Frá einu sjónarmiði má vera, að hún telji sig geta réttlætt hana, og það er það, að hún hafi sýnt sig sterka gagnvart verkalýð landsins með því að taka aftur það, sem hann hafði samið um.

Svo var það annað, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann sagði, að ég hefði sagt, að bankasjónarmið mætti ekki ná yfir atvinnureksturinn í landinu — bankasjónarmið. Þetta sagði ég aldrei. Hitt sagði ég, að ég teldi óheppilegt, að bankasjónarmið væri gert gildandi fullkomlega um ábyrgðastarfsemi ríkisins. Ég geri mér þess fulla grein, að bankarnir hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir

atvinnulífið í landinu. Þeir eru þar stórir aðilar og geta bæði stutt og líka látið vera að styðja, svo að deilt er um. En hitt verður ekki deilt um, að bankarnir eiga þó að starfa á þeim grundvelli, að tryggt sé, að það fé, sem þeir veita í lánum, tapist ekki. Þeir verða að taka þær tryggingar, sem til þess hrökkva. En þannig er ástatt með marga menn og ýmis fyrirtæki í landi okkar, sem er nú að mörgu leyti á nýbýlastigi með atvinnulíf sitt, að fyrirtækin og einstaklingarnir, sem vilja hafast að og hafa möguleika, þ. e. a. s. hafa skilyrði heima fyrir til að geta unnið þjóðþrifastörf með stærri framkvæmdum, hafa ekki eignir til þess að setja þær tryggingar, sem bankarnir verða að heimta, og þá hefur það orðið eða a. m. k. átt að vera svo, að ríkið metti það, hvort áætlanir þessara manna væru þess eðlis, að rétt væri að styðja þá, hvort þeir stefndu að því að koma af stað þjóðþrifastarfsemi, sem vert væri fyrir ríkið að vera þátttakandi í með því að veita ábyrgð, sem gæti orðið áhættuspor, annað kæmi þessum mönnum ekki að gagni. Og ég tel, að þessi starfsemi ríkisins, sem er í eðli sínu hjálparstarfsemi, sem er í raun og veru oft og tíðum nærri því bein þátttaka í því að koma á fót nytsemdarfyrirtækjum, þjóðþrifafyrirtækjum, hún eigi ekki að vera rekin með bankasjónarmiðum, þar sem allt þarf að vera fyrir fram 100% topptryggt. Og það er það, sem ég hef sett út á þær till., sem hæstv. fjmrh. hefur borið hér fram í frumvarpsformi um það að fela banka — einhverjum ríkisbanka — að taka við þessari ábyrgðarstarfsemi ríkisins. Það, sem ég hef fundið að þeim till., er það, að með því sé hætt við, að bankasjónarmiðið um fyllsta öryggi verði leitt yfir þessa starfsemi og þá verði þannig að henni kreppt, að hún komi ekki að tilætluðum notum. Nei, mér dettur ekki í hug að halda því fram, að bankasjónarmiðið eigi ekki rétt á sér, en ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki fullkominn rétt á sér í sambandi við ríkisábyrgðir, og ríkið geti varla gert banka að umboðsaðila sínum í þessum málum, því að þá muni starfsemin breytast þannig, að hún verði ekki, á sama hátt og hún hefur verið og ætlazt er til að hún verði, til þjóðþrifa, — til þess að lyfta veikum mætti til starfs.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda vildi hæstv. fjmrh. lítið ræða þá aths., sem ég gerði við frv. Hann taldi að vísu, að það væri ekki eðlilegt að ræða það atriði svo mjög í sambandi við þetta mál, þar sem ákvæði um þetta væri í brbl., sem lægju í frumvarpsformi fyrir Nd., og mundi verða nánar fjallað um það í sambandi við það mál. Það er að vísu alveg rétt og mundi, ef venjulega stæði á, vera eðlilegt að hafa þann hátt á. En hins vegar er það svo, að í þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., er byggt á þessari fjárhæð, sem gerð er upptæk með 6. gr. gengislaganna frá í sumar, sem stofnfé í þessum ríkisábyrgðasjóði. Þegar fjallað er um þetta frv. og það stofnfé, sem þessum ríkisábyrgðasjóði er ætlað, er vitaskuld eðlilegt, að það sé athugað um leið, hvort eða með hverjum hætti það stofnfé er fengið og hver er grundvöllur þar undir.

Hæstv. fjmrh. fékkst ekki til þess að svara því, hvaða lagaleg sjónarmið lægju til grundvallar því, að þessi eignarauki, skulum við segja, sem þarna er um að ræða eða var um að ræða hjá einstökum mönnum, var gerður upptækur. Hann sagði, að hér væri hvorki um eignarnám né skatt að ræða, heldur eitthvað allt annað, eins og hann svo nánar útskýrði að vissu marki. En hæstv. fjmrh. veit það nú eins vel og ég, að samkvæmt okkar stjórnarskrá er eignarrétturinn friðhelgur, og það á ekki að vera hægt að skerða hann nema með vissum aðferðum. Ein aðferðin er eignarnám og önnur er skattar, og jafnvel þó að sumum finnist einhver réttlætissjónarmið liggja til þess, að eignir séu teknar af öðrum mönnum, er það ekki nóg eftir okkar stjórnarskrá. Sumir menn geta verið þannig sinnaðir, að þeim finnist það óeðlilegt, að miklar eignir séu hjá einstökum mönnum, og þeir gætu talið alveg fullt réttlæti liggja til þess, að þær eignir væru af þeim teknar og varið til þjóðfélagsþarfa. En samkvæmt okkar rétti og okkar stjórnarskrá verður slíkt ekki gert, nema farið sé eftir tilteknum reglum þar um. (Gripið fram í.) Já, ég álít einmitt, að þarna hafi verið eignarréttur skertur, af því að hæstv. ráðh. tók það nefnilega réttilega fram, að út af fyrir sig hefðu þessir útflytjendur ekki verið orðnir eigendur að þessum 13 gengisprósentum. Það er út af fyrir sig rétt. Það, sem þeir áttu, voru vörubirgðirnar, þær hækkuðu í verði. Þær vörubirgðir gátu auðvitað hækkað í verði af margvíslegum öðrum ástæðum en gengisbreytingu. Það gat hækkað verðlag erlendis, og þá hefðu þeir notið þess auðvitað. Hvers áttu þeir að gjalda? Jú, hæstv. ráðh. segir, að það hafi ekki verið sanngjarnt að fara að færa þessum mönnum þetta á silfurdiski, þessa verðhækkun, og bendir á það, að í einstaka tilfellum muni hafa staðið svo á, að það hafi ekki einu sinni verið framleiðendurnir, hinir raunverulegu framleiðendur, sem áttu þetta, heldur hafi það verið einhverjir kaupahéðnar, sem hafi verið búnir að kaupa þetta. Það kann að vera alveg rétt í einstaka tilfellum, en ég sýndi líka fram á það með rökum og réttum dæmum í minum málflutningi, að t. d. við Norðurlandssíldveiðarnar, þar sem kauphækkunin var í raun og veru komin til framkvæmda, þegar síldveiðarnar hófust, og það skipti því að meginstefnu til ekki máli varðandi tilkostnaðinn, hvort saltað var í júní, júlí eða ágúst, að þá er samt eftir þessum lögum gerður sá greinarmunur á, að þeir, sem salta eftir 1. ágúst, njóta hækkunarinnar, hinir, sem höfðu saltað fyrir 1. ágúst, njóta hennar ekki.

Nú hefði ég haldið, að þegar þannig stendur á, hefði verið eðlilegra að taka tillit til hinna, sem búnir voru að salta, og beita þá ekki órétti, heldur en að láta tillitið til hinna ráða, sem gat svo valdið því, að hinir yrðu beittir órétti, því að í raun og veru er þarna um það að ræða, að það skapast misræmi á milli manna, auk þess, svo sem ég sýndi fram á í ræðu minni áðan, að það er náttúrlega ekkert samband þarna á milli þessara manna, sem af er tekið, og svo aftur hinna, sem eiga að njóta þess í því, að það eru greiddar ríkisábyrgðir fyrir þá. Ég stað-

hæfi, að hér sé eiginlega um alveg nýja aðferð að ræða, sem hefur ekki verið beitt áður hér í sambandi við gengisbreytingar. Það voru engin þvílík ákvæði í gengisbreytingarlögunum 1939, engin þvílík ákvæði í gengisbreytingarlögunum 1949. Í gengisbreytingarlögunum með langa nafninu frá 1950 voru ákvæði um það, að gengishagnaður bankanna, sá gengishagnaður, sem þeir fengju vegna þess, að hrein eign þeirra í erlendum gjaldeyri hækkaði, skyldi renna í ríkissjóð og honum skyldi varið með þar tilgreindum nánara hætti. Það má svo að vísu segja, að í gengisbreytingarlögunum eða efnahagslögunum, sem kölluð eru, nr. 4 frá 1960, sé það að vísu ákveðið, að þær vörur, sem framleiddar voru fyrir 15. febr., skuli ekki reiknaðar með hinu nýja gengi, en það var jafnframt þar ákveðið, að þær skyldu hins vegar halda áfram að njóta útflutningsuppbótanna, þannig að það var dregið bara strik á milli þannig. Það var alls ekki hliðstætt við þetta, sem nú hefur verið gert.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, enda gefst tækifæri til þess síðar, bæði í sambandi við þetta *mál og eins þegar* brbl. verða hér til umr. En ég get endurtekið það, sem ég hef áður sagt, að ég álít bæði lagarök og réttlætisrök fyrir þessari upptöku ákaflega hæpin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:2 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 263, n. 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með lögunum um ríkisábyrgðir frá síðasta Alþ. var lagður grundvöllur að því að koma þeim málum í fast form og reyna að girða fyrir þau vanskil, sem orðið hafa á undanförnum árum vegna ríkisábyrgða. Þetta frv.. sem hér liggur fyrir, er í rauninni framhald af þeirri löggjöf. Hér er lagt til, að stofnaður verði sérstakur ríkisábyrgðasjóður með það í huga, að þessi mál verði ekki í eins nánum tengslum beinlínis við ríkissjóðinn og verið hefur. Þó að ríkissjóðurinn að sjálfsögðu beri alla ábyrgð á skuldbindingum ríkisábyrgðasjóðs, er jafnframt gert ráð fyrir því, að sérstakir tekjustofnar gangi til þessa sjóðs, til þess að standa straum af þeim ábyrgðum, sem á sjóðinn falla. Er þar fyrst og fremst um að ræða og stærsta fjárhæðin í því sambandi er gengishagnaður sá, sem varð við síðustu gengisbreytingu.

Þetta frv. hefur verið nokkuð lengi til meðferðar í fjhn., og er ástæðan sú, að rétt þótti að bíða með frv., þar til ljósara yrði um afgreiðslu þess frv., sem er undirstaða að þessum tekjustofni, sem ég áðan gat um. Nú hefur það frv. hlotið endanlega afgreiðslu í Nd. og einnig verið afgr. frá fjhn. Ed., og má telja öruggt, að þessi gjaldstofn muni verða til staðar samkv. þeim lögum.

Svo sem nál. fjhn. ber með sér, leggur meiri hl. n., eða 4 nm. af 5, til, að frv. verði samþ. Einn nm., hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), skrifar að vísu undir nál. með fyrirvara, en einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), tók ekki afstöðu til málsins.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, eru deilur uppi um þann gjaldstofn, sem hér er um rætt. En hins vegar hygg ég, að það, sem veldur því, að það er þó ekki andstaða frá þeim sömu aðilum beint gegn þessu frv., byggist á því, að þótt menn sumir hverjir séu á móti þeirri gjaldheimtu, þá sé ekki talið óeðlilegt, ef til hennar kemur á annað borð, að hún gangi til þessa sjóðs, eins og hún renni beint í ríkissjóðinn sjálfan. Enda er það vitanlegt, að ríkisábyrgðir þessar falla fyrst og fremst á ríkissjóðinn vegna atvinnuveganna og þá ekki hvað síst sjávarútvegsins, og má því segja, að það sé fullkomlega eðlilegt, að raunverulega gangi þetta fé til þeirrar atvinnugreinar aftur með því að ráðstafa því svo sem hér er ráð fyrir gert.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, en áður greindur meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. sagði frá og menn sjálfsagt hafa fylgzt með, hefur þetta frv., sem nú er hér til umr., beðið æðilengi í nefnd, og ástæðan var sú, að frv. er byggt upp þannig. að gert er ráð fyrir, að ákveðið atriði, sem er í frv. um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar, verði að lögum. Nú var málið afgr. í fjhn. að vísu, en ég varaðist ekki, að hæstv. forseti mundi reka hesta sína svona hratt, og hafði ekki sent til prentunar nál. um sérstöðu mína þess vegna. Nú hef ég þetta nál. skrifað, — ég sá ekki dagskrá fundarins fyrr en laust fyrir hádegið í dag og gat þá ekki verið að láta nál. í prentun, en hef það hér skrifað og bið hæstv. forseta að taka það gilt þannig fram lagt. Ég ætla að byrja á því þá að lesa nál. og hafa það að mestu mína grg. [Sjá þskj. 586].

Þetta nál. mitt og till. þarf ekki langrar skýringar. Okkur getur vafalaust öllum komið saman um það, að æskilegt sé að hafa löggjöf sem einfaldasta og samstæðasta. Þess vegna álít ég, að það sé nokkuð stórt atriði, að semja ætti þetta frv., sem hér liggur fyrir, inn í lögin, sem sett voru um ríkisábyrgðir í fyrra.

Það er mín skoðun, að ekki sé rétt, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., að láta banka annast fyrir ríkisins hönd ríkisábyrgðastarfsemina. Ég álít, að ríkisábyrgðastarfsemin, eins og ég hef áður gert grein fyrir í þessari hv. d., eigi að vera svo lifandi og tengd atvinnulífinu í landinu, að það þurfi að fylgja henni eftir með þeirri nákvæmni, sem ætlað er með þeirri ábyrgð, sem ríkið veitir, að vera stuðningsaðili framkvæmdanna, sem nauðsyn er á. Allir vilja vafalaust vera sjálfbjarga í þessum efnum, allir vilja geta tekið lán hjá bönkunum og sett sínar eigin tryggingar fyrir þeim, án þess að þurfa til ríkisins að leita. Þess vegna er það, að því aðeins er yfirleitt leitað til ríkisins í þessum efnum, að ekki er hægt að fylgja fullkomlega reglum þeim, sem bankar setja og eiga að setja um tryggingar, þegar um lánastarfsemi er að ræða.

Þá tel ég, að auðvelt sé fyrir ríkið að hafa

þennan rekstur á sérstökum reikningi. Ég veit að vísu, að vegna gengisfellingarinnar hefur dropið svo drjúgt af feiti í ker hæstv. ríkisstj., að út af liggur við að flói, og þess vegna kannske hefur verið sett þarna upp ker, sem á að taka á móti gengishagnaði þeim, sem hv. frsm. nefndi og nú er talið að muni vera um 150 millj. En með þessu verður ekkert farið í kringum raunveruleikann, og ég hygg, að þó að málinu yrði frestað núna, mætti færa þetta ker nær og alveg í hús ríkissjóðsins.

Þá er það, að ef farið verður á annað borð að stofna sjóð, hygg ég, að rétt sé að hafa þann hátt á, sem venjulegur er gagnvart sjóðum, að setja honum stjórn. En ekki er gert ráð fyrir því sérstaklega í frv., nema ef það ætti að telja, að bankastjórn yrði stjórn hans, en það tel ég ekki æskilegt, eins og ég hef áður á drepið. Ég held, að það færi ákaflega vel á því að setja slíkum sjóði stjórn, sem væri kosin af fjvn. Alþingis. Fordæmi er um það, að fjvn. kaus menn til þess að vinna að því í sambandi við gamlar ábyrgðir að gera þau lán upp og leggja til hæfis miðað við löggjöfina, sem sett var í fyrra. Á þann hátt yrði þessi stofnun, hvort sem hún yrði nú kölluð reikningur eða sjóður, tengd á eðlilegan hátt framkvæmdalífinu í landinu. Og væri stjórnin kosin á hverju ári, mundu tengslin við Alþ. líka verða mjög náin, eins og þau ættu að vera, þar sem Alþ. veitir heimildirnar til lánanna.

Að þessu athuguðu finnst mér rétt, að þessi hv. d. fresti þessu máli í trausti þess, að því verði gerð skil á næsta þingi eftir betri athugun á þessum atriðum, sem ég hef nefnt, og fleira.

Að svo mæltu afhendi ég hæstv. forseta nál. og tillöguna.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. með fyrirvara og vil með örfáum orðum gera grein fyrir því, í hverju hann er fólginn.

Ég tel, að það að aðskilja bókhald ríkisábyrgðastarfseminnar sé til verulegra bóta og verði að teljast fullkomlega eðlilegt, en það er í raun og veru aðalatriði þessa frv. Á hinn bóginn er ég algerlega andvígur því, að sá gengishagnaður, sem varð vegna útflutningsbirgða, sem fyrir hendi voru í landinu, þegar gengið var fellt 3. ágúst s. l., verði tekinn til ríkisþarfa, án þess að ég muni þó upphefja deilur um það mál hér, og ég tel eðlilegra, að það sé gert í sambandi við frv. til l. um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar. En þar sem ákvæði um það, hvernig þessum gengishagnaði skuli varið, hann skuli renna í ríkissjóð, en ekki til atvinnuveganna, beint til sjávarútvegsins, eins og ég hefði talið eðlilegast, — þar sem þessi ákvæði eru í öðrum lögum og fullvíst má telja, að það frv., sem um það fjallar, verði samþ., hef ég ekki séð ástæðu til að ganga á móti málinu í heild sinni af þeim ástæðum, enda víst, að hver sem afdrif þessa frv. verða, verður gengishagnaðinum varið á þennan hátt. En ég tel, eins og ég áður sagði, að að öðru leyti sé þessi skipan mála til verulegra bóta og fullkomlega eðlileg, og mun því þrátt fyrir þetta fylgja því.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af nál. og till. um rökst. dagskrá frá hv. 1. þm. Norðurl. e., því að það var ekki ljóst, þegar málið var til meðferðar í n., að hann hygðist leggja til, að málið yrði afgr. á þann veg, og vék ég því ekki að því í minni frumræðu um málið, hvað kynni að mæla á móti slíkri afgreiðslu.

Það kann vel að vera, að það megi hugsa sér þá leið í þessu máli að sameina löggjöfina um ríkisábyrgðasjóð og löggjöf um ríkisábyrgðir. Ég tel það hins vegar ekkert grundvallaratriði, að svo sé gert, vegna þess að hvort frv. um sig fjallar um alveg sérstakan þátt málsins. Frv. um ríkisábyrgðir snýr fyrst og fremst út á við, þ. e. a. s. gagnvart þeim aðilum, sem ríkisábyrgðir þurfa að fá eða geta átt kost á að fá þær, og þar eru settar reglur um það, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að fá ríkisábyrgðir. Þar eru almennar reglur um þau efni, og jafnframt eru þar reglur um það, hvernig að skuli fara, ef vanskil verða á ríkisábyrgðalánum. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, snýr í rauninni algerlega inn á við og fjallar um það, með hvaða hætti ríkið eða ríkissjóður skuli mæta þeim skuldbindingum, sem á hann falla í sambandi við ríkisábyrgðir, þannig að þetta frv. er að vísu tengt hinu fyrra, en er algerlega um annan þátt málsins og því í rauninni ekkert fremur eðlilegt, að það sé í einni löggjöf, heldur en svo ótalmargt annað, mörg önnur mál, sem eru til mismunandi lög um, þó að það séu í rauninni aðeins tvær eða þrjár greinar af sama meiði. Um það þekkjum við ótal dæmi, sem ég tel þarflaust að nefna hér. Ég tel því ekki, að það séu næg rök fyrir því að vísa þessu máli frá á þeim grundvelli, að frv. sé óeðlilega upp byggt með hliðsjón af því, að til séu lög um ríkisábyrgðir. Þar stangast ekki eitt né neitt á, og það eru engin ákvæði í þessu frv., sem má segja að væri eðlilegra að væru í þeim lögum. Ég fæ því ekki séð, að ástæða sé til þess að fresta afgreiðslu málsins af þeim sökum.

Mér var það ekki fullkomlega ljóst, hvort hv. 1. þm. Norðurl. e. var á móti því eða ekki að fela banka afgreiðslu þessara mála. Það liggur í augum uppi, að með þessu móti er banka ekki fengið neitt vald til þess að meta tryggingar eða aðra þætti þeirrar hliðar málsins, hvort veita skuli ríkisábyrgðir eða ekki. Hér er eingöngu um að ræða innheimtuhliðina og meðferð þessa ríkisábyrgðasjóðs. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að þessi ríkisábyrgðasjóður sé í banka, og það er jafneðlilegt, að banka sé falið að annast innheimtu ríkisábyrgða, og svo mun einnig praxisinn vera nú þegar, hvað sem þessu frv. líður, og tel ég það vera algerlega eðlilega reglu, og þeirri reglu hefur verið fylgt um langt skeið að fela bönkum að innheimta ríkisábyrgðaskuldbindingar. Það kannske kann að hafa vakað fyrir hv. 1. þm. Norðurl. e., að það ætti ekki að ganga að eftir sömu sjónarmiðum og á sér stað varðandi bankalán almennt. Það kann að geta orðið einhver ágreiningur um það efni varðandi hinar eldri ábyrgðir. En þær ábyrgðir, sem veittar eru, eftir að lögin um ríkisábyrgðir ganga í gildi, eru þess eðlis, að það þarf í rauninni ekki neitt að meta í þessu efni, vegna þess

að það kemur ekki til greiðslu ríkisábyrgða, fyrr en sýnt hefur verið, að viðkomandi aðili getur ekki staðið í skilum, og þá liggur í augum uppi, að ríkisábyrgðina verður að sjálfsögðu að inna af hendi, hjá því verður ekki komizt. Það liggur því í rauninni ekki annað fyrir í sambandi við mat á meðferð þessa sjóðs eða um greiðslur úr honum en hvort uppfyllt hafa verið þau skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að ríkisábyrgð sé greidd, því að það liggur ekkert mat á því máli að öðru leyti fyrir þeim banka, sem meðferð sjóðsins hefur með höndum.

Ég held, að þegar alls þessa er gætt, geti ekkert verið því til fyrirstöðu og í rauninni er hér ekki verið að gera annað en að lögfesta það, sem hefur þegar verið í praxis, að banki annaðist þessi mál að töluvert verulegu leyti. Það gefur auga leið, að í mörgum greinum geti komið upp álitamál, sem að sjálfsögðu er þá borið undir fjmrh. En ég held, að alveg á sama hátt og það var talið hagkvæmt af Alþ. að koma ríkisábyrgðum í það horf, að reynt yrði að sporna gegn því, að ríkisábyrgðir féllu á ríkissjóð, nema óumflýjanlegt væri, þá sé það jafnæskilegt að halda áfram á þeirri braut, halda þessum málum aðgreindum frá fjárreiðum ríkissjóðs og reyna að búa svo um hnútana, að hér verði ekki um bein áföll að ræða fyrir ríkissjóðinn.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vék að því, að fjvn. hefði haft með að gera ýmsa þætti þessa máls, og það er rétt, að samkv. lögum um ríkisábyrgðir á að meðhöndla gjaldfallnar ríkisábyrgðir eftir till., sem fjvn. á að gera til ráðh., og það má ekki gefa eftir kröfu vegna ríkisábyrgða, nema fjvn. einróma mæli með því. Niðurstaðan af þessari athugun fjvn. mun vera sú, að gert er ráð fyrir, að meginhluti þess fjár, sem út hefur verið lagt vegna ríkisábyrgða, verði innheimtur, þannig að það séu tiltölulega litlar fjárhæðir, sem fjvn. hefur lagt til að verði beinlínis eftir gefnar. Og ég álít, að það sé algerlega í samræmi við það sjónarmið, sem hlýtur að verða að ríkja við ríkisábyrgðir, að það sé gengið út frá því, — annað væri gersamlega ómóralskt, — að ríkisábyrgðir séu greiddar, en þessar ríkisábyrgðir séu ekki teknar með hliðsjón af því, að það megi fyrir fram ganga út frá því, að þær verði ekki greiddar og falli á ríkissjóð. En ég álít hins vegar, þó að ég sé fullkomlega sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. um mikilvægi ríkisábyrgða til aðstoðar við uppbyggingu í landinu á ýmsum sviðum, að ríkisábyrgð eigi ekki að veita, nema það sé nokkurn veginn víst, að ríkisábyrgðaskuldbindingin verði greidd. Annað er algert ábyrgðarleysi með meðferð ríkisfjár, því að ef hitt sjónarmiðið ætti að ráða, væri að sjálfsögðu eðlilegt, að það væri þegar í stað veitt úr ríkissjóði sem beinir fjárstyrkir til viðkomandi fyrirtækja eða stofnana, en ekki að hafa þann hátt á að veita ríkisábyrgð með það í huga, að síðan standi viðkomandi aðili ekki við sínar skuldbindingar. Það er auðvitað jafnrétt, að það getur komið fyrir, eins og við þekkjum ótalmörg dæmi um, að vegna ýmissa áfalla, — ekki hvað sízt þekkjum við það í sambandi við togaraútgerðina, — þá hefur viðkomandi félögum eða eigendum togara ekki verið kleift að standa straum af skuldbindingum sínum og ábyrgðir hafa af þeim sökum fallið á ríkið. Það kann því að verða nauðsynlegt í ýmsum tilfellum að leggja út fé í bili og breyta síðan lánunum í lengri lán, og það kemur að sjálfsögðu áfram til álita, hvort sem afgreiðsla þessara mála verður beint í hendi rn. eða í höndum banka. En það hlýtur engu að síður að verða meginreglan, að þótt slíkt þurfi að gera, þá eigi og beri að halda á þessum málum svo, að ekki komi til endanlegs taps hjá ríkissjóði af þessum sökum. Og ég held sannast sagna, að það sé miklu minna um það en hv. 1. þm. Norðurl. e. vildi vera láta í sinni ræðu, að ríkisábyrgðir séu beinlínis veittar án þess, að viðunandi tryggingar séu settar. Yfirleitt er það svo í sambandi við allar ríkisábyrgðir, að það er gert ráð fyrir því, að þær séu ekki veittar, nema viðhlítandi tryggingar séu settar að dómi fjmrh. Það, sem gerzt hefur og veldur hinum gjaldföllnu ríkisábyrgðum, er hins vegar það, að gjaldgeta viðkomandi aðila hefur ekki verið slík, að þeir hafi fengið undir þessum lánum risið í allmörgum tilfellum.

Ég hygg því, að það séu fullgildar ástæður tli þess og það sé í rauninni í beinu framhaldi af lagasetningunni um ríkisábyrgðir, að áfram sé haldið á þeirri braut, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þessi mál verði aðskilin að verulegu leyti frá ríkissjóðnum sjálfum og að þessu sé komið fyrir á þennan hátt, sem hér er ráð fyrir gert.

Varðandi það atriði, að það sé þá eðlilegt að setja sérstaka stjórn yfir þennan sjóð, þá er ég ekki heldur sammála hv. 1. þm. Norðurl. e., vegna þess að þessi sjóður er með algerlega öðrum hætti en venjulegir sjóðir. Þessi sjóður stundar engar lánveitingar. Það er aðeins um það að ræða að meta það hverju sinni, hvenær þau skilyrði liggi fyrir, að skylt sé að leggja fram fé úr þessum sjóði til þess að standa straum af ríkisábyrgðum, sem ekki sé hægt að komast undan að greiða. Það er því algerlega þarflaust að hafa neina stjórn á slíkum sjóði, því að hér kemur ekki til greina, eins og um aðra sjóði, að það þurfi að meta ein og önnur skilyrði fyrir því, hvort lána eigi fé sjóðsins til þessara eða hinna framkvæmdanna. Það er, eins og menn að sjálfsögðu skilja, allt annars eðlis. Stjórn sjóðs sem þessa hefur í rauninni ekkert eðlilegt verkefni, sem sjóðsstjórn jafnan hefur, og því gersamlega ástæðulaust að setja sjóðnum neina sérstaka stjórn.

Mér sýnist því, herra forseti, að það sé ekkert, sem mælir með því, að þessu máli verði frestað. Það má vel vera, að það hefði verið hægt að fella þetta frv. saman á sínum tíma við lögin um ríkisábyrgðir. En það gefur jafnframt auga leið, að þessu máli er þann veg farið, þar sem hér er um að ræða sérstakt fé, sem þarf að taka ákvarðanir um, hvernig ráðstafa beri, og í frv. um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar er þegar búið að taka inn ákvæði um, að það fé skuli renna í ríkisábyrgðasjóð, og þá gengið út frá því, að löggjöf um það efni verði sett, og ég hygg því, að af því geti orðið margvíslegir erfiðleikar að fresta þessu máli, svo sem

gert var ráð fyrir í hinni rökst. dagskrá, og vil ég því leggja áherzlu á, að frv. verði lögfest.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja út af hinni mildu ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn.

Ég fann það, að okkur kemur saman um, að ein lög eru betri en tvenn, þegar auðveldlega er hægt að koma því við. Öll skriffinnska er slæm, og ber í lagasetningu sem á öðrum sviðum að forðast hana. En ef frv. þessu, sem hér um ræðir, lægi eitthvað sérstaklega mikið á, þá væru það gild rök, að hægt væri að hafa þessa löggjöf í tvennu lagi, eins og svo marga aðra löggjöf, þó að ekki fari vel á. En það er nú ekki, að löggjöfinni liggi nokkuð sérstaklega á. Ég sé ekki, að annað reki eftir en þessi gildi sjóður, sem samkv. 6. gr. frv. um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar hefur safnazt upp. En það er nú svo með peningana, að það er léttara að geyma þá en afla þeirra, og þegar þeir eru inn komnir, sé ég ekki endilega, að þeir þurfi að valda miklum vandræðum. Þeir eru kannske dálítið leiðinlegir á áberandi stað fyrir þá ríkisstj., sem hefur fellt gengið og gert það án fullkominna tilefna og fær svo slíka peninga í kollinn. Þeir koma fram nærri því eins og peningar Egils koma fram um þessar mundir, án þess að ætlazt hafi verið til í raun og veru, en það er samt enginn fornleifafundur. Þetta mundi hafa verið kallað nýsköpun hér á árunum, þegar það var tamast. En fleiri ástæður eru til en það, að hér sé um að ræða aðeins að forða frá skriffinnsku, þegar ég legg til, að frv. verði frestað. Ég tel, að frv. þurfi að athuga betur, og það er fullkomin sannfæring mín, sem ég hef ekkert farið dult með, að ég vil fyrir mitt leyti og tel það æskilegast fyrir alla, að ábyrgðastarfsemin verði ekki í höndum banka, ekki blandað beint saman við bankarekstur og bankareglur.

Ég veit það ósköp vel, að veitingavald ábyrgðanna er hjá Alþ., en verður ekki hjá bankanum. Um það þurfti hv. þm. ekkert að ræða. En hitt er það, að þó að Alþ. sé búið að veita heimild til lántöku, þarf að ganga frá þeirri heimild og það þarf að meta, ef maður mætti svo segja, ábyrgðarhæfni og baktryggingarmöguleika þess, sem ábyrgðina á að fá, og ég vil miklu heldur, að það væri sé í höndum stjórnar frá Alþ. — frá fjvn. Alþ. — heldur en í höndum bankastjóra, og það er einmitt af því, að ég álít, að það þurfi í þessu sambandi að skoða ástæður nokkuð á annan hátt en bankastjórar gera og eiga að gera í sínu starfi. (Gripið fram í.) Þetta frv. fjallar ekki um veitingu ríkisábyrgðar. Það fjallar ekki um hana. Það fjallar um það, að fela megi bankanum umsjá sjóðsins, og lögin um ríkisábyrgðir, 7. gr., hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Fjmrh. er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanum að vera fjmrn. til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjmrh. kveður nánar á um.“ Að þessu leyti eru frv. og lögin samstillt, en sennilegt er, að frv. um ríkisábyrgðasjóð, ef það verður að lögum, geti túlkazt þannig, að það megi blátt áfram fela bankanum það, sem ríkisstj. hefur haft með höndum áður í þessum efnum, og áframhaldið hér er líka þannig: „Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera till. til rn. um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir“ o. s. frv. Hér er beinlínis gert ráð fyrir því, að unnið verði að þessum málum, mati á ábyrgðarhæfni þess, sem fer fram á ábyrgð, og tryggingum þeim, sem hann getur sett, af banka, og það er það, sem ég tel að setji starfsemina eða sé a. m. k. mikil hætta á að setji starfsemina út af réttri braut. Og af því að málinu liggur ekkert á og af því að það er hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að smíða annað ker undir sjóðinn, 150 millj. frá gengishagnaðinum, þá tel ég rétt að fresta málinu.

Forseti (SÓÓ): Forseta hefur borizt till. til rökstuddrar dagskrár:

„Með því að Ed. telur nauðsynlegt að athuga betur en tími er til á þessu þingi efni þessa frv. og skipun ríkisábyrgðastarfseminnar í heild og í trausti þess, að sú athugun verði gerð á næsta reglulegu Alþ., tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 586 felld með 11:5 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 263, n. 586).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 263, n. 761 og 776).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Ríkisábyrgðir á lánum og lán vegna ýmiss konar framkvæmda í landinu á undanförnum árum og bein lán ríkisins hafa verið veigamikill þáttur í aukningu atvinnulífsins og efnahagsuppbyggingunni. Á s. l. þingi voru sett sérstök og ný lög um ríkisábyrgðir, og hér liggur nú fyrir frv., sem búið er að fara í gegnum Ed., frv. til laga um ríkisábyrgðasjóð.

Það sýnist í hæsta máta eðlilegt, að nánari ákvæði hafi verið og séu sett um ríkisábyrgðirnar. Það má að vísu deila um það, hvort eðlilegt hefði verið, að þetta mál ætti fremur

heima í einu frv. en tveimur, en það er aðeins form, en ekki efni, að því er mér skilst, og í fjhn. Nd. höfum við í meiri hl. lagt til á þskj. 761, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru um það, að framvegis verði færður sérstakur reikningur í ríkisbókhaldinu, reikningur svonefnds ríkisábyrgðasjóðs. Samkv. 2. gr. frv. er ætlazt til þess, að stofnfé þessa svonefnda sjóðs verði fyrst og fremst það fé, sem tekið var af sjávarútveginum á s. l. sumri, um það bil 150 millj., þ. e. a. s. meginhlutinn af því fé á að fara í þennan sjóð samkv. þessari gr., en það mun einmitt hafa verið þetta fé frá sjávarútveginum, sem viðskiptareikningur ríkissjóðs við Seðlabankann var skreyttur með um næstliðin áramót. Þá er einnig gert ráð fyrir, að inn á þennan reikning færist inn- og útborganir vegna ríkisábyrgða.

Ég sé nú ekki, að það sé mikil þörf á því að stofna til þessarar sérstöku reikningsfærslu hjá ríkisbókhaldinu. Þó er þetta mál, sem vel mætti athuga. En ég tel, að það þyrfti að fá betri athugun en þessi d. getur látið fram fara, því að nú er alveg komið að þinglokum. Það er mjög skammt síðan málið kom til d. frá hv. Ed., og var aðeins rætt um þetta ásamt öðru á einum fundi nú alveg nýlega í fjhn.

Ég vil vekja athygli á því, að á síðasta þingi voru sett lög um ríkisábyrgðir. Var fram tekið í 4. gr. þeirra laga, að áhættugjald, sem greiða átti fyrir ríkisábyrgðir, skyldi fara á sérstakan reikning hjá ríkissjóði. Í þeim lögum er einnig gert ráð fyrir því, að fjvn. Alþingis skuli gera tillögur til fjmrh., hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Ef það þykir heppilegt að stofna þennan sérstaka reikning eða svonefnda sjóð, þá hefði ég haldið, að það væri mjög eðlilegt, að ákvæði um hann væru einmitt sett í lögin um ríkisábyrgðir, til þess að það, sem ábyrgðirnar snertir, væri í einum lögum, og þá hefði ég einmitt talið eðlilegt einnig, að það væri sett einhver sérstök stjórn yfir þennan sjóð. Þarna verður um stóran reikning að ræða. Það koma strax á annað hundrað millj. inn á þennan reikning, eins og ég gat um áður, og síðan aðrar tekjur og svo að sjálfsögðu útgjöld.

Ég hef talið eðlilegt, að málinu væri frestað nú og það athugað betur á næsta þingi, hvernig ætti að koma þessu fyrir, ef rétt þykir að stofna slíkan sjóð. Ég vil t. d. benda á það, hvað mér virðist óvandvirknislega gengið frá frv., að í 4. gr. þess segir, að úr ríkisábyrgðasjóði skuli greiða kröfur, sem fallið hafi á ríkissjóð eftir 1. jan. 1961 vegna ábyrgða, er hann hefur tekizt á hendur. En ég get hvergi séð í frv., að inn í sjóðinn eigi að fara það fé, sem veitt hefur verið á fjárl. árin 1961 og 1962 til þess að mæta kröfum á ríkið vegna ábyrgða. Það stendur í 3. gr. að vísu, 3. tölul., þar sem taldar eru upp tekjur ríkisábyrgðasjóðs, að þ. á m. skuli vera framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni. En orðalagið er þannig, að það virðist eiga að gilda um það, sem ákveðið verður, eftir að þessi lög koma í gildi, en ekki það, sem búið er að ákveða áður. Á fjárl. 1961 voru ætlaðar 35 millj. til að mæta þessum ábyrgðargreiðslum og 1962 38 millj. Þetta eru samtals 73 millj. þessi tvö ár, og hvernig verður þessu fé ráðstafað, ef ríkisábyrgðasjóður á að greiða allt, sem fellur á ríkið vegna ábyrgða frá upphafi árs 1961? Ég vil benda á þetta sem dæmi um það, að mér finnst, að það þurfi að athuga þetta mál betur. Þess vegna er það, að ég hef leyft mér að leggja fram í nál. mínu á þskj. 776 till. um rökst. dagskrá, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem þörf er að athuga mál þetta betur og skipun ríkisábyrgðastarfseminnar í heild, en það er ekki unnt að gera á þessu þingi, ályktar deildin að fresta afgreiðslu málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 776 felld með 19:12 atkv.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 820).

68. Innflutningur búfjár.

Á 70. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um innflutning búfjár [199. mál] (stjfrv., A. 465).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er um innflutning búfjár o. fl. Það hefur á undanförnum árum verið rætt nokkuð um það, hvort ekki væri eðlilegt að flytja inn búfé til þess að bæta búfjárstofninn, í tilefni af því, að 1948 voru sett lög um að koma upp sóttvarnarstöð í þessu skyni, en af því hefur ekki orðið, að þeirri stöð væri komið upp eða innflutningur hæfist á búfé. Um það mun valda tvennt: Í fyrsta lagi það, að stofnkostnaður við slíka stöð hefði orðið mjög hár. Og í öðru lagi, að menn greinir á um það, hvort mögulegt væri að búa þannig um hnútana, að ekki stafaði hætta af innflutningi á lifandi búfé. Menn vitna til hinnar bitru

reynslu, sem menn hafa fengið af því, og er þess vegna eðlilegt, að menn vilji gæta fyllstu varfærni í þeim efnum.

Búnaðarþing 1961 sendi landbrn. áskorun um að endurskoða lög um innflutning á búfé o. fl., og í tilefni af því var skipuð n. á s. l. vori til þess að endurskoða þessa löggjöf. N. skilaði áliti og breytti núgildandi lögum í litlu. Gert var ráð fyrir að koma upp fullkominni sóttvarnarstöð með það fyrir augum m. a. að flytja inn lifandi búfé. Eftir að þetta frv. hafði verið skoðað í landbrn. og eftir að rætt hafði verið við yfirdýralækni um málið, kom í ljós, að tilgangslítið var að lögbinda þetta frv. í því formi, sem það var. Yfirdýralæknir lýsti sig algerlega andvígan því að flytja inn lifandi búfé og benti á hina bitru reynslu, sem fengin er í því efni. Í samráði við yfirdýralækni varð sú niðurstaða, að semja skyldi nýtt frv., sem miðaði eingöngu að því að flytja inn sæði. Yfirdýralæknir benti á, að þetta mætti verða eins öruggt og nokkuð getur öruggt talizt, með því að sannprófa, að sæðið væri tekið úr heilbrigðum grip. Í tilefni af því var skipuð þriggja manna n. til að semja nýtt frv., sem byggðist á þessu. Í n. voru skipaðir yfirdýralæknir, Páll A. Pálsson, Ólafur Stefánsson nautgriparæktarráðunautur og Pétur Gunnarsson tilraunastjóri, og þeir skiluðu því frv., sem hér er á dagskrá og til umr. í dag.

Búnaðarþingi var sent þetta frv., og mælir það eindregið með því, að það verði lögfest, með 19 atkv. gegn 4.

Frv. fylgir allýtarleg grg.: Í fyrsta lagi sameiginleg grg. þeirra þriggja, sem sömdu frv., og hafa hv. þm. þessa grg. fyrir sér. Í öðru lagi fyrirvari yfirdýralæknis. Í þriðja lagi kafli úr grg., sem fylgdi því frv., sem ég áður nefndi og samið var á undan þessu frv. Í fjórða lagi aths. Ólafs Stefánssonar og Péturs Gunnarssonar við fyrirvara yfirdýralæknis. Og í fimmta lagi grg. og meðmæli búnaðarþings með frv.

Ef hv. þm. lesa þessa grg., mun þeim verða ljóst, hvað í þessu frv. felst. Það kemur í ljós, að fyrstu 10 gr. þessa frv. eru óbreyttar frá gildandi l. Það er III. kafli laganna, sem breytist, og 11. gr., en um hana er það að segja, að landbrh. er heimilað þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. að flytja inn búfjársæði úr Galloway-nautum í einangrunarstöð, sem komið yrði upp á Bessastöðum á Álftanesi. Hins vegar er með þessari gr. ekki fyrirhugað að flytja inn lifandi gripi í sóttvarnarstöðina. Gert er ráð fyrir, að útihús Bessastaðabús og jarðnytjar verði hagnýttar í þessu skyni, en allt annað búfjárhald þar verði lagt niður. Í tilefni af því, að Bessastaðir komu til greina, var það, að þeir, sem sömdu þetta frv., Ólafur Stefánsson, Pétur Gunnarsson og Páll A. Pálsson, fóru þangað suður eftir og kynntu sér aðstöðu alla og töldu, að þar væri einstaklega góð aðstaða. En um þetta var vitanlega ekki hægt að ræða, fyrr en afstaða forseta Íslands væri kunn, og í tilefni af því var rætt við hann um þetta mál, og hann tók þessu máli af miklum skilningi og taldi, að með þessu fyndi hann tilgang með búrekstrinum á Bessastöðum, sem síður væri í því formi, sem búreksturinn er nú. Forsetinn hefur þess vegna mælt með því, að Bessastaðir væru teknir til þessarar starfsemi, og eftir að yfirlýsing hans var fengin, var haldið áfram athugun í þessu skyni og samningu þessa frv. með það fyrir augum að koma tilraunastöðinni þar upp.

Um 12. og 15. gr. frv. er fátt að segja annað en það, að til þess að skapa sem mest öryggi gegn því, að smitsjúkdómar berist til landsins með hinu innflutta sæði, er mikilsvert, að gerðar verði allar þær varúðarráðstafanir, sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar, og farið verði í hvívetna eftir hans till. Og þótt þetta frv. verði lögfest, er landbrh. ekki heimilt að láta það koma til framkvæmda, nema fyrir liggi meðmæli forstöðumanns tilraunastöðvarinnar á Keldum í meinafræði, meðmæli Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Því er ekki að leyna, að yfirdýralæknir er ákaflega varkár í þessu efni, og ber sízt að lasta það. Þótt hann telji, að það megi búa vel um hnútana með því að koma upp sóttvarnarstöð og hleypa engum grip út úr stöðinni fyrr en eftir tvö ár, þá er, eins og hann komst að orði, ekkert 100% öruggt. En yfirdýralæknir hefur verið með í að semja þetta frv., og hann hefur fengið allar þær öryggisráðstafanir inn í frv., sem hann hefur talið nauðsynlegar og mögulegt að beita.

Skv. 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að nota einvörðungu sæði úr Galloway-nautum og af stofninum, sem til er í Gunnarsholti, verði fluttar kvígur og þær notaðar til þess að flýta fyrir hreinræktun gripanna.

Ég tel ekki ástæðu til þess að útskýra frv. sjálft frekar. Það skýrir sig í öllum aðalatriðum. Tilgangurinn með þessu er augljós, að koma af stað nýrri búgrein, sem gæti orðið landbúnaðinum til tekjuauka, og það er enginn vafi á því, að holdanautaræktun mætti verða til þess að auka tekjur bændanna. Það mundi verða alger tekjuauki við það, sem nú er. Það væri ekki ástæða til þess að minnka framleiðslu mjólkur eða sauðfjárrækt, þótt holdanautum væri bætt að einhverju leyti við. Þegar við ökum um landið seinni part vetrar eða snemma á vorin, þá sjáum við, að það er víða verið að brenna sinu, gras, sem ekki hafði bitizt sumarið áður. Ef holdanautahjarðir væru til staðar, mundi þetta tæplega koma til. Holdanautin mundu bíta það gras, sem sauðkindin vill ekki og okkar venjulegi nautpeningur lítur ekki við, og það góða við holdanautaræktina er það, að bóndinn þarf ekki að ráðast í mikinn stofnkostnað, húsabyggingar, það þarf ekki vönduð hús fyrir holdanaut, og það þarf ekki vandað hey í fóður, það má nota úrgangshey, sem aðrar skepnur vilja ekki. Það hefur verið gerð tilraun í Laugardælum um, hvort það mundi borga sig að rækta holdanaut, en þar kom í ljós, að af veturgömlu nauti, holdanauti, sem var ekki hreinræktað, það var blandað, var skrokkurinn 40 kg þyngri en af íslenzku nauti. Og þessi 40 kg eru talsverður peningur, kílóið af íslenzku nauti mætti sennilega reikna 20 kr. til bóndans, en af holdanautunum hefur það verið selt allmiklu hærra. Ég hygg, að holdanautakjöt frá Gunnarsholti hafi oft verið selt upp undir 30 kr. kg, þegar íslenzkt nautakjöt hefur verið selt á 20 kr. Og ef við reiknum með 40 kg mismun í þyngd á 30 kr. kg, þá eru það 1200 kr. Þessi naut, íslenzku

nautin og holdanautin í Laugardælum, voru fóðruð á sama hátt. Holdanautið gefur þess vegna á fyrsta ári 1200 kr. meiri tekjur en íslenzka nautið. Þetta er nokkur vísbending um, að það borgar sig að fá holdanaut miðað við íslenzka nautarækt, og það er vitanlega allt of fljótt að slátra holdanauti veturgömlu, sennilega er bezti aldurinn þriggja til fjögurra vetra, og þá verður vitanlega þyngdarmismunurinn enn þá meiri.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja efni grg., sem frv. fylgir. Hv. þm. vitanlega kynna sér hana. Og ég vil aðeins segja það, að ef hv. þm. telja fyrirvara yfirdýralæknis það mikils virði, að þess vegna bæri jafnvel að snúast gegn frv., þá efast ég um, að það sé það, sem yfirdýralæknir ætlast til, enda er greinilega tekið fram skv. 11. gr. frv., að lögin geti ekki komið til framkvæmda, nema hann sé samþykkur þeim, og þess vegna hefur yfirdýralæknir öll ráð með framkvæmdirnar. Hann hefur öll ráð um það, hvort lögin koma til framkvæmda, og ef þau koma til framkvæmda, að öllum hugsanlegum öryggisráðstöfunum sé beitt. Það er kunnugt, að það er víða um lönd, sem þessi aðferð er notuð til þess að bæta búfjárkynið, þ. e. með því að flytja sæði á milli landanna, og hér á Norðurlöndum hefur þetta verið gert nú síðasta áratuginn, og hefur ekki heyrzt, að það hafi komið að neinni sök.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, 564, 575).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Í lögum um innflutning búfjár frá 8. marz 1948 eru ströng fyrirmæli um, að ekki megi flytja inn erlent búfé, nema fullnægt sé vissum skilyrðum um einangrun fjárins: dýralæknisvottorð, sóttvarnarstöð og allt eftirlit. Mæla þau lög svo fyrir, að sett verði upp sóttvarnarstöð og bú til að ala upp búfé, sem inn verði flutt, í eyju í grennd við Reykjavík.

Í þau 14 ár, sem liðin eru síðan þessi lög voru sett, hefur slíkt bú ekki verið sett upp og ekki heldur flutt inn búfé síðan. Aðalbreyting frá þessum lögum, sem felst í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sú, að nú er ekki gert ráð fyrir að flytja gripina inn sjálfa, heldur aðeins sæði úr einni tegund nautgripa. Og í öðru lagi, að sóttvarnarstöðin verði ekki í eyju í *nágrenni* Reykjavíkur, heldur í landi í grennd við Reykjavík, þ. e. a. s. á Bessastöðum á Álftanesi. Verður það svæði, sem hér um ræðir, vandlega afgirt og einangrað frá allri annarri óviðkomandi umferð með öflugri girðingu.

Þó að innflutningur erlends búfjár hafi yfirleitt ekki gefizt vel hér á landi, eins og allir þekkja af reynslunni, verður þó með engu móti til þess ætlazt, að lokað verði fyrir slíkt um aldur og ævi, það getur verið um svo mikið hagsmunamál að ræða fyrir landbúnaðinn og þjóðina í heild.

Íslenzkum búgreinum þarf að fjölga, og þær þurfa að eflast á sem flesta vegu, og verður slíkt ekki af sjálfu sér gert. Mál þetta um innflutning holdanauta er lengi búið að vera á dagskrá meðal bænda og bændasamtaka, og bendir margt og raunar flest til, að nautakjötsframleiðsla muni vera arðvænlegri í sumum byggðarlögum en dilkakjötsframleiðsla, og þá mun þar af leiðandi geta verið heppilegt, að verkaskipting verði í einstökum byggðarlögum um það, hvort framleitt er dilkakjöt ellegar annað kjöt. En hvað sem því líður, virðist mér fleira mæla með því en móti, að tilraun verði gerð með hreinræktun holdanauta á þann veg, sem lagt er til í frv., og landbn. var á einu máli um það, að rétt væri að styðja að því, að tilraun sú verði gerð, sem hér er verið að stofna til með frv. Það getur verið allmikið að vinna, en lítil sem engin áhætta, eins og um hnútana er búið í frv. Legg ég því til f. h. landbn., að frv. verði samþ. En eins og fram kemur í nál., hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., ef koma fram.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar og legg til, að frv. verði samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Landbn. mælir með samþykkt þessa frv., og hefur hv. frsm. n. gert grein fyrir málinu og afstöðu nefndarinnar til þess í heild. En eins og fram er tekið í nál. og frsm. vék að, áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kunni að koma.

Á bak við þetta mál er löng athugun, það hefur lengi verið á dagskrá meðal bændasamtakanna, og niðurstaðan af þeim athugunum er frv. það, sem hér liggur fyrir. Með þeim nýmælum, sem í frv. felast, er stefnt að því að styðja að því að efla landbúnaðinn með nýrri framleiðslugrein. Og samkv. ákvæðum frv. er leitazt við að setja hinar fyllstu varúðarráðstafanir um smithættu vegna þessarar starfsemi. Ég fellst á þessi meginsjónarmið, og það liggur til grundvallar því, að ég fylgi þessu máli í heild. En ég hef leyft mér að bera fram brtt., og er það í samræmi við það, sem fram kemur í nál. og er vitnað til, og þær brtt. eru prentaðar á þskj. 575. Þær eru um þau ákvæði frv., að starfsemi þessi, sem stofna á til, skuli vera á Bessastöðum á Álftanesi.

Við höfum yfir miklu landrými að ráða, Íslendingar, og sýnist þess vegna óþarfi að velja þessari starfsemi þann stað, sem frv. gerir ráð fyrir. Mér þykir óviðkunnanlegt, að sú starfsemi, sem hefja á samkv. þessu frv., verði bundin við forsetasetrið, þetta sameiginlega heimili þjóðarinnar. En það hefur komið fram, m. a. hjá hæstv. landbrh. við 1. umr. þessa máls, að fyrirhugað sé, að þessi starfsemi verði sett á laggir á þeim stað, enda eru ákvæði frv., eins og það er úr garði gert, miðuð við þetta. Ég tel, að það þurfi að endurskoða þau ákvæði frv. og það þurfi að endurskoða fyrirætlun ráðuneytisins og annarra, sem að þessum málum starfa, um staðsetningu þessarar starfsemi. En

verði að því ráði horfið að hefja þá starfsemi, sem frv. ræðir um, á Bessastöðum, þá tel ég þó skárra, að það sé gert samkv. ákvörðun ráðuneytis og eftir tillögum annarra aðila, sem að framkvæmdinni standa, heldur en það sé beinlínis lögbundið. Ef þetta er lögbundið og síðar kæmi í ljós, að það hentaði að færa þessa starfsemi til á annan stað, þá þarf vitanlega að flytja sérstakt frv. og koma því í gegnum sex umr. í þingi, um að nema burt þessi ákvæði, sem binda starfsemina við Bessastaði. Ég tel eðlilegra, að sú skipan verði á höfð, sem ég legg til í brtt. minni á þskj. 575.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Við umr. um þetta mál í landbn. komu þau sjónarmið fram, sem hv. 5. þm. Austf. (ÞÞ) minntist hér á og hefur síðan flutt sem brtt. við frv., að sumir nm. áttu hálft í hvoru örðugt með að sætta sig við það, að þessi starfsemi færi fram á forsetasetrinu Bessastöðum. Ég sem formaður nefndarinnar kynnti mér nokkuð, hvað á bak við það liggur, að þessi staður er valinn, og er það í fyrsta lagi það, að á þessum stað eru þegar til hús og svo til öll aðstaða til þess að setja upp bú, þar sem þessi starfsemi getur farið fram. Það var athugað um fleiri staði hér í grennd við Reykjavík, sem til mála gat komið að velja með það fyrir augum að draga mjög mikið úr kostnaði við það að koma upp þessari tilraunastöð og sóttvarnarstöð. Þessi staður var valinn algerlega með vitund og samþykki forsetans á Bessastöðum, og þar hefur verið kúabú, og gert er ráð fyrir því, að sóttvarnarstöðin verði algerlega girt frá allri umferð heim á forsetabústaðinn, í öðru lagi, að gripir þeir, sem þarna verða, verði einnig hafðir í girðingu, sem gengur út á Bessastaðanes, og í þriðja lagi, að varp, sem er á Bessastöðum, verði girt frá út af fyrir sig, svo að umgangur búfjár þarna snerti það ekki neitt. Að þessu öllu athuguðu tel ég ekki vera ástæðu til að setja það fyrir sig, að þessi staður sé valinn, og gera breytingu á frv. þess vegna, því að það liggur náttúrlega í augum uppi, að það yrði stórmikill kostnaður því samfara, ef ætti að fara að byggja hús yfir þessa starfsemi alla að nýju, og hagkvæmt þess vegna, úr því að fullt samkomulag hefur náðst við þann, sem umráð hefur á Bessastöðum, að þessi hús verði lögð starfseminni til. Ég tel því ekki ástæðu til þess að samþykkja þessar brtt., sem hér hafa verið fram bornar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Sú meginbreyting, sem felst í þessu frv. frá gildandi lögum, er í II. kafla frv. og er á þá leið, að landbrh. skuli heimilað að flytja eða láta flytja inn sæði úr nautum af Galloway-kyni, en einvörðungu í sóttvarnarstöð ríkisins að Bessastöðum á Álftanesi. Heimild þessa má þó því aðeins nota, að fyrir liggi umsögn forstöðumanns tilraunastöðvar háskólans í meinafræði um fyrirhugaðan innflutning, stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með honum og yfirdýralæknir samþykki.

Það, sem í þessu frv. felst til breytinga frá gildandi lögum, er tilslökun á banni við innflutningi búfjár. Þetta tel ég meginmál þessa frv. Innflutningur á búfjársæði og innflutningur á lifandi búfé er í rauninni eitt og hið sama. Á þessu tvennu er enginn eðlismunur, aðeins stigmunur. Þær hættur, sem kunna að fylgja innflutningi lifandi búfjár, eru einnig til staðar, þegar um er að ræða innflutning á sæði, djúpfrystu sæði. Þetta er vert að hafa í huga, þegar þetta frv. er athugað og rætt.

Við Íslendingar höfum sannarlega reynslu af innflutningi búfjár. Sú reynsla okkar er a. m. k. 200 ára gömul, og hvernig er sú reynsla? Saga okkar í þessu tilliti má kallast ein samfelld hörmungasaga. Árið 1760 var flutt fé inn í landið erlendis frá, frá Spáni. Þá barst fjárkláðinn fyrri með öllu því tjóni, sem hann olli á næstu áratugum. Um miðja öldina á eftir, um miðja 19. öld, barst einnig fjárkláði til landsins og þá með brezku fé, með hræðilegum afleiðingum fyrir land og þjóð. Árið 1880 var fluttur inn hrútur frá Danmörku, og með honum barst veiki, riðuveiki, sem mun vera landlæg hér enn í dag. Þetta er fyrsti kafli þessarar raunasögu. Síðan eru samþykkt lög um takmarkanir eða bann við innflutningi lifandi dýra, og þá fékkst hlé á pestunum, og það hlé stóð að miklu leyti um 50 ára skeið. En um 1930, eða á árunum 1931—1933, er ötullega farið að vinna að því að slaka á klónni, ötullega farið að vinna að því að slaka á banni við innflutningi búfjár. Og afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Strax árið 1932 er talið, að borizt hafi til landsins kýlapest með skozku sauðfé. Og árið 1933 er karakúlfé alkunna flutt inn í landið, með öllum þeim hræðilegu afleiðingum, sem það hafði: garnaveiki, mæðiveiki og fleiri sjúkdómum. Nautgripir voru fluttir inn frá Bretlandi 1933 einnig, og með þeim barst hingað sérstakur húðsjúkdómur nautgripa. Árið 1947 er enn flutt inn sauðfé frá Bretlandi. Þær kindur reyndust hafa smitsjúkdóm af óþekktum orsökum eða áður óþekktan hér, og á síðustu stundu tókst með niðurskurði þess fjár, sem flutt hafði verið til landsins, að stemma stigu fyrir þeim sjúkdómi. Þetta er annar kaflinn í þessari hörmungasögu.

Strax og slakað var á banni við innflutningi búfjár í kringum 1930, endurtók sagan sig frá öldunum tveim á undan. Í kjölfar innflutnings búfjár fylgdu í bæði skiptin alvarlegir búfjársjúkdómar, sem leiddu af sér ómetanlegt tjón, ekki aðeins fyrir bændastétt landsins, heldur og fyrir þjóðina alla.

Árið 1948 voru sett lög, þar sem innflutningur búfjár var bannaður. Þessi lög hafa síðan verið í gildi, og í kjölfar þessa banns kom það, að kláðanum linnti. Mér er nú spurn: Á nú að hefja þriðja kapítulann í þessari sögu? Á árunum kringum 1930 var farið að sækja mjög fast á um að upphefja bannið við innflutningi búfjár, og að lokum lét löggjafinn undan, sérstaklega undan sífelldum kröfum búnaðarþings í þessu efni. Afleiðingin var garnaveikin, mæðiveikin og ýmsir aðrir kvikfjársjúkdómar. Nú er sama ásóknin byrjuð enn á ný. Bændasamtökin eru farin að gera samþykktir og áskoranir um að slaka á banninu. Búnaðarþing gengur í broddi fylkingar fyrir samþykktum um þær óskir sínar, að inn verði flutt ekki aðeins

djúpfryst sæði holdanauta, heldur og lifandi kvikfé. Það er farið hægt af stað. Og nú lítur út fyrir, að löggjafarsamkoman ætli að verða við þessum óskum búnaðarþings, að hálfu leyti í þetta sinn, hitt kemur síðar.

Ég hlustaði á ræðu hæstv. landbrh. hér í þessari hv. d. um daginn, þegar hann mælti fyrir þessu frv. Í dag hlýddi ég á ræðu tveggja hv. þdm., sem sæti eiga í landbn. þessarar d. Báðir mæltu með samþykkt þessa frv. Töluðu þeir um hættur í sambandi við þetta mál? Nei, þeir gerðu það ekki. Hv. formaður landbn. sagði orðrétt, að hér væri lítil sem engin áhætta. Hinn hv. þm. úr landbn. minntist lítt eða ekki á hættur, en sagði þó, að gerðar mundu fyllstu varúðarráðstafanir gegn smithættu. Þetta var allt og sumt, sem um hætturnar var rætt.

Það er fróðlegt að bera þessi ummæli saman við það, sem sagt var hér á hinu háa Alþingi árið 1931, þegar líkt stóð á, þegar rætt var frv. til laga um að heimila ríkisstj. að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta. Þá var ekki heldur mikið rætt um hættuna. Þá var gert lítið úr hættunum eins og nú, og þá var talað um nauðsynina á varúðarráðstöfunum og ekki efazt um, að þær yrðu gerðar og eftir þeim fyrirmælum yrði farið. Enginn efaðist um það. Allt átti að vera tryggt. En mæðiveikin kom. Árið 1931 sagði frsm. landbn. Nd., að ég ætla, á þessa leið: „Nefndinni er ljóst, að þarna getur að vísu verið um að ræða nokkra sýkingarhættu fyrir innlent fé og einnig um allmikinn kostnað. Tilraun þessa verður þó að gera," bætti þessi þm. við. Og hann lauk máli sínu með því að segja: „Hins vegar treystir n. því, að öllum varúðarráðstöfunum verði beitt af hálfu ríkisstj. gegn sýkingarhættu og gætt hinnar ýtrustu sparsemi í fjármálum." Hér var vel um hnútana búið af hálfu löggjafans. Hann veitti leyfið, og hann treysti á framkvæmdina. Annar ágætur þm., sem sæti átti í landbn. árið 1931, sagði: „Hins vegar er um hættu að ræða í þessu sambandi. Bæði er hugsanleg sýkingarhætta á innfluttu fé og sömuleiðis spjöll með kynblöndun á hinum innlenda fjárstofni. En gegn þessu setur frv. þær varúðarráðstafanir, sem ættu að nægja." Menn voru bjartsýnir þá, eins og þeir virðast vera bjartsýnir enn í dag, að unnt sé að koma í veg fyrir sýkingarhættu, að unnt sé að koma í veg fyrir þær hörmungar, sem sagan segir okkur frá að gerzt hafi hér á landi aftur og aftur á síðustu 200 árum. Nú hugga menn sig við, að það sé allt annað að flytja inn sæði nautgripa en að flytja inn lifandi nautgripi. Þetta er ekki allt annað. Ég neita því ekki, að sýkingarhættan kunni að vera minni, en hún er til staðar, hún er raunverulег, og út frá því verður að ganga, þegar ákvörðun er tekin um þetta mál.

Mig langar í sambandi við þetta að minna á orð, sem ágætur íslenzkur vísindamaður viðhafði fyrir nokkrum árum. Þessi maður mun hafa verið kunnugastur þessum málum allra Íslendinga, en það var dr. Björn Sigurðsson læknir. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Áhættuminnsta leiðin til innflutnings búfjár til landsins er væntanlega að flytja sæði til sóttvarnarstöðvar, sem yrði tryggilega einangruð allan þann tíma, sem það tekur að ala upp hreinan stofn, t. d. 10—20 ár eftir tegund. Stofnun og starfræksla slíkrar stöðvar er mjög umfangsmikið, kostnaðarsamt og vandasamt verk og hætt við, að menn hafi ekki gert sér ljóst, hvað í slíku verkefni felst. Má raunar telja líklegt, að í því þjóðfélagi hirðuleysis og óreglu, sem hér viðgengst, mundi ströngum og torveldum sóttvarnarreglum ekki hlýtt til lengdar. En enginn þyrfti sjálfsagt að óttast ábyrgð gerða sinna, þótt brugðið yrði út af fyrirmælum, jafnvel á augljósasta hátt."

Þetta sagði þessi fróði og reyndi maður um þetta efni, dr. Björn Sigurðsson læknir. Mér er spurn: Hefur hv. landbn. Ed. rætt þetta frv., rætt það nýmæli, sem í þessu frv. felst, út frá þessu sjónarmiði? Hefur n. t. d. rætt málið út frá því, að dýrin yrðu að vera í einangrun í 10—20 ár eftir tegund? Hefur hv. nefnd gert sér ljóst, hversu umfangsmikið, kostnaðarsamt og vandasamt það verk er að einangra skepnurnar og gæta þess, að allar varúðarráðstafanir séu viðhafðar? Ég efast um það. E. t. v. má benda á, að slíkt sem þetta hafi verið gert í nágrannalöndum okkar og ekki komið þar að verulegri sök. En það sannar engan veginn, að sama eigi við hér á landi. Það er t. d. kunnugt mál, gamalkunnugt mál, að um innflutning búfjár til eylanda gegnir allt öðru máli yfirleitt en um innflutning landa á milli á meginlandinu.

Sá maður núlifandi, sem mun vera fróðastur hér á landi um þessi mál, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, flutti útvarpserindi í maí s. l. Ég hef lesið þetta útvarpserindi með athygli, og ég get ekki skilið efni þess á annan veg en þann, að það sé frá upphafi til enda aðvörun til þjóðarinnar í þessu efni. Hann varar þjóðina við að stíga það spor, sem hv. landbn. Ed. ráðleggur í dag. Og hann lýkur þessu erindi sínu með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári munu tvær aldir liðnar síðan mesta drepsótt, er enn hefur geisað í íslenzku búfé, barst til landsins, fjárkláðinn fyrri. Þessa hefur meiri hluti fulltrúa bænda á búnaðarþingi fundizt ástæða til þess að minnast með nokkuð sérstæðum hætti, með því að hvetja stjórnarvöld landsins til að hefja innflutning búfjár á nýjan leik. Þó hefur reynsla tveggja alda sýnt, að innflutningur búfjár hefur haft í för með sér geysilegt tjón og hörmungar, en aldrei hagnað. Ég hef talið sérstaka ástæðu," segir Páll A. Pálsson, „nú til þess að rifja stuttlega upp hin hörmulegu óhöpp í sambandi við innflutning búfjár til Íslands, og jafnframt vil ég benda á og undirstrika þær hættur, sem alltaf hljóta að vera samfara slíkum innflutningi, hvernig sem um hnútana er búið. Eigi veldur sá, er varar."

Þetta eru síðustu orð yfirdýralæknisins. Nú má kannske segja: Hér er engin hætta á ferðum. Landbrh. getur ekki veitt leyfi til innflutnings á sæði holdanauta, nema því aðeins að stjórn Búnaðarfélagsins og yfirdýralæknir samþykki það. En er það forsvaranlegt af löggjafanum að leggja þá ábyrgð á hendur einum manni eða svo, einum embættismanni? Mér

finnst það ekki forsvaranlegt að samþykkja lög upp á slíkt, nema því aðeins að löggjafarsamkoman sé sannfærð um, að þessu fylgi engin hætta.

Á fyrsta fjórðungi þessarar aldar starfaði hér yfirdýralæknir, Magnús Einarsson, sérstakur dugnaðarmaður. Þessi maður stóð árum, ef ekki áratugum saman í stöðugri baráttu við stjórnarvöldin um þessi mál. Hann átti til að bera dugnað og hann átti til að bera áhrifavald, og honum tókst árum saman að sporna við því, að innflutningur búfjár væri hafinn á ný þá. Þegar hans missti við, brást skjólgarðurinn, þá brást vörnin. Ég veit, að núv. dýralæknir er dugnaðarmaður og samvizkusamur embættismaður, og ég veit einnig, að hann hefur skilning á þessum vandkvæðum. En ég vil ekki hætta á neitt fyrir mitt leyti um framkvæmd í þessu efni. Ég mun ekki láta það vera komið undir siðferðisþreki eins manns. Ég hefði talið sæmilegast, að þetta mál hefði að þessu sinni verið látið daga uppi hér á Alþingi. Þetta mál þarfnast miklu meiri og nákvæmari athugunar. Og hér eru fordæmin það ljós, að ekki má rasa um ráð fram. Ég sé ekki, að neitt liggi á í þessu efni. Og ég skora þess vegna á hv. þdm. fyrst og fremst að athuga málið út frá þessu sjónarmiði, sem alls ekki hefur verið rætt hér þar til nú. Og ef þeir gera það, þá treysti ég því, að þeir rasi ekki um ráð fram, heldur lofi málinu að bíða, lofi málinu að njóta frekari athugunar, en taki ekki ákvörðun að þessu sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er nú að mínum dómi tæplega fært að ræða jafnmikið stórmál og hér er um að ræða, þegar ekki eru fleiri viðstaddir í hv. deild en nú virðist vera. Og óviðeigandi væri ekki, að hæstv. landbrh. sýndi þessu máli þá virðingu sína, að hann væri viðstaddur umr. Mér fyndist, að minna mætti varla vera. En eigi að síður, þar sem sýnt þykir, að málið skal úr deildinni a. m. k., vil ég segja mitt álit, áður en það fer héðan.

Hv. 9. þm. Reykv. (AGl) hefur rakið sögu búfjárinnflutnings til landsins og skýrt frá því, hvaða áhrif búfjárinnflutningurinn hefur haft á hag okkar Íslendinga. Ég er reiðubúinn til þess að staldra við og hlusta á þau rök, sem eru færð fram fyrir máli þessu. Ég hef setið á nokkrum búnaðarþingum, og ég hef hlerað eftir þeim rökum. En ég verð að segja það, að eftir því sem fleiri ræður hafa verið fluttar um þetta mál, eftir því hefur mér fundizt það vera fjarstæðukenndara hjá okkur að vera að flana að því að flytja inn búfé, vegna þess að það liggur ekkert það fyrir í þessu máli, sem sýni, að hér sé um stórfelldan hagnað að ræða fyrir íslenzkan landbúnað í fyrsta lagi, en í öðru lagi liggur það fyrir, að öllum búfjárinnflutningi, hvernig sem að er búið, fylgir allmikil áhætta, svo að ekki meira sé sagt, verulega mikil áhætta.

Hv. 10. landsk. (BGuðm), sem talaði fyrir þessu frv. af hálfu landbn. í dag, taldi áhættuna vera ákaflega litla samanborið við þann hagnað, sem landsmenn mundu hafa af innflutningi búfjár. Þessu vil ég algerlega snúa við, vegna þess að reynslan hefur sýnt okkur það, að áhættan er mikil, en hagnaðurinn enginn. Þá benti hv. þm. enn fremur á, að það væri mikið nauðsynjamál að koma upp sóttvarnarstöðinni á aðalhöfðingjasetri landsins, vegna þess að þar væri húsakostur góður og því mun ódýrara að útbúa sóttvarnarstöðina á þann veg, að það þyrfti ekki að veita mikið fjármagn til þeirra hluta, eins og sakir stæðu. Ég efast ekki um, að þetta kunni að vera rétt hjá hv. þm., að það megi notast að verulegu leyti við þau húsakynni, sem þarna eru. En eigi að síður er mjög óviðfelldið að ætla að lögbinda sóttvarnarstöð á aðalhöfðingjasetri landsins, þar sem koma innlendir og erlendir menn fleiri á það býli landsins en á nokkurt annað býli, sem til er í landi voru. Og tæplega mun það viðeigandi þykja, hvorki af okkur Íslendingum né erlendum mönnum, sem heimsækja Bessastaði, að þar verði víggirðingar miklar, eins og fyrirhugaðar munu vera í sambandi við sóttvarnarstöðina, svo að mér finnst, eftir því sem meira er um þá hluti rætt, það vera fjarstæðukenndara en tali taki að hugsa sér að lögbinda sóttvarnarstöð að Bessastöðum, það er svo fráleit hugsun. Það, að forseti Íslands hafi gefið sitt samþykki fyrir þessu máli, eða að stöðin yrði byggð að Bessastöðum, efast ég mjög um að sé rétt, því að ef ég man rétt eftir því, sem skýrt var frá um þessa hluti á búnaðarþingi fyrir ekki alllöngu, þá mun svar forsetans ekki hafa verið svo skýrt, að það sé hægt að draga það út, að hann hafi ekkert við það að athuga, það er síður en svo. Ég hygg, að það sé nokkuð á annan veg, og ég efast mjög um, að í eðli sínu sé hann því samþykkur. Og æskilegt væri, að það lægi þá skriflega fyrir, ef svo væri. Og ég vil mælast til þess við hv. 10. landsk., sem er formaður landbn., að hann leggi það svar forsetans skriflega hér fyrir, þannig að það sé vitað mál, að hans svar hafi verið eins afdráttarlaust og hann vildi vera láta. En sleppum nú þessu, vegna þess að þetta er í raun og veru ekki aðalatriði málsins.

Það hefur verið látið í það skína, að búnaðarþing á undanförnum árum hafi verið að smáþrýsta málinu áfram. Það má kannske til sanns vegar færa, að svo hafi verið. En með leyfi forseta, vil ég lesa upp samþykktir búnaðarþings frá árinu 1961. Þær hljóða þannig:

„Búnaðarþing leggur til: 1) Að nú þegar verði unnið að því með innflutningi djúpfrysts sæðis að hreinrækta hinn erlenda holdanautastofn, sem fyrir er í landinu. 2) Að jafnframt séu athugaðir möguleikar á því að koma upp hér í landinu fleiri hreinræktuðum holdanautastofnum með innflutningi nýfæddra kálfa, svo sem af Hereford og Aberdeen Angus, enda verði þeir aldir upp í öruggri sóttkví með innlendum nautgripum, þar til fullkomið öryggi fæst um heilbrigði þeirra. Innflutningurinn á sæði og gripum fari fram samkv. gildandi lögum um innflutning búfjár.“ Ég vil vekja athygli á þessu sérstaklega: „innflutningurinn á sæði og gripum fari fram samkvæmt gildandi lögum um innflutning búfjár. 3) Að máli þessu verði vísað til landbrh. til athugunar og framkvæmda.“

Hér er því skýrt fram tekið af búnaðarþings hálfu, eins og á öllum þeim búnaðarþingum, sem um þetta mál hafa fjallað nú hin síðari ár,

að væri horfið til innflutnings búfjár, ætti að byggja þann innflutning á lögunum um innflutning búfjár frá 1948, að byggja fullkomna sóttvarnarstöð. Þetta var hugsun búnaðarþings, og það er tekið fram í fyrra í þeim ályktunum, sem búnaðarþing gerði, og hefur aldrei verið óskað eftir því, að væri samin nein ný, sérstök löggjöf fyrir innflutning búfjár, vegna þess að það var talinn sjálfsagður hlutur, að sú löggjöf, sem gilt hefur frá 1948, gilti áfram og innflutningur búfjár byggðist á þeirri löggjöf, en engri annarri.

Það verður að sjálfsögðu álitamál í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., hvort eigi að telja frv. öryggisventil á innflutning búfjár eða ekki. Ef við miðum okkar innflutning á búfé eingöngu við sæðisinnflutning á einni tegund gripa, þ. e. a. s. Galloway-gripa, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá má vel vera, að sú stöð, sem byggð yrði, að Bessastöðum væntanlega, mundi vera fullnægjandi. En það kom greinilega fram á nýafstöðnu búnaðarþingi, eins og raunar er vitað mál, að ef á annað borð farið er að flytja inn búfé og búið að leyfa innflutning á einni tegund gripa, þá kemur þrýstingurinn á meiri innflutning. Þegar á að fara að flytja inn eina tegund af holdanautgripum, kemur fram krafan um að fá inn aðra gripi, sem eru miklu arðsamari, gefa meiri hold, og í öðru lagi að flytja inn mikil og góð mjólkurkyn frá öðrum löndum. Þessu getum við alveg slegið föstu, um leið og búið er að opna gáttina fyrir innflutningi búfjár til landsins. Og í þriðja lagi er ekki ólíklegt, að við mundum enn á ný þrýsta á það, að við fengjum eitthvað af þessum ágætu, ensku sauðfjárkynjum innflutt til landsins, þannig að það er þegar sýnt, að sú sóttvarnarstöð, sem byggja skal samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er ófullnægjandi fyrir innflutning búfjár í framtíðinni. Og það er stórhættulegt, og það er kannske mesta hættan í málinu, ef á að ganga þannig frá því í upphafi að byggja sóttvarnarstöð á þann veg, að hún geti ekki fullnægt innflutningi búfjár og þeim kröfum, sem til hans verða gerðar í framtíðinni. Það er stórhætta. Og þess vegna tel ég, að hér sé um afturför að ræða með byggingu þessarar sóttvarnarstöðvar samanborið við það, sem lögin frá 1948 gera ráð fyrir, vegna þess að þau byggjast á því, að sú sóttvarnarstöð, sem reist yrði, gæti fullnægt innflutningi hvaða búfjártegundar sem væri og hversu mörgum. Og ég hygg, að það hafi líka verið meginstefnan og meginatriðið í því fyrra frv., sem mþn. samdi, sem starfaði að þessum málum í sumar sem leið. Ég hygg, að það muni hafa verið uppistaðan í hennar tillögu- og frumvarpssamningu. En þegar það frv. kemur til ráðuneytisins ásamt kostnaðaráætlun, þótti málið vera svo kostnaðarsamt, að það mundi algerlega dautt í bili, vegna þess að það mundi ekki vera hægt að veita fé til byggingar þeirrar sóttvarnarstöðvar, sem þar var gert ráð fyrir, og annars, sem samhliða þurfti að gera. Og síðan eru athugaðir möguleikarnir á ný með því að takmarka innflutninginn við sæðisinnflutning á einni einustu búfjártegund, sem á að vera til þess að bæta það kyn, þann kálf, vil ég segja, sem einn mjög merkur bóndi hér á landi tók úr kúnni, rétt áður en hún var drepin, og þessi holdanautastofn, sem nú er í landinu, er kominn út af. En ástæðan fyrir því, að sá innflutningur nautgripa, sem gerður var 1933, að ég ætla, tókst ekki betur, var sú, að það kom mjög smitandi húðsjúkdómur með þessum nautgripum til landsins, og voru þeir því drepnir, sem betur fer, vil ég segja. En þó fylgdi nokkur gifta, að þessi kálfur, sem tekinn var, skyldi þó ekki verða neinn smitberi. Þar var sannarlega djarft teflt, en tókst þó giftusamlega.

Þegar við lítum á innflutning sauðfjár til landsins, eins og hv. 9. þm. Reykv. skýrði frá áðan, þá er síður en svo, að við sjáum ekki menjar þess innflutnings hér í landinu enn í dag, vegna þess að það eru þó nokkrir sjúkdómar, sem sauðféð býr við vegna hinna innfluttu sauðfjárstofna, sem hafa verið fluttir til landsins á liðnum áratugum og öldum. Enn þá höfum við ekki getað útrýmt mæðiveikinni og ekki garnaveikinni og ekki kýlapestinni, og ég er ekki alveg viss um kláðann, hvort hann er útdauður. Vonandi er það nú svo, en þó þori ég ekki að fullyrða neitt um þá hluti. Og það er talið nokkurn veginn öruggt mál, að bara mæðiveikin, sá eini sjúkdómur, hafi kostað landsmenn nálægt einum milljarð kr., að ég ætla. Það er síður en svo, að við Íslendingar séum svo auðug þjóð, að við þolum að búa við sauðfjársjúkdóma og eyða jafnmiklu fé í að útrýma þeim og við höfum gert. Þess vegna ber okkur skylda til að reyna allt, sem við getum, til þess að fyrirbyggja það, að sauðfjársjúkdómar herji í landinu. Í mörgum héruðum landsins hefur tekizt mjög vel að útrýma mæðiveikinni, þótt enn þá herji veikin á einstaka stað. Og ástandið er þannig, að meðan ekki er búið að útrýma þessum sjúkdómi, getum við aldrei fullyrt um, hvar hann kann að gjósa upp. Og nú í ár minnir mig, að það sé ætlað á fjárlögum vegna sauðfjársjúkdóma nokkuð á 5. millj. kr., eða álíka upphæð og mundi kosta að byggja nokkurn veginn fullkomna sóttvarnarstöð, en eins og hv. þm. rekur minni til, er ætlað á fjárlögum þessa árs til byggingar sóttvarnarstöðvar 0.5 millj. kr., eða ½ millj. kr., en það að byggja nokkurn veginn fullkomna stöð mundi kosta um 5 millj. kr. eða eins og eins árs framlag vegna sauðfjárpestanna er áætlað á þessu ári. Þess vegna finnst mér, að fyrsta skilyrðið hjá okkur varðandi innflutning búfjár sé það að útrýma þeim sauðfjársjúkdómum, sem við höfum fyrir í landinu, áður en við hugsum til þess að flytja inn búfé á ný. Og þess vegna er ég ákveðinn á móti þessu máli og það alveg eins þótt ýmsir öryggisventlar virðist vera settir á þá væntanlegu löggjöf, sem þetta frv. er undanfari að.

Ég vil vekja athygli hér í frv. á II. kafla, 11. gr., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbrh. heimilað innflutning á sæði úr nautum af Galloway-kyni, en einvörðungu í sóttvarnarstöð ríkisins að Bessastöðum á Álftanesi. Heimild þessa má þó því aðeins nota, að fyrir liggi umsögn forstöðumanns tilraunastöðvar háskólans í meinafræði um fyrirhugaðan innflutning, stjórn

Búnaðarfélags Íslands mæli með honum og yfirdýralæknir samþykki hann.“

Við skulum slá því föstu, að núv. yfirdýralæknir mundi aldrei ljá sitt samþykki við innflutningi búfjár og þar með væri þetta mál úr sögunni. Það voru ýmsir á búnaðarþingi, sem bentu á, að þetta væri óhætt, vegna þess að yfirdýralæknir mundi aldrei ljá sitt samþykki til innflutnings búfjár. En það er nú svo, að hann getur af ýmsum ástæðum horfið frá sínu starfi og í hans stað komið maður, sem undireins slakar á því, þar sem áður hefur verið staðið á verðinum, og því eigum við ekki að byggja löggjöfina eða okkar skoðanir á því, að einhver aðili, sem starfar eftir löggjöfinni, standi fastar fyrir en annar. Löggjöfin á að miðast við það, sem við teljum farsælast hverju sinni, en ekki hver á að framkvæma hana hverju sinni. Þess vegna finnst mér, að þau rök, að það sé óhætt að samþykkja þetta frv., eins og sumir hafa látið í veðri vaka, vegna þess að það komi ekki til innflutnings búfjár, séu ákaflega veigalítil rök í málinu.

Eins og sakir standa, er ég algerlega á móti því, að búfé verði flutt inn. En hv. 9. þm. Reykv. (AGl) benti á það, að bændasamtökin í landinu væru mjög fylgjandi innflutningi búfjár. Það má kannske til sanns vegar færa með búnaðarþing eða meiri hluta þess á liðnum árum, að það hafi verið að reyna að smáþoka málinu áfram, en aftur á móti vil ég benda á ályktun stéttarsambandsfundar frá s. l. ári, þar sem kemur fram algerlega gagnstæð skoðun því, sem hefur verið samþykkt á búnaðarþingi nú og áður, en ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda leggur sérstaka áherzlu á, að ráðandi aðilar um hugsanlegan innflutning erlendra búfjárstofna gæti fyllstu varúðar í því, og minnir á hina bitru reynslu bændastéttarinnar í þessum efnum.“

Það er því fjöldi bænda í landinu, sem er algerlega á móti því, að það verði hafinn að nýju innflutningur á búfé. Það er líka vitað mál, að þegar farið er að flytja inn fleiri tegundir af búfé, t. d. holdanautgripi og mjólkurkyn, eru bændur ekki komnir lengra á veg í ræktunarstarfsemi okkar búpenings en það, að margir mundu, ef til þessa kæmi, verða til þess að eyðileggja sín góðu mjólkurkyn, vegna þess að þeir mundu ekki vera nógu vel vakandi á verðinum og blanda þau holdanautgripum, og þannig yrði þessi innflutningur sízt til bóta, ef til kæmi.

Hér er því margs að gæta, og mér finnst, að þegar dregin eru saman meginatriði málsins, þá sé rík ástæða til að vera á móti málinu. Það er saga liðna tímans, sem sýnir okkur það, að við höfum aldrei hagnazt á innflutningi búfjár, en við höfum liðið stórfelldan skaða við það. Íslenzk bændastétt væri öflug og sterk í dag, ef aldrei hefðu borizt búfjársjúkdómar til landsins, og í öðru lagi liggur ekkert það fyrir í málinu, að söluafurðir innflutts búfjár séu svo miklu verðmeiri, samanborið við tilkostnað, að þar sé um nokkurn hagnað að ræða, þó að við slyppum við alla sjúkdóma, sem mikil áhætta kann að fylgja að berist með þessu búfé til landsins. Og í þriðja lagi, sem er ekki minnst um vert, þá á ekki í neinu að slaka til með byggingu sóttvarnarstöðva og ekki horfa í neina fjármuni í því skyni, og ég hef bent á það, að árlega kosta sauðfjársjúkdómar nokkrar milljónir króna. Það væri hægt að byggja öfluga og góða sóttvarnarstöð og skapa þá aðstöðu, sem talin væri nauðsynleg vegna innflutningsins, fyrir það fjármagn, sem við eyðum nú vegna þessara sjúkdóma.

Ég hef, herra forseti, reynt að gera grein hér fyrir minni afstöðu til þessa máls. Því miður gafst mér ekki kostur á að fjalla um þetta mál í n., og hefði ég að sjálfsögðu gefið út sérálit um málið, en vegna þess að það var ekki hægt, þá vildi ég gera grein hér fyrir minni afstöðu. En ég leyfi mér hér að flytja rökstudda dagskrá við frv., og hljóðar hún þannig, með leyfi forseta:

„Þar sem innflutningur búfjár á liðnum árum og öldum hefur valdið þjóðinni stórkostlegu tjóni, sem enn þá getur verið yfirvofandi, meðan innfluttum búfjársjúkdómum hefur ekki verið útrýmt að fullu, og þar sem aðalkjarni þessa frv., bygging sóttvarnarstöðvar, er spor aftur á bak frá því, sem nú gildir í lögum frá 1948 um slíka stöð, og þar sem ekki er um mikla hagnaðarvon að ræða af búfjárinnflutningi samanborið við áhættuna, telur deildin ekki, eins og sakir standa, tímabært að afgreiða þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég vænti þess, að þessi dagskrártillaga komi til atkvgr. hér í hv. d., um leið og málið verður tekið til atkvgr.

Ég hef svo ekki meira að segja að sinni um þetta mál, en vænti þess, að hv. þm. athugi sinn gang og fylgi þeirri dagskrártillögu, sem hér hefur verið lögð fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það atvikaðist svo, að ég gat ekki mætt á þessum fundi strax þegar hann byrjaði, og ég gat þess vegna ekki hlustað á þær umr., sem hér hafa farið fram, en ég hef heyrt hina rökstuddu dagskrá, og undrast ég mjög, hvað því veldur, að hún er flutt. Mér virðist, að þær stoðir, sem ættu að renna undir hina rökstuddu dagskrá, séu harla veikar og ekki rétt byggðar. Það er talað um innflutning búfjár í dagskránni. Þetta frv. fjallar ekki um innflutning búfjár. Það er talað um þá sjúkdóma, sem hafa komið inn í landið, vegna þess að það hefur verið flutt inn búfé. En einmitt vegna þess, að innflutningur búfjár á undanförnum árum hefur valdið ekki aðeins íslenzkum landbúnaði, heldur íslenzku þjóðinni tjóni, hefur verið horfið frá því að flytja inn lifandi búfé, og til þess að fyrirbyggja, að slíkt geti aftur orðið, er með þessu frv. gert ráð fyrir að koma upp sóttvarnarstöð, sem hefur ekki áður verið komið upp hér á landi, sóttvarnarstöð, sem á að verða til þess að koma í veg fyrir, að sjúkdómar geti breiðzt út hér á landi, vegna þess að það á ekki að hleypa neinum grip út af sóttvarnarstöðinni fyrr en eftir tvö ár. Það er svo alveg sérstakt atriði í þessu máli, að höfundur þessarar dagskrár mælti með því, ekki á búnaðarþinginu á þessu ári, heldur í fyrra, greiddi atkv. með

áskorun til landbrh. að undirbúa frv. til laga um innflutning búfjár á miklu víðtækari hátt en þetta frv. felur í sér. Mönnum er vitanlega leyfilegt að hafa skoðanaskipti, breyta um skoðun á málum og málefnum. En það er vart hægt að hugsa sér meiri hringsnúning en hjá hv. 1. þm. Vesturl. í þessu máli frá því 1961, þegar hann greiðir atkvæði með því að skora á landbrh. að undirbúa löggjöf um innflutning búfjár, eins og ályktunin var þá orðuð. Við vitum það, alþm. flestir, að það hefur verið í lögum frá 1948 að koma upp sóttvarnarstöð í því skyni að flytja inn lifandi búfé. En slík sóttvarnarstöð mundi kosta mikið fjármagn, og það er ekki aðeins það, sem hefur komið í veg fyrir, að þessari stöð hafi verið komið upp, heldur hitt, að menn hafa verið hræddir við afleiðingarnar af því að flytja inn lifandi búfé. Þess vegna hefur verið horfið algerlega frá því.

Á s. l. vori skipaði ég nefnd til þess að endurskoða lög um innflutning búfjár o. fl., og sú nefnd skilaði áliti. Yfirdýralæknir var í þessari nefnd, undirskrifaði þetta álit athugasemdalaust, þar sem gert var ráð fyrir þeim möguleika að flytja inn lifandi búfé og koma upp fullkominni sóttvarnarstöð. En þar sem vitað var, að yfirdýralæknir og ýmsir fleiri töldu, að það gæti verið mikil hætta í því að flytja inn lifandi búfé, var við nánari athugun og eftir að hafa haft nánar viðræður við Ólaf Stefánsson nautgriparæktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralækninn, Pétur Gunnarsson o. fl., sem áhuga hafa fyrir þessum málum, horfið að því ráði að sníða frv. á þann veg að flytja inn sæði í staðinn fyrir lifandi búfé. Ég átti tal um það við yfirdýralækni, á hvern hátt væri hugsanlegt að gera þetta, án þess að hætta væri í því fólgin. Yfirdýralæknir sagði: Það, sem þarf að gera, er það, að við þurfum að senda fagmann til Skotlands og við þurfum, eftir að sæðið hefur verið tekið úr nautinu, að láta slátra því og sannfærast um, að það hafi verið heilbrigt. Á þennan hátt ætti að vera hægt að útiloka allar hættur, með því að koma upp sóttvarnarstöð, sem útilokar það, að nokkuð verði frá henni sent fyrr en eftir tvö ár. — Þetta voru hans tillögur, og með þetta í huga tók hann að sér að semja frv. það til laga, sem nú er hér til umr., ásamt Ólafi Stefánssyni og Pétri Gunnarssyni. Hitt er svo annað mál, og það er eðlilegt, að yfirdýralæknir, sem samkvæmt þessu frv. á að hafa síðasta orðið og bera ábyrgð í þessu máli, segi eitthvað á þá leið: Það er ekkert í þessum heimi, sem er 100% öruggt. — Það getur enginn tekið slíka fullnaðarábyrgð á neinu. En í þessu frv. eru allar þær öryggisráðstafanir teknar upp, sem mannleg þekking hefur yfir að ráða, allar þær varúðarráðstafanir, sem nágrannaþjóðir okkar tileinka sér. Og það vil ég biðja hv. þm. að hafa í huga, þá sem mótmæla þessu frv., að ekki aðeins nágrannaþjóðir okkar, heldur margar fleiri þjóðir hafa nú síðasta áratuginn haft þessa aðferð til þess að kynbæta stofninn, að flytja sæði á milli, og það hefur gerzt án nokkurrar áhættu, án þess að nokkurt slys hafi af því orðið.

Ég heyrði ekki ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég heyrði þó eitt í lokin, að hann sagði, að af þessu mundi ekki vera hagnaður. Það er út af fyrir sig leitt, að bóndinn í Ásgarði skuli leyfa sér að koma með slíka fullyrðingu fram á hv. Alþingi, fullyrðingu, sem styðst við vanþekkingu. Ef hann hefði kynnt sér þessi mál, hefði hann vitanlega ekki leyft sér að viðhafa þau ummæli. Hv. þm. ætti að gera sér grein fyrir því, áður en hann leyfir sér að fullyrða slíkt, hvort það er eðlilegt eða ekki að staðhæfa þetta. Við getum jafnvel verið sammála um, að það borgi sig alls ekki að framleiða mjólk, það borgi sig ekki að reka sauðfjárbúskap, það borgi sig ekki að ala upp naut til slátrunar eða þess konar. Og við getum jafnvel tekið undir með bóndanum, sem reyndar var stórbóndi og átti miklar eignir í landinu, en fullyrti, að hann væri alltaf að tapa. Það var taprekstur á öllu, sem hann gerði, en eigi að síður átti hann stórbú, hann átti stóra jörð, vel uppbyggða, og ýmislegt fleira, og þegar spurt var að því, hvernig stæði á því, að hann gæti átt þetta og talið þetta fram og alltaf var hann að tapa, þá sagði hann eitthvað á þá leið: Ja, það er nú bara misjafnlega mikið, sem maður tapar á hlutunum. — Og ef við erum sammála um, að það sé tap á búrekstrinum, þá ætti hv. 1. þm. Vesturl., bóndinn í Ásgarði, að vera mér sammála um, að það sé misjafnlega mikið tap.

Nú voru gerðar tilraunir í Laugardælum með holdanaut, — holdanaut, sem eru útþynnt. Það er þessi stofn, sem Páll Sveinsson hefur með sinni framsýni verndað í landinu, því að ef Páll Sveinsson hefði t. d. haft sömu skoðun og hv. 1. þm. Vesturl. og hefði bara verið þröngsýnn og afturhaldssamur, þá væri enginn holdanautastofn til í landinu. Það er talið ákaflega mikils virði, að þessi stofn skuli vera til, og það væri ekki til of mikils mælzt, þótt sandgræðslustjórinn í Gunnarsholti fengi einhvern tíma þakkarávarp fyrir að hafa haldið honum við, en þessi stofn er til, og í Laugardælum voru gerðar tilraunir, sem sýndu það, að þótt þessi stofn sé mikið útþynntur, þá var það svo, að á veturgömlu nauti reyndist kroppþunginn á þessu útþynnta holdanauti vera 40 kg meiri en af íslenzku nauti, og það út af fyrir sig var ekki lítils virði, en kjötið af þessu útþynnta holdanauti var jafnvel 40 eða 50% meira virði en af íslenzka nautinu. Þegar kjötið af íslenzka nautinu var 20 kr., þá var kjötið af hinu útþynnta holdanauti frá Gunnarsholti 28—30 kr. Nú skulum við bara segja, að það sé 8 kr. munur á hverju kg af þessu útþynnta holdanauti frá Gunnarsholti og venjulegu íslenzku nauti, og margfalda það með fjörutíu. Þá fáum við út, hvað vannst með því að rækta holdanautin, og það er út af fyrir sig hreint ekki lítils virði. 40 kg á 28 kr., það eru 1120 kr. á ársgömlu nauti. Nú er ekki heppilegt að slátra nautinu ársgömlu. Ég hygg, eða a. m. k. sögðu gömlu fjárbændurnir það, að það ætti að slátra sauðunum annaðhvort þriggja vetra eða fimm vetra, þeir væru vænstir á staka árinu. Ég veit ekki, hvort það er þannig með holdanautin. En við skulum bara segja, að þeim væri slátrað þriggja vetra, og við skulum ekki segja, að það sé 40 kg munur á hverju ári. Við skulum segja, að á þremur árum sé aðeins 100 kg munur, á 28

kr., það eru 2800 kr. Og ég vil minna þá menn á það, sem mótmæla þessu frv. á þeim grundvelli, að það sé ekki hagnaður af því að taka þetta upp, að ef bændur eiga þess kost að hafa holdanaut ásamt öðru í sínu búi, þá verða þetta hreinar aukatekjur hjá þeim. Bóndinn hefur 15—20 kýr og 100—150 ær, og hann minnkar ekki við sig þennan bústofn, þótt hann bæti við sig holdanautum. Og hvers vegna ekki? Það er vegna þess, að holdanautin auka tiltölulega lítið vinnuna við búið. Það þarf ódýrt hús yfir þessi naut, og nautin éta úrgangshey, rekjur og vont hey, sem sauðkindin og kýrin nota ekki. Og það er annað, að holdanautið étur grasið í högunum, sem nú er venjulega brennt. Og þegar við ökum um sveitir landsins nú, þá sjáum við, að það er víða, sem sinan er brennd, vegna þess að grasið hefur ekki verið bitið. Það er þess vegna, að ef bændur gætu almennt átt — við skulum segja 8—10 holdanaut, þá er möguleiki fyrir þá að slátra 2—3 nautum á ári. Þetta er nýtt búsílag. Þetta eru aukatekjur, sem bóndinn fær án þess að kaupa aukinn vinnukraft, án þess að leggja í miklar eða kostnaðarsamar byggingar, án þess að leggja í ræktun, án þess að leggja í aukinn kostnað við vélakaup. Og ég undrast, að það skuli hér í hv. Ed. Alþingis vera bóndi, sem gengur lengst í því að mótmæla þessu. Hitt hef ég hugmynd um, þótt ég hafi ekki haft tækifæri til þess að hlusta á það, að sá eini læknir, sem á sæti í deildinni, hafi einnig mótmælt þessu. Þar kemur til hans vísindamennska, og þar kemur til hans — við skulum segja tilhneiging til þess að tala máli varfærninnar. En þessi hv. þm., sem hefur tileinkað sér vísindamennskuna, verður að leita lengra en til hinnar almennu læknisfræði, áður en hann gerist talsmaður þess að mæla gegn þessu frv. Þá verður hann að kynna sér, hvað hefur gerzt meðal annarra þjóða í þessu efni. Getur hann bent á dæmi þess, að það hafi orðið slys af því að flytja sæði úr nautgripum frá Skotlandi til Noregs? Getur hann bent á, að það hafi orðið slys af því að flytja sæði á milli t. d. Svíþjóðar og Danmerkur, eins og gert hefur verið á undanförnum árum? Nei, hann getur ekki bent á það, vegna þess að þetta hefur ekki átt sér stað, þrátt fyrir það, þótt það hafi verið gert mörg undanfarin ár. En hvers vegna hefur ekki orðið slys? Það er vegna þess, að þessi lönd hafa haft sömu öryggisráðstafanir, sömu hemlana og gert er ráð fyrir að lögfesta með þessu frv. Þetta frv. er samið með tiliti til þess að hafa allar þær öryggisráðstafanir, sem þekkjanlegar eru í heiminum. Og yfirdýralæknir játar það í sinni grg., að allar öryggisráðstafanir, sem þekkjanlegar eru, hafi verið teknar inn í þetta frv.

Það er eðlilegt, að hv. alþm. séu samvizkusamir og hugsi sem svo: Við megum ekki brenna okkur aftur á því, sem áður hefur gerzt í þessum málum. — Íslenzka þjóðin hefur orðið fyrir miklu tjóni undanfarið af búfjársjúkdómum. Það er eðlilegt, að menn hafi þetta í huga, og það er einmitt þetta, sem haft var efst í huga, þegar þetta frv. var samið. Það var haft efst í huga. Þess vegna eru allar þær öryggisráðstafanir, sem nú eru þekkjanlegar, teknar inn í frv. Og út af fyrir sig geta þeir, sem eru tortryggnastir á þetta mál, greitt þessu frv. atkv., vegna þess að þó að þetta frv. verði að lögum, þá koma lögin ekki til framkvæmda, nema forstöðumaður tilraunastöðvarinnar á Keldum sé því samþykkur, nema Búnaðarfélag Íslands vilji mæla með því, nema yfirdýralæknirinn vilji samþykkja það. Það er þess vegna þrefalt öryggi, sem gildir í þessu máli. Og þótt þetta frv. verði að lögum, verður það ekki framkvæmt, nema þeir, sem hafa bezta þekkingu í þessum málum, verði því samþykkir.

Ástæðan til þess, að ég er talsmaður þessa máls, er einfaldlega sú, að ég hef gert mér ljóst, að með því að lögfesta þetta frv. er bændum landsins gefið tækifæri til þess að koma á stofn nýrri búgrein, sem getur orðið þeim drjúgur tekjuauki. Og ég tel, að það sé rétt stefna í íslenzkum landbúnaði að vinna að því að gera búskapinn fjölbreyttari, koma fleiri og styrkari fótum undir búskapinn, til þess að bændurnir geti orðið frekar en orðið hefur fjárhagslega sjálfstæðir. Og það er rétt stefna að vinna að þessu máli á þann veg, að bændurnir geti hverju sinni rekið sitt bú á sem sjálfstæðastan hátt, með sem minnstum styrkjum frá því opinbera.

Þetta mál, frv. til laga um innflutning búfjár, eins og það heitir, er þannig, að I. kafli þess er óbreyttur frá núgildandi lögum. En það er annar kafli þessa frv., sem byrjar með 11. gr., sem hér er raunverulega til umr. Þetta frv. er í rauninni ekki um innflutning búfjár, heldur um það, hvort skuli leyfa innflutning á sæði, þegar allar öryggisráðstafanir eru viðhafðar. Og ég vil ætlast til þess, að hv. alþm. athugi þetta gaumgæfilega, hugsi rökrétt um þetta, hugsi um þetta á annan hátt en hv. 1. þm. Vesturl., vegna þess að hann hefur ekki hugsað um þetta rökrétt. Hann hefur hugsað um þetta frá óskiljanlegum sjónarmiðum. Hann hefur ekki hugsað það rökrétt. Hv. 1. þm. Vesturl. mælti með innflutningi búfjár og holdanautamálinu 1960 og 1961, þegar um það var að ræða að flytja inn lifandi búfé og koma upp sóttvarnarstöð í því skyni. En þegar öryggisráðstafanir eru auknar, þegar horfið er frá því að flytja inn lifandi búfé og þegar allir öryggishemlar eru í fyllsta lagi, þá kemur þessi hv. þm. hér upp í ræðustól og talar viðvörunarorð. Ég veit það, hæstv. forseti, að hv. þm. fyrirgefa mér, þótt ég skilji ekki þennan málflutning og þótt ég leyfi mér að segja, að það er eitthvað annað en rökrétt hugsun eða heilbrigð skynsemi ráði slíkum málflutningi. Hitt vil ég svo undirstrika, og það vil ég virða, þótt hv. þm. vilji ræða um þetta mál af þeirri íhygli, sem nauðsynleg er, þegar það er haft í huga, hversu mikið íslenzka þjóðin hefur skaðazt af búfjársjúkdómum. En ég vil um leið minna hv. alþm. á það, að þetta frv. er samið af mönnum, sem höfðu það sérstaklega í huga, að íslenzka þjóðin hafði orðið fyrir miklu tjóni vegna þess, að það var flutt inn búfé án þess að gæta nauðsynlegra öryggisráðstafana.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég hef ekki ástæðu til að mótmæla þeim umr., sem hér hafa farið fram, vegna þess að ég

hlustaði ekki á þær, en ég vil mælast til þess, að hv. þm. samþykki þetta frv., um leið og þeir gera sér fulla grein fyrir því, að frv. er samið af mönnum, sem hafa gert sér grein fyrir hættunum. Og lögin koma ekki til framkvæmda, nema allar hugsanlegar öryggisráðstafanir séu viðhafðar.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Brennt barn forðast eldinn. Þannig hljóðar eitt íslenzkt spakmæli og ágætt. En þó að brennd börn forðist eldinn, þá held ég samt, að enginn fulltíða maður, sem einhvern tíma hefur brennt sig í æsku, gangi svo langt, að hann afneiti því með öllu að nota eld allt sitt líf. Þeir hv. þm., sem hér hafa talað á móti þessu frv., hv. 9. þm. Reykv. (AGl) og hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), röktu báðir þá sögu um 200 ár, sem hér á landi hefur gerzt að því er snertir innflutning búfjár og afleiðingar af honum, sem eru sannast að segja mjög slæmar yfirleitt. En þrátt fyrir það, þó að við höfum rekið okkur svona illilega á það, að inn í landið hafa flutzt sjúkdómar með innfluttu fé, þá get ég ekki fallizt á þá hugsun, að við skulum um aldur og ævi forðast það að flytja inn nokkurt búfé.

Nú er ekki einu sinni um það að ræða í þessu frv. að flytja inn búfé, heldur aðeins sæði úr búfé. Hv. 9. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu áðan, að það væri nokkru minni hætta í því að flytja inn sæði heldur en flytja inn búfé, en að vísu gæti stafað hætta af því. Hv. 9. þm. Reykv. las hér upp nokkur orð úr áliti dr. Björns Sigurðssonar um þessi mál, þar sem segir, — ég held, að ég hafi náð því orðrétt upp: Áhættuminnst er að flytja inn sæði til fullkominnar sóttvarnarstöðvar. — Það var a. m. k. mjög á þessa leið. Nú er gert ráð fyrir að setja upp fullkomna sóttvarnarstöð einmitt til þess að flytja inn sæði. Þá er að þessu leyti mjög farið að nálgast skoðun dr. Björns Sigurðssonar, ef menn á annað borð eiga að láta sér detta í hug nokkurn innflutning í þessu efni. Og er hér eins tryggilega frá öllum greinum þessa frv. gengið og föng eru á. Yfirdýralæknir þarf að samþykkja, að stöðin verði sett upp. Forstöðumaðurinn á Keldum í meinafræði þarf einnig að samþykkja það, Búnaðarfélag Íslands sömuleiðis. Ég vil taka það fram, að það er ekki öldungis 100% víst, að allar þessar öryggisráðstafanir dugi, en það eru ákaflega miklar líkur til þess, og það er enginn hlutur hér í okkar lífi, sem er 100% öruggur. Ef allt ætti að vera þannig öruggt, þá væri enginn maður til á Íslandi t. d., því að það var mikil áhætta fyrir innflytjendur til landsins að leggja á hafið. En þetta gera menn í öllum greinum, en menn reyna auðvitað að gera öryggið eins mikið og unnt er.

Hv. 9. þm. Reykv. benti á, að 1933 hefði verið flutt inn erlent fé til sláturfjárbóta og með því hefðu komið sjúkdómar. Þetta er ekki rétt. Með því fé komu, held ég, alls engir sjúkdómar. En hins vegar komu mjög alvarlegir sjúkdómar með karakúlfénu, sem var flutt inn í allt öðrum tilgangi en að bæta sláturfé. Þetta er ekki stórt atriði, en ég vildi gjarnan leiðrétta það.

Þá hefur verið á það minnzt, að ef það væri stórkostleg hætta að flytja sæði hingað til Íslands, þá hlyti einnig að vera hætta að flytja sæði milli annarra landa. En nú er þetta orðið mjög algeng framkvæmd og víða notuð og talin allra minnst hætta af því að flytja einmitt djúpfryst sæði milli landa.

Hv. 1. þm. Vesturl. var að tala um staðinn, sem valinn hefur verið, og það væri mjög óviðeigandi að velja einmitt þennan stað. Ég get ekki séð, að það sé neitt óviðeigandi að velja þann stað hér í grennd við Reykjavík, þar sem að áliti kunnugra manna verður ódýrast að reka þessa stöð. Hann lét þau orð einnig falla, að forsetinn á Bessastöðum mundi síður en svo vera hrifinn af þessari hugmynd. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda hér á eina grein í grg. þessa frv.: „Landbrh. spurðist fyrir um afstöðu forseta Íslands til þessa máls, og sýndi forsetinn því strax mikinn skilning og áhuga og vildi fyrir sitt leyti heimila aðstöðu á staðnum til þess.“ Þetta virðist mér afsanna orð hv. þm. um það, að þarna væri verið að þvinga einhverju inn á þetta merkilega höfðingjasetur.

Þá hefur það komið fram hér í umr., að hætta muni geta stafað af því, að búfé verði flutt út úr girðingunni, út úr sóttvarnarhólfinu, út frá sóttvarnarstöðinni, og það kynni að geta borizt sýkingarhætta með því. En í 16. gr. stendur skýrum stöfum: „Aldrei má flytja búfé út úr sóttvarnarstöð ríkisins, og girða skal tryggilega fyrir það, að það hafi nokkurt samband við búfé utan hennar.“ Og í 19. gr. stendur: „Eigi er heimilt að flytja sæði úr nautgripum í sóttvarnarstöðinni til notkunar utan hennar fyrr en tveim árum eftir að fyrst var sætt í henni með hinu innflutta sæði.“ M. ö. o.: Þarna á að einangra þær skepnur algerlega innan girðingarinnar, sem þangað verða fluttar til þess að framkvæma kynblöndunina. En hún er hugsuð þannig, að fluttar verði frá Gunnarsholti kýr, sem þar eru til, blendingar af Galloway-kyni, og síðan hreinræktaðar þarna í stöðinni.

Eins og frá þessum málum öllum er gengið í frv. og rakið hefur verið, virðist mér, að það sé eins mikið öryggi í því, að ekki flytjist sjúkdómar inn með þessu sæði, eins og mögulegt er að gera sér vonir um. Hitt er svo aftur annað mál, þó að einhverjir menn hafi á því þá skoðun, að það eigi alls ekki að hætta nokkru til, ekki einu sinni svona litlu. En þá verðum við Íslendingar alger undantekning frá öðrum þjóðum, sem yfirleitt, a. m. k. nágrannaþjóðirnar, hafa farið út á þessa braut, að kynbæta sína stofna einmitt á þennan hátt. Og þó að varfærni sé góð, getur hún þó gengið út í öfgar, og þeir menn. sem hafa ár eftir ár, t. d. bændur á búnaðarþingi, óskað eftir því, að leyfður væri innflutningur á holdanautum eða vissum kynjum nautgripa, gera sér auðvitað ljóst, að einhver örlítil hætta kann að vera þessu samfara. En með þeirri vísindalegu þekkingu og aðferðum, sem nú þekkjast, og með því að viðhafa þá varúð, sem hér kemur fram í þessu frv. á allan hátt, þá hafa þeir talið, að ekki væri áhorfsmál að leggja út í þetta. Síðasta búnaðarþing meira að segja samþykkti áskorun með 19:4 atkv., að mig minnir, um það að styðja að því, að þessi hugmynd kæmist í framkvæmd.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta. Mín afstaða til málsins er hreinlega sú, að ég álít, að íslenzkur landbúnaður og íslenzk bændastétt verði að fá sem allra flestar búgreinar til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og kanna, hvort þar er ekki um aukna tekjumöguleika að ræða. Kynbætur búfjár hafa um langan tíma verið alviðurkenndar sem eitt öruggasta ráðið til þess að auka afrakstur búanna. Fjölgun búgreina annarra er einnig mikilsvirði, t. d. fiskeldi og ýmiss konar ræktun, og hvar sem maður eygir möguleika til þess að renna styrkari stoðum undir landbúnaðinn, þá tel ég, að það verði að kanna vandlega og leggja út í framkvæmdir, ef líkur — og ég tala nú ekki um þegar miklar líkur eru til, að það geti gefið auknar tekjur og aukna fjölbreytni í framleiðsluna. Ég get vel játað það, að ég hef ekki haft þann áhuga fyrir þessu máli sérstaklega, að ég teldi, að ætti að leggja út í verulega hættu þess vegna. En eins og þessi mál öll horfa við nú orðið og eins og þetta er undirbúið nú hér, þetta frv., þá get ég ekki annað en stutt það, því að ég tel hættuna af smitun í sambandi við innflutning þessa sæðis svo litla, að það sé of mikil svartsýni og of mikil íheldni og of mikil varúð og hræðsla að þora ekki að leggja út í það.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. (BGuðm) ræddi þetta mál af rökum, eins og hans var von og vísa, og gat þess, að hann hefði aldrei verið spenntur fyrir innflutningi búfjár, þótt hann vildi styðja þetta frv. Ég get vel hugsað mér, að hv. þm. hafi oft íhugað þetta mál, og ég efast ekki um, að þeir hv. þm., sem á sínum tíma hafa talað fyrir innflutningi búfjár, hafi verið sama sinnis og þessi hv. þm., að þeir hafi ekki séð áhættuna, þeir hafi séð í hillingum blómlega bændastétt á Íslandi í framtíðinni. En sagan hefur kennt okkur allt annað. Ég efast ekki um, ef vel hefði til tekizt, að við hefðum getað fengið arðvænlegra og kannske betra sauðfjárkyn í landinu en nú er, og þeir, sem talað hafa fyrir innflutningi búfjár, hafa eygt þá möguleika. En staðreyndin hefur orðið allt önnur. Og af sögunni eigum við að læra. Það er síður en svo, að ég vilji gerast talsmaður þess á neinum vettvangi, að við eigum ekki að efla íslenzkan landbúnað eins og tök eru á og auka fjölhæfni landbúnaðarins. Að þessu hefur verið unnið í stórum stíl á undanförnum áratugum og það án þess að hafi verið gripið til innflutnings búfjár. Möguleikar íslenzkrar gróðurmoldar eru svo miklir, að það er á margvíslegan hátt fært að auka fjölhæfni í landbúnaðinum, þótt ekki sé flutt inn búfé, og ég get endurtekið það hér, að ég er þeirrar skoðunar, að það sé engan veginn tímabært að flytja inn búfé eða búfjársæði, meðan við verðum fyrir stórum fjárútlátum árlega vegna innflutnings búfjár á liðnum áratugum. Það er mín skoðun. Og það má hver segja hvað sem hann vill persónulega um mig í því sambandi, það skiptir mig ekki nokkru máli. Ég hef tekið þetta mál málefnalega, en ekki persónulega, og mig undrar það út af fyrir sig ekki nokkurn hlut, þó að hæstv. landbrh. komi hér fram og segi mig hafa haft allt aðra afstöðu í þessu máli en ég hafi núna, vegna þess að hæstv. ráðh. er þekktari í þingsölunum að öðru en því að fara rétt með staðreyndir, hann er þekktari að öðru. Ég vil því upplýsa þennan hæstv. ráðh., — eða það skiptir engu máli, hvort ég upplýsi hann eða ekki, — en ég vil upplýsa þingheim um það, hver mín afstaða hefur verið, og hún er nákvæmlega sú sama í dag og hún hefur verið á búnaðarþingi á undanförnum árum. Við þeim tillögum, sem lágu fyrir búnaðarþingi í fyrra, sagði einn maður nei, Benedikt H. Líndal. Fjórir sátu hjá: Ásgeir Bjarnason, Jón Sigurðsson og Sveinn Guðmundsson, og er það að vera með málinu? En ráðh. hæstv. tvítók það, að ég hefði verið með málinu í fyrra. Ég lái honum þetta ekkert, vegna þess að hann er þekktari að öðru en því að fara rétt með staðreyndir, og það er almannaálit á þessum hæstv. ráðh., utan þings og innan.

Svo vil ég vekja athygli á þeim tillögum, sem lágu fyrir búnaðarþingi í fyrra. Ég vil lesa þær upp, með leyfi forseta. Ég gerði það hér í kvöld, og ég skal gera það aftur:

„Búnaðarþing leggur til: 1) Að nú þegar verði unnið að því með innflutningi djúpfrysts sæðis að hreinrækta hinn erlenda holdanautastofn, sem fyrir er í landinu. 2) Að jafnframt séu athugaðir möguleikar á því að koma upp hér í landinu fleiri hreinræktuðum holdanautastofnum með innflutningi nýfæddra kálfa, svo sem Hereford og Aberdeen Angus, enda verði þeir aldir upp í öruggri sóttkví með innlendum nautgripum, þangað til fullkomið öryggi fæst um heilbrigði þeirra. Innflutningurinn á sæði og gripum fari fram samkv. lögum um innflutning búfjár. 3) Að máli þessu verði vísað til landbrh. til athugunar og framkvæmda."

Síðan kemur hæstv. landbrh. og segir, að ég hafi samþykkt þessar tillögur í fyrra, samþykkt miklu víðtækari tillögur en þetta frv. feli í sér, því að það hafi falið í sér þessar tillögur um innflutning á búfé. Við skulum bara taka þetta lið fyrir lið og vita, hvort hæstv. ráðh. getur skilið það. Hann virðist ekki hafa gert það. Fyrsta till. er þannig, að nú þegar verði unnið að því með innflutningi djúpfrysts sæðis að hreinrækta hinn erlenda holdanautastofn, sem fyrir er í landinu. Í öðru lagi, að jafnframt séu athugaðir möguleikar á innflutningi á öðrum holdanautakynjum, — athugaðir möguleikar. Ég sá enga ástæðu til þess að vera á móti því að athuga möguleikana á því. En nóta bene í þessu öllu saman, sem er grundvallarskilyrðið á búnaðarþingi og hefur verið á öllum búnaðarþingum þar til nú í ár, var það, að innflutningurinn á sæði og gripum fari fram samkvæmt gildandi lögum um innflutning búfjár, um fullkomna sóttvarnarstöð, ekki stöð, sem er byggð fyrir sæði úr einni nautgripategund. Þetta er algerlega nýtt í málinu, og búnaðarþing hefur aldrei beðið hæstv. ríkisstj. um að breyta lögunum að því er varðar sóttvarnar-

stöð fyrir innflutning á búfé. Hæstv. ráðh. var hér ekki inni, þegar ég gerði grein fyrir mínu máli, en ég tel það vera mjög áhættusamt fyrir íslenzkan landbúnað og innflutning á búfé til Íslands eða búfjársæði að hafa sóttvarnarstöð, sem er eingöngu miðuð við sæði úr einni einustu tegund gripa, vegna þess að við vitum það, að þrýstingurinn á fleiri tegundir nautgripa, holdakyn og mjólkurkyn og sauðfjárkyn, hann kemur undireins á eftir, þegar búið er að opna gáttina. Þess vegna eigum við ekki að hefja innflutning búfjár, fyrr en við getum komið upp svo öflugri sóttvarnarstöð, að hún geti mætt þeim þrýstingi, sem við getum reiknað með að verði í framtíðinni.

Ég þarf ekki og sé enga ástæðu til að fara að endurtaka það, sem ég hef áður sagt í þessu máli, því að mín afstaða er og hefur alla tíð verið skýr í málinu, og svo getur hver og einn afbakað hana, eins og honum finnst hann vera maður til.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það stæði í minni rökstuddu dagskrá, að það væri engin hagnaðarvon af innflutningi búfjár. Það er ekki rétt, því að í minni rökstuddu dagskrá stendur: „Þar sem ekki er um mikla hagnaðarvon að ræða af búfjárinnflutningi samanborið við áhættuna.“ Og hver er hagnaðurinn á liðnum áratugum og öldum af innflutningi búfjár samanborið við þá áhættu og þá sjúkdóma, sem borizt hafa með innflutningnum? Ég skammast mín síður en svo fyrir mína afstöðu í þessu máli, og ég hélt satt að segja, að það væri hverjum og einum hér á Alþingi skylt að gera grein fyrir sinni afstöðu, og ég hef gert það og vænti þess, að hv. þm. líti öfgalaust á þetta mál og miði sína afstöðu við þá reynslu, sem við höfum af innflutningi búfjár, og þá möguleika, sem þeir telja að við kunnum að hafa til að hagnast á innflutningi á búfé í framtíðinni eða sæðisinnflutningi. En það er vert að geta þess í sambandi við sæðisinnflutninginn, af því að það hefur verið undirstrikað, að hér væri eingöngu átt við það að flytja inn búfjársæði, að ég skal játa það, eins og ég hygg að flestir muni hafa gert, að það er áhættuminna en flytja inn búfé. En það er enginn maður og enginn vísindamaður, sem hefur haldið því á lofti, að það væri áhættulaust, það er síður en svo, því að margvíslegir sjúkdómar hafa borizt milli landa með sæðisflutningum. Og þótt við ætlum á þann hátt að tryggja okkur gegn sjúkdómshættu, þá getum við aldrei verið öruggir í þeim efnum.

Ég vil taka það fram að gefnu tilefni, að það er síður en svo, að ég hafi á nokkurn hátt látið hnjóðsyrði falla í garð þeirra manna, sem hafa unnið að nál. og samningu þeirra frv., sem gerð hafa verið, bæði þess, sem hafnað var, og hins, sem hér er til umr., — það er síður en svo. Ég met þá menn mjög mikils, þeir eru mikilhæfir. Ég met Ólaf Stefánsson mjög mikils. Hann er þekktur að því í sínu starfi að vera öruggur og flana ekki að neinu, og sama hygg ég að muni vera með Pétur Gunnarsson, og afstaða yfirdýralæknis, Páls A. Pálssonar, sem ég hef hér oft vitnað í, ég neita því ekki, að mér finnst hún vera sú afstaða og koma það skýrt fram, að Alþingi beri að taka fullt tillit til hennar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er í rauninni ekki ástæða til þess að ræða þetta mál miklu meira vegna þess, sem hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) sagði. Hv. þm. var að reyna að gera grein fyrir því, að afstaðan nú á hv. Alþingi væri ekki í ósamræmi við það, sem hafði gerzt á búnaðarþingi. Ég hygg nú, að hv. þingmenn og aðrir, sem hafa hlustað á þessa ræðu, hafi sannfærzt um, að þessi tilraun hv. þm. mistókst algerlega. Hv. áheyrendur heyrðu, að hv. 1. þm. Vesturl., bóndinn í Ásgarði, sat hjá á búnaðarþingi 1961 (**ÁB:** Það er annað en vera með), þegar ályktunin var gerð um það ekki aðeins að flytja inn sæði, heldur einnig að athuga það að flytja inn lifandi búfé. Þá sat hv. þm. hjá. (**ÁB:** Það er ekki rétt.) Þá sat hv. þm. hjá og mótmælti því alls ekki. En það er vitanlega reginmunur á því að flytja inn sæði úr búfé eða lifandi búfé.

Ég gat ekki að því gert áðan að minna hv. þm. á það, að afstaða þm. var af annarlegum sökum, sem ég gat ómögulega skýrt, og ég afsaka mig með því, að ég er enginn sálfræðingur. Ég hef ekki hugsað mér að fara að kryfja það til mergjar, hvers vegna þessi greining á manninum hafi komið fram, og ég læt það alveg hlutlaust. Það væri miklu frekar þessi eini læknir og hv. þm., sem hér hafði tekið til máls í kvöld, sem ég hef ekki hlustað á, — það væri miklu frekar, að hann gæti skýrt þetta á einhvern veg, hvers vegna þessi klofningur í sál hv. þm. hafi átt sér stað. Og mér þætti ákaflega vænt um það, ef hv. þm., læknirinn, sem hér á sæti, gæti á vísindalegan hátt gert okkur þm. það ljóst, hvernig þessi sálgreining, hvernig þessi klofningur gæti átt sér stað. Og ég vísa til hv. þm., læknisins, í þessu efni.

En það er ekki aðeins í þessu máli, sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur verið óskiljanlegur í þessari hv. deild. Þessi hv. þm., sem hefur átt sæti á búnaðarþingi, hefur leyft sér að mæla eindregið með því að leggja skatt á bændur til þess að byggja höllina hér í Reykjavík, og hann hefur talið það alveg sjálfsagt. Hann hefur talið, að það væri bændum til mikils hagnaðar að gera það. Hann hefur jafnvel á sama augnabliki fullyrt, að það væri árás á bændur, ef þeir borguðu 1% gjald af búvörum til búnaðarsjóðanna til þess að byggja þá upp, til þess að gera það mögulegt, að bændur gætu fengið í framtíðinni hagstæð lán á miklu viðtækari hátt en áður hefur gerzt frá búnaðarsjóðunum. Og ég segi nú það, að þegar hv. þm. leyfa sér að koma þannig fram hér í hv. Ed. eins og hv. 1. þm. Vesturl. hefur gert, ekki bara í þessu máli, heldur einnig í hinu málinu, þá held ég, að mér verði fyrirgefið það, — og ég hygg, að það séu fleiri hér í hv. d., sem hafa sömu skoðun, — að það er ekki mögulegt að taka þennan málflutning alvarlega. Þessi málflutningur hlýtur að vera til orðinn vegna áhrifa einhvers staðar annars staðar frá. Gæti það verið af flokkslegum ástæðum? Gæti það verið? Ég spyr. Ég ætla ekki að svara. En við hér í hv. Ed. höfum einn

sálfræðing, og það getur vel verið, að hann geti gefið skýringu á þessu.

Hv. þm., bóndinn í Ásgarði, talaði um, að það væri ekki ástæða til þess að fara að flytja inn t. d. betra sauðfjárkyn en við höfum. Ég held nú satt að segja, að við Íslendingar höfum það bezta sauðfjárkyn, sem við getum haft, miðað við þá staðhætti og veðráttu, sem er á Íslandi. Okkar sauðfjárkyn er harðgert. Það er sniðið eftir okkar loftslagi. Okkar sauðfjárkyn hefur möguleika til þess að hagnýta sér þá staðhætti, sem landið hefur að bjóða, og okkar dilkakjöt er líklega það bezta, sem er á boðstólum í veröldinni. Ég mundi þess vegna alls ekki leggja til, að okkar sauðfjárkyn væri bætt frá því, sem það er, vegna þess að það hefur sniðið sig alveg eftir landsháttunum. Það er nægilega harðgert, og það er gott, að við getum ekki bætt það. Ef við færum að flytja inn erlent sauðfjárkyn, þá yrði það til þess að gera okkar stofn linari og ekki eins færan um það að búa við þá veðráttu, sem okkar land hefur að bjóða.

Hv. þm. var að tala um, að það væri ekki tímabært að flytja inn sæði, á meðan við höfum enn skaða af því að hafa flutt áður inn lifandi búfé. Ég bið hv. þm. og aðra áheyrendur að hugsa um þetta. Ég skrifaði setninguna orðrétta: Ekki tímabært að flytja inn sæði, meðan við höfum enn skaða af því að hafa flutt inn búfé. — Eru nokkur rök í þessu? Þetta er hrein rökleysa. Erum við ekki sammála um það? Jú. Við erum sammála um það, að einmitt vegna þess, að við *fluttum* inn lifandi búfé áður, þá höfum við enn af því skaða. Og af því að við fluttum inn lifandi búfé og fengum af því skaða og sjúkdóma, þá erum við horfnir frá því að gera það. En þegar rætt var um það á búnaðarþingi 1961 að athuga að flytja inn lifandi búfé, þá sat hv. 1. þm. Vesturl. hjá. Hann fann ekki ástæðu til þess að mótmæla því þá. En þegar við flytjum frv. hér á hv. Alþingi, sem hefur til að bera allar öryggisráðstafanir, sem hugsanlegar eru, og hverfum frá því að flytja inn búfé, heldur aðeins sæði, þá telur þessi sami þm., sem sat hjá, þegar rætt var um að flytja inn lifandi búfé, ástæðu til þess að mótmæla þessu frv. Ég vitna enn til sálfræðingsins. Ef hann gæti fært rök fyrir þeim klofningi, sem veldur þessum skoðanamun á ekki lengri tíma en einu ári, þá hefði hann efni í doktorsritgerð.

Ofan á þetta fullyrðir hv. þm., að hann hafi alveg nákvæmlega sömu afstöðu og áður. — Ég tel ekki ástæðu til þess að eyða tíma í það, — hann segir, að hann hafi alveg nákvæmlega sömu afstöðu og áður. Nei, við skulum ekki eyða tíma í að ræða um það.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um ályktun búnaðarþings og las hana upp, og ég tel ekki ástæðu til þess að ræða það frekar, það hefur verið skýrt, að hv. þm. sat hjá 1961, þegar rætt var um möguleikana á því að flytja inn lifandi búfé. En hann telur ástæðu til 1962 að mótmæla því harðlega, þegar horfið er frá því og gert er ráð fyrir að flytja inn sæði, en yfirdýralæknir, sem hv. þm. hefur þó áreiðanlega nokkurt álit á, segir í sinni grg., í sínum fyrirvara, að hætta við sæðisinnflutning sé mun minni en við innflutning á lifandi gripum. Og ef hv. 1. þm. Vesturl. hefði lesið þessa grg. yfirdýralæknisins, þá held ég, að hann hefði sloppið við að fullyrða það, sem hann gerði hér áðan og öllum er augljóst að var í fullkomnu ósamræmi við hans fyrri afstöðu. Yfirdýralæknir segir enn fremur: „Að sjálfsögðu er unnt að draga mjög verulega úr hættu af sæðisinnflutningi með varúðarráðstöfunum, svipað og gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem fyrirhugað er að flytja sæðið aðeins í sérstaka sóttvarnarstöð, en aldrei verður þó hægt að búa svo um hnútana, að eigi verði nein áhætta af sæðisinnflutningi.“ Þetta finnst mér alveg eðlilegt orðalag hjá yfirdýralækni. Það er vitanlega aldrei hægt að gera þær öryggisráðstafanir, sem eru alveg 100%, og einmitt vegna þess, að þetta frv. gerir ráð fyrir því, að ábyrgðinni sé skellt á yfirdýralækni, það er undir honum komið, hvort þessi lög kæmu til framkvæmda, þá er alveg eðlilegt, að hann hafi þennan fyrirvara. En mér finnst það ákaflega mikils virði, að hann segir, að það sé mun minni áhætta að flytja inn sæði en lifandi búfé. Og hann segir: Það er vitanlega aldrei hægt að fullyrða örugglega, að engin hætta fylgi þessum sæðisinnflutningi. — Hvers vegna skyldi hann fullyrða það? Það er ekkert í þessum heimi alveg 100% öruggt. Og það er rétt að athuga það, að nú hin síðustu árin hefur verið flutt sæði á milli landa, en þeirra öryggisráðstafana gætt, sem eru nefndar í þessu frv. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það skeði einhvern tíma slys með sæðisinnflutning, en það var áður en sú þekking var fyrir hendi, sem menn ráða yfir nú, það var áður en þær öryggisráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að lögfesta, voru ráðandi. Í 7—10 ár, síðan menn tileinkuðu sér þær öryggisráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að lögfesta með þessu frv., hefur ekkert slys orðið. Og það er það, sem við hljótum að leggja nokkuð mikið upp úr.

Ég hef enga ánægju af því að vera að deila við hv. 1. þm. Vesturl. eða aðra. Ég man, að fyrir nokkrum vikum mælti þessi hv. þm. gegn 1% gjaldi af búvörum til landbúnaðarsjóðanna, eftir að hafa mælt með ½% skatti vegna bændahallarinnar, og ég sagði eitthvað á þá leið þá, að hv. þm. ynni ekki að hagsmunum bændastéttarinnar með þessari afstöðu sinni. Ég sagði eitthvað þá í þá átt, að það væri leitt, að bóndinn í Ásgarði, sem átti merkan föður og bústólpa, skuli ekki hafa meiri skilning á því, sem bændunum er fyrir beztu, heldur en kemur fram í hans ræðum hér á hv. Alþingi. Hitt efast ég svo ekkert um, að innst inni slær miklu betra hjarta en fram kemur í ræðum þessa hv. þm. Ég er t. d. ekki í nokkrum vafa um það, að hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, vill bændunum vel. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Ég er alveg sannfærður um það, að hann vill bændunum vel, öllum bændum. En það eru einhverjar annarlegar ástæður, sem ráða því, að ræður hans hér á hv. Alþingi eru ekki í samræmi við það, sem hann vill gera. Það var einu sinni góður maður, sem sagði: „Það góða, sem ég vil, það geri ég ekki, en það vonda, sem ég ekki vil, það geri ég.“ Og hver er það þá, sem fær hv. þm. til þess að gera það, sem hann vill ekki

gera? Hver er það, sem fær hann til þess að segja það, sem hann vill ekki segja? Það er spurning, sem ég ætla ekki að svara í dag, en það eru margir, sem munu gizka á, að það sé það, sem kallað er ofan frá, flokksforustan. En þrátt fyrir allt þetta vil ég ekki vera vonlaus um þennan hv. þm., vegna þess að enn er hann ekki svo gamall, að hann ætti að geta bætt sig frá því, sem verið hefur. Og ég vil bera fram þá ósk honum til handa, að hann megi eftirleiðis leitast við að vera sjálfstæður og tala nokkuð í samræmi við sinn innri mann.

Það var náttúrlega alveg fráleitt hjá hv. þm. áðan, þegar hann var að tala um fullkomna sóttvarnarstöð og ófullkomna sóttvarnarstöð. Það, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., er að koma upp sóttvarnarstöð, sem er fullkomin að því leyti, sem verkefni hennar er ætlað. Það er gert ráð fyrir að koma upp fullkominni sóttvarnarstöð að því leyti, sem þetta frv. ætlast til. Og staðurinn hefur verið valinn. Fjárveiting er fyrir hendi á fjárlögum. Og hvers vegna gleðst ekki hv. þm., bóndinn í Ásgarði, af flutningi þessa frv.? Ég væri glaður að mega heimsækja bóndann í Ásgarði og hann hefði í haganum 10—12 holdanaut. Og án þess að ég þekki fjárhag hv. þm., þá veit ég, að það gæti komið sér vel fyrir hann að geta slátrað tveimur til þremur holdanautum á ári. (**ÁB**: Hver étur svo mikið í einu?) Hvað sagði þm.? (**ÁB**: Ég sagði, að ráðh. æti ekki tvö naut í einu.) Nei, nei, nei. Ég kæmi nú ekki að Ásgarði til þess að éta bóndann út á húsgang. Ég mundi koma að Ásgarði til þess að tala við hann um landsins gagn og nauðsynjar, drekka hjá honum kaffi og heyra frá honum, hvernig búskapurinn gengi, og ég efast ekkert um það, búskapurinn gengur vel hjá hv. þm. En hitt er ég alveg sannfærður um, að hann gæti tekið á móti tekjuauka, sem holdanautin mundu færa honum, það er ég alveg sannfærður um.

Og nú vil ég að lokum fara þess á leit við hv. þm., að hann láti allar annarlegar hugleiðingar fara fyrir borð og næst, þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn, þá tali hann eins og hjartað vill, eins og sjálfstæð persóna, en segi ekki þau orð, sem honum hefur verið sagt að segja. Það er þetta, sem ég ætlast til. Og það er þetta, sem ég veit að hv. þm. vill gera. Spurningin er bara þetta: Er viljinn nógu sterkur? Er þrekið nógu mikið? Ég vil vona það, þangað til annað sannast með framkomu þingmannsins.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég hlustaði á ræðu hæstv. landbrh., þegar hann fylgdi þessu frv. úr garði fyrir nokkrum dögum. Mig undraði, að hann skyldi ekkert minnast á hættur í sambandi við tilslökun þá, sem í frv. felst og er nýmæli. Hann minntist ekkert eða lítið á hættur í sambandi við afnám á því banni, sem gilt hefur til þessa. Hann rakti ekkert sögu málsins, hann rakti ekkert þá raunasögu, sem tekur yfir 200 ár og snertir þetta mál svo mjög. Þetta undraði mig. Ekkert var þó eðlilegra en söguleg upprifjun í sambandi við málið, og þess vegna var það ekki eðlilegt, að því atriði væri sleppt úr ræðu hæstv. ráðh. Ég vil segja frá þessu vegna þess, að hæstv. ráðh. sagði í fyrri ræðu sinni í kvöld, að hann undraði, að nýmælum þessa frv. skyldi vera mótmælt hér í d. En ég held, að hér sé einmitt samband á milli. Mótmælin eru fram komin vegna undangenginnar reynslu, sárrar og biturrar reynslu einmitt þess atriðis í þessu máli, sem hæstv. ráðh. hefur alveg sneitt hjá að tala um.

Hæstv. ráðh. hélt því fram í ræðu áðan, að hér væri alls ekki um að ræða innflutning búfjár. Hann vildi telja augsýnilega innflutning búfjársæðis allt annan hlut. Ég tók það fram í minni ræðu fyrr í kvöld, að hér væri ekki um neinn eðlismun að ræða, í hæsta lagi væri um stigmun að ræða. Innflutningur lifandi búfjár og innflutningur búfjársæðis er í raun og veru sami hluturinn. Hvað segja sérfræðingar um þetta? Hvorki hæstv. ráðh. né ég erum neinir sérfræðingar á þessu sviði. Ég vitnaði áðan í einn sérfræðing, dr. Björn Sigurðsson. Hvað segir hann um þetta efni? Hann segir á einum stað:

„Áhættuminnsta leiðin til innflutnings búfjár til landsins er væntanlega að flytja sæði til sóttvarnastöðvar."

Í þessum orðum sérfræðingsins felst það, að hann telur eina leiðina til innflutnings búfjár vera innflutning á sæði. Þetta sýnir ljóslega hans skoðun, að hann telur innflutning búfjársæðis jafngilda innflutningi búfjár á fæti í eðli sínu. Þessi orð dr. Björns heitins Sigurðssonar taka af öll tvímæli um það, að þótt um sé að ræða í frv. innflutning á holdanautasæði, þá er það í raun og veru sami hluturinn og innflutningur búfjár, á því er enginn eðlismunur. Þess vegna er hægt að heimfæra nálega allt upp á þetta atriði, innflutning sæðis, öll atriði, sem hægt er að heimfæra upp á innflutning búfjár, og þar með er talin hættan í sambandi við þennan innflutning.

Við megum ekki gleyma því, að innflutningi á búfjársæði fylgir nákvæmlega sama hættan og á innflutningi lifandi búfjár. Þetta er eitt meginatriði málsins. Páll Pálsson yfirdýralæknir hefur sagt á einum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Við ýmsa veirusjúkdóma og raunar aðra smitsjúkdóma einnig getur smit fundizt í sæði sjúklingsins á vissu stigi sjúkdómsins, og djúpfrysting sæðis er bezta leiðin til að geyma slíkt smit."

Þetta eru orð, sem vert er að festa sér í minni, þegar ákvörðun er tekin um innflutning af því tagi, sem ráðgerður er í frv.

Hæstv. ráðherra virtist vilja leggja mjög mikið upp úr þeim varúðarráðstöfunum, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég benti á það í minni ræðu í kvöld, að slíkt traust á varúðarráðstöfunum hefði áður heyrzt hér á Alþingi. Það var á árunum kringum 1930, þegar slakað var þá á klónni í þessu efni, með þeim afleiðingum, sem allir þekkja, innflutningi karakúlfjárins og sjúkdómum, sem í kjölfar þess innflutnings komu.

Ráðstafanirnar eru að sjálfsögðu góðar, og það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir. En ráðstafanir eru aldrei fullkomið öryggi. Í fyrsta lagi geta ráðstafanir verið, þótt vandað sé til þeirra, ófullkomnar og ekki náð tilgangi sínum, þegar á reynir. Í öðru lagi er það algengara og

alvarlegra um leið, að það er auðvelt að sniðganga varúðarráðstafanir og það er auðvelt að vanrækja framkvæmd þeirra. Þetta átti sér stað fyrir 30 árum, þegar karakúlfé var flutt inn, og þetta hefur átt sér stað oft áður með hinum geigvænlegustu afleiðingum. Þess vegna er það, að við getum ekki treyst á varúðarráðstafanir fullkomlega. Hæstv. ráðherra spurði, hvort það væru dæmi til þess, að flutningur sæðis á milli landa hefði haft alvarlegar afleiðingar. Ég geri ráð fyrir, að dæmi finnist. Ég nefni ekki nein dæmi um það hér, en vil vísa hæstv. ráðherra um svar við þeirri spurningu hjá manni, sem er mér miklu reyndari og lærðari í þessum málum, til yfirdýralæknisins, en hann hefur sagt á opinberum vettvangi, yfirdýralæknirinn, á þessa leið: „Af reynslu okkar og annarra þjóða er ljóst og almennt viðurkennt, að ekki er unnt að girða fyrir sýkingarhættu af völdum innflutts búfjár, eða búfjársæðis, með fullu öryggi.“ Hér liggur að nokkru svar við spurningu hæstv. ráðherra. Þetta sýnir reynsla okkar og annarra þjóða.

Ég tók það fram í ræðu minni fyrr í kvöld, að sýkingarhætta við flutning búfjár milli landa væri mikil, og allar þjóðir hafa orðið fyrir biturri reynslu af þessu. Á síðari árum hefur verið flutt búfé frá Bretlandi til fjölmargra landa, til Noregs, til Ástralíu, til Nýja-Sjálands, til Kanada og fleiri landa, og öll þessi lönd, sem ég nú nefndi, hafa orðið á síðari árum fyrir þungum búsifjum af völdum þessa innflutnings. Ég hef rætt þetta mál hér í kvöld vegna þess, að ég, eins og ég hef áður tekið fram, vil vara við flasfengi í þessum málum.

Ég er sannfærður um, að ekkert tilfinnanlegt tjón hlýzt af því að bíða ögn við með samþykkt þessa frv., láta það daga uppi hér á þingi nú og athuga málið betur. Af þessu getur ekkert tilfinnanlegt tjón hlotizt, hvorki bændum landsins né þjóðinni í heild. En flasfengi hins vegar í þessu efni getur leitt til óbætanlegs tjóns fyrir bændur landsins og fyrir þjóðina í heild. Mitt val er því auðvelt með þessa sannfæringu. Ég er andvígur því, að þetta frv. verði samþykkt á þessu þingi.

Ég hef ekki gert að umtalsefni Bessastaði á Álftanesi sem einangrunarstöð þessa innflutta búfjár, en ég vil aðeins láta í ljós undrun mína á því, að þessi staður skuli vera valinn. Það hefur áður verið bent á það hér við þessa umræðu, að ekki væri sérlega viðfelldið að hafa slíka einangrunarstöð á jarðnæði lýðveldisforsetans. Ég skal sleppa því. Það er annað, sem ég set meira fyrir mig í þessu efni. Hvað er það, sem ráðið hefur þessu staðarvali? Það er mér ekki ljóst. Hér er um nes að ræða, það kann að ráða nokkru um, en er þetta nes sérstaklega heppilegt sem staður fyrir einangrunarstöð búfjár, sem grunað er um að vera sýkt? Ég held ekki. Ég held, að þessi staður sé ekki sérlega heppilegur. En hvað hefur þá ráðið staðarvalinu? Ef ég man rétt, gat hæstv. ráðherra þess í sinni frumræðu hér fyrir nokkrum dögum, að svo stæði á á Bessastöðum, að þar væri vel hýst fyrir búfé, þar væru hús fyrir nautpening, tilbúin, góð. Auk þess held ég, að hæstv. ráðherra hafi haft orð á því, að það mundi ekki andstætt vilja ráðamanna að leggja niður búskap á Bessastöðum. Er það þetta sem er ákvarðandi um staðarvalið, Bessastaði? Sé það þetta, þá er það að sjálfsögðu algerlega forkastanlegt að velja staðinn fyrir þessa mikilvægu starfsemi með tilliti til þess, að þarna séu hús auð, sem hægt sé að nota. Önnur rök hef ég ekki heyrt fyrir þessu staðarvali, en mér þætti sannarlega fróðlegt að heyra þau, ef til eru.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hafi nokkurn tíma talað í nokkru máli á Alþingi rökþrota ráðherra, þá gerði hæstv. landbrh. það áðan í ræðu sinni. Hann dró að vísu nokkuð í land með sínar fullyrðingar frá fyrri ræðum, að því er varðaði afstöðu mína á búnaðarþingi, en þó hélt hann áfram nokkuð á braut ósannsöglinnar, eins og honum er ákaflega títt, því að í tillögunum, eins og ég las upp í kvöld, var ekki neitt ákveðið um innflutning búfjár. Það er síður en svo, það er tilbúningur hæstv. ráðherra, eins og raunar vænta mátti. Hins vegar blandaði hæstv. ráðherra ýmsum málum saman og m. a. þessu 1% gjaldi, sem hæstv. ráðherra er nú að leggja á bændurna, og virðist það fara ákaflega mikið í taugarnar á honum, og lái ég hæstv. ráðherra það ekki. En það er hægt að finna í þingtíðindum ýmis ummæli eftir þennan hæstv. ráðherra, sem stangast nokkuð á við hans málflutning nú og oft endranær áður, og mætti lesa heilar blaðsíður í þingtíðindum, þar sem hann hefur lofað þjóðinni og bændastétt landsins, en hefur svikið það um leið og hann hefur komið í ráðherrastólinn, því að þessi ráðherra er þekktur að því að meta stólana meir en loforð og efndir. 1957 segir þessi hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Æskan hefur ekki farið úr sveitum þessa lands af því, að hún hafi ekki viljað vera í átthögunum og helga þeim sína starfskrafta, heldur eingöngu vegna þess, að hana hefur skort fé til þess að stofna bú í sveit, til þess að byggja hús, til þess að kaupa jörð, til þess að kaupa vélar og öll tæki, sem búskapurinn þarfnast.“ Þó getur hæstv. ráðherra fengið sig til þess að skattleggja æsku landsins, til þess að hún geti ekki reist bú í sveit. Þessi hæstv. ráðherra lagði niður sitt kjördæmi, og hann hefur lagt niður annan bændaskóla landsins, og smám saman á þeim tíma, sem hæstv. ráðherra ríkir hér á Alþingi, er hann að leggja niður bændastétt landsins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég held, að ég geti ekki komizt hjá því að segja nokkur orð við hv. 1. þm. Vesturl., áður en ég fer hér úr pontunni, en til að byrja með verð ég að snúa máli mínu til hv. þm. Alfreðs Gíslasonar, sem ræddi málið af hófsemi og nokkrum rökum, eins og hv. þm. sæmir að gera. En þó tel ég, að hv. þm. hefði átt að spara sér það, þegar hann var að tala um, að það væri nauðsynlegt að varast, eins og hann sagði, flasfengi í þessu máli. Það er einmitt það, sem er gert með þessu frv. Það er verið að varast flasfengi, og það er þess vegna, sem eru þrefaldir hemlar í frv. Þessi lög koma ekki til framkvæmda, nema forstöðumaður tilraunastöðvarinnar í

meinafræði á Keldum mæli með því, Búnaðarfélagið mæli með því og að yfirdýralæknir sé því samþykkur. Hér er þess vegna ekki um neitt flasfengi að ræða.

Hitt er svo allt annað mál, að hv. 1. þm. Vesturl. gerði engan greinarmun á því, sem hann þagði yfir á búnaðarþingi 1961, og þessu frv. Hann þagði alveg yfir því og taldi ekki ástæðu til að mótmæla því á búnaðarþingi 1961, þegar um það var rætt að taka til alvarlegrar athugunar að flytja inn lifandi búfé, en þessi sami hv. þm. telur ástæðu til að mótmæla því, að þetta frv. verði samþykkt, sem hefur til að bera allar þær öryggisráðstafanir, sem nú eru þekktar.

Hv. þm. var að tala um Bessastaði og lýsti undrun sinni yfir því, að Bessastaðir væru nefndir í þessu sambandi, og á ræðu hv. þingmanns var að skilja, að það hefði komið fram hér í umræðunum í kvöld, að einhver hv. þm. hefði talið, að það væri fullkomlega óviðeigandi að hafa sóttvarnarstöð á forsetasetrinu. Eins og fram kemur í grg., sem fylgir frv., hefur verið rætt um þetta við forseta Íslands, og forseti Íslands hefur sagt: Ég sé engan tilgang með því að reka búskap á Bessastöðum eins og nú er gert. Það er raunar myndarbúskapur, það er vel hirt um búpeninginn, þarna eru kýr vel hirtar í fjósi, hænsn o. fl., en það er enginn sérstakur tilgangur með þessu, vegna þess að þetta er bú eins og gerist víða hjá bændum. — En forseti Íslands sagði: Ég sé hins vegar tilgang með því að koma hér upp sóttvarnarstöð, sem leiðir til þess að koma upp nýrri búgrein til hagsbóta fyrir íslenzkan landbúnað. — Og það er þess vegna, sem hann mælti með þessu. Hv. þm. Alfreð Gíslason spyr: Hvers vegna var þessi staður valinn? Þessi staður var einfaldlega valinn vegna þess, að menn, sem hafa sérþekkingu á búskap, nautgriparækt o. fl., sem búskapnum tilheyrir, höfðu gert sér grein fyrir því, að þessi staður var sérstaklega vel til þess fallinn. Ég get upplýst það hér, að ég fór til Bessastaða s. l. haust með Ólafi Stefánssyni, Pétri Gunnarssyni og Páli A. Pálssyni yfirdýralækni, og við kynntum okkur Bessastaðaland. Það voru allir sammála um, að það væri sérstaklega vel til þess fallið, það þyrfti tiltölulega ódýrar girðingar á þessu landi, þarna voru húsin til og sérstaklega góð skilyrði til þess að hafa sóttvarnarstöð. Hvað mælir þá gegn því að velja þennan stað? Það er reginmisskilningur, ef einhver lætur sér detta í hug, að forsetaembættið setji niður við það, að þarna er starfsemi, sem getur þjónað íslenzkum landbúnaði betur en með því að reka búskap á borð við það, sem gerist almennt meðal bænda, og ég virði þennan skilning forseta Íslands. Ég tel, að hann eigi heiður skilinn fyrir að hafa skilið það, sem hér var á ferðinni. Ég ætla svo ekki að rökræða þetta öllu meira.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að eyða nokkrum orðum að hv. 1. þm. Vesturl. Ég hef sagt það hér áður, að ég á mjög erfitt með að skilja hugsanagang þessa hv. þm., sem ég óska eftir að hafa samvinnu og samstarf við og ég óska eftir að megi eiga það eftir að geta hugsað sjálfstætt og rökrétt og talað eftir því, sem hann sjálfur vill, en ekki eftir því, sem aðrir segja honum að gera. Hann talaði um það, að rökþrota ráðherra talaði hér áðan. Þetta eru hans orð, þetta er hans dómur. En hver er dómur annarra, sem hlustuðu á mína ræðu? Ég tek miklu meira tillit til þess. Ef dómur annarra, sem hlustuðu á mína ræðu, fer algerlega í bága við það, sem þessi hv. þm. fullyrti, hvers vegna ætti mér þá ekki að standa á sama um fullyrðingu þessa þingmanns? Er ekki ástæða til þess að halda, að þessi fullyrðing sé í samræmi við annað, sem þessi hv. þm. hefur talað í þessu máli, — og fleiri málum reyndar, og ég spyr enn hv. þingmenn og aðra, sem á mál okkar hlusta: Er ástæða til að taka alvarlega þann mann, sem samþykkir það á búnaðarþingi alveg sem sjálfsagðan hlut að leggja ½% skatt á bændur til þess að byggja höllina hér í Reykjavík, sem bændur geta aldrei notið neins góðs af, en segir svo sama daginn eða jafnvel á sömu mínútu, að það sé árás á bændur að leggja 1% gjald á búvörur bænda til þess að byggja upp búnaðarsjóðina og þar sem fást á móti hverjum 8 millj., sem bændur leggja fram, 27 millj., og mótmæla því? Ég segi bara, að sá maður, sem gerir þetta, verður ekki tekinn alvarlega, ekki af mér, ekki af hv. þingmönnum, ekki af bændunum, ekki af landsfólkinu öllu, hvar sem það býr í landinu. Þess vegna eru það mín ráð, og ég vænti þess, vegna þess að ég vil þessum manni vel, að hann bæti ráð sitt og hugleiði, að þessi framkoma er ósæmandi, og haldi hann áfram í þessum dúr, þá verður hann lítils virði hér á hv. Alþingi.

Hv. þingmaður las hér upp kafla úr ræðu, sem ég hafði flutt 1957. Jú, ég skrifaði hér eina setningu. Ég hafði sagt, að æskan hefði ekki farið úr sveitum landsins vegna þess, að hún vildi gera það, heldur vegna þess, að hún fengi ekki lán til þess að stofna bú í sveit og búa um sig þar. Þessi orð vildi ég endurtaka hér í dag, eða réttara sagt í nótt. Þessi orð vil ég endurtaka, og það er einmitt vegna þess, að æska landsins getur ekki í dag stofnað bú í sveit, vegna þess, að hún fær ekki land, að ég hef flutt frv. hér í hv. Alþingi um það að endurreisa búnaðarsjóðina, leggja undirstöðu að því, að æskan, sem vill vera í sveit, geti fengið lán. Og nú vil ég spyrja: Hafa ekki hv. þingmenn lesið frv. ríkisstj. um stofnlánadeild landbúnaðarins? Hafa ekki hv. þingmenn haft það í huga, að þessir sjóðir landbúnaðarins eru gjaldþrota og alls vanmegnugir að lána, ekki til stofnlána, heldur til bygginga og hinna venjulegu framkvæmda? Hafa ekki hv. þingmenn lesið frv. og séð það, að eftir fimm ár hefur stofnlánadeildin 100 millj. kr. í eigin fé til útlána árlega? Og hafa menn ekki enn fremur lesið og séð, að eftir 10 ár hefur sama deild 150 millj. kr. árlega af eigin fé til útlána árlega? Þegar þetta er haft í huga, hljóta menn að sjá, að það verður mögulegt að lána æskunni, sem vill vera í sveit, lán í auknum mæli frá því, sem verið hefur. Það verður mögulegt að lána til bústofnskaupa, til þess að hefja búskap í sveit, sem var ekki áður hægt. Og það er mér undrunarefni, að hv. 1. þm. Vesturl., sem studdi vinstri stjórnina dyggilega, —

vinstri stjórnina, sem ekkert gerði til að auka möguleika til útlána til uppbyggingar í sveitum landsins, — að hann hefur ekki komið auga á þá miklu möguleika, sem felast í þessu frv. Það er raunalegt, þegar jafnvel góðir drengir, sem þessi hv. þm. er að eðlisfari, verða svo blindaðir pólitískt, að þeir gera allt annað en þeir sjálfir vilja og þeirra eðli vill að þeir geri.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég tel sjálfsagt, að þetta frv., sem heitir: Um innflutning búfjár — vegna þess að I. kafli þess er í samræmi við gildandi lög, en er í raun inni um innflutning á sæði í sóttvarnarstöð, það verði lögfest. En það kemur því aðeins til framkvæmda, að forstöðumaður tilraunastöðvarinnar á Keldum mæli með því, að Búnaðarfélagið mæli með því, að yfirdýralæknir samþykki það. En ef þetta kemst til framkvæmda, þá er það ný búgrein, sem færir landbúnaðinum nýjar og auknar tekjur, og það er það, sem við eigum að stefna að, því að landbúnaðurinn á Íslandi á mikla framtíð fyrir sér, og það er þjóðinni allri til góðs, að þessi atvinnuvegur verði efldur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 594 felld með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.

nei: FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, SE, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.

HermJ, KK greiddu ekki atkv.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 575,1 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.

nei: BGuðm, EggÞ, FS, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

BjörnJ, GTh greiddu ekki atkv.

11.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 575,2 tekin aftur.

13.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 465, 610).

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki ræða þetta mál frekar almennt, nema sérstakt tilefni gefist til. En það hefur verið yfirlýst af þeim meiri hluta, sem stendur að þessu máli, að þeir vilji sem mest og bezt tryggja öryggi þess innflutnings á búfé eða búfjársæði, sem kann að hefjast samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður. Þess vegna veit ég, að þessir aðilar muni samþykkja þá tillögu, sem ég hef leyft mér að flytja og er á þskj. 610 og á að verða til þess að auðvelda eftirlit með ólöglegum innflutningi búfjár, þar sem sektarákvæði frv. samkv. 21. gr. eiga einnig að ná til flugstjóra og skipstjóra ásamt þeim eigendum, sem kunna að vera að þeim dýrum, sem flutt eru inn óleyfilega. Efni brtt. er einungis það, að sektarákvæði nái einnig til þessara aðila, og ætla ég, að það megi verða til þess að auðvelda eftirlit með innflutningi búfjár, þar sem þessir aðilar eru undir sömu sökina seldir, ef þeir hafa dýr innanborðs, sem er ekki leyfilegt að flytja til landsins. En það mun hafa komið nokkrum sinnum fyrir, að einstaka farþegi hefur farið með ketti og hunda milli landa, án þess að slíkt væri leyfilegt, og vitanlega getur stafað af þessum dýrum hætta engu síður en öðrum, og munu þessi ákvæði, ef að lögum verða, koma í veg fyrir, að slíkt komi fyrir í jafnríkum mæli og átt hefur sér stað, þegar þessir aðilar verða að taka á sig sektir samkvæmt lögunum. Það gefur hverjum og einum að skilja, að þeir verða að vera ábyrgir í þessum efnum alveg eins og aðrir aðilar.

Ég vænti þess, að hv. þingdeild samþykki þessa brtt., þar sem það er yfirlýstur vilji deildarinnar að vilja sem mest og bezt tryggja varnir gegn því, að nokkur hætta stafi af innflutningi búfjár.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta stóra mál var rætt hér allmikið við 2. umr., og ég mun ekki tala langt mál hér um það. Aðalerindi mitt í ræðustólinn er að lýsa tveim brtt., sem ég leyfi mér að flytja við þessa umr. Þær eru skriflegar, og ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þeim.

Það eru a. m. k. tveir deildarmenn, sem hafa varað eindregið við því, að þetta frv. verði samþ., eins og það er, hér á Alþingi að þessu sinni. Þessir tveir þm. hafa gert sitt í því efni, og þeir verða ekki sakaðir um flasfengi í þessu máli, hverjar sem afleiðingarnar kunna að verða í framtíðinni. Ég vil aðeins rétt minna á, að árið 1949 skrifaði dr. Björn Sigurðsson Alþingi bréf, óbeðinn, eingöngu af því að hann taldi ástæðu til að vara Alþingi við að stíga það spor, sem nú skal stigið. Þetta bréf er til í skjölum Alþingis, og það talar sínu máli. Þar mælir sá maður, sem kunnur var þessum málum, varnaðarorð.

Ég ætla að leyfa mér að flytja tvær brtt. Fyrri till. fjallar um breyt. á 19. gr. frv., 1. málsl., en 1. málsl. hljóðar svo í frv.: „Eigi er heimilt að flytja sæði úr nautgripum í sóttvarnarstöðinni til notkunar utan hennar, fyrr en tveim árum eftir að fyrst var sætt í henni með hinu innflutta sæði, enda hafi þá ekki komið fram neinn hættulegur smitsjúkdómur í nautgripum sóttvarnarstöðvarinnar.“ Hér er ákveðið, að ekki megi flytja sæði til notkunar utan sóttvarnarstöðvarinnar, fyrr en tveim árum eftir að fyrst var sætt í henni. Ég legg til, að í staðinn fyrir „fyrr en tveim árum eftir“ komi: fyrr en átta árum eftir. Ég tók það fram í ræðu við 2. umr. málsins, að dr. Björn Sigurðsson hefði haldið því fram, að fullkomið öryggi væri aldrei að fá, fyrr en 10—20 árum eftir að sætt hefði verið með innfluttu sæði, — 10—20 árum eftir tegund. Ég hef á milli umr. leitað mér upplýsinga um þetta efni hjá lækni, sem nú vinnur á tilraunastöðinni á Keldum við vísindastörf. Sá læknir bendir sérstaklega á þetta atriði, og telur hann tímann, sem tiltekinn er í

19. gr., allt of stuttan. Þess vegna leyfi ég mér að flytja till., sem áreiðanlega væri mjög til að tryggja öryggi í þessum efnum.

Önnur brtt. mín snertir 23. gr., síðustu grein frv., sem fjallar um, hvenær lögin öðlist gildi. Ég legg til, að sú grein orðist á þessa leið: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Heimildarákvæði 11. gr. má þó eigi beita fyrr en að liðnum þrem árum frá gildistöku laganna.“ Ég held, að þessi brtt. feli í sér mikið öryggi. Þessi þrjú ár má nota til undirbúnings, og sérstaklega má nota hann til nánari athugunar á öllum málavöxtum. Hér liggur ekkert á. Hér er ekkert í húfi með að bíða. En það getur verið mikið í húfi með að flana að þessum framkvæmdum.

Ég skal svo ekki fara mörgum orðum fleiri um þetta efni, en vil aðeins að lokum endurtaka mín varnaðarorð. Fyrir 31 ári flutti þáv. ráðh. landbúnaðar frv. til laga um að leyfa innflutning búfjár. Þá höfðu menn úr bændastétt, búnaðarfélög og búnaðarþing árum saman sótt það fast, að slíkt leyfi yrði lögleitt. Lengi stóðu stjórnarvöld landsins, hver ríkisstj. af annarri, á móti, en þar kom, að þau létu undan síga í þessum málum. Þegar fyrrgreindur ráðh. mælti fyrir frv. árið 1931, komst hann m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „En þar sem nú eru með frv. þessu að dómi sérfræðinga gerðar öflugar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja þá hættu, er menn óttuðust áður að mundi leiða af slíkum innflutningi, þá hef ég ekki treyst mér til að sporna lengur á móti þessu máli og vil því fyrir mitt leyti opna þann möguleika, sem ætla má að leiði af sér aukinn arð fyrir landbúnaðinn og horfir til mikilla hagsbóta fyrir bændur landsins.“ Þannig mælti ráðh. fyrir 31 ári, og svipuð eru ummæli hæstv. landbrh. í dag. Þannig endurtekur sagan sig. Hæstv. landbrh. flytur nú frv. til laga um innflutning búfjár. Einnig hann hefur látið undan þrýstingi frá bændasamtökum og búnaðarþingum. Sér til afsökunar bendir hann á, að öflugar ráðstafanir verði gerðar til þess að fyrirbyggja hættu og í því efni farið að ráðum sérfræðinga. Áreiðanlega hyggst hæstv. ráðh. með þessu frv. opna bændum landsins möguleika til aukinna hagsbóta. Þannig er sagan að endurtaka sig. Lögin frá 1931 leiddu ekki af sér aukinn arð fyrir landbúnaðinn, heldur stríð, hörmungar og tjón, sem vart verður metið til fjár. Þessar urðu afleiðingarnar þá. Hvernig nú fer, skal ósagt látið, enda veit enginn neitt í því efni nú í dag. Fyrir 31 ári var þekking manna á búfjársjúkdómum ófullkomin. Hún er máske meiri nú, og þó vantar mikið á, að hún sé nægileg. Enn er mjög margt á huldu í þeirri fræðigrein, ekki síst varðandi smitsjúkdóma, og þetta fara sérfræðingar ekki dult með. Árið 1931 var treyst á öflugar varúðarráðstafanir, og það skal einnig gert nú. Þá brugðust þessar varúðarráðstafanir herfilega, og nákvæmlega eins getur farið að þessu sinni.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki annað en leikmaður á sviði búfjársjúkdóma, en samt efast ég ekki um, að það er óráðlegt að samþykkja nú þetta frv. til laga um innflutning búfjár. Málið þarfnast gaumgæfilegri athugunar en það hefur hlotið enn. Við höfum tvö hundruð ára reynslu af innflutningi húsdýra, og sagan af honum er ein samfelld hörmungasaga, eins og allir hv. þdm. vita. Hvers vegna skyldum við ekki láta þessa sögu verða okkur að einhverri kenningu? Hverjum leikmanni er sú saga auðskilin. Hún ein er okkur ærin áminning um að fara varlega í þessum efnum. Við þetta bætist svo, að fremstu sérfræðingar okkar vara við innflutningi búfjár, bæði lifandi búpenings og búfjársæðis. Slíkri viðvörun beindi dr. Björn Sigurðsson til Alþingis fyrir nokkrum árum, og hið sama gerir Páll A. Pálsson yfirdýralæknir nú í grg., sem frv. þessu fylgir. Yfirdýralæknirinn fann meira að segja hvöt hjá sér til þess að vara alla þjóðina við hættunni í útvarpserindi, sem hann flutti í maí s. l. En þrátt fyrir allt þetta skal frv. knúið í gegn á þessu þingi. Sterkur aðili sækir fast á, og því mun stjórnarmönnum þykja ráðlegast að láta undan síga. Ég vona, að afleiðingarnar verði ekki þær sömu eða svipaðar og þær urðu fyrir 30 árum.

Sérfræðingar hafa rækilega bent á, að innflutningur búfjár eða búfjársæðis sé engan veginn áhættulaus. En sérstaklega hafa þeir þó lagt áherzlu á það, að nauðsynlegar varúðarráðstafanir séu umfangsmiklar, kostnaðarsamar og raunar vandasamari í framkvæmd en svo, að landsmönnum sé enn trúandi fyrir þeim. Þetta ættu alþm. að hugleiða vel og láta á meðan bíða að samþ. það, sem reynslan og fróðustu menn telja varhugavert.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 632) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega málið, sem hér liggur fyrir. Það hefur rækilega verið gert, og sé ég ekki ástæðu til að taka sérstaklega þátt í þeim umr. Orsökin til þess, að ég stend hér upp, er brtt., sem hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) gerði hér grein fyrir áðan og er um viðbótarrefsiákvæði aftan við 21. gr. frv. Ég skal taka það fram, að ég fyrir mitt leyti get ákaflega vel fellt mig við, að það ákvæði sé sett, sem þar er talað um. En hins vegar er orðalag ákvæðis þess á þann veg, að mér finnst ekki auðið að samþykkja það, og koma þar í rauninni til greina kannske fyrst og fremst lögfræðilegar ástæður. Ákvæðið er þannig orðað í brtt., með leyfi hæstv. forseta: „Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra, sem dýrin flutti, og jafnháum sektum fyrir eiganda dýranna.“ Það er óeðlilegt að setja ákvæði sem þetta, og í rauninni ekki stætt á því að slá því föstu, að menn skuli vera dæmdir á þennan hátt fyrir mismunandi aðild að verknaði í jafnháar refsingar. Ég held, að það sé ekki með nokkru móti hægt að setja slíkt lagaákvæði. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir, að það sé í rauninni kjarni hugsunarinnar hjá hv. þm. að halda fast í það atriði, heldur það, að meginefni málsins sé, að lögð verði viðurlög við því að flytja dýr heimildarlaust til landsins, og að hugsun hv. þm. megi ná alveg eins, þótt

þetta væri orðað á annan veg og þá lögð áherzla á það, sem er auðvitað sjálfsagt, að meginábyrgðin sé lögð á eiganda dýranna, því að það er vel hugsanlegt, að dýr séu flutt með flugvél eða skipi án þess, að skipstjórinn eða flugstjóri hafi nokkra ástæðu til að halda, að um slíkan flutning sé að ræða, og algerlega óeðlilegt að leggja þá fyrstu eða í rauninni meginrefsinguna á þann aðila, en ekki eiganda dýrsins.

Ég hefði viljað leggja til, að þessi brtt. væri orðuð nokkuð á annan veg, eða þannig: Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir eiganda dýranna svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra, sem dýrið flutti, ef ætla má, að dýrið hafi verið flutt með hans vitund.“ Ekki er þá endilega slegið föstu, að þeir skuli dæmdir í jafnháar refsingar. Ég hygg, að með þessu náist alveg sú hugsun, sem felst í tillögu hv. þm., en mér sýnist illa vera hægt að samþykkja till. með því orðalagi, sem á henni er, nema samkomulag fáist um að breyta henni eitthvað á þessa leið.

Ég hef kastað þessu upp í skyndi, herra forseti, og ég veit ekki, hvort hægt er að átta sig á því í flýti, en ég geri ráð fyrir því, að það sé ætlunin að afgreiða frv. héðan úr hv. d., og mér kannske leyfist því að leggja þetta svona fram, ef forseti áttar sig á því. En æskilegt væri náttúrlega, að það gæti orðið samkomulag um það við hv. flm., hvort hann gæti ekki fallizt á þá orðalagsbreytingu á sinni brtt.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það hafa komið fram hér þrjár brtt. við þessa umr. málsins, og fyrir mitt leyti get ég efnislega fallizt á þá brtt., sem er á þskj. 610, frá Ásgeiri Bjarnasyni. En ég hefði talið betra, að orðalagi hennar væri breytt eins og hér hefur verið bent á áður, og vænti ég þess, að flm. till. og hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) geti komið sér saman um það.

Þá eru hér í öðru lagi brtt. tvær frá hv. 9. þm. Reykv., einkanlega er það brtt. við 19. gr., sem er allmikil efnisbreyting. Í sambandi við þá brtt. vil ég aðeins benda á það, að við samningu þessa frv. var haft fullt samráð við yfirdýralækni að því er snertir þann tíma, sem ákveðinn er í gr., hvenær megi flytja sæði frá sóttvarnarstöðinni. Ég hef kynnt mér álit vissra manna um þetta atriði, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef frá góðum stöðum, er talin mun minni hætta á því að flytja sæði úr nautgripum út úr sóttvarnarstöð en t. d. úr sauðfé og ýmsum öðrum dýrum. Erlendis er yfirleitt miðað við 2 ár að því er snertir nautgripi, og virðist reynslan hafa sýnt, að það væri öruggt. Það hafa a. m. k. ekki komið fram nein slys í sambandi við það, eftir því sem mér er tjáð af fræðimönnum. Og þar sem yfirdýralæknir var samþykkur þessu ákvæði, þá sé ég ekki ástæðu til að breyta þessu og mun ekki mæla með því.

Í öðru lagi er það 23. gr., að heimildarákvæði fyrir ráðherra, sem eru í 11. gr., taki ekki gildi fyrr en eftir 3 ár. Ég get ekki heldur séð, að 3 ára tími muni breyta verulega um í þessu efni, eins og ég tók fram í umr. hér við 2. umr. Skoðun mín er, að það sé ekki alveg óyggjandi, að einhver hætta kunni að geta stafað af þessu, en hún sé hverfandi lítil miðað við þá reynslu, sem orðin er, og miðað við það, að þetta atriði var sérstaklega gaumgæft við samningu frv. og teknar til greina ráðleggingar yfirdýralæknis, ákvæðið sett inn með samþykki hans, þó að hann að vísu hafi tjáð sig í sumum atriðum mjög varfærinn í þessum efnum. En þetta atriði var tekið inn algerlega í samráði við hann, þetta um tveggja ára tímabilið, og einnig það, hvenær lögin koma til framkvæmda. — Sé ég ekki ástæðu til að leggja til, að þessar till. verði samþykktar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 640) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það skal játað, að ég er ekki lögfræðingur, og mun ég því taka tillit til manna mér meiri í þeim efnum og fallast á brtt. hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), þar sem ég ætla, að hún nái sama marki og tilgangurinn er með minni till. Ég mun því samþykkja till. hv. þm.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. var að lýsa því hér, að hann gæti ekki fallizt á, að tvær brtt. mínar yrðu samþykktar. Fyrri till. mín fjallaði um að auka biðtímann úr 2 árum í 8 — einangrunartímann í sóttvarnarstöðinni. Á þessa till. gat hv. frsm. landbn. ekki fallizt. Ég veit, að þessi hv. þm. þekkir meira til húsdýra og skepnuhalds en ég, en hvort hann þekkir meira til þeirrar sjúkdómshættu, sem hér er um að ræða, skal ég ósagt láta. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að lesa örfá orð upp úr bréfi frá fyrrverandi forstöðumanni tilraunastöðvarinnar á Keldum, Birni Sigurðssyni lækni. Það er úr bréfi, sem forstöðumaðurinn sendi Alþingi árið 1949, eins og ég gat um áðan, en þar segir hann svo m. a. orðrétt: „Innflutningur búfjár, þ. á m. sæðis, hingað til lands verður alltaf talsvert áhættusamur, hversu vel sem um hnútana yrði búið. Erlendir búfjársjúkdómar skipta tugum eða jafnvel hundruðum og eru flestir tiltölulega lítt þekktir. Hættulegastir eru því máske ekki þeir sjúkdómar, sem bezt eru þekktir og menn því helzt mundu hafa í huga, heldur hinir, sem enginn á von á, sbr. karakúlsjúkdómana. Þeir sjúkdómar, sem við vitum um að helzt bæri að óttast við innflutning nautpenings, eru nautaberklar og brucellosis, en þeir eru höfuðplágur í flestum löndum og kosta of fjár árlega til rannsókna og útrýmingarstarfsemi. Báðir þessir sjúkdómar eru mannskæðir, en hafa ekki fundizt hér á landi, og virðist rétt, að yfirvöld landsins kynni sér mögulegar afleiðingar af innflutningi þessara pesta, ef þau vilja taka ákvörðun um og ábyrgð á innflutningi nautpenings til landsins. Aðra sjúkdóma mætti nefna, sem gætu flutzt til landsins með nautpeningi og mannfólki getur stafað hætta af, og mun þó ýmsum þykja nægilega djarft teflt, þótt ekki sé lagt meira undir en gert var með innflutningi karakúlfjárins forðum.“

Þetta bréf skrifaði dr. Björn Sigurðsson Alþingi ótilkvaddur. Og hann segir: „Að vísu má segja, að tilraunastöðinni á Keldum sé slíkt mál óviðkomandi og ástæðulaust, að ég láti uppi álit um það ótilkvaddur. Mér þykir eigi að síður svo mikið í húfi, að ég vil gjarnan, að fyrir liggi álit mitt nú þegar, hvað sem í skerst síðar.“

Er engin ástæða til að taka mark á þessu? Þetta var að vísu skrifað 1949. Ég hef, eins og ég sagði áðan, haft samband við lækni, sem vinnur á rannsóknarstöðinni á Keldum. Hvað segir þessi læknir? Í 19. gr. frv. segir, að eigi sé heimilt að flytja sæði úr nautgripum í sóttvarnarstöðinni til notkunar utan hennar, fyrr en tveim árum eftir að fyrst var sætt í henni með hinu innflutta sæði. Og þessi læknir heldur áfram: „Ég álít, að tvö ár séu allt of stuttur tími. Okkar reynsla af karakúlpestunum, sem fluttar voru til landsins, var, að þær komu ekki fram fyrr en 4—5 árum eftir að féð var flutt inn, og menn gerðu sér ekki nærri strax grein fyrir því, hvað komið hafði fyrir. Ég álít,“ segir læknirinn enn fremur, „að reka ætti sóttvarnarstöðina í 8—10 ár, áður en leyft yrði að flytja úr henni sæði, ef gæta skal fyllsta öryggis. Margra veirusjúkdóma, sem við erum að vinna með hér á Keldum, verður ekki vart kliniskt fyrr en 2—3 árum eftir sýkingu, og er þó verið að vinna með sýkingarefni, sem er miklu aktívara en infektion í sæði mundi vera, og þekkjum sjúkdómseinkennin, sem við eigum von á að sjá.“ Þetta er það álit og tillaga þessa sérfræðings á Keldum. Hann telur enga skynsemi í því að flytja slíkt sæði út úr einangruninni, fyrr en 8—10 árum eftir að sæðið var innflutt.

Ég veit, að hv. frsm. landbn. er skýr maður, og ég trúi ekki öðru en hann skilji þessa hluti. Ég vil skora á hann að athuga málið á ný í þessu ljósi, í því ljósi, sem okkar færustu menn bregða yfir málið í þessum bréfum. Við skulum íhuga þetta, hvað sem við gerum síðar, það skal ég láta óátalið, en við skulum ekki flana að málinu eða framkvæmd þess.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. sagði réttilega áðan, að algert öryggi væri ekki til. Það er rétt, það sem það nær. Hitt er rétt, gagnstætt því, sem hann hefur haldið fram hér, að minni hætta er að flytja inn sæði en lifandi gripi, enda staðfesti hann það sjálfur um daginn með tilvitnunum í orð dr. Björns heitins Sigurðssonar, sem sagði með varfærni vísindamannsins: „Væntanlega er minnst hætta að flytja inn sæði.“ En jafnvel þótt hvorki sé flutt inn gripir né sæði, þá getum við ekki ábyrgzt, að ekki berist inn búfjársjúkdómar til landsins. Við gin- og klaufaveiki er t. d. beitt þeirri varúð, að bannað er að flytja afurðir til landsins frá þeim svæðum, sem sýkt eru. Og einnig er fólk, sem kemur frá þeim löndum, sem sýkt eru, spurt um það, hvort það hafi komið á bæi á hinu sýkta svæði í þeim löndum, sem það hefur dvalizt í. Auk þess er vitað, að sumir húsdýrasjúkdómar geta sýkt menn, svo að algert öryggi fæst ekki, nema við útilokum okkur alveg frá umheiminum. Um aðra veirusjúkdóma, sem þekktir eru hér á landi og læknirinn á Keldum, sem hv. 9. þm. Reykv. vitnaði mikið í, talar um og telur að geti tekið 8—10 ár að koma fram, svo að þeir treysti sér til að þekkja þá þar a. m. k. eða við verðum varir við það aðrir hér á landi, þá er það nú ekki rétt nema að nokkru leyti, a. m. k. alls ekki öruggt eða fullnægjandi, þó að það verði gert. Það er vitað um það, að til eru krabbamein í dýrum, sem orsakast af veirum. Og þau geta komið fram ekki á 8—10 árum, heldur seint á æviskeiði þeirra dýra, sem sýkjast, og þess vegna erfitt að setja þar tímamark. En það er dálítið lærdómsríkt um suma af þessum veirusjúkdómum, sem valda krabbameinum í dýrum, að það er hægt að koma í veg fyrir, að þessi dýr fái krabbamein, a. m. k. sumar tegundir, ef þess er aðeins gætt, að dýrið sjúgi ekki móður sína. Svo er t. d. um krabbamein í brjósti hjá músum, sem berst frá móðurinni til afkvæmisins, ef afkvæmið sýgur móðurina. Þarna höfum við einn sjúkdóm, sem berst a. m. k. ekki með sæðingunni, þótt veirusjúkdómur sé.

ATKVGR.
Brtt. 632,1 felld með 11:6 atkv.
— 640 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 610 kom ekki til atkv.
— 632,2 felld með 10:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 641).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess á laugardagsfundi að flytja langa framsöguræðu með þessu frv. Frv. þetta er samið af Ólafi Stefánssyni ráðunaut, Pétri Gunnarssyni tilraunastjóra og Páli A. Pálssyni yfirdýralækni. Með frv. fylgja þrjár grg.: Í fyrsta lagi sameiginleg grg. þeirra, sem fluttu frv. Í öðru lagi fyrirvari yfirdýralæknis við frv. Og í þriðja lagi svör Ólafs Stefánssonar og Péturs Gunnarssonar við fyrirvara yfirdýralæknis. Með því að lesa þessar grg. geta hv. þm. kynnzt málinu bezt og markað sína afstöðu til þess.

Það er augljóst, í hvaða skyni þetta frv. er flutt. Það er til þess að stofna nýja búgrein í landbúnaðinum með það fyrir augum að auka tekjur bænda.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 641, n. 760, 762 og 766, 767).

Benedikt Gröndal: Hæstv. forseti. Landbn. hefur haldið tvo fundi um þetta mál. Á öðrum

fundinum mætti Ólafur Stefánsson nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og gaf n. ýmsar ýtarlegar upplýsingar og ræddi við hana. Samkomulag varð ekki í nefndinni um afgreiðslu málsins, og skiptist nefndin í þrjá minni hluta. 1. minni hl., en í honum eru hv. 3. þm. Austf. og ég, mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, 2. minni hl. tekur ekki afstöðu til málsins, en 3. minni hl. vill gera á því verulegar breytingar.

Það hefur verið fært fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls á þskj., að hér hafi á mjög skömmum tíma verið fjallað um og afgreitt stórt og umfangsmikið mál, sem þyrfti mikillar athugunar við. Því er til að svara í fyrsta lagi, að mikil athugun sérfróðra manna hefur farið fram, áður en frv. er samið, og liggja niðurstöður þeirra athugana fyrir ásamt álitsgerðum, bæði þeirra, sem frv. hafa samið, og annarra manna, sem hafa sitthvað við það að athuga. Enn fremur er rétt að benda á, að þetta mál er þess eðlis, að hver einasti maður, sem nærri kemur landbúnaði, hlýtur að hafa um það hugsað og gert sér grein fyrir höfuðatriðum þess einhvern tíma á síðustu 25 árum, og er því hægt að segja, að þótt sjálf afgreiðslan í nefndinni taki stuttan tíma, þá liggi meira á bak við. Ég mun ekki ræða málið efnislega, en vil f. h. frsm. 1. minni hl., Jónasar Péturssonar, sem er veikur, skýra frá því, að 1. minni hl. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr frestað.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Pálmason): Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var tekið hér til 2. umr., var nokkuð liðið yfir venjulegan fundartíma og frsm. 1. og 2. minni hl. landbn. báðir fjarverandi. Ég hefði helzt kosið, að þeir hefðu báðir talað á undan mér, en úr því að það er ekki, verður að hafa það.

Eins og upplýst hefur verið af þeim nm., sem talaði fyrir 1. minni hl. landbn. og talaði fyrir nál., hefur hv. n. klofnað í 3 hluta um afgreiðslu þessa máls. 1. minni hl. n. leggur til, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. 2. minni hl. vill fresta málinu og ekki taka afstöðu til þess eins og nú standa sakir. En við, sem skipum 3. minni hl. hv. nefndar, ég og hv. 2. þm. Sunnl., leggjum til að gerbreyta þessu frv. í það horf að gera það að algeru banni gegn innflutningi á erlendum dýrum, og þeir hv. alþm., sem hafa litið yfir okkar brtt. á þskj. 767 og hafa líka athugað okkar nál., geta ekki verið í vafa um, á hverju við byggjum okkar skoðun í þessu vandamáli.

Þetta mál um innflutning búfjár hefur um fjölda ára verið mikið deilumál í okkar landi, og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á þessu sviði, hafa orðið til ægilegra óhappa, fyrst og fremst í íslenzkum landbúnaði og auk þess fyrir landið í heild sinni. Nú er að taka það fram, sem ekki vita kannske allir, sem hér eru, að I. kafli þessa frv., sem er versti kafli þess, er í gömlum lögum frá 1948 og lögum, sem aldrei hefur verið hreyft við síðan og ekki, held ég, neinum dottið í hug að framkvæma. En ég segi fyrir mig, að mér þykir gott, úr því að þessu máli er hér hreyft á Alþingi, að fá tækifæri til að leggja til, að þessi ákvæði um heimildir til innflutnings á erlendum dýrum séu úr gildi felld, enda fjalla okkar brtt. fyrst og fremst um það, að þessi kafli og frv. í heild sinni verði gert að allsherjarbanni gegn innflutningi erlendra dýra, því að af þeim innflutningi hefur á undanförnum árum og öldum aldrei leitt neitt nema illt eitt, — aldrei leitt annað.

Ég skal taka það fram í sambandi við þetta, að það, sem hér er í lögum og þetta frv. fjallar um, er það, að landbrh. sé heimilt að leyfa innflutning á hvers konar dýrum, ef stjórn Búnaðarfélags Íslands er því meðmælt, og að sjálfsögðu verður það að leita álits yfirdýralæknis í því efni. Ég skal taka fram af þessu tilefni, að það, að ég vil afnema þetta, er ekki af neinu vantrausti á núv. hæstv. landbrh. En þótt ég hafi á honum gott traust til margvíslegra hluta, veit ég ekkert um það og enginn okkar, hverjir verða næstu landbrh., og úr því að tækifæri gefst til, viljum við, sem erum samtaka í þessu máli, fella það algerlega úr lögum, að það sé nokkur heimild til þess fyrir nokkurn einn mann — og jafnvel þótt með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands sé — að flytja inn erlend dýr. Saga Búnaðarfélags Íslands og saga landbúnaðarráðherra og saga ráðunauta á þessu sviði er á undanförnum árum engan veginn svo góð, að það sé vert að hafa þetta í lögum, úr því að það kemur á annað borð til umr. Enda þótt nú séu aðrir menn í þessum embættum en voru þá, þegar mestu óhöppin urðu, teljum við hv. 2. þm. Sunnl. miklu réttara að fella þessi ákvæði alveg úr lögum.

Þá er vert að minnast nokkuð á II. kafla þessa frv., sem í sjálfu sér er nýtt atriði og að sumu leyti allt annars eðlis en þær heimildir, sem í I. kaflanum eru. En í þessum II. kafla frv. eru ráðagerðir um það að flytja inn sæði úr erlendum holdanautum og rækta það til framhaldstímgunar hér í okkar landi. Fyrir því er mælt af þeim, sem eru fylgjandi þessu máli, að af þessu geti orðið mikill hagnaður á komandi tíð. En fyrir því er afar erfitt að færa nokkrar verulegar sannanir, og þar að auki er engan veginn tryggt, að það geti ekki fylgt sýkingarhætta einnig þessari aðferð. A. m. k. er það svo, að sá maður í landinu, sem fyrst og fremst ætti að taka tillit til á þessu sviði, yfirdýralæknir þjóðarinnar, mælir gegn því, að inn á þessa braut sé farið.

Um hagnaðarvonina er það að segja, að hún er einnig ákaflega vafasöm, því að meðal margs annars má að því víkja, sem yfirdýralæknir getur um og eðlilegt er að taka fram, að stærðarmunur á þessum erlendu holdanautum, sem hér er ætlazt til að fara að flytja inn á sérstakan hátt, — stærðarmunur á þeim og íslenzkum kúm er svo mikill, að það er ákaflega vafasamt, hvort íslenzkar kýr eru færar um að ganga með og fæða kálfa, sem þannig eru til komnir eins og hér er gert ráð fyrir.

Ef það er vilji fyrir því og meiri hl. Alþingis vill fara inn á þá braut að kosta miklu fé til þess að bæta okkar kjötframleiðslu, þá verð ég að

segja það, að mér fyndist, að það væri miklu nær að fara inn á aðrar leiðir, sem hafa ekki neina hættu í för með sér á því sviði. Og það mætti gera á þann hátt að stofna stórbú, við skulum segja ríkisbú til sauðakjötsframleiðslu eða jafnvel uxakjötsframleiðslu. Ég get staðhæft það, að hér fyrr á árum og það fyrir löngu, þá voru nokkur brögð að því, að það voru aldir upp uxar og gerðir gamlir og af þeim var talið ákaflega gott og verðmikið kjöt. Og við, sem erum komnir nokkuð á efri ár, vitum það, að á meðan sauðaeign var hér á Íslandi, var það almennt álit, að ekkert kjöt, sem hér væri framleitt, væri eins gott og verðmikið og sauðakjötið og engar skepnur, sem út voru fluttar á þeirri tíð, voru í jafnmiklu verði og okkar sauðir voru á tímabili.

Vegna alls þessa teljum við hv. 2. þm. Sunnl., að það sé ekki vert að vera með neina nýjungagirni á þessu sviði og leggja út í mikinn kostnað til þess að fara inn á jafnhæpna leið og þarna er sýnilega um að ræða. Þar að auki verð ég að segja það, að mér finnst mjög óviðfelldið, svo að ekki sé meira sagt, ef á að fara að stofna sóttvarnarstöð, eins og hér er gert ráð fyrir, að setja hana niður á okkar forsetasetri. Það væri þá nær að hafa hana í Gunnarsholti, þar sem nú er nokkur kynblendingarækt af nautum.

Annars sé ég ekki ástæðu til, ef ekki verður gefið sérstakt tilefni, að fjölyrða meira um þetta mál. Það er harðvítugt deilumál í landinu, og það er vafalaust engin tilviljun, að við þessir tveir þm., sem leggjum til að hafa algert bann á innflutningi dýra, erum úr bændastéttinni. Það er vegna þess, að það er bændastéttin, sem hefur orðið harðast úti fyrir allar þær aðgerðir, sem hafa reynzt til tjóns á undanförnum árum á þessu sviði. En það er að sjálfsögðu ljóst, og hæstv. forseti getur tekið það til athugunar, þegar kemur til atkvgr., að ef okkar 1. brtt. verður felld og 1. gr. þessa frv. samþ. óbreytt, þá koma aðrar okkar brtt. ekki til atkv., því að þær eru þá fallnar af sjálfu sér, aðalatriðið er þá úr sögunni. En ég sé enga ástæðu til að fjölyrða meira um málið. Það liggur ljóst fyrir, hvað fyrir okkur vakir, mér og hv. 2. þm. Sunnl., og það verður þá að ráðast, hvað hv. þdm. gera í þessu stóra deilumáli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja skriflegar brtt. við 11. og 13. gr. frv. í tveim liðum. Fyrri brtt. er á þá leið, að orðin „að Bessastöðum á Álftanesi“ í gr. og síðasti málsl. gr. falli burt. 2. brtt. er um það, að upphaf 13. gr. orðist svo: „Landbrh. skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð á stað, sem yfirdýralæknir mælir með.“ Ég tel ekki ástæðu til að skýra þessar brtt.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það hefur ekki orðið samstaða í landbn. d. um afgreiðslu þessa máls. Efnislega fjallar málið um það, að landbrh. skuli með tilteknum skilyrðum hafa leyfi til þess að veita leyfi fyrir innflutningi búfjár eða búfjársæðis, sem síðan á að ganga í gegnum sóttvarnarstöð, áður en því er hleypt út til almennra nota á búfjárstofni landsmanna.

Í þessum efnum, innflutningi búfjár, hafa Íslendingar þegar þá reynslu að baki, að Alþingi hefur fyllstu skyldur til þess að fara með allri gát um leyfi til slíks innflutnings. Á hinn bóginn er augsýnilegt, að nokkur ávinningur getur verið að því, ef hægt er að flytja inn búfé eða sæði til kynbóta á búfjárstofni landsmanna. Málið er því í eðli sínu eða tilgangur þess gott mál. En á hinn bóginn ber að reisa hinar fyllstu skorður við því, að hér geti hent önnur eins óhöpp og orðið hafa í búfjárinnflutningi, þar sem inn hafa verið fluttir búfjárstofnar, sem sýkt hafa bústofninn, sem fyrir er í landinu, og valdið bændastétt landsins milljónatjóni margföldu og sjálfum ríkisbúskapnum einnig.

Þetta mál kom fyrst fyrir í landbn. þessarar hv. þingdeildar s. l. fimmtudag. Þar var það rætt á einum fundi, og á þeim fundi var haft samráð við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, Ólaf Stefánsson, og gaf hann nefndinni ýmsar upplýsingar. Á þeim fundi var óskað eftir því, að einnig yrði kvaddur á fund n. yfirdýralæknir, sem upplýst var að þá var staddur erlendis, en væntanlegur heim degi síðar, þ. e. a. s. í gær, og þegar þeim fundi lauk, var ekki annað vitað en hann yrði kvaddur til n. á fund. En svo brá við, að út af þessu var brugðið, fundur boðaður í gærmorgun, án þess að til yfirdýralæknis næðist, og ég verð að játa á mig það afbrot, að ég kom fjórum mínútum of seint til þess fundar, en þá var líka fundinum lokið, búið að slíta honum og n. var í tvennu lagi um afgreiðslu málsins. Þess vegna kemur það fram í nál. hér, að ég hafi ekki verið mættur á þessum fundi.

Svona vinnubrögð, svona rannsókn af hálfu þingnefndar á máli, sem varðar eins miklu og þetta mál getur gert, tel ég ósæmandi vinnubrögð og hef ekki tekið afstöðu til málsins efnislega, en mótmæli fyrir mitt leyti þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð, þar sem beita á rannsóknum og íhygli. Það hefur ekki verið gert í landbn. og er það ámælisvert.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 784) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 641, n. 760, 762 og 766, 767, 784).

ATKVGR.

Brtt. 767,1 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, GJós, GíslG, JPálm, GJóh, HS, HV, LJós, SkG.

nei: AGb, BGr, BK, BBen, BP, EOl, GíslJ, JKs, GÍG, IngJ, JóhH, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, RH.

ÞÞ, BF, EmJ, HÁ, JSk greiddu ekki atkv.

8 þm. (BFB, EðS, EystJ, GeirG, GÞG, IG, JP, KGuðj) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16:8 atkv.

Brtt. 767,2—7 teknar aftur.

2.—10. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 784,1 felld með 15:11 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 18:5 atkv.
Brtt. 784,2 tekin aftur.
13.—23. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:6 atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 821).

---

69. Skemmtanaskattur.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [220. mál] (stjfrv., A. 612).

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Með þessu frv. er lagt til, að framlengt verði um tvö ár gildandi lagaákvæði um ráðstöfun á hagnaði viðtækjaverzlunar ríkisins, en um nokkur ár undanfarið hafa þau ákvæði gilt, að hagnaði viðtækjaverzlunarinnar skuli ráðstafað þannig, að ⅝ hans gangi til að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins, en ⅜ hlutum er menntmrh. heimilt að verja til styrktar Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gert er ráð fyrir í þessu frv., að þessi ákvæði verði framlengd um tvö ár enn.
Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 612, n. 685, 636).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Um alllangt árabil hafa ákvæði verið í bráðabirgðaákvæði í lögunum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, að ágóða af viðtækjaverzlun ríkisins skuli verja til að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins og til sinfóníuhljómsveitarinnar.
Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 612, er um það að framlengja þetta ákvæði um tveggja ára skeið. Menntmn. hefur komið saman, og eru nm. allir sammála um að mæla með því, að frv. með þessari framlengingu verði samþ. Hins vegar er fram tekið, að nm. hafa óbundnar hendur til að flytja eða fylgja brtt.
Þetta er það, sem ég hef fram að færa frá menntmn. En við þetta mál er ein brtt., sem ég hef flutt, og vil ég því leyfa mér að segja um hana nokkur orð, en ítreka það, að því, sem frá nefndinni kemur, er lokið, og það, sem ég nú segi, er frá eigin brjósti.
Þegar þessi ákvæði voru samþykkt fyrir nokkrum árum, — ég hygg, að það hafi verið 1957, — þá flutti ég þá brtt., að sá hagnaður, sem viðtækjaverzlun ríkisins kynni að fá af innflutningi sjónvarpstækja, skyldi renna til ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps. Þessi till. fékk ekki undirtektir þá og var felld í þessari deild með allmiklum atkvæðamun. Nú hefur margt gerzt síðan, og m. a. hafa orðið miklar umr. um sjónvarp á Alþ. Ég hygg, að það sé rétt skilið hjá mér, að í þeim umr. hafi langflestir verið þeirrar skoðunar og um það sammála, að sjónvarp mundi koma hér á landi og því fyrr sem við gætum byrjað á því, því betra. Ég hygg, að um þetta atriði gildi samkomulag, sem ekki var hægt að segja að gilti um önnur atriði í sjónvarpsmálinu eða þeim sjónvarpstill., sem hér hafa verið ræddar.
Ég hafði gert mér vonir um, að það yrði á þessu þingi lagt fram frv., sem legði grundvöllinn að íslenzku sjónvarpi, þannig að hægt væri að byrja að undirbúa það, og hefði þá verið hægt að byrja sjónvarpssendingar eftir 1½—2 ár og við gætum síðan fetað okkur áfram innan ramma þess, sem við höfum ráð á og aðstöðu til. En svo virðist sem slíkt frv. muni ekki koma, a. m. k. ekki frá hæstv. ríkisstj., á þessu þingi. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja nú aftur brtt. frá 1957, sem er þess efnis, að sá hagnaður, sem viðtækjaverzlun ríkisins kann að hafa af innflutningi sjónvarpstækja, renni til ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða og getur ekki orðið fyrr en íslenzkt sjónvarp hefst. Hins vegar mundi nú vera nokkur sjóður til í þessum tilgangi, ef till. hefði verið samþ. 1957, og með samþykkt þessarar till. finnst mér, að hv. alþm. gætu sýnt vilja sinn til þess, að með tímanum fáum við íslenzkt sjónvarp, og lagt hér á viðeigandi stað örlítið af mörkum, til þess að svo geti orðið.
Ég vil taka það fram, að þó að þessi till. verði samþ., skerðir hún í engu frv. sjálft, vegna þess að því má held ég alveg treysta, að innflutningur á útvarpstækjum minnkar ekki, þó að sjónvarp byrji hér, vegna þess að útvarpstæknin hefur breytzt svo mikið. Útvarpstækin eru nú minni og flytjanleg og mörg þeirra ódýrari, þannig að sala á þeim er orðin miklu meiri en eitt tæki í stofu hvers heimilis og lýtur allt öðrum lögmálum. Þess vegna hygg ég, að það sé óhætt að fullyrða og byggja þar á reynslu í öðrum löndum, að innflutningur á útvarpstækjum muni ekki minnka og að þær stofnanir, þjóðleikhúsið og sinfóníuhljómsveitin, sem njóta ágóða af innflutningi þeirra, muni ekki missa

neins, þó að sjónvarpið fái sitt, eingöngu af innflutningi þeirra sjónvarpstækja, sem koma til landsins á einn eða annan hátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 636 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SI, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BFB, BP, EðS, GJós. EystJ, GeirG, GJóh, GÞG, HS, JSk, KGuðj, LJós, RH.
nei: ÓTh, PS, SÁ, SkG, BK, BBen, GíslG, GíslJ, JKs, JPálm, HV, JP.
GÍG, IngJ, IG greiddu ekki atkv.
7 þm. (MÁM, AGb, EOl, EmJ, HÁ, JóhH, JR) fjarstaddir.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28:2 atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 705).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 86. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 705, n. 799).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv., og eins og fram kemur í nál., mælir n. með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 705.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 825).

---

70. Innflutnings- og gjaldeyrismál o. fl.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála [217. mál] (stjfrv., A. 597).

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Það eru hér aðeins örfá orð í fjarveru fjmrh.
Eins og hv. þm. sjá, fer þetta frv. fram á það, að heimilt verði að gefa eftir toll á allt að 150 bifreiðum vegna fatlaðra og lamaðra á árinu 1962. Í lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., er heimilað að veita undanþágu frá aðflutningsgjöldum á 50 bifreiðum á ári til fatlaðra og lamaðra manna. Í bráðabirgðaákvæði l. nr. 30 1960, um skipan innflutningsmála o. fl., er mælt fyrir um, að á árunum 1960—1961 skuli hámarkstala þessara bifreiða vera 150. En á s. l. sumri ákvað ríkisstj. með fyrirvara, að ef Alþ. samþykkti ekki heimild til fjölgunar, þá skyldu hlutaðeigendur greiða aðflutningsgjöld að fullu af þeim bifreiðum, sem bætt var við, en það voru 114 bifreiðar til viðbótar. Þess vegna er farið fram á með þessu frv., að hámarkstala árið 1961 megi verða 264 og hámarkstala 1962 megi verða 150. Það er mikil eftirspurn eftir þessum bifreiðum — mikið af fötluðu og lömuðu fólki — og þessi rýmkun, sem hefur verið viðhöfð nú síðustu tvö árin, hefur bætt ákaflega mikið úr brýnni þörf. — Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er greinilegt af því, sem fram kemur í þessu frv. og athugasemdinni, sem því fylgir frá ríkisstj., að sú tala bifreiða, sem ætluð hefur verið lögum samkvæmt til þess að selja fötluðu fólki með eftirgjöf af aðflutningsgjöldum, hefur reynzt of lág. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. gripið til þess á s. l. ári að leyfa sölu með eftirgjöf á aðflutningsgjöldum á nokkru fleiri bílum en ótvíræð lagaheimild lá fyrir um. Ég hef ekkert við þá framkvæmd að athuga, eins og hún er gerð, þannig að ríkisstj. gerði þetta með þeim fyrirvara, að innheimta mætti aðflutningsgjöldin, ef Alþ. samþykkti þetta ekki. Að vísu hefði verið viðkunnanlegra, að ríkisstj. hefði fyrir fram aflað sér heimildar til frekari eftirgjafar á bifreiðainnflutningi, en fyrst það fórst fyrir, get ég látið óátalda þessa framkvæmd. En þegar þetta hefur komið fyrir, að svo greinilega hefur ásannazt, að undanþáguheimild fyrir innflutningi bifreiða er of lág í lögunum til þess að uppfylla þær þarfir, sem fyrir hendi eru, þá hefði mér fundizt eðlilegt, að jafnhliða því að leita eftir heimild Alþ. fyrir þessari eftirgjöf, þá hefði ríkisstj. einnig aflað sér heimilda til að mega hækka þá tölu bifreiða, sem með þessum hætti er látin fötluðu fólki í té árlega. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., og vildi ég því spyrjast fyrir um það, hvort ekki væri þörf á því að hækka þá tölu bifreiða, sem framvegis væri heimilt að láta fötluðu fólki í té með eftirgjöf á aðflutningsgjaldi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. F'jmrh. ræddi þetta mál við Odd Ólafsson lækni og fékk þær upplýsingar hjá honum, að vegna þess, hversu ríflegt hefði verið undanfarið ár og undanfarin ár með úthlutun á bílum til fatlaðra og lamaðra, væri ástæða til þess að ætla, að það væri síður þörf á því nú en áður að hafa þessa tölu hærri. Og það er þess vegna, sem frv. er í því formi, sem það er, að Oddur Ólafsson læknir, sem er hnútum kunnugastur hvað þessi mál snertir, telur líklegt, að þessi tala muni nægja á yfirstandandi ári.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 597, n. 796).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta er um breytingu á bráðabirgðaákvæði, sem er í lögum nr. 30 frá 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Þetta ákvæði snertir innflutning á bifreiðum til fatlaðra og lamaðra manna, sem hafa fengið að flytja inn bifreiðar án innflutningsgjalda eða fengið lækkun á innflutningsgjöldum. Í bráðabirgðaákvæðunum í lögunum frá 1960 var svo mælt fyrir, að á árunum 1960 og 1961 skyldi hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af, vera 150 hvort árið. Árið sem leið ákvað ríkisstj. að veita tollundanþágu fyrir nokkru fleiri bifreiðar, þ. e. a. s. 114 til viðbótar, með þeim fyrirvara, að ef Alþingi samþykkti ekki þessa heimild, þá yrðu hlutaðeigendur að greiða aðflutningsgjöld að fullu. Í frv. er lagt til, að þessi heimild verði veitt til þess að lækka aðflutningsgjöld af samtals 264 bifreiðum árið 1961, og er fjhn. sammála um að mæla með því, að það verði gert.
Í frv. er gert ráð fyrir því, að hámarkstala bifreiða, sem aðflutningsgjöld megi lækka af árið 1962 vegna fatlaðra og lamaðra manna, skuli vera 150. N. hafði ekki aðstöðu til að meta, hvort þetta væri hæfileg tala, en umtal var um það í n., að það gæti komið til athugunar síðar, ef þörf virtist, að bæta einhverju við þá tölu, eins og orðið hefur að því er snertir innflutninginn á árinu 1961.
Eins og sést í nál. á þskj. 796, eru nm. sammála um að mæla með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan 1954 hefur verið ákvæði í lögum um heimild fyrir ríkisstj. til að undanþiggja fatlaða menn og lamaða aðflutningsgjöldum af bifreiðum, allt að 40 þús. kr. á hverja bifreið, og var þessi heimild lengi vel takmörkuð við innflutning 50 bifreiða á ári. 1960 var þessi heimild hins vegar hækkuð upp í 150 bifreiðar á ári fyrir hvort áranna 1960 og 1961, og var sú heimild þá tekin í lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, en upprunalega heimildin var í lögum um tollskrá. Á árinu 1961 veitti ríkisstj. síðan undanþágu frá greiðslu innflutningsgjalda, 40 þús. kr. á bifreið, fyrir fleiri bifreiðum en lög heimiluðu, 114 bifreiðum umfram hina lögheimiluðu tölu, sem var 150, en lét þó að sjálfsögðu þá, sem bifreiðarnar fluttu inn, er gátu fallið undir heimild laganna, undirskrifa skuldbindingu þar að lútandi, að ef Alþingi staðfesti ekki eftir á heimild ríkisstj. til þess að hækka hámarkstölu bifreiðanna úr 150 í 114 til viðbótar, þá skyldu hlutaðeigandi innflytjendur greiða almenn aðflutningsgjöld af bifreiðunum.
Síðan talan var hækkuð úr 50 bifreiðum á ári, að viðbættum þessum 114 fyrir 1960, hefur undanþáguheimild aðeins verið notuð í sambandi við bifreiðar fluttar frá vöruskiptalöndum. Í þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að lækka aðflutningsgjöld á árinu 1962 af 150 bifreiðum, sem fatlaðir og lamaðir flytja inn, en jafnframt er lagt til, að staðfest verði sú ákvörðun, að fyrir árið 1961 verði talan 264 bifreiðar. Þetta tvennt felst í þessu frv.
Í hv. Nd., sem þegar hefur afgreitt málið, var hv. fjhn. á einu máli um að mæla með því, að það næði fram að ganga, og var svo samþykkt með shlj. atkv. í hv. Nd. í gær. Ég vildi því mega treysta því, að hv. Ed. fallist einnig shlj. á þetta frv., og í trausti þess sé ég ekki ástæðu til að leggja til, að málinu sé vísað til nefndar, en hef að sjálfsögðu ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að það verði gert, ef till. kemur fram um það. Með hliðsjón af því, að full ástæða er til að ætla, að allir hv. þm. séu á einu máli um, að hér sé um eðlilegar ráðstafanir að ræða, leyfi ég mér aðeins að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. gat þess, að síðan þessi heimild hefði verið notuð um innflutning bifreiða, hefðu eingöngu komið til greina bifreiðar frá vöruskiptalöndum. Ráðh. gat þess ekki, hvort sá háttur mundi á hafður nú á þessu ári, og vildi ég mega spyrja hann um það, hvort sá háttur verði hafður á, að það komi einungis til greina þær bifreiðar, sem koma frá vöruskiptalöndum, en aðrar ekki. Það sýndi sig á s. l. ári, að það var þörf á miklu fleiri bifreiðum í þessum tilgangi

en lagaheimildin náði til. Þess vegna vildi ég aðeins geta þess, hvort ekki væri ástæða til þess að hækka bifreiðatöluna samkv. þessari lagaheimild nú, þar sem það sýndi sig, að heimildin var ekki fullnægjandi á s. l. ári, því að það er ekki bundið við það endilega að úthluta jafnmörgum bifreiðum og lagaheimildin nær til. Það skilst mér, að hæstv. ríkisstj. hafi í sinni hendi og viðkunnanlegra en að afla heimildar fyrir innflutningi ári síðar en hann hefur átt sér stað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef þetta frv. nær fram að ganga, mun ríkisstj. nota þá heimild, sem í því felst, til þess að undanþiggja bifreiðar frá vöruskiptalöndum, sem lamaðir og fatlaðir flytja inn, 40 þús. kr. innflutningsgjöldum, og eingöngu bifreiðar frá vöruskiptalöndum. Á beirri framkvæmd er engin breyting fyrirhuguð. Að því er það snertir, að þessi tala, 150 bifreiðar á ári, sé ekki nægilega há, er það að segja, að frá upphafi hefur sérstök nefnd, trúnaðarnefnd þriggja lækna, úrskurðað, hvaða menn teljist lamaðir og fatlaðir í þeim skilningi, að þeir eigi að geta notið beirrar undanþágu, sem hér er um að ræða. Með hliðsjón af því, að slík undanþága hefur verið í gildi í allmörg ár, 50 bifreiðar á ári frá árinu 1954 til 1959 að því ári meðtöldu og 150 bifreiðar á árinu 1960 og 264 á árinu 1961, með hliðsjón af þessum staðreyndum telur læknanefndin, að heimild til þess að lækka gjöld af 150 bifreiðum á ári nægi alveg til þess að sinna þörfum þeirra sjúklinga, sem teljast geta haft raunverulega þörf á því að nota bifreið og eiga því rétt á þeirri ívilnun, sem í þessari lagasetningu felst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 827).

71. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt** [139. mál] (stjfrv., A. 269).

Á 45. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrir síðustu alþingiskosningar höfðu báðir núv. stjórnarflokkar á stefnuskrá sinni endurskoðun skattalaganna, m. a. og í rauninni fyrst og fremst með það fyrir augum að lækka beina skatta. Það var því eðlilegt, að þegar ríkisstj. var mynduð, tóku stjórnarflokkarnir inn í stjórnarsáttmálann samningsákvæði í þessa átt. Í stjórnarsamningnum er komizt svo að orði, að til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstj. ákveðið m. a. að endurskoða skattakerfið. Ástæðurnar til þessa eru augljósar, bæði þess, að Alþfl. og Sjálfstfl. tóku upp í sínar stefnuskrár jafnákveðin fyrirheit um að vinna að þessum málum og að sérstaklega var þetta upp tekið í stjórnarsáttmálann, — ástæður til þessa eru að sjálfsögðu augljósar, því að það ástand í skatta- og útsvarsmálum, sem hér hafði ríkt um langan aldur, var ekki aðeins óviðunandi, heldur beinlínis háskalegt fyrir velmegun og lífskjör þessarar þjóðar. Þetta skattaástand hafði verið til niðurdreps fyrir atvinnureksturinn. Það hafði meinað atvinnufyrirtækjum að endurnýja sig, efla og auka starfsemi sína og afköst, eins og æskilegt og nauðsynlegt hefði verið. Í fjölda tilvika hefur þessi skattaáþján dregið úr framtaki, orku og vinnusemi einstaklinganna. Þessa eru mörg dæmi, sem við vafalaust öll þekkjum með sanni. Skattafarganið hefur því á undanförnum áratugum verið ekki aðeins til óþurftar fyrir atvinnuvegina, heldur dregið einnig úr dugnaði og vinnusemi einstaklinganna. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið, ásamt fleiri orsökum, til þess að draga úr þeirri aukningu þjóðarteknanna, sem hér hefði átt að verða og orðið hefur í stórum stíl í öðrum frjálsum, vestrænum ríkjum á hinum síðari árum.

Ég segi: ásamt fleiri öðrum orsökum. Vitanlega hafa skattamálin ekki verið eina orsökin, heldur hin stöðuga verðbólga, sem hér réð ríkjum, og fleiri ástæður enn. En auk þess að skattaáþjánin hefur þannig dregið úr aukningu atvinnulífsins og framtaki manna, hefur hún einnig haft þau áhrif, að skattsvik hafa verið orðin almennari á Íslandi en í nágrannalöndum okkar. Í rauninni var svo komið, að þorri manna taldi það eðlilegt og réttlætanlegt að draga undan skatti, eftir því sem mögulegt var. Þetta skapaði svo aftur hið mesta misrétti og ranglæti. Þeir þjóðfélagsborgarar, fyrst og fremst launamenn í opinberri þjónustu, sem urðu að telja fram allar tekjur sínar, töldu — oft með réttu, að skattar þeirra væru í hinu argasta ósamræmi við skatta nágrannans, sem hafði hagrætt framtali sínu betur. Það er orðið þjóðfélagsvandamál, þjóðfélagsböl, þegar það er komið inn í almenningsálitið, að sjálfsagt sé að draga

undan eins og frekast er fært. Og varðandi bæjar- og sveitarfélögin var ástandið þannig, að þau höfðu aðeins einn tekjustofn, sem nokkru skipti, þ. e. útsvörin. Yfir 90% af tekjum þeirra, urðu þau að ná inn með útsvörum. Og um leið og bæjar- og sveitarfélögum var meinað ár eftir ár að fá nýja tekjustofna, var hrúgað á þau nýjum útgjöldum með nýjum lögum.

Þegar eftir stjórnarmyndunina var því hafizt handa um gagngerða endurskoðun skattalaga, skatta- og tollakerfis. Sérstök nefnd manna fékk það verkefni að endurskoða tekju- og eignarskattslögin. Öðrum var falið að endurskoða útsvarslögin og undirbúa nýja löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga. Og hin þriðja nefnd var sett til þess að endurskoða tollskrána og allt tollakerfið. Þegar á þinginu 1960, um vorið var skatta- og útsvarslögum breytt. En þá var lækkaður stórlega skattur á almenningi, og var sú breyt. aðallega í því fólgin, að tekjuskattur var afnuminn af almennum launatekjum. Hjón, sem höfðu 70 þús. kr. tekjur, þurftu ekki að borga skatt, og síðan bættust við 10 þús. kr. skattfrjálsar fyrir hvert barn. Hjón með 3 börn og 100 þús. kr. tekjur þurfa því samkv. þessum l. ekki að borga neinn tekjuskatt.

Jafnhliða þessu voru gerðar margvíslegar endurbætur á útsvarslögum og fjárhagsmálum sveitarfélaganna. Var það m. a. fólgið í því, að í stað þess, að jafnað hafði verið niður eftir efnum og ástæðum og sveitarfélög og niðurjöfnunarnefndir haft mjög frjálsar hendur þar um, voru nú lögfestir útsvarsstigar, þrír að tölu. Skyldi einn þeirra gilda fyrir Reykjavík, annar fyrir aðra kaupstaði, þriðji fyrir önnur sveitarfélög í landinu. En jafnframt var ákveðið á þessu sama þingi, að fimmtungur af söluskatti, sem þá voru sett lög um, skyldi renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og úthlutað þaðan milli sveitarfélaganna og skipt eftir íbúatölu. Þessar ráðstafanir gerðu það að verkum, að þegar á því sama ári var unnt að lækka útsvörin á útsvarsgreiðendum verulega, og mun sú lækkun í höfuðborginni hafa numið allt að 20% til jafnaðar. Varðandi tekjuskattslögin, þá var hér þó aðeins um að ræða fyrsta þátt endurbótanna, það sem alls ekki þótti mega draga, en það var hin mikla skattalækkun á almenningi.

Annar þátturinn var svo skattalöggjöf atvinnurekstrarins í landinu og fyrst og fremst félaganna. Það var ljóst, að sú endurskoðun hlaut að taka nokkru lengri tíma, enda er það svo, að heildarendurskoðun skattalaga í öðrum löndum tekur venjulega mörg ár eða jafnvel áratug eða meira. Að þessu hefur síðan verið unnið, og liggur nú fyrir í þessu frv. árangurinn af því starfi. En það má segja, að það frv., sem hér er lagt fram, sé beint framhald og óaðskiljanlegur þáttur af því, sem gert var 1960, annar áfangi á þessari leið umbótanna. Varðandi útsvarslög og tekjustofna sveitarfélaga mun einnig verða lagt frv. fyrir þetta Alþingi.

Sú nefnd, sem falið var að undirbúa þetta mál, var skipuð 6 mönnum. Nefndin var skipuð 8. jan. 1960. Formaður hennar var Björn Ólafsson fyrrum fjmrh. Í nefndinni áttu auk hans sæti alþingismennirnir Gísli Jónsson, Jón Þorsteinsson, Ólafur Björnsson, Sigurður Ingimundarson og Svavar Pálsson endurskoðandi. Ráðuneytisstjórinn í fjmrn., Sigtryggur Klemenzson, tók sæti í nefndinni, þegar fjallað var um þá þætti frv., er varða framkvæmd skattamála.

Það frv., sem hér liggur fyrir, byggist á till. nefndarinnar með örfáum breytingum. Ég mun nú rekja þær helztu breyt., sem frv. felur í sér.

Í fyrsta lagi: Núgildandi heildarskattalög eru frá 1954, eða nær 8 ára gömul. Síðan hafa verið gerðar nokkrar breyt. á skattalögum og þótti nauðsynlegt að fella þær breyt. inn í lögin. Auk þess felur þetta frv., sem hér liggur fyrir, í sér svo verulegar efnisbreytingar, að rétt þótti að hafa þau vinnubrögð við undirbúning málsins að semja ný skattalög frá grunni, en ekki að flytja þessar breyt. sem brtt. við eldri skattalög. Efnisröðun gildandi l. var að ýmsu leyti orðin óskipuleg vegna þeirra breytinga, sem gerðar höfðu verið undanfarin ár. Við þessa endurskoðun l. í heild hefur verið byggt á þeim grundvallarsjónarmiðum, að gleggst væri til yfirlits, að saman væri skipað í kafla öllum ákvæðum laganna, sem varða skattskyldu og það, hverjir séu skattaðilar. Um það fjallar I. kafli frv., II. kaflinn fjallar um ákvæðin um skattskyldar tekjur, og III. kaflinn felur í sér ákvæðin um skattskyldar eignir. Í IV. kafla frv. koma síðan skattstigarnir, bæði tekjuskatts- og eignarskattsstiginn. Þá tekur við V. kafli, um skattstjórnaryfirvöld, og síðan VI. kafli, um framtöl tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl. Í VII. kafla eru refsiákvæði og viðurlög og ýmis ákvæði í VIII. kafla. Samkv. þessu er efnisskipun frv., einkum í I.—IV. kafla, með nokkuð ólíkum hætti frá því, sem er í gildandi lögum. Til þess að menn geti sem bezt gert sér grein fyrir þessum breyt. og eigi auðveldara um samanburð á ákvæðum þessa frv. og gildandi laga, hafa verið tekin saman yfirlit, sem birt eru sem fylgiskjal með þessu frv. Á bls. 32—34 er fskj. A, en það sýnir, hvaðan úr gildandi skattalögum einstakar greinar frv. eru teknar og hverjar greinar eru nýmæli. Á bls. 34—35 er fskj. B með öðru yfirliti, er sýnir, hvar einstökum ákvæðum gildandi skattalaga er skipað í frv. og hver ákvæði er gert ráð fyrir að felld verði niður. Vænti ég þess, að þessi yfirlit bæði verði hv. alþm. til glöggvunar við samanburð frv. við gildandi lög.

Í öðru lagi: Í 5. gr. frv., sem svarar til 3. gr. gildandi laga, er tekinn upp C-liður um skattfélaga með ótakmarkaðri, persónulegri ábyrgð, en sá liður féll niður með skattalagabreyt. frá 1959, væntanlega af vangá, og ber því að skoða þetta sem leiðréttingu fyrst og fremst.

Í þriðja lagi: Í 7. gr. frv., D-lið, er nýmæli um jöfnunarhlutabréf. Segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta, í D-lið 7. gr.:

„Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi, og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst 3 ár, og sé samanlagt verð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar

verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Fjmrh. ákveður, hvernig reikna skuli hina almennu verðhækkun."

Víðast hvar er nú heimilað, að hlutafélög geti gefið út jöfnunarhlutabréf til hluthafa, án þess að þau bréf eða sú hækkun, sem um er að ræða, sé talin skattskyld hjá félaginu eða hluthöfum. Þetta byggist á því, að hér er raunverulega um leiðréttingu að ræða vegna breytinga á gildi peninga. Með þessu er ekki verið að gefa hluthöfum nein ný verðmæti. Sérhver hluthafi á nákvæmlega jafnmikinn hlut í fyrirtækinu eftir sem áður. Til skýringar þessu má nefna einfalt dæmi:

Hlutafélag hefur verið stofnað fyrir 30—40 árum með 1000 kr. hlutafé, þ. e. 10 hlutum, sem hver er 100 kr. að nafnverði. Við skulum taka það dæmi, að síðan hafi almennt verðlag í landinu, laun, tilkostnaður og annað þess háttar, tuttugufaldazt. 100 kr. hlutabréf fyrir 30—40 árum er því í rauninni sama og 2000 kr. hlutabréf nú. En eftir gildandi l. getur hlutafélagið ekki breytt hlutafé sínu til samræmis við hið breytta verðlag nema greiða skatta af hækkuninni, þó að hér sé um hreina leiðréttingu að ræða. Þetta leiðir svo m. a. af sér erfiðleika í sambandi við arðsúthlutun. Ef félagið vill t. d. greiða 8% arð og hefur möguleika til þess, 8%, — eins og eru sparisjóðsvextir af bundnu sparisjóðsfé nú, — þá verður að miða þessa 8% arðsúthlutun við 100 kr. bréfið, þó að það jafngildi með núv. verðlagi 2000 kr., í stað þess, að eðlilegast væri að borga þessar greiðslur eða þennan arð af því verðmæti, sem bréfið hefur í dag, miðað við verðhækkunina. Þetta þýðir, að hluthafinn getur ekki með arðsúthlutun fengið nema brot af eðlilegum sparisjóðsvöxtum af eign sinni í félaginu, og hann getur ekki notið gagns af eign sinni, nema farnar séu einhverjar krókaleiðir.

Þetta nýmæli felur það í sér í stuttu máli sagt, að leyft er að leiðrétta nafnbréf hlutabréfa til samræmis við þær verðbreytingar í landinu, sem orðið hafa, síðan félagið var stofnað eða hlutafé innborgað.

Í fjórða lagi: Í 10. gr. frv., H-lið, eru nýmæli um launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu alþjóðastofnana. Þar segir svo, að til tekna teljist ekki beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenzka ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Ef íslenzkur maður gerist starfsmaður slíkra stofnana og er búsettur í bækistöðvum þeirra, en slítur heimilisfesti á Íslandi, þá er hann undanþeginn sköttum fyrir þau laun. Ef hann hins vegar heldur áfram búsetu hér á landi og vinnur hér heima þau störf, sem alþjóðastofnunin hefur falið honum og greiðir honum laun fyrir, þá verður hann að greiða af því fulla skatta. Það þykir rétt að torvelda ekki möguleika manna, hér búsettra, til þess að taka að sér slík launuð störf fyrir alþjóðastofnanir, þó að þeir vinni störfin hér heima, því að með því fyrirkomulagi, sem nú gildir, mundu menn stundum í rauninni flæmdir af landi brott vegna þeirra skattaákvæða, sem nú gilda. Þetta nýmæli miðar að því að gera hér leiðréttingu á.

Í fimmta lagi er breyt. á gerð um möguleika eða heimild til þess að flytja tap af atvinnurekstri á milli ára. Það ákvæði er í 11. gr., B-lið, 2. mgr., þar segir svo:

„Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð."

Hér á landi er ýmis atvinnurekstur mjög áhættusamur. Útgerðarfyrirtæki hefur e. t. v. góða afkomu eitt árið, en verður fyrir miklu tapi annað árið vegna aflabrests, verðfalls eða annarra orsaka. Það er eðlilegt, að skattalögin taki tillit til þess, að atvinnurekstur er að ýmsu leyti áhættusamari hér á landi og meiri áraskipti um afkomu hans en víða annars staðar, t. d. í háþróuðum iðnaðarlöndum, þar sem afkoma iðnaðarfyrirtækjanna er að jafnaði svipuð frá ári til árs. Ef nú slíkt fyrirtæki hér verður fyrir stórfelldu tapi í ár, greiðir það auðvitað ekki tekjuskatt. En ef það hefur sæmilegan hagnað næstu árin á eftir, verður það að borga tekjuskatt af þeim hagnaði, án tillits til þess mikla tjóns, sem það varð fyrir eitt árið, að öðru leyti en því, að í núgildandi l. er heimilt að flytja slíkt tap um tvenn áramót. Breytingin í frv. er í því fólgin að rýmka þetta ákvæði, þannig að heimilt sé að flytja slíkt tap í atvinnurekstri á milli ára um fimm áramót, í stað tveggja eftir gildandi lögum.

Í sjötta lagi: Í 12. gr. frv., D-lið, er nýmæli um frádráttarlið, en þar segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur er á þær lagður, einstakar gjafir til menningarmála, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjmrh. ákveður í reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir komi til greina samkv. þessum staflið.

Það mun hafa verið á miðju ári 1959, að skipuð var samkv. ályktun Alþingis nefnd til að athuga, hvort unnt sé að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi hér á landi með því að gera framlög fólks til þeirra frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts. Formaður þeirrar n. var dr. Jóhannes Nordal. Sú n. skilaði áliti, og fékk skattalaganefndin það til athugunar og byggði þetta ákvæði í D-lið í verulegum efnum á till. nefndarinnar, þó að nokkra breytingu muni hún hafa á því gert, en í meginefni er það svipað. Ég ætla, að hér sé rétt stefnt, að örva menn til framlaga og gjafa til menningar- og líknarfélaga með þeim hætti, að þeir megi draga það frá tekjum á því ári, sem gefið er.

Þá er í sjöunda lagi nýr frádráttarliður í 12. gr., E, en þar segir svo: Kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, megi draga frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Það skilyrði er, að þessi kostnaðarliður sé studdur fullnægjandi gögnum.

Í áttunda lagi er breyt. í 13. gr., C-lið. Þar er ákvæði um, að iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkra-

sjóða, atvinnuleysissjóða skuli draga frá hreinum tekjum einstaklinga. Hér er bætt inn, að enn fremur sé heimilt að draga frá tekjum félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5 af 1000 af veltu fyrirtækjanna.

Í níunda lagi er ákvæði í 13. gr., E-lið, og er það nýmæli. Þar segir svo: „Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, má eftir mati skattayfirvalda og eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu fimm ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.“ Eins og kunnugt er, þá eru ákvæði í gildandi l. og framkvæmd á þá lund, að vexti af skuldum má draga frá tekjum, en ekki afborganir. Með þessu er verið að reyna að létta undir með námsmönnum, sem oft koma skuldum hlaðnir eftir langt og dýrt nám og eiga, sérstaklega fyrstu árin, eftir að þeir taka við starfi, fullerfitt með að standa undir vöxtum og afborgunum námsskuldanna. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að annað hefur einnig verið gert til þess að létta mjög undir með námsmönnum, og það eru annars vegar hin stórauknu framlög í fjárlögum til styrkja og lána námsmönnum til handa og sú nýja löggjöf, sem sett hefur verið um lánasjóð íslenzkra námsmanna. Þar sem hér er í þessu frumvarpsákvæði rætt um afborganir námsskulda, er rétt að minnast einnig á þetta mál, sem er námsmönnum til mikils hagræðis. En þau átök, sem gerð hafa verið í því efni, má m. a. sjá af því, að 1958 voru í fjárlögum fjárframlög til styrkja og lána til námsmanna samtals 1950 þús., en í gildandi fjárlögum fyrir 1962 eru þau orðin 8 millj. rúmar, til viðbótar kemur svo bæði eigið fé lánasjóðsins og þau bankalán, sem hann hefur fengið til útlána að nýju, þannig að ef við lítum á þessa fyrirgreiðslu í heild, þá eru samanburðartölur þessar um þá fjárhæð, sem veitt var til lána og styrkja námsmanna: 1958 1950 þús., en 1962 rúmar 13 millj.

Það er enginn vafi á því, að í þessu ákvæði í E-lið 13. gr. um, að afborganir námsskulda megi draga frá tekjum í 5 ár, eftir að námi er lokið, er um mikið sanngirnismál að ræða. Og eftir þeirri reynslu, sem flestum er kunn af því, hversu erfitt námsmenn, nýkomnir frá löngu námi, eiga með að standa undir sínum skuldum. þá vænti ég, að hv. þm. geti á þetta nýmæli fallizt.

Í tíunda lagi er nýmæli í 15. gr. frv. um fyrningarafskriftir. Nú er svo ákveðið í lögum, að fyrningu véla, áhalda, atvinnutækja skuli reikna með ákveðinni hundraðstölu af upphaflegu kaupverði eða kostnaðarverði. Slíkt kaupverð eða kostnaðarverð er nú oft aðeins hluti, kannske ⅛ eða jafnvel 1/10 hluti af því, sem nýjar vélar og tæki kosta nú. Vegna hinnar öru verðbólgu, sem hér hefur verið síðustu 10—15 árin, standa atvinnufyrirtæki, ekki sízt iðnaðarfyrirtæki, mjög illa að vígi vegna fyrningarreglnanna um vélar, því að vélar, sem keyptar hafa verið fyrir 5—10 árum og eiga nú að vera fyrndar að mestu eða öllu leyti, þurfa að standa undir endurnýjun á vélakosti, en hið upphaflega kaupverð, sem afskriftirnar eru reiknaðar af, hefur í mörgum tilfellum verið aðeins örlítill hluti af því, sem kostnaðurinn er nú við að endurnýja þessi tæki. Hér er því gert ráð fyrir að breyta frá núgildandi fyrirkomulagi þannig, að í stað þess að miða fyrningarprósentuna við upphaflegt kaupverð, sé nú miðað við endurnýjunarverð, þ. e. a. s. við mat á því, hvað kostar að endurnýja sams konar tæki eða kaupa sams konar tæki nú.

Í 22. gr. frv. eru svo nánari ákvæði um það, hvernig skuli finna hæfilegt endurnýjunarverð. Þar segir, í H-lið 22. gr.:

„Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—1963 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar.“ Og nánari reglur skulu settar um framkvæmd matsins. Að sjálfsögðu mun það verða svo í framkvæmd, að nokkrum vafa getur verið undirorpið á stundum, hvert ber að telja endurnýjunarverð tækja eða véla. Það eru e. t. v. ekki lengur framleidd sams konar tæki vegna örrar þróunar, og verður þá að fara eftir þeim reglum, sem 22. gr. gerir um aðferð að finna það, sem næst er sanni.

Á því er enginn vafi, að um leið og hér er um eðlilegt sanngirnismál að ræða, þá mun þessi nýja regla verða mjög tli þess að skapa atvinnufyrirtækjunum möguleika til að fylgjast betur með aukinni og nýrri tækni, að endurnýja sín tæki miklu fyrr en ella. En vitanlega er það þjóðhagslegt hagsmunamál, það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að atvinnurekstrinn sé á hverjum tíma sem bezt rekinn, með sem fullkomnustum tækjum, en sé ekki að burðast með gömul og úrelt tæki, sem afkasta ekki því sama og ný tæki, en eru e. t. v. hins vegar dýrari í rekstri.

Ellefta breyt. er í 17. gr. frv., 1. mgr. Í gildandi l. er svo ákveðið, að félög megi draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 8%, áður en skattur er á þau lagður. Ef þau borga meira en 8% í arð, þá er sú arðsútborgun skattlögð bæði hjá félaginu og hjá félagsmanni, sem fær arðinn, m. ö. o. um tvísköttun að ræða. Með þessu frv. er lagt til að hækka þennan hundraðshluta úr 8 upp í 10. Þegar þess er gætt, að hæstu sparisjóðsvextir eru nú 9%, þ. e. a. s. af því fé, sem er bundið í eitt ár, þá þykir ekki óeðlilegt, að slík skattfrjáls arðsútborgun hjá félögunum sé hækkuð upp í 10%, og má þó vera, að ýmsir telji eðlilegt að hafa þetta mark nokkru hærra, en út í það skal nú ekki neitt farið hér.

12. brtt. er í 17. gr., 2. mgr., og er þar svo ákveðið, að ef nokkuð af ársarði félaga samkv. 5. gr. A—D er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ hluta af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Í núgildandi l. eru þau ákvæði, að almenn hlutafélög hafa heimild til þess að leggja skattfrjálst ⅛ hluta af hagnaði sínum í varasjóð. Enn fremur er svo ákveðið um sam-

vinnufélög, að þau megi leggja skattfrjálst þriðjung af tekjuafgangi sínum í varasjóð. Í þriðja lagi er svo ákveðið um þau hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, að þau megi draga frá tekjum sínum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af hreinum tekjum. En jafnframt eru lagðar á þessi félög, sem stunda útgerð sem aðalatvinnurekstur, sérstakar kvaðir. Kvaðirnar eru þær, að 50% af því fé, sem þau leggja í varasjóð, skuli geymd í sérstökum reikningi í banka, og nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður. Í öndverðu var þessum nýbyggingarsjóði ætlað það hlutverk að tryggja endurnýjun skipastóls útgerðarinnar. En þessum tilgangi var aldrei náð, og það er talið af kunnugustu mönnum, að lögin um nýbyggingarsjóð hafi að mestu verið dauður bókstafur, þannig að þetta sérákvæði um heimild hlutafélaga og félaga með takmarkaðri ábyrgð til að leggja þriðjung af hreinum tekjum í varasjóð, ef þau stunduðu sjávarútveg, hafi ekki komið að neinu gagni og hafi í raun inni enga raunhæfa þýðingu að halda þessu ákvæði áfram.

Það er lagt til með þessu frv. að samræma þessi ákvæði, sem nú gilda um varasjóði, þannig að um öll þau félög, sem upp eru talin í 5. gr. A—D, skuli gilda sama regla, sú, að fjórðung eða 25% af hagnaði megi leggja í varasjóð. Þetta ákvæði er því nokkur bót fyrir félög með takmarkaðri ábyrgð almennt og þar með þau útgerðarfyrirtæki, sem eru í slíku formi. Varðandi samvinnufélögin lækkar þetta framlag, þetta skattfrjálsa varasjóðsframlag, hins vegar úr ⅓ niður í ¼. En það er erfitt að færa fyrir því fullgild rök, að um varasjóðsframlag skuli þetta eina félagsform, samvinnureksturinn, njóta sérstöðu og hafa önnur hlunnindi en önnur félög, sem stunda atvinnurekstur í landinu.

Í stuttu máli sagt, þá felur þessi breyt. varðandi varasjóði það í sér, að almenna reglan verður sú, að hið skattfrjálsa framlag hækkar úr 20 í 25%, að afnumið er það ákvæði um nýbyggingarsjóði útgerðarfyrirtækjanna, sem hefur verið dauður bókstafur og hefur enga raunhæfa þýðingu, og að ekki þykir ástæða til að halda sérreglu um samvinnufélögin, heldur að þau séu að þessu leyti sett við sama borð og aðrir.

Í þrettánda lagi er svo enn breyt. í 17. gr., 3. mgr. Það er um það, að kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög megi draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Þetta ákvæði er látið haldast, en við er bætt: „Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum.“ Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. En þau rök eru færð fram fyrir þessari breytingu, að það hafi þótt orka tvímælis í framkvæmd, hvaða félög féllu þarna undir, og hafi verið talið óljóst um ýmis félög önnur en samvinnufélög, og þykir því réttara að taka af öll tvímæli um þau félög, að þessi regla gildi einnig varðandi skatt.

Í fjórtánda lagi er ákveðið í frv., að húsgögn og aðrir húsmunir og persónulegir gripir skuli ekki taldir með skattskyldum eignum, heldur undanþegnir eignarskatti.

Í fimmtánda lagi er svo sú breyt. gerð á tekjuskattsstiganum, að skattur félaga skuli vera 20% af skattskyldum tekjum í stað 25%, sem nú gildir.

Í sextánda lagi eru svo ákvæði um eignarskattinn, sem eru í 26. gr. Þar er gerð sú breyting á, að skattfrjáls eign, sem samkvæmt gildandi l. er 30 þús., skuli nú verða 100 þús., þannig að hjá hverjum manni verður 100 þús. kr. eign skattfrjáls, og skattstiginn er gerður einfaldari, þannig að í stað þess, að í gildandi l. eru 9 mismunandi prósentur, þá eru þær hafðar aðeins þrjár eftir þessu frv. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að þetta valdi neinum breyt. á tekjum ríkissjóðs af eignarskattinum, er aðeins samræmingarákvæði.

Í sautjánda lagi er gert ráð fyrir því í 42. gr. frv., að þegar maður kærir skatt sinn til ríkisskattanefndar, þá skuli skattþegni eða umboðsmanni hans heimilt að flytja mál sitt munnlega eða skriflega fyrir ríkisskattanefnd. Nú hefur þótt misbrestur á því, að kærandi hefði tök á því að flytja mál sitt fyrir nefndinni, og er hér lögboðið, að það skuli honum heimilt.

Í átjánda lagi er svo ákveðið í 42. gr. einnig, að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera rökstuddir. Svo hefur verið í framkvæmd að undanförnu, að oft og tíðum hefur ríkisskattanefnd kveðið upp sína úrskurði án þess að láta í té sérstakan rökstuðning fyrir þeim. Og án þess að í þessu felist ásökun í garð ríkisskattanefndar, að úrskurðir hennar hafi hingað til verið órökstuddir, þá er með þessu beinlínis fyrir mælt, að kærandi eigi heimtingu á því að fá að sjá rökstuðning hennar fyrir úrskurðinum.

Í nítjánda lagi: Í 44. gr. er kveðið skýrt á um það, að áfrýjun skattaákvörðunar eða deila um skattskyldu fresti ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysi undan þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skatturinn er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Vikja má frá ákvæði 1. málsliðs, ef sérstaklega stendur á, samkv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Tilgangurinn með þessu er sá, að menn geti ekki fengið sér óeðlilega fresti til greiðslu á sköttum með áfrýjunum, og því gert ráð fyrir, að áfrýjun fresti ekki eindaga, en hins vegar gerður sá fyrirvari, að ríkisskattstjóri getur, hvenær sem er, veitt undanþágu frá þessu, m. ö. o. ákveðið, að áfrýjun fresti eindaga, ef honum sýnist ástæða til.

Loks er í tuttugasta lagi breyting, sem er allviðamikil, og hún er um framkvæmd skattamálanna. Í frv. er nefnilega gert ráð fyrir viðtækum breyt. í skattstjórn og um ákvörðun skatta og úrskurði í sambandi við skattaákvarðanir.

Það er rétt að taka fram, hvernig þessum málum er háttað nú í stórum dráttum. Undir-

skattanefndir eru nú 219 að tölu og þrír menn í hverri nefnd, eða samtals 657 menn í undirskattanefndum. Nefndirnar leggja á þinggjöld og endurskoða framtöl, einnig leggja þær á söluskatt. Sums staðar eru skattstjórar starfandi, og eru þeir nú 10 að tölu. Skattstjórarnir eru á þessum stöðum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum, Neskaupstað, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði, Akranesi. Skattstjórarnir, sem hafa stjórn skattstofu og nokkra starfsmenn, vinna sömu verk og undirskattanefndir, þ. e. álagningu þinggjalda, söluskatts, þeir hafa skattaeftirlit og endurskoðun framtala. Síðan eru yfirskattanefndir, sem eru 24 að tölu, og eru þrír menn í hverri nefnd, eða samtals 72 menn. Verkefni yfirskattanefnda er að úrskurða skatta- og útsvarskærur, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og undirskattanefnda í sínu umdæmi, framkvæma ýmiss konar hlunnindamöt, fara yfir skattframtöl o. fl. Ríkisskattanefnd er svo æðsta skattstigið og yfirstjórnandi skattstjóra og skattanefnda. Í nefndinni sitja þrír nefndarmenn, og auk þess starfa þar nokkrir menn á hennar vegum. Ríkisskattanefndin er æðsta kærustig í skatta- og útsvarsmálum, hefur eftirlit með störfum skattstjóra og skattanefnda, endurskoðar framtöl af öllu landinu, úrskurðar beiðnir um skattaeftirgjafir o. s. frv. Kostnaður við framkvæmd skattamálanna, og eru þar talin með laun og kostnaður við undirskattanefndir, skattstofur, yfirskattanefndir, ríkisskattanefnd, var árið 1960 9.6 millj. og mun hafa orðið árið 1961 um það bil 10.7 millj.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að breyta hér mjög um. Það er gert ráð fyrir, að undirskattanefndir og yfirskattanefndir verði afnumdar, en landinu verði þess í stað skipt í átta skattumdæmi. Það er gert ráð fyrir því, að skattaumdæmin falli saman við núverandi kjördæmi við alþingiskosningar. Fyrir hverju skattumdæmi er skattstjóri, sem ákvarðar skatta og úrskurðar kærur út af skattaákvörðunum, en þeim úrskurðum má svo skjóta beint til ríkisskattanefndar í stað þess fyrirkomulags, sem nú er, að þær kærur fara fyrst til yfirskattanefndar og síðan til ríkisskattanefndar. Það er gert ráð fyrir, að skattstjóri hafi umboðsmenn í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi utan aðseturs síns. Hins vegar er gert ráð fyrir, að ríkisskattanefnd starfi áfram og skipaður skuli ríkisskattstjóri, sem verði formaður ríkisskattanefndar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ýmsar þekkingar- og hæfnikröfur séu gerðar til skattstjóra. Segir svo um það efni í 29. gr. frv., að skattstjóri skuli, auk hinna almennu, sjálfsögðu skilyrða, hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi. Með þessu ákvæði eru settar miklu strangari reglur eða kröfur en hingað til hefur verið um undirbúningsmenntun skattstjóra. Er ætlunin sú að koma á þeirri skipan, að á skattstofunum starfi menn, sem eru menntaðir og þaulvanir þessum málum, skattamálum, og að með þessari skipan komist á meira samræmi, betra eftirlit, heldur en hingað til hefur verið í skattamálum.

Nú er það svo, að enginn einn embættismaður hefur yfirstjórn skattamálanna í landinu, að undanteknu að sjálfsögðu því, að skattamálin öll heyra undir starfsmenn fjmrn., en hver skattstjóri hefur sitt sérstaka umdæmi, en að vísu er ríkisskattanefndin þar æðsta dómstig. Það er talið nauðsynlegt að koma þeirri skipan á, að hér verði einn maður, sem hefur yfirumsjón í þessum efnum, og því mælir 31. gr. frv. svo fyrir, að skipaður skuli ríkisskattstjóri. Hann þarf að fullnægja þeim sömu skilyrðum, sem talin eru í 29. gr., um embættisgengi skattstjóra. Það er gert ráð fyrir því, að ríkisskattstjórinn, sem verður formaður ríkisskattanefndar, hafi víðtækt eftirlits-, leiðbeiningar- og rannsóknarvald í skattamálum.

Ég hef nú rakið í 20 liðum þær helztu breytingar, sem gerðar eru með þessu frv. frá gildandi lögum. Að sjálfsögðu eru breyt. miklu fleiri, en þessar ætla ég að skipti mestu máli. Ég vil taka það einnig fram, að þótt hér sé um veigamiklar endurbætur að ræða, sérstaklega fyrir atvinnureksturinn í landinu, þá má ekki skilja svo, að ýmsar fleiri breyt. en þessar væru ekki æskilegar. Ég tel, að það sé margt í okkar skattalöggjöf, sem þurfi enn að breyta, en skal ekki fara hér út í það atriði frekar. En ef þetta frv. verður að lögum, þá mun að sjálfsögðu verða haldið áfram endurskoðun skattalaganna, ekki þó þannig, að gert sé ráð fyrir sérstakri nefnd, sem hafi það með höndum, heldur verður það að sjálfsögðu fyrst og fremst að vera í höndum ríkisskattstjórans að benda á þær breytingar, sem hann telur, að verði til bóta, og annað, sem æskilegt væri að breyta í skattalögunum, eftir því sem reynslan sýnir okkur á hverjum tíma.

Það er væntanlega tízka hér, að þegar einhverjar lagfæringar á að gera í skattamálum fyrir atvinnureksturinn í landinu, þá er það hrópað upp, að nú sé verið að létta skatta á auðfélögum og auðkýfingum á kostnað almennings í landinu. En hvers vegna eru endurbætur í skattamálum atvinnulífsins nauðsynlegar? Því er fljótsvarað. Það er ekki vegna einhverra auðfélaga eða auðkýfinga, heldur vegna almennings í landinu. Endurbæturnar eru vegna almennings, en ekki auðmanna. Þeir skattar, sem atvinnureksturinn hefur orðið við að búa, eru að dómi allra hlutlausra og sérfróðra manna með þeim hætti, að þeir lama atvinnufyrirtækin, draga úr eðlilegri endurnýjun og aukningu véla, tækja og húsa, minnka afköstin og draga þar með úr þjóðartekjunum. Þess vegna kemur minna til skipta milli landsins barna, þess vegna kemur minna í hlut. Velmegun almennings byggist á blómlegu atvinnulífi. Umbætur í skattamálum atvinnulífsins eru hagsmunamál og kjarabót fyrir allan almenning. Hóflegir skattar atvinnulífsins eru því hagsmunamál fólksins. Að því beinist þetta frv. að reyna að búa atvinnurekstrinum í landinu þau skilyrði, að hann geti dafnað og blómgazt, bæði fylgzt með tímanum, eflzt og aukizt til hagsbóta fyrir öll landsins börn.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mun nú ekki á þessu stigi málsins tala ýtarlega um þetta mál. Það er ýmislegt í þessu frv., sem þarf skýringar við og skýrist að sjálfsögðu við athugun og umr. í n. Ég mun, jafnframt því sem ég minnist á nokkur atriði, einnig minnast lítils háttar á þessi atriði, sem ég tel að þurfi sérstaklega athugunar við.

Það er vitanlega ljóst, að með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að ýmsum stórauknum fvilnunum félögum til handa í skattamálum, og út af orðum, sem hæstv. fjmrh. lét falla um skattaáþján undanfarinna ára, vil ég aðeins segja það, að skattaáþjánartímabilið, held ég, sé nú einna mest á árunum 1940—50. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að eftir það fóru menn að gera sér ljóst, að skattstiginn, sem hækkaði skattinn mjög ört með vaxandi krónutölu teknanna, varð rangur mælikvarði, er krónan missti meira og meira gildi sitt.

Ég vil benda á, að það hafa verið gerðar ýmsar breyt. á skattalögunum, og get ég þar bent á, að árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum. Árið 1954 varð sparifé skattfrjálst. Sama ár voru sett ný skattalög og skattarnir lækkaðir á öðrum en félögum um 29%. Fiskimenn fengu þá ný frádráttarhlunnindi, sömuleiðis giftar konur, sem leggja í kostnað vegna atvinnu utan heimilis. Árið 1956 var tekjuskattsauki félaganna felldur niður. Og árið 1957 var lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn skattfrádráttur til handa skipverjum á fiskiskipum. Enn fremur var árið 1958 sett löggjöf um skattgreiðslu félaga, þar sem stighækkandi skattur var afnuminn og lögfest jafnframt skattgjald af skattskyldum tekjum félaganna. Jafnframt var á árinu 1958 sett merk löggjöf um skattamál hjóna, þar sem ýmis sérákvæði voru lögleidd, þegar svo er ástatt, að bæði hjónin vinna fyrir skattskyldum tekjum. Ég bendi á þetta til þess að minna á, að það hafa á undanförnum árum verið gerðar fjölmargar breytingar til umbóta á skattalöggjöfinni.

Eftir að breyt. var gerð á skattalögunum 1958, voru og eru félög hér á landi betur sett að því er sköttun varðar en hliðstæð félög í ýmsum nálægum löndum, svo sem Danmörku, Noregi og Bretlandi, ef réttar eru þær skýrslur, sem ég hef fengið frá opinberum aðilum um þetta efni. Maður hlýtur því að staldra við og spyrja sjálfan sig: Ef við léttum enn skatta á gróða félaganna, hverjir af þegnum þjóðfélagsins eiga þá að taka þær byrðar á sitt bak, og mega þeir við því frekar en félögin?

Það er að sumra áliti dálítið algengt fyrirbæri hér á landi, að þegar gerðar eru breytingar, hættir okkur við að hverfa frá einum öfgum til annarra gagnstæðra. Nú er sú öldin uppi að lækka skatta á félögum, hverju nafni sem nefnast, og það er ekki nema rétt og sanngjarnt að gera það, eftir því sem réttlátt verður talið. En þetta er gert án nokkurra breyt. á löggjöf í það horf að koma í veg fyrir, að þetta séu fjölskyldufyrirtæki. Af þessu leiðir auðvitað, að óbeinu skattarnir þyngjast á almenningi, svo sem raun ber vitni. Hér á landi greiða félög, eins og kunnugt er, 25% af skattskyldum tekjum, í Noregi, eftir því sem ég hef fengið upplýst, 30%, í Danmörku 44%, en hálfur tekjuskattur þar er frádráttarbær, í Svíþjóð 40% og útsvar frádráttarbært, í Bretlandi greiða félögin 38,75% af skattskyldum tekjum, og útsvar er þar ekkert. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, á hér á landi að fara með skattinn niður í 20% af skattskyldum tekjum eftir ríflegar fyrningarafskriftir og 25% frádrátt í varasjóð. Varasjóðsfrádrátturinn er samkv. gildandi skattalögum frá 1958, eins og hefur nú verið rakið, hjá almennum félögum 25% og hjá útgerðarfélögum og samvinnufélögum 33⅓%. Samkv. þessu frv. á varasjóðsfrádrátturinn að vera jafn hjá öllum félögum og öll félög sett við sama borð, að því er þetta snertir.

Í frv. er gert ráð fyrir, að félögum sé heimilt að láta meta tilteknar eignir sínar með tilliti til endurkaupsverðs. Það er, þrátt fyrir ákvæði þar að lútandi, ekki ljóst, hvernig þessu mati skuli háttað, enda ákveðið, að fjmrh. setji reglur um framkvæmd þess, en samkv. þessu nýja mati á eignum félaganna er þeim heimilað að afskrifa þær, sbr. ákvæði 15. gr. Ég vil aðeins taka það fram, að ég tel bæði rétt og eðlilegt, að félögunum séu heimilaðar sanngjarnar fyrningarafskriftir, er séu miðaðar við breytt verðlag, en ég held, að það sé ekki ofmælt, að matið og fyrningarreglurnar geta orðið þannig í framkvæmd samkv. reglugerð, — geta orðið, segi ég, — að um ofrausn sé að ræða og mörg félög greiddu engan tekjuskatt á næstu árum. Þessi ákvæði tel ég, að n., sem fær málið til meðferðar, þurfi því að athuga gaumgæfilega.

Samkv. ákvæðum 7. gr., G-liðar, í frv. er heimilað að gefa út jöfnunarbréf, eins og frá hefur verið skýrt, án þess að teljast til skattskyldra tekna hluthafans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegum verðmætum og eignum hlutafélaga eða félaga. Fjmrh. skal ákveða, hvernig reikna skuli hina almennu verðhækkun, þ. e. hina raunverulegu eign. Af þessu virðist mér leiða, að nettó-eignir hlutafélaganna hækka ekki við skattaframtal, því að hlutabréfið, sem hækkar skuldir félagsins, afmáir nettóeignaaukninguna. Hækkun á bókfærðum eignum samkv. 22. gr. vegna fyrningarákvæðanna hjá samvinnufélögum mundi stórhækka eignarskatt þeirra, því að þau geta, eins og allir vita, hvorki gefið út jöfnunarhlutabréf né hækkað skuldir sínar á annan hátt. Hér virðist mér því hlutafélögin stórum betur sett en samvinnufélögin, og mun fágætt, að það sé hægt að finna dæmi þess í nokkru landi.

Í grg., sem fylgir frv., er á bls. 20 sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Ef frv. þetta verður að lögum, má vafalaust telja, að skattalögin séu þá eftir atvikum orðin vel viðunandi fyrir gjaldþegnana og að atvinnuvegirnir, að svo miklu leyti sem afkoma þeirra er háð beinum sköttum til ríkisins, hafi nú möguleika til þess í framtíðinni að koma rekstri sínum á hellbrigðan fjárhagslegan grundvöll. En þessar

nauðsynlegu breytingar, sem gerðar hafa verið, ná því aðeins tilgangi sínum, að jafnframt verði sett útsvarslög, er tryggi hóflegar og skynsamlegar álögur bæjar- og sveitarfélaga gagnvart einstaklingum og félögum.“ Þetta er hverju orði sannara, og þrátt fyrir breytingar, sem gerðar hafa verið á útsvarslögunum, geta útsvör orðið um 30% af tekjum, auk veltuútsvarsins, sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar, svo að ég viti til. Í Danmörku eru útsvörin 5% af skattskyldum tekjum félaga, í Noregi 14—18%, í Svíþjóð um 12% og í Bretlandi ekkert. Eftir að skattalögunum var breytt 1958, voru félögin því mjög sæmilega sett, eins og ég hef bent á, að því er snertir skatta til ríkisins, og eftir þeim skýrslum, sem ég hef fengið, betur sett en í ýmsum nálægum löndum. En eins og í grg. er bent á, kaflanum, sem ég las þar, er öryggisleysi frá annarri hlið, útsvörunum. Þar er þó sérstaklega um veltuútsvörin að ræða. Ég tel það mikinn ágalla á þessu máli, að þessi tvö frv., um skattinn annars vegar og hins vegar frv. til útsvarslaga, skuli ekki fylgjast að, því að þegar sést með vissu, hvað félögin eiga að greiða í útsvar, fæst fyrst heildarmyndin, en fyrr alls ekki.

Það er ýmislegt fleira, sem benda mætti á, en ég læt bíða í bráðina. En ég tel, vegna þess að ýmis ákvæði þurfa athugunar við í frv., að n. sú, sem fær þetta mál til athugunar, fái talsvert mikið verkefni. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að fá hjá skattstjóra nokkur dæmi um félög, að sjálfsögðu ónafngreind, hvernig skattur þeirra er samkv. núgildandi löggjöf og hvernig hann verður, ef þetta frv. verður að lögum, þar með einnig talið, hvernig líklegt er að fyrningarákvæðin muni verka, eftir að endurmatið hefur farið fram. Ég tel nauðsynlegt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, afli skýrslna um skattlagningu félaga í nálægum löndum, sem hafa mikla reynslu í þessum málum, reglur um varasjóðstillög, fyrningarreglur og skattaprósentur af nettó-tekjum o. s. frv., og ber að afla upplýsinga um það, hvernig búið er að samvinnufélögunum í skattamálunum með öðrum þjóðum. Við ættum að geta orðið sammála um það að skattleggja þau með svipuðum hætti hér. Með því að afla tvímælalausra upplýsinga um þetta efni ætti að vera hægt að útiloka lítilmótlegar þrætur um það, að samvinnufélögin hér búi við óeðlileg skattfríðindi, sem séu í ósamræmi við skattalög annarra þjóða. Ég vænti þess, að n., sem fær þetta mál til athugunar, geti gefið hv. þd. ýtarlegar upplýsingar um þetta atriði.

Ég vil að lokum segja þetta eitt: Það er hyggilegt fyrir þjóðina og réttlátt gagnvart félögunum, að skattlagning þeirra sé sanngjörn. En að ganga lengra í skattafríðindum á gróða félaga en nálæg lönd telja eðlilegt, held ég sé hvorki hyggindi né réttlæti, meðan við búum við þyngri óbeinar álögur á almenning en þekkist víðast hvar í nálægum löndum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það verður ekki sagt, að meginefni þessa frv. hæstv. ríkisstj. til laga um tekju- og eignarskatt komi á óvart. Það er hvort tveggja, að í öllu, sem mestu máli skiptir, er um beint framhald af fyrri aðgerðum hæstv. stjórnar í skattamálum að ræða, og einnig hitt, að meginmál þessa frv. hefur hvað eftir annað verið boðað, m. a. af hæstv. fjmrh., sem einhver hin brýnasta nauðsyn og hjálpræði fyrir þjóðina. Það hefur þó verið tómstundastarf nokkurra þingmanna stjórnarflokkanna og tveggja sjálfstæðismanna að auki að raða saman fyrir fram ákveðnum hugmyndum hæstv. ríkisstj. um skipun skattamálanna, og má segja, að það verk hafi ekki unnizt vonum fyrr, svo einhuga lið sem þar mun hafa verið að verki.

Ég ætla, að það hafi verið a. m. k. mjög almenn regla um langan aldur, að heildarendurskoðun skattalaga hafi farið fram á vegum mþn., sem hafa verið kiörnar til þess af Alþ. Með þeim hætti hefur verið tryggt, að sjónarmið, stefnur og röksemdir stjórnmálaflokkanna hafa getað leitt saman hesta sína frá upphafi, og þeir hafa haft jafna aðstöðu til þess að móta till. til breytinga, sameiginlega og sitt í hvoru lagi eftir atvikum. Slík undirbúningsmeðferð, þegar um er að ræða einhver allra mikilvægustu löggjafaratriði, er að minu viti stórum æskilegri fyrir allra hluta sakir og líklegri til góðs árangurs heldur en sú, sem nú hefur verið viðhöfð, þ. e. a. s. að verja stórfé úr ríkissjóði til þess að berja saman einhliða flokkstillögur stjórnarflokkanna. Þessi háttur núverandi stjórnarflokka um undirbúning þessa máls er að vísu ekkert einsdæmi nú um sinn, heldur virðist hér vera upp tekin nær því almenn regla um það, að mþn. séu einhliða skipaðar af stjórnarliðinu, en flokkum stjórnarandstöðunnar sé með öllu meinað að eiga þar nokkra aðild, hvort heldur til þess að hafa aðstöðu til athugana og rannsókna til jafns við stjórnarflokkanna eða til þess að hafa nokkur áhrif á niðurstöðuna.

Þessi háttur hefur vissulega ekki verið tekinn upp í sparnaðarskyni, því að það hefur aldrei verið eytt meira fé í slíkar n. né þær verið fleiri eða fjölmennari en síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og eru ríkisreikningarnir t. d. fyrir árið 1960 ólygnir um þetta. heldur er hér að verki sú einræðishneigð, sem svo víða hefur gert vart við sig á ferli núv. ríkisstj., og stefnt að því að níðast á óskráðum, en gildum þingræðisvenjum. Það má líka vera, að í þessu sérstaka tilviki hafi Sjálfstfl. ekki verið alveg fyrir fram öruggur um fulla fylgispekt samstarfsflokks síns í þessu máli og þótt hentugra að geta glímt við hann í þessu máli í einrúmi. Það bendir líka ýmislegt til þess, að þetta síðasta afrek hæstv. ríkisstj. í skattamálum, sem þetta frv. er, hafi ekki runnið algerlega viðstöðulaust í gegn þar í flokki, heldur sé fylgi hans við frv. raunverulega fengið með nauðung, og er það í raun og veru sízt að furða, þegar betur er skoðað, hvað hér er um að ræða, eins og ég mun koma frekar að síðar.

En þessu til sönnunar, sem ég hef nú sagt, leyfi ég mér að minna á grein, sem birtist í Alþýðublaðinu snemma í okt. s. l., en þar segir orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skattalækkun fyrirtækja, eins og nú væri ástatt í efnahagsmálum, mætti mikilli andstöðu á fundi

fulltrúaráðs Alþfl. í Reykjavík, sem haldinn var í Iðnó í fyrrakvöld. Jón Þorsteinsson alþingismaður hafði framsögu um málið, en síðan töluðu margir fulltrúa og voru yfirleitt allir andvígir því, að gengið yrði til þess á næsta þingi að samþykkja breytingu á skattlagningu fyrirtækja, sem lækka mundi skatta þeirra.“ Þarna er sem sagt skilmerkilega frá því greint, og reyndar í miklu lengra og ýtarlegra máli, að Alþfl. hafi í okt. s. l. verið algerlega andvígur því, að skattar gróðafélaganna í landinu yrðu stórlækkaðir á þann hátt, sem nú er lagt til. Og ekki verður séð, að stafkrók hafi verið breytt í þessu frv. síðan, því að það mun hafa verið tilbúið til flutnings snemma á s. l. vetri, og er það auðsætt t. d., að grg. er samin um það leyti, en ekki nú á þessum vetri, en það er talið í grg, að það komi ekki að sök, þó að nokkuð langt sé síðan greinargerðin hafi verið skrifuð, og bendir það óneitanlega til þess, að hafi grg. verið fullfrágengin, þá hafi Alþfl. ekki fengið neinum stafkrók hreyft í frv. frá þeirri gerð, sem það var í, þegar hann tók afstöðu til þess í okt. s. l.

Menn geta svo að sjálfsögðu velt því fyrir sér og leitt líkur að því, hvernig Sjálfstfl. hafi tekizt að láta Alþfl. enn einu sinni bíta í grasið og éta ofan í sig fyrri samþykktir og stefnu svo kirfilega sem hér hefur orðið raun á. Sú staðreynd, að jafnvel Alþfl., eins og hann er nú orðinn útleikinn í vistinni hjá Sjálfstfl., hefur ekki án nauðungar fengizt til að samþykkja þetta frv., gefur strax allgóða hugmynd um það, hvað hér er á ferðinni, að hér er um að ræða slíka ómengaða íhaldsstefnu, að enginn fylgir henni heils hugar nema Sjálfstfl.

En eðli þessa frv. verður þó varla fullskýrt, nema jafnframt sé haft í huga, hvað gerzt hefur í skattamálum, frá því að núv. stjórn tók við völdum og fram að þessum degi, og einnig aðrar aðgerðir í efnahagsmálunum á sama tímabili. Og hvað er það þá, sem hefur gerzt í þessum efnum? Í grg. þessa frv., á bls. 20, segir svo m. a.: „Ef frv. þetta verður að lögum, má vafalaust telja, að skattalögin séu þá eftir atvikum orðin vel viðunandi fyrir gjaldþegnana.“ Og síðan er bætt við: „Á ýmsan hátt hefur verið reynt að taka sanngjarnt tillit til þeirra, sem erfiðast eiga uppdráttar.“

Það mætti vissulega ætla eftir þessum tilvitnuðu ummælum skattamálanefndarinnar, að skattar í heild hefðu verið stórlækkaðir og þá alveg sérstaklega á þeim tekjulægstu og fátækustu. En hverjar eru staðreyndirnar um þetta? Þær eru m. a. þessar: að árið 1959 námu skattar og tollar til ríkissjóðs 796 millj. kr., en á yfirstandandi ári er áætlað, að þeir verði 1401 millj., þ. e. a. s. hækkunin er 605 millj. kr., eða 76%. Á sama tímabili hafa söluskattar, að frádregnum þeim hlutanum, sem rennur til bæjarfélaganna, sem þó er mjög hæpið að gera í þessu sambandi, hækkað úr 166 millj. í 485 millj., eða um 286%. Það er rétt, að tekju- og eignarskattar hafa í heild lækkað á þessu tímabili úr 165 millj. í 95 millj., eða um 42%, og sú gerbreyting hefur orðið á, að hlutdeild þessarar skattheimtu hefur minnkað úr því að vera 21% af heildarupphæð tolla og skatta til ríkissjóðs í það að vera 6.7%, en hlutur söluskattanna hefur hins vegar á sama tímabili hækkað úr 20.8% af heildarskattinum í 34%.

Þetta eru tölur, sem ég held, að tæpast verði vefengdar, og þær sýna það og sanna, að á valdatímabili núv. ríkisstj. hefur orðið hrein bylting í skattamálum. En það hefur sannarlega ekki verið slík bylting, að hún hafi gert gjaldþegnunum almennt lífið léttara, eins og reynt er að halda fram, heldur hefur hún þvert á móti, næst á eftir gengisfellingunum og öðrum kauplækkunaraðgerðum ríkisstj., verið ríkasti þáttur viðreisnarinnar og miðað í þá átt að grafa undan lífskjörum almennings og mögguleikum hans til sjálfsbjargar. Þeföldun á sölusköttunum til ríkissjóðs, auk nýrrar söluskattheimtu til bæjarfélaganna og hundruð milljóna hækkunar almennra tolla, sem allt hefur lagzt á almenna neyzlu, jafnt hinna efnaminnstu sem þeirra, sem betur mega, hefur auðvitað ekki látið sig án vitnisburðar í lífskjörunum og þá auðvitað allra sízt hjá þeim, sem áður höfðu tæpast til hnífs og skeiðar, en hafa hins vegar nú orðið að taka á sig mikinn hluta af skattheimtunni og þá í stórhækkuðu verðlagi nauðsynja.

Ég hef áður bent á þá staðreynd, sem leiðir beint af þeim tölum, sem ég áðan nefndi, að árið 1959 voru beinir, stighækkandi skattar, miðaðir við tekjur og eignir, annars vegar og hins vegar söluskattar því sem næst jafnir, þar munaði aðeins 1 eða 2 millj. kr. En nú er svo komið, að söluskattarnir eru rösklega fimmfaldir á við beinu skattana, og þetta hefur gerzt á sama tíma sem heildarskattheimtan hefur því nær tvöfaldazt. Það er þessi skattamálabylting, sem nú er verið að fullkomna með því frv., sem hér er lagt fram. Hátekjumennirnir hafa þegar fengið sína stórfelldu eftirgjöf á sínum beinu sköttum, eftirgjöf, sem nam 1960 að meðaltali 10 þús. kr. á hvern einstakling, þegar reiknað var út frá kringum 2000 hæstu gjaldendum hér í Reykjavík. En á sama tíma fengu þeir 2000 lægstu gjaldendur í Reykjavík eftirgjöf, sem nam 76 kr. að meðaltali á einstakling. Ef reiknað væri nú með óbreyttri hlutdeild hinnar beinu skattheimtu, er gilti t. d. 1959, mundi eftirgjöfin til hátekjumannanna hins vegar verða stórkostlega miklu meiri, jafnvel allt að því helmingi meiri, því að samkv. því ættu beinu skattarnir nú að nema tæpum 300 millj. kr., ef hlutfall þeirra hefði haldizt í heildarskattheimtunni.

En nú á sem sagt að snúa sér að því að láta öll gróðafyrirtækin, — ég segi gróðafyrirtækin, vegna þess að tekjuskattur er ekki lagður á önnur félög en þau, sem skila hagnaði, — sem rekin eru í félagsformi, fá sínar eftirgjafir. Og eins og hv. þdm. hafa heyrt á ræðu hæstv. ráðherra, þá er það ekkert lítið sem til stendur. Það á hvorki meira né minna að gerast en að það á að skapa með þessu nýtt og sanngjarnt skattakerfi, sem á að vera grundvöllur að nýjum og traustum grundvelli fyrir atvinnulífið í landinu. Og ráðherrann hefur sagt, að allir ábyrgir menn, sem skilji þarfir atvinnulífsins, hljóti að fagna þessu spori, sem nú er verið að stíga. Eldri skattalögin, þau sem nú gilda, eiga

eftir áliti hæstv. ríkisstj. að hafa verið atvinnurekstri landsmanna mikill fjötur um fót. Þau eru m. a. talin hafa hindrað það, eins og kom hér greinilega fram í ræðu hæstv. ráðherra, að atvinnureksturinn gæti endurnýjað tæki sín, og skattlagningin sjálf er talin óhófleg og ósanngjörn, andstætt því sem hún á að verða, hófleg og sanngjörn.

Eins og hv. 2. þm. Vestf. benti hér á, er það kapítuli út af fyrir sig í þessu máli, að það er einmitt sá flokkurinn, sem nú gengst fyrir þessum breyt., sem hefur mótað núverandi skattakerfi að mjög verulegu leyti, það skattakerfi, sem hann nú dæmir óhæft í flestum, ef ekki öllum greinum, og stórhættulegt fyrir atvinnuvegina og fyrir þjóðina. En það má að vísu segja, að það sé gott, þegar menn eða flokkar vitkast, og því ætti að sleppa þeim kapítulanum, enda skiptir hann ekki meginmáli í þessu sambandi. En hins vegar virðist vera réttmætt að athuga nánar, í hverju þessar óhæfilegu drápsklyfjar hafa verið fólgnar, í hverju þessi skattabrjálsemi, sem hæstv. ráðh. er svo tamt að tala um, hefur verið fólgin. (**Fjmrh.**: Ég held, að ég hafi aldrei notað það orð.) Skattafargan hefur það kannske verið. En brjálsemin hefur þó a. m. k. oft gripið málgögn flokksins, það er a. m. k. öruggt, að það orð hefur oft verið notað þar.

Ég hef reynt að gera mér svolitla grein fyrir þessu, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, og m. a. hef ég fengið að vita, að álagður tekju- og eignarskattur einstaklinga í Reykjavík á s. l. ári var 32.4 millj. kr., en félögin greiða á sama tíma 29.4 millj. kr. í tekju- og eignarskatt samanlagt. En árið 1960 voru samsvarandi skattar einstaklinga 28.9 millj. kr. og félaga 26.2 millj. Mér hefur ekki reynzt unnt að fá samsvarandi upplýsingar fyrir landið allt, þær hafa ekki legið á lausu, en ef maður miðar við það, að svipað hlutfall sé annars staðar á landinu milli skatta einstaklinga og félaga, þá lætur nærri, að á félögin hafi á árinu 1960 verið lagðar 48 millj. kr. og 1961 54—55 millj. kr. Þetta eru að vísu áætlaðar upphæðir vegna ófullnægjandi upplýsinga, en þær geta þó ekki verið mjög fjarri lagi. 54—55 millj. kr. eru sem sagt mjög nálægt því að vera sú upphæð, sem öll fyrirtæki í landinu greiða beint til ríkisþarfa í hlutfalli við afkomu sína og eignir. En þessi upphæð svarar til þess að vera 3.8% af heildarskattheimtunni til ríkissjóðs. Þetta eru sem sagt drápsklyfjarnar að dómi hæstv. ríkisstj., sem hafa verið og eru einhver helzta hindrunin í vegi fyrir eðlilegri efnahagsþróun og hindrun fyrir uppbyggingu atvinnulífs í landinu og ber þess vegna að kosta sérstaks kapps um að létta að miklum mun.

Hæstv. ráðh. margtók fram í sinni ræðu, og það er í raun og veru sú höfuðröksemd, sem færð er fyrir þessu frv., að undir gildandi skattakerfi geti atvinnuvegirnir ekki endurnýjað framleiðslutæki sín með eðlilegum hætti. Þetta er í raun og veru grundvallarröksemdin. En ef við athugum nú þessar tölur, sem ég nefndi, þá held ég, að mönnum hljóti að skiljast, að það er eitthvað bogið við þessa röksemdafærslu, eitthvað meir en lítið. Tekju- og eignarskattur allra félaga í landinu mundi ekki gera meira en að svara til kaupverðs á einum nýjum togara og í hæsta lagi einum fiskibát að auki, og alls ekki ef um er að ræða góðan nýtízku togara, því að hann mundi kosta nærri því tvöfalda þessa upphæð. Togaraeign landsmanna er nú hátt í fimmtíu skip, svo að maður haldi áfram með það dæmi. Það sýnir, að allur tekju- og eignarskatturinn, þótt hann væri tekinn allur samanlagður af öllum félögum landsins, þótt hann væri allur afnuminn, þá mundi það ekki nægja til þess að viðhalda togaraflotanum einum, það mundi skorta a. m. k. tvöfalda þá upphæð, til þess að það væri unnt. Ég hef það fyrir satt, að frystihúsaeign landsmanna, þ. e. núna í sambandi við endurmat, sem fór fram á vegum Seðlabankans vegna stofnlánanna nýju, sé sem næst 2 milljörðum króna, endurnýjunarverð frystihúsanna í landinu. Ég held, að menn sjái, hvað nokkur — jafnvel þótt hún væri mjög veruleg — lækkun á tekju- og eignarskatti félaganna í landinu mundi hrökkva til þess að standa undir því endurkaupsverði, á 5—8 árum á vélum og 15—20 árum á húsum. Það er reikningsdæmi, sem menn geta leikið sér að því að reikna. En ég hygg, að það þurfi ekki að fara í miklar reikningsvélar til þess að sjá, að þarna mundu skattarnir hrökkva skammt.

En þegar þessi dæmi eru skoðuð, þá er vissulega ástæða til þess að spyrja: Hversu langt mundi sú lækkun, — því að hér er ekki um afnám að ræða á skattinum, heldur lækkun — ein fyrir sig duga til endurbyggingar á öllum atvinnurekstri landsmanna, sem rekinn er í félagsformi? Sýna ekki sjálfar skattaupphæðirnar greinilega, að þær eru hverfandi smáar og hafa verið hverfandi smáar, hvort sem þær eru bornar saman við þá fjármuni, sem þarf til viðhalds og endurnýjunar framleiðslutækjanna, eða þær eru bornar saman við heildarskattheimtu ríkisins.

Ef maður liti aðeins á þær upphæðir, sem um er að ræða til lækkunar á tekju- og eignarskatti fyrirtækja, sem mundi leiða að öðru óbreyttu af samþykkt þessa frv., þá lægi raunar nærri að álykta, að hér væri um eitt af mörgum hégómamálum hæstv. fjmrh. að ræða. Þetta væri þó alrangt mat og það af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi er þar um að ræða sjálfa stefnuna, sem felst í frv. Í skattamálum er auðvitað alltaf um það að ræða, hvort meira eða minna skuli skattlagt, annars vegar gróðamyndun í þjóðfélaginu hvort heldur er einstaklinga eða auðfélaga og hins vegar almenn neyzla og þar með talin nauðþurftaeyðsla almennings. Hæstv. ríkisstj. hefur sigit hraðbyri frá þeirri stefnu, sem maður hefur haldið að væri eitt af grundvallarsjónarmiðum velferðarríkisins, þ. e. a. s. að leita eftir nokkurri auðjöfnun og tekjujöfnun með verulegri skattlagningu á gróðamyndunina og á háar tekjur. Tölurnar, sem ég nefndi áðan um nær tvöföldun skattheimtu til ríkisins á tveim árum, án þess að nokkur hluti aukningarinnar væri miðaður við tekjur og efnahag, eru ólygin dæmi um þetta. Þreföldun söluskattanna á sama tímabili ásamt með tveimur gengisfellingum, allt með óbreyttu

eða lækkuðu kaupgjaldi hjá almenningi, frá því, sem áður var gildandi, en samtímis stórfelld lækkun á beinu sköttunum, er órækur vitnisburður um það, hvert stefnt er, þ. e. a. s. gróðamyndunin og gróðamennirnir borga minna, en hinir efnaminni meira. Þannig er stefnt að því að skapa fámenna auðmannastétt á kostnað sjálfsbjargarmöguleika almennings. Og svo leyfa þessir menn, sem fyrir þessu standa, að taka sér í munn slagorð eins og „eign handa öllum“ og annað slíkt og mála upp glansmyndir af þeirri framtíðarsýn, að almenningur geti orðið hluttakandi í atvinnufyrirtækjum.

Í öðru lagi er svo þess að gæta, þegar þetta frv. er skoðað, að jafnframt mun vera ákveðið, það er m. a. látið liggja að því í grg. þessa frv., að strax í kjölfar þessarar skattalækkunar eigi að koma ný útsvarslöggjöf, „sem tryggi hóflegar og skynsamlegar álögur bæjar- og sveitarfélaga“, eins og þar segir. Ekki hafa nú stjórnarráðstafanirnar á síðustu tímum miðað að því að draga úr fjárþörf sveitarfélaganna, og nú í ár mun vera algengast, að heildarupphæð útsvara í sveitarfélögunum hækki um 20—30% frá síðasta ári, og var þá um ærnar hækkanir að ræða. Það er því ákaflega augljóst, að ekki verður um almenna lækkun útsvara að ræða. Einhvers staðar verður að taka, fyrst hækkanirnar vegna stjórnaraðgerðanna, sem þegar eru komnar fram hjá þeim bæjarfélögum, sem hafa gengið frá sínum fjárhagsáætlunum og ákveðið útsvarsupphæðir, og síðan þær lækkanir, sem fyrirhugaðar eru á félögunum.

Það er vissulega full ástæða til þess í sambandi við þetta frv., eins og hv. 2. þm. Vestf. kom inn á, að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj., að hún leggi frv. sitt um breytt útsvarslög fram samhliða þessu frv., því að annars hlýtur sú spurning að liggja í loftinu, svöruð eða ósvöruð, hvort þetta frv. beri ekki að skoða sem sérstakan undirbúning að því að færa meira af útsvarsbyrðunum með einhverjum hætti af gróðamynduninni og yfir á bök almennings, ofan á allt annað, sem á undan er gengið.

Í þriðja lagi er rétt að gera sér grein fyrir því, að enda þótt gildandi skattakerfi færi ríkisbúskapnum alveg óverulegar tekjur, eða, eins og ég áður sagði, aðeins um 3.8% af heildarskattheimtunni að því er varðar skatta félaganna, þá verður það vel líkum studd skoðun, ég vil segja, margra, sem bera nokkurt skyn á þessi mál, og hefur ekki verið mótmælt með rökum, að gildandi skattalöggjöf, gildandi skattstigar gæfu mjög mikla möguleika til jafnvel margfaldra tekna fyrir ríkissjóð við það, sem raun er á, og þá um leið fyrir sveitarfélögin, ef eitthvað væri til í þessu landi, sem hægt væri að kalla raunhæft eða virkt skatteftirlit. Á þetta höfum við þm. Alþb. margoft bent hér á hv. Alþ., og er þó langt frá því, að við séum einir um þessa skoðun. Ég minni t. d. á ummæli hv. 5. þm. Vesturl. í útvarpsumr. á þessu þingi, þar sem hann gat þess til, að ríkið væri áreiðanlega svikið um skatta, sem varla næmu minna en 500 millj. kr. Og í þeirri frétt í Alþýðublaðinu, sem ég gat um í upphafi máls míns, var skýrt frá því, að fulltrúar Alþfl. í skattanefndinni hefðu lagt alveg sérstaka áherzlu á það innan n., að mjög yrði hert á skattaeftirlitinu. En þess sér hins vegar engan stað í þessu frv., að von sé á breyt. til bóta í þessum efnum. Þess sér engan stað. Það nýja og áreiðanlega dýra embættismannakerfi, sem sýnilega á að byggja upp utan um þessa lítilfjörlegu skattheimtu, sem eftir verður, og til þess að framfylgja lögunum, á ekki í neinu atriði, sem máli skiptir, að taka upp vinnubrögð, sem séu frábrugðin þeim eldri og óhæfu, að því er bezt verður séð.

Það á sem sagt að lækka skattana stórkostlega á félögunum, án þess að reyna nokkuð til þess að hindra skattsvikin, annað en það, sem hæstv. ráðh. kom hér inn á, að hann heldur, að menn verði miklu heiðarlegri, ef þeim sé gefið svo og svo mikið af skattheimtunni. En þar held ég sé um að ræða trú hæstv. ráðh., en ekki neitt raunhæft. Og það á jafnvel samkv. þessu frv. í sumum tilfellum að létta á refsiákvæðum laganna.

Það verður ekki með nokkru móti gizkað á það, a. m. k. ekki í fljótu bragði og að lítið athuguðu máli, hversu miklar raunverulegar skattalækkanir á gróðafélögunum leiðir af þessu frv. Beina lækkunin er 20%, en hvað mikið fyrningarreglurnar nýju og nýtt endurnýjunarmat, sem hæstv. fjmrh. er gefið alræðisvald til að ákveða, gefa fyrirtækjunum mikla möguleika til þess að halda utan um gróða sinn umfram það, sem þau nú hafa, er óhugsandi að geta sér til um með nokkurri nákvæmni og að ófengnum upplýsingum, sem ef til vill liggja ekki alveg á lausu. En það er þó minn grunur og sjálfsagt ýmissa fleiri, að hinar nýju reglur gefi gífurlega möguleika fyrir félögin til þess að forða sér, eða a. m. k. fjöldanum öllum og það félögum, sem skila góðum arði, undan allri skattheimtu, og að ríkissjóðurinn mettist illa af þeirri trú hæstv. fjmrh., að enginn samdráttur verði á skattheimtunni, þrátt fyrir það í fyrsta lagi, að bein lækkun er 20%, í öðru lagi, að skattfrjálsar arðgreiðslur eru hækkaðar um 25% sem lágmark og jafnvel margfaldaðar með útgáfu fríhlutabréfa eða jöfnunarhlutabréfa. Það er eiginlega ekki hægt að gera sér grein fyrir hinu almenna í því efni, en það er augljóst, að í ýmsum tilfellum er hlutur skattfrjálsu arðgreiðslunnar margfaldaður.

Í þriðja lagi er svo hækkun á frádráttarhæfu varasjóðstillagi hlutafélaga og í fjórða lagi nýjar fyrningarreglur, sem geta í mörgum tilfellum margfaldað skattfrjálsan fyrningarfrádrátt. En sjálfsagt gefst síðar tækifæri til þess að athuga þessi atriði öll nánar, þegar málið fær athugun í nefnd og þegar það er komið úr athugun í n. En það er á hinn bóginn vitanlega hugsanlegt og kannske ekki með öllu ósennilegt, að viðreisnin hafi þegar tryggt gróðafélögunum í landinu slíka möguleika til auðsöfnunar á kostnað almennings og kostnað almennra lífskjara, að álíka upphæðir komi til greiðslu í ríkissjóð, þótt skatturinn sé lækkaður að minnsta kosti um helming, miðað við óbreyttan hagnað. En hitt er þá líka jafnaugljóst, að almenningur verður að borga mismuninn á því, sem skattareglurnar hefðu gefið að óbreyttu, og því, sem þær gefa eftir breytinguna, — borga

þann mismun með sölusköttum og með hækkuðu verðlagi.

Á þessum degi býr almenningur á Íslandi við sem næst 5% lægra kaupgjald í krónutölu en hann gerði í ársbyrjun 1959, en jafnframt býr hann við verðlag, sem er um 30% hærra, hvað brýnustu nauðsynjar snertir, heldur en þá var. Og þó að allar hinar svokölluðu sárabætur hæstv. ríkisstj. séu metnar á þann hátt, sem hún vill láta meta þær, þá þarfnast meðalfjölskylda, vísitölufjölskyldan svonefnda, nú um 10 þús. kr. meiri tekna á ári en hún þá gerði til þess að standa undir allra nauðsynlegustu útgjöldum.

Þetta er myndin af hrörnun lífskjaranna á valdatíma núv. ríkisstj., og er þó ekki séð fyrir um allar afleiðingar af aðgerðum hennar enn þá. Auk þess að vinna þetta afrek hefur svo ríkisstj. tekið það hlutverk að sér að verja þessa lífskjaraskerðingu með öllum þeim ráðum, sem ríkisvaldið býr yfir, og er gengisfellingin í sumar nýjasta og gleggsta dæmið. Og núna, einmitt þessa dagana og síðustu vikurnar, hefur ríkisstj. látið málgögn sín hamra á þeirri kenningu fastar en nokkurn tíma áður, hvílíka þjóðarógæfu mundi leiða af því, ef launakjör lægst launuðu stétta þjóðfélagsins yrðu bætt. Það er kannske tilviljun og kannske er það ekki aðeins tilviljun, að einmitt á sama tíma og verkalýðssamtökin fá slík svör við hófsamlegum kröfum um aukinn kaupmátt lægstu launa í þjóðfélaginu, þá skuli ríkisstj. flytja frv. sem það, sem hér er á ferðinni, um tvöföldun eða kannske margföldun á skattfrjálsum gróða auðfélaganna í landinu, — frv. sem gengur lengra í þeim efnum, eins og hér hefur verið bent rækilega á, heldur en löggjöf margra eða jafnvel flestra þjóða í Vestur-Evrópu.

Ég tel, að þær röksemdir, sem færðar eru fram fyrir nauðsyn slíkra ráðstafana, sem eru meginatriði þessa frv., gætu ekki staðizt við neinar aðstæður í þjóðfélaginu, vegna þess að gildandi skattalög gefa atvinnufyrirtækjunum í landinu fullnægjandi svigrúm til eðlilegrar þróunar, eins og reynslan sannar. En hitt staðhæfi ég, að við þær aðstæður og við þau skilyrði, sem nú eru fyrir hendi, í kjölfar síðustu aðgerða ríkisstj. í launamálum almennings, þá sé sú tillögugerð, sem hér er á ferðinni, hvað aðalatriðið snertir, hrein ögrun við launastéttirnar, — við launastéttirnar, sem synjað er um sjálfsögðustu og óhjákvæmilegustu kjarabætur. En þessi ögrun er um leið viðurkenning á því, að það er unnt að hækka laun verkafólks eða auka kaupmátt launa þess, ef einhver vilji væri fyrir hendi, og sú viðurkenning er vissulega nokkurs virði og verður áreiðanlega metin að verðleikum.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þjóðin hefur tvímælalaust mikla þörf fyrir heiðarlega skattalöggjöf, sem byggist annars vegar á sanngjörnum skattaálögum og hins vegar á traustu eftirliti með skattframtölum og sem öruggustum vörnum gegn skattsvikum. Frv. það til skattalaga, sem hér er til umr., er án efa stórt skref í þessa átt. Óhóflega þungar skattaálögur leiða alltaf til almennra skattsvika. Því hlýtur skattalöggjöf, sem reist er á slíkum grunni, að vera pappírsgagn eitt að meira eða minna leyti. En þannig hefur þessu verið farið um skattalöggjöf okkar um langa hríð. Beinir skattar eiga að mínum dómi að grundvallast á réttlátri skiptingu byrðanna eftir tekjum og efnahag gjaldenda. En þeir mega aldrei vera svo háir, að þeir ýmist hvetji menn almennt til að svíkja fé undan skatti ellegar þeir á hinn bóginn dragi úr vilja einstaklinga og atvinnufyrirtækja til að vinna og framleiða og afla sér tekna.

Umbætur þær á tekju- og eignarskatti, sem núv. ríkisstj. berst fyrir, eru framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn var hin mikla lækkun á tekjuskatti einstaklinga, er samþ. var á Alþ. árið 1960. Síðari áfanginn er frv. það, sem hér liggur fyrir. Í frv. felst lækkun á tekjuskatti atvinnufyrirtækja, hvort sem um hlutafélög eða samvinnufélög er að ræða, um ⅛ hluta. Auk þess eru í frv. ýmsar ívilnanir til einstaklinga, svo sem aukinn fiskimannafrádráttur, frádráttur vegna námsskulda, frádráttur vegna kaupa á vísindaritum o. fl. Þessi auknu hlunnindi mundu þó hafa víðtækara gildi en gagnvart tekjuskattinum einum, því að einstaklingar munu væntanlega einnig njóta þeirra við álagningu útsvara.

Þau nýmæli frv., sem ég tel einna þýðingarmest, eru hinar nýju reglur um framkvæmdaskipan skattamálanna. Skattanefndir og yfirskattanefndir eru lagðar niður og landinu öllu skipt í fá, en stór skattstjóraumdæmi, sem eru sniðin eftir kjördæmaskipaninni. Gerðar eru sérstakar kröfur til skattstjóranna um menntun og hæfni til að komast hjá því, sem áður tíðkaðist allmikið, að menn, sem hvorki höfðu þekkingu né reynslu í skattamálum, væru skipaðir skattstjórar. Sett er á stofn embætti ríkisskattstjóra til að hafa eftirlit með störfum skattstjóranna og vera þeim til leiðbeiningar, jafnframt því sem ríkisskattstjóri skal sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattaákvörðun hvarvetna á landinu. Ríkisskattstjóri skal fá í sínar hendur öll framtöl og allar skattskrár, og hann getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, sem framkvæmd l. varðar, breytt ákvörðunum skattstjóra og lagt málið fyrir ríkisskattanefnd. Allt þetta á að tryggja betur en áður réttlæti og festu í framkvæmd skattaálagningar, betri framtöl og minni skattsvik, og þessara atriða verða sveitarfélögin einnig aðnjótandi í sambandi við álagningu og niðurjöfnun útsvara.

Þá tel ég rétt að vekja athygli sérstaklega á ákvæðum 42. gr. frv., en þar eru þau nýmæli, að skattþegnum sé heimilt að flytja mál sín fyrir ríkisskattanefnd og að úrskurðir ríkisskattanefndarinnar skuli vera rökstuddir. Í þessu er fólgin mikil trygging fyrir skattgjaldendur.

Þegar meta skal, hvað beinir skattar á atvinnufyrirtæki skuli vera háir, er vissulega úr vöndu að ráða og skoðanir manna á því ærið skiptar. En með beinum sköttum á ég hér við tekjuskatt og útsvör, þar með talin veltuútsvör. Ég veit ekki til, að athugun hafi farið fram á því, hve mikill hluti af skattskyldum tekjum

atvinnufyrirtækja í landinu sé tekinn af þeim í beinum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Auðvitað er þessi hluti mjög misjafn hjá hinum einstöku atvinnufyrirtækjum, og veldur því fyrst og fremst veltuútsvarið, að það kemur misjafnlega niður. Af lauslegri athugun þykir mér sennilegt, að af atvinnufyrirtækjunum sé að meðaltali tekið nálægt því 75% í beina skatta af skattskyldum tekjum þeirra. En þetta er þó lausleg athugun, vil ég taka fram, enda þarf ekki í báðum tilfellum að vera um alveg sambærilega tekjustofna eða sömu skattskyldar tekjur að ræða, þannig að þetta getur aldrei orðið mjög nákvæmt. En svona miklar skattaálögur, 75%, tel ég að allir sanngjarnir menn álíti hvort tveggja í senn vera óskynsamlegar og of þungar. Samþykkt þessa frv. þýðir, að hlutfallið mundi lækka úr 75% í 70%, svo að enginn getur haldið því fram, að hér sé um stórfellda lækkun að ræða. Meginákvörðun um, hvert þetta hlutfall skuli vera á næstu árum, hlýtur fyrst og fremst að verða tekin við afgreiðslu frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem væntanlega verður lagt fyrir Alþ. á næstunni. Í sambandi við þá lækkun, skattalækkun, beinu lækkun, sem felst í þessu frv., ber einnig að hafa í huga hinar nýju fyrningarreglur. Þær koma til með að lækka skattskyldu tekjurnar eitthvað.

Þau atriði frv., sem ég vildi gera nokkrar aths. við, eru sérstaklega 38. gr. frv. og kaflinn um refsiákvæði. Ég álít, að það væri farsælt að koma á þeirri reglu, að menn bæru ábyrgð á sínum skattframtölum, en ekki eins og verið hefur og er lítið breytt í þessu frv., að menn geta talið ónákvæmlega fram, tortryggilega eða rangt og án þess í raun og veru að eiga neitt á hættu. Ef upp kemst og þeir eru kallaðir fyrir á skattstofu til þess að gefa upplýsingar eða skýringar og þeir játa þar á sig, að það vanti eitthvað á framtalið, þá mun það vera í mörgum tilfellum svo, að þessu er bætt inn þegjandi og hljóðalaust, án þess að um nokkur viðurlög sé að ræða og þá stundum í hæsta lagi 25% skattauka á þann hluta, sem dreginn var undan.

Ég álít líka, að það sé óheppilegt að hafa víðtækar heimildir til að áætla mönnum skatt. Þeir, sem telja ekki fram skilmerkilega, eiga að geta átt yfir höfði sér, að skattframtal þeirra og bókhald, ef því er að skipta, verði sett í rannsókn. Þess vegna tel ég, að ákvæði 38. gr. um þessi atriði séu ekki nægilega örugg. Það væri æskilegra, að þau væru eitthvað á þá leið, að þegar skattþegn hefur annaðhvort ekki gefið fullnægjandi skýringar eða neitað að gefa þær upp, þá skuli mál hans tvímælalaust fara í rannsókn, en ekki þannig, að honum sé áætlaður einhver og einhver skattur. Þó að lögin ætlist ekki til þess, að gjaldandi græði á því, að skattur hans sé áætlaður, þá mun það nú oft verða þannig í raunveruleikanum.

Þá fyndist mér líka, að refsiákvæðin þyrftu nokkurra breytinga við. Ég er að vísu ekki svo vel kunnugur því, en ég efast um það, að hjá nokkrum þjóðum, a. m. k. nágrannaþjóðum okkar, séu viðurlög við skattsvikum raunverulega jafnvæg og hér, þ. e. a. s. mál út af skattsvikum fer yfirleitt ekki til dómstóla. Að vísu getur fjmrh. vísað málinu þangað eða skattþegn, ef hann óskar þess, en mun yfirleitt heyra til algerra undantekninga, og ég man nú ekki eftir neinu tilfelli í þá átt. Mér fyndist það ekkert óeðlilegt, þó að sett væri í þessi refsiákvæði eitt nýtt ákvæði, eitthvað á þá leið, að þeir, sem yrðu uppvísir að stórfelldum og endurteknum skattsvikum, gætu auk skattsekta orðið að sæta varðhaldi í nokkra mánuði eða jafnvel nokkur ár. Og ég hygg að það muni svo vera með öðrum þjóðum, að mjög alvarleg skattsvik sæti varðhalds- og fangelsisvist.

Ef vel tekst til með skipulag og framkvæmdir í skattamálum samkv. þessu frv., þá tel ég vafasamt, hvort ríkissjóður verður fyrir nokkrum tekjumissi, þó að tekjuskattur á atvinnufyrirtæki eigi að lækka úr 25% í 20%. Þessi 5% ættu að mestu leyti að geta unnizt upp með réttari framtölum og minni skattsvikum. En úr þessu verður þó reynslan fyrst og fremst að skera.

Það er mín skoðun, að skattalækkun sú, sem felst í þessu frv., sé ekki minna hagsmunamál fyrir launþegana heldur en atvinnurekendur. Lægri skattar veita atvinnufyrirtækjum betra færi á að endurbæta rekstur sinn, afla sér nýrra tækja og færa út kvíarnar. Lægri skattar auka aðstreymi fjármagns að fyrirtækjunum og draga úr rekstrarfjárskorti þeirra, en bættur hagur atvinnufyrirtækjanna hlýtur að gera þeim fært að greiða starfsmönnum sínum hærri laun en áður. Lækkaðir skattar á atvinnurekstrinn ættu því, þegar frá líður, að geta orðið traustur grundvöllur undir kjarabætur launþegunum til handa.

Ég vil svo að lokum koma lítillega inn á ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. og þá sérstaklega, þar sem hann beindi máli sínu til Alþfl. Í raun og veru tel ég mig þegar hafa svarað ýmsu af því, sem hann sagði þar, en hann vitnaði til fundar, sem haldinn var í fulltrúaráði Alþfl. á s. l. hausti og skýrt er frá í Alþýðublaðinu, á þá leið, að margir fundarmanna hafi verið andvígir því að lækka skatta á atvinnufyrirtækjum og að þetta sýndi, að Alþfl. væri hálfnauðugt að fylgja þessu frv. Þegar lokið var að semja þetta frv. í fyrravor, að mig minnir, að hafi verið, þá var Alþfl. mjög fljótur til að ræða þetta mál og taka afstöðu til þess, því að það var boðað til almenns fundar Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík í fyrravor um málið, — ég man nú ekki núna, í hvaða mánuði það var, það kann að hafa verið í apríl eða maí, — þar sem ég hafði einmitt framsögu um skattamálin og gerði grein fyrir þessum breyt., sem í vændum væru og liggja hér frammi í þessu frv. Þessar breyt. á skattalögunum, sem ég ræddi þar, fengu góðar undirtektir fundarmanna. Síðar var ég svo beðinn að tala aftur um skattamálin á fámennum fundi, sem fulltrúaráð Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík hélt, og þar kom fram nokkurt andóf gegn þessu. Nú hlýtur það að verða svo, og það er a. m. k. svo í Alþfl., að þegar er tekin afstaða til mála, þá eru skoðanir manna oft mjög skiptar og menn rökræða þetta fram og aftur með og móti. Og ég tel það ekkert veik-

leikamerki hjá Alþfl., þó að hann í sínum málgögnum skýri frá því, þó að það komi fram ágreiningur á fundi um afstöðu til tiltekinna mála. Þetta mun að vísu ekki vera siður hjá þeim Alþb.-mönnum, en þeir mættu gjarnan taka hann upp. Hitt má svo benda á, að flokkur þessa hv. þm. á auðvitað miklu erfiðara um vik en Alþfl. að ræða þetta á almennum fundi hér í höfuðstaðnum, vegna þess að það er ekki til neitt Alþýðubandalagsfélag hér í Reykjavík og líklega engar horfur á, að það verði stofnað, þannig að þeir eiga ákaflega óhægt um vik að ræða svona mál á almennum fundum hér. En ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að þetta frv. er eindregið stutt af Alþfl., þó að í þessu máli, eins og reyndar í afstöðu til allra mála, kunni auðvitað að vera einstaka flokksmenn, sem hafa aðrar skoðanir en meiri hluti flokksins hefur á hverjum tíma, og það tel ég síður en svo nokkuð óheilbrigt og enga undantekningu varðandi þetta mál.

Um önnur atriði, sem þessi hv. þm. kom inn á, skal ég ekki ræða mikið, þó að hann gæfi að vísu tilefni til að segja ýmislegt, af því að margt af því, sem hann talaði þar um, var þessu frv., sem hér er til umr., að mestu óviðkomandi. Hann var mjög að ræða um skerðingu lífskjaranna, sem hefði átt sér stað í tíð núv. ríkisstj., og miðaði þar við, eins og þeir gera ævinlega, hann og hans flokksbræður, þeir miða við ársbyrjun 1959 eða mánuðina des. 1958 og jan. 1959, en þá var kaup miklu hærra en það var næstu mánuði á undan og varð næstu mánuði á eftir. Það vita allir, af hverju þetta kaup var svona hátt. Það var komin óðaverðbólga í lok stjórnartímabils vinstri stjórnarinnar, sem hún réð ekki við, og það var ósk forustumanna í vinstri stjórninni að lækka þetta kaup, vegna þess að ef kaupið yrði ekki lækkað, þá leiddi það óhjákvæmilega til þess, að það yrði að stórhækka vöruverð og veita atvinnurekendum heimild til þess að hækka vöru sína og þjónustu, vegna þess að kaupið hafði hækkað vegna gífurlegrar vísitöluhækkunar 1. des. 1958. Þannig eru þeir alltaf að bera saman, — þegar þeir eru að ámæla núv. ríkisstj., — þá eru þessir menn alltaf að bera saman við það kaupgjald, sem sú ríkisstj., sem þeir sjálfir stóðu að, treysti sér ekki til þess að standa undir, þannig að þessi samanburður er alltaf að meira eða minna leyti falskur. Auk þess er til vísitala, bæði framfærslukostnaðar og vísitala kaupmáttar, sem liggur fyrir, og á þess vegna ekki að þurfa að deila svo mjög um þessa hluti, en þeir gefa sér nú gjarnan ýmsar tölur, eins og þessi 30%, og rökræða svo málin út frá því.

En þessi hv. þm. mætti gjarnan hafa það í huga, þegar hann er að tala um launakjör hinna lægst launuðu, og þá er hann alltaf að bera saman tímakaup lægst launaða verkamannsins og þá yfirleitt Dagsbrúnarverkamannsins, þess, sem er á almennu kaupi, hefur lægsta taxtann og vinnur tímavinnu. Nú er það svo, að ýmsir flokksbræður hans, sem stjórna þessu verkalýðsfélagi, leggja alltaf höfuðáherzluna á það, að þær kjarabætur, sem lægst launaði verkamaðurinn fær, komi ekki fram á dagkaupinu, heldur þá á eftirvinnu og ýmsum öðrum atriðum. Og auðvitað verður að taka þetta með í reikninginn, ef á að gera réttan samanburð, að þá er ekki eingöngu nóg að segja, hvað kaupið í tímavinnu á daglaunataxta hefur breytzt, heldur verður að taka allar aðrar kjarabætur, — auk þess, sem þeir flokksbræður hans passa nú ævinlega, þegar þeir semja fyrir Dagsbrún, þó að ég vilji nú ekki eyða miklum tíma í að fara út í það hér, þeir gæta þess ævinlega vandlega, að verkamaðurinn, sem er á lægsta taxtanum, almenna taxtanum, fái alltaf minnstu kjarabæturnar. Hins vegar mánaðarkaupsmenn og menn, sem eru á sértöxtum, þeir passa alltaf miklu betur upp á þá, og það er að sumu leyti skiljanlegt út frá þeirra pólitík. Þeir vilja alltaf geta bent á það, að lægst launaði verkamaðurinn sé illa launaður.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara ýkjamörgum orðum um þetta frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt að þessu sinni. Hér er um mjög mikið mál að ræða. Í frv. felast breytingar á gildandi lögum, breyt. bæði margar og miklar, og verður væntanlega tækifæri til þess við síðari umræður að ræða þær í einstökum atriðum nánar.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, er að niðurskipun efnis með nokkuð öðrum hætti en gildandi lög, og eftir því sem ég fæ bezt séð, þá mun það í heild vera til bóta. Þá er og fyrirhuguð með þessu frv. gagngerð endurskipulagning á öllu skattlagningarstarfi í landinu, og er það út af fyrir sig eitt mikið mál. Fyrirhugað er að leggja niður undirskattanefndir, en láta í þeirra stað koma skattstjóra, 8 að tölu, með umboðsmönnum í hverju sveitarfélagi. Ég tel vafalítið, að í þessari breyt. sé fólgið ýmislegt, sem telja verður til endurbóta. Hvort allt það, sem í grg. frv. er talið að muni verða til bóta með þessari breytingu, reynist svo, skal ég ósagt láta. Ég efast t. d. nokkuð um það, að kostnaður vegna þessarar breyt. verði minni en hann hefur verið. Það væri vel, ef svo reyndist, en ég efast stórlega um það. Þá er í þessu frv. sægur af ýmsum minni háttar breyt. og nýmælum. Ég er viss um, að margar af þeim breyt. verða að teljast til bóta, og mun þó ekki fara út í það nánar nú. Þó vil ég aðeins leyfa mér að geta örfárra nýmæla, sem í þessu frv. eru, — nýmæla, sem eru þó minni háttar.

Í 13. gr. frv. er nýmæli þess efnis, að draga megi frá tekjum afborganir af námsskuldum, sem menn hafa stofnað til eftir tvítugsaldur. Þetta tel ég mjög þarft nýmæli, mjög þarfa breytingu, svo langt sem hún nær. Mér heyrðist hæstv. fjmrh. tala um þessa breyt. með nokkru stolti í gær, og er það ekki nema von. Þó hefur hæstv. ríkisstj. að mínum dómi sannarlega ekki efni á því að vera hreykin af framkomu sinni við námsfólk þessa lands á undanförnum 2—3 árum. Við vitum það öll, sem hér erum, enda er það alkunna, að fjöldi efnalítilla námsmanna hefur á síðustu tveim árum orðið að hætta námi, beinlínis vegna viðreisnarráð-

stafana hæstv. ríkisstj. Nýmælið, sem hér er um að ræða í 13. gr. frv., er því ekki óþarft, en ég teldi, að það ætti að ganga lengra í þeirri breyt., sem þar er um að ræða, heldur en gert er, en það atriði verður væntanlega tóm til að ræða og athuga nánar síðar.

Í 53. gr. frv. er ákvæði, sem einnig snertir námsfólkið í landinu. Þar segir, að skattstjóra sé heimilt að taka til greina umsókn um lækkun, ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára. Hér er einnig um nýmæli að ræða í skattalögunum, sem ég tel vera til bóta. En mér þykir galli á, að hér skuli aðeins vera um heimild að ræða, það er lagt á vald skattstjóra, hvort slík umsókn um lækkun verði tekin til greina eða ekki. Ég teldi, að þessu ætti að breyta í það horf, að skattstjóra yrði skylt að taka til greina slíka umsókn, og ég vil minna á, að hér er gengið skemmra en gert er í útsvarslögunum. Þar eru sams konar ákvæði og beinlínis tekið fram, að til þessara aðstæðna skuli tekið tillit.

Ég grip ofan í nýmæli, minni háttar nýmæli, sem í þessu frv. felast, af handahófi. Þar er eitt um, að húsgögn, aðrir húsmunir og persónulegir gripir skuli nú ekki lengur, eins og hingað til, teljast til skattskyldra eigna. Þetta lítur vel út við fyrstu sýn. En að mínum dómi getur þessi breyt. orkað tvímælis. Víst er um það, að hinir fátækari í þjóðfélaginu græða ekkert á þessu nýmæli, en það gera aftur á móti hinir efnameiri. Þeir stóreignamenn og hátekjumenn, sem búa í 8—12 herbergja íbúðum, fullbúnum dýrindis húsgögnum, græða á þessu.

Ég hef orð á þessu af því, að mér finnst það minna á ýmislegt annað í aðgerðum stjórnarflokkanna síðustu tvö árin, viðleitni þeirra til þess að létta byrðarnar á þeim, sem breiðust hafa bökin í þessu þjóðfélagi, og gera það á kostnað þeirra, sem veikari eru og efnaminni.

Það stakk mig ofur lítið, þegar ég las það í grg. þeirri, sem frv. fylgir, að í 10. gr. gildandi l. er ákveðin heimild, sem nú skal felld úr lögum. Mér finnst sú breyt. einnig styðja það, sem ég var að segja áðan um hug hæstv. ríkisstj. til smælingjanna í þessu þjóðfélagi. Í 10. gr. gildandi skattalaga er heimild til lítils háttar tekjufrádráttar handa fjölskyldufólki, sem getur fært sönnur á, að það búi við okurhúsaleigu. Nú á að fella þessa heimild niður, og það er beinlínis tekið fram í grg. fyrir frv., að á þessari heimild sé ekki þörf lengur. Hún er óþörf, svo vel hefur viðreisn hæstv. ríkisstj. tekizt.

Ég skal ekki tína fleira til af minni háttar breyt. í þessu frv. Eins og tekið var fram við umr. í gær, er meginbreyt. í þessu frv. og raunar tilgangurinn með þessu frv. sá að létta sköttum af gróðafélögum og fyrirtækjum. Til þess er allur leikurinn gerður. Í frv. er stutt að því, eins og segir í grg., að tryggja atvinnurekstrinum hóflega skattaálagningu og gefa fyrirtækjum kost á að geta safnað sjóðum. Þetta er orðað svona í grg. En þetta má líka orða á annan veg, t. d. þann, að stefnan sé sú með þessu frv. að létta skattbyrði atvinnu- og verzlunarfyrirtækja í því skyni að auka hagnað þeirra og gróða. Þetta er meginefni þeirra breytinga, sem nú eru fyrirhugaðar á skattalöggjöfinni, og það er raunar í fyllsta samræmi við þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið frá upphafi sinna vega. Fyrir tæpum tveimur árum var tekjuskattur einstaklinga lækkaður. Þá var þess vandlega gætt, að lækkunin að krónutölu yrði mest á þeim, sem hæstu launin hafa. Þá fengu launamenn fáeinar krónur eftirgefnar af tekjuskatti, en hálaunamenn fengu margar krónur eftir gefnar. Fyrir tæpum tveimur árum voru sanngjörnustu skattar nútímans, beinir, stighækkandi skattar, lækkaðir, þeirra vegur minnkaður, en í stað þess útvíkkaður og stórhækkaður neyzluskatturinn á nauðsynjar fólksins, ranglátasti skatturinn, sem um getur í sögunni.

Með þessu frv. er fyrirhugað að létta sköttum á gróðafélögum. Skattgjald þeirra skal fyrst og fremst lækka úr 25% í 20% af skattskyldum tekjum. Skattgjaldstekjur gróðafélaga eru lækkaðar með því að auka við og hækka ýmsa frádráttarliði. Frádráttarhæfur útborgaður arður er t. d. hækkaður úr 8% í 10%. Félagsgjöld til atvinnurekendasamtaka, sem að jafnaði skipta sennilega þúsundum, ef ekki tugþúsundum kr. á ári, eru að þessu sinni gerð frádráttarhæf. Og reglur um frádráttarhæf varasjóðstillög eru gerðar langtum víðtækari en þær nokkru sinni hafa verið áður. Til viðbótar þessu er eignarskattinum nú breytt þannig, að skatturinn er stórlækkaður á öllum stóreignum, en um leið hækkaður á lægri eignum yfir 100 þús. kr. Ýmis fleiri nýmæli eru í þessu frv., sem beinlínis miða í þá átt að lækka sem mest skatta á félögum og fyrirtækjum, t. d. að flytja megi tap á milli fimm ára í stað tveggja, auk fjölda annarra atriða, sem ég geri ekki að umtalsefni nú.

Sýnilega þykir ekki nóg að verið með þessu, því að í grg. frv. er haft orð á því beinlínis, að þetta sé ekki nóg. Eigi gróði félaganna að verða nægur, þá verði einnig að breyta útsvarslögunum gróðafélögunum til hagsbóta. Þar er sem sagt boðað, að sams konar breytingar á útsvari skuli gerðar í náinni framtíð og fyrirhugað er um ríkisskatta í þessu frv. Hæstv. ríkisstj. verður ekki sökuð um, að hún ætli sér að leika gróðafélögin hart á næstunni. Hún er sýnilega þeirra ástfóstur, sem henni finnst seint nóg gert fyrir. Hæstv. ríkisstj. og sú nefnd, sem hefur undirbúið þetta frv., efast ekki um þörfina á að auka gróða félaganna, sem hér um ræðir. Þau fara um þá þörf mörgum fögrum orðum. En hvar eru rökin, hvar eru röksemdirnar fyrir þessari þörf? Hvar eru röksemdirnar fyrir því, að svo gífurlega skuli nú lækkaðir skattar á gróðafélögum og útsvar á gróðafélögum? Ég hef ekki séð þær röksemdir. Þar er um að ræða eintómar fullyrðingar í fögrum umbúðum. Það væri fróðlegt að sjá þau rök. Mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh. í gær, að þörf gróðafélaganna fyrir aukinn gróða væri mikil. Ég gat ekki annað á þeirri ræðu heyrt en hún væri ótakmörkuð. Mér skildist á ræðu hæstv. ráðh., sem hann teldi, að því meiri sem gróði þessara félaga væri, því betra. Ef hæstv. ráðh. meinar þetta, þá vil ég benda á, að þar gengur hann feti lengra en íhaldssömustu auðvaldshag-

fræðingar nú á tímum þó gera. Einn þeirra var hér á ferð á vegum gróðafélaganna til þess að ráðleggja þeim varðandi skattamál. Þessi erlendi hagfræðingur viðurkenndi þó í beinum orðum, að gróði fyrirtækja geti orðið það mikill, að nauðsynlegt verði að draga úr honum, m. a. með skattlagningu. Hvað er nú um gróða íslenzkra félaga? Hvað er hann mikill? Hvar eru rökin fyrir því, að nú sé brýn þörf á að lækka eins mikið og fyrirhugað er skattabyrði félaganna? Hæstv. ráðh. minntist í sinni framsöguræðu í gær á skattafarganið. Mér fannst þetta orð hljóma einkennilega í munni hæstv. ráðh. Hvað átti hann við, þegar hann talaði um skattafargan í lítilsvirðandi tón? Er það kannske skattafargan að hans dómi, að hátekjumenn og gróðafélög greiði hærri hundraðshluta af hreinum tekjum sínum í skatt en láglaunafólkið í landinu? Ef hæstv. ráðh. telur það, þá er ég honum mjög ósammála um skilning á orðinu skattafargan. Ef hann hins vegar með skattafargani hefur átt við háa skatta almennt, þunga skattbyrði, þá hefur hann svo sannarlega í gær nefnt snöru í hengds manns húsi. Aldrei hefur það skattafargan orðið jafnmikið og í tíð núv. hæstv. ríkisstj., og var það greinilega sannað með tölum hér við umr. í gær.

Ég skal ljúka þessum orðum mínum. Aðeins langar mig að vekja athygli á fáeinum orðum í ræðu hæstv. ráðh. í gær, orðum, sem hann viðhafði í lok sinnar ræðu.

Hæstv. ráðh. virtist gera sér það fyllilega ljóst og viðurkenna það í gær, að með þeim meginbreytingum, sem felast í þessu frv., er verið að hlaða undir gróðamenn. Ég held, að hann hafi einmitt notað þessi orð. Hann viðurkenndi, að verið væri að hlaða undir gróðafélögin. Undir þessi orð get ég tekið með hæstv. ráðh. En hæstv. ráðh. hélt áfram, og þá fannst mér slá út í fyrir honum, þegar hann fór að gefa það í skyn, að þetta, að hlaða undir gróðafélögin í landinu, væri ekki gert fyrir félögin sjálf, heldur fyrir allan almenning í landinu. Það er til hagsbóta fyrir öll landsins börn, sagði hæstv. ráðh. í föðurlegum tón. Ég vil nú meina, að þetta sé álíka mikið til hagsbóta fyrir landsins börn og kauplækkunin árið 1959 var það, dýrtíðarskriðan 1961 og kaupbindingin og annað viðreisnarfargan þessara stjórnarflokka síðustu 3 árin. Ef hæstv. ráðh. telur kauplækkun, lögboðna kaupbindingu, endalausa dýrtíðaraukningu vera til hagsbóta fyrir landsins börn, þá er ekki að undra, þótt hann telji aukinn gróða gróðafélaganna vera einnig til hagsbóta fyrir landsins börn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á skattalögum er framhald af þeirri stefnu, sem tekin var 1960, eins og hæstv. fjmrh. sagði í gær í framsöguræðu sinni. Þá var mjög rækilega auglýst fyrir þjóðinni, að verið væri að afnema skatta á almennum launatekjum og að þau lög sýndu eiginlega kristilegra hugarfar í garð almennings en venja væri um lög frá Alþ. Mannúðin í þeim l. kom nú samt dálítið misjafnlega niður. Þá fékk t. d. hátekjumaðurinn álíka mikla skattalækkun og 30 lágtekjumenn. Þetta var þó ekki það versta. Hitt var öllu lakara, að um leið var lagður á almenning nýr skattur í staðinn, söluskattur, sem hæstv. ríkisstj. telur alveg sérstakt gersemi, og þessi söluskattur hafði þessa dásamlegu eiginleika, að hann lagðist jafnþungt á milljónera og fátæklinginn, ef báðir keyptu jafnmikið af vörum og þjónustu. Nú er með þessu frv. verið að breyta sköttum á félögum. Mér sýnist, að nú eigi sérstaklega að miskunna sig yfir þau fyrirtæki, sem eru stærst og sterkust, mestar eiga eignirnar nú og mesta hafa möguleikana til að safna gróða. Eitthvað kunna tekjur ríkissjóðs að rýrna við þetta, að manni skilst, þótt hæstv. ríkisstj. sé á annarri skoðun. Og þess vegna er ekki gerð grein fyrir því í grg. frv., hverju sú lækkun muni nema. Þegar ríkistekjurnar rýrnuðu við skattalækkun á einstaklingum, þurfti að leggja á neyzluskatt í staðinn, því að ríkissjóður þurfti sitt. Það væri því með ólíkindum, ef ríkissjóður þyrfti ekki einhvern ábæti fyrir þá tekjurýrnun, sem kann að leiða af þessu frv. Það hentar kannske ekki að vera að leggja slíkar till. fram sama daginn og þetta frv. er tekið til umræðu, en þær till. geta komið fram síðar, og ég býst við, að þær verði þá í ætt við söluskattinn.

Ég vil minnast á örfá helztu efnisatriði þessa frv., og ég vil um leið beina þeim athugasemdum mínum til þeirrar hv. nefndar, sem fær frv. til meðferðar. Ég vil líka leita nokkurra upplýsinga hjá hæstv. fjmrh. um einstök atriði frv., sem ég tel vera óljós. Og ég vil biðja hæstv. forseta leyfis að mega lesa upp einstaka málsgreinar úr frv., ef mér liggur á, án þess að óska leyfis í hvert sinn.

Í 13. gr. frv. er nýtt ákvæði, að fyrirtæki megi draga frá skattskyldum tekjum félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, allt að 5 af þúsundi af veltu fyrirtækis. Ég þekki fyrirtæki, sem greiddi á s. l. ári rúmar 12 þús. kr. til þess félagsskapar, sem það fyrirtæki var þátttakandi í. Og það gjald var miðað við greidd vinnulaun hjá fyrirtækinu. Ef það fyrirtæki hefði átt að greiða samkv. þessari reglu 5 af þúsundi af veltu, þá hefði þetta gjald orðið eitthvað nálægt 45 þús. kr. eða ekki fjarri því að verða fjórfalt við það, sem það var. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., hvort hér sé ekki á ferðinni allveruleg hækkun á þessum gjöldum frá því, sem er almennt, og hvort sú hækkun sé fyrirhuguð hjá atvinnurekendafélögum, og sé svo, hvort ástæða sé til að taka það sem skattfrjálst tillag.

15. gr. frv. er um fyrningar. Þar stendur m. a.:

„Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjmrh. setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hundraðstölu af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra.“

Mér skilst, að þessi hluti greinarinnar sé tekinn upp úr núgildandi lögum, og það kann að vera, að ég nefni einhver atriði í þessu frv., sem eru nú í lögum, en mér sýnist full ástæða til þess að athuga þau einnig, fyrst hér er á ferðinni endurskoðun laganna. Hvað þetta atriði snertir, þá finnst mér þarna blandað saman fyrningu og viðhaldi.

Ég vil spyrja að því, hvort fyrirmæli séu í reglugerð nú, hvernig reikna skuli viðhald á eignum. Að því leyti, sem ég þekki til þeirra mála, þá hafa fyrirtæki fengið að draga frá tekjum sínum raunverulegt viðhald eignanna á hverju ári, án nokkurs tillits til þess, hvaða reglur hafa gilt um fyrningarafskriftir.

Þá er nýtt ákvæði í þessari 15. gr., og er það eitt af mikilvægustu ákvæðum þessa frv. Þar segir:

„Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra."

Hvað eru fastafjármunir? Mér er með öllu óljóst, hvað átt er við með „fastafjármunir". Í 22. gr. er enn rætt um þessa fastafjármuni, sem heimilað er að meta að nýju og bókfæra til svokallaðs endurkaupsverðs. Fletti maður svo upp í aths. við þessa 22. gr. um fastafjármunina, þá heita þeir ekki fastafjármunir, þegar komið er svo aftarlega í frv. Þar heita þeir fasteignafjármunir. Hvaða fjármunir eru þetta? Eru þetta húseignir, fasteignir? Eru þetta vélar? Eru þetta skip? Eru þetta flugvélar? Það er ekkert aukaatriði, að þetta sé alveg ljóst í lögunum, hvað er átt þarna við, af því að það eru einmitt þessir fjármunir, sem á að heimila að meta að nýju og afskrifa svo samkvæmt því mati. Mér sýnist óhjákvæmilegt, að í sjálfum 1. verði nefndar helztu tegundir þessara fastafjármuna, svo að hægt sé að átta sig á þessum hlutum.

Þá segir enn í þessari sömu 15. gr.:

„Reikna skal fyrningu sem fastan hundraðshluta af kostnaðarverði eigna, sem keyptar eru 1962 eða síðar."

Á þetta þá ekki að gilda um neinar eignir, nema þær hafi verið keyptar? Ef einhver byggir sér hús eða myndar eign á annan hátt en að kaupa hana, á þetta þá ekki að gilda um það líka?

Í þessari sömu 15. gr. segir:

„Skattayfirvöld skulu ákveða heildarafskriftarupphæð hverrar eignar." En fyrr í þessari sömu grein segir: „Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjmrh. setur."

Hvað er þarna átt við með „skattayfirvöld"? Eru það skattstjórar? Eða er það bara ráðherra? Eiga skattstjórar að hafa vald til að ákveða afskriftir af eignum? Þó að skattstjóri gæti þess, að afskriftir séu í samræmi við reglugerð, þá er hann ekki að ákveða neitt um afskriftir fyrir það. Mér sýnist þarna þörf á, að það sé ótvírætt í lögum, hvort skattstjórar eiga að hafa þetta vald eða hvort þeir eiga ekki að hafa það.

Þá kem ég að 22. gr. Þar segir í H-lið:

„Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—1963 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkv. því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna."

Ég hef áður tekið fram, hversu óljóst það sé að tala um fastafjármuni án þess að greina dæmi um það, hverjir þeir séu, og að þetta muni vera mjög á reiki, þetta hugtak í frv., þar sem á öðrum stað, þ. e. a. s. grg., er talað um fasteignafjármuni. Þarna er líka talað um atvinnufyrirtæki. Er ekki hvert það fyrirtæki atvinnufyrirtæki, ef einhver maður hefur atvinnu af því? M. ö. o.: nær þetta ekki til allra fyrirtækja? Þá segir einnig í þessari 22. gr., að þegar búið er að meta eignirnar til endurkaupsverðs og bókfæra þær samkv. því, þá skuli frá dregin „eðlileg afskrift," er miðast við rýrnun eignarinnar, og þessi eðlilega afskrift á að ákveðast með reglugerðarákvæði. Það er, held ég, tvímælalaust stærsta atriðið í þessu frv., það nýmæli, sem ég hef hér nefnt. En það að heimila endurmat á öllum þeim eignum, sem kalla má fastafjármuni, sem fyrirtæki eiga nú, og veita þeim síðan skattfrjálsa fyrningu af því verði eignanna, sem kemur út við matið, gerir ómögulegt að sjá það fyrir fram, hversu mikilvægt þetta ákvæði frv. er, af því að reglurnar um matið og síðan fyrninguna á eignunum, eftir að búið er að meta þær, verða seinna settar af ráðherra með reglugerð, og því ekki unnt að dæma fyrir fram, hvernig þetta verður í framkvæmdinni.

Ég hef leitazt við að gera mér grein fyrir, hvernig þetta mat muni fara fram. Mér hefur dottið í hug, að það kunni að verða framkvæmt þannig, að fyrst er fundið út, hvað nýjar eignir, sams konar þeim eldri, mundu kosta nú, síðan verði dregið frá þeirri upphæð matsverð gömlu eignanna og þá komi út endurkaupsverðið. Tilgangurinn með þessu ákvæði er auðvitað sá, að fyrirtæki fái þannig mun hærri skattfrjálsar afskriftir eða fyrningu en áður. En hversu miklu þetta getur munað frá þeim fyrningum, sem slíkt fyrirtæki hefur nú, er ómögulegt að sjá fyrir fram með neinni nákvæmni og langt frá því, vegna þess að engar leiðbeiningar eru gefnar í frv., með hvaða hætti matið fer fram.

Fyrst, þegar ég las þetta yfir, datt mér í hug, að þetta mat yrði framkvæmt þannig, að eftir að fundið væri verð á nýrri eign, sams konar hinni eldri, ætti að draga frá þeirri upphæð þær afskriftir, sem leyfðar hafa verið á gömlu eignunum. En ég komst að þeirri niðurstöðu, að slíkt gæti þó varla komið til greina. Hvernig sem að verður farið með framkvæmd matsins, þá er að mínum dómi varla við það unandi, að engar reglur um framkvæmdina komi fram í sjálfum lögunum, fyrst það á að heimila fyrirtækjunum skattfrjálsa fyrningu eigna samkv. þessu mati, því að það er mér alveg ljóst, að það er hægt að framkvæma þetta mat þannig, að stórefnuð fyrirtæki verði skattfrjáls á eftir.

Ég vil nú samt freista þess að spyrja hæstv. ráðh. frekar um það, hvernig hugsað er eða hvernig hann hugsar sér eða þá aðrir höfundar þessa frv. að meta t. d. 10 ára gamla verksmiðjuvél, sem búið er að afskrifa að fullu. Við skulum hugsa okkur, að slík vél hafi kostað 10 þús. kr., en ný vél sömu tegundar kosti núna 100 þús. kr. Hvernig verður nú gamla vélin metin? Hvernig á að meta 20 ára gamalt flutningaskip t. d., sem búið er að afskrifa að fullu? Það hefur kannske kostað 5 millj. fyrir 20 árum, en kostar 60 millj. núna. Hvernig verður verksmiðjuhús metið, sem er 30 ára gamalt, búið að afskrifa það að fullu, kostaði fyrir 30 árum 100 þús. kr., en sams konar hús kostar núna hálfa aðra milljón? Og að lokum: Hve háar afskriftir verða svo leyfðar af þessum eignum,

eftir að búið er að meta þær svona? Hvernig sem matsgerðir og afskriftir eru fyrirhugaðar, þá er hitt víst, að tilgangurinn með frv. er sá að heimila fyrirtækjum stórkostlega hækkun á bókfærðu verði eigna sinna til þess að að fá skattfrjálsar afskriftir af eignunum. Það er ekkert álitamál.

Ég neita því ekki, að mörg fyrirtæki munu eiga erfitt með að endurnýja eignir sínar með þeim afskriftum, sem leyfðar hafa verið nú að undanförnu. En þess ber líka að gæta, að fyrningarupphæðir, sem hafa verið skattfrjálsar, hafa verið í vörzlu fyrirtækjanna og ávaxtazt þar og sumar þeirra ávaxtazt furðu vel. Þá er ekki hægt að neita því, að ýmis fyrirtæki hafa beinlínis grætt á verðbólgunni. Þau hafa fengið lánsfé og endurgreitt það með miklu verðminni krónum en þau fengu lánaðar. Ég ætla, að þannig hafi jafnvel komið fram stórgróði. Það er því ekki hægt að segja, að fyrirtæki hafi ekkert fengið á móti, því að skattfrjálsar afskriftir af eignum hafa verið of litlar vegna verðbólgunnar.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um, að hlutafélag megi gefa út svokölluð jöfnunarhlutabréf, og eiga þau að vera skattfrjáls. Upphæð þessara jöfnunarhlutabréfa verður þó að vera í samræmi við eignaaukningu hlutafélagsins, sem fram kemur við eignamat. Tilgangurinn með þessum skattfrjálsu jöfnunarhlutabréfum sýnist mér vera tvenns konar. Annars vegar er hann sá, að úthluta megi þá á eftir meiri arði af hlutafénu, sem verður þó skattfrjáls hjá félaginu, en skattskyldur hjá einstaklingunum, hins vegar, að efnahagsreikningur hlutafélags sýni sömu niðurstöðu eftir sem áður. Ef jöfnunarhlutabréfin eru sömu upphæðar og eignaaukningin, þá verður útkoman á efnahagsreikningi þess fyrirtækis alveg eins og hún var. Þetta getur haft verulega aukningu í för með sér á arðsúthlutun í hlutafélagi. Ef t. d. 100 þús. kr. hlutafé tífaldast þannig á pappírnum, þá verður heimilt að greiða 100 þús. kr. skattfrjálsan arð af því á ári, í staðinn fyrir að núna má aðeins greiða 8 þús. kr. skattfrjálsan arð. Það er ríflega hækkun, að hækka úr 8 þús. upp í 100 þús. Hlutföllin geta orðið hin sömu, þó að upphæðirnar séu miklu meiri. Að vísu verður arðurinn skattskyldur hjá einstaklingunum, en skattar þeirra hafa nýlega verið lagaðir til, svo að það er ekki víst, að það komi að verulegri sök, ef ekki er um því hærri upphæðir að ræða.

Ef samvinnufélag vill notfæra sér ákvæði þessa frv. um nýtt eignamat til þess að fá skattfrjálsar fyrningarupphæðir til endurnýjunar eignunum, eins og hlutafélagið, þá er aðstaðan hjá því allt önnur. Hjá samvinnufélagi er ekkert hlutafé og það hefur því enga möguleika til að hækka neinar skuldir sínar á pappírnum á móti þeirri hækkun, sem á eignirnar kemur. Ef samvinnufélag hækkar eignir sínar á pappírnum, þá sýnir efnahagsreikningurinn gjörbreyttan efnahag frá því, sem áður var. En þó að hlutafélag hækki eignir sínar á pappírnum, þá getur það sýnt nákvæmlega sama efnahag eftir sem áður. Hvaða áhrif þetta kynni að hafa til hækkunar á eignarskatti og eignarútsvari samvinnufélaga, hef ég ekki kynnt mér, en það er sýnilegt, að það getur haft sína þýðingu, sem hlutafélag er laust við. En annað hvort verður samvinnufélagið að gera, taka á sig þessa skattahækkun, eignarútsvar og eignarskatt, til þess að fá sams konar fyrningarafskriftir og hlutafélagið, eða tapa þeirri skattalækkun, sem af fyrningarafskriftunum leiðir og er í þessu frv. Þetta kemur svo til viðbótar því, að samkv. frv. á skattfrjálst varasjóðstillag samvinnufélaga að lækka úr 33⅓% niður í 25% af tekjuafgangi, þegar varasjóðstillag hlutafélags hækkar úr 20% í 25% af tekjuafgangi.

Ég vil nota tækifærið og leiðrétta það, sem kom fram í ræðu hjá hv. 9. landsk. þm. í gær, að nú séu skattar lækkaðir jafnt á hlutafélögum og samvinnufélögum. Það er fjarri lagi. Mér telst svo til, að raunverulegur tekjuskattur á samvinnufélagi sé nú 16.58% af tekjuafgangi, þegar tillit er tekið til varasjóðsframlagsins, en raunverulegur tekjuskattur á hlutafélagi sé 20%. Síðan eiga bæði samvinnufélagið og hlutafélagið að lækka niður í 15%. M. ö. o.: lækkunin á samvinnufélaginu er úr 16.58 í 15%, en á hlutafélaginu úr 20 niður í 15%. Þá er enn ótalin sú skattalækkun hjá hlutafélagi, sem leiðir af arðsúthlutun á jöfnunarhlutafé og hækkun arðsins úr 8% í 10%. Á móti þessu fær samvinnufélagið ekki neitt. En með því að möguleikar kunna að skapast til þess að margfalda hlutafé, þá getur þarna munað á mjög háum upphæðum, eins og ég áðan nefndi dæmi um. Það mun því ekki vera ofmælt, að skattastefna stjórnarflokkanna í garð samvinnufélaganna hefur ekki breytzt síðan 1960. Það er þvert á móti haldið lengra á sömu braut.

Ég kem þá að 28. gr. frv. Þar er verið að gjörbreyta framkvæmd skattalaganna, eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í gær. Það er látið í veðri vaka, að þetta eigi að vera sparnaðarráðstöfun fyrir ríkið, og ég sé ekki, að þessi lagabreyting sé rökstudd með neinu öðru en að það sé sparnaður. Ég get ekki gert að því, að mér liggur við að brosa, þegar ég fer að athuga sparnaðarmöguleikana. Skattstjórum á að fækka um tvo, en það er viðurkennt í frv., í grg. þess, að starfsfólki hjá skattstjórum muni þurfa að fjölga. Það er ekkert nefnt, hversu mikið því þurfi að fjölga, en mér þykir ekki ólíklegt, að starfsfólki hjá skattstjóra þurfi að fjölga í eitthvað svipuðu hlutfalli og skattframtölum fjölgar, sem skattstofan tekur á móti og afgreiðir. Reynist þetta svo, þá verður fjölgunin allríflег. Það er einnig viðurkennt í athugasemdum með þessu frv., að gera megi ráð fyrir þóknun til umboðsmanna. Ég ætla, að það sé ekki rangt til getið, að það verður að gera ráð fyrir einhverri þóknun til þeirra. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann álíti nokkra von til þess, að þóknunin til umboðsmannsins geti orðið lægri en það, sem undirskattanefndin hefur kostað. Ekki verða störfin neitt minni. Getur þá einn maður unnið fyrir minni þóknun en þrír gerðu? Það er sagt í aths. með frv., að í undirskattanefndum séu 657 manns í 219 nefndum. Það er ekki lítill starfsmannahópur, sem nú á að fara að spara fyrir ríkið, 657 manns. Hvað kostuðu þessir 657 menn ríkið, t. d. árið 1960? Þeir kostuðu 1 584 000 kr. samkvæmt ríkisreikningnum, eða 2 411 kr. hver maður. Ef einn umboðsmaður kemur nú

í staðinn fyrir hverja undirskattanefnd, þrjá menn, þá er sýnilegt, að hæstv. fjmrh. má ekki þókna honum meira en 7233 kr. á ári, og sparar hann þó ekkert. Þessi upphæð er svona sæmileg mánaðarlaun hjá skrifstofumanni, en það er alltaf einhver annar kostnaður við þetta, þó að hann sé kannske lítill. Svo á að leggja niður allar yfirskattanefndir, 24, og störf þeirra færast yfir á skattstofurnar. Hvað kostuðu nú þessar 24 yfirskattanefndir 1960? Þær kostuðu 675 300 kr. eða hver nefnd að meðaltali 2814 kr. Mér telst því svo til, að kostnaðurinn við skattstofurnar, en ég hef talað um skattstofur utan Reykjavíkur, þegar ég er að tala um skattstofur, — mér telst svo til, að kostnaður af skattstofum utan Reykjavíkur megi þá ekki hækka nema um þesar 675 300 kr., miðað við árið 1960, svo að heildarkostnaðurinn hækki ekki. Nú var allur kostnaður 1960 af skattstofum utan Reykjavíkur 2 171 600 kr. Ef nú þessar skattstofur eiga að bæta á sig störfum allra yfirskattanefndanna, þá verða þær samt að gæta þess, að kostnaðurinn aukist ekki meira en ég hef hér áður sagt. Rekstrarkostnaður hverrar skattstofu má þá ekki að meðaltali hækka nema um 84 þús. kr. eða um 31%. Það er kannske hálf önnur skrifstofustúlka eða varla það, sem má bæta við á hverja skattstofu, til þess að allt standi í járnum frá því, sem áður var. Ég hef aftur á móti sagt hér áður, að mér þykja miklar líkur benda til þess, að kostnaðurinn af skattstofunum aukist í hlutfalli við það, sem skattaframtölum fjölgar. Ég hef lauslega athugað, hvernig þetta muni líta út í Vestfjarðakjördæmi. Þar á að vera ein skattstofa fyrir allt kjördæmið. Ef maður gerir ráð fyrir, að skattframtölunum fjölgi í sama hlutfalli og mannfjöldinn eykst við stækkun umdæmisins, þá voru á Ísafirði 1960 um 2700 manns, þ. e. í umdæmi skattstofunnar, sem þar er nú, en mannfjöldinn í hinu nýja skattaumdæmi verður um 10500. Það má því búast við, að framtölunum fjölgi þarna, sem þessi væntanlega skattstofa á að afgreiða, svo að þau verði þrisvar til fjórum sinnum fleiri en áður. En það er sýnilegt, að þar má samt ekki bæta við nema einum til einum og hálfum manni, svo að ekki verði kostnaðarauki af breytingunni.

Nú má benda á fleira en þetta, sem sýnir, að það séu vafasamar röksemdir, að þetta sé til sparnaðar. Mér dettur í hug, að skattstjóri kynni að telja sig þurfa að hafa einn fund með umboðsmönnum sínum á ári, eða einn fund á tveimur árum, svo að maður fari nú varlega, en eitthvað mundi það kosta, ferðakostnað og þess háttar. Af þessum athugunum sýnist mér, að það sé engin von til þess, að kostnaður af þessu kerfi verði minni en nú er. Þvert á móti sýnast mér horfur á, að kostnaðurinn muni aukast.

Í aths. með þessu frv. segir m. a. um núv. kerfi: „Það leikur ekki á tveim tungum, að skattstjórar með æðru starfsliði munu ná miklu betri árangri í störfum en menn, sem verða að vinna slík störf í hjáverkum, en svo hefur raunin orðið á um skattanefndir.“ — Nái miklu betri árangri í störfum. Ég get ekki skilið þetta á aðra leið en þá, að það hafi orðið lélegur árangur af störfum skattanefnda og þess vegna þurfi að leggja þær niður. Nú vil ég ekkert um þetta dæma. Ég hef engan kunnugleika á þessu, en sé þetta raunverulega ástæðan fyrir breyt. á kerfinu, þá á að segja það hreinlega, en ekki vera að rökstyðja þessa breyt. með sparnaðartali.

Hæstv. fjmrh. sagði í upphafi ræðu sinnar í gær, að báðir núv. stjórnarflokkar hefðu lýst þeirri stefnu sinni í síðustu alþingiskosningum í skattamálum, að lækka skyldi skatta. Þetta kosningaloforð hefðu flokkarnir staðið við, hefðu byrjað að framkvæma það með skattalagabreyt. 1960 og hér væri áframhald á efndunum. Ég dreg ekki í efa, að þessir flokkar hafa lofað skattalækkun fyrir síðustu kosningar, ég tel það meira að segja merkilegt, ef þeir hefðu ekki lofað því. Og hafi annar flokkanna gert það, þá hefur hinn hlotið að gera það, því að stefnuskrár beggja flokkanna voru eins, svo að þær þekktust ekki í sundur. Já, þeir lofuðu skattalækkun fyrir síðustu kosningar, sagði hæstv. fjmrh., en þeir lofuðu fleiru. Þeir lofuðu bættum lífskjörum, þeir lofuðu stöðvun verðbólgunnar án nýrra skatta. Þeir lofuðu ótal fleira. Ég held, að það sé fljótlegra að telja hitt upp, sem þeir lofuðu ekki, og þessa loforðastefnu segjast þeir nú vera að framkvæma báðir tveir. Það er óneitanlega gott að rifja upp loforð sín, en það þarf líka að rifja upp, hvernig þau hafa verið framkvæmd, og það þarf meira að segja að rifja upp, hvað hefur verið framkvæmt, sem ekki var lofað. Ég vil minna þessa virðingarverðu flokka á örfáa hluti, sem þeir lofuðu ekki. Þeir lofuðu ekki í síðustu kosningum gengislækkun, þær urðu nú samt tvær á þessum tíma. Þeir lofuðu ekki neinni dýrtíð, samt hafa lífsnauðsynjar almennings hækkað um 50—90% á rúmum tveimur árum. Þeir lofuðu aldrei að lækka kaupgjald með lögum eða banna verkföll með brbl. Þeir lofuðu ekki að ónýta kaupsamninga verkafólks og atvinnurekenda með gengislækkun. Þeir lofuðu aldrei neinu vaxtaokri og enn þá síður, að þeir skyldu leyfa Bretum að veiða í íslenzkri fiskveiðalandhelgi. Þeir lofuðu engu af þessu. Þeir hafa framkvæmt þetta allt. Og hvað snertir skattamálin, þeir lofuðu, eins og hæstv. ráðh. sagði, skattalækkun. En hvenær lofuðu þeir söluskattinum, — hann var þó skattur, — söluskattinum, sem varð margfaldur á við tekjuskattinn, sem hvarf? Þessir hv. flokkar segjast vera að framkvæma kosningaloforðin. Þeir eru að framkvæma stefnu, sem þjóðin fékk ekki að vita um í síðustu kosningum.

Eins og ég sagði áðan, þá er í grg. þessa frv. engin áætlun gerð um það, hvað tekjur ríkissjóðs kunna að lækka við þessa skattalagabreytingu, enda gerir ríkisstj. ráð fyrir, að þær lækki ekki neitt. Hæstv. fjmrh. og reyndar hv. 9. landsk. skýra þetta með því, að fyrirtækin hafi beitt skattsvikum, en með þessari lagabreyt. verði þau svo samvizkusöm að telja fram, að skattarnir lækki ekki neitt. Þetta er sálfræðileg kenning, sem hefur reyndar verið leiðarstjarna ríkisstj. fyrr en nú. 1960 voru það skattsvikarar meðal einstaklinga, sem réðu stefnunni. 1961 voru það smyglarar, sem leiðbeindu um stefnuna í tollamálum. 1962 eru

það aftur skattsvikarar, en nú meðal fyrirtækja, sem ráða mestu um stefnuna. Hverjir verða það 1963? Ég held, að þessi kenning, að lækkun skatta fyrirtækja rýri ekki tekjur ríkissjóðs vegna réttari skattframtala, sé hugsanavilla.

Það er erfitt, eins og ég sagði áðan, að gera sér grein fyrir, hversu miklar breytingar verða á sköttum fyrirtækja samkv. þessu frv., en það er þó nauðsynlegt að gera sér eitthvert dæmi um, hvernig þetta muni verða. Ég hef gert hér slíkt dæmi, eins einfalt og ég hef getað, og það er á þessa leið: 30 ára gamalt fyrirtæki er með einnar millj. kr. hlutafé. Það hefur varið til eignamyndunar á öllu tímabilinu 3 millj., en bókfærðar eru þessar eignir núna ekki nema 1 millj. Það hafði á s. l. ári tekjuafgang 625 þús. kr., fékk að leggja fimmta hlutann af honum skattfrjálst í varasjóð, svo að skattskyldar tekjur þessa fyrirtækis urðu hálf millj. kr. og tekjuskatturinn af því 125 þús. Þetta fyrirtæki hefur haft í afskriftir að meðaltali 6% af upphaflegu verði eignanna, af þessum 3 millj., það eru 180 þús. Og það hefur haft skattfrjálsa arðsúthlutun 8% af þessari einu milljón, eða 80 þús. Allar skattfrjálsar fyrningar og arðsúthlutun hjá þessu fyrirtæki hefur þá orðið 260 þús. kr. En við eignamat samkv. þessu frv. áætla ég, að eignirnar tífaldist í verði, þ. e. a. s. bókfærðu verði, og það er ekki nein fjarstæða. Í sjálfu frv. er sagt, að vélar hafi tífaldazt á 10—15 árum, og ég held, að það sé rétt. Eignir, sem eru orðnar gamlar, eins og skip og húseignir og annað þess háttar, sem kannske er 20 ára eða 30 ára, hafa náttúrlega miklu meira en tífaldazt við matið. Þær verða þá 30 millj. að bókfærðu verði. Nú á að fara að ákveða skattfrjálsa fyrningu af þessu verði, þessum 30 millj. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. telji ekki fært að hafa þær afskriftir í hundraðshlutum meiri en var. Þó þykir mér það heldur ótrúlegt. En við skulum segja það, að þær verði ekki að meðaltali af öllum eignunum nema 6%. 6% af þessu verði á eignunum, þ. e. ekki 180 þús., eins og var, heldur 1 millj. 800 þús. En hér kemur svo fleira til. Þar sem eignirnar hækkuðu á pappírnum úr einni millj. í 30 millj., þá hefur fyrirtækið fengið aðstöðu til þess að gefa út jöfnunarhlutabréf, sem þessari eignaraukningu nemur, 29 millj. kr. Hlutafé getur þá hækkað úr einni milljón í 30 millj. að nafnverði í bókum félagsins. Og svo er skattfrjáls arður af því. Nú dettur mér ekki í hug, að félagið treysti sér til þess háttar rausnar. Það mundi koma svo illa við hluthafana á eftir að eiga að borga skatta af arðinum af slíku hlutafé. En við skulum segja, að félagið treysti sér til að fara með jöfnunarhlutabréfin upp í 10 millj. Þá er samkv. þessu frv. skattfrjáls arður af þeim 10%, þ. e. 1 millj., og svo 100 þús. af gamla hlutafénu. Hlutafé er þá orðið 11 millj. og skattfrjáls arður af því 1 millj. 100 þús. Þarna hækka því skattfrjálsar fyrningar og skattfrjáls arður af þessu fyrirtæki úr 260 þús. í 2 millj. og 900 þús. Hækkunin er 2 millj. 640 þús. En þetta er dæmi, sem ég hef búið til. Það vil ég biðja menn að athuga, og það er sjálfsagt að gagnrýna það. Þótt þetta fyrirtæki hefði haft nettótekjuafgang 3½ millj. kr., má fyrirtækið samkv. þessu frv. leggja fjórða part af þessum tekjuafgangi í varasjóð, og er þá eftir 2.6 millj. nettó-tekjuafgangur. En félagið þarf ekki að borga neinn skatt af þessu, af því að skattfrjálsar afskriftir eftir nýju mati og skattfrjáls arðsúthlutun samkvæmt jöfnunarhlutabréfum þurrkar þetta út. Félagið er skattfrjálst. Með 3½ millj. kr. tekjuafgang er þetta félag skattfrjálst samkv. þessu frv., en með 625 þús. kr. tekjuafgang borgar það 125 þús. kr. í tekjuskatt samkv. núgildandi lögum. Ef þetta dæmi sýnir ekki rétta mynd af því, hvernig fyrirtæki geta notað sér ákvæði þessa frv., þá vil ég biðja hæstv. fjmrh. og þá hv. höfunda þessa frv., sem sæti eiga hér í þessari hv. d., að leiðrétta það, og ég skal sannarlega taka því vel, ef þeir geta bent mér á villur í þessu. En til þess dreg ég upp slíkt dæmi, að það sé hægt að sjá raunverulega, hvernig frv. verkar.

Hæstv. ráðh. sagði, að tekjur ríkissjóðs mundu ekki rýrna við þessa skattalagabreytingu, því að fyrirtækin mundu telja þeim mun samvizkusamlegar fram. Til þess m. a. hef ég sýnt þetta dæmi. Sé það rökrétt hugsað, að tekjur ríkissjóðs rýrni ekki vegna ákvæða þessa frv., vegna þess að fyrirtækin skili réttari skattframtölum, þá þyrfti það fyrirtæki, sem ég nefndi núna dæmi um, að sýna 6—7 sinnum meiri nettótekjur en það gerði árið áður, ef það ætti að borga eitthvað svipaðan skatt. Ef slíkt fyrirbæri gerðist, mundi þá ekki hinn nýi skattstjóri, þessi þaulæfði og þaullærði skattstjóri, spyrja fyrirtækið: Af hverju *taldir* þú ekki fram meiri tekjuafgang í fyrra? Hvernig stendur á, að nú er hann 6- eða 7-faldur við það, sem hann var þá? — Hverju á fyrirtækið að svara? Þessum skattstjóra væri skylt að hefja rannsókn á skattframtölum þessa fyrirtækis aftur í tímann, eins og heimilt er samkv. þessu frv., og ekki aðeins heimilt, heldur skylt. Þá mundu auðvitað skattsvikin sannast, og þá koma til refsiákvæði, sem eru í þessu frv. Ég ræði ekki um það, að hugsjón hv. 9. landsk. þm. er ekki komin í framkvæmd um varðhald eða neitt þess háttar. Hvað mun þá þetta fyrirtæki gera undir slíkum kringumstæðum, því að þetta sér það allt fyrir? Ætli fyrirtækið færi að benda skattayfirvöldunum á sjálft sig sem skattsvikara með því að telja fram margfaldan gróða annað árið frá því, sem var árið á undan? En þótt eitthvert fyrirtæki yrði svona yfir sig þakklátt hæstv. ríkisstj. fyrir löggjöfina og gerði þetta, þá fengi fyrirtækið sama skatt og í fyrra, og hvað ætti það þá að vera að þakka? Þá er grundvöllurinn undir sjálfu þakklætinu dottinn niður. Og þá vil ég spyrja: Hvaðan fær þá þetta fyrirtæki fjármagn til að endurnýja eignir sínar og skapa sér öruggan og heilbrigðan rekstrargrundvöll með fjársöfnun, sem er rauði þráðurinn í frv.? Hvaðan kemur hann þá, ef það á að borga sömu skatta eftir sem áður? Það er af þesum ástæðum, sem ég tel þessa röksemd, að skattarnir lækki ekki, hreinustu hugsunarvillu.

Meðan hæstv. fjmrh. var að halda framsöguræðu sína í gær, var lögð á borð þingmanna skýrsla um skattaálögur á Íslandi eftir erlendan sérfræðing, sem fenginn var frá Efnahags-

samvinnustofnun Evrópu. Ég tók eftir því, rétt þegar ég opnaði þessa skýrslu, að þar segir, að 1957 hafi útsvör í Reykjavík á félög verið um 23 millj. kr., en þar af yfir 16 millj. veltuútsvör. Og með leyfi hæstv. forseta, segir m. a. í þessari skýrslu um veltuútsvörin: „Í kafla B er getið þess sérkennilega skatts, veltuútsvarsins, sem lagt er á veltu fyrirtækjanna. Ókostir skattakerfis sveitarfélaganna, sem drepið var á hér rétt áður, eiga sérstaklega við um þennan skatt. Mér virðist hann vera algerlega ósamræmanlegur skattkerfi, sem byggist á þeirri meginreglu að skattleggja hreinar tekjur. Í kafla B er sýnt, að þetta veltuútsvar nemur í vissum atvinnugreinum verulega hærri upphæð en skattskyldar tekjur. En við ákvörðun þeirra má ekki draga frá veltuútsvarið. Það vekur undrun, að þetta skuli ekki hafa verið talið brjóta í bága við regluna um skatt eftir efnum og ástæðum."

Nú hafa veltuútsvör verið lengi í gildi hér í Reykjavík, og ég veit ekki nema hæstv. núv. fjmrh. eigi einhvern þátt í því, að þau hafi verið viðhöfð. Síðan eru þessi veltuútsvör færð yfir allt landið, heimildin til að nota þau er í lögum frá 1960, sem þessir stjórnarflokkar beittu sér fyrir. Og veltuútsvör hafa þetta einkennilega eðli, að þau leggjast á fyrirtækin, þó að þau tapi. Það skiptir engu máli, hvort fyrirtækið tapar eða græðir, veltuútsvar skal það borga. Hvernig er samræmið í veltuútsvarsskattastefnu þeirri, sem hér hefur ríkt í Reykjavík og nú ríkir víðar, og stefnunni samkv. þessu skattalagafrv.? Mér sýnist í fáum orðum sagt, að munurinn sé þessi: Með skattalagafrv. er sagt: Félag, sem græðir, skal græða meira. — Með veltuútsvarsstefnunni: Félag, sem tapar, skal tapa meira. — Og svo eru báðar stefnurnar komnar frá sömu flokkunum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem fá mun mál þetta til meðferðar, og skal ekki á þessu stigi málsins lengja umr. að neinu marki. En ég stóð aðallega upp í tilefni óska og ábendinga, sem fram komu í ræðu hv. 2. þm. Vestf. og vörðuðu meðferð málsins í nefndinni. Hann óskaði eftir því, að n. aflaði upplýsinga um skattalöggjöf nágrannalandanna varðandi félagaskatta. Ég er hv. þm. sammála um það, að mjög nytsamt geti verið í sambandi við endurskoðun skattalöggjafarinnar að hafa hliðsjón af skattalöggjöf nágrannalandanna í þeim efnum, en í mörgum dæmum byggja þau þar á lengri reynslu en við. Á hinu vildi ég aðeins vekja athygli, til þess að ekki verði ætlazt til meiri afreka í þessu efni af okkur, sem sæti eigum í þessari n., heldur en við getum undir staðið, að allur slíkur samanburður er miklum örðugleikum háður. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að samanburður á skattstigunum einvörðungu getur í því efni verið mjög villandi. Það verður einnig að taka tillit til reglna varðandi afskriftir, frádráttarheimilda, reglna um birgðamat og annað slíkt.

Hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér nokkrar tölur um skattstiga varðandi félög í nágrannalöndunum, og hygg ég, að þar hafi alveg verið rétt með farið, a. m. k. koma þessar tölur mjög heim við þær hugmyndir, sem ég hef haft um skattareglur í þessum löndum. Það mun vera alveg rétt, að skattar félaga til ríkisins, eða a. m. k. skattar hlutafélaga til þess eru þar hærri en hér gerist. Þessir skattstigar, sem eru hlutfallslegir, munu vera ákveðnir með hliðsjón af skattstigum einstaklinga, þannig að það munu vera meðalskattar einstaklinga, sem lagðir eru til grundvallar við ákvörðun skattstigans. Þetta er ekki gert af algeru handahófi, eins og ég mun koma að á eftir, því að einmitt það atriði, að skattstigar félaganna eru ákveðnir með hliðsjón af sköttum einstaklinga, snertir mjög kjarna þess máls, sem hér hefur einkum verið rætt, eða skattana á félögunum. En skattar einstaklinga til ríkisins eru yfirleitt í þessum löndum hærri en hér, og sérstaklega á það við eftir lækkunina á sköttum einstaklinga, sem gerð var 1960. En skattur til ríkisins skiptir þó ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Það, sem máli skiptir, er auðvitað það, hvað félögin greiða í heild í skatta, bæði til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga.

Hv. 2. þm. Vestf. nefndi einnig nokkrar tölur um útsvör félaga í þessum löndum. Þau eru til mikilla muna lægri en hér, og í Englandi t. d., eins og hann réttilega sagði, er alls ekki um útsvarsálagningu að ræða. Það er séð þar fyrir tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga á annan hátt. En séu lagðir saman skattarnir til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, þá kom það einmitt í ljós af þeim tölum, sem hv. þm. fór með, að Svíþjóð er eina landið, þar sem þessir skattar samanlagðir eru hærri en hér, og munar þó aðeins 2%. Hér eru samanlagðir skattar til ríkis og bæjarfélaga, eftir að við höfum gert ráð fyrir því, að sú lækkun komi til framkvæmda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og ef enn fremur er gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögin noti heimild sína til útsvarsálagningar að fullu, 50%, en voru 52% í Svíþjóð samkv. þeim tölum, sem hv. þm. fór með. Þess ber þó að gæta í því sambandi, sem hann tók raunar fram, að í Svíþjóð er heimilað að draga útsvör frá sköttum til ríkisins, og það kemur til að lækka skattana þar. En annað atriði skiptir þó meira máli í því sambandi, og það eru þær fyrningarreglur, sem eru í lögum í Svíþjóð. Þar er fylgt reglunni um frjálsar afskriftir, eins og það er kallað, þ. e. að atvinnufyrirtæki hafa þar heimild til þess að afskrifa eignir sínar eftir vild, þó auðvitað með þeirri takmörkun, að sömu eignina má ekki afskrifa nema einu sinni. Þau geta ákveðið það sjálf, á hvað skömmum eða löngum tíma þau afskrifa eignina og hvenær þessar afskriftir fara fram. Hér er auðvitað um mjög mikilvæg hlunnindi að ræða, og má einmitt sérstaklega benda á þetta í sambandi við þá gagnrýni, sem fram hefur komið hér af hálfu sumra hv. stjórnarandstæðinga á því, að rýmkað skuli um fyrningarreglurnar, sem ég ræði þó ekki frekar. Ég hef þó sleppt því að nefna í þessu sambandi veltuútsvörin, sem ekki þekkjast í þessum löndum, en eru mjög tilfinnanleg hér, eins og kunnugt er, þannig að væri einnig tekið tillit til þeirra, þá leikur ekki nokkur

vafi á því, að allir skattar til bæjar- og sveitarfélaga hér á landi verða til muna hærri en gerist í nágrannalöndunum, jafnvel þó að sú lækkun komi til framkvæmda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það má auðvitað mjög um það deila, hve hár skattstiginn á félögum eigi að vera, hvort þau eigi að greiða 25% til ríkisins eða aðeins 20%, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Sé tekið tillit til allra skatta, er félögin greiða, þá munar ekki meira en því, eins og hv. 9. landsk. benti hér á í gær, að það er um lækkun að ræða úr 75% og niður í 70%. En hvað sem þessu atriði líður, þá er það annað, sem miklu máli skiptir einmitt í sambandi við það frv., sem hér er til umr., og það er, að það ætti ekki að vera ágreiningur um, að það verður að vera samræmi í skattaálagningu einstaklinga og félaga. Ég nefndi það áðan, og nú kem ég aftur að því, að það væri ekki nein tilviljun, sem réði því, að skattur hlutafélaga í nágrannalöndunum er ákveðinn með hliðsjón af skatti einstaklinganna þannig að miðað er við meðaltal af skattstigum einstaklinganna. Hvað mundi gerast, ef þarna væri um mikið ósamræmi að ræða, þannig að skattar á félögum væru til muna hærri en skattar á einstaklingum? Þetta hafa einmitt skattayfirvöldin gert sér ljóst í þessum löndum.

Á Norðurlöndunum er það eins og hér, þrátt fyrir það að meira ber þar á stórum hlutafélögum en hér gerist, að mikill fjöldi svokallaðra fjölskylduhlutafélaga er þar einnig starfandi. Ef skattar á tekjum, sem myndast í þessum fjölskylduhlutafélögum, verða til muna hærri en einstaklingsskattarnir, þá er það mjög handhæg leið fyrir eigendur þessara félaga að koma sér undan skattinum blátt áfram með því að reikna sjálfum sér og fjölskyldu sinni, sem starfa í fyrirtækjunum, hærra kaup en áður hefur verið gert. Þarna er um fullkomlega löglega leið að ræða til þess að komast undan skattinum, og auðvitað verður hún farin í stórum stíl, ef mikið misræmi verður milli skattstiga einstaklinga og félaga. En svo mikið sem kann að kveða að fjölskylduhlutafélögunum í nágrannalöndunum, þá vita það þó allir, að hér kveður miklu meira að þeim. Almenningshlutafélög eru hér ekki til að undanteknu Eimskipafélagi Íslands, enda hefur skattalöggjöfin yfirleitt fram að þessu algerlega hindrað myndun slíkra félaga, þannig að einu hlutafélögin, sem hér hafa getað þrifizt, eru einmitt fjölskylduhlutafélögin.

Nú mun það líka öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að ástæðan til þess, að menn leggja peninga í hlutafélag, er að jafnaði ekki sú, að menn hugsi sér að hafa svo og svo mikinn arð af þesum peningum. Skattalöggjöfin hefur útilokað slíkt fram að þessu og gerir það hér eftir. Nei, ástæðan til þess, að menn leggja peninga í hlutafélagið, er að jafnaði sú, að þeir vilja á þann hátt skapa sér og sínum nánustu atvinnumöguleika í þessu hlutafélagi. Það er því augljóst, að eftir að búið var að framkvæma þá skattalækkun á einstaklingum, sem gerð var 1960, var algerlega óhjákvæmilegt að lagfæra skattana á félögunum, ef það átti ekki beinlínis að leiða til þess, að sá skattstofn, sem félagaskatturinn þó enn er fyrir ríkið, mundi algerlega hverfa. Til þess var fullkomlega lögleg leið fær fyrir hlutaðeigandi, sem ég býst ekki við, að neinn geti gagnrýnt, þótt notuð sé. Þeir gátu blátt áfram hækkað kaup sitt og þeirra ættingja og tengdamanna, sem að jafnaði starfa í hlutafélaginu, nægilega mikið til þess, að tekjurnar myndu ust þá hjá þeim, en ekki hjá félaginu. Og ég býst varla við því, að hv. þm. Alþb., sem hér hafa einna mest gagnrýnt þetta frv., gætu haft nokkuð við það að athuga eða telji það á neinn hátt glæpsamlegt, þótt kaup sé hækkað. Slíkt mundi a. m. k. koma á óvart. Auðvitað er hér ekki um nein skattsvik að ræða eða þess háttar. Skattayfirvöld geta ekkert við þessu sagt, og ég vænti þess ekki, að það sé hugsjón hv. þm. Alþb., að skattstofurnar eigi að verða eins konar gerðardómur í kaupgjaldsmálum, en það mundi auðvitað verða, ef fara ætti að banna þessa leið.

Ég get því ekki annað séð en sú gagnrýni, sem kom fram hjá þeim tveim hv. þm. Alþb., sem hér töluðu, og einnig hv. 4. þm. Vestf., þess efnis, að hér væri verið að svipta ríkissjóð tekjum í stórum stíl vegna skattalækkunar á félögunum, sé algerlega vanhugsuð og í rauninni á sandi byggð, því að eftir að búið er að lækka tekjuskattana á einstaklingunum, þá er blátt áfram nauðsynlegt að lækka eitthvað til samræmis tekjuskattinn á félögunum, ef þessi skattstofn á ekki með öllu að hverfa. Það hlyti hann að gera á næstu árum, ef þessu samræmi er ekki komið á. Það væri að mínu áliti meiri ástæða til að hafa áhyggjur af því, að lagfæringin sé ekki nógu mikil, því að hafi það verið skynsamlegt að ákveða skatta félaganna 25% í skattalögunum frá 1958 með hliðsjón af þeim sköttum, sem þá voru á einstaklingum, þá er það auðsætt, jafnvel eftir þá lækkun, sem nú verður gerð, að skattstigarnir hafa breytzt félögunum mjög í óhag. Að ætla sér að halda þeim sköttum á einstaklingunum, sem nú eru í lögum, og halda félagasköttum óbreyttum, mundi leiða til fullkomins glundroða í skattakerfinu. Ég hef ekki komið auga á nein rök, sem mæla með því. Hitt er annað mál, að það mætti segja sem svo, að skatta einstaklinganna eigi að færa aftur í það horf, sem þeir voru fyrir 1960. Ef það væri sagt, þá væri í því samkvæmni. En ég man nú ekki betur en allir væru sammála um það út af fyrir sig, þegar skattalækkunin var framkvæmd 1960, að stighækkun tekjuskattsins væri komin út í öfgar og að nauðsyn væri lagfæringar í því efni, þó að hitt mætti auðvitað um deila, hvort ákveða ætti skattstigana nákvæmlega eins og þá var gert. En ekki minnist ég þess þó, að frá hv. stjórnarandstæðingum kæmu þá fram ákveðnar till. um aðra skattstiga.

Það er aðeins eitt atriði, sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv., sem ég get ekki stillt mig um að leiðrétta, úr því að ég er staðinn hér upp. Hann gagnrýndi það nýmæli í skattalögunum, að innbú skyldi framvegis undanþegið sköttum. Nú er ég honum að því leyti sammála, að ég tel síður en svo ástæðu til þess í þjóð-

félagi, sem þarf að leggja áherzlu á uppbyggingu og sparnað, að verðlauna það út af fyrir sig, að menn leggi peninga sína í dýr innbú. En það var allt annað, sem fyrir vakti, þegar hún gerði þessa till., og í því efni hafði ég enga sérstöðu. Að okkar áliti var þýðingarlaust að hafa ákvæði í skattalögunum, sem væru algerlega óframkvæmanleg, en þannig er það einmitt með innbúin, og sú er ástæðan til þess, að þeirri reglu er yfirleitt fylgt í nágrannalöndum okkar, að innbú eru skattfrjáls. Þarna er um eign að ræða, þar sem er algerlega komið undir þegnskap manna, hvort þeir telja hana fram eða ekki. Og hvað sem öðru líður, þá verður það aldrei þannig í framkvæmd, að skattayfirvöldin fari að fara inn á heimili manna og meta innbú þeirra. Það var þetta sjónarmið, sem lá því að baki, að n. lagði til, að innbúin yrðu gerð skattfrjáls.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf., sem talaði hér næstsíðast, beindi ýmsum fyrirspurnum og ábendingum til mín eða nefndarinnar, sem fær málið til meðferðar. Ég skal ekki fara út í þau atriði, sem hann hér nefndi, það er allt of langt mál á þessu stigi, við 1. umr. málsins. En ég vil beina því til hv. fjhn., að hún taki þessar fyrirspurnir og athugasemdir hv. þm. til upplýsinga og yfirleitt, að n. færi sér í nyt upplýsingar hans og þekkingu, því að það var auðheyrt af ræðu hans, að hann kann töluvert fyrir sér í þessum fræðum.

Að öðru leyti eru það aðeins þrjú atriði, sem ég ætlaði að minnast á hér, en tel ekki að öðru leyti þörf á að fara út í einstök atriði, sem hér hafa komið fram, enda reyndi ég í minni framsöguræðu að gera sem ýtarlegasta grein fyrir meginatriðum frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. hélt því fram í fyrstu varðandi málsmeðferðina eða undirbúninginn, að það hefði verið venja við undirbúning skattalaga eða heildarendurskoðun þeirra, að þingkjörnar nefndir eða milliþn. hefðu haft þau mál með höndum, og þar sem hér hefði verið stjórnskipuð n., þá hefðu venjur og reglur verið brotnar. Ég hef kannað, hversu þessu hefur verið háttað rúma tvo áratugi, eða í aldarfjórðung réttara sagt, og ég sé, að á þessu tímabili hafa verið skipaðar átta skattanefndir til að endurskoða ýmist skattalögin almennt eða einstök atriði. Og ég fæ ekki séð, að ein einasta þessara nefnda sé kosin af Alþ., heldur allar skipaðar af ríkisstj. eða fjármálaráðherrum. Ég held því, að þessi aths. hv. 5. þm. Norðurl. e. sé á misskilningi byggð.

Í öðru lagi sagði hann, að hér væri einnig brotin regla á þann veg, að í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefðu eingöngu verið stuðningsmenn ríkisstj. Ég hef hér fyrir framan mig, hversu ýmsar skattamálanefndir hafa verið samsettar, og rekst þá m. a. á tvær nefndir, sem skipaðar voru af vinstri stjórninni árið 1957, og það vill svo einkennilega til, að í þeim n. fyrirfinnast engir aðrir en stuðningsmenn þáv. ríkisstj. Nú segi ég þetta ekki í ádeiluskyni, því að þetta getur verið með hvorum hættinum sem vill, eftir atvikum og ástæðum. Ég veit, að það er sjálfsagt um ýmsar n. að hafa þar fulltrúa frá þingflokkunum eða stjórnmálaflokkunum. En undirbúningi annarra mála getur verið þann veg farið, að eðlilegt sé, að það séu eingöngu trúnaðarmenn og stuðningsmenn ríkisstj., sem að því vinni, og á það einkum við það, ef ríkisstj. lætur undirbúa eða semja frv. um tiltekið stefnuskráratriði sitt, sem hún er að hrinda í framkvæmd. Þannig var það nú um undirbúning þessara skattalagabreytinga, bæði þeirra, sem gerðar voru 1960, og nú, að þar er verið að framkvæma ákveðið stefnuskráratriði ríkisstj., og miðað við það er auðvitað ekkert við það að athuga, þótt ríkisstj. veldi til þess sína sérstöku trúnaðarmenn og stuðningsmenn að semja þá löggjöf.

Þetta eru aths. varðandi undirbúning málsins, sem ég taldi rétt að svara á þessu stigi, vegna þess að aths. komu fram um það frá hv. 5. þm. Norðurl. e.

En að lokum er eitt atriði, sem ég tel rétt að leiðrétta strax á þessu stigi vegna þess, hve mikil áherzla hefur verið á það lögð af nokkrum þingmönnum, sem hér hafa talað, og einnig af málgögnum stjórnarandstæðinga. Og það er þetta, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að þyngja stórlega skattaálögur á samvinnufélögum. Nú er það öllum vitanlegt, að samvinnufélögin hafa um langan aldur haft sérstöðu í skattamálum, þannig að skattar á þeim hafa verið að miklum mun vægari og léttari en á hlutafélögum. Við þessari sérstöðu er alls ekkert haggað í meginatriðum í þessu frv. Þó að þetta frv. yrði að lögum óbreytt, þá er það svo, hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt, rétt eða rangt, að sérstaða samvinnufélaganna helzt að mestu leyti óbreytt. Það eru því hinar mestu missagnir, þegar því er haldið fram, að með þessu frv. sé verið að íþyngja samvinnufélögunum.

Það er eitt atriði, sem má nefna, og skal það tekið fram hér til athugunar, og það er, að varasjóðshlunnindi samvinnufélaga, sem nú eru 33⅓%, eru lækkuð í 25%. Og úr þessari, ég vil segja smávægilegu breytingu, sem gerð er til þess að fá eina sameiginlega og sömu varasjóðsprósentu fyrir öll félög, á að gera slíkt veður eins og hér er reynt. Nú verðum við að greina glögglega milli tvenns konar starfsemi samvinnufélaganna. Annars vegar eru viðskipti félagsmannanna sjálfra og hins vegar eru viðskipti samvinnufélaga við utanfélagsmenn. Nú í dag er það þannig, að þegar samvinnufélag hefur hagnað af viðskiptum við utanfélagsmenn og leggur hann eða hluta hans í varasjóð, þá fær það skattfrjálst þriðjung af þeim hagnaði. Hins vegar önnur verzlun, kannske á sama stað, sem leggur hagnað af sínum viðskiptum í varasjóð, fær aðeins að draga frá fjórðung eða 25%. Ég sé ekki nokkur frambærileg rök fyrir því, að varðandi utanfélagsmannaviðskiptin eigi samvinnufélögin að njóta þarna forréttinda fram yfir almennar verzlanir eða hlutafélög eða önnur félög. Ég finn ekki í mínum huga nokkur frambærileg rök fyrir því. Það, sem hér er um að ræða, er því fyrst og fremst þetta, að af hagnaðinum af viðskiptun-

um við utanfélagsmenn eiga samvinnufélögin þannig að fá nú skattfrjálst 25% í varasjóð í staðinn fyrir 33% áður, til þess að hér sé komið samræmi á. Og í stað þess, að framsóknarmenn eru sífellt með þessar ásakanir um árásir á samvinnuhreyfinguna, þá gerðu þeir samvinnuhreyfingunni sjálfri miklu meira gagn með því að taka með skynsemi sanngjörnum leiðréttingum á því ranglæti eða þeim úreltu ákvæðum, sem gilt hafa. Þetta er varðandi utanfélagsviðskiptin.

Varðandi svo viðskipti samvinnufélaganna við félagsmenn, skiptir það samvinnufélögin ekki nokkru máli, hvort varasjóðsfrádrátturinn er 33⅓% eða 25%, vegna þess að þau leggja yfirleitt ekki þennan hagnað í varasjóð. Eins og kunnugt er, var sú breyt. gerð hér á skattalögunum 1958, að þá var numið burt úr samvinnulögunum það ákvæði, sem skyldaði samvinnufélög til þess að leggja vissar prósentur af hagnaði sínum í varasjóð. Þetta var afnumið, og þar með var samvinnufélögunum eiginlega skapaður möguleiki til þess að komast að verulegu leyti hjá tekjuskatti til ríkissjóðs. Hins vegar hafa samvinnufélögin, ef þau hafa hagnað af viðskiptum við félagsmenn, næstum ótakmarkaða möguleika til að komast undan skatti af honum, fyrst og fremst með því að leggja hann í stofnsjóð og þurfa þar með ekki að greiða neinn skatt af honum. Það er því furðulegt, þegar menn, sem vita ákaflega vel og þekkja þær reglur, sem gilda um skattlagningu samvinnufélaganna, koma hér og berja sér á brjóst og kvarta yfir því, að það sé verið að ofsækja samvinnufélögin. Sem sagt, þetta ákvæði, þessi breyt. um varasjóðshlunnindin hefur engin áhrif á afkomu eða skattgreiðslu samvinnufélaganna, nema að örlitlu leyti varðandi hagnað þeirra af utanfélagsmannaviðskiptum. En sú sérstaða, sem samvinnufélögin njóta nú og hafa notið undanfarna áratugi, helzt í öllum meginatriðum óbreytt, þó að þetta frv. verði samþykkt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lauk ræðu sinni með því að segja, að þau sérhlunnindi, sem samvinnufélög hafa haft, héldust óbreytt að öðru leyti en því, að sá ágóðahluti, sem þau legðu af viðskiptum við utanfélagsmenn í varasjóði sína, væri ekki skattfrjáls nema í sama hlutfalli og ágóði hjá öðrum félögum með öðru formi. Nú væri ákaflega skemmtilegt að heyra, hvaða sérhlunnindi hæstv. ráðh. telur að samvinnufélögin hafi, eins og nú er. Það örlaði á því í ræðu hans, að hann teldi það einhver sérhlunnindi, að ágóðaúthlutun til félagsmanna væri ekki skattskyld. En sá er háttur samvinnufélaga að skila því til félagsmanna sinna, sem oftekið hefur verið af þeim með áætluðu verði, og er það sama eðlis í raun og veru og þegar gefið er til baka í búð kaupmannsins, borgað hefur verið í stærri seðli en verð vörunnar, sem taka átti, var. Þetta hefur engum dottið í hug nokkurn tíma að væru sérréttindi, að ekki er tekinn skattur af því, sem gefið er til baka í búð.

Hæstv. ráðherra sagði, að í varasjóð legðu félögin ekki annað en tekjuafgang, sem þau hefðu í skiptum við utanfélagsmenn. Þetta er vitanlega ekki rétt. En þau hafa það á valdi sínu nú orðið, hvort þau leggja meira en það í varasjóðina. Nú getur það verið vitanlega, að félag telji ástæðu til þess að byggja upp varasjóð með meiri tillögum en þessum upphæðum nemur, sem falla til í skiptum við utanfélagsmenn, og þá sér hver maður, að ástæða sú, að þau eru ekki skyldug til að gera það, réttlætir ekki að tekinn sé skattur af því, ef þau gera það. En aðalatriðið í þessu sambandi, sem hæstv. ráðherra hljóp yfir, er þó vitanlega það, þegar bornir eru saman varasjóðir samvinnufélaga og annarra félaga, að samvinnufélögin eru þau einu félög, sem skipta ekki upp varasjóðum við félagsslit. Varasjóðir þeirra ganga til eignar því héraði, sem félagið hefur starfað í. Með því að safna í varasjóð er því samvinnufélagið að safna fé handa almenningi eftir sinn dag, en ekkert félag með öðru formi gerir það.

Það er þessi eðlismunur á varasjóðum samvinnufélaga og hlutafélaga, sem hæstv. ráðherra virðist ekki hafa tekið eftir og gerir það að verkum, að ranglátt er að láta samvinnufélögin í þessu efni sitja við sama borð og hlutafélögin. Varasjóðir samvinnufélaganna eru eign framtíðarinnar í því héraði, sem þau starfa, en varasjóðir hlutafélaganna eign þeirra, sem í þeim starfa. Og hætti þeir þar að starfa, fá þeir sinn hlut við félagsslit, en svo er ekki um samvinnumenn, sem í samvinnufélögunum starfa.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. virtist ekki mæla því í mót, að samvinnufélögin hefðu sérstöðu um skattgreiðslur, en hann rökstyður þá sérstöðu með einu móti. Vegna þess að samvinnufélögin hafa það í sínum ákvæðum og lögum, að ef þau hætti sinni starfsemi, skuli varasjóður þeirra verða eign almennings eða byggðarlagsins, þá sé rétt, að þau njóti þessarar sérstöðu.

Nú býst ég við, að þessi hv. þm., eins og aðrir samherjar hans, hafi mikla trú á samvinnuhreyfingunni og telji þá skipan í þjóðfélaginu meira að segja framtíðarskipan og þess vegna muni samvinnufélögin einmitt ekki hætta starfsemi eða sálast, heldur standa lengi og starfa lengi þjóðinni til þrifa. M. ö. o.: vegna þess að félag hefur það í sínum lögum, að einhvern tíma í framtíðinni, ef það kynni að hætta störfum, eftir aldir eða árþúsundir, þá falli varasjóður til almenningsþarfa, þá eigi það auðvitað að vera að mestu skattfrjálst. Þetta eru rök út af fyrir sig, og getur hver metið það við sig, hversu gild hann metur þau.

Út í skattlagningu á samvinnufélögum, samanborið við önnur félög, skal ég ekki fara hér, en ég vil aðeins til frekari ábendingar og áréttingar benda á þær staðreyndir, sem sýna glöggt, hversu litlir skattar það eru og lágir, sem samvinnuhreyfingin ber, og nefna hér nokkrar tölur. Á árinu 1959 var tekjuskattur alls á landinu um 173 millj. Hin mikla samvinnuhreyfing, þ. e. a. s. samvinnufélögin og sambönd þeirra, borgaði 2.1 millj. eða liðlega 1% af tekjuskatti landsmanna. Árið 1960 lækk-

aði heildarupphæð tekjuskattsins mjög mikið vegna þeirrar lækkunar á almenningsskatti, sem þá var ákveðin. Þá var tekjuskatturinn 69 millj. Heildartekjuskattur samvinnufélaganna var 1.8 millj., eða í kringum 2½% af heildarskattinum. Nú í fyrra, árið 1961, var tekjuskatturinn alls í landinu um 80 millj. Heildartekjuskattur samvinnufélaganna var 2.8 millj., eða um 3½%. Þegar maður lítur á þessi þrjú ár, 1959, 1960 og 1961, þá kemur það sem sé í ljós, að þetta verzlunarform, þessi félög og samtök þeirra, sem hafa unnið ótalmargt gott og gagnlegt í þjóðfélaginu og m. a. hafa mikið af verzlun og veltu í þjóðfélaginu, hefur borgað þetta frá rúmlega 1% og upp í 3½% af tekjuskattinum í landinu. Ég veit það og þarf ekki frekar vitnanna við til að sýna fram á það, að þessi mikli verzlunar- og atvinnurekstur í landinu nýtur algerrar sérstöðu um skattaálagningu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt, að hæstv. fjmrh. ver sig með því, að samvinnufélögin séu ódauðleg, en hin félögin ekki. Hann álítur þess vegna, að sú regla, sem samvinnufélögin hafa í lögum sínum, að er þau hætta störfum, þá erfi byggðin, sem þau eru í, eða héraðið þeirra eignir, hún í raun og veru verði aldrei gild. En hvernig er það með hin félögin, þau dauðlegu? Hvað verður um þeirra varasjóðseign? Hún fer til félagsmannanna við félagsslit og heldur ekki þannig áfram í byggðinni eins og sjóður samvinnufélaganna, sem er jafnverðmætur satt að segja að mínu áliti og ég vona líka að áliti fjmrh., þegar hann hugsar sig vel um, þó að hann sé ekki í þeirri feigðarhættu, sem aðrir sjóðir eru.

Hæstv. ráðherra nefndi tölur um það, hvað skattar hefðu verið í landinu og hvað mikinn hluta af þeim samvinnufélög hefðu goldið. Ég hef ekki aðstöðu til þess að gagnrýna eða rengja þessar tölur, sem hann nefndi hér, en vitanlega hefði mér þótt fara betur á því, að hann hefði í staðinn fyrir að nefna heildartölur skatta nefnt upphæð þá, sem önnur félagsform gjalda. Ég tók ekki eftir því, að hann gerði það. En ég vil benda á það, sem voru rök ræðumanna áður í þessum umræðum og hv. 9. þm. Reykv. lagði áherzlu á réttilega, að þegar við erum að meta það, hvað goldið er til ríkis í okkar landi, meta þunga þess og framlagsgildi, þá verðum við líka að hafa í huga, hvað goldið er til sveitarfélaga. Það er kunnara en að dæmi þurfi um það að taka, að samvinnufélögin eru yfirleitt hæstu gjaldendur í sínum byggðarlögum til sveita, og þess vegna er það, að ég hygg, að samvinnufélögin standi vel undir sínu gagnvart þjóðfélaginu, þegar til þess kemur að meta, hvað af mörkum er lagt til almennings, fyrir utan það, sem þessi félög skila jafnan við árslok til viðskiptamanna sinna, en önnur fyrirtæki aftur á móti, verzlunarfyrirtæki, hafa sinn sérgróða.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. óskaði eftir því að fá samanburð, ekki aðeins á heildartekjuskattinum annars vegar og skatti samvinnufélaga, heldur hvað önnur félög borguðu. Það er sjálfsagt að upplýsa hann um það.

Árið 1959 var heildartekjuskattur allra félaga á landinu 30 millj., og af því borguðu samvinnufélögin og Sambandið 2.1 millj. (**KK:** En útsvör?) Árið 1960 var heildartekjuskattur allra félaga 35½ millj., og af því borguðu samvinnufélögin 2.8 millj. Hv. þm. vildi þá flýja inn í það vígið, að þau borguðu hins vegar, þó að lítið væri nú um greiðslur af hendi þessara félaga til ríkisins, þá borguðu þau mikið til sveitarfélaganna. Þetta er nokkuð málum blandað. T. d. hefur það verið þannig hér í Reykjavík, þar sem Samband ísl. samvinnufélaga er staðsett og nýtur náttúrlega margvíslegra hlunninda og gæða frá höfuðborginni og margvíslegrar þjónustu, að sum ár hefur það verið undanfarið, sem þetta stóra fyrirtæki hefur ekki borgað einn einasta eyri í útsvar til Reykjavíkurborgar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel ekki, að hæstv. ráðherra hafi getað sannað neitt um það, hvort samvinnufélag beri ekki hlutfallslega sínar byrðar að því er snertir framlög til almennings í landinu, með þeim tölum, sem hann las. Og það, sem hann kom síðan inn á, að því er útsvörin snertir, er fjölmenni Reykjavíkur, þar sem Sambandið er eitt meðal meira en þriðjungs landsmanna, Reykjavík er hlutfallslega með miklu stærra hlutfall af gjaldendum en er annars staðar í landinu. Og þau rök, sem hann vildi að fælust í því, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði verið útsvarsfrítt einu sinni, voru rök, sem ég hygg að hæstv. ráðherra hefði alls ekki átt að nefna, vegna þess að það er vitað mál, að það var af sérstökum pólitískum tilburðum, tilraun til þess að klekkja á þessu fyrirtæki, sem ekki var lagt á það eitt ár í Reykjavík. Það var Reykjavík, satt að segja, og álöguvaldinu þar til vansæmdar, en ekki Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þar sprakk nú blaðran. Nú er það orðið sem sagt eitt hið mesta hneyksli í þessum málum, að meiri hlutinn í bæjarstjórn og niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi hlíft Sambandi ísl. samvinnufélaga við útsvari og af pólitískum hrekkjabrögðum ekki lagt á Sambandið eitt árið. Trúi nú hver, sem trúa vill. Þessi saga er uppfundin af framsóknarmönnum og Tímanum, og þessi lygasaga hefur nú verið borin út um byggðir landsins í nokkur undanfarin ár. Hvað er það, sem gerðist? Það gerðist þetta ár, sem um er að ræða, að Samband ísl. samvinnufélaga taldi á sínu framtali verulegt tap á sinni starfsemi, og tapið var ekki fólgið í því, að það hefði tapað á viðskiptunum við bændurna, heldur á utanfélagsmannaviðskiptum, m. a. á verzlun með bíla og ísskápa, og þess háttar hefði orðið svo mikið tap, að heildarútkoman varð nú þessi. Samkv. gildandi lögum og hæstaréttardómi var eingöngu heimilt að leggja á eignir og tekjur Sambandsins. Það var ekki heimilt að leggja á það veltuútsvar, eins og hæstaréttardómur lá fyrir um. Þess vegna var þessi

úrskurður niðurjöfnunarnefndar auðvitað sá eini, sem um var að ræða, og annað gat ekki staðizt. Hitt er svo náttúrlega alveg furðulegt, að maður eins og þessi hv. þingmaður, sem er vandur að virðingu sinni og á að því leyti ekki heima í þessum flokki, skuli leyfa sér að koma á Alþ. með þessa slúður- og lygasögu, og ég verð að segja, að ég hefði sízt búizt við því af honum. (**KK**: Það voru reglur um efni og ástæður.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. um 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 337, 341 og 343, 338, 342, 344).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. þau frá fjhn., sem nú hefur verið útbýtt hér í hv. deild, bera með sér, hefur n. ekki nema að nokkru leyti getað átt samleið um afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir. Við þrír, sem að meiri hluta nál. á þskj. 337 stöndum, leggjum til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefur flutt sameiginlega á þskj. 338. Hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e. hafa hins vegar skilað sérálitum, og leggur hv. 5. þm. Norðurl. e. til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá, en hv. 1. þm. Norðurl. e. vill að vísu samþ. frv., en með miklu róttækari breyt. en við, sem í meiri hl. vorum, töldum okkur fært að fallast á. En þrátt fyrir þetta hefur n. þó orðið sammála um það að bera fram þær brtt. við frv., sem hér liggja fyrir á þskj. 338. Þó hafði hv. 5. þm. Norðurl. e. þann fyrirvara um a. m. k. tvær af þessum brtt., að hann væri andvígur þeim greinum frv., sem brtt. eru við, en taldi þó, að ef þær greinar yrðu samþykktar, þá væru brtt. eðlilegar. Síðan fyrirvara býst ég við að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi einnig um sumar af þessum brtt., a. m. k. þær, sem snerta þann kafla frv. sem fjallar um breyt. á framkvæmd skattamálanna, en ég sé, að hann hefur flutt till. um það, að þeir kaflar falli niður. Ég býst við, að þetta komi fram hér á eftir í framsögu þessara hv. þm., en taldi þó rétt að geta þess í upphafi, þannig að ekki væri gert meira úr þeirri einingu andans, sem út af fyrir sig hefur lýst sér í því, að n. hefur borið fram sameiginlegar brtt., heldur en efni standa til. Þó að brtt. á þskj. 338 séu talsverðar að vöxtum, þá er þar þó yfirleitt ekki um mikilvægar efnisbreytingar að ræða, heldur miða flestar þessar brtt. að því að gera ákvæði frv. skýrari að orðalagi. Þó er einnig um nokkrar efnislegar brtt. að ræða, sem við að lokinni svo ýtarlegri athugun á frv. sem við höfðum tök á að framkvæma á þeim tíma, sem n. var ætlaður, töldum horfa til bóta frá því, sem var í frv. Ég mun þá nokkuð skýra einstakar brtt. n. á þskj. 338.

1. brtt. er við D-lið 12. gr. frv. og tilgangur hennar er aðeins að taka af tvímæli um það, að til gjafa til menningarmála, líknarstofnana o. s. frv., sem gert er ráð fyrir að draga megi frá skattskyldum tekjum samkv. frv., teljist einnig framlög til vísindalegra rannsóknarstofnana. Það gæti í vissum dæmum e. t. v. orkað tvímælis, hvort slíkt fellur undir menningarmál, en brtt. er flutt til þess að taka af hugsanlegan vafa í því efni.

2. brtt. er við 13. gr. og er þess efnis, að hámarksfrádráttur, sem leyfður er vegna greiðslu til lífeyrissjóða, er hækkaður úr 7000 kr. í 10 000 kr. Þessa brtt. ber að mínu áliti aðeins að skoða sem leiðréttingu með tilliti til þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa síðan núgildandi ákvæði voru sett inn í skattalög, en það var árið 1954.

Þá er brtt. við 16. gr., og er tilgangur hennar í fyrsta lagi sá að færa í eina grein frv. ákvæðin um persónufrádrátt. Við töldum það eðlilegra, og þarf það ekki nánari skýringa við. En samkv. frv., eins og það liggur fyrir, eru þessi ákvæði bæði í 25. gr. frv., sem fjallar um tekjuskattsstiga, og líka í 16. gr. Við leggjum til, að þessi ákvæði verði öll færð í 16. gr., en jafnframt verður þá ákvarðað, að það sé skilyrði fyrir því að fá persónufrádrátt, að skattþegninn sé búsettur hér á landi. Ef slík ákvæði væru ekki sett, mætti leggja þann skilning í það, að erlendir aðilar, sem bera úr býtum tekjur hérlendis, fái slíkan persónufrádrátt, en það töldum við óeðlilegt.

4. brtt. er við 17. gr. frv., og er tilgangur hennar sá einn að taka af tvímæli um það, að úthlutaður arður kaupfélaga vegna viðskipta við félagsmenn sé skattfrjáls hjá félagsmönnum. Þetta er í samræmi við framkvæmd skattalaganna og þá almennt viðurkenndu skattareglu, að spöruð útgjöld séu ekki skattskyldar tekjur. En eins og þetta var í frv., sem fyrir lá, gat það orkað nokkurs tvímælis.

Þá er það 5. brtt., við 22. gr. frv. Tilgangur hennar er í fyrsta lagi sá að koma á fullu samræmi milli ákvæða 15. og 22. gr. um fyrningarafskriftir. Enn fremur verður það, ef brtt. okkar verður samþykkt, gert tvímælalaust, að fyrirtæki sem láta endurmeta eignir sínar, hafa aðeins rétt til að afskrifa þann hluta verðmætis eignarinnar sem svarar til þess, sem eftir er af áætluðum endingartíma. Eins og þetta var í frv., var orðalagið e. t. v. dálítið óljóst og hefði e. t. v. getað gefið tilefni til þess skilnings á ákvæðunum, sem m. a. kom hér fram við 1. umr. málsins í ræðu hv. 4. þm. Vestf., að fyrirtækjunum væru ætlaðar miklu meiri afskriftarheimildir en raunverulega var tilgangurinn.

6. brtt. þarf að mínu áliti ekki skýringar við.

Þá er 7. brtt., við 25. gr. frv. Hún er í fullu samræmi við breytinguna, sem gerð var á 16. gr. og ég hef lýst. Enn fremur er sú regla, að skattur undir 100 kr. skuli ekki innheimtur, látin ná bæði til félaga og einstaklinga, eins og eðlilegt má telja.

Þá er 8. brtt., við 26. gr. frv. Tilgangur hennar er aðeins sá að gera ákvæðin um eignarskattstigann skýrari. Þar er einnig að vísu um smávægilega efnisbreytingu að ræða, sem gerð var aðeins til þess að gera skattstigann áferðarbetri en ella hefði verið. En auk þess eru sett samsvarandi ákvæði um eignarskattinn eins og tekjuskattinn, að skattar lægri en 100 kr. verði ekki innheimtir. Okkur þótti þetta

eðlilegt og í samræmi við það. Þá er ákveðið, að eignarskatta, sem eru lægri en 100 kr., skuli ekki innheimta.

Þá er 9. brtt., við 29. gr. frv., að fella niður ákvæði um skipun varaskattstjóra í skattumdæmunum úti á landi. Okkur þótti það óþarft, og fjölyrði ég ekki frekar um það.

Þá er 10. brtt., þess efnis, að 33. gr. frv., sem kveður svo á, að laun skattstjóra skuli ákveða í launalögum, falli niður. Með tilliti til þess, að viðræður fara nú fram á milli samtaka opinberra starfsmanna og hæstv. ríkisstj. um samningsrétt opinberra starfsmanna, þótti ástæðulaust að setja þetta ákvæði, enda leiðir það af sjálfu sér, verði ekki breyting gerð á núv. skipan um samningsaðstöðu opinberra starfsmanna, að skattstjórar taka laun samkv. launalögum.

12. brtt. er orðalagsbreyting, sem ekki þarf skýringar við.

13. brtt. er þess efnis að breyta núv. ákvæðum frv. um það, að málflutningur í ríkisskattanefnd sé munnlegur, ef skattþegn óskar eftir því, þannig, að ríkisskattanefnd er heimilað að hafa málflutning munnlegan. Á því að málflutningur almennt væri munnlegur, voru augljósir framkvæmdaörðugleikar, sérstaklega úti á landinu, og þess vegna hefur n. gert þessa brtt.

Þá kem ég að 14. brtt., sem snertir ákvæði um það, að ef ekki sé talið fram og skattstjóri áætlar skattþegni tekjur og viðkomandi skattþegn kærir ekki áætlun skattstjóra, þá skuli skatturinn af sjálfu sér hækka um 15%. N. taldi rétt að fella þetta niður. Hugsunin á bak við þetta hjá þeirri nefnd, sem samdi frv., var sú að koma þannig í veg fyrir það, að menn gætu hagnazt á því að telja ekki fram. En með tilliti til þess, að óviðráðanlegar orsakir geta oft legið til þess, að menn kæri ekki slíkar áætlanir skattstjóra, þá þótti n. rétt að fella þetta ákvæði niður.

Þá hefur 15. brtt., við 49. gr. frv., það nýmæli að geyma, að heimilað er nú, ef um endurtekin og stórfelld skattsvik er að ræða, að dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist. Hingað til hefur það yfirleitt verið þannig, að aðeins hefur verið um sektarákvæði að ræða, ef menn hafa gert sig seka um skattsvik. En hér er gert ráð fyrir þyngri viðurlögum í þeim tilfellum, að um endurtekin og stórfelld skattsvik sé að ræða.

Í þessu sambandi má einnig geta 11. brtt., við 38. gr., sem einnig miðar að því að gera eftirlit með skattaframtölum strangara. Það mátti deila um það, meðan skattarnir voru svo háir sem raunin var, áður en skattalagabreytingin frá 1960 kom til framkvæmda, hversu þung viðurlög ættu að vera við því, þó að menn teldu ekki rétt fram. Með þeim gífurlegu skattaálögum, sem þá voru, mátti líta á þetta sem eins konar nauðvörn borgaranna og e. t. v. hæpið að hafa þung refsiákvæði, ef vitað er, að mjög verulegur hluti borgaranna er brotlegur við tiltekin lög. En í þessu efni eru viðhorf nú breytt. Eftir að skattarnir hafa verið lækkaðir sem raun er á, má gera meiri kröfur til borgaranna í þessum efnum, og liggur það sjónarmið að baki þeim brtt. n., sem hér er um að ræða.

Þá er það 16. brtt., sem er orðalagsbreyting, þar eð orðalag frv. á fyrri málslið 2. mgr. 53. gr. gæti orkað tvímælis eins og það er, og fjölyrði ég ekki meira um það.

17. brtt., við 55. gr., er aðeins í því fólgin, að fellt er niður það orðalag, að í reglugerð eigi að setja nánari ákvæði um skilning þessara laga. Okkur þótti það óviðkunnanlegt, því að almennt er gengið út frá því, að það sé fyrst og fremst dómstólanna að skera úr um skilning laga, og er orðalaginu breytt með tilliti til þess.

Þá er það 18. brtt., við 56. gr. frv. Hún er í því fólgin að fella niður það ákvæði, að núgildandi lög um skattfrelsi Mjólkursamsölunnar og Sambands ísl. fiskframleiðenda falli niður. Að einhverju leyti mun það hafa verið á misskilningi byggt, að skattanefndin lagði til að fella þessi ákvæði um skattfrelsi nefndra aðila niður. Það var talið, að slíkt skattfrelsi mundi leiða af þeim ákvæðum, sem sett voru um skatta sameignarfélaga. En að athuguðu máli taldi n. rétt, að lög um skattfrelsi þessara aðila stæðu óbreytt.

19. brtt. er við bráðabirgðaákvæði l. og er aðeins í því fólgin að taka af tvímæli um orðalag þeirrar greinar.

Ég hef þá í stuttu máli gert grein fyrir efni þeirra brtt., sem n. hefur flutt, og vænti ég þess, hvað sem líður skoðunum hv. þdm. á frv. að öðru leyti, að þeir geti á það fallizt, að þessar brtt. séu til bóta, og samþykki þær.

Ég ætla þessu næst að fara nokkrum orðum um frv. almennt og rök þau, sem ég tel hníga að því, að samþykkt þess mundi hafa í för með sér verulegar og æskilegar endurbætur í skattamálum. Það er alveg rétt, sem hér kom fram við 1. umr. málsins, að frv. þetta ber að skoða sem rökrétt framhald þeirrar breytingar, sem gerð var á skattalögunum 1960. En sú breyt. var í því fólgin, að afnuminn var tekjuskattur á almennum launatekjum, þannig að tekjuskattar til ríkisins í heild lækkuðu verulega. Rökin fyrir því að gera þá breyt. voru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi þau, að stighækkandi skattar draga mjög úr hvöt manna til þess að afla sér tekna. Eftir að mönnum er gert að greiða meira en helming teknanna í skatt, er hætta á því, að mjög verulega dragi úr hvöt manna til að afla þeirra tekna, sem þannig eru skattlagðar. Slíkt dregur auðvitað aftur úr framleiðsluafköstum í þjóðfélaginu í heild. Önnur meginröksemdin fyrir því að lækka tekjuskattana var sú, að reynslan hefur sýnt, að ekki er framkvæmanlegt að hafa fullkomið eftirlit með því, að tekjur séu nægilega vel taldar fram. Það eru vissir aðilar í þjóðfélaginu, þeir sem annast ýmiss konar þjónustustörf t. d., minni atvinnurekendur o. s. frv., sem hafa þá aðstöðu, að það er raunar algerlega undir þegnskap þeirra komið, hvað þeir telja fram af tekjum sínum, þannig að ef tekjuskattarnir verða mjög verulegur liður í tekjuöflun ríkissjóðs, þá er hætta á, að þeir komi ranglátlega niður, þannig að þeir komi til að hvíla með meginþunga sínum á þeim, sem vinna í þjónustu annarra og ekki hafa því aðstöðu til þess að koma tekjum sínum undan skatti.

Þetta voru, eins og hv. þdm. sjálfsagt rekur minni til, meginrökin, sem færð voru fram því til stuðnings, að æskilegt og nauðsynlegt væri að gera þá breyt. á skattalögunum, sem gerð var árið 1960. Og ég held, að það geti varla verið ágreiningur um það, hvað sem öðru líður, að stighækkun tekjuskattsins var þá komin út í öfgar og hún bitnaði á fleiri en auðkýfingum, þó að slíkt hafi stundum verið fullyrt í málgögnum hv. stjórnarandstæðinga. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna hv. stjórnarandstæðinga einmitt sérstaklega á það, að það var fyrir einum 3—4 árum, sem einn af þm. Alþb., hv. 6. þm. Sunnl., flutti till. um það, að tekjur af yfirvinnu skyldu að mestu eða öllu leyti undanþegnar sköttum, og færði þau rök fyrir þessari till., sem ég dreg ekki í efa að hafi verið fullkomlega í samræmi við staðreyndir, að í hans byggðarlagi væri svo komið, að það drægi mjög úr hvöt verkamanna og sjómanna til þess að vinna nauðsynlega yfirvinnu við aflann, að þeir vissu, að meira en helmingurinn af þessum tekjum færi í skatt, ef ekki væri gerð breyting á. Það er ekki vafi á því, að hv. þm. hefur í þessu efni haft rétt fyrir sér. Annað mál var það, að tillögur hans, sem að vísu hlutu samþykki hér á hv. Alþ., voru af skattatæknilegum ástæðum lítt framkvæmanlegar og hafa þess vegna verið felldar úr lögum síðan. En það er annar kapítuli, sem ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um í þessu sambandi. En ég vona, að m. a. þetta dæmi geri það ljóst, að stighækkun tekjuskattsins snertir fleiri en svokallaða auðkýfinga og hún var komin út í öfgar.

Hitt má svo auðvitað alltaf um deila, hvort ganga hafi átt lengra eða skemmra í skattalækkuninni. Hv. stjórnarandstæðingar hafa stundum gert það að gamni sínu að reikna út, hve lítil skattalækkunin hefði orðið á mjög lágum tekjum, milli 40 og 50 þús. kr. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að á þessum allra lægstu tekjum voru litlir skattar fyrir, og það leiðir auðvitað af sjálfu sér, að þeim, sem hafa svo lágar tekjur, að þeir greiða enga skatta, er ekki hægt að hjálpa á þann hátt. Enda voru aðrar ráðstafanir, eins og kunnugt er, gerðar þessum aðilum til hagsbóta, og má í því sambandi nefna hækkun fjölskyldubóta, ellistyrkja o. s. frv. En í öðru lagi má nefna það, að þó að oft sé talað um það fólk, sem ekki hafi nema 40—50 þús. kr. í tekjur, og hversu erfið afkoma þess hljóti að vera, sem út af fyrir sig er rétt, þá eru það, sem betur fer, tiltölulega fáir vinnandi menn, sem hafa þessar lágu tekjur. Samkvæmt athugunum, sem kauplagsnefnd og hagstofan hafa gert á meðaltekjum verkamanna og sjómanna fyrir árið 1960, voru þessar meðaltekjur 75 þús. kr., svo að það eru fleiri en látið hefur verið í veðri vaka af hálfu sumra hv. stjórnarandstæðinga, sem notið hafa góðs af lækkun tekjuskattanna. Ég fjölyrði svo ekki meira um það atriði.

En ein af meginbreytingunum, sem þetta frv. hefur inni að halda, er lækkun tekjuskatta á félögum. Nú er mér það út af fyrir sig fyllilega ljóst, að sömu rök, sem borin voru fram því til stuðnings, að nauðsynlegt væri að lækka tekjuskatta á einstaklingum, hafa ekki gildi, þegar um félög er að ræða. Það eru e. t. v. eðlileg og mannleg viðbrögð togaraskipstjóra, sem verður að greiða 70% eða meira af tekjum sínum umfram visst mark í skatt, að hann fari þá frekar nokkra mánuði í land og dveljist hjá fjölskyldu sinni. Hitt er auðvitað ljóst, að þegar um hlutafélag eða samvinnufélag er að ræða, þá tekur það sér ekki frí frá störfum á sama hátt, þó að skattar séu háir. Hin röksemdin, að erfitt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með framtölum, á líka í ríkara mæli við um einstaklinga heldur en félög, því að félögin eru yfirleitt bókhaldsskyld og eftirlit með þeirra skattframtölum meira og oft auðveldara í framkvæmd en einstaklinganna.

En það eru önnur rök, sem hníga að því að mínu áliti, að þar sem búið var að lækka svo verulega skattana á einstaklingunum, þá hafi verið óhjákvæmilegt að lækka félagaskattana líka, og vil ég þar í fyrsta lagi benda á það, sem ég drap á við 1. umr. málsins, að þar sem flest starfandi hlutafélög hér á landi eru yfirleitt lítil félög, þá hafa eigendur þeirra það yfirleitt í hendi sér, hvort þeir láta tekjurnar myndast í félaginu eða hjá sjálfum sér sem einstaklingum. Það er mjög auðvelt að færa tekjurnar á milli og ekkert ólöglegt í slíku, sem hægt er að hafa á. Afleiðingin af því, að tekjuskattar á einstaklingum hafa verið svo stórlækkaðir sem raun er á, ef félagaskatturinn ætti að standa óbreyttur, yrði sú, að sama og engar tekjur væru látnar myndast í félögunum, þannig að þessi skattstofn til ríkisins mundi þá hverfa. Þess vegna álít ég, að það sé mjög fjarri lagi, þegar sumir hv. stjórnarandstæðingar héldu því fram hér við 1. umr. málsins, að með því að lækka nú skattana á félögunum væri verið að velta samsvarandi byrðum yfir á almenning. Þvert á móti er það þannig að mínu áliti, að öllu öðru óbreyttu, að þessi skattstofn tapast ríkinu, ef breyt. er ekki gerð. Hitt mundi auðvitað vera sjálfu sér samkvæmt að segja, að það eigi að taka til baka það skref, sem stigið var 1960, þegar einstaklingsskattarnir voru lækkaðir. En verði það ekki gert, er óhjákvæmilegt að lækka félagaskattana, ef ríkið á að halda þeim skattstofni, svo að nokkuð muni um.

Annað meginatriðið, sem mælir með því og gerir að mínu áliti æskilegt og jafnvel óhjákvæmilegt, að skattar á félögum verði lækkaðir, er blátt áfram það, að félagaskattarnir eru nú þegar svo háir, að að öllu óbreyttu verður félögunum ómögulegt að leggja nokkuð fyrir til aukningar þeirra framleiðslutækja, er þau ráða yfir. Í þessu sambandi vildi ég benda á það, að þó að ég því miður hafi haft mjög nauman tíma til þess að kynna mér nál. þeirra hv. þm., sem voru í minni hl. fjhn., þá vil ég þó leyfa mér að benda á, að tölur þær, sem birtar eru í nál. hv. 1. þm. Norðurl. e. um félagaskatta í nágrannalöndunum, eru að mínu áliti mjög villandi, því að það, sem skiptir máli, þegar um félagaskatta er rætt, eru ekki skattarnir til ríkisins einvörðungu, heldur skattar í heild.

Ég dreg ekki í efa, að þessar tölur munu vera réttar svo langt sem þær ná. Það er bara sá meginmunur á, þegar bera á saman félaga-

skatta á Norðurlöndum og félagaskatt hér á landi, að á Norðurlöndum eru skattar til bæjar- og sveitarfélaga yfirleitt mjög lágir, og í Bretlandi eru þeir alls engir eins og raunar kom fram við 1. umr. málsins. En það, sem mestu máli skiptir e. t. v. í sambandi við slíkan samanburð, eru veltuútsvörin, sem eru mjög tilfinnanlegur baggi á félögum hér, en þekkjast yfirleitt ekki í þessum löndum, þannig að ef teknir væru félagaskattarnir í heild, þá mundi þetta dæmi koma til með að líta allt öðruvísi út. Og þó að ég hafi ekki neinar nákvæmar upplýsingar í því efni, þá dreg ég ekki í efa, að félagaskattar munu yfirleitt vera til muna hærri hér á landi en í nágrannalöndunum og muni verða það áfram, jafnvel þó að sú lækkun á sköttunum verði samþykkt, sem frv. gerir ráð fyrir. Samanlagðir skattar félaga til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga hér á landi eru 55%, en við þetta bætist veltuútsvarið, og sé því bætt við, hygg ég, að gera megi ráð fyrir því, að skattarnir séu í heild minnst 70—75%, þannig að ef þessum félögum á yfirleitt að vera mögulegt að auka framleiðslutæki sín, þá geta þau ekki borið hærri skatta en þetta. En hitt ætti varla að vera ágreiningsmál, að það er undirstaða framfara í þjóðfélaginu, að framleiðslutækin séu aukin. Það væri e. t. v. hægt að segja, ef menn yfirleitt eru á móti félagarekstri, að það eigi að hindra slíka starfsemi. Hitt finnst mér að ætti ekki að vera ágreiningur um, að ef þessi starfsemi á annað borð er leyfð, þá verða þessi fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki að hafa möguleika á því að bæta framleiðslutæki sín. Annað hlýtur að leiða til stöðnunar framfara.

Þá vil ég með nokkrum orðum víkja að hinum nýju ákvæðum frv. um fyrningarafskriftir, sem telja má eitthvert þýðingarmesta nýmælið í þessu frv. og líka það atriði, sem virðist vera með þeim mest umdeildu. Það er kunnugt og ætti varla að geta verið ágreiningsmál, að vegna hinna stöðugu verðhækkana, sem átt hafa sér stað síðustu tvo áratugina, hafa eldri afskriftarreglur í rauninni gert fyrirtækjunum það ókleift að leggja fyrir peninga til þess að endurnýja framleiðslutæki sín. Ef um vél var að ræða t. d., sem entist í 10 ár, og afskrift var miðuð við kaupverð, þá hefur það oft og tíðum verið þannig, að hið nýja kaupverð vélar hefur jafnvel verið tífalt á við hið upphaflega kaupverð hennar, þannig að þótt vélin væri afskrifuð að fullu, nam það ekki nema litlu broti af kostnaðinum við að endurnýja þessi tæki.

Nú ber í fyrsta lagi að líta á það, að ef menn yfirleitt eru þeirrar skoðunar, sem ég hélt að væri ekki neitt álitamál, að endurnýjun framleiðslutækjanna er kostnaður fyrir atvinnufyrirtækin, sem eðlilegt er að taka tillit til, þegar skattskyldar tekjur þeirra eru ákveðnar, þá virðist það út af fyrir sig leiða af sjálfu sér, að þennan kostnað eigi að reikna á raunverulegu verði, en ekki broti af því, sem þessi kostnaður nemur. Þetta er fyrsta atriðið. Í öðru lagi, og það skiptir kannske öllu meira máli, þá er það að mínu áliti á fullkomnum misskilningi byggt, að það að skattleggja þá sjóði, sem fyrirtækin undir eðlilegum kringumstæðum mynda til að endurnýja framleiðslutæki sín, sé einhver fundin gullnáma, þannig að unnt sé að heimta þetta að verulegu leyti í skatta, þannig að hægt sé að létta verulega skattabyrðinni af almenningi. Þetta er að mínu áliti fullkominn misskilningur, og ástæðan til þess er sú, að þó að það sé að vísu rétt, að ákvæði skattalaga hafa komið í veg fyrir það, að fyrirtæki hafi getað safnað fjármagni til endurnýjunar framleiðslutækjanna, þá hefur eftir sem áður orðið að endurnýja þessi framleiðslutæki, því að allir sjá, að í þjóðfélaginu er ekki hægt að komast hjá því með einhverju móti að endurnýja framleiðslutækin, ef atvinnurekstrinn á ekki að stöðvast, svo að þrátt fyrir það, að félögin hafi ekki getað myndað sjóði í þessu skyni, þá hefur endurnýjunin átt sér stað.

En hvernig hefur fjárins til þess verið aflað? Það er aðallega með tvennu móti. Í fyrsta lagi, þar sem fyrirtækin hafa ekki sjálf getað lagt fram það fjármagn, sem til endurnýjunarinnar þurfti, þá hafa þau orðið að fá til þess lán, þannig að bankar og aðrar lánastofnanir hafa í mörgum tilfellum orðið að leggja fram að fullu eða svo að segja að fullu það fé, sem þurfti til endurnýjunar framleiðslutækjanna. Það er ekki vafi á því, að þau auknu útlán bankanna, sem af þessu stafa, hafa svo átt verulegan þátt í verðbólgunni og kostnaðinum við endurnýjunina þannig í aukinni verðbólgu verið velt að verulegu leyti yfir á almenning. Að nokkru leyti hefur sú leið líka verið farin, að leitað hefur verið ríkisábyrgðar til þess að geta fengið það fé, sem þurfti til endurnýjunarinnar. Ríkisábyrgðirnar hafa svo að meira eða minna leyti fallið á ríkissjóð og almenningur komið til að borga brúsann í hærri sköttum. Að mínu áliti er það því fullkominn misskilningur, að með því að gera fyrirtækjunum kleift að mynda sjóði til þess að standa straum af kostnaði við endurnýjun fyrirtækjanna, sé verið að velta byrðum yfir á almenning. Að vísu koma fyrirtækin vegna þess til að greiða lægri skatta en ella, en þau ættu þá líka að geta tekið á sig byrðar, sem hingað til hafa hvílt á almenningi, þó að krókaleiðir hafi að vísu verið farnar til þess að láta almenning greiða þetta.

Ég hef hér einkum gert að umtalsefni þau tvö atriði frv., lækkun skatta á félögunum og fyrningarreglurnar, sem mestum ágreiningi hafa valdið. Að mínu áliti hefur frv. mörg önnur merk nýmæli að geyma, og má þar fyrst og fremst nefna þær breytingar, sem gert er ráð fyrir að gerðar verði á framkvæmd skattamálanna. En með tilliti til þess, að hæstv. fjmrh. gerði því ýtarleg skil í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það.

Eins og ég gat í upphafi, þá harma ég það, að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér nál. þeirra hv. þm., sem voru í minni hl. í fjhn., en tækifæri gefst e. t. v. til þess að koma að einstökum atriðum í brtt. þeirra og áliti síðar. En það er þó aðeins ein brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. e., sem ég ætlaði að leyfa mér að fara örfáum orðum um. En það er till. hans um það, að varasjóðsfrádráttur útgerðarfélaga og samvinnufélaga verði hækkaður frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er rétt, að sú brtt. var gerð af skattanefndinni á sínum tíma, að samræmd voru ákvæðin um heimild til þess að draga varasjóðsframlög frá skatti. Áður var það þannig, að útgerðarfyrirtæki og samvinnufélög máttu draga frá ⅓ nettó-tekna í þessu skyni, en hlutafélög almennt aðeins 20%. Nú er gert ráð fyrir því, að draga megi frá skattskyldum tekjum 25% nettó-tekna félaga í þessu skyni. Það sjónarmið, sem lá þessu að baki hjá þeirri n., sem undirbjó skattafrv., var í fyrsta lagi það, að æskilegt væri, að hér væri um fullt samræmi að ræða. Að mínu áliti samrýmist það varla þeim reglum, sem nú eru viðurkenndar í skattamálum, að mjög mismunandi ákvæði séu um skattgreiðslu einstakra atvinnugreina. Að taka slíkt ákvæði upp mundi að nokkru leyti þýða það, að horfið væri til þess skipulags, sem eðlilegt þótti og sjálfsagt á miðöldum, en þá var það þannig, að aðalsmenn greiddu skatta eftir tilteknum reglum, prestar aftur á móti eftir öðrum reglum, bændur eftir þeim þriðju o. s. frv. Nú er meginreglan sú, að óháð því, hvaða atvinnu menn stunda, þá greiði þeir skatta eftir sömu reglum. M. a. út frá þessu sjónarmiði verðum við að telja það óeðlilegt, að t. d. félög, sem stunda útgerð, hlíti öðrum reglum í þessu sambandi en önnur félög. Hins vegar var það á sínum tíma e. t. v. eðlilegt að útgerðarfélög fengju þessi hlunnindi, vegna þess að útgerðin var þá sérstaklega skattlögð með rangri gengisskráningu, þannig að varasjóðshlunnindin voru hugsuð sem einhvers konar uppbót á það. En nú er sá grundvöllur ekki lengur fyrir hendi. Sama máli gegnir að mínu áliti um samvinnufélögin, og ég tel æskilegt, að sömu skattareglur gildi í meginatriðum um allan atvinnurekstur óháð því, í hvaða formi hann er.

Annað mál er það, að samvinnufélögin hafa betri aðstöðu hvað skattaálagningu snertir heldur en flest önnur fyrirtæki, sem bæði stafar af því, að ríkisvaldið hefur í þessu efni viljað hlynna að samvinnufélögum, og þó e. t. v. öllu meira af því, að reksturinn er þess eðlis, að erfitt væri að koma því við, að hann greiddi sömu skatta og aðrir, ef slíkt ætti ekki að brjóta í bág við almennt viðurkenndar skattareglur. Það er ekki vafi á því, að skattar hvíla yfirleitt tiltölulega léttar á samvinnufélögum en öðrum rekstri, en einmitt með sérstöku tilliti til þess finnst mér óeðlilegt, hvað þetta atriði snertir, varasjóðshlunnindin, að samvinnufélögin sitji einnig í því efni við annað borð en aðrir aðilar.

Læt ég þá máli mínu lokið að sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta er nú mikill lagabálkur og ekki fljótskoðaður. Sá tími, sem fjhn. hafði yfir að ráða til endurskoðunar á frv., var auðvitað of stuttur, eins og hv. frsm. meiri hl. gaf líka í skyn, of stuttur til þess, að verulega sé hægt að ganga til hreins um það, að misræmi sé ekki á og ákvæði í frv., sem hægt sé að túlka á ýmsa vegu. Fjhn. hélt allmarga fundi, og hún fékk á fund sinn skattstjórann í Reykjavík og fleiri til þess að gefa upplýsingar um einstök atriði og þann skilning, sem líklegt væri að yrði í þau lagðar. Mætir menn hafa unnið að smíði frv., en samt virðist mér yfirleitt ekki nógu vel frá gengið eða ljóst. Slíkt er auðvitað lengi hægt að segja. Það finnst mér m. a. á skorta, að grg. sé nægilega ýtarleg. Oft getur merking í frvgr. orkað tvímælis, en grg. tekið af tvímælin. Mér finnst grg. með þessu frv. ekki gera það nægilega víða. Enn er eitt, og það er það, að gert er ráð fyrir því, eða maður heyrir það, að til standi, að fram komi frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Og eins og hv. frsm. meiri hl. drap á í sérstöku sambandi, sem ég kannske kem að síðar, þá skiptir það miklu máli, þegar meta á skattþol borgara þjóðfélags, hvað sameiginlegir skattar bæði til sveitarfélaga og ríkis eiga að vera. Hér er aðeins talað um skattþungann handa ríkinu.

Fjhn.-menn komu sér saman um 19 till. til lagfæringar á frv. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, eru sumar þessar till. við greinar, sem ég vil fella niður, en hins vegar tel ég, að till. séu til bóta, ef mínar niðurfellingartillögur ná ekki fram að ganga, og þess vegna tók ég þátt í að flytja þær með öðrum nm. Ein þeirra tillagna er þó þannig, að mér finnst tæplega hafa náðst í henni það orðalag, sem tryggir réttan skilning, og þess vegna vil ég vinsamlegast mælast til þess við hv. formann fjhn., að hann taki till. aftur við þessa umr., svo að gefist kostur á að athuga orðalagið betur. En þetta er 5. till. Það var samkomulag í n. um till. efnislega, en orðalagið var ekki frágengið í n., og ég átti ekki kost á því þess vegna að vera við orðun tillögunnar. Þetta eru aðeins vinsamleg tilmæli.

Fjhn. klofnaði þannig, að meiri hl. skipa þrír stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., en við stjórnarandstæðingarnir tveir erum hvor með sinn minni hl. og sín álit og sínar till., eins og hér er fram komið. Það, sem greinir á í fjhn., er fyrst og fremst stefnumunur. Og út frá því ber að líta á till. þær, sem fram eru komnar frá mér a. m. k. um breyt. á frv.

Það virðist nú hafa gripið þá, sem hafa meiri hl. í stjórn landsins, þá sem styðja þann stjórnarmeirihluta, mikill áhugi á því að koma framlögum til ríkisins í neyzlugjöld, koma þeim þannig undir huliðshjálm óbeinna skatta. Gjaldendur ýfast síður gegn þeim sköttum á gjalddögum, af því að þeir sjá þá ekki sérstaklega í verði vöru og viðskipta, sem þeim er blandað inn í. Þetta er sálrænn kostur óbeinna skatta, og það má vera, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar telji sér nauðsynlegt að nota slíka kosti, þó að þeim fylgi hins vegar sterkir gallar. Þessir óbeinu tollar taka sinn skerf úr seðlaveskinu og valda þar miskunnarlausum tómleika í skjóli eða nafni nauðþurftanna. Þeir leggjast, sem sé oftast á fólk í öfugu hlutfalli við gjaldþol þess, það er þeirra mikli galli og raunar óþolandi galli, þegar þeim er sterklega beitt. Þeir eru ríkum yfirleitt í vil, en fátækum eru þeir mótlæti að sama skapi og auka efnamuninn í þjóðfélaginu.

Þess má sjá glögg dæmi, að það er rétt, að núv. hæstv. ríkisstj. er ákaflega hneigð fyrir að koma gjöldum til ríkisins fram með óbeinum sköttum. Ef við athugum fjárlögin frá 1958, þ.

e. árið næst áður en núv. stjórnarfl. tóku höndum saman, þá er sá liður þar, sem heitir skattar og tollar, samtals 623 millj. kr., en í núgildandi fjárlögum 1431 millj. Munurinn er 808 millj. kr., hækkunin nokkru meira en tvöföldun, eða í raun og veru yfir 130%. Á sama tíma hefur tekju- og eignarskattur farið úr 118 millj. kr. niður í 95 millj. kr. eða lækkað, þrátt fyrir heildarhækkun skattanna, lækkað um 23 millj. kr. Þetta sýnir ákaflega glöggt, í hvaða átt hæstv. ríkisstj. ekur, og frv., sem hér liggur fyrir, er framhaldsakstur á sömu leið.

1940—1950 var Sjálfstfl. við stýrið í fjármálunum, hann lagði þessi ár til fjmrh. í ríkisstj. Þá stigu skattar hlutfallslega hæst, eða lögðust þyngst á, og þá var mjög beitt beinum sköttum. Árin 1950—58 voru skattar með setningu 8 laga færðir til lækkunar, eins og ég hef rakið í nál. mínu. Þetta var mikill mokstur frá dyrum. Árið 1958 var félagaskattur stórlega lækkaður, stighækkuninni breytt í eina skattpersónu, sem nú gildir og er 25% af skattskyldum tekjum. Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) sýndi með tölulegum samanburði við 1. umr., að þessi skattur á félögum er lægri en í nágrannalöndum. Hvers vegna á þá að lækka hann enn þá meira? Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að þessi samanburður mundi vera réttur tölulega. Hins vegar sagði hann, að samanburðurinn væri ekki tæmandi vegna þess, að gjöld til sveitarsjóðanna væru ekki tekin með í samanburðinn og mest ylti á gjöldunum samanlögðum.

Ég hef ekki haft aðstöðu til að athuga þetta, enda ekki gefizt tilefni til þess af hálfu hæstv. ríkisstj., vegna þess að hún hefur dregið að leggja fram það frv., sem þó hefur verið boðað um tekjustofna sveitarfélaga. Þegar þar að kemur, þá er sjálfsagt að athuga slíkt. En þessum rökum verður ekki með þægilegu móti vísað frá af þeim, sem flytja þetta frv., eins og í pottinn er búið. Ástæðan fyrir flutningi þessa frv., þrátt fyrir það að skattprósentan sé ekki hærri en hún er, virðist vera sú stefna að vilja létta beina skatta, því að ekki er um það að ræða, að heildargjöld eigi að lækka. Og þegar ár frá ári hækka álögur til ríkissjóðs, þá verður afleiðingin af lækkun félagaskatts vitanlega hækkun neyzluskatta enn.

Hæstv. fjmrh. talaði um það við 1. umr., þegar hann fylgdi frv. úr hlaði, að vegna lækkunarinnar mundi betur verða talið fram og þar af leiðandi, skildist manni, að ekki væru líkur til þess, að tekjur ríkisins af félagaskatti mundu minnka. Þetta er nú eins og óskadraumur í raun og veru, sem litið mark er á takandi, fyrr en reynslan kemur til sögunnar. En heldur er það skrýtin sálfræði, að sá, sem hefur svikið skatt, telji betur fram til að greiða skattinn en hann hefur gert, — hann telji betur fram til að greiða sama skatt eða meiri en hann hefur gert, þegar skattprósentan lækkar. Ég held, að það sé ekki í samræmi við mannlega náttúru að reikna með slíku. Ég fyrir mitt leyti tel enga ástæðu til að lækka skattprósentuna úr 25% ofan í 20%. Hins vegar er ég ekki mótfallinn rýmkun á fyrningarafskriftum og hækkun á skattfrjálsu varasjóðstillagi og lengingu tapfrádráttartíma. Ég tel, að þetta veiti félögunum starfsöryggi og þeim gangi betur að byggja sig upp til áframhaldandi starfsemi og það sé ákaflega mikils vert. En þegar þannig er búið að þeim við undirbyggingu skattframtals, tel ég þau geta greitt ¼ af gróða sínum í skatt. enda þjóðfélagið svo hlaðið óbeinum sköttum, eins og ég tók fram áðan, að ekki sé á bætandi slíkt álögufargan. Tillaga, sem ég flyt á sérstöku þskj., er um það, að skattgjaldið standi óbreytt, það er 2. till. á þskj. 342.

Frv. gerir ráð fyrir auknum varasjóðshlunnindum til venjulegra félaga, hlutafélaga o. s. frv. Nú hafa þau ⅛ skattfrjálsan af hreinum tekjum, ef þau leggja þetta hlutfall í varasjóð. Skv. frv. eiga þessi hlunnindi að færast upp í ¼. Félög, sem hafa sjávarútveg fyrir aðalatvinnurekstur, og samvinnufélög mega leggja ⅛ tekna sinna skattfrjálsan í varasjóði sína, eins og nú standa sakir. En nú ætlar hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að minnka rétt þessara félaga, þau eiga að færast úr ⅛ ofan í ¼ með rétt sinn. Það á að þrengja þeirra hag, þegar hagur hinna félaganna í þessu efni er rýmkaður. Rök hv. frsm. meiri hl. um þetta get ég fyrir mitt leyti ekki tekið fullgild. Vitanlega hafa félögin, sem reka útveg, haft meiri frádráttarheimild vegna þeirrar áhættu, sem fylgir útgerð. Þau hafa, eins og rétt er, verið talin þurfa venjulegum félögum fremur að safna í varasjóð. Nú telur hv. frsm. meiri hl., að samræmi sé fyrir öllu í skattálagningu. En hvað er samræmi? Er það ekki samræmi að taka tillit til sérstöðu, ef hún er fyrir hendi? Það er ósamræmi í slíkri starfsemi að gera jafnt undir höfði þeim, sem ekki eru sköpuð til að hafa jafnt undir höfði. Vitað er, að sá félagsskapur, sem hefur fyrir aðalatvinnu rekstur sjávarútvegs, býr við mesta áhættu í rekstri sínum. Sjávarafli er svipull, og margt kemur fleira til greina en aflabrestur í því sambandi. Í grg. frv. er sagt, að það sé búið að gera hlut útgerðarfélaganna svo góðan, að þessara hlunninda þurfi ekki með. En skrýtið er það, að í grg. er ekkert talað um togaraútgerðarfélögin. Líklega hafa þau ekki fallið undir þessi almennu orð um félögin, sem hafa sjávarútveg fyrir aðalatvinnurekstur.

Samvinnufélög hafa haft þessi réttindi af því, að þau eru almenningi opin til inngöngu og geta ekki að lögum skipt varasjóði sínum við félagsslit. Þetta tvennt er svo sérstætt fyrir samvinnufélögin, að samræmi næst ekki með því að taka það ekki til greina með skattálagi. Ef samvinnufélagi er slitið, erfir hérað þess varasjóðinn og aðrar óskiptilegar eignir þess. Varasjóðstillög samvinnufélaga eru þess vegna gjafir til framtíðarinnar. Önnur félög skipta við slit sín varasjóðum sínum til félagsmanna, og eignir þeirra, sameignir þeirra skiptast og fara til félaganna, þar sem þeir eru búsettir.

Það er umhugsunarvert, að í þessu frv. er eitt af nýmælunum það, að ekki á að leggja tekjuskatt á gjafir til líknarstarfsemi, til vísindastarfsemi, kirkna o. s. frv., ef þær eru innan vissra takmarka. Ég er þessu fyllilega samþykkur og tel þetta við eiga. En á sama tíma á að fara að skattleggja harðar en áður gjafir samvinnufélaganna til framtíðarinnar. Ég hef fyrir mitt leyti, á minni ævi, þreifað greinilega

á því, hvað samvinnufélög og fyrirtæki, sem stundar verzlun eins og samvinnufélag í öðru formi, eru ólík að gildi fyrir byggðarlög sín, þegar um þessi efni er að ræða. Á minni ævi hefur aðalkaupmannsverzlunin í byggðarlaginu þrisvar sinnum verið seld og mannvirki hennar á staðnum. Í fyrsta skipti var andvirðið flutt til útlanda. Í annað skiptið skiptist andvirðið milli erfingja eigendanna, sem áttu heima víðs vegar um land, sumir að vísu á staðnum. Í þriðja skiptið, eða árið sem leið, er andvirðið flutt til Reykjavíkur. Þrisvar sinnum á þessu tímabili hefur byggðin þurft að leggja nýtt kapítal í þær eignir, sem þessi verzlun hafði sett upp eða myndað á staðnum. Ef þarna hefði verið um kaupfélag að ræða, hefði ekkert nýtt kapítal þurft til að koma, því að byggðin hefði átt eignirnar.

Ríkissjóður aflar með sköttunum, sem hann er að heimta, fjár til margra hluta, m. a. til stuðnings við uppbyggingu víðs vegar um land. Hann aflar þess m. a. til eflingar jafnvægis í byggð landsins, eins og nú er farið að komast að orði. Samvinnufélögin vinna að sama marki, hvert á sínum stað, sakir sinna óskiptilegu eigna, sem héruðunum eru helgaðar um alla framtíð. Samvinnufélögin létta undir með ríkissjóði til að skapa staðfestu í þjóðfélaginu, létta þjóðfélaginu að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Að sjálfsögðu er þjóðfélaginu skylt að taka tillit til þessa í skattaálögum sínum, annað væri ekki að gæta samræmis, svo að ég noti aftur og enn orð hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar. Það er alls ekki jöfnuður að taka ekki tillit til eðlismunar í þessu efni á hlutafélagi og samvinnufélagi. Það er óréttlæti og ójöfnuður. Og það hlýtur hver maður að skilja og fallast á, sem ekki er haldinn einhvers konar fordómum eða látið hefur hjá líða að skilja, lesa þessa hluti ofan í kjölinn. Ég geri mér þess vegna von um, að þið öll, hér í þessari hv. deild, fallizt á 1. till. mína á því sérstaka tillögu-þskj., sem ég flyt. Hún er um, að óbreyttar haldist varasjóðsheimildir útgerðarfélaga og samvinnufélaga.

Þá á ég eftir að minnast á tillögurnar frá 3 til 6 á þskj., um framkvæmd tekju- og eignarskattslaganna. Þar undir falla 5.—7. kafli frv. og fleiri gr., sem teknar eru upp í till. mína. Ég hef leyft mér í nál. mínu, til að stytta mál mitt, að kalla þau verk, er að framkvæmdinni lúta, einu nafni skattverk; það er hliðstætt í málinu við heyverk, haustverk, vorverk o. s. frv. Það á að leggja niður allar undirskattanefndir og yfirskattanefndir, skipta landinu í 8 skattumdæmi og láta skattumdæmin falla saman við kjördæmin. Líklega á með því að sanna, að kjördæmin geti verið félagsheildir um annað en kjósa þm., það hefur gengið illa hingað til. Í skattamálunum er í raun og veru ekkert, sem tengir byggðirnar á þessum svæðum sérstaklega saman. Það er mikið talað um, að þessar breyt. eigi að vera til sparnaðar. Það sýnast mér draumórar. Skv. fjárlögum 1960 er kostnaður við skattverkin utan Reykjavíkur um 3 millj. kr. Mér vex þessi kostnaður ekki í augum, þó að hann sé nefndur í grg. frv., sjálfsagt til þess að vaxa mönnum í augum. Þó að margir taki þátt í þessum störfum nú, og þeir eru taldir í tölum, þá hygg ég, að dagsverkunum fækki ekki, þó að forminu sé breytt á þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Embættum fjölgar og skrifstofubáknum fjölgar. Hið æfða lið, sem talað er um að eigi þarna að vera að verkum, selur sig að sjálfsögðu dýrt, eins og það vafalaust má gera. Varaskattstjórar eða umboðsmenn fara varla með sín störf fyrir lítið við hliðina á skattembættunum eða rétt í næstu tröppu við þau. Vafalaust kunna þeir að breyta verðlagi vinnu sinnar, þegar búið er að setja upp þetta kerfi. Það hefur sýnt sig, að ekki liggur mikill kostnaðarvöxtur í núgildandi kerfi, en það er gefinn hlutur, að hið nýja kerfi mun hlíta vaxtarlögmálum þeim, sem kennd hafa verið við Parkinson.

Þess verður að gæta, þegar talað er um, hvað það kosti mikið að vinna skattverkin, að þó að tekju- og eignarskattur til ríkis sé kominn í heild niður fyrir 100 millj. kr. skv. síðustu fjárlögum, þá eru þessi verk unnin fyrir sveitarfélögin líka. Útsvör á s. l. ári stigu í heild hátt í 500 millj. kr., og á þessu ári eru fréttir af því, að þau hljóti að hækka mikið. Það er því 5—6 sinnum meira fyrir sveitarfélögin gert að vinna þessi skattverk, eins og nú er komið, en fyrir ríkissjóðinn. Á það ber því að líta einnig, hvort sú tilhögun, sem fyrirhuguð er með frv., hentar eins vel fyrir sveitarfélögin og það fyrirkomulag, sem nú er. Ég álít, að hún henti miklu verr. Ég álít, að með því móti verði sveitarstjórnunum gert erfiðara fyrir með að fylgjast með skattframtölunum og leggja á skv. þeim af þeim kunnugleika, sem þetta fyrirkomulag, sem nú er, viðheldur heima fyrir. Enginn vafi er á því, að það er lengd leiðin milli skattframteljandans, sem þarf vitanlega að gæta réttar síns, og keisarans í skattamálunum. Og með þessu er verið að draga visst vald úr höndum strjálbýlisins, draga það saman og setja það niður á fjölmennasta staðnum í umdæminu.

Hér er þess vegna á margt að líta. Ég efast ekki um, að þetta fyrirkomulag hefur einhverja kosti, og það er nú svo raunar um allar brtt., sem koma fram, að frá einhverju sjónarmiði hafa þær inni að halda það, sem telja má til bóta. En í hvert sinn þarf að meta kosti og galla, þegar um nýbreytni er að ræða, og ég held, að þeir, sem eru höfundar þessara hugmynda, hafi ekki gætt þess, hve miklir gallar fylgja þeim og hve mikla kosti hið gamla skattverkakerfi hefur. Ég hygg, að þess vegna sé rétt að hugsa þessi mál betur, áður en stórar breyt. eru á þeim gerðar, og tillaga mín um að fella niður breytingarnar, sem snerta framkvæmdina, — till. mín og tillögur byggjast á þeirri hugsun, en ekki því, að ég telji hins vegar, að ekki kunni að vera hægt að gera breyt., sem til bóta eru. Ég segi ekki, að það fyrirkomulag, sem er, sé gallalaust, en ég þykist þess fullviss, að gallarnir komi þá nýir og stórir, sem hættulegri séu en þeir, sem á eru, ef sú stórkostlega breyting á framkvæmdum er gerð, sem hér er fyrirhuguð.

Ég legg mikið upp úr því, hvaða undirtektir þessar till. mínar fá og hvaða afstaða verður til þeirra tekin, og afstaða mín til frv. markast

af því, hvort tillögurnar ná fram að ganga eða ekki.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. hér í hv. deild gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni til meginatriða þess, eins og mér komu þau fyrir sjónir að lítið athuguðu máli. Ég sýndi þá fram á það með óvefengjanlegum tölum úr fjárlögum og ríkisreikningum, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. hefði unnið að því á valdatíma sínum að færa nær því tvöfaldar skattabyrðar yfir á almenna neyzlu, yfir á bök almennings, með því að nær þrefalda söluskattana og stórhækka tolla, á sama tíma sem hlutdeild hinna beinu skatta, sem miðaðir eru við tekjur og efnahag, hefði verið rýrð þannig, að hún væri aðeins um þriðjungur á móti því, sem áður var. Ég taldi, að með flutningi þessa frv. væri enn haldið áfram á sömu braut og þannig enn hert á þeirri þróun, sem flestu öðru fremur hefur verið að færa lífskjör láglaunafólks og alls almennings í landinu niður á við síðustu 2—3 árin, að hér væri enn verið að nauðsynjalausu að hlaða undir gróðafélögin í landinu á kostnað þeirra, sem minna mega sín efnalega, og á sama tíma sem öllum kröfum láglaunastéttanna um aukinn kaupmátt verkalauna væri mætt af ríkisstj. með fullum fjandskap. Þetta álit mitt á þessu frv. eða meginatriðum þess hefur ekki breytzt í neinu við þá athugun, sem ég hef tekið þátt í í fjhn., og að mínu viti hefur því ekki heldur verið hnekkt í neinu í þeim umr., sem hér hafa farið fram til þessa. Ég get þess vegna í öllum aðalatriðum vísað til þess, sem ég sagði hér í ræðu minni við 1. umr. málsins.

Enda þótt þau meginatriði, sem skera úr um afstöðu manna til þessa frv., séu ekki ýkjamörg, þá felur frv. samt í sér mikinn fjölda smærri breyt. á skattalöggjöfinni, — breytinga, sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, þótt það skipti ekki höfuðmáli. Um einstakar þessara breyt. hljóta flestir að verða sammála og telja fremur til bóta, en um aðrar er líklegra, að skoðanir kunni að verða skiptar. Þau atriði, sem ég tel að til bóta megi teljast, eru þó að mínu viti hvorki mörg né stórvægileg. En þau eru helzt þessi:

Í fyrsta lagi, að afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, skuli frádráttarhæfar í næstu fimm ár, eftir að námi er lokið. Hér er um tvímælalaust sanngirnismál að ræða gagnvart þeim, sem stofnað hafa til skulda vegna langs skólanáms.

Í öðru lagi er hækkun á skattfrjálsum innstæðum þeirra, sem skulda fasteignaveðslán, úr 120 þús. í 200 þús. Það verður að telja eðlilegt vegna hækkunar á verðlagi,

Í þriðja lagi: Rýmkun á heimildum 53. gr. til skattalækkunar einstaklinga í sérstökum tilvikum er vafalaust til bóta, en eðlilegra hefði verið að festa um þau atriði ákvæðin fyrirmæli, sérstaklega um skattalækkun vegna menntunar barna eftir 16 ára aldur. Virðist mér ekki vera neitt því til fyrirstöðu, að lögin ákveði fastar reglur um frádrátt af þessum sökum allt að ákvæðinni upphæð, og hef ég flutt brtt. í þá átt.

Það sýnist engin ástæða til þess, að frádráttur vegna barns, eftir að það hefur náð 16 ára aldri, ef það er áfram við nám og tekjur þess sjálfs hrökkva ekki fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum, minnki við það aldursmark. Miklu fremur sýnist mér, að ástæða væri til þess að auka frádráttinn við þetta aldurstakmark, ef um áframhaldandi skólagöngu er að ræða á kostnað foreldra og þeir eru þannig að leggja fjármuni sína fram til þeirra hluta, sem þjóðfélaginu eru nauðsynlegri en flest annað. Rétt virðist þó að takmarka þennan frádrátt við 20 ára aldur með hliðsjón af því, að frádráttur vegna námsskulda, sem stofnað er til eftir þann aldur, kemur þá til greina samkv. öðrum ákvæðum frv.

Um aðrar breyt. á þessari heimildargrein varð fjhn. öll sammála, eins og fram hefur komið.

Í fjórða lagi mundi ég telja skýrari ákvæði í einstökum frvgr. til þess gerð að taka af tvímæli, sem talin hafa verið leika á um sum ákvæði, að þau séu til bóta, eins og t. d. um ákvæði 16. gr., 2. mgr., varðandi það, hversu með skuli fara frádrátt vegna barna, þegar foreldrar búa saman ógift og þegar foreldrar búa ekki saman, en annað þeirra hefur barn eða börn þeirra hjá sér. Hins vegar er 3. mgr. þessarar greinar lítt skiljanlegur gamall hortittur, ef litið er til annarra frumvarpsákvæða, og legg ég til í brtt. mínum, að sú mgr. verði felld niður, en í stað hennar komi ákvæðin fyrirmæli um frádrátt vegna barna, sem stunda nám eftir 16 ára aldur, í samræmi við það, sem ég áður nefndi.

Þá er einnig um að ræða skýrari ákvæði til þess að taka af tvímæli, t. d. í 17. gr. varðandi arðgreiðslur samvinnufélaga og í 5. gr. varðandi skiptingu á tekjum sameignarfélaga til félagsmanna í réttu hlutfalli afurðasölu eða afurðavinnslu, og verða þau ákvæði að teljast eðlileg. Um önnur smærri breytingaratriði, sem í frv. felast, — og eru þá ekki með taldar þær till., sem n. hefur flutt sameiginlega og gerð hefur verið grein fyrir, — tel ég, að miklu meiri vafi leiki á um réttmæti þeirra. Í H-lið 10. gr. er nýmæli þess efnis, að beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir starf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenzka ríkið er aðili að, skuli vera skattfrjálsar, ef starfsmenn slíkra stofnana njóta skattfrjálsra launa fyrir hliðstæð störf. En starfræki slíkir aðilar stofnanir hérlendis, ákveður ráðh. skattaaðstöðu þeirra.

Það hefur verið upplýst fyrir fjhn., að þetta nýmæli er ekki runnið undan rifjum þeirrar nefndar, sem talið er að hafi samið frv., heldur hæstv. fjmrh., sem talið hefur sérstaka nauðsyn á því að koma þessum ákvæðum í frv., enda þótt skattstjórinn í Reykjavík hafi upplýst, að nú í dag sé tæpast um nein tilvik að ræða eða a. m. k. mjög fá, sem undir þessi ákvæði gætu fallið, þar sem t. d. starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, Íslendingar, sem vinna í þeirra þágu, eru allir skattfrjálsir samkv. reglum þeirra samtaka, sem við höfum undirgengizt. Hér er því verið að gera ráð fyrir einhverjum óorðnum hlutum, en fyrirsjáanlegum a. m.

k. fyrir hæstv. ráðh., og er því full ástæða til þess að spyrja, hvað hér búi undir, og beiðast skýringa. Er það rétt, sem fjhn. heyrði til getið af orðvörum embættismanni, að hér sé fyrst og fremst verið að tryggja skattfrelsi fyrir íslenzka tilvonandi starfsmenn útibús- og áróðursmiðstöðvar, sem NATO hyggst koma hér upp? Ef hér er rétt til getið, þá er ástæða til að spyrja, hvort sérstök nauðsyn krefji, að íslenzkir starfsmenn þessa hernaðarbandalags, sem vafalaust mun ekki spara laun til sinna starfsmanna, eigi að njóta sérréttinda fram yfir alla aðra íslenzka þegna og vera þannig gerðir að einhvers konar íslenzkum aðli, eins og hv. frsm. meiri hl. orðaði það hér um annað atriði, á kostnað annarra skattgreiðenda.

En hvort hér er að þessu stefnt eða einhverju öðru samhliða, er það mín skoðun, að það séu engin rök fyrir því, að þau laun eigi fremur að vera skattfrjáls, sem greidd eru af erlendum aðilum, heldur en þau, sem greidd eru af íslenzkum aðilum og unnið er fyrir í störfum fyrir þá. Það er a. m. k. hlálegt, að slík laun frá erlendum aðilum, hvort sem það er stríðsbandalag eða eitthvað annað, séu gerð skattfrjáls, á meðan þarf að setja sérstök lög fyrir hvert tilfelli, þegar íslenzkir afreksmenn á sviði lista, bókmennta eða vísinda hafa unnið til eða kunna að vinna til heiðurslauna með afrekum sínum, til þess að forða þeirri hneisu, að slík heiðurslaun séu tekin að meira eða minna leyti í skatta, eins og t. d. lá við að gert yrði, þegar Halldór Kiljan Laxness og um leið öll íslenzka þjóðin var heiðruð með veitingu Nóbelsverðlauna á sínum tíma. Í sambandi við þetta hef ég flutt brtt., sem fjallar um það, að opinber listamannalaun og heiðurslaun, sem unnið er fyrir í þágu bókmennta, lista eða vísinda, verði gerð skattfrjáls.

D-liður 12. gr. er einnig nýmæli þess efnis, að einstakar gjafir, eins og þar segir, til menningarmála, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, allt að 10% af skattskyldum tekjum gefenda, skuli frádráttarhæfar við álagningu tekjuskatts. En fjmrh. er síðan gefið alræðisvald um það, hvaða stofnun og málaflokkun komi til greina samkv. þessu ákvæði. Mér sýnist vægast sagt, að hér sé farið inn á hæpna stigu, sem geti hæglega leitt til mismununar og misnotkunar. Í fyrsta lagi er það svo, að eitt grundvallaratriði skattlagningar einstaklingstekna er það og hefur alltaf verið að gera ekki mismun eftir því, hvernig menn verji tekjum sínum. Og frá skattalagasjónarmiði er það skoðað yfirleitt sem einkamál manna, eins og eðlilegt er. Margháttuð útgjöld manna, þó að þau falli ekki undir það að geta kallazt almenn menningarmál eða viðurkennd líknarstarfsemi eða séu gjafir til kirkjufélaga, geta vissulega verið lofsverð, nauðsynleg og falið í sér gagnlegan og göfugan tilgang, ekkert síður en þau, sem undir þessi ákvæði gætu fallið. Ég tel þess vegna alveg fráleitt, að pólitískur ráðherra sé gerður að dómara um það, í hvaða tilfellum gjafir einstaklinga eða félaga séu taldar þess verðar að gera þau útgjöld, sem af þeim leiðir, skattfrjáls. Ég legg þess vegna til, að þessi liður verði felldur niður.

Í 13. gr., C-lið þeirrar gr., er nýmæli, sem felur í sér mjög aukna heimild fyrir atvinnufyrirtæki til frádráttar vegna gjalda til atvinnurekendasamtaka. Er þeim heimilað að draga frá tekjum sínum hvorki meira né minna en 5‰ af veltu í því sambandi. Hér gæti verið um að ræða mjög miklar fjárhæðir, jafnvel allan hagnað viðkomandi fyrirtækis, enda er það vitað, að t. d. Vinnuveitendasamband Íslands gerir æ frekari gjaldakröfur til meðlima sinna og safnar gildum sjóðum til starfsemi sinnar. Ég tel það ekki með öllu óeðlilegt, að atvinnurekendur fái hliðstæðan frádrátt vegna félagsgjalda sinna eins og launamenn, en tel hins vegar fráleitt að verðlauna þá fyrir miklu meiri fjársöfnun til sinnar starfsemi heldur en nemur félagsgjöldum til stéttarfélaganna. Ég flyt þess vegna brtt. við þessa gr., þess efnis, að í stað 5‰ af veltu komi 5‰ af launagreiðslum viðkomandi fyrirtækis, og er þá gert ráð fyrir ríflega tilsvarandi frádrætti þeim, sem verkafólk viðkomandi atvinnurekenda mundi njóta samkv. ákvæðum sömu greina vegna stéttarfélagsgjalda sinna.

Í 14. gr. frv. er nýmæli, sem í mörgum tilfellum rýrir mjög verulega frádráttarbærar tekjur sjómanna, en eykur þær að vísu í öðrum tilvikum. Samkv. gildandi ákvæðum eiga sjómenn rétt á sérstökum frádrætti fyrir hvern mánuð, sem þeir stunda sjó, að upphæð 1500 kr. fyrir hvern mánuð, enda hafi þeir stundað sjó ekki skemur en þrjá mánuði af skattárinu. Nú er lagt til, að þessu verði breytt svo eftir frv., að sjómaður fái engan slíkan frádrátt, ef hann hefur ekki stundað sjó í a. m. k. sex mánuði, en þá fær hann samkv. frv. að vísu helmingi meiri frádrátt eða 3000 kr. fyrir hvern mánuð.

Þessi breyt. hefur það í för með sér, að sjómaður, sem árlega stundar sjó á vetrarvertíðum, sem eins og öllum er kunnugt standa skemur en 6 mánuði, þ. e. a. s. á þeirri vertíð, sem mest af aflanum er dregið á land, sjór stundaður með mestu erfiði og mestri áhættu og þjóðinni er allra brýnast að geta mannað öll sín skip, að sá maður, sem aðeins stundar sjómennsku að þessu leyti árlega, fær engan frádrátt. En aftur á móti sjómaður, sem er á vetrarvertíð og skreppur síðan á síld yfir sumarið, fær 18 þús. kr. a. m. k. í frádrátt, fyrir það að fara á síldina. Mér sýnist, að þessi breyt. sé algerlega óhæf og mundi skapa rangláta og verulega mismunun milli sjómanna, og finnst hún í alla staði vera óhæf, eins og þessi breyt. er þarna. En á hinn bóginn eru þeir, sem stunda sjó meiri hluta ársins, vissulega vel að því komnir að fá nokkuð aukinn frádrátt frá því, sem nú er. Og í samræmi við þetta flyt ég brtt., sem tryggir þeim, sem stunda sjó í a. m. k. þrjá mánuði, eins og áður var, frádrátt, sem nemi 3000 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv., að þeir einir eigi að njóta, sem annars stunda sjóinn meira en hálft árið.

Þá legg ég einnig til, að frádráttur vegna hlífðarfatakostnaðar verði hækkaður úr 500 kr. á mánuði í 1000 kr., en hlífðarfatakostnaður hefur, frá því að hann var ákveðinn í lögum, hækkað stórkostlega og m. a. um sem næst

100% af viðreisnarráðstöfununum einum, og er brtt. mín því í rauninni ekki nema til samræmis við hækkað verðlag, sem hefur orðið, frá því að þessi upphæð var ákveðin, og þó sennilega nær því ekki.

Ég hef nú að nokkru gert grein fyrir afstöðu minni til þeirra breytinga, sem í þessu frv. felast og minni háttar geta talizt, og vil þá snúa mér að þeim breyt., sem meira máli skipta, m. a. þeim, sem hljóta að skera úr um afstöðu til frv. í heild.

Af hinum meiri háttar breyt., sem ég vil nefna svo, tel ég, að nokkur rök séu fyrir hendi til stuðnings tveim þeirra, þ. e. a. s. hinum nýju reglum um heimild til skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa og einnig ákvæði 11. gr. um, að tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, megi færa milli ára um 5 áramót í röð í stað 2 áður. Auðsætt þykir mér þó, að útgáfu jöfnunarhlutabréfanna fylgi verulegir annmarkar, m. a. þeir, að hún auðveldar fyrir eigendum hlutabréfa að draga fé út úr atvinnurekstrinum til einkanota og einkaeyðslu, með því að slík útgáfa hlutabréfa margfaldar í ýmsum tilfellum möguleika til skattfrjálsrar arðgreiðslu af hlutafé. Verð ég því að segja það, að að þessu leyti verkar þetta öfugt við það, sem frumvarpshöfundarnir vilja þó telja aðalatriði þessa máls, að tryggja atvinnufyrirtækjunum og atvinnurekstrinum meira fjármagn til endurnýjunar. Hér er aftur á móti greinilega opnað fyrir flóðgátt fjár úr fyrirtækjunum og til einstaklinganna, til þess að þeir geti notfært sér það sjálfir. En á hinn bóginn er ekki því að neita, að slík útgáfa hlutabréfa leysir viss vandamál, t. d. eins og þau, sem rísa, þegar gömul og gróin hlutafélög þurfa eða vilja auka hlutafé sitt, og verða ákvæðin að því leyti að teljast til bóta. Hins vegar verð ég að segja það, að mér þykir, að heimildin til útgáfu jöfnunarhlutabréfanna geri aðra breytingu, sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s. hækkun á skattfrjálsum arðgreiðslum um 25%, úr 8% í 10%, enn þá fjarstæðukenndari en hún annars væri og algerlega óeðlilega. Það virðist nóg að gert að margfalda greiðslumöguleikana með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þótt jafnframt séu ekki stórauknir möguleikar með hækkun á skattfrjálsum arði.

Færsla taps á milli fimm ára í stað tveggja áður er tvímælalaust ekki óeðlileg, einkum vegna þess, að hún kemur sérstaklega til hagsbóta þeim atvinnurekstri, sem áhættusamastur er og sveiflur mestar frá ári til árs, þ. e. a. s. sjávarútveginum, en þessi breyt. er þá líka jafnframt mótrök gegn því að stórhækka skattfrjáls varasjóðstillög og auka skattfrjálsar arðgreiðslur.

Það getur engum dulizt, að megintilgangur þessa frv. er sá að stórauka gróðamöguleika auðfélaganna og eigenda þeirra, og öll ákvæði frv., sem nokkru verulegu máli skipta, jafnvel þau, sem nokkur rök mæla með og ég hef þegar nefnt, hníga í þessa átt. En þau ákvæði, sem hins vegar eru mikilvirkust að þessu leyti, eru í fyrsta lagi þær nýju fyrningarreglur, sem fjallað er um í 15. gr. frv., í öðru lagi bein lækkun skatts af hreinum tekjum, í þriðja lagi hækkun varasjóðstillags og í fjórða lagi hækkun á skattfrjálsum arðgreiðslum. Nýju fyrningarreglurnar eru alveg vafalaust langsamlega mikilvægastar þesara ákvæða og líklegar til þess að verða drýgstar auðfélögunum til hagsbóta, og fer því raunar víðs fjarri, að auðvelt sé að sjá fyrir um allar afleiðingar þessara nýju reglna. Kemur þar fyrst og fremst til, að reglurnar eru mjög óljósar í frvgr., en allt vald til nánari útfærslu á þeim er, eins og raunar í öllum eða flestum öðrum greinum, fengið í hendur fjmrh. og honum einum gert að hafa úrslitaáhrif um það, hvernig reglurnar verka eða eru framkvæmdar. Það má þess vegna segja, að vitneskja um það, hvernig aðalatriði reglugerðar eru fyrirhuguð, sé, eins og í pottinn er búið, algert skilyrði til þess, að unnt sé fyllilega að átta sig á því, hvað hér er um að vera, enda þótt frv.-ákvæðin gefi augsýnilega gífurlega möguleika til þess, ekki aðeins að leysa gróðafélögin undan skattskyldu til ríkisþarfa, heldur jafnframt til þess að skapa þeim algerlega nýja auðsöfnunarmöguleika með öðrum hætti gegnum fyrningarreglurnar, eins og ég mun ræða betur síðar.

Það hlaut þess vegna að verða krafa þeirra í fjhn., sem ekki eru þess albúnir að veita hæstv. fjmrh. alræðisvald í skattamálum, eins og höfundar þessa frv. hafa sýnilega verið, að fá ýtarlegar skýringar á framkvæmdaratriðum, sem sjálf ákvæðin skýra alls ekki, en skipta þó mjög miklu. En í fjhn. fékkst fljótlega sú kynlega vissa, að frv.-höfundar höfðu enga ljósa grein gert sér fyrir því, hver framkvæmd þessara ákvæða yrði, og skattstjórinn í Reykjavík upplýsti fyrir n., að hann gæti engar upplýsingar um þetta gefið, þar sem hann hefði ekki verið til kvaddur varðandi samningu frv. að þessu leyti og hefði engin kynni haft af samningu reglugerðar varðandi þau.

Ég spurðist t. d. fyrir um það í n., hvort rannsóknir á skattalegum afleiðingum þessara ákvæða hefðu farið fram, en því var svarað neitandi bæði af höfundum frv. og skattstjóra, en hins vegar taldi skattstjórinn, að nauðsynlegar væru marghátttaðar athuganir og prófanir, áður en frá reglugerð yrði gengið.

Ég taldi í fjhn., að það væri nauðsynlegt að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. eða ráðuneytisstjóra í hans ráðuneyti sérstaklega varðandi fyrirhugaða framkvæmd fyrningarreglnanna, en enginn vilji var fyrir því hjá hv. meiri hl. n., sem taldi óhugsandi, að nokkrar slíkar upplýsingar væru fáanlegar á þessu stigi málsins eða fyrr en búið væri að afgr. frv. sem lög.

Skv. þessu virðist mér, að hv. þd. og væntanlega öllu hv. Alþ. einnig sé ætlað að gerbreyta mikilvægustu ákvæðum skattalaganna algerlega blindandi. Ég tel raunar ólíklegt og vil a. m. k. ekki trúa því fyrr en í fulla hnefana, að slík sé ætlun hæstv. fjmrh., og vænti þess vegna, að hann skýri hér og nú skilmerkilega frá því, hvernig hann hyggst í aðalatriðum nota það einræðisvald, vil ég segja, sem honum er ætlað varðandi fyrningarreglurnar. Hjá því getur ekki farið, að nú, þegar skammt er þangað til skattayfirvöld eiga að fara að vinna skv. þessum lögum, hafi hann og ráðu-

neyti hans íhugað það a. m. k. í meginatriðum, hvernig framkvæmdin eigi að verða, og það væri þess vegna með ólíkindum, að hann vildi dylja hv. Alþ. þess, sem undir býr, enda teldi ég slíkt hreina móðgun við löggjafarsamkomuna.

En þrátt fyrir þetta og hvernig sem hinar nýju fyrningarreglur, eins og þær lýsa sér í frv., verða framkvæmdar, þá er ljóst, að með þeim er horfið að grundvallarbreytingu í skattalöggjöfinni. Hingað til hefur það verið svo, að ekki hefur verið leyfilegt að miða fyrningu við annað en stofnkostnaðarverð eigna eða fjármuna, þ. e. a. s. að fyrirtæki hafa orðið að láta sér nægja að fá allt stofnkostnaðarverð fyrirtækjanna endurgreitt með afskriftum á vissum árafjölda, sem oftast hefur verið skemmri en raunverulegur endingartími fjármunanna, og svo að sjálfsögðu jafnframt haft heimild til að safna varasjóðum og gróða í samræmi við lagafyrirmæli þar að lútandi. Nú á hins vegar að breyta þessari grundvallarreglu um afskriftirnar þannig, að þær verði framvegis miðaðar við endurnýjunarverð fyrirtækjanna að meira eða minna leyti, og svo að auki eiga fyrirtækin að fá mjög rýmkaðar heimildir til framlags í varasjóði og til beinnar gróðasöfnunar, eins og ég mun víkja að síðar.

Það er látið skína í það og raunar verður frv. varla skilið öðruvísi en svo, að hinar gömlu fyrningarreglur eigi þó að gilda í meginatriðum áfram um eignir, sem keyptar verða eða stofnað til framvegis, þ. e. a. s. frá og með þessu ári, sem nú er að líða. En slíkt mundi auðvitað, eins og hver maður má sjá, sem setur sig eitthvað inn í þetta, fljótlega skapa *algert misræmi, sem hlyti að leiða til þess*, að innan tíðar yrði þeim ákvæðum einnig breytt og fyrning þessara eigna einnig miðuð við endurnýjunarverð, ef áfram væri fylgt sömu stefnu og hér er tekin upp.

Hér er sem sagt verið að taka upp nýja grundvallarreglu, sem ekki tekur aðeins til skattamálanna einna, heldur hlýtur að hafa víðtæk áhrif langt út fyrir þau, — reglu, sem er ætlað að verða nýr grundvöllur að meiri auðsöfnun en við höfum áður þekkt, — reglu, sem mun breyta mjög hlutföllum í skiptingu þjóðarteknanna milli launa annars vegar og gróða *hins vegar, — reglu, sem gerir hvort tveggja* að verða hemill á launahækkanir í samræmi við aukna framleiðslu og skapa óeðlilegar og óæskilegar verðhækkanir á fjöldanum öllum af neyzluvörum almennings og almennri þjónustu, — reglu, sem raunverulega skapar gróðafélögunum, jafnframt auknum gróða, eins konar verðtryggingu á bæði því fé, sem þau leggja í framkvæmdir, og á þeim gróða, sem þau afla, þannig að öllum afleiðingum verðbólgu verður í stórfellt auknum mæli ýtt yfir á herðar launamanna einna. Í raun og veru er um það að ræða, að fyrirtækin í landinu fái eins konar vísitölugreiðslur á allt það fé, sem þau leggja í framkvæmdir, og allan þann gróða, sem þau safna, á sama tíma og launastéttirnar eru sviptar hliðstæðum greiðslum á laun sín með sérstökum lögum.

Því er haldið fram, að núverandi skipan skattamála hindri eðlilegt viðhald og endurnýjun atvinnutækjanna og þess vegna sé þetta frv. með þeim auknu gróðamöguleikum, sem það skapar, í raun og veru flutt í þágu launastéttanna, þar sem atvinnutækin séu grundvöllurinn að afkomu þeirra. Þetta kann að hljóma vel að líta athuguðu máli, því að auðvitað er það rétt út af fyrir sig, að atvinnurekstur, í hvaða formi sem hann er rekinn, verður að hafa möguleika til endurnýjunar og vaxtar. En er þá ekki rétt að athuga það, hvernig þessir möguleikar hafa verið og hvernig þeir eru? Kostnaðarverð fjármuna má afskrifa á yfirleitt mun skemmri tíma en raunverulegum endingartíma. Fimmtung hreinna tekna má leggja í varasjóð, en fjórir fimmtu hlutar þeirra eru skattskyldir um 25% til ríkisþarfa og um allt að 30% til sveitarfélaganna. Áður en þessir skattar eru lagðir á, má svo fyrirtækið borga eigendum sínum 8% eða meir en fulla vexti af því fé, sem þeir sjálfir hafa lagt fram, þ. e. a. s. að fyrirtækin hafa fulla möguleika á því að fá allan stofnkostnaðinn greiddan á skemmri tíma en endingartími fjármunanna er, og ef miðað er við stöðugt framlag, er þar jafnframt um endurnýjunarverð að ræða. Þetta fæst með fyrningarafskriftunum einum og án þess að grípa þurfi til varasjóða eða annars gróða. Sé um verðhækkanir að ræða, eins og við vitum að hefur átt sér stað á undanförnum árum og áratugum, þá þarf hins vegar að grípa til gróðans, til þess að fyrirtækið eigi fyrir nýjum fjármunum í lok fyrningartímans, enda þótt allur stofnkostnaður hafi unnizt upp að fullu með fyrningarafskriftum. Nú er hins vegar að því stefnt, að í lok fyrningartímans sitji *gróðafélögin uppi með ný tilsvarandi tæki* og þau hófu starfsemi sína með og eigi að auki ósnertan allan gróða sinn frá sama tímabili, þrátt fyrir allar verðhækkanir, sem á þessu tímabili kunna að hafa orðið.

Ég held, að ekki muni þurfa mikið hugmyndaflug til þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvert risaskref hér er verið að stíga til þess að hlaða undir auðfélögin í landinu á kostnað almennings, ef sú stefna, sem hér er á ferðinni, verður útfærð eins og efnt er til, því að hversu nauðsynlegt sem það er, að eðlileg endurnýjun geti átt sér stað á *framleiðslutækjum og nauðsynleg uppbygging*, verður þó aldrei fram hjá því komizt, að hlutur launanna er algerlega háður því, að gróðamynduninni sé haldið í skefjum. Og það er mín skoðun, að gildandi skattalöggjöf gangi ekki lengra í þá átt en eðlilegt geti talizt, þó að margt megi að henni finna.

Í nýlega útkomnu riti Framkvæmdabanka Íslands, Úr þjóðarbúskapnum, er að finna tölur um aukningu þjóðarauðs Íslendinga á tímabilinu frá 1945—1957, eða á 13 árum. Þessar tölur sýna m. a., að miðað við fast verðlag ársins 1954 hafa verðmæti framleiðslufjármuna einna vaxið á þessum tíma úr 2,7 milljörðum króna í 5,8 milljarða, eða meir en tvöfaldazt á 13 árum, og einkafjármunir hafa á sama tíma nær tvöfaldazt, vaxið úr 3,1 milljarð í 5,3 milljarða, og þjóðarauðurinn í heild vaxið úr 7,6 milljörðum í 13,5 milljarða, miðað við það verðlag, sem ég áður nefndi.

Mér þykir það athyglisvert, að framleiðslufjármunirnar hafa vaxið mest, meira en einkafjármunirnir og mun meira en opinberir neyzlufjármunir. Og vissulega benda þessar tölur ekki til þess, að skattar hafi verið svo óhæfilegir, að þeir út af fyrir sig hafi hindrað eðlilegan vöxt framleiðslutækja, þó að hitt sé svo annað mál, hvort fjárfesting hafi alltaf verið svo skynsamleg og hagkvæm sem æskilegt hefði verið. Það er í raun og veru önnur saga. En þetta verður þó enn ljósara, þegar það er haft í huga, að öll gróðafélög landsins eru nú komin niður í það að greiða skatt til ríkisins, sem samanlagður er innan við 4% af skattheimtu ríkisins allri. En áhrif þeirrar grundvallarbreytingar, sem nú á að gera varðandi fyrningarafskriftirnar, nær, eins og ég áður drap á, langt út fyrir svið skattamálanna.

Ég tel ekki vafa á, að þessari reglu eigi t. d. framvegis að beita varðandi stór fyrirtæki, sem veita almenningi og atvinnurekstri hina mikilverðustu þjónustu, fyrirtæki eins og raforkustöðvarnar og hitaveiturnar, enda væri raunar annars ekki neitt samræmi í hlutunum. Verðlag á raforku er nú alls staðar miðað við kostnaðarverð að viðbættum 5%, en það svarar nokkurn veginn til fyrningar stofnkostnaðar þessara fyrirtækja á eðlilegum tíma. Þessu verður nú alveg vafalaust breytt á sama hátt og þegar hefur verið gert, að vísu ólöglega, með Áburðarverksmiðju ríkisins, þ. e. a. s. að farið verður að miða fyrningarafskriftir við margfalt stofnkostnaðarverð eða endurnýjunarverð, eins og það kann að verða áætlað á hverjum tíma. Afleiðingar slíkra aðgerða munu ekki láta á sér standa. Stórfelldar hækkanir á þeirri þjónustu, sem þessi fyrirtæki veita, sigla í kjölfarið og ýta á hækkaðan framleiðslukostnað og hækka almennt verðlag og framleiðslukostnað heimilanna algerlega að ástæðulausu. Sama verður svo upp á teningnum varðandi iðnfyrirtækin og önnur fyrirtæki, sem byggja á almennri innanlandsneyzlu. Hækkuð fyrningarheimild þeirra leiðir óhjákvæmilega til hækkaðs verðlags á framleiðsluvörunum. Neytendur, launamenn verða þannig látnir greiða fyrirtækin niður af launum sínum í ríkara mæli en áður, jafnframt því sem skattar þeirra hljóta að hækka hlutfallslega, um leið og þeim er létt af gróðamynduninni.

Hæstv. fjmrh. virðist að vísu álíta, og svo er raunar um fleiri hv. stjórnarsinna, og kom mér þó mest á óvart að heyra þá kenningu af vörum hv. frsm. meiri hl. fjhn., að skattaeftirgjafir til gróðafélaganna og margfaldaðar fyrningarafskriftir þeirra séu í raun og veru alls ekki af neinum eða neins staðar teknar. Allir aðilar eiga að hagnast á þeim. Ríkissjóður á einskis í að missa, jafnvel öfugt, fyrirtækin eiga að hagnast á því, og almenningur á þá að hagnast allra mest, því að allt er þetta fyrir hann gert, eftir því sem þessir menn segja. Þannig hefur verið að sögn þessara manna fundið upp skattakerfi, sem ætlað er það hlutverk að skapa voldugt einkafjármagn á Íslandi, án þess að nokkur finni fyrir því, og allir beri meira úr býtum en áður. Það er augsýnilega ekki að undra, þótt þessir menn séu stoltir af þessum smíðisgrip sínum.

En það vill nú svo til, að þessi uppfinning er ekki alveg ný. Nýju fyrningarreglurnar hafa, í smáum stíl að vísu, verið notaðar síðustu árin í einu stórfyrirtæki þjóðarinnar, þ. e. a. s. Áburðarverksmiðju ríkisins. Vissulega hefur áburðarverksmiðjan grætt á því lögbroti, að ríkisstj. hefur látið tillög í fyrningarsjóð miðast við endurkaupsverð verksmiðjunnar í staðinn fyrir kostnaðarverð, eins og skýlaust lagafyrirmæli er um. En hvar hefur þessi gróði verið tekinn? Hefur hann kannske verið unninn úr loftinu, eins og sumt af áburðinum í verksmiðjunni? Hvað skyldu íslenzkir bændur segja um það? Jú, bændurnir mundu geta frætt okkur um það, að gróðinn væri fenginn með því að skattleggja þá með stórhækkuðu áburðarverði um milljónafúlgur árlega. Gróðinn er fenginn með því að lækka lífskjör bændastéttarinnar og að nokkru neytenda landbúnaðarafurðanna með hækkuðu verðlagi þeirra, sem aftur hefur leitt til og hjálpað til að hækka almennt verðlag og rýra gildi gjaldeyrisins og stuðla þannig að enn hækkuðu endurnýjunarverði og þar af leiðandi nýjum verðhækkunum af völdum hækkaðra afskrifta og síðan koll af kolli. Áburðarverksmiðjan er tiltölulega ungt fyrirtæki, og mismunurinn á stofnkostnaðarverði og endurnýjunarverði er því stórum minni en hjá fjölmörgum fyrirtækjum öðrum í landinu. Það er því síður en svo, að dæmi um hinar breyttu fyrningarreglur gefi hvað hana áhrærir dekkri mynd af þeim afleiðingum, sem þær koma til með að hafa, ef þær verða lögfestar, heldur en efni standa til, því að kostnaðarverð áburðarverksmiðjunnar var talið um 130 millj. kr., og við þær upphæðir voru fyrningarafskriftir verksmiðjunnar miðaðar þangað til árið 1959. Þá var farið að miða fyrningarafskriftir við endurkaupsverð, 240—250 millj. kr. Þessi ráðstöfun hækkaði heildarverð áburðarins til bænda um nálægt 8 millj. kr. á ári og sennilega nú um 10 millj. eða nálægt 16% miðað við árið 1959. Síðan hefur endurkaupsverð verksmiðjunnar auðvitað stórhækkað, m. a. vegna gengisfellingarinnar á s. l. sumri, svo að hækkunin af þessum sökum verður áreiðanlega mun meiri nú í ár, og má ætla, að þess verði skammt að bíða, að hún nái 20%, en 15—20% verðhækkun á brýnustu nauðsynjavöru landbúnaðarins sýnist vera álitlegur árangur af þessum nýja sið, sem nú á að taka upp, hjá einu einasta fyrirtæki, og þessi hækkun er auðvitað ekki aðeins skattur á bændur, heldur um leið á allan almenning í landinu, sem kaupir landbúnaðarafurðirnar hærra verði en áður var vegna þessarar breytingar.

Þannig hefur þessi ráðstöfun, sem ég fæ ekki betur séð en sé algerlega hliðstæð því, sem nú á að gerast almennt fyrir fyrirtækin í landinu, getað hjá þessu eina fyrirtæki valdið gífurlega hækkuðu verði á þeirri rekstrarvöru, sem heilli atvinnugrein í þjóðfélaginu er nauðsynlegust. Og í þessu dæmi hefur það raunverulega gerzt, að þetta fyrirtæki hefur fengið aðstöðu til þess að skattleggja almenning og rýra um leið lífskjör hans. En þegar nú þessi nýi siður, sem nú á að lögfesta sem almenna

reglu, gat valdið 15—20% hækkun á áburðarverðinu, hverju fá þá þessar nýju reglur áorkað í verðhækkunarátt, þegar þær hafa verið útfærðar í rekstri og verðlagningu allra fyrirtækja í landinu, þegar raforkuverin hækka rafmagnsverðið á líkan hátt, hitaveiturnar, skipafélögin, öll iðnfyrirtækin og yfirleitt allur sá rekstur, sem byggir á neyzlu almennings, fær verðlagningu neyzluvara og þjónustu reiknaða eftir þessum nýja sið? Ég hlýt að vísu að viðurkenna, að ég er ekki fær um að svara þessari spurningu til neinnar hlítar, en hitt fullyrði ég, að hér er stofnað til stórfelldra verðhækkunarráðstafana, sem hljóta að bitna þungt á almennum lífskjörum í landinu, ekki aðeins í bráð, heldur einnig svo lengi sem þessar reglur koma til með að gilda.

Hæstv. ríkisstj. nægir ekki að hafa lækkað laun almennings í landinu, hækkað verðlag nauðsynja um 30%, lagt á þyngri skatta en nokkru sinni hafa þrúgað láglaunafólk hér á landi, heldur er þessi kjaraskerðing kórónuð með því að veita raunverulega gróðafélögunum í landinu heimild til enn nýrrar og áður óþekktrar skattlagningar á alþýðu manna. Hin beina skattalækkun gróðafélaganna er áreiðanlega mjög smávægilegt atriði samanborið við þá, sem felst í hinum breyttu fyrningarreglum, og hún er líka augljós og óumdeilanleg, hverju hún nemur. Skattur á félögum, öðrum en útgerðarfyrirtækjum og samvinnufélögum, lækkar úr 20% af hagnaði í 15%, eða um einn fjórða part, en á hinum síðarnefndu úr 16,7% í 15%, eða um 9%. Um 9% lækkar það hjá samvinnufélögunum og útgerðarfélögunum, meðan lækkunin er 25% hjá öðrum fyrirtækjum. Að mínu viti er öll þessi lækkun, þó að ég telji hana ekki aðalefni þessa frv., síður en svo, órökstudd og ástæðulaus. En samt er það eftirtektarvert, eins og hér hefur verið bent á áður, að skattalækkunin skuli vera höfð allt að því þrisvar sinnum minni hjá þeim atvinnurekstrinum, sem býr við langsamlega mesta áhættu, og svo hins vegar hjá þeim fyrirtækjum, sem eru í almenningseign og safna ekki gróða nema þá í óskiptanlega sjóði.

Varðandi samvinnufélögin er það líka athyglisvert, að skattalækkunin er ákveðin minni fyrir þau, enda þótt sum af þeim ákvæðum frv., sem eru mjög hagstæð fyrirtækjum almennt, komi þeim ekki að neinu haldi, eins og t. d. útgáfa jöfnunarhlutabréfanna.

Breytingarnar, sem samkv. frv. á að gera á framkvæmdaköflum skattalaganna, hníga fyrst og fremst að því að stokka upp það embættismannakerfi, sem fyrir er, og gefa hæstv. fjmrh. tækifæri til þess að breyta þar mannaskipun eftir geðþótta sínum, einnig að setja fasta embættismenn í stað skattanefndanna, sem nú veitir að nokkru leyti borgurunum lýðræðislega aðild að framkvæmd skattalaganna, og svo í þriðja lagi beinast breyt. að því að fjölga mjög embættismönnum almennt í kerfinu og gera það stórum kostnaðarsamara en áður. Ég vil þó taka það fram, að ég tel, að sumar breyt. á framkvæmd laganna að þessu leyti séu engan veginn fráleitar og þá sérstaklega ekki sú breyting, sem felst í nýrri skiptingu landsins í skattaumdæmi í umsjá skattstjóra. Afnám skattanefndanna tel ég hins vegar sízt til bóta. Í fyrsta lagi hefur hún áreiðanlega stórfelldan aukinn kostnað í för með sér, eins og hér var eftirminnilega sannað við 1. umr. af hv. 4. þm. Vestf., en hitt er þó veigameira, að mér sýnist, að verr sé tryggt en áður, að ekki eigi sér stað mismunun í skattlagningu, eftir að hlutverk skattanefnda hefur algerlega verið afhent embættismönnum fjármálaráðherrans. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ég mundi sennilega ljúka henni á 10—15 mínútum. Ég legg það í vald hæstv. forseta, hvort — (**Forseti:** Já, ætli það sé þá ekki rétt að gera það.)

Þessar breytingar aðrar eru smávægilegar. Þar örlar hvergi á tilraunum til þess að bæta úr því, sem þó hefur verið höfuðmeinsemd framkvæmdarinnar, að skattaeftirliti, sem að einhverju haldi kæmi, væri komið á. Það má að vísu segja, að lögin geti rúmað nýjar starfsaðferðir, sem að haldi mættu koma, en svo hefur líka verið áður, og er að því leyti ekki um breyt. að ræða. Sýnilega á hér eftir sem hingað til að hafa eftirlitið aðeins í því formi að byggja á athugun á öllum framtölum jafnt, athugun, sem á að framkvæma á örstuttum tíma, áður en skattlagning fer fram, enda þótt öllum sé fullljóst, að slíkar athuganir eru lítils sem einskis virði. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því, að það eru orðnir svo fáir í deildinni, hvort ekki sé rétt bara að fresta?) Ég sakna nú sérstaklega hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. (**Forseti:** Já, ætli það sé ekki rétt að fresta ræðunni og halda henni þá áfram, þegar málið verður tekið fyrir næst?) Jú, ég geri þá hlé á máli mínu. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 269, n. 337, 341 og 343, 338, 342, 344, 352).

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði komið þar máli mínu í fyrradag, þegar umr. var frestað, að ég var að ræða um þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir á framkvæmdaköflum skattalaganna. En ég taldi, að þær beindust í fyrsta lagi að því að stokka upp það embættismannakerfi, sem nú væri, og gefa fjmrh. tækifæri til þess að raða í það að nýju eftir sínum geðþótta. Í öðru lagi taldi ég að það beindist að því að setja fasta embættismenn í stað skattanefnda, sem nú veittu borgurunum nokkra lýðræðislega aðild að framkvæmd skattalaganna. Og svo í þriðja lagi að því að fjölga mjög embættismönnum í kerfinu og gera það kostnaðarsamara en áður. Ég tók fram, að ég teldi þó sumar breyt. á framkvæmdaköflunum engan veginn fráleitar, og nefndi þar sérstaklega til skiptingu landsins í skattaumdæmi, en taldi, að afnám skattanefndanna væri varhugaverðara, bæði vegna kostnaðarhliðarinnar og eins af öðrum ástæðum, sem ég nefndi einnig til.

Ég taldi, að í frv. örlaði ekki á því, að reynt væri að bæta úr þeirri höfuðmeinsemd skattalagaframkvæmdarinnar, að skattaeftirlit, sem að einhverju haldi gæti komið, vantaði raun-

verulega með öllu, og sýnilegt væri, að enn eins og áður ætti að viðhafa þau óhæfu vinnubrögð að myndast við athuganir á öllum framtölum á örskömmum tíma, áður en skattlagning fer fram. Það má vitanlega öllum vera ljóst, að hættulegustu skattsvikararnir ganga ekki þannig frá sínum framtölum, að augljósir annmarkar sjáist á þeim við lauslega athugun. Framtöl þeirra bera áreiðanlega ekki skattsvikin utan á sér. Það eina, sem að haldi getur komið til þess að grafast fyrir rætur þeirra hættulegu skattsvika, og hættulegustu skattsvikanna, er það, að nákvæm rannsókn fari fram á öllum rekstri og bókhaldi viðkomandi fyrirtækja og einstaklinga, og ekki aðeins fyrir eitt og eitt ár í senn, heldur mörg ár aftur í tímann. Slíkar rannsóknir verður ekki hjá komizt að framkvæma, alveg án tillits til þess, hvort sérstakar grunsemdir eru fyrir hendi, þó að þær séu auðvitað sjálfsagðar, þegar svo er. En nú liggur það í hlutarins eðli og er öllum skiljanlegt, að slíkar rannsóknir útheimta meira starf en svo, að hugsanlegt sé, að þær geti nokkurn tíma náð til nema lítils hluta skattþegnanna. En þvílíkar rannsóknir, sem t. d. færu fram eftir útdrætti og allir gætu átt yfir höfði sér, þótt þær í rauninni næðu ekki nema til lítils hluta skattþegna, eru áreiðanlega eina færa leiðin til að stemma einhverja verulega stigu við þeim skattsvikum, sem nú eiga sér stað og ræna ríkissjóð, sveitarfélög og almenning hundruðum milljóna kr. á ári. Fyrir þvílíkri tilhögun í skattaeftirliti er líka slík reynsla fengin meðal annarra þjóða, að víða er það svo, að fáir, að glæpafélögum undanskildum, voga sér að fara þá auðgunarleið að svíkja skatt. Endurskoðun á framkvæmdaköflum skattalaganna með tilliti til þess að lögfesta slíkt virkt skattaeftirlit, um leið og kerfið er gert einfaldara í sniðum og borgararnir væru betur tryggðir gegn mismunun embættismannakerfis, sem lýtur, ja, ég vil segja a. m. k. að þessu frv. samþykktu, einræðisstjórn pólitísks ráðherra, slík endurskoðun er að mínu áliti brýnt verkefni. En það verkefni hefur algerlega verið vanrækt af þeim, sem að þessu frv. standa, enda er tilgangurinn með því allur annar en sá að tryggja réttláta skattheimtu.

Í þessu sambandi hlýt ég að minna á það, að ein aðalröksemd talsmanna hæstv. ríkisstj. í skattamálum fyrir þeirri meginstefnu hennar að auka söluskatta og aðra óbeina skatta hefur verið sú, að beinu skattarnir væru undirrót skattsvikameinsemdarinnar. Þeir hafa sagt og það margoft sumir hverjir, eins og t. d. hv. 11. þm. Reykv., að auðvitað væri það hárrétt, sem bæði ég og aðrir hafa haldið fram, að beinir skattar, miðaðir við tekjur og efnahag, væru réttlátastir allra skatta, ef unnt væri að koma í veg fyrir skattsvik, en það væri bara alls ekki unnt að gera. Hins vegar væri allt öðru máli að gegna um óbeinu skattana. Þeir skiluðu sér eins og til stæði og þess vegna bæri að taka þá upp í ríkara mæli.

Ég er hér á þveröfugri skoðun. Ég tel fullsannað af erlendri reynslu, eins og ég sagði áðan, m. a. frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem þessum hv. talsmönnum ríkisstj. ætti ekki að vera óljúft að taka til fyrirmyndar og er það a. m. k. ekki í ýmsum öðrum greinum, að það sé vel unnt að koma í veg fyrir skattsvik með vitlegu fyrirkomulagi og raunhæfu, en þó einföldu skattaeftirliti. En slíkt má auðvitað ekki ske að dómi þeirra, sem fylgja skattstefnu núv. hæstv. ríkisstj. og beita sér fyrir henni, vegna þess að þá væri röksemdagrundvöllurinn, ef hægt er að nefna hann því nafni, sem þeir byggja sína stefnu á, raunverulega dottinn úr sögunni. Og ég tel, að það hljóti að vera ein höfuðástæðan fyrir því, að þeir hafa aldrei viljað fara inn á neitt, sem stefndi í þá átt að hafa betra eftirlit með framkvæmd skattalaganna.

Ég hef fyrr í ræðu minni rakið það nokkuð, hverju hæstv. núv. ríkisstj. hefur til þessa áorkað í þá átt að færa allan þunga skattheimtunnar yfir á bök almennings og eftir þeirri leið stórspillt lífskjörum launastéttanna og hvernig þetta frv. er eins konar kóróna á því verki. Það er nú þegar komið svo, að hin óbeina skattheimta er orðin því nær allsráðandi, en hlutur beinna skatta er orðinn þrisvar til fjórum sinnum minni hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Gróðafélög og stórgróðamenn má, eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, raunverulega telja til skattleysingja hér á landi. Sú margföldun þjóðarauðsins, sem átt hefur sér stað síðustu áratugina og ég rakti nokkuð í fyrri hluta ræðu minnar, er algerlega skattfrjáls. Eignarskattar eru því nær engir, og möguleikarnir til þess að forða tekjum undan skatti, undan beinum skatti, eru því nær ótakmarkaðir. Á hinn bóginn hafa svo launin verið lækkuð stórkostlega, með hreinum lagaboðum m. a., og þannig skapaður nýr grundvöllur til aukinnar auðsöfnunar, sem nú á að vernda og verja með skattfrelsi. Á sama tíma eru svo óbeinu skattarnir á almenningi margfaldaðir og þyngdir í hlutfalli við eftirgjafirnar til gróðafélaganna og hátekjumannanna og þó meira. Og það er sagt, að allt þetta sé gert af einskærri umhyggju fyrir almenningi.

Ég tel, að skattalög, sem skila ríkissjóði aðeins röskum 50 millj. kr. af gróða allra auðfélaga á Íslandi og eignum þeirra samanlögðum, meðan á 14. hundrað millj. eru teknar með óbeinum sköttum, sem hvíla hlutfallslega langsamlega þyngst á almenningi, þurfi vissulega annarrar endurskoðunar við heldur en þeirrar, sem einhliða beinist að því að vernda og auka gróðamyndunina. Þeim þarf að mínu viti að breyta á þann hátt að miða óbeinu skattheimtuna við afkomumöguleika hinna tekjuminni í þjóðfélaginu, jafnframt því sem geta eignastéttanna og gróðafélaganna til skattgreiðslna er metin að nýju og að því stefnt, að skattheimtan verði fyrst og fremst í samræmi við efnahag og tekjur, en ekki í öfugu hlutfalli, eins og nú er raunverulega verið að stefna að.

Ég tel, að engin þeirra smærri breytinga, sem þetta frv. felur í sér, sé á nokkurn hátt knýjandi, jafnvel þær, sem helzt mætti þó telja til bóta, og gætu þess vegna alveg að skaðlausu beðið eftir því, að allsherjarendurskoðun skattalaganna færi fram með þeim eðlilega hætti, að Alþ. kysi milliþn. til slíkrar

endurskoðunar, eins og stefnt er að með þeirri till. til rökst. dagskrár, sem ég flyt með nál. minu. En þar er að öðru leyti stefnt að því, að þessu frv. verði hafnað og snúið við á þeirri braut, sem gengin hefur verið í skattamálunum síðustu 2—3 árin og að minu viti mundi leiða út í hreina ófæru með samþykkt þessa frv.

Með tilliti til þess, að dagskrártill. min kynni að verða felld, hef ég flutt nokkrar brtt. á sérstöku þskj. Nokkrar þeirra hef ég skýrt sérstaklega fyrr í ræðu minni, en aðrar leiðir í raun og veru beint af þeim skoðunum, sem ég hef látið í ljós á einstökum frumvarpsákvæðum, og þarfnast ekki annarra eða sérstakra skýringa. En um hinar sameiginlegu till. n. á þskj. 338 er það að segja, að þær eru allar mjög smávægilegar og breyta engu um meginefni frv. En ég tel, þó að það hafi að nokkru leyti komið fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., rétt að taka fram til skýringar á afstöðu minni til þriggja af þessum brtt. nokkur atriði.

Það er í fyrsta lagi, að ég tel réttmætt, að gjafir til vísindalegra rannsóknarstofnana verði frádráttarhæfar til skatts, ef greinin, eins og hún er í frv., verður látin standa að öðru leyti eins og hún er. En aðaltillaga min er sú, að viðkomandi greinarliður falli niður, eins og ég hef áður skýrt frá. Í öðru lagi, að fylgi mitt við orðalagsbreyt. á 22. gr., samkv. 5. brtt. á þskj. 338, merkir að sjálfsögðu ekki, að ég sé sammála fyrningarreglunum, sem þar er m. a. vísað til. Hins vegar verður að fallast á það, að orðalag samkv. brtt. sé eðlilegra með þeim hætti, sem þar greinir, ef 15. gr. um fyrningarreglurnar verður óbreytt frá því, sem nú er í frv. En ég legg hins vegar til, að henni verði breytt, og það leiðir líka af sjálfu sér, að yrði min brtt. við 15. gr. samþykkt, þá er hin sameiginlega brtt. raunverulega úr sögunni. Og í þriðja og síðasta lagi vil ég taka það fram varðandi þessar sameiginlegu brtt., að samþykki mitt við breyt. á 26. gr., sem felst í 8. brtt. n., ber alls ekki að skoða sem neina yfirlýsingu af minni hálfu um það, að ég telji eignarskattsstigann samkv. frv. og eins og hann er í gr. eðlilegan, því að það fer víðs fjarri, heldur er þar aðeins um að ræða samþykki mitt við þá breyt., sem nauðsynleg var til fullrar skýringar á gr., þ. e. a. s. að tekið væri skilmerkilega fram það, sem áður gat orkað tvímælis, að enginn skattur skyldi greiðast af fyrstu hundrað þús. kr. eign.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., sem nú var að ljúka máli sínu, vil ég í upphafi gera hinar nýju fyrningarreglur þessa frv. sérstaklega að umræðuefni. Ræðumaður taldi, að hin beina skattalækkun um ⅛ hluta væri hreinir smámunir, miðað við þá lækkun, sem leiddi af hinum nýju fyrningarreglum, enda teldu höfundar frv., að breyt. á fyrningarreglunum væru mikilvægustu ákvæði í frv. Þessa skoðun hv. þm. tel ég alranga, hvort sem hún er byggð á misskilningi eða öðru, og alls ekki fara saman við skoðanir þeirra manna, er frv. sömdu.

Það er grundvallarregla í skattalöggjöf okkar, að sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðenda hækka í verði, telst ekki til tekna. Veit ég ekki betur en allir séu sammála um þessa grundvallarreglu og að engar raddir hafi heyrzt um að fá henni breytt. Ef við tökum dæmi af atvinnufyrirtæki, sem hefur keypt vél á 200 þús. kr., en þarf vegna minnkandi verðgildis peninga að kaupa nýja sams konar vél á 360 þús. kr., þegar sú fyrri er orðin ónýt, þá væri það alveg í samræmi við framangreinda grundvallarreglu, að fyrirtæki mætti eiga í fyrningarsjóði 360 þús. kr., þegar endurnýjun vélarinnar fer fram, en svona langt ganga þó fyrningarreglur frv. alls ekki. Allir fastafjármunir, sem atvinnufyrirtækin koma til með að eignast í framtíðinni, þ. e. a. s. eftir gildistöku þessa frv., fyrnast eftir venjulegum reglum, enda er engin heimild til endurmats á þeim í frv. Það eru aðeins þeir fastafjármunir, sem atvinnufyrirtækin eiga í dag, sem heimilað er að endurmeta, og hækkunin nær eingöngu til þess hluta af verðmæti þeirra, sem eftir er að fyrna, en ekki til þess hluta, sem búið er að fyrna. Slíka endurmatsheimild er sjálfsagt að lögfesta nú, að loknu meira en tveggja áratuga verðbólguskeiði, og hefði mátt gerast fyrr. Endurmatsheimildin hér er í raun-inni alveg hliðstæð því, þegar fasteignamat er hækkað eða brunabótamat á fasteignum hækkar á vissu árabili til þess að vega upp á móti minnkandi verðgildi peninga.

Í sambandi við hinar nýju fyrningarreglur er rétt að benda á, að breytingarnar eru ekki allar á þann veg að auka fyrningarrétt atvinnufyrirtækjanna. Í frv. segir, að alla fastafjármuni skuli fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Þetta er ný regla. Áður var fyrningartíminn einvörðungu metinn af ráðherra með reglugerð. Lögfesting þeirrar reglu, að miða skuli við áætlaðan endingartíma, mundi að áliti skattfróðra manna, m. a. skattstjórans í Reykjavík, leiða til þess í mörgum tilfellum, að fyrningartíminn yrði lengdur, en þar með lækkaði hin árlega fyrningarprósenta.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. fjölyrti um það í ræðu sinni, að með frv. væri verið að gera ofsagróða auðfélaganna skattfrjálsan og af því mundi leiða aukna skattpíningu á almenning, eins og hann orðaði það. Að hinu leytinu vildi hann gera lítið úr rökum stuðningsmanna frv., þess efnis, að núgildandi skattalög leggi þungar byrðar á fyrirtækin í landinu og hindri eðlilegt viðhald og uppbyggingu atvinnulífsins. Um þetta sagði hv. þm. m. a. orðrétt: „Það gefur auga leið, að lækkun heildarupphæðar tekju- og eignarskatts gróðafélaga, sem nú er aðeins rúmar 50 millj. kr. á ári, getur ein fyrir sig engin teljandi áhrif haft á getu fyrirtækja til atvinnulegrar uppbyggingar.“ Eftir að hafa heyrt þessi orð, verður manni að spyrja: Hvað hefur orðið af hinum skattfrjálsa ofsagróða, úr því að hann dugir hvergi nærri til eflingar hinni atvinnulegu uppbyggingu? Er ofsagróði þessi skyndilega gufaður upp? Eða hefur hann ef til vill verið svikinn undan skatti? Ef hið síðarnefnda væri tilfellið, þá ætti þessi hv. þm. einmitt að styðja þetta frv., þar sem með því er verið að byggja upp traustara skattkerfi,

herða eftirlit með framtölum og þyngja viðurlög við skattsvikum. Tvær af brtt. fjhn. ganga einmitt í þá átt að búa betur um hnútana í þessu efni, en það er 11. till. n. á þskj. 338, þar sem segir, að hafi skattstjóri grun um, að stórfelld skattsvik hafi verið framin, skuli hann hefja rannsókn þegar í stað og tilkynna ríkisskattstjóra jafnframt um rannsóknina. Enn fremur 15. brtt. á þessu þskj., þar sem segir, að fyrir endurtekin og stórfelld skattsvik megi dæma menn í allt að tveggja ára varðhaldsvist. Að vísu sagði þessi hv. þm., að allar þessar brtt. á þessu þskj. væru smávægilegar, en þar er ég algerlega á andstæðri skoðun.

Annars kemur manni allt tal þessa hv. þm. um ofsagróða auðfélaga undarlega fyrir sjónir, þegar þess er gætt, að flokksbræður hans hafa sífellt klifað á því s. l. tvö ár, að núv. ríkisstj. legði drápsklyfjar á atvinnufyrirtækin með okurvöxtum og öðrum ráðstöfunum. Er það sannarlega mikið hól um stjórnarstefnuna og afturhvarf frá fyrri skoðunum að segja, að atvinnufyrirtækin séu nú rekin með ofsagróða. Þessi hv. þm. færði rök að því í ræðu sinni, að atvinnufyrirtækin í landinu byggju nú þegar við nægilega góð skattkjör og þyrfti ekki úr að bæta. Rakti hann nokkuð þær álögur, sem þau þurfa að standa undir, og taldi ekki ástæðu til að draga neitt úr þeim. Einu gleymdi hann þó alveg, og það er veltuútsvarið, en það er í mörgum tilfellum það skattgjaldið, sem þyngst hvílir á. Má því um það segja, að margur hafi gleymt því, sem minna er.

Þá vil ég leyfa mér að minnast aðeins á nál. hv. 1. minni hl. fjhn., en það er undirritað af hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég mun þó fara miklu skemur út í þetta en ég hefði ella ætlað mér. Ég vil aðeins benda á, að það langsamlega eftirtektarverðasta við þetta nál. er, að framsóknarmenn skuli vera andvígir skattalækkuninni á samvinnufélögin, sem felst í þessu frv. Þegar breyt. voru gerðar á útsvarslögunum á Alþ. 1960, þar sem veltuútsvar var lagt á félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna, þá skorti ekki stór orð og mörg um það af hálfu framsóknarmanna, að nú ætti að leggja óhóflegar skattbyrðar á herðar samvinnufélögunum og ganga þannig á milli bols og höfuðs á þeim. Maður skyldi því ætla, að þeir tækju því fegins hendi, þegar eitthvað væri slakað á klónni. Að vísu hefur reynslan sýnt, að útsvarslagabreytingin gagnvart samvinnufélögunum var nauðsynleg leiðrétting, byggð á fullkominni sanngirni og almennt fagnað af forráðamönnum sveitarfélaga, hvar í flokki sem þeir stóðu. Stóru orðin frá 1960 voru því ekki spámannlega mælt, og ég lít svo á, að framsóknarmenn hafi tekið þau til baka með andstöðu sinni við lækkun tekjuskatts á samvinnufélögum, sem þetta frv. boðar.

Í þessu nál. á þskj. 341 eru fjöldamörg atriði, sem ég vildi gera hér að umræðuefni og gera athugasemdir við, m. a. þar sem verið er að gera samanburð á óbeinum sköttum og tollum á árunum 1958 og 1962, um varasjóðstillögin og margt fleira, sem í þessu nál. felst, en þar sem þannig stendur á, því miður, að hv. 1. þm. Norðurl. e. er ekki viðstaddur á þessum fundi, þá mun ég geyma mér að gera aths. við þetta nál. þar til síðar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil aðeins með fáum orðum gera grein fyrir tveim brtt., sem ég ber fram á þskj. 352. Fyrri brtt. er við 13. gr. frv., en í þeirri gr. er fram tekið, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur er á þær lagður, kostnað við stofnun heimilis, helming af björgunarlaunum, iðgjöld stéttarfélaga, iðgjöld af lífeyri og loks afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, og það er einmitt við þennan E-lið gr., sem ég ber fram brtt. á þann veg að gera ákvæði, sem þar um ræðir, nokkru rýmra en það er í frv. Þessi E-liður 13. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, má eftir mati skattayfirvalda og eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, draga frá tekjum næstu fimm ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.“ Ég geri það að tillögu minni, að þessi E-liður orðist á þessa leið: „Afborganir námsskulda, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir skuldunum.“

Það, sem sérstaklega þrengir ákvæðið í frv., er það, að ekki má draga frá afborganir námsskulda nema í fimm ár. Það, sem eftir er þá af skuldunum, verður ekki frádráttarhæft. Þetta tel ég ástæðulaust og óréttlátt ákvæði og legg því til, að því sé breytt. Það er þannig um námsskuldir, að þær greiðast ekki á fyrstu fimm árum, eftir að námi lýkur, heldur getur það tekið allmiklu lengri tíma að greiða þær niður, og ég sé þess vegna enga ástæðu til þess að binda hér ákvæði við fimm ár. Þetta kemur líka fram í aths. við 13. gr. í grg., sem frv. fylgir, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „E-liður um frádrátt vegna afborgana af námsskuldum er nýmæli. Þótt námsskuldir séu ekki goldnar að fullu á fimm ára tímabilinu, sbr. t. d. lög nr. 52/1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna, þá ber allt að einu að draga þær frá tekjum á greindu tímabili, og fæst frádráttur ekki síðar.“ Hér er sagt, að þetta beri að gera, en þetta er gersamlega órökstutt, enda algerlega ástæðulaust og ekki réttlátt að mínum dómi.

Síðari brtt., sem ég ber fram, er við 53. gr. 53. gr. hefst á orðunum: „Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, ef svo stendur á sem hér segir.“ Síðan koma fjórir liðir: 1) Veikindi eða slys, mannslát eða skert gjaldþol skattþegns. 2) Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára. 3) Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómi o. s. frv. 4) Ef skattþegn hefur foreldra eða vandamenn sannanlega á framfæri sínu. Hér er eingöngu um heimild að ræða. Ég vil gera það að minni till., að þessu verði breytt þannig, að upphaf gr. orðist svo: Skylt er skattstjóra. — Hér er um svo alvarlegt atriði að ræða í lífi þeirra, sem þessi ákvæði taka til, að það er full ástæða til að skylda skattstjórann til að taka þær um-

sóknir til greina af þessu tagi, en ekki aðeins að heimila honum að gera það. Ég benti á það við fyrri umr. þessa máls, að í útsvarslögum er beinlínis fram tekið, að ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna barna sinna eldri en 16 ára, þá skuli taka tillit til þess við ákvörðun útsvars. Ég tel enga ástæðu til þess að hafa þetta öðruvísi í lögum um tekjuskatt, og þess vegna vænti ég þess, að þessi brtt. verði samþ.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. talaði hér áðan og undraðist það, að framsóknarmenn tækju ekki fegins hendi skattalækkuninni í þágu samvinnufélaganna. Ég vil minna hv. þm. á það, að þær skattalækkanir, sem hér er gert ráð fyrir, snerta ekki samvinnufélögin með sama hætti og aðra og munar þar á miklu. Í fyrsta lagi er það ákvæði í þessu frv., að varasjóðsframlag samvinnufélaga eigi að lækka frá því, sem það áður var, úr 33⅓% niður í 25%, þegar varasjóðsframlög allra annarra eiga að hækka úr 20% í 25%. Þetta er nú ekki alveg í þágu samvinnufélaganna. En það er fleira en þetta. Samkv. þessu frv. á félög, sem notfæra sér þetta frv., gefi út jöfnunarhlutabréf og fá skattfrjálsa arðsúthlutun af þeim. Þetta getur munað geysilega miklu, því að allar líkur benda til þess, að þau hlutafélög, sem notfæra sér þetta frv., gefi út jöfnunarhlutabréf til samræmis við eignaaukninguna á pappírnum, sem fram kemur við mat, og geta því fengið skattfrjálsar mjög háar upphæðir af arði af þessum nýju hlutabréfum, en samvinnufélögin hafa engin hlutabréf og fá þar af leiðandi enga skattfrjálsa arðsúthlutun vegna þeirra. Þetta er annað atriðið, sem gerir þarna mikinn mun á. Það þriðja vil ég nefna, að ef samvinnufélögin notfæra sér heimild þessa frv. um eignamat, en geta að sjálfsögðu ekki breytt neinu skuldamegin, fá ekki hækkuð nein hlutabréf, sem ekki eru til, þá kemst samvinnufélagið í eignarskatt og eignarútsvar til viðbótar því, sem áður var, jafnvel í stórum stíl, en engu slíku er til að dreifa hjá hlutafélagi.

Þá kom hv. 9. landsk. þm. með skýringu á 22. gr. frv. um fyrningarafskriftir. Þetta gerir hv. frsm. meiri hl. n. líka, enda er ekki vanþörf á því að skýra þessa gr., og fjhn. hefur í heild flutt brtt. við þessa grein. Mér virðast skýringar beggja þessara hv. þm. vera á sömu leið, sem eðlilegt er, að heimilað verði að meta þann hluta eignanna, sem ekki hefur verið afskrifaður, og ég legg áherzlu á að fá þetta leiðrétt, ef þetta er ekki rétt eftir þeim haft, að aðeins sé heimilað að meta til endurkaupsverðs þann hluta eignanna, sem ekki hefur verið afskrifaður, miðað við fyrningartíma. Hafi eign verið afskrifuð um helming, þá megi ekki meta til endurkaupsverðs nema hinn helming eignarinnar. Samkv. þessari skýringu, sem ég tek fyllilega til greina og var alveg nauðsynleg, þá sýnist mér þetta þýða það, að eign, sem hefur verið afskrifuð að fullu, má alls ekki meta til endurkaupsverðs. En svo kom hv. 9. landsk. þm. með dæmi, og það þótti mér alveg stinga í stúf við sjálfa skýringuna. Hann nefnir, að fyrirtæki eigi vél, sem kostar 200 þús. kr., vélin sé orðin ónýt, búið að afskrifa hana, en ný vél kosti 360 þús. kr., og þá hljóti fyrirtæki að eiga rétt á að eiga í fyrningarsjóði 360 þús. kr. til þess að kaupa sér nýju vélina fyrir. Þarna dregur hann fram dæmi um, að það eigi að veita fyrirtæki skattfrjálst endurkaupsverð á vél, sem búið er að afskrifa að fullu, þvert ofan í hina skýringuna. Ég held, að þetta sé enginn misskilningur, að honum hafi farizt orð á þessa leið, dæmið hafi verið alveg nákvæmlega svona: Eign, sem búið var að afskrifa að fullu, kostar miklu meira en fyrri eignin, og fyrirtækið eigi rétt á að eiga í fyrningarsjóði, sem auðvitað yrði þá skattfrjáls, þessa upphæð til að kaupa nýju eignina fyrir. Þetta er ekki í samræmi við það, að ekki megi meta upp að nýju eignir, sem búið er að afskrifa að fullu, alveg þvert á móti.

En fyrst ég er að tala um 22. gr., sem er tvímælalaust þýðingarmesta ákvæði þessa frv., vil ég víkja að brtt. við þessa gr., sem hv. n. flytur. Orðalagið á henni sýnist mér ekki miklu betra en á gr. í sjálfu frv., en þar segir: „Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum fullum afskriftum, er miðist við þann árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma.“ Það á þá ekki að draga annað frá endurkaupsverðinu, þ. e. verði nýrrar eignar, en fullar afskriftir, miðað við endingartímann. Hvað getur þetta þýtt annað en þær raunverulegu upphæðir, sem afskriftunum námu? Og þó er þetta alls ekki meiningin hjá þeim. Meiningin er hin, að hafi vél eða eign, hver sem hún er, verið afskrifuð sem svarar helmingi af tímalengdinni, sem hún átti að endast, þá á ekki að leyfa endurkaupsmat á öðru en hinum helmingnum, en upphæðirnar, sem var afskrifað með, eru auðvitað ekki neitt nærri því helmingur af verði hinnar nýju eignar. Mér sýnist því, að það sé alveg óhjákvæmilegt að endurskoða þetta orðalag á greininni, eins og hún er borin fram í brtt., auk heldur eins og hún er í frv., og það virðist ekki vera sérstaklega vandasamt að orða það eins og það er hugsað, og ég er ekki að draga í nokkurn efa, að þetta er hugsað samkv. skýringu hv. frsm. meiri hl. n., það er hugsað svona, að aðeins megi meta til endurkaupsverðs þann hluta eignanna, sem eftir er, miðað við endingartímann.

Við 1. umr. þessa máls leitaði ég ýmissa upplýsinga hjá hæstv. fjmrh. um þau atriði þessa frv., sem voru óljós, og ég beindi þeim óskum mínum einnig til þeirra hv. höfunda þessa frv., sem sæti eiga í þessari hv. d. Ég fékk engin svör við neinu þá, önnur en þau, að hæstv. fjmrh. beindi því til fjhn. að taka þessi atriði, sem ég hafði rætt um, til athugunar í n. Síðan hefur hv. frsm. n. gert grein fyrir störfum hennar, og þar komu ekki fram svör við neinu af því, sem ég hafði rætt um, nema hvað snertir fyrningarákvæðin og á þann hátt, sem ég hef nú þegar nefnt. Þau atriði, sem ég ræddi um við 1. umr. málsins og enginn af forsvarsmönnum frv. hefur gefið nein svör um, voru eftirtalin:

Ég spurðist fyrir um það, hvernig stæði á

hækkun á skattfrjálsu árgjaldi fyrirtækis til atvinnurekendafélags þess, sem það er þátttakandi í, en skv. frv. mun eiga að margfalda þessi árgjöld sem skattfrjálsan frádrátt frá því, sem nú er. Ég er alls ekkert að hafa á móti því, að fyrirtækin megi borga í atvinnurekendasamband eða félag sitt það sem þeim sýnist, en ég sé enga ástæðu til þess að veita skattfrelsi á þær greiðslur umfram það, sem hefur verið að undanförnu.

Ég spurði í öðru lagi, hvernig ætti að skilja ákvæði í 15. gr. frv., þar sem nefnd eru skattayfirvöld, en þar segir: „Skattayfirvöld skulu ákveða heildarafskriftarupphæð hverrar eignar.“ Ég benti á, að fyrr í þessari gr. er talað um, að ráðh. setji með reglugerð ákvæði um þessar afskriftir, en þarna er talað um skattayfirvöld, og spurði ég, hvort þetta gæti átt við skattstjóra. Ég hef engin svör fengið við því.

Í þriðja lagi spurði ég um, hvað væri átt við með fastafjármunum, sem nefndir eru svo í þessu frv., en eru þó í grg. nefndir fasteignafjármunir. Þetta er óljóst enn, og engin skýring hefur verið látin í ljós um það, hvort þetta á við svo að segja hvers konar eignir. Ég vil enn spyrja að þessu, hvort þetta eigi við bifreiðar, flugvélar, skip og hvers konar vinnuvélar, húseignir og annað þess háttar.

Í fjórða lagi sýndi ég fram á það við 1. umr. málsins, að um sparnað gæti ekki verið að ræða við þá kerfisbreytingu á framkvæmd skattalaganna, sem hér er lögð til, og vil ég enn spyrja um það, hvort nokkur von sé til þess, að umboðsmennirnir kosti minna en undirskattanefndirnar, hvort skattstofurnar utan Reykjavíkur geta kostað minna en þær kosta nú, að viðbættum yfirskattanefndunum, en störf þeirra eiga skattstofurnar að taka á sig. Ekki hefur verið drepið á það einu orði í nál. meiri hl., sem þó er lögð áherzla á í grg. frv., að hér sé um einhvern sparnað að ræða. Ég býst því við, að hv. n. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé lítil von um sparnað þarna.

Í fimmta lagi spurði ég um það, hvernig ætti að skilja ákvæði 15. gr. um fyrningu og viðhald. Það hefur verið svo, að viðhald hafa fyrirtækin fengið að reikna eins og það hefur reynzt á hverju ári, og engar reglur gilt um það hingað til, hvað viðhaldið má vera mikið. Ég vænti þess, að þetta sé fyrir athugaleysi, að vera að blanda viðhaldi saman við fyrningu, því að það eru tveir ólíkir hlutir.

Þá taldi ég og tel enn mjög óheppilegt, að engar reglur um endurkaupsmatið eru í frv. sjálfu. Ég held, að það geti komið fram ákaflega mikið misræmi í raunverulegri skattgreiðslu fyrirtækja eftir því, hvernig þetta mat er framkvæmt. Það getur meira að segja skapað misræmi, hvar eignirnar eru, sem fyrirtækið á. Mér dettur í hug, ef fyrirtæki á eign hérna í Lækjargötunni, þar sem byggingarlóðin er kannske komin upp í 10 milljónir, og annað hliðstætt fyrirtæki á jafnstóra eign einhvers staðar í bæjarjaðrinum, — mundi ekki verða tekið tillit til þess við matið, hvað lóðin er dýr hjá þessu fyrirtæki, það þurfi því að fá hærra mat á sinni eign, ef það ætlar að endurbyggja húseignina á sama stað, heldur en hitt, sem býr annars staðar, og þar af leiðandi fái annað fyrirtækið miklu meiri fyrningar og miklu meiri skattfrjálsan frádrátt?

Aðeins þetta atriði getur valdið miklu misræmi eftir því, hvar eignirnar eru í landinu, eins og það getur valdið misræmi, hvar þær standa í sama bæjarfélagi, því að óneitanlega verður maður að skilja ákvæði frv. þannig, að endurkaupsverð þýði hið raunverulega verð á sams konar eign og væntanlega á sama stað. Það er nokkurs konar söluverð eða gangverð, og þetta getur verið ákaflega mismunandi eftir því, á hvaða stað eignirnar eru, og getur, eins og ég sagði, skapað mikið misræmi í raunverulegum skattgreiðslum fyrirtækja eftir því, hvar þau eru í landinu.

Ég nefndi dæmi um það við 1. umr. málsins, að mér sýndist, að samkv. þessu frv. gæti fyrirtæki orðið skattfrjálst, þótt það hefði nokkrar milljónir kr. í tekjuafgang, og að það lægi í því, að eignirnar kynnu að margfaldast í endurkaupsmati, skattfrjálsu fyrningarafskriftirnar yrðu í samræmi við það og jöfnunarhlutabréf síðan í samræmi við eignaaukninguna á pappírnum. Þessu hefur ekki enn verið mótmælt, að þetta gæti átt sér stað, að fyrirtæki, sem skilaði jafnvel nokkurra millj. kr. tekjuafgangi, gæti orðið skattfrjálst hvað tekjuskatt varðar.

Það eru ekki aðeins sjálfar fyrningarnar, sem hér ráða miklu um, heldur einnig ákvæðin um jöfnunarhlutabréfin, sem gera það líka. Það mun vera venjulegast, að hlutafé sé miklu minna en samanlagt kaupverð allra eigna fyrirtækis. Á löngum tíma margfaldast hlutabréfin miklu meira en margföldunin á eignunum. Ég get skýrt þetta með dæmi, til þess að þetta liggi ljósar fyrir. Við skulum hugsa okkur, að fyrirtæki hafi átt vélar, sem kostuðu eina milljón. Það er búið að afskrifa þær um helming, á fimm árum í staðinn fyrir tíu, og þær eru bókfærðar á hálfa milljón. Svo fer fram endurkaupsmat á þessum eignum hálfum, — ég held mér við þá reglu, því að ég hef trú á því, að það sé meiningin með frv., — og verði niðurstaðan sú, að nýjar eignir sömu tegundar séu taldar sjö sinnum dýrari en þær voru, þegar þær voru keyptar, þá yrði þessi hálfa milljón metin til endurkaupsverðs á 3½ millj. og hækkunin er því á bókfærðu verði eignanna hjá þessu félagi eða þessu fyrirtæki 3 millj. kr. En í samræmi við þetta hefur fyrirtækið heimild til þess að gefa út jöfnunarhlutabréf, sem svarar þessari hækkun, þessum 3 millj. Hafi nú hlutaféð aðeins verið fjórði hlutinn af samanlögðu verði eignanna, eða 250 þús., þá getur þetta hlutafé farið allt í einu upp í 3 millj. og 250 þús., ef heimildin er notuð út í æsar, og þetta skapar möguleika til að úthluta arði, 10% af þessari upphæð, eða 325 þús. kr. skattfrjálsum arði á þetta hlutafé, í staðinn fyrir að áður var aðeins heimilt að greiða 8% skattfrjálsan arð á 250 þús., eða 20 þús. Þetta fyrirtæki hefur nú skv. gildandi lögum skattfrjálsar afskriftir 100 þús. og skattfrjálsa arðsúthlutun 20 þús., en mundi fá skattfrjálst samkv. dæminu afskriftir 700 þús. og arðsúthlutun 325 þús., eða 1 millj. 25 þús. Það eru um það bil níföld skattfríðindi.

Mér sýnist því, að það sé ekki neitt vafamál, að hér er um stórvægileg skattfríðindi að ræða, svo stórvægileg, að mikill fjöldi fyrirtækja, jafnvel þorri allra fyrirtækja, verði skattfrjáls hvað tekjuskatt snertir á eftir.

En nú kunna forsvarsmenn þessa frv. að segja sem svo: Fyrirtækjunum er þetta nauðsynlegt til þess að geta rekið starfsemi sína, endurnýjað eignirnar, vegna þess að verðbólgan hefur hækkað þessar eignir í verði svo mikið og þau hafa ekki haft þær afskriftir, sem þurfti til að geta keypt nýjar sams konar eignir. Ég hef áður bent á það og geri það enn, að þær afskriftir, sem fyrirtækin hafa fengið, eru fjármunir í þeirra eigin vörzlum, sem hafa vaxið að sama skapi og aðrar eignir hafa hækkað í verði. Fyrirtækin hafa haft fullan ráðstöfunarrétt yfir afskriftarupphæðunum, og sá hlutinn, sem hefur verið afskrifaður, hefur því ekki átt að rýrna, enda er það að áliti n. ekki tilgangurinn að afskrifa þann hluta eignanna, sem búið var að afskrifa. En þá kemur hinn hlutinn, sem hefur ekki verið afskrifaður, og það er rétt, að þar verða fyrirtækin fyrir nokkrum erfiðleikum vegna verðhækkana.

En þá vil ég koma að hinum margumtöluðu skattsvikum, sem forsvarsmenn þessa frv. hafa lagt mikla áherzlu á. Frv. er öðrum þræði rökstutt með því, að skattsvik hafi átt sér stað og þess vegna þurfi að lækka skattana. En má ég þá ekki spyrja: Til hvers notuðu menn skattsvikin? Ekki hafa þau gufað alveg upp. Hafa þessi fyrirtæki ekki tekið sér sjálf afskriftir, svo ríflegar sem þeim hefur þótt við eiga, með skattsvikum? Eru þau ekki búin að fá þessar afskriftir og kannske miklu meira en það í skattsvikunum? Það dugir ekki að vera alltaf að tala um skattsvikin, alveg eins og þau hefðu svo horfið og orðið fyrirtækjunum til einskis. Fyrst allir leggja svona mikla áherzlu á það, hvað skattsvikin hafi verið mikil, og ég ætla ekkert að mótmæla því, þá hafa þau einhvers staðar komið niður. Hvað er orðið af þessum fjármunum, sem áttu að koma í ríkissjóð, en komu ekki? Er þetta í raun og veru nokkuð annað en afskriftir, sem fyrirtækin hafa tekið sér með valdi og brotið með því lög? Og hvaða þörf er þá á því að fara að afgreiða hér löggjöf til þess að bæta þeim það, sem skattsvikin kunna ekki að hafa dugað? Mér sýnist því, að röksemdafærslan fyrir þessari skattalækkun vegna verðbólgunnar sé alveg fallin um sjálfa sig, ef menn ætla að halda fram, eins og þeir hafa gert, skattsvikum fyrirtækjanna. Af þessari ástæðu tel ég það óþarft að afgreiða löggjöf um fríðindi handa fyrirtækjunum vegna þess hluta eigna sinna, sem enn er óafskrifaður. Hvað snertir svo þær eignir, sem hér eftir verða keyptar, þá þarf enga lagabreytingu. Þær eru keyptar á því verði, sem þeir fá fyllilega viðurkennt í reglum um afskriftir, og það þarf ekki neina nýja lagabreytingu vegna þeirra eigna. Afskriftirnar verða í samræmi við það verð, sem á þeim eignum er nú, þegar þær eru keyptar.

Ég hef bent hér á meginatriði þessa frv., þau stórkostlegu skattfríðindi, í fyrsta lagi með margföldun skattfrjálsra afskrifta, í öðru lagi með enn meiri margföldun á skattfrjálsum arðsúthlutunum, í þriðja lagi með hækkun á skattfrjálsu framlagi í varasjóð og í fjórða lagi með lækkun á skattinum sjálfum úr 25% í 20%, og niðurstöður mínar eru því þessar í fáum orðum sagðar:

Í fyrsta lagi sýnist mér allar líkur benda til þess, að þorri fyrirtækja verði skattfrjáls hvað tekjuskatt snertir. Í öðru lagi, að skattfrelsið hækkar verðlag óneitanlega á vörum og þjónustu þessara fyrirtækja. Í þriðja lagi, að um leið og léttbærasta skattinum er aflétt, er viðhaldið þungbærum og ranglátum sölusköttum og veltuútsvörum. Og í fjórða lagi, að tekjurýrnun ríkissjóðs af þessari lagabreytingu hlýtur að valda nýjum álögum á almenning í formi neyzluskatta eða tolla.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umr. mikið, en vildi þó í tilefni af því, sem fram hefur komið hér í ræðum ýmissa hv. þm., gera örfáar aths.

Í upphafi skal ég taka það fram, að mér er ljúft að verða við þeim tilmælum hv. 1. þm. Norðurl. e., sem því miður er ekki viðstaddur í dag, að tekin verði aftur 5. brtt. n. og athuguð nánar til 3. umr. Það má vel vera, að okkur hafi ekki heppnazt þar að finna það rétta orðalag á þeirri breyt., sem n. var sammála um, og sjálfsagt að verða við ósk hans um, að það verði athugað nánar.

Varðandi annars þær brtt., sem bornar hafa verið fram af hv. stjórnarandstæðingum og ég hafði haft litinn tíma til þess að kynna mér fyrir framsöguræðu mína, eins og ég þá tók fram, vil ég aðeins benda á eftirfarandi:

Það, sem einkum hefur verið gagnrýnt í frv., eru þau ákvæði, sem miða til skattaívilnana fyrir félög, en þau eru lækkun félagaskattsins úr 25% í 20% og fyrningarreglurnar. Báðir þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem að minnihlutaálitunum standa, eru því andvígir, að tekjuskattur félaganna sé lækkaður úr 25% í 20%. Ég vil aðeins í sambandi við þetta vekja athygli á því, sem ég nefndi í framsöguræðunni, að hvað sem því líður, hvað þessi skattur á að vera hár, þá vildi ég gjarnan spyrja þessa hv. þm. að því, hvernig þeir mundu hugsa sér að setja undir þann leka, að tekjurnar verði ekki að óbreyttum skattstiga í verulegum mæli færðar frá félögunum og yfir á einstaklinga. En ekki liggja fyrir neinar till. frá þessum hv. þm. um það að hækka tekjuskattana á einstaklingum, sem ég álít að væri nauðsynlegt að gera, ef félagaskatturinn ætti að standa óbreyttur og koma ætti í veg fyrir það, að sá skattstofn hyrfi að verulegu leyti. (**BjörnJ:** Einstaklingarnir greiða nú meira.) Greiða meiri skatta? Nei, félögin greiða samtals 55% í skatt til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga fyrir utan veltuútsvarið. Einstaklingarnir geta að vísu komizt upp í 30% til ríkisins, en það er ekki nema í hámarki skattstigans, og ef um fjölskyldufyrirtæki er að ræða, þá er vissulega möguleiki á því að skipta þeim tekjum niður á fjölskyldumeðlimina, jafnvel þannig, að þær verði í mörgum tilfellum algerlega skattfrjáls-

ar. Mér finnst óraunhæft að gera ráð fyrir því, að allar þessar tekjur væru í hámarki skattstigans, ef þær væru fluttar til einstaklinga. Slíkt mundu ábyggilega vera undantekningartilfelli.

Þá telja báðir þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem að minnhlutaálitunum standa, óréttmætt, að breytt sé núverandi ákvæðum l. um varasjóðsfrádrátt útgerðarfélaga og samvinnufélaga. Fyrir utan það, sem ég benti á í þessu sambandi í framsöguræðu minni, vil ég leyfa mér að benda á það, að frv. gerir ráð fyrir því, að tapfrádráttur verði mjög rýmkaður frá því, sem nú er, eða nái 5 ár aftur í tímann. Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að þessi rýmkun tapfrádráttarins kemur einkum til góða áhættusömum fyrirtækjum og sérstaklega útgerðarfyrirtækjunum. Og ég ætla, að sú skattaívilnun, sem af þessu leiðir, verði einmitt fyrir útgerðarfélögin þyngri á metunum heldur en hitt, þó að dregið sé úr varasjóðshlunnindunum. Að öðru leyti vísa ég í þessu efni til þess, sem ég hef áður sagt. Ég tel, að farið sé inn á óheilbrigða braut með því að ákveða sérstaka skattstiga fyrir mismunandi atvinnugreinar og æskilegt að komast hjá því, þó að skiljanlegar ástæður lægju til þess á sínum tíma, að útgerðinni voru veittar sérstakar skattaívilnanir. Það stóð í sambandi við hina óhagstæðu gengisskráningu, sem útgerðin þá bjó við.

Þá vil ég aðeins víkja örlítið að því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. og að nokkru leyti líka í ræðu hv. 4. þm. Vestf., um fyrningarafskriftirnar. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að það er á fullkomnum misskilningi byggt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., þegar hann orðaði það þannig, að ákvæðin í 17. gr. um það að hækka þá prósentu, sem félögunum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, úr 8% í 10% þýði það, að þessi arður sé skattfrjáls. Það er hann alls ekki. Slíkur úthlutaður arður er skattlagður að fullu hjá þeim einstaklingum, sem þennan arð bera úr býtum. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins að hækka markið fyrir tvísköttunina. Eftir að arðurinn var kominn upp úr 8% samkv. núgildandi lögum, var hann skattlagður bæði hjá einstaklingunum og líka hjá félögunum. Það er aðeins um það að ræða að hækka markið fyrir tvísköttunina, ekki það að gera nokkuð af þessum arði skattfrjálst. En skattalaganefndin taldi slíka breyt. eðlilega með tilliti til þeirrar hækkunar hins almenna vaxtafótar, sem nú hefur átt sér stað.

Varðandi ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. um fyrningarreglurnar nýju og áhrif þeirra, og undir það var að nokkru tekið af hv. 4. þm. Vestf., þá vil ég benda á, að það er að mínu áliti fullkomlega rangt hjá þessum hv. þm., er þeir voru að gera sér áhyggjur um það, að með þessum nýju fyrningarreglum væri verið að velta einhverjum sérkostlegum byrðum yfir á almenning, þannig að þetta mundi jafnvel leiða til stórhækkaðs almenns verðlags. Ef þetta væri rétt, hlyti það annaðhvort að byggjast á því, að hægt væri með einhverju móti að sleppa við þann kostnað, sem fyrningin í raun-

inni er, eða þá að þessi kostnaður hefði áður verið borinn af einhverjum öðrum, en nú væri verið að velta þessum kostnaði yfir á almenning. Hvað fyrsta atriðið snertir, að hægt sé að sleppa við þann kostnað, sem hér er um að ræða, þá mundi það vera svo fráleitt, að ég ætla þessum hv. þm. það ekki, að það sé slíkt, sem þeir hafa haft í huga. Sá raunverulegi kostnaður, sem hér er um að ræða, liggur blátt áfram í því, að skip, vélar og önnur framleiðslutæki, sem notuð eru, eyðast við notkunina, og það þarf einhvern tíma að endurnýja þau. Það verð, sem verður að endurnýja þessi tæki á, er í meginatriðum ákveðið á heimsmarkaðnum, af því að mest af þessum framleiðslutækjum verðum við að kaupa fyrir erlendan gjaldeyri. Það er í þessu, sem kostnaðurinn raunverulega er fólginn, og hvað sem við samþykkjum hér um fyrningar, heimilaðar fyrningarafskriftir og þess háttar, getur það engin áhrif haft á þennan kostnað. Samþykktir, sem við gerum hér á hinu hv. Alþ., eru því miður ekki svo máttugar, að þær breyti náttúrulögmálum eða því verði, sem ríkir á heimsmarkaðnum.

En ég býst nú ekki við, að það sé þetta, sem hv. þm. hafa haft í huga, heldur hitt, að með þessum nýju fyrningarafskriftum væri verið að einhverju leyti í ríkara mæli en nú á sér stað að velta þessum kostnaði yfir á almenning. En þetta mundi að mínu áliti líka vera á fullkomnum misskilningi byggt. Þessi kostnaður er þegar borinn af almenningi. Fyrirtækjunum er meinað vegna þeirra afskriftareglna, sem nú gilda, og vegna verðbólgunnar að leggja fyrir í afskriftasjóði, þannig að þau geti staðið undir kostnaðinum við endurnýjun framleiðslutækjanna. En af því að allir gera sér það ljóst, að þessi endurnýjun verður með einhverju móti að fara fram, þá er séð fyrir því með öðru móti, að svo verði, og leiðin, sem farin er í því efni, er blátt áfram sú, að bankarnir eru látnir leggja fram þá peninga, sem til þessa þarf, í mörgum tilfellum með ábyrgð ríkisins. Afleiðingin af þessu verður svo annaðhvort verðhækkanir, ef um verðbólgulán bankanna er að ræða, eða þá að bankarnir verða að draga saman útlán sín til annarra framkvæmda, og auðvitað bitnar það líka á almenningi. Í sumum tilfellum er það þannig, eins og hv. þdm. er kunnugt um, að ábyrgðir þær, sem ríkissjóður hefur gengizt undir af þessum ástæðum, falla á ríkissjóðinn og almenningur kemur til með að greiða þær í hærri sköttum.

Sú breyting, sem nú er um að ræða, er aðeins fólgin í því, að fyrirtækjunum verði gert kleift að safna í afskriftasjóði, en þá auðvitað ætlazt til þess, að þau geti á sínum tíma, þegar endurnýja þarf þessi framleiðslutæki, staðið undir kostnaðinum, sem af því leiðir. Og ég er algerlega ósammála hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, þegar hann nefndi, að vegna þess að heimilað væri að leggja vissan hluta af arðinum í skattfrjálsan varasjóð, þá ætti það að geta staðið undir endurnýjuninni. Tilgangurinn með varasjóðunum er að auka framleiðslutækin. Fyrning og afskriftir eru aftur á móti kostnaður

og óeðlilegt, að varasjóðir standi undir því. Það mætti þá að mínu áliti alveg eins segja, að þessir varasjóðir ættu að standa undir launagreiðslum eða öðrum slíkum kostnaði.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. vitnaði í þessu sambandi í þjóðhagsreikningana eða yfirlit, sem Framkvæmdabankinn nýlega hefur birt um aukningu þjóðarauðs Íslendinga. Að vísu ber að mínu áliti að taka slíkar upplýsingar með nokkurri varúð, en það eru einu upplýsingarnar, sem til eru um þetta efni, svo að við skulum sleppa því atriði. En það er alveg rétt, að þó að fyrirtækjum sé ekki heimilað að afskrifa nægilega það fjármagn, sem í þeim er bundið, þá getur endurnýjun framleiðslutækjanna átt sér stað fyrir því, og það er alveg rétt hjá hv. þm., að það hefur átt sér stað mjög mikil fjárfesting á undanförnum árum. Og það er út af fyrir sig ánægjulegt, að verðmæti framleiðslutækjanna hefur um það bil tvöfaldazt á því árabili, sem hv. þm. nefndi. Ekkert er því til fyrirstöðu í sjálfu sér, að mikil fjárfesting geti átt sér stað, þó að fyrirtækjunum sé ekki heimilað að afskrifa framleiðslutæki sín. En það er annað atriði í þjóðhagsreikningunum, sem oft hefur borið á góma hér á hv. Alþ. og er ekki jafnánægjulegt og þetta, en það er sú þróun kaupmáttar launa, sem átt hefur sér stað á sama tímabili. Þrátt fyrir það að fjármunirnir hafi um það bil tvöfaldazt á þessu tímabili, þá benda þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um þróun kaupmáttar launa, til þess, að hann hafi nokkurn veginn staðið í stað. Ég efast ekki um það, að einmitt þessi staðreynd hefur sérstaklega valdið hv. 5. þm. Norðurl. e. miklum áhyggjum, þar sem hann er formaður í fjölmennu verkalýðsfélagi, en sú staðreynd bendir til þess, að sú mikla fjárfesting, sem hér hefur átt sér stað, hefur ekki skilað þjóðarbúinu eins miklum arði og æskilegt væri, og það er ekki fjarri mér að álíta, að ein af mörgum ástæðum til þessarar leiðinlegu staðreyndar sé það handahóf, sem ríkt hefur einmitt varðandi fjárfestinguna og á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að fyrirtækin hafa ekki sjálf getað staðið undir henni, heldur hefur fjáröflun til slíkrar fjárfestingar að mestu leyti verið á vegum opinberra aðila, banka og ríkis, þar sem annarleg sjónarmið hafa oft ráðið því, hvers konar fjárfestingu hefur verið ráðizt í. Ég tel líklegt, að einmitt það breytta fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, væri líklegt til að vera spor í þá átt að ráða bót á þessu. Hér er um að ræða nokkurs konar sjálfvirkt úrval þeirra framkvæmda, sem um er að ræða. Þau fyrirtæki, sem rekin verða með tapi og ekki geta safnað í þessa afskriftasjóði, mundu þá dragast saman, en þau, sem skila sæmilegum arði, geta endurnýjað og aukið framleiðslutæki sín. Ég tel víst, að þetta mundi út af fyrir sig verða spor í þá átt að tryggja heilbrigðari fjárfestingu en hingað til hefur verið.

Ég get nú því miður ekki svarað orði til orðs þeim fsp., sem hv. 4. þm. Vestf. kom hér fram með. Hann talaði um það misræmi, sem væri milli grg. og lagafrv., þar sem annars vegar væri talað um fastafjármuni og hins vegar um fasteignafjármuni. Ég get upplýst það, að það, sem skattanefndin hafði í huga, þegar hún notaði orðið fastafjármunir, voru blátt áfram þau verðmæti í fyrirtækjunum, sem ekki voru aftur til sölu út úr fyrirtækinu, eins og vélar, byggingar, áhöld og annað slíkt, gagnstætt hráefnum og öðru slíku, sem ætlazt er til að selt sé út úr fyrirtækinu. Það er hins vegar talað um fasteignafjármuni í grg., og hygg ég, að það sé annaðhvort prentvilla eða sprottið af vangá, a. m. k. hefur það hugtak ekki verið notað af okkur.

Þá vil ég að síðustu leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. 4. þm. Vestf., þegar hann taldi, að heimildin til þess að gefa út jöfnunarhlutabréf hefði í för með sér einhvers konar skattfríðindi. Ég tel, að það sé á algerum misskilningi byggt. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins það, að ákveðnar eignir, nefnilega hlutabréf í eldri hlutafélögum, er heimilt að meta til raunverulegs verðs. Slíkt eru ekki neinar tekjur fyrir þá, sem þetta fá, frekar en það eru tekjur, eins og hv. 9. landsk. réttilega benti á, þó að eign hækki í verði og sé endurmetin með tilliti til þess. Hér er ekki um neinar nýjar tekjur að ræða og þess vegna ekki grundvöllur fyrir því að skattleggja þær. Það leiðir af almennum skattareglum. Hitt er annað mál, að það er rétt, að fyrirtækjunum verður nú kleift að greiða meiri arð af þessum hlutabréfum en áður var, þar sem arðurinn mundi nú vera miðaður við nýja matið, en slíkur arður verður ekki undir neinum kringumstæðum skattfrjáls. Hann er alltaf skattlagður að fullu hjá einstaklingunum. Hins vegar mundi hann auðvitað koma undir þá almennu reglu, að félagið hefur heimild til þess að draga hann frá skattskyldum tekjum, þannig að um tvísköttun verður ekki að ræða, fyrr en hann hefur náð vissu marki.

Að síðustu vildi ég beina þeim tilmælum annars vegar til hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann taki aftur til 3. umr. b-lið 1. brtt., sem hann hefur flutt, og 7. brtt., þannig að n. fái svigrúm til þess að athuga þessar till. nánar á milli umr. Sömu tilmælum mundi ég vilja beina til hv. 9. þm. Reykv. varðandi þær brtt., sem hann flutti. Ég tel þær líka þess eðlis, að eðlilegt sé, að n. fái aðstöðu til þess að athuga þær á milli umræðna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á úr ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Hann talaði um, að ef ekki væri lækkaður skattur á félögum, þyrfti að hækka skatta á einstaklingum, því að annars yrði tekjum fyrirtækisins jafnað niður á fjölskyldur þær, sem eiga fyrirtækið. Tekjurnar yrðu dregnar út úr fyrirtækinu yfir á einstaklingana, ef ekki væri lækkaður skattur á fyrirtækjunum. Ég skil ekki, hvernig á að gera þetta. Hvernig er þetta hægt án þess að brjóta lög? (**Gripið fram í:** Reikna því hærra kaup.) Þeir verða þá að vinna við fyrirtækið, allir hluthafar, ef þeir eiga að geta tekið þetta í kaupinu sínu. Þeir hluthafar, sem ekki vinna við fyrirtækið, geta aldrei gert þetta, svo að

ég held, að þetta sé ákaflega hæpin skýring. Ef þeir vinna þarna, eiga þeir auðvitað sitt kaup.

Þá nefndi hann, að það gæti ekki haft áhrif á verðlag, þó að fyrningar væru hækkaðar, vegna þess að fyrningarnar yrðu að koma á einhvern hátt fram, ef endurnýjaðar væru eignirnar. Þetta er út af fyrir sig rétt. En ég get ekki skilið, að það hafi ekki áhrif á verðlag hjá fyrirtæki, ef viðurkennd gjöld hækka stórlega. Maður getur hugsað sér fyrirtæki, sem er undir ákvæðum verðlagsyfirvalda. Nú hækka allt í einu útgjöldin. Verður það ekki viðurkennt í verðlaginu?

Að lokum fór hann að leiðrétta þann misskilning hjá mér, eins og hann nefndi það, að ég hefði viljað halda því fram, að eignirnar ykjust við matið. Ég hef aldrei haldið þessu fram. Mér er það fyllilega ljóst, að eignirnar eru nákvæmlega þær sömu, þó að þær séu metnar til endurkaupsverðs, og ég tel það ekki eðlilegt að fara að skattleggja þá breytingu á eignunum, hef aldrei haldið því fram. En hinu verður ekki neitað, eins og frsm. líka viðurkenndi, að þessi breyting á bókfærðu verði eignanna skapar möguleika til að gefa út jöfnunarhlutabréf, og það er arðurinn af jöfnunarhlutabréfum, sem á að verða skattfrjáls og verður nýr frádráttur hjá fyrirtæki, sem ekki var áður.

Þá segir hv. þm.: Þetta verður allt skattlagt hjá einstaklingunum. — Það verður því aðeins skattlagt hjá þeim, að þeir komist í nokkurn skatt, þó að þeir fái þennan arð. Nú er búið að breyta svo sköttum einstaklinga, að það er ekki víst, að þessar upphæðir, einhver hluti þeirra eða mikill hluti þeirra, komi nokkurn tíma til neins skatts. Og þótt einhver hluti þeirra kæmi til skatts hjá einstaklingunum, þá gæti það orðið allt annar skattur. Það er því alls ekki fullnægjandi skýring, að þetta komi til skatts hjá einstaklingunum. En í öllu falli verður skattur lægri hjá fyrirtækinu, og um fyrirtækin erum við að ræða núna, en ekki skattalagabreytingu hvað snertir einstaklinga.

Annars vil ég að lokum segja það, að það er lítt skiljanlegt, hversu mikil áherzla er lögð á það að fella niður eða lækka stórlega tekjuskatt, langsamlegasta léttbærasta skattinn af öllum sköttum, sem fyrirtæki borga. Og þetta gera sömu menn og halda uppi veltuútsvörum og sölusköttum. En þarna greinir á milli okkar, þarna greinir á milli tveggja stefna. Stefna forsvarsmanna þessa frv. er að afnema alla beina skatta og setja á söluskatta og neyzluskatta. Jafnvel veltuútsvar, sem þessir sömu menn viðhalda hér í landinu, sem leggst á tapreksturinn alveg eins og hina, sem hagnast, það er ekki byrjað á að leiðrétta slíkt ranglæti, heldur að lækka þann skattinn, sem er bæði réttlátastur og léttbærastur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Ed., 9. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 343 felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, BjörnJ.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

ÁB, HermJ, ÓlJ, PÞ, SE greiddu ekki atkv.

3 þm. (FRV, KK, KJJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 344,1 tekin aftur til 3. umr.

10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,2 tekin aftur til 3. umr.

11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,3 felld með 11:2 atkv.

— 338,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,4 felld með 11:6 atkv.

— 338,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 352,1 tekin aftur til 3. umr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,5.a felld með 11:8 atkv.

Brtt. 344,5.b felld með 11:8 atkv.

14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,6 felld með 11:3 atkv.

15. gr. samþ. með 11:2 atkv.

Brtt. 338,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 344,7 tekin aftur til 3. umr.

16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344,8.a felld með 11:5 atkv.

— 344,8.b felld með 11:8 atkv.

— 344,8.c felld með 11:8 atkv.

— 342,1 felld með 11:8 atkv.

— 338,4 samþ. með 14 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

18.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,5 tekin aftur til 3. umr

22.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,6 samþ. með 16 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,7.a—b samþ. með 14 shlj. atkv.

— 342,2 felld með 11:8 atkv.

— 344,9 kom ekki til atkv.

— 338,7.c samþ. með 15 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,8 (ný 26. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 342,3 felld með 11:6 atkv.

27.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,9 samþ. með 15 shlj. atkv.

29. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

30.—32. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,10 (33. gr. falli niður) samþ. með 17 shlj. atkv.

34.—37. gr. (verða 33.—36. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,11 samþ. með 15 shlj. atkv.

38. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

39. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,12 samþ. með 13 shlj. atkv.

40. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

41. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,13 samþ. með 16 shlj. atkv.

42. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

43.—47. gr. (verða 42.—46. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 338,14 samþ. með 14 shlj. atkv.

48. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 338,15 samþ. með 16 shlj. atkv.
49. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
50.—52. gr. (verða 49.—51. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 342,4 felld með 12:5 atkv.
— 352,2 tekin aftur til 3. umr.
— 338,16 samþ. með 13 shlj. atkv.
53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 342.5 felld með 11:4 atkv.
54. gr. (verður 53. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 338,17 (ný 55. gr., verður 54. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 338,18 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 342,6 kom ekki til atkv.
56. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
338,19 samþ með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 13. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 375, 344,1—2 og 7, 338,5 352, 376, 399, 400).
Afbrigði um brtt. 399 og 400, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í nál. meiri hl. fjhn. við 2. umr. þessa máls, hafði n. ekki unnizt tími til þess að ljúka með öllu athugun sinni á frv. fyrir 2. umr., og hefur hún því haft nokkur atriði þess til athugunar síðar. Enn fremur hefur hún haft til athugunar nokkrar brtt., sem teknar voru þá aftur, og eina brtt. frá hv. 9. þm. Reykv., sem lögð hefur verið fram milli umræðna. Niðurstöður þessara athugana n. koma að mestu fram í brtt. þeim, sem nefndin hefur flutt sameiginlega á þskj. 399, og mun ég hér gera örstutta grein fyrir þeim svo og afstöðu n. til þeirra brtt. frá einstökum þm., sem hún hefur haft til athugunar. Vík ég þá að brtt. á þskj. 399.

Fyrsta brtt., við 11. gr. frv., er aðeins orðalagsbreyting, þar sem orðalag það, sem var í frv., gat misskilizt, og þarf sú brtt. ekki nánari skýringar við.

Þá flytur n. tvær brtt. við 13. gr. frv. Önnur er í því fólgin, að heimilað er að hækka frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna kaupa á lífsábyrgð úr 4 þús. kr. í 6 þús. kr. fyrir þá, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum. Nefndinni höfðu borizt frá tryggingafélögunum tilmæli um það, að þetta hámark yrði hækkað, og var þar lögð sérstök áherzla á hækkun vegna þeirra, sem eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, en gera má ráð fyrir, að þeir hinir sömu kaupi sér lífsábyrgðir, sem að nokkru leyti geta þá komið í staðinn fyrir lífeyristrygginguna. Þó að n. hafi að vísu ekki talið fært að taka óskir líftryggingafélaganna í þessu efni að fullu til greina, þá er þó með þessari brtt. nokkuð komið til móts við þær. — Í öðru lagi flytur n. brtt. við E-lið 13. gr., og er breyt. fólgin í því, að sú heimild, sem gert var ráð fyrir í frv. að væri til þess að draga afborganir af námsskuldum frá skattskyldum tekjum fyrstu 5 árin, eftir að menn höfðu lokið námi, sé ekki bundin við afborganir af námsskuldum, heldur námskostnað, sem gerð sé grein fyrir, og verði sett nánari ákvæði um það í reglugerð. Nefndinni höfðu m. a. borizt áskoranir þess efnis frá Verkfræðingafélagi Íslands og Læknafélagi Íslands, enn fremur hefur hún rætt þetta mál við skattstjóra og nokkra fleiri skattasérfræðinga, sem álitu, að slík breyt. mundi verða til bóta.

Þá flytur n. í þriðja lagi brtt. við 22. gr. frv. Er sú brtt. fólgin í því, að ákvæðunum um mat á búpeningi til eignarskatts verði breytt þannig, að í stað þess, að verðlag búpenings sé ákveðið til 5 ára í senn, þá verði það aðeins ákveðið til eins árs í senn. Þessi brtt. er flutt samkv. ábendingu og ósk frá ríkisskattanefnd, er hún öll stendur að, og taldi n. rétt að taka hana til greina.

Þá flytur n. þá brtt. við 28. gr. frv., að Vestmannaeyjar verði sérstakt skattaumdæmi. Ákveðnar óskir hafa komið um það frá Vestmannaeyjum, að þessi breyt. verði gerð, og n. leit svo á, að Vestmannaeyjar hefðu að ýmsu leyti þá sérstöðu, að eðlilegt væri að taka tillit til þessara óska.

5. brtt., við fyrirsögn 6. kafla, er aðeins orðalagsbreyting, orðið „tekna" í fyrirsögninni er að áliti n. óþarft, og fer betur á því, að það verði fellt niður, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það.

Þá flytur n. í sjötta lagi brtt. við 52. gr. frv., sem er í því fólgin, að heimilað er þar hvað einstaklinga snertir að taka tillit til þess, ásamt öðrum ástæðum, sem raktar eru í fyrsta lið gr., ef skuldatöp hafa skert gjaldþol gjaldþegnsins verulega. Í þessu efni er komið til móts við brtt., sem flutt var af hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) á þskj. 344, þ. e. þriðju brtt. á því þskj., sem hv. þm. hafði tekið aftur til 3. umr.

Þá flytur n. í sjöunda lagi brtt. við 55. gr. frv. þess efnis, að tekið er þar fram, — en láðst hafði að gera það til þessa, — að niður skuli falla umboð allra skattanefnda og ríkisskattanefndar frá þeim tíma, sem í þessari brtt. er tiltekinn.

Þetta eru þær brtt., sem n. flytur sameiginlega. Enn fremur liggur hér fyrir brtt. á þskj. 400, sem flutt er af meiri hl. n. Það er orðalagsbreyting við H-lið 22. gr. Nefndin hafði flutt brtt. í þessa átt fyrir 2. umr., en samkv. ósk hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) var sú till. tekin aftur, og hefur till. hér verið orðuð upp að nýju og komið til móts við þær óskir, sem hann hafði fram að bera í því sambandi, þó

að hans till. sé að vísu ekki tekin orðrétt upp. Fullt samkomulag varð þó ekki um þessa till. í nefndinni.

Þá vil ég víkja aðeins örfáum orðum að brtt. frá þeim hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 9. þm. Reykv., sem n. hefur haft til athugunar, en þessar till. voru teknar aftur til 3. umr., auk þess liggur fyrir brtt. á þskj. 376 frá hv. 9. þm. Reykv. Hvað snertir brtt. á þskj. 376 frá hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslasyni, þá mælir n. einróma með því, að hún verði samþ., telur þá breyt., sem hér er um að ræða, sem er e. t. v. meira orðalagsbreyting en efnisbreyting, til bóta. Varðandi brtt. frá sama hv. þm. á þskj. 352, þá er í brtt. n. komið til móts við fyrri brtt. á því þskj., og vænti ég, að hv. þm. geti sætt sig við þá lausn.

Þá liggur fyrir frá báðum þessum hv. þm. brtt. við 53 gr., þess efnis, að sú heimild, sem þar er gert ráð fyrir til að taka tillit til þess, ef skattþegn hefur, eins og það er orðað, „verulég útgjöld haft vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára, verði gerð að skyldu. Þetta atriði var töluvert rætt í nefndinni. Enginn ágreiningur var um, að það nýmæli, sem felst í 53. gr., sé til bóta. Hitt er auðvitað álitamál, hvort þarna eigi að vera um skyldu að ræða eða aðeins heimild. Skattstjórinn í Reykjavík o. fl. sérfræðingar um framkvæmd skattamála, sem n. hafði kvatt sér til ráðuneytis, töldu, að af skattatæknilegum ástæðum væri eðlilegra, að hér væri aðeins, fyrst um sinn a. m. k., um heimild að ræða, en ekki skyldu, og hefur meiri hl. n. fallizt á það sjónarmið og telur sig því ekki geta mælt með því að svo stöddu, að þessar brtt. verði samþ.

Varðandi b-lið 1. brtt. á þskj. 344 frá hv. 5. þm. Norðurl. e., þá telur meiri hl. n. sig ekki geta mælt með því, að hún verði samþ. Hvað 2. brtt. snertir, við 11. gr., þá hefur verið komið til móts við hana með þeirri brtt., sem ég nefndi áðan og n. flytur sameiginlega á þskj. 399, og vænti ég þess, að hv. þm. geti unað þeirri lausn og muni því taka þá till. aftur.

Þá tel ég, að ekki sé meira um þetta að segja að sinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi benda hv. fjhn. á, áður en greidd eru atkvæði. Mér sýnist að það sé búið að taka út úr þessu frv. ákvæðið um varaskattstjóra. En þeir eru enn þá lifandi í frv. á einum stað, og það er aðallega til þess að halda uppi sæmd þessarar hv. d. og að við látum ekki frv. fara þannig til hv. Nd., svo að þar verði ekki hlegið að því, að ég nefni þetta. Þetta er í 33. gr., niðurlaginu: „Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd samkv. kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við, og varaskattstjóri sæti skattstjóra.“

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Út af þeirri aths., sem fram kom frá hv. 4. þm. Vestf. (SE) og er á fullum rökum reist, þá hefur fjhn. skotið á stuttum fundi og leggur hér fram brtt. við 33. gr., sem getur ekki orðið nema skriflega, og er hún svo hljóðandi: „Við 33. gr. Orðin „og varaskattstjóri sæti skattstjóra“ falli niður.“ Það er í samræmi við aðrar breyt., sem gerðar hafa verið í þessu efni. Við teljum það leiða af sjálfu sér, að skattstjórum verði skipaðir varamenn með einhverjum hætti. Leyfi ég mér þá að afhenda þessa brtt. hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 401) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 344,1.a felld með 10:3 atkv.
— 344,1.b felld með 10:5 atkv.
— 398,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 344,2 tekin aftur.
— 352,1 tekin aftur.
— 398,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 344,7 felld með 10:2 atkv.
— 398,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 399 samþ. með 13:1 atkv.
— 338,5 tekin aftur.
— 398,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 401 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 398,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 376 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 398,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 352,2.a felld með 10:1 atkv.
— 352,2.b felld með 11:1 atkv.
— 398,7 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 402).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Fyrir síðustu alþingiskosningar höfðu báðir núv. stjórnarflokkar það á stefnuskrá sinni að láta endurskoða skattalögin sem fyrst, með það fyrir augum að lækka beina skatta. Það var því eðlilegt, þegar ríkisstj. var mynduð, að í stjórnarsáttmálann væri tekið ákvæði í þessa átt. Það er komizt svo að orði í stjórnarsamningnum, að til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hafi ríkisstj. ákveðið m. a. að endurskoða skattakerfið.

Skömmu eftir myndun ríkisstj. var því hafizt handa um allsherjarendurskoðun á skatta- og tollakerfinu. Sérstök nefnd fékk það verkefni að endurskoða tollskrána og tollakerfið allt. Það er geysimikið verk, og var í byrjun gert ráð fyrir því, að það mundi taka 2—3 ár. Því verki hefur miðað vel áfram, svo að gera má ráð fyrir, að frv. til nýrrar tollskrár verði lagt fyrir Alþ. næsta haust. Hins vegar hefur þegar verið gerð nokkur breyt. á tollalögunum með þeirri tollalækkun, sem Alþ. samþykkti í nóv. s. l.

Annarri nefnd var falin endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna. Þegar á þinginu 1960 var fyrsta skref stigið í þeim efnum með bráðabirgðabreyt. á útsvarslögunum, og voru

þær breyt., sem þá voru samþ., bæði í því fólgnar, að sveitarfélögunum var þá þegar fenginn nýr tekjustofn, hluti af söluskatti, og enn fremur, að í stað hinnar gömlu reglu að jafna niður eftir efnum og ástæðum voru nú ákveðnir og lögfestir útsvarsstigar, þrír að tölu. Nú hefur verið lagt fyrir þetta Alþ. frv. tli heildarlöggjafar um tekjustofna sveitarfélaga, sem var til umr. í þessari hv. d. í gær.

Í þriðja lagi var svo sérstökum mönnum falin endurskoðun l. um tekju- og eignarskatt, og áttu sæti í þeirri n. 6 menn. Formaður hennar var Björn Ólafsson fyrrum fjmrh., en auk hans áttu sæti í n. alþingismennirnir Gísli Jónsson, Jón Þorsteinsson, Ólafur Björnsson, Sigurður Ingimundarson og loks Svavar Pálsson endurskoðandi. En ráðuneytisstjórinn í fjmrn., Sigtryggur Klemenzson, tók sæti í nefndinni, þegar fjallað var um þá þætti frv., sem varða framkvæmd skattamála.

Nefnd þessi skilaði sínum fyrstu till. á öndverðu ári 1960, og var í samræmi við þær flutt strax á því þingi frv., sem náði afgreiðslu, um nokkrar breyt. á skattalögunum, fyrst og fremst þær að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum, þannig að skattfrjálsar skyldu hjá einstaklingum 50 þús. kr. tekjur, hjá hjónum 70 þús. kr. og síðan 10 þús. kr. fyrir hvert barn. Nokkrar breyt. voru gerðar fleiri, en n. hélt áfram störfum til þess að ljúka heildarendurskoðun skattalaganna, og það frv., sem hér liggur fyrir, byggist á till. n. með örfáum breytingum.

Ég skal nú rekja í stórum dráttum þær helztu breyt., sem frv. felur í sér frá gildandi lögum.

Þess er fyrst að geta, að núgildandi heildarskattalög eru frá 1954, en síðan hafa verið gerðar nokkrar breyt. á skattalögum, og þótti nauðsynlegt að fella þessar breyt. inn í lögin, semja sem sagt nýja heildarlöggjöf, en auk þess felur frv. í sér allmiklar breyt. á formi skattalaganna. Efnisröðun gildandi l. var að ýmsu leyti orðin óskipuleg vegna þeirra breyt., sem gerðar höfðu verið undanfarin ár. Við þessa endurskoðun laganna í heild hefur verið byggt á þeim grundvallarsjónarmiðum, að sem gleggst væri til yfirlits, að saman væri skipað í kafla öllum ákvæðum laganna, sem varða skattskyldu og það, hverjir séu skattaðilar, og um það fjallar I. kafli frv. II. kaflinn fjallar um ákvæðin um skattskyldar tekjur og III. kaflinn um skattskyldar eignir. Í IV. kafla frv. koma síðan skattstigarnir, bæði tekjuskatts- og eignarskattsstiginn. V. kafli er um skattstjórnaryfirvöld, VI. kafli um framtöl tekna og eigna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl., í VII. kafla eru refsiákvæði og viðurlög og í VIII. kafla ýmis ákvæði.

Samkv. þessu er efnisskipun frv., einkum I.—IV. kafla, með nokkuð ólíkum hætti því, sem er í gildandi lögum. Til þess að menn geti gert sér sem bezta grein fyrir þessum breyt. og eigi auðveldara um samanburð á ákvæðum þessa frv. og gildandi laga, þá hafa verið tekin saman yfirlit, sem birt eru sem fskj. með þessu frv. Það fyrra er á bls. 32—34 í frv. Þar er fskj. A, sem sýnir, hvaðan úr gildandi skattalögum einstakar gr. frv. eru teknar og hverjar gr. eru nýmæli. Á bls. 34—35 er fskj. B með öðru yfirliti, sem sýnir, hvar einstökum ákvæðum gildandi skattalaga er skipað í frv. og hver ákvæði er gert ráð fyrir að verði felld niður. Ég vænti, að þessi yfirlit bæði verði hv. alþm. til glöggvunar við samanburð frv. við gildandi lög.

Í 5. gr. frv., sem svarar til 3. gr. gildandi laga, er tekinn upp C-liður um skatt félaga með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð, en sá liður féll niður við skattalagabreytingu 1959, væntanlega af vangá, og ber því að skoða þetta sem leiðréttingu fyrst og fremst.

Í 7. gr. frv., D-lið, er nýmæli um jöfnunarhlutabréf. Víðast hvar er nú heimilað, að hlutafélög geti gefið út jöfnunarhlutabréf til hluthafa, án þess að þau bréf eða sú hækkun, sem um er að ræða, sé talin skattskyld hjá félaginu eða hluthöfum. Þetta byggist á því, að um raunverulega leiðréttingu er að ræða vegna breytinga á gildi peninga, en með þessu er ekki verið að gefa hluthöfum nein ný verðmæti, heldur á sérhver hluthafi jafnmikinn hlut í fyrirtækinu eftir sem áður. Ákvæðið er á þessa leið í 7. gr. D-lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi, og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samanlagt verð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félagsins eða frá innborgun hlutafjár.“

Eins miklar breytingar og hafa orðið á verðgildi peninga og verðlagi undanfarna áratugi hér á landi, þykir sjálfsögð leiðrétting að taka þetta ákvæði inn í skattalögin.

Í 10. gr. frv., H-lið, er nýmæli um launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu alþjóðastofnana. Þar segir svo, að skattfrjálsar skuli beinar launagreiðslur erlendis frá fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana eða ríkjasamtaka, sem íslenzka ríkið er aðili að, enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum fyrir hliðstæð störf. Ef íslenzkur maður gerist starfsmaður slíkra stofnana og er búsettur í bækistöðvum þeirra, en slítur heimilisfesti á Íslandi, þá er hann undanþeginn sköttum fyrir þau laun. Ef hann hins vegar heldur áfram búsetu hér á landi og vinnur hér heima þau störf, sem alþjóðastofnunin hefur falið honum og greiðir honum laun fyrir, þá verður hann hins vegar að greiða af því fulla skatta. Það þykir rétt að torvelda ekki möguleika manna hér búsettra til þess að taka að sér slík launuð störf fyrir alþjóðastofnanir, þó að þeir vinni störfin hér heima. Með því fyrirkomulagi, sem nú gildir, má segja, að menn mundu stundum í rauninni flæmdir af landi brott vegna þeirra skattákvæða, sem gilt hafa. Þetta nýmæli miðar að því að gera hér leiðréttingu á.

Í 11. gr., B-lið, 2. mgr., er breytt nokkuð ákvæði um heimild til þess að flytja tap af atvinnurekstri milli ára. Þar segir svo:

„Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið fullnægjandi grein gerð fyrir tapinu á framtali um tekju- og eignarskatt fyrir það ár, þegar tapið varð." Hér er gerð sú breyting, að heimilað er að flytja slíkt tap um fimm áramót í stað tveggja samkv. núgildandi lögum. Hér á landi er ýmis atvinnurekstur mjög áhættusamur. Útgerðarfyrirtæki t. d. kann að hafa ágæta afkomu eitt árið, verður fyrir miklu tapi annað árið vegna aflabrests, verðfalls eða annarra orsaka. Það er eðlilegt, að skattalögin taki tillit til þess, að atvinnurekstur hér á landi er að ýmsu leyti áhættusamari og meiri áraskipti um afkomu hans heldur en víða annars staðar í háþróuðum iðnaðarlöndum, þar sem afkoma iðnaðarfyrirtækja er að jafnaði, má segja, svipuð frá ári til árs.

Í 12. gr., D-lið, er nýmæli, en þar segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur er á lagður. einstakar gjafir til menningarmála, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr. Fjmrh. ákveður með reglugerð, hvaða málaflokkar og stofnanir koma til greina samkv. þessum staflið.

Það mun hafa verið á árinu 1959 eða nánar tiltekið á þinginu 1958—1959, sem flutt var till. til þál. í Sþ. um stuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi. Flm. voru hæstv. núv. forseti þessarar deildar, Ragnhildur Helgadóttir, og Björn Ólafsson. Till. var á þá leið, að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að athuga, hvort unnt sé að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi á Íslandi með því að gera framlög fólks til þeirra mála frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts og útsvars. Þessi till. var samþ., og á grundvelli hennar var málið rannsakað, og nefnd sú, sem fjallaði um það, skilaði áliti og tillögum, sem skattalaganefndin fékk svo til meðferðar, og byggist þetta ákvæði í D-lið í verulegum efnum á till. þeirrar nefndar, þó að nokkrar breyt. hafi verið á því gerðar, en að meginefni til svipað. Ég ætla, að það sé rétt stefnt að örva menn til framlaga og gjafa til menningar- og líknarmála og vísindastarfsemi með þeim hætti, að þeir megi draga það frá tekjum á því ári, sem gefið er.

12. gr. E er nýr liður, þar sem segir, að draga skuli frá tekjum, áður en skattur er á lagður, m. a. kostnað við öflun bóka, tímarita og áhalda til vísindalegra og sérfræðilegra starfa, og það skilyrði að sjálfsögðu sett, að þessi kostnaðarliður sé studdur fullnægjandi gögnum.

Í 13. gr., C-lið, er ákvæði um, að iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, atvinnuleysissjóða skuli draga frá hreinum tekjum einstaklinga. Hér er bætt við ákvæði, að enn fremur sé heimilt að draga frá tekjum félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5‰ af veltu fyrirtækjanna.

Í 13. gr. E-lið er það nýmæli, að draga skuli frá tekjum, áður en skattur er á lagður, námskostnað, sem stofnað er til eftir 20 ára aldur. Hann megi draga frá tekjum næstu fimm ár, eftir að námi er lokið, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum. Hér er um nýmæli að ræða. Í frv. var upphaflega svo ákveðið, að afborganir námsskulda mætti draga frá tekjum með þessum hætti, en það varð að ráði í Ed. að breyta þessu þannig, sem ég ætla að sé til bóta, að miða við námskostnað í staðinn fyrir námsskuldir, eins og upphaflega stóð. Nú er ástandið þannig, að þeir, sem koma frá námi, oft skuldum hlaðnir eftir langt og dýrt nám, þeir hafa að sjálfsögðu heimild til þess að draga frá tekjum sínum vexti af námsskuldunum, en ekki námsskuldir eða námskostnað að öðru leyti. Slíkir námsmenn eiga oft, sérstaklega fyrstu árin eftir að þeir taka við starfi, fullerfitt með að standa undir vöxtum og afborgunum, og þykir sjálfsagt að létta þeim þá byrði með því að lögfesta þetta ákvæði.

Í 15. gr. frv. er nýmælið um fyrningarafskriftir. Nú er svo ákveðið í lögum, að fyrningu véla, áhalda, atvinnutækja skuli reikna með ákveðinni hundraðstölu af upphaflegu kaupverði eða kostnaðarverði. Slíkt kaupverð eða kostnaðarverð er oft aðeins hluti, kannske fimmti eða jafnvel tíundi hluti af því, sem nýjar vélar og tæki kosta nú. Vegna hinnar öru verðbólgu, sem hér hefur verið um mörg ár, standa atvinnufyrirtæki, ekki síst iðnaðarfyrirtæki, oft mjög illa að vígi vegna fyrningarreglnanna um vélar. Vélar, sem keyptar hafa verið t. d. fyrir 5 eða 10 árum, eiga nú að vera fyrndar að mestu eða öllu leyti. Þau þurfa að standa straum af endurnýjuðum vélakosti, en hið upphaflega kaupverð, sem afskriftirnar eru reiknaðar af, hefur sem sagt í mörgum tilfellum verið aðeins örlítill hluti af því, sem kostnaðurinn er nú við að endurnýja þessi tæki. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að í stað þess að miða fyrningarprósentuna við upphaflegt kaupverð, þá sé nú miðað við endurnýjunarverð, þ. e. a. s. við mat á því, hvað kostar að endurnýja sams konar tæki eða kaupa sams konar tæki nú.

Í 22. gr. frv. eru svo nánari ákvæði um þetta, í H-lið þeirrar greinar, sem stendur í sambandi við þetta nýmæli 15. gr. Þar segir: „Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði og eignum samkv. því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matverðinu, er svarar til þess árafjölda, sem liðinn er af áætluðum endingartíma, sbr. 15. gr."

Á því er enginn vafi, að hér er um eðlilegt sanngirnismál að ræða, og þessi nýja regla mun vafalaust verða til þess að skapa atvinnufyrirtækjum meiri möguleika til þess að fylgjast með aukinni og nýrri tækni, endurnýja tæki sín fyrr en ella. Og vitanlega er það hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að atvinnureksturinn á hverjum tíma sé aukinn með sem fullkomnustum tækjum, en sé ekki að burðast með

gömul og úrelt tæki, sem ekki afkasta því sama og ný tæki, eru e. t. v. dýrari í rekstri, en fyrirtækin hafa, m. a. vegna skattalaganna, ekki haft tök á eðlilegri og nauðsynlegri endurnýjun.

Nú er svo ákveðið, að félög megi draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, allt að 8%, áður en skattur er á lagður. Það er sem sagt hið gildandi ákvæði nú. Ef þau hins vegar borga meira en 8% í arð, þá kemur skattur bæði hjá félaginu og hjá félagsmanni, m. ö. o. um tvísköttun að ræða. Með þessu frv. er lagt til að hækka þennan hundraðshluta úr 8% upp í 10%. Þegar þess er gætt, að hæstu sparisjóðsvextir eru nú 9%, þ. e. a. s. af því fé, sem bundið er eitt ár, þá er ekki óeðlilegt, að slík skattfrjáls arðsútborgun hjá félögunum sé hækkuð upp í 10%, og má þó vera, að sumir telji eðlilegra, að þetta mark væri nokkru hærra, en út í það skal ekki farið hér. Hins vegar er slíkur arður að sjálfsögðu jafnan skattlagður hjá hluthöfunum sjálfum.

Í 17. gr., 2. mgr., er svo ákveðið, að ef nokkuð af ársarði félaga er lagt í varasjóð, þá er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Í núgildandi lögum er þetta þó bundið við, að það sé ekki hærri fjárhæð en ⅓ hluti af hagnaði félagsins. Þessu er breytt þannig, að í stað ⅓, eða 20%, er heimilað að leggja með þessum hætti í varasjóð 25%, eða fjórðung af hagnaði félaganna. Tveir aðilar eru það, sem hafa haft nokkru rýmri varasjóðshlunnindi, en það eru samvinnufélög, sem mega leggja skattfrjálst þriðjung af tekjuafgangi sínum í varasjóð, og enn fremur félög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá tekjum sínum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af hreinum tekjum. En á þessi útgerðarfélög eru jafnframt lagðar sérstakar kvaðir, sem sagt þær, að 50% af því fé, sem þau leggja í varasjóð, skuli geymt á sérstökum reikningi í banka, og nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður. Í öndverðu var þessum nýbyggingarsjóði ætlað það hlutverk að tryggja endurnýjun skipastóls útgerðarinnar. Þessum tilgangi var aldrei náð, og það er talið af kunnugustu mönnum, að lögin um nýbyggingarsjóði hafi að mestu verið dauður bókstafur, þannig að þetta sérákvæði um heimild útgerðarfélaganna til að leggja þriðjung af hreinum tekjum í varasjóð skattfrjálst hafi aldrei komið að neinu verulegu gagni, og því hafi það litla sem enga raunhæfa þýðingu að halda þessu ákvæði áfram. Er því lagt til, að varðandi þessi félög skuli gilda almenna reglan um önnur félög, 25% skattfrjálst í varasjóð.

Varðandi samvinnufélögin, þá snertir þetta í rauninni í framkvæmd svo að segja eingöngu viðskipti samvinnufélaganna við utanfélagsmenn, og það er erfitt að sjá, hvaða rök eru fyrir því, að varðandi viðskipti við utanfélagsmenn skuli samvinnufélögin eiga að njóta forréttinda fram yfir aðra atvinnurekendur, sem stunda verzlun eða annan atvinnurekstur. Það þykja því öll rök hníga að því að fá hér algert samræmi milli félaga, þannig að um þau öll gildi 25% varasjóðsfrádráttur inn.

Í 17. gr., 3. mgr., er nokkur breyt. gerð frá gildandi l. Þar segir, að kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög megi draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, og telst það ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu. Þetta ákvæði, sem er í gildandi lögum, er sem sagt látið haldast, en við það er bætt samkv. þessu frv.: „Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.“ Þau rök eru fyrir þessari breyt., að það hefur þótt orka tvímælis í framkvæmd, hvaða félög féllu þarna undir, og hafði verið talið óljóst um ýmis félög önnur en samvinnufélög, og þykir því réttara að taka af öll tvímæli um önnur félög en samvinnufélögin.

Þá er gerð sú breyt. á tekjuskattsstiga félaga, að skattur þeirra skuli vera 20% af skattskyldum tekjum í stað 25%, sem nú gildir. Í frv. um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir, að útsvar félaga sé 20% á lægri tekjur, ég held allt að 75 þús., en 30% á hagnað, sem þar er yfir. Ef þessi frumvörp verða bæði samþ., þá er sem sagt tekjuútsvar og tekjuskattur af félögum yfirleitt samtals 50% eða helmingur af hagnaði félaganna, en auk þess kemur svo aðstöðugjaldið til.

Þá er það ákvæði í 25. gr. B, sem fjallar um eignarskattstigann, að skattfrjáls eign, sem samkv. gildandi l. er 30 þús., skuli nú verða 100 þús. kr. hjá hverjum manni. Auk þess er eignarskattstiginn gerður einfaldari. Í stað þess, að í gildandi l. eru 9 mismunandi prósentur, þá verða þær aðeins 3 eftir þessu frv.

Í 42. gr. segir, að þegar maður kærir skatt sinn til ríkisskattanefndar, þá skuli skattþegni eða umboðsmanni hans heimilt að flytja mál sitt fyrir nefndinni, og einnig er svo ákveðið, að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera rökstuddir. Í framkvæmd hefur það verið svo að undanförnu, að kærendur hafa oft og tíðum ekki fengið með úrskurðinum rökstuðning fyrir honum, og þykir rétt að gera þetta að almennri reglu, að úrskurðirnir skuli rökstuddir, og kærandi á þá heimtingu á því að fá að sjá þann rökstuðning.

Ég kem þá að þeirri breytingu, sem má segja að sé allviðamikil og ein af þeim þýðingarmestu, sem gerð er með þessu frv., og það eru hinar víðtæku breyt. á skattstjórn og framkvæmd skattamála. Þessum málum er háttað í stórum dráttum á þesa lund nú: Undirskattanefndir eru 219 að tölu og 3 menn í hverri nefnd, eða samtals 657 menn í undirskattanefndum. Þessar nefndir leggja á þinggjöld og endurskoða framtöl, en leggja einnig á söluskatt. Sums staðar eru skattstjórar starfandi, og eru þeir nú 10 að tölu. Skattstjórarnir eru á þessum stöðum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum, Neskaupstað, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði, Akranesi. Skattstjórarnir, sem hafa stjórn skattstofu með höndum, vinna sömu verk og undir-

skattanefndir, þ. e. álagningu þinggjalda og söluskatts. Þeir hafa skattaeftirlit og endurskoðun framtala. Síðan koma yfirskattanefndir, sem eru 24 að tölu, 3 menn í hverri nefnd, eða samtals 72 menn. Verkefni yfirskattanefnda er að úrskurða skatta- og útsvarskærur, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og skattanefnda, framkvæma ýmis hlunnindamöt, fara yfir skattaframtöl o. fl. Ríkisskattanefnd er svo æðsta stigið og yfirstjórnandi skattstjóra, skattanefnda og yfirskattanefnda. Í nefndinni eiga sæti þrír nefndarmenn. Ríkisskattanefndin er sem sagt æðsta kærustig í skatta- og útsvarsmálum, endurskoðar framtöl af öllu landinu, úrskurðar beiðnir um eftirgjafir o. s. frv. Kostnaður við framkvæmd skattamálanna, þar með talin laun og kostnaður við undirskattanefndir, skattstofur, yfirskattanefndir. ríkisskattanefnd, — þessi kostnaður var árið 1960 9.6 millj. kr. Á árinu 1962 varð hann 10.7 millj. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir gagngerum og róttækum breytingum á þessu skipulagi. Undirskattanefndir og yfirskattanefndir verða afnumdar samkv. þessu frv., landinu í þess stað skipt í nokkur skattaumdæmi. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir, að þau umdæmi féllu saman við kjördæmi við alþingiskosningar og yrðu 8 að tölu. Í hv. Ed. þótti við athugun réttara að bæta þar við einu skattaumdæmi, Vestmannaeyjum, vegna algerrar sérstöðu þeirra, þannig að í frv. nú er gert ráð fyrir 9 skattaumdæmum og 9 skattstjórum. Fyrir hverju skattaumdæmi er skattstjóri, sem ákvarðar skatta og úrskurðar kærur út af skattaákvörðunum, en þeim úrskurðum má skjóta beint til ríkisskattanefndar eftir frv., í stað þess fyrirkomulags, sem nú er, að kærur fara fyrst til undirskattanefndar eða skattstjórans, síðan til yfirskattanefndar og loks til ríkisskattanefndar. M. ö. o.: hér er fækkað um eitt stig. Gert er ráð fyrir því, að skattstjóri hafi umboðsmenn í hverju sveitarfélagi og bæjarfélagi utan aðseturs síns.

Gert er ráð fyrir, að ríkisskattanefndin starfi áfram og að skipaður skuli ríkisskattstjóri, sem verði formaður nefndarinnar.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ýmsar þekkingar- og hæfnikröfur séu gerðar til skattstjóranna. Skattstjóri skal auk hinna almennu skilyrða, segir í 29. gr., hafa lokið prófi í lögfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltur endurskoðandi eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gegnt skattstjórastarfi. Með þessum ákvæðum eru gerðar strangari kröfur en hingað til hefur verið um undirbúningsmenntun skattstjóra. Er ætlunin sú að koma á þeirri skipan, að á skattstofunum starfi menn, sem eru menntaðir og þaulvanir þessum málum, skattamálum, og með þessu komist á meira samræmi, betra eftirlit, heldur en hingað til hefur verið. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þdm. að gera svo vel að hafa hljótt í fundarsalnum.)

Nú er það svo, að enginn einn embættismaður hefur yfirstjórn skattamálanna í landinu, að undanteknu að sjálfsögðu því, að skattamálin öll heyra undir fjmrn. En hver skattstjóri hefur sitt umdæmi, og það er talið nauðsynlegt að koma á þeirri skipan, að hér verði einn maður, sem hefur yfirsýn, umsjón og yfirstjórn á þessum efnum, og því mælir 31. gr. svo fyrir, að skipaður skuli ríkisskattstjóri. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum og ákvæðin eru í 29. gr. um embættisgengi skattstjóranna. Og ríkisskattstjórinn, sem verður formaður ríkisskattanefndar, á að hafa víðtækt eftirlit, leiðbeiningar og rannsóknarvald í skattamálum.

Með þessari breyt. á framkvæmd skattamála er gert ráð fyrir því, að vinnist margt. Í fyrsta lagi er talið, að þessi skipan muni verða miklum mun ódýrari heldur en sú, sem nú hefur verið um langan aldur, þannig að með þessari nýju skipun sparist verulegt fé. En í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að meira samræmi og betra og strangara eftirlit komist á í þessum efnum heldur en verið hefur.

Ég hef nú rakið í stórum dráttum hinar helztu breyt., sem gerðar eru með þessu frv. frá gildandi lögum. Að sjálfsögðu eru breyt. miklu fleiri, og vísa ég um það til grg. frv. Þótt hér sé um mjög veigamiklar endurbætur að ræða í skattamálum, má þetta ekki skiljast svo, að ýmsar fleiri breyt. en þessar væru ekki æskilegar. Ég tel, að það sé margt í okkar skattalöggjöf, sem enn þurfi að breyta, en skal nú ekki fara út í það atriði frekar hér. Ef þetta frv. verður að lögum, þá verður að sjálfsögðu haldið áfram endurskoðun skattalaganna, ekki með þeim hætti að gera ráð fyrir sérstakri nefnd, sem hafi það með höndum, heldur verður það fyrst og fremst að vera í höndum ríkisskattstjórans að benda á þær breyt., sem hann telur að verði til bóta, og annað það, sem æskilegt væri að breyta, eftir því sem reynslan sýnir okkur á hverjum tíma.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Í þessu frv. til nýrra tekju- og eignarskattslaga, sem hæstv. ráðh. hefur talað fyrir, eru þó nokkrar breyt. frá gildandi lögum, eins og hann hefur minnzt á. Ég mun fara nokkrum orðum um suma meginþætti málsins.

Það má segja, að ein veigamesta breytingin sé sú að lækka skattinn á hreinum tekjum félaga úr 25%, sem hann er núna, í 20% og þó raunar nokkru meira, því að jafnframt er gert ráð fyrir, að varasjóðsfrádráttur megi framvegis hjá almennum hlutafélögum vera 25% í staðinn fyrir 20% áður. Oftast mun það hafa verið svo vegna varasjóðsfrádráttarins, að almenn hlutafélög hafa í reyndinni greitt 20%, þ. e. a. s. þau hafa notfært sér heimildina til varasjóðsfrádráttarins, sem þýðir, að þau hafa borgað í reyndinni 20%, en mér skilst, að framvegis muni þá flest félög borga 16%. Ég vil ekki mæla með þessari lækkun á skatti á hreinum tekjum félaganna og vil færa fyrir þeirri afstöðu nokkrar ástæður.

Það er fyrst, að ég beitti mér fyrir því 1958, að skattar á félögum voru lækkaðir stórkostlega, og stighækkandi skattar á félögunum

voru þá numdir úr lögum. Þessi lækkun þá var mjög mikil, en mismunandi náttúrlega nokkuð eftir því, hvað félögin höfðu haft miklar tekjur. En þá var innleidd ein skattaprósenta á félög, 25%. Ég fullyrði, að síðan þessi löggjöf var sett, 1958, hafa skattgreiðslur félaga yfirleitt til ríkisins ekki verið neitt vandamál fyrir atvinnureksturinn. Öðru máli hefur á hinn bóginn gegnt um útsvarsgreiðslur, vegna veltuútsvaranna alræmdu, sem hafa verið félögum og atvinnurekstri mjög þung í skauti. En skattgreiðslur til ríkisins hafa ekki verið verulegt vandamál félaga, eftir að nýju lögin um skatt félaganna voru sett 1958, líka vegna þess, að ákvæði hér á landi um leyfilegar fyrningarafskriftir af ýmsum þýðingarmiklum eignum til atvinnurekstrar hafa verið mjög frjálsleg, ef svo mætti segja, þ. e. a. s. þau hafa leyft mjög hraðar afskriftir. Þar af leiðandi hafa félög í mörgum greinum atvinnurekstrarins getað haft mjög mikinn ágóða án þess að greiða þunga skatta til ríkisins.

Ef skattalögin frá 1958, ákvæði þeirra um skattgjald félaga, eru borin saman við það, sem tíðkast í öðrum löndum, og um það hafa komið fram allgóðar upplýsingar núna í sambandi við þessi nýju skattalög, kemur það einnig í ljós, að félög hér á landi greiða nú yfirleitt mun lægri skatta til ríkisins en gerist í nágrannalöndunum. Eins og ég sagði áðan, eiga þau yfir höfuð að greiða 25% af skattskyldum tekjum, en hafa heimild fyrir 20% varasjóðsfrádrætti. Í Noregi t. d. er félögum ætlað að greiða 30% til ríkisins og enginn varasjóðsfrádráttur leyfður. Í Danmörku er þeim ætlað að greiða 44%, og er hálfur tekjuskatturinn frádráttarbær, en engin varasjóðshlunnindi. En þetta þýðir, að einnig í Danmörku er tekjuskattur til ríkisins af félagahagnaði hærri en hér. Í Svíþjóð er skatturinn 44% og útsvarsálögur frádráttarbærar, áður en skattskyldar tekjur eru fundnar, og er því erfiðara að bera skattgreiðslur þar í landi saman við það, sem hér tíðkast. En þar er heldur ekkert skattfrjálst varasjóðstillag. Ég býst því við, að skattur til ríkisins á tekjum félaga í Svíþjóð sé raunverulega hærri en hér. Í Bretlandi er skatturinn á félögum til ríkisins 38.75% og *enginn varasjóðsfrádráttur* leyfður.

Á þessu sést mjög greinilega, að ef varasjóðshlunnindin eru tekin til greina, er skattur til ríkisins hér á góða hlutafélaga og annarra félaga miklu lægri en tíðkast í nálægum löndum. Á hinn bóginn eru aðrar álögur hér yfirleitt sízt lægri og álögur á almenning áreiðanlega hér miklu hærri en eiga sér stað í þessum löndum, þegar allt er tekið með í reikninginn.

Þá vil ég í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að í lögunum, sem sett voru 1960 um tekjuskatt einstaklinga, er gert ráð fyrir því, að einstaklingar greiði 30% af skattskyldum tekjum, þegar skattskyldar tekjur eru 90 þús. kr. eða hærri. Ég held, að mig misminni það ekki. Og einstaklingar hafa enga möguleika til varasjóðsfrádráttar. Mér sýnist því ekki vera samræmi í því að ætla einstaklingum slíkar skattgreiðslur, en gera ráð fyrir mikilli lækkun á skattgreiðslum af hreinum gróða eða hreinum hagnaði félaga, þar sem það er nokkurn veginn augljóst mál, að jafnvel eins og lögin eru núna, þá borga félögin minna en einstaklingarnir, eftir að tekjurnar eru orðnar verulegar. Skattaprósenta einstaklinganna kemst upp í 30% á það, sem fram yfir er, þegar tekjurnar verða nokkuð að ráði eða a. m. k. sambærilegar við það, sem þyrfti að vera í atvinnurekstri, en félögin borga aðeins 25%, eftir að hafa lagt hluta af hreinum tekjum í varasjóð. Mér sýnist því ekki vera samræmi í því að lækka þessa skattaprósentu á félögunum.

Það væri ekki óeðlilegt, að skattar á félögum væru lækkaðir, ef nú væri verið að lækka yfirleitt skattaálögur í landinu og álögur á landsmenn. Þá mætti segja, að það væri eðlilegt, að skattur á hreinum félagagróða fylgdi þar með. En það er nú öðru nær en svo sé, því að jafnhliða því, sem hæstv. ríkisstj. stingur upp á þessari breyt., þá beitir hún sér fyrir, eða hefur beitt sér fyrir nú á síðustu missirum, svo taumlausum tolla- og skattaálögum, að ekkert slíkt hefur áður þekkzt. Í því sambandi má t. d. benda á, að skatta- og tolltekjur eru ráðgerðar 1431 millj. á þessu ári, en 1958 voru þær tæpar 700 millj., þannig að álögurnar á þessu tímabili hafa meira en tvöfaldazt, eða vaxið um meira en 700 millj. Þetta liggur í því m. a., að nýir söluskattar hafa verið innleiddir, sem eiga að sópa inn mörg hundruðum millj. kr., og aðrir skattar og tollar hækkaðir stórlega.

Afleiðingarnar af þessu hafa orðið þær, að dýrtíðin í landinu hefur magnazt, eins og hverju mannsbarni er kunnugt, og t. d. hafa erlendar vörur yfirleitt hækkað frá 50—90% á tveimur árum. Til viðbótar þessum gífurlegu álögum til ríkissjóðsins beint beitir hæstv. ríkisstj. sér svo fyrir öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, skattlagningu á höfuðatvinnuvegina alveg sérstaklega, sem ekki eru taldar með í þessu dæmi, sem ég gat um áðan. T. d. setti hæstv. ríkisstj. stórkostlegt nýtt útflutningsgjald á sjávarafurðir með brbl. s. l. sumar og ætlaðist til, að það gjald rynni í lánasjóði sjávarútvegsins. En samtök útvegsmanna risu svo rösklega gegn þessum álögum hæstv. ríkisstj., að hún neyddist til þess í vetur að semja við Landssamband ísl. útvegsmanna um að skila þessum álögum aftur inn í rekstur bátaflotans og fiskiskipaflotans 1961 og 1962 á þann hátt að nota fé til að greiða vátryggingariðgjöld báta- og skipaflotans. Þannig var svo snarplega tekið á móti þessari tilraun hæstv. ríkisstj. til að draga þannig fé út úr rekstri sjávarútvegsins, að hún varð að láta undan síga í bili a. m. k. Á hinn bóginn hef ég heyrt, að ríkisstj. hugsi sér að reyna að koma því ákvæði fram á Alþ., að þessi nýju útflutningsgjöld verði framvegis innheimt og tekin út úr rekstri skipanna og bátanna og lögð inn í lánasjóði sjávarútvegsins.

Þá ákvað ríkisstj. með brbl. í sumar að hækka stórkostlega álögur á bátaútveginn og sjávarútveginn í heild til hlutatryggingasjóðs, og er nú komið fram, að þessar álögur eru hugs-

aðar sem tilraun til þess að láta bátaflotann bera uppi töp togaranna, og kemur það greinilega í ljós af því frv. um aðstoð við togarana, sem nú hefur verið lagt fram.

Loks hefur svo hæstv. ríkisstj. lagt fram eitt skattafrv. enn, og það er í þetta sinn sérstakur tekjuskattur á bændur, sem á að renna inn í lánasjóði landbúnaðarins til að standa undir gengistöpum, sem þeir sjóðir hafa orðið fyrir vegna tvennra gengisfellinga af hendi hæstv. ríkisstj., og svo að því er virðist að einhverju leyti líka til þess að standa undir halla á vaxtareikningi í þeim sjóðum. Þessi skattur hvorki meira né minna en samsvarar 2% kauplækkun hjá meðalbónda í landinu. Auk þess er í sama máli lagt til að innleiða sérstakan toll á landbúnaðarafurðir.

M. ö. o.: það er ekki aðeins, að hæstv. ríkisstj. *hafi beitt sér fyrir því að meira en tvöfalda skatta- og tollaálögurnar til ríkissjóðs* síðan 1958, heldur virðist hún haldin hreinu skattæði, ef svo mætti segja, og leggur fram hvert frv. af öðru aukalega um að skattleggja höfuðatvinnuvegi landsins. Hugsunin virðist helzt vera sú, að það lánsfé, sem til fellur í landinu, bæði nýr sparnaður og það fé, sem t. d. er fengið að láni erlendis, skuli hvorki renna til sjávarútvegs né landbúnaðar, en í staðinn skuli innleiða nýja skattlagningu, bæði á sjávarútveg og landbúnað, og þessir atvinnuvegir sjálfir leggja til lánsfé handa sjálfum sér. Hugsunin virðist sú, að af sameiginlegu fé landsmanna eigi þessir atvinnuvegir ekki að fá fé til að mæta sinni lánaþörf.

Ég undrast því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa sig í að leggja fram till. um að lækka stórkostlega skattaprósentuna á hreinum gróða félaganna í landinu, þegar á það er litið, hvað hún er að aðhafast í skattamálunum og varðandi álögur á þjóðina yfir höfuð. Ég hefði getað skilið, eins og ég sagði áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði gert gangskör að þessu, ef hún hefði yfirleitt verið á þeim buxunum að lækka álögur, að lækka skatta og tolla. En það er nú öðru nær en svo sé.

Af þeim ástæðum, sem ég hef greint, finnst mér óeðlilegt að lækka skattaprósentuna, sem verður að sjálfsögðu að álíta eitt aðalatriði þessa máls. Ég færi sem sagt fram þessi aðalrök: 1958 var skattur á félögum lækkaður stórkostlega, og skattur félaga til ríkisins hefur ekkert vandamál verið í atvinnurekstrinum síðan, þó að útsvörin hafi verið það. Með þeirri löggjöf er félögum hér gert að greiða til ríkisbúsins miklu minna en tíðkast í nágrannalöndum okkar, þótt álögur á almenning hér séu vafalaust miklu hærri en þar. Í þriðja lagi sýnist mér þessi lækkun ekki samrýmast þeim skatti, sem einstaklingum er ætlað að greiða. Í fjórða lagi finnst mér þessi breyt. ekki koma til mála, þegar haft er í huga, að núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir taumlausari tolla- og skattaálögum á almenning í landinu en nokkru sinn hafa áður þekkzt.

Þá kem ég að öðrum meginþáttum málsins. Það eru fyrningarreglurnar. Að sama skapi sem mér sýnist með öllu óeðlilegt að lækka sjálfa skattprósentuna, sýnist mér eðlilegt að endurskoða þau möt, sem fyrningarafskriftirnar eru byggðar á. Núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir algerri verðbyltingu í landinu á tveimur árum. Hún hefur framkvæmt tvær gengislækkanir og mokað á sölusköttum og nýjum tollum, þannig að verðlagið í landinu hefur tekið gjörbyltingu á tveimur árum. Og þótt ekkert hefði komið annað til heldur en þetta, hefði verið eðlilegt að endurskoða matið á eignum til fyrningarafskrifta. Nú hafði átt sér stað talsvert veruleg verðhækkunarþróun áður, eins og kunnugt er, og kemur það til viðbótar. Sýnist mér því alveg eðlilegt, að endurmat fari fram á þeim eignum, sem ekki hafa enn þá verið afskrifaðar til fulls. Reglurnar um þetta í frv. eru að vísu dálítið óljósar, en ég skal ekki fara út í það hér. En ég er fylgjandi þeirri meginstefnu, sem þar kemur fram, því að *ég tel það mjög þýðingarmikið atriði*, að hvorki félög né einstaklingar greiði skatta af öðru en raunverulega hreinum tekjum. Þess vegna er ég fylgjandi því, að reynt sé að koma þessu þannig fyrir, að bæði félög og einstaklingar geti dregið frá tekjum sínum það, sem segja má að sé raunverulegur kostnaður, þar með taldar fyrningar og afskriftir. Og þá náttúrlega verður að játa, að það er ekki fullnægjandi að draga frá fyrningarafskriftir af gömlu, gjörsamlega úreltu verði á eignum, en æskilegt að draga frá fyrningarafskriftir af því verði eigna, sem nærri er sanni. Það er mjög erfitt að koma slíku fyrir, þar sem verðbólguþróun er og verðlagsbreytingar verða miklar. En mér sýnist rétt, að þetta endurmat fari fram núna, vegna þeirrar verðlagsbyltingar, sem orðið hefur ofan á þær verðbreytingar, sem áður höfðu átt sér stað.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. að draga úr varasjóðsfrádrætti útgerðarfélaga og samvinnufélaga. Þessu er ég algerlega mótfallinn. Varðandi útgerðarfélögin vil ég segja, að það verður tæplega um það deilt, að útvegur er áhættumesti atvinnuvegurinn. Það er þess vegna alveg eðlilegt, að sérreglur gildi um útgerðarfélögin að þessu leyti, að þau hafi möguleika til að draga meira frá, leggja meira í varasjóð en önnur félög. — Varðandi samvinnufélögin er það að segja, að þau eru ekki sambærileg við nein önnur félög að þessu leyti. Varasjóðir hlutafélaganna eru eign hluthafanna — persónuleg eign hluthafanna, og ef félag er leyst upp t. d., eins og verður nú miklu auðveldara að gera, eftir að búið er að innleiða nýjar lagareglur um frihlutabréf og þvílíkt, geta eigendurnir fengið eignir félaganna, þar með varasjóðina, til einkaafnota og frjálsrar ráðstöfunar. En eignir og varasjóðir samvinnufélaganna eru allt annars eðlis, því að þessar eignir geta aldrei orðið persónulegar eignir félagsmannanna. Félagsmennirnir geta aldrei fengið varasjóði félaganna til neinnar ráðstöfunar. Ef samvinnufélag er lagt niður, er alls ekki leyfilegt að skipta varasjóðnum upp, heldur verður að geyma varasjóðinn og leggja hann til nýs samvinnufélags, sem hefði sams konar verkefni og það, sem niður var lagt. M. ö. o.: Þær eignir, sem safnast í varasjóði samvinnufélaganna, eru hreinlega eins konar stofnfé,

sem leggst fyrir í því byggðarlagi, sem félögin starfa í. Og þetta fjármagn getur aldrei orðið einstaklingseign og aldrei til persónulegrar ráðstöfunar fyrir neinn.

Af þessum ástæðum hafa verið höfð sérákvæði um varasjóði samvinnufélaganna. Og það er auðvitað alveg óeðlilegt, að það gildi nákvæmlega sama um þessa sjóði, sem eru myndaðir þannig í almenningsþágu í byggðarlögunum, og um einkagróða, sem menn geta fengið til persónulegrar ráðstöfunar, ef þeim svo býður við að horfa. En það er svo að sjá, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki áttað sig á þeirri sérstöðu, sem samvinnufélögin hafa að þessu leyti. Ég vil því mæla á móti því, að dregið verði úr varasjóðshlunnindum samvinnufélaganna.

Það er annars ástæða til að benda á það hér, að í þeim upplýsingum, sem fram eru komnar um skattamál annars staðar, kemur það í ljós, að samvinnufélög borga yfirleitt miklu lægri skatta til ríkisins í nágrannalöndum okkar en þau gera hér og hafa miklu meiri sérstöðu í skattamálum en þau hafa hér, því að nú hafa þau í raun og veru eftir þær lagabreytingar, sem orðið hafa undanfarið, nær enga sérstöðu hér. Það er að komast í það horf, að þau eru skattlögð hér alveg eins og venjuleg gróðafélög — félög, sem eru rekin í ágóðaskyni. þótt þau séu rekin alveg sem þjónustufyrirtæki fyrir fólkið og byggðarlögin og eignir þeirra geti aldrei orðið til ráðstöfunar fyrir einstaklingana. Það virðist ríkja mikill skilningur í nágrannalöndunum varðandi sérstöðu samvinnufélaganna og skattaákvæðum hagað samkv. því, þannig að þau greiða yfirleitt lægri skatta annars staðar en þeim nú er ætlað að gera hér. Ég nefni þetta í leiðinni. En nú er um það að ræða, hvort það eigi að minnka varasjóðsfrádráttinn fyrir samvinnufélögin, og vildi ég mæla þessi orð gegn þeirri breyt., alveg eins og ég áðan mælti gegn því að minnka varasjóðshlunnindi útgerðarfélaganna.

Loks er svo einn þáttur í þessu, sem ég vildi minnast aðeins á nú við 1. umr. Það er breytingin á álagningarkerfinu. Það á að leggja niður skattanefndir og yfirskattanefndir, en ætla skattstjórum og umboðsmönnum skattstjóra í einstökum hreppum og kauptúnum að leggja skattinn á. Ég er mjög dauftrúaður á, að þetta verði til sparnaðar. Ég held, að það sé mikil hætta á, að þetta verði til þess, þegar fram líða stundir, að gera kerfið miklu dýrara en það hefur verið. Það má vera, að allra fyrst kynni að koma fram af þessu einhver sparnaður. Ég held þó, að það mundi fljótt sækja í það horf, að þetta verði miklu dýrara. Við skulum bara gera okkur grein fyrir því, að mjög fljótlega verður þetta þannig, að fyrir utan þessa nýju skattstjóra, sem hæstv. ráðh. vill lögfesta, þá verða undirskattstjórar í öllum kauptúnum landsins, sem mættu alveg eins heita því nafni. Og það er alveg áreiðanlegt, að þegar þessir menn verða komnir í þau störf að vera umboðsmenn skattstjórans, eða undirskattstjórar, þá koma upp skrifstofur á vegum þessara manna, alveg áreiðanlega. Og síðan kemur aðstoðarlið, og verður vafalaust blómlegur vöxtur kringum þetta, þegar fram líða stundir. Ég efast ekkert um það, að þannig verður þetta, þó að það kunni fyrst að koma fram eitt eða tvö ár einhver sparnaður í sambandi við þetta, á meðan hinir nýju aðilar eru að sækja í sig veðrið, ef svo mætti segja. Þegar fram líða stundir, hefur þetta fyrirkomulag í för með sér útþenslu á skrifstofuverki við skattaálagningu. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að undirskattstjórarnir, t. d. í stærri kauptúnunum og sumum kaupstöðunum, verða fljótlega dýrari í rekstri en skattanefndirnar, sem fram að þessu hafa unnið þessi störf.

Ég skal náttúrlega ekkert um það segja, hvort þetta veitir meira öryggi fyrir réttum framtölum. Ég dreg mjög í efa, að þetta hafi nokkur áhrif í þá átt, en ég skal ekkert um það fullyrða. Það sýnir væntanlega reynslan, að einhverju leyti, að svo miklu leyti sem hægt er að sjá slíkt. En það er alveg ljóst, að í þessu frv. eru á hinn bóginn engin ákvæði, sem gera skattstjórum eða skattstarfsmönnum léttara að knýja fram rétt framtöl en áður hefur verið. Ég hef ekki komið auga á þau, nema síður sé. Það er fremur dregið úr aðstöðu til þess. En ég skal ekki fara út í það. Ég vildi láta í ljós þá skoðun mína, að ég held því fari fjarri, að hér verði raunverulega stefnt til ódýrari starfsrækslu á skattakerfinu en verið hefur fram að þessu.

Í þessu sambandi vil ég líka aðeins drepa á, að í útsvarslagafrv. nýja, sem hér hefur komið fram og vísað hefur verið til nefndar í þessari hv. d., er gert ráð fyrir því að setja á fót framtalsnefndir í sambandi við útsvarsálagninguna í hverju byggðarlagi, sem koma með óbeinum hætti, að því er segja má, í staðinn fyrir skattanefndirnar.

Ég skal svo láta þessu máli mínu lokið, því að ég vildi aðeins drepa á meginþættina. Það eru auðvitað ýmis fleiri atriði, sem ástæða væri til að ræða, en það tel ég ekki að eigi að gera við 1. umr., og verður þetta allt vafalaust skoðað í nefndinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að þetta frv. feli fyrst og fremst í sér tvær höfuðbreytingar frá gildandi lagaákvæðum. Að vísu koma hér inn í mörg smærri atriði, en fyrst og fremst sýnist mér, að hér sé stefnt að því að koma fram tveimur meginbreytingum. Hin fyrri er sú að lækka skatta á félögum í landinu, og til þess eru svo ákveðnar ýmsar ráðstafanir að koma þessu meginatriði fram. Og hitt meginatriðið, sem frv. felur í sér, er að umsteypa framkvæmdakerfinu varðandi framkvæmd skattamála, þ. e. a. s. því kerfi, sem byggt hefur verið upp varðandi álagningu á sköttum til ríkisins og að nokkru leyti innheimtu þeirra. Þetta eru tvö meginatriðin, sem mér sýnist að felist í þessum nýja lagabálki. Ég vil víkja nú við 1. umr. málsins að nokkrum meginatriðum, sem snerta þessar tvær aðalbreytingar. Það er þá fyrst viðvíkjandi lækkun skatta á félögum.

Lækkun skatta á félögum á að ná með þessum hætti, að skattgjald félaga á að lækka úr 25%, sem verið hefur, í 20%, þannig að skatt-

stiginn, sem beita á á tekjur félaga, á að lækka nokkuð. En vitanlega sjá menn, að þessi lækkun á skattstiganum gagnvart félögum mundi skammt draga, og því er vitanlega betur að gert til þess að koma fram því meginatriði í frv. að vinna að skattalækkun félaga. Og til þess er síðan ákveðið að gerbreyta fyrningarreglum frá því, sem nú hefur verið um langan tíma. Samkv. hinum nýju ákvæðum munu mörg félög í landinu fá aðstöðu til þess að draga frá tekjum sínum mjög verulega auknar fúlgur í formi nýrra fyrningarafskrifta, þar sem fyrningarnar eru raunverulega stórkostlega hækkaðar vegna nýs verðgildis, sem talað er um að sé komið á þau tæki eða þær eignir, sem fyrna á hjá félögunum. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því, að félög í landinu megi borga út eða draga frá skattskyldum tekjum sínum útborgaðan arð, sem nemur 10%, í staðinn fyrir 8% áður. Þetta miðar auðvitað líka að því að lækka skatt félaga. Og í fjórða lagi er svo um það að ræða, að félög megi nú gefa út svonefnd jöfnunarhlutabréf, en mér sýnist, að slíkt leiði til þess, að félögin geti á þann hátt borgað út miklu meiri arð til hluthafa en áður hefur verið og þannig lækkað sínar skattskyldu tekjur með þessari leið. Þá er í fimmta lagi lagt til, að færa megi töp á milli ára yfir 5 ára tímabil í stað 2 ára tímabils, sem verið hefur áður. Öll þessi atriði miða að því, að félög í landinu greiði minni skatta til ríkisins af samsvarandi tekjum heldur en verið hefur. Þetta er vitanlega eitt meginatriðið, sem þetta frv. byggist á, þ. e. að lækka skatta félaganna.

Þá er að víkja að því, hversu réttmætt sé að lækka skatta almennra félaga í landinu frá því, sem verið hefur. Það hefði vissulega verið fróðlegt að fá upplýsingar um það hér við þessar umr., hvað félögin í landinu, sem nú á að lækka tekju- og eignarskatt hjá, hafa greitt til ríkisins á undanförnum árum í skatta. Hvað er hér um mikla upphæð að ræða, sem á þessum rekstri hefur hvílt? Og hefur sem sagt hlutdeild þessara félaga í skattgreiðslum til ríkisins verið með þeim hætti, að bein ástæða sé til þess að lækka greiðslur þeirra til ríkisins frá því, sem verið hefur?

Mér skilst, að allar skattgreiðslur, þ. e. tekjuskattur og eignarskattur, félaga í landinu muni hafa numið nú síðustu árin í kringum 40—50 millj. kr. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið um það, hvernig skattgreiðslur félaga hafa verið hér í Reykjavík, en þar skiptir það mestu máli, — um sundurliðun annars staðar á landinu er ekki að ræða samkv. því, sem skattayfirvöldin segja, — þá eru þessar tölur þannig, að árið 1960 var álagður tekju- og eignarskattur í Reykjavík þannig, að einstaklingar báru þá 28.9 millj. kr., en félög 26.2 millj. kr. Þetta voru þeir skattar, sem þessir aðilar áttu að bera til ríkisins fyrir tekjuárið 1959, en var lagt á á árinu 1960. Á árinu 1961 báru þessir sömu aðilar þessa skatta, það var sem sagt fyrir tekjur árið 1960: Tekju- og eignarskattur einstaklinga var þá í Reykjavík 32.4 millj., en tekju- og eignarskattur félaga var þá í Reykjavík 29.4 millj. kr. Þessar tölur eru að ýmsu leyti mjög athyglisverðar, sýnist mér, vegna þess að það átti að vera nokkur skilsmunur á milli áranna 1959 og 1960 í skattamálum eða í skattinnheimtu. Árið 1959 giltu hin eldri skattalagaákvæði, en um tekjur ársins 1960 giltu nýju ákvæðin, sem mörkuð voru af núv. ríkisstj. M. ö. o.: umskiptin urðu þessi hjá einstaklingum, sem átti nú að lækka verulega tekju- og eignarskattinn hjá, að fyrir árið 1959 urðu einstaklingar í Reykjavík að borga 28.9 millj. kr., en fyrir árið 1960 urðu þeir hinir sömu að borga 32.4 millj. kr., eða þar er hækkun um 3.5 millj. kr. þrátt fyrir allmikla skattalækkun, sem þá átti að verða hjá einstaklingum og varð nokkur. En hjá félögum voru þessar tölur aftur á móti þannig, að fyrir árið 1959 borguðu félögin 26.2 millj. kr., en fyrir árið 1960 29.4 millj. kr., eða hækkunin hjá félögunum var 3.2 millj. kr., svo að hlutfallið virðist ekki hafa breytzt ýkja mikið.

Þessar tölur sýna það líka, að hlutdeild félaga í skattgreiðslum til ríkisins er harla lítil, og það virðist vera, sem menn reyndar þekkja mætavel, að félögin hafi haft fullan möguleika á því, þó að skattstigum hafi ekki verið breytt hjá þeim á milli áranna 1959 og 1960, að breyta skattinum hjá sér sjálf, þó að ekki væri breytt skattstigum, og mun ég koma að því nokkru nánar síðar, hvaða möguleika félög hafa einmitt til þess fram yfir alla aðra, sem borga skatta til ríkisins, eða flesta aðra. Ég ætla, að þessar tölur sýni það, að hlutdeild félaga í landinu í skattgreiðslum til ríkisins sé ekki réttlát og að það hafi verið margt annað, sem var eðlilegra að gera í skattamálum okkar, eins og málin liggja þar, heldur en að fara að ívilna enn þá félögum í landinu frá skattgreiðslum.

Það hefur verið bent á það hvað eftir annað af ýmsum aðilum, úr flestum flokkum ætla ég, að mestu annmarkarnir á okkar skattalöggjöf væru einmitt þeir, að ýmiss konar rekstur í landinu, og þá alveg sérstaklega rekstur í höndum félaga, hefði þá sérstöðu, eins og okkar skattakerfi væri uppbyggt og þó sérstaklega okkar skattaeftirlit allt, að geta smeygt undan verulegum fjárfúlgum af sínum raunverulegu tekjum, þannig að þær kæmu ekki fram til skattskyldra tekna. Við vitum, að t. d. verzlunarfyrirtæki hafa einkar góða aðstöðu með þetta, að telja ekki fram raunverulega allar sínar tekjur. Það er mjög svipað að segja um ýmiss konar iðnrekstur, hótelrekstur, verktaka, útgerðarfélög og önnur félög, sem hafa lítið aðhald varðandi sitt bókhald og eru undir mjög litlu eftirliti með framtal sitt af hálfu skattayfirvalda í landinu.

Til dæmis um það, að ég er ekki einn um þessa skoðun, vil ég benda á, að fyrir stuttu bárust okkar þm. hér á borðin til okkar upplýsingar um sérstaka endurskoðun, sem sænskur prófessor hafði gert hér fyrir Iðnaðarmálastofnunina á skattgreiðslum íslenzkra fyrirtækja, en þessa endurskoðun framkvæmdi þessi sænski prófessor árið 1958. Í þessari skýrslu segir m. a. prófessorinn á þessa leið, einmitt um þetta atriði, sem ég er nú að tala um, — hinn sænski prófessor segir: „Ólafur Björnsson prófessor gaf þær upplýsingar í umræðum á Alþ. um frv., sem nefnt er í kafla f," — og

hann er búinn að tala um áður í skýrslunni, — „að 20—25% af skattskyldum tekjum muni sennilega hafa verið dregið undan skatti. Skerpt framtalseftirlit ætti að líkindum að geta minnkað þennan undandrátt um a. m. k. helming," segir hinn sænski prófessor. Þau útgjöld, sem skerpt framtalseftirlit hefði í för með sér, ættu, hvernig sem á allt er litið, að vera vel ráðstafað fé. Prófessor Ólafur Björnsson, sem ég hygg, að hæstv. ríkisstj. vilji taka fullt tillit til í þessum efnum, hefur sem sagt slegið því fram í umr. um skattamál á Alþ., að hann teldi, að 20—25% af raunverulega skattskyldum tekjum í landinu kæmi aldrei til framtals og væri aldrei skattlagt.

Ég minnist þess líka að hafa heyrt það hér í umr. á Alþ., að menn, jafnvel í hópi núv. ráðh. og dyggustu stuðningsmanna ríkisstj., hafi talað um, að samkv. ágizkun talnaglöggra manna mundi vera skotið undan af tekjum frá framtölum 500—600 millj. kr. á ári. Það vita allir, að þessi undanskot eiga sér stað í ríkara mæli í atvinnurekstrinum, í ýmiss konar rekstri, heldur en hjá launatekjumönnum í landinu. Það er þannig frá málum gengið í okkar skattalöggjöf og varðandi okkar skatteftirlit, að það má segja, að almennar launatekjur komi tiltölulega vel fram og þar sé ekki miklu undan skotið, þannig að skattstigunum er í öllum aðalatriðum að fullu beitt gagnvart launatekjumönnum. En bilunin í okkar skattakerfi hefur einmitt verið gagnvart rekstrinum. Það er vitað mál, að reksturinn hefur búið við þau sérhlunnindi, að þar hafa eigendur fyrirtækjanna verið svo að segja einir um að segja, hvað tekjurnar hafi verið miklar og hver útgjöldin hafi verið í hverju atriði fyrir sig, en eftirlit í því, hversu rétt hefur verið frá skýrt á framtölum þessara aðila, hefur verið fádæmlega lítið. Og ein ástæðan til þess einmitt, að gripið hefur verið til veltuútsvaranna, hefur einmitt verið þetta, að reksturinn hefur komið þannig út á framtölum ár eftir ár, að þeir, sem þó hafa virzt geta haft allmikil umsvif, allmikinn rekstur með höndum, og virðast, þegar ákveðin uppgjör hafa farið fram, t. d. varðandi eignatalningu með vissu millibili í landinu, þá hefur komið í ljós, að þrátt fyrir sífelldan taprekstur þessara aðila á skattaframtölum frá ári til árs hafa þeir þrátt fyrir allt eignazt allálitlegar fjárfúlgur. Ég held, að þegar menn vita, að svona stendur á, þá sé það ekki hið brýna verkefni að lækka frá því, sem í gildi hefur verið, reglurnar um skattlagningu félaga eða hins almenna rekstrar. Hitt hefði verið sönnu nær, að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að skattayfirvöldin í landinu tækju nú öðrum tökum á framtölum þeirra, sem rekstur hafa með höndum.

Ég vitnaði hér fyrr í minni ræðu í þessa skýrslu hins sænska prófessors frá árinu 1958. En í þessari skýrslu hans segir hann einnig einmitt um þetta atriði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skattayfirvöldin þurfa að fá aðstöðu til víðtækari rannsókna en nú er unnt að framkvæma á bókhaldi atvinnurekenda og bókhaldsfylgiskjölum. Þetta á einnig við um smáfyrirtæki og frjálsa atvinnurekendur, sem æskilegt er að fengju víðtækari bókhaldsskyldu."

Hinn sænski prófessor segir enn fremur í þessari skýrslu:

„Ársreikningar hlutafélaga ættu, eins og í mörgum öðrum löndum, að vera opinber gögn, og setja ber í lögin um hlutafélög ákvæði um, hvernig gera skuli upp reikninga. Setja ber lagafyrirmæli a. m. k. um stórfyrirtæki, að einn endurskoðenda skuli vera löggiltur endurskoðandi."

Ekkert um þessi atriði er að finna í því skattalagafrv., sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir því, að framkvæmdin verði í öllum aðalatriðum í sams konar formi og hún hefur verið, enda vita allir, að sé á þessum málum tekið á réttan hátt, þá mundu skatttekjur ríkisins af ýmiss konar atvinnurekstri í landinu, stórlega hækka frá því, sem nú er. Ég álít, að miklu fremur hefði komið til mála að samþykkja sum þeirra ákvæða a. m. k., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ef jafnframt hefði verið ákveðið og það skýrt fram tekið hér í l. að taka upp þetta aukna eftirlit með framtölum, sérstaklega hjá þeim, sem búa við sérstöðu nú og eru svo að segja einir til frásagnar um tekjur sínar og gjöld. Það er enginn vafi á því, að það er hægt að setja ýmsar reglur um það, að þeir, sem telja fram útgjöld hjá sér, eigi jafnframt að geta um það í upplýsingum sínum til skattayfirvalda, til hvaða aðila þessi útgjöld hafa farið, og yrði þá hægt að rekja upphæðirnar áfram og sanna það, að tekjur ýmissa eru meiri en þeir hafa fram talið. Núna er þessu beitt gagnvart launþegum í landinu. Allir atvinnurekendur eiga að gefa upp nákvæmlega allt það kaup, sem þeir hafa greitt launþegum, og þannig er hægt að hafa eftirlit með því, hversu rétt framtal launþeganna er um tekjur þeirra. En það er hægt að koma þessu sama við í ýmsum greinum varðandi ýmiss konar rekstur í landinu, ef vilji er fyrir hendi. Hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu, þá hefði ég talið lítils um vert, þó að skattprósentan hjá félögum hefði verið lækkuð úr 25% niður í 20%. Þá skipti það ekki verulega miklu máli, ef það var búið að tryggja það áður með sérstakri endurskoðun með a. m. k. vissu millibili á bókhaldi ýmissa fyrirtækja í landinu, að framtal þeirra væri rétt. Þá var allt annað að slaka hér nokkuð til. En að veita þær tilslakanir til þessara félaga, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að óbreyttum ástæðum, það tel ég alveg fráleitt, því að á því er enginn vafi, að þau félög, sem hér um ræðir, bera tiltölulega minni hluta af skattbyrðinni hér á landi en í flestum öðrum löndum.

En þó að gert sé ráð fyrir nokkurri skattlækkun hjá félögum samkv. þessu frv., þá er, eins og hér hefur verið bent á af öðrum, þó ekki stefnt að því að lækka skatta almennt í landinu. Á því leikur auðvitað enginn vafi, að það, sem er að gerast í þessum efnum hjá okkur, bæði sem afleiðing af þessu frv., sem hér liggur fyrir, og fleirum, sem hér hafa verið á döfinni að undanförnu, er það, að verið er að breyta nokkuð til um skattinnheimtuna. Það er ekki verið að minnka heildarskattinnheimtuna

af hálfu ríkisins, síður en svo, hún fer raunverulega sífellt vaxandi. En það er verið að innheimta skattana af öðrum en áður var gert, það er verið að flytja skattana til. Það er mergurinn málsins. Það er að vísu rétt, að skattar einstaklinga hafa verið lækkaðir nokkuð. En sú skattalækkun einstaklinga, sem framkvæmd hefur verið, hefur í aðalatriðum verið þannig, að mjög lágir skattar á almennum launatekjum voru í mörgum tilfellum felldir niður með öllu. (**Forseti:** Það er í ráði að fresta fundi kl. 4. Ég vildi spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi ekki allmikið eftir af ræðu sinni.) Jú, ég á nokkuð eftir. (**Forseti:** Þá verður fundi frestað og hefst að nýju kl. 5 í dag.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði komið að því í ræðu minni, að þó að eitt aðalmarkmið þeirra breyt. á skattalöggjöfinni, sem hér liggja fyrir, væri að koma fram skattalækkun hjá félögum, þá væri samt sem áður ekki um að ræða almenna lækkun á sköttum, sem landsmenn almennt fengju að njóta, heldur þvert á móti, að raunverulega er það svo, að skattheimtan hefur farið hækkandi — og það mjög hækkandi. Þegar hér er því stefnt að lækkun á sköttum félaga, þá er fyrst og fremst um að ræða tilfærslu á sköttum. Það er létt á einum, en gert hins vegar ráð fyrir því að innheimta skattana af öðrum. Ég hafði minnzt á það, að núv. ríkisstj. hafði að vísu komið fram nokkurri lækkun á beinum sköttum einstaklinga. Sú skattalækkun, sem þá var samþ. hér, var að vísu nokkur, og hún var, eins og ég sagði, í aðalatriðum þannig, að tiltölulega mjög lágir skattar á almennum launatekjum voru felldir niður, og svo, að allháir skattar hjá tekjuháum einstaklingum voru stórlækkaðir, eða m. ö. o., að sú skattalækkun, sem átti sér stað með breyt. á skattalögunum 1960, fól það raunverulega í sér að lækka fyrst og fremst beina skatta, tekjuskatt hjá alltekjuháum einstaklingum. Hjá almennum launatekjumönnum skipti þessi skattalækkun tiltölulega litlu máli. En nú er sem sagt komið að því, að nú er ætlazt til þess að lækka allverulega skatta ýmiss konar félaga, sem hafa, eins og ég hafði sýnt hér fram á áður í minni ræðu, þó sannarlega ekki borgað mjög háa skatta til ríkisins, þegar á heildina er litið, því að þeir hafa búið við sérstakar aðstæður varðandi framtöl og hafa í rauninni mjög getað ráðið því sjálfir, hvaða skatta þeir greiddu ríkinu, vegna þess að skattaeftirlitið á framtölum þeirra hefur verið heldur lítið.

Ég býst við því, að þetta frv. leiði til nokkurrar lækkunar á þessum skattgreiðslum félaga til ríkisins. Kannske þær 40—50 millj., sem félögin í landinu greiða nú árlega í tekju- og eignarskatt til ríkisins, kannske tekst að lækka þessa upphæð um helming eða um 20—25 millj. kr. með þeim ráðstöfunum, sem þetta frv. felur í sér. En það skiptir þó í mínum augum ekki aðalmáli. Hitt skiptir miklu máli, ef áfram á að halda því skipulagi, sem verið hefur um það, að atvinnurekstrinn hafi þannig að verulegu leyti sjálfdæmi um, hvað hann greiðir í skatta, vegna lélegs skattaeftirlits. En þó auðvitað dregur það nokkuð, ef þessi félög þurfa nú að greiða 20—25 millj. kr. minna en áður hefur verið með þeim nýju reglum, sem hér á að taka upp. En það er sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. ætlar að gera meira fyrir þessa aðila en að lækka á þeim skattinn til ríkisins. Hún er líka með öðru frv., sem er mjög skylt þessu, en það er um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þar er hún einnig að vinna að því að létta veltuútsvörunum að verulegu leyti af ýmsum félögum í landinu, þeim félögum, sem hafa aðstöðu til þess að velta af sér hinu nýja gjaldi, aðstöðugjaldinu, sem á að koma í staðinn fyrir veltuútsvarið, og gera það gjald að raunverulegum söluskatti. Og afleiðing þess yrði auðvitað sú, að slík félög hafa losnað undan verulegum sköttum til bæjar- og sveitarfélaga og einnig fengið nokkra lækkun samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, á sköttum sínum til ríkissjóðs. Allt þetta sem sagt stefnir að því að lækka skatta almennra félaga frá því, sem verið hefur, þó að skattar þeirra hafi verið tiltölulega lágir.

Það er greinilegt, að það er stefna hæstv. ríkisstj. að minnka sem mest hlutdeild beinu skattanna í heildarskattheimtunni í landinu og hækka að sama skapi hina óbeinu skatta. Þannig munu beinu skattarnir hafa breytzt frá árinu 1959 og nú til ársins 1962 þannig, að árið 1959 munu beinir skattar hafa verið um 20.7% af heildarskattheimtu ríkisins, en nú eru þeir áætlaðir aðeins 6.7% af heildarskattheimtunni. Þetta er í rauninni mjög athyglisvert, þegar það er borið saman við skattheimtuna í nálægum löndum, en þá kemur í ljós, að beinir skattar eru í nálægum löndum yfirleitt 25—35% af heildartekjum ríkissjóða þeirra landa, en hjá okkur er svo komið, að beinu skattarnir eru komnir niður í 6.7%. En sem sagt, á sama tíma og þetta gerist, þá vaxa neyzluskattarnir, eins og hér hefur verið rakið, bæði af mér og öðrum í þessum umr.

Þá er annað meginatriði þessa frv., sem ég átti eftir að ræða um, en það er sú breyt. á framkvæmd skattamálanna, sem gert er ráð fyrir í frv. Nú er gert ráð fyrir því að leggja niður hinar almennu skattanefndir, yfir- og undirskattanefndir, en skipta landinu í níu skattstjóraumdæmi. Og ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. tilfærði einkum tvennt, sem mælti með þessari breyt. Annað var það, að þessi breyt. mundi hafa í för með sér nokkurn sparnað, og hitt var, að meira samræmi mundi verða í framkvæmd skattamála en verið hefur. Ég verð nú að segja, að ég hef sjaldan heyrt minnzt á það, þegar skattamál hafa verið rædd á undanförnum árum, að menn kvörtuðu sérstaklega undan því sem stóru eða miklu vandamáli, að skattlagningin færi mjög misjafnlega fram á hinum einstöku stöðum á landinu, varðandi framkvæmd skattalaganna eða skattinnheimtunnar til ríkisins, að hvort heldur um væri að ræða einstaklinga eða félög, þá greiddu þau ekki skatta nokkuð með svipuðum hætti, hvort sem skatturinn hefði verið lagður á austur á landi eða hér í Reykjavík, skattur til ríkisins. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt fyrr kvartað um það, að mikið misræmi væri í framkvæmdinni að þessu leyti. Ég held því, að það sé miklu fremur uppfundin afsökun að koma

fram með þetta sem ástæðu fyrir því, að þessi gerbreyting á nú að taka gildi. Nei, ég held, að það hafi ekki verið það, sem einkum hefur verið að, að hinar einstöku skattanefndir hafi framkvæmt skattalögin og reglugerðir þær, sem fylgt hafa skattalögunum, svo mjög mismunandi, enda hafa auðvitað verið yfirnefndir yfir skattanefndunum og síðan ríkisskattanefnd til að gæta að hinni almennu samræmingu.

Um sparnaðinn verður auðvitað erfitt að segja, hvernig það fer. Reynslan verður að skera úr í þeim efnum. En ég segi það sem mína skoðun, að ég hef enga trú á því, að sparnaður verði að þessu nýja kerfi, heldur þveröfugt. Ég held, að hér verði um stóraukinn kostnað að ræða frá því, sem verið hefur, og það verði ekki hægt að komast hjá því með því að taka upp þetta, nýja kerfi. Það er nú einu sinni svo, að víðast hvar á landinu verður nú líklega, eins og málum er háttað hjá okkur, að vinna að framkvæmd skattamála á tiltölulega stuttum tíma af árinu. Við miðum allt við ársuppgjör um áramót. Framtalið á að berast hinum opinberu aðilum rétt upp úr áramótum. Þá verður unnið í framtölum, þá verður reiknaður út skattur. Það er því venjulega nokkur annatími upp úr áramótunum hjá þeim, sem hafa með framkvæmd þessara mála að gera. En hins vegar koma svo eyður í þetta starf, þegar líður fram á sumar og haust, og þá er venjulega lítið að gera. En hvernig fer svo þetta, þegar búið er að ráða mikinn hóp af starfsmönnum ríkisins til þess að framkvæma þessa vinnu, auðvitað fastráðnum mönnum, hjá því verður varla komizt? Þá hygg ég, að ríkið kunni að sitja uppi með allmikið starfslið í allmarga mánuði á hverju ári, sem tiltölulega lítið verður fyrir að gera, nema þá að það eigi að færa út verksvið þeirra verulega frá því, sem verið hefur. En hins vegar hefur skattanefndaformið verið þannig, að hægt hefur verið með þeim hætti að láta ýmsa menn heima í sveitarfélögunum annast þau störf til viðbótar við önnur störf fyrir mjög takmarkaða greiðslu, og þeir hefðu aldrei talið skattanefndarstörfin sem neitt fullnaðar- og fulllaunað starf af sinni hálfu. Meira að segja hefur þetta orðið reyndin með skattstjórana, sem hafa verið settir nú á síðustu árum á ýmsum stöðum á landinu. Þeir hafa auðvitað haft nokkuð mikið að gera í nokkra mánuði. Svo höfum við séð það, sem höfum búið í nánd við þá, að þeir höfðu ekki meira að gera, þótt þeir væru fastlaunaðir menn hjá ríkinu, en svo, að þeir gátu verið í mörgum fulllaunuðum embættum öðrum á staðnum jafnframt. Og auðvitað hefur ekki orðið neinn sparnaður að því á ýmsum stöðum, þar sem sett hafa verið á stofn skattstjóraembætti nú á síðustu árum, frá því, sem áður var. Ég hygg, þegar nú á að stækka þetta kerfi til mikilla muna, að reynslan verði líka sú, að hér verði ekki um sparnað að ræða, heldur miklu fremur hitt, að hér verði um að ræða uppbyggingu á nýju starfsmannakerfi á vegum ríkisins, sem fljótlega muni verða æði dýrt.

Það, sem ég tel því vera höfuðatriðið eða vil segja sem aðalatriði við 1. umr. um þetta frv., er þetta: Ég er andvígur því meginatriði í frv. að lækka skatta á almennum félögum. Ég tel, að þannig hafi verið haldið á framkvæmd skattamála gagnvart þeim hingað til, að þau hafi borgað miklu minna en þeim bar að borga í skatta til ríkisins, velflest, borið saman við aðra landsmenn eða aðra aðila í landinu. Og ég er á móti hinu aðalatriðinu í frv., sem er að setja á fót nýtt embættiskerfi eða breyta um framkvæmd skattalaganna. Þetta tel ég líka síður en svo til bóta og að þetta muni hafa stóraukinn kostnað í för með sér. Og svo er hitt, að ég tel, að það vanti alveg sérstaklega í frv. ákvæði um það, sem nauðsynlegast var af öllu að koma inn í okkar skattalög og framfylgja síðan vel á eftir. Ég tel, að það vanti ákvæði í frv. um það að skerpa stórlega eftirlit með framtölum atvinnurekstrarins í landinu. Þetta er það, sem vantar í frv. Þetta er það, sem átti vitanlega að koma þar, því að það liggur fyrir á þann hátt, sem varla verður um deilt, viðurkennt, eins og ég hef sagt hér áður í umr., af framámönnum í öllum flokkum, að það séu miklar tekjur á hverju ári, sem ekki komi til skatts, vegna þess að framkvæmd skattamálanna er léleg og eftirlit með framtölum, einmitt félaga og atvinnurekstrar, er fádæma lélegt. Þessi atriði vantar í frv. En hinum tveimur aðalatriðunum, sem frv. hefur að geyma, er ég andvígur. En auðvitað er það svo, að telja má upp ýmis atriði, sem fram koma í frv., öll minni háttar, sem eru til bóta og eru leiðrétting á því, sem áður var. En ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega út í það nú við 1. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 402, n. 747, 757 og 759, 748, 752, 758).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Mál þetta hefur verið rætt á allmörgum fundum í fjhn. deildarinnar, og hafa þangað verið kvaddir ýmsir, sem að samningu þessa frv. stóðu, menn, sem áttu sæti í þeirri nefnd, þar sem frv. var samið. Þá hefur og skattstjóri verið þar og veitt ýmsar upplýsingar ásamt fulltrúa sínum. Nefndin hefur klofnað í málinu. Það er efnislegur ágreiningur um stefnu og markmið frv., og mun minni hl. gera grein fyrir sínum sjónarmiðum og till. í því sambandi. Fyrir hönd meiri hl. vil ég hins vegar fylgja þessu máli úr hlaði.

Hér er um mikinn lagabálk að ræða, þar sem er um að ræða heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni, tekju- og eignarskattinum, og hefur mikið verk verið lagt í að bera þetta frv. saman við eldri löggjöf. Skattakerfið var að dómi núv. ríkisstj. og stjórnarflokka orðið úrelt og að ýmsu leyti til trafala eðlilegri uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og hafði beint lamandi áhrif á myndun fyrirtækja og aukningu framleiðslunnar og þar af leiðandi á batnandi lífs-

kjör fólksins í landinu. Eitt af þeim stefnuskráratriðum, sem núv. stjórn samdi um, var að endurskoða þessa löggjöf og gera á henni viðtækar umbætur. Eg geri ráð fyrir því, að í stjórnarandstöðunni hafi verið og sé líka vilji fyrir því að breyta hinni gömlu skattalöggjöf á ýmsa lund og fari þar sum sjónarmið saman, en önnur séu af eðlilegum ástæðum ólík. Því er ekki heldur að neita, að meðal stjórnarflokkanna er ekki litið sömu augum á öll atriði, sem lúta að skattalöggjöfinni, en hins vegar er þetta frv. niðurstaðan af langvarandi athugunum og undirbúningi á þessu máli.

Í þessu frv. er, svo sem kunnugt er, fjöldi nýmæla, sem ég ætla ekki að fjölyrða um. Morg þeirra snerta atvinnurekstur inn mjög og hafa geysilega mikla þýðingu, svo sem dreifing taprekstrar á fleiri áramót, endurmat á eignum fyrirtækja, nýjar fyrningarreglur, varasjóðir o. fl. Þá eru ýmis önnur atriði, sem lúta að öðrum sviðum þjóðlífsins og hafa þó verulega þýðingu og mikla, t. d. frádráttur námskostnaðar og gjafir til menningar- og mannúðarstofnana, svo að nokkuð sé nefnt.

Efnislega ætla ég ekki að rekja þetta frv. frekar, því að því voru við 1. umr. gerð svo ýtarleg skil af hæstv. fjmrh., að ég tel óþarfa að endurtaka það, sem þar var sagt. Hins vegar mun ég snúa mér að því að gera nokkra grein fyrir þeim brtt., er meiri hl. n. flytur á þskj. 748.

Um þessar brtt. er það að segja, að þó að þær séu fluttar af meiri hl. einum, var það yfirlýst í n., að um margar þessar till. væri alger samstaða, að minni hl. gæti fallizt á þær, en vildi fá að gera fyrirvara í málinu, þar sem hann væri ekki samþykkur öllum till., og vildi auk þess flytja ýmsar aðrar brtt. til viðbótar. Mikið af þessum till., sem við berum hér fram, eru aðeins orðalagsbreytingar, sem betur þótti fara á, ellegar skyrar þurfti að kveða á um hluti að okkar viti.

1. brtt. er við 6. gr. frv., sem lýtur að því, hvaða aðilar séu undanþegnir tekju- og eignarskatti. Það mun vera frá fornu fari, að meðal þeirra, sem eru undanþegnir, er talinn ríkissjóður. Þetta hefur staðið svo óbreytt við margar endurskoðanir laganna, en okkur fannst þetta vera löngu úrelt, hafi það nokkurn tíma haft tilgang, því að ríkissjóður er sá, sem tekjurnar fær, og því með eðlilegum hætti engin ástæða til þess að telja hann undan eða taka það fram, að hann sé ekki skattskyldur.

2. till. er við 9. gr. Þar er líka um orðalagsbreyt. að ræða, sem er til samræmingar og skýringar á öðrum atriðum frv. Það mun yfirleitt vera svo í þessu frv., að í staðinn fyrir bæjarfélög eru nefnd sveitarfélög. Það þykir þekja betur hugtakið, en til enn frekari glöggvunar vildum við þó bæta við, að þessi ákvæði kæmu einnig við sjóði og annað, sem sýslufélög ættu.

Um 3. brtt. er það að segja, þar sem nefnd eru ýmis þau atriði, sem frádráttarhæf eru, gjaldaliðir, og mun það af einhverjum mistökum hafa verið svo, að landsútsvörin féllu niður. En meining þeirra, sem frv. sömdu, var sú, að að um þau gilti sama og um aðstöðugjaldið, að þau væru einnig frádráttarhæf, og er því þess vegna bætt þar inn í.

Um 4. liðinn er sú breyt. gerð, að eignarskattur er gerður samkv. frv. frádráttarhæfur, en eðli málsins samkv. þótti og eðlilegt, að eignarútsvörin hlíttu sömu reglum, og hefur þeim verið bætt í þennan lið.

Um 5. brtt., sem er við 13. gr., er það að segja, að við samanburð á eldri lögum kom í ljós, að eitt orð hafði fallið niður, sem ástæða þótti að taka fram og ætti að vera áfram í lögum, en það var varðandi styrktarsjóði. Í frv. var aðeins rætt um iðgjöld launþega til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, en styrktarsjóðunum sleppt, og bætum við þeim að nýju við.

6. brtt. er við 15. gr., og er þar viðbót, sem felld hefur verið niður í frv., en er algerlega samhljóða eldri lögum og við í n. vorum sammála um, að rétt væri að halda áfram.

7. brtt. sé ég ekki ástæðu til þess að fara orðum um. Það er bara tilvitnun í eina grein í viðbót, sem hefur fallið niður.

8. brtt. er varðandi skilgreiningu á ákveðnu hugtaki. Þar er talað um persónulega gripi. Okkur fannst þetta hugtak fullviðtækt og orðuðum það á annan veg, sem er töluvert þrengri.

9. brtt. er við C-lið 22. gr., varðandi mat á skipum og öðru lausafé, þegar um sölu er að ræða, til skatts. Skattstjóri upplýsti, að sú regla, sem frv. gerir ráð fyrir, væri í algerri andstöðu við þann praxis, sem tíðkazt hefði, og óeðlileg, og í samráði við hann breyttum við þessu orðalagi nánast í það horf, sem það er, eftir því sem skatturinn hefur fram til þessa praktiserað það.

Þá er 12. brtt., sem er við 35. gr. frv. og lýtur að frestum. Þeir höfðu í þessu frv. allmikið verið styttir, og kom nm. saman um, að sú stytting væri óraunhæf og mundi aðeins leiða af sér eilífar undanþágur, svo að við gerum hér till. um að breyta þessu nokkuð í svipað form og það hefur áður verið í lögum. En hins vegar er gert ráð fyrir, að ekki verði þá undanþágum beitt með sama hætti og áður hefur tíðkazt, svo að skatturinn ætti að geta unnið sitt verk á skemmri tíma, enda þótt sömu frestir haldist.

Þá er það 13. brtt., sem er við 40. gr. Í henni er gert ráð fyrir í frv., að menn viðs vegar um landið geti aðeins skilað kærum sínum til skattstjóra. Hins vegar er reiknað með, að skattstjórar hafi í hverju sveitarfélagi umboðsmenn, og okkur fannst, að það mundi greiða fyrir og verða almenningi til þæginda, ef almenningi væri veittur kostur á því að skila þessum kærum sínum til umboðsmannanna, sem tækju við þeim í umboði skattstjórans.

Þá er það b-liður sömu tillögu. Hann lýtur einnig að því að gera þetta einfaldara í framkvæmdinni heldur en frv. hefur gert ráð fyrir. Samkv. frv. var gengið út frá því, að öll skattaframtöl á landinu yrðu send til ríkisskattstjórans hér í Reykjavík, sem ætti að yfirfara þau. Að okkar viti mundi þetta hafa kostað geysilegt og óþarft skrifstofubákn, því að vitaskuld getur skattstjóri tekið sýnishorn af skattaframtölum hvenær sem hann óskar, og ég tala nú ekki um, að með eðlilegum hætti mundi hann

fá öll þau framtöl, sem kærð væru. Við teljum, að með þessu atriði muni sparast verulega í kostnaði og framkvæmd kerfisins öll verða eðlilegri.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessar brtt., en meiri hl. n. vill mæla með því, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hér hef rakið.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Með þessu frv. er lagt til, að sett verði heildarlög um tekjuskatt og eignarskatt, en þau munu ekki hafa verið gefin út í einu lagi alveg nýlega, en hins vegar nokkrar breytingar á þeim gerðar, og eru að stofni til frá 1954. Helztu breyt. á skattalögunum, sem felast í þessu frv., eru þær, að gert er ráð fyrir að breyta mjög til um framkvæmd skattalaganna. Það er lagt til, að skattanefndir verði lagðar niður og í stað þeirra komi skattstjórar í viðlendum skattaumdæmum. Önnur aðalbreytingin á skattalögunum, sem hér er gert ráð fyrir, er sú að lækka nokkuð skatta á félögum. Þetta virðist mér vera helztu breyt., sem hér eru á ferð.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., erum við nm. ekki allir á einu máli um afgreiðslu málsins. Ég hef skilað sérstöku nál. um frv., og vænti ég þess, að því verði útbýtt á fundinum, áður en langt líður. Það mun ekki vera komið enn úr prentsmiðjunni. Ég hef einnig lagt fram brtt. við frv. á þskj. 752, og afstaða mín til frv. í heild fer eftir því, hverja afgreiðslu þær brtt. fá hér í deildinni.

Eins og ég gat um áðan, hafa oft verið gerðar breytingar á skattalögunum að undanförnu. Á fimmta tug þessarar aldar, 1940—1950, voru beinir skattar hér háir, svo að þeir hafa ekki í annan tíma hærri verið. En á árunum 1950—1958 voru gerðar ýmsar breyt., sem yfirleitt voru til lækkunar á þessum sköttum. Ég get aðeins nefnt það, að árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum. 1954 var sparifé gert skattfrjálst og skattar einstaklinga lækkaðir verulega, um 29%. Þá var veitt nokkur frádráttarheimild frá tekjum fiskimanna, og síðar var sá frádráttur aukinn. Árið 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur niður, og á næsta ári, 1957, var enn lækkaður skattur á lágtekjum. Árið 1958 var svo sett sérstök löggjöf um skattgreiðslur félaga. Þá var horfið frá stighækkun á tekjuskatti félaga, en lögfest jöfn skattaprósenta af skattskyldum tekjum þeirra, 25%. Einnig var sama ár gerð breyt. á l. varðandi skattgreiðslur hjóna, þegar bæði vinna fyrir skattskyldum tekjum, og var þessi breyt. til lækkunar á sköttum þeirra.

Nú er lagt til, að skattgreiðslur félaga verði enn nokkuð lækkaðar. Ég sé ekki ástæðu til að gera það. Síðan l. var breytt 1958 viðkomandi skattgreiðslu félaga, hafa skattarnir til ríkisins ekki verið neitt vandamál fyrir félögin. Það, sem hefur þjakað atvinnurekstrinn, bæði félaga og einstaklinga, eru veltuútsvörin, sem bæjar- og sveitarfélög víða hafa beitt og það mjög harkalega á ýmsum stöðum. Þetta hefur hvílt ákaflega þungt á atvinnurekstrinum, bæði hjá félögum og einstaklingum. Á þessu verður nokkur breyt. með l. um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, sem líklegt er að fái afgreiðslu á þessu þingi.

Eitt ákvæði þessa frv. er um það að heimila atvinnufyrirtækjum að láta endurmeta fyrningarhæfar eignir og breyta bókfærðu verði þeirra til þess að geta reiknað meiri afskriftir en nú er. Ég tel, að þetta sé sanngjarnt, einkum með tilliti til þess, að verð allra atvinnutækja hefur hækkað svo gífurlega mikið nú síðustu missirin, og sama er að segja um byggingarkostnaðinn, hann hefur hækkað ákaflega. Hins vegar er allt í óvissu um, hvernig reglur verða um þetta settar. Samkv. frv. á það að verða reglugerðarákvæði, bæði um endurmat eignanna og einnig um fyrningarnar. Þannig hefur það líka verið undanfarið, að fyrningarnar hafa verið ákveðnar af hinum einstöku eignum með reglugerð. En það hefur vitanlega mjög mikið að segja, að þessar reglur verði sanngjarnar og hófsamlega úr garði gerðar, og verði það gert, þá tel ég, að þetta ákvæði muni verða til bóta. Félög njóta nú samkv. gildandi lögum sérstakra varasjóðshlunninda og hefur svo verið um alllangt skeið. Nú eru þessi ákvæði þannig, að hlutafélög, önnur en útgerðarfélög, mega draga frá hreinum tekjum sínum ⅛ og leggja þá upphæð í varasjóð, og reiknast þá ekki skattur af þeim hluta teknanna. Hlutafélög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega á sama hátt draga frá ⅛ af sínum tekjum í varasjóði skattfrjálst, og sömu ákvæði gilda um samvinnufélögin. Þetta verður að hafa í huga, þegar menn vilja gera sér grein fyrir raunverulegri skattabyrði félaganna. Nú er það þannig, eins og ég gat um áður, að félög greiða 25% í tekjuskatt af skattskyldum tekjum. Þegar litið er til þessa frádráttar í varasjóðinn, þá má segja, að skattgreiðslur hlutafélaganna séu nú raunverulega 20% af hreinum tekjum, en skattgreiðslur útgerðarfélaganna og samvinnufélaganna 16⅔%. Þessar skattaprósentur má miða við t. d., þegar skattgreiðslur félaga hér eru bornar saman við það, sem tíðkast í öðrum löndum.

Í nál. hv. 1. minni hl. fjhn. Ed. á þskj. 341 er gerður nokkur samanburður á skattgreiðslum hjá félögum hér og í nágrannalöndunum. Þar er skýrt frá því, hvaða skattur er reiknaður af tekjum félaga í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi, og vil ég vísa til þess, sem þar segir um þetta. Þar kemur fram, að tekjuskattur félaga til ríkisins er hærri í þessum löndum en hann er nú hér á landi. Ég sé ekki ástæðu til, að skatturinn sé enn lækkaður á félögunum hér. Samanburðurinn við næstu lönd sýnir, að félögin búa hér við lægri skattaprósentu á tekjum en hjá nágrönnum okkar. Og ég tel einnig rétt að líta á það, hvernig búið er að einstaklingum hvað þetta snertir. Nú er það svo um tekjuskatt einstaklinga, að skattaprósentan hjá þeim fer upp í 25%, þegar tekjur að frádregnum persónufrádrætti komast yfir 70 þús. og af tekjum einstaklinga, sem eru umfram 90 þús., fer skattprósentan í 30%. Ég tel eðlilegt að hafa þetta í huga, þegar rætt er um að lækka félagaskattana. Auk þess má auðvitað benda á það í þessu sambandi, að að

undanförnu hafa hinir óbeinu skattar hér verið hækkaðir alveg gífurlega og þeir hvíla mjög þungt á almenningi. Ég tel því, að félögin séu að því er skattgreiðslur snertir betur sett nú en einstaklingar, þó að sú lækkun verði ekki gerð, sem hér eru till. um.

Í frv. er gert ráð fyrir því að lækka varasjóðsfrádráttinn hjá útgerðarfélögum og samvinnufélögum. Ég tel ekki ástæðu til að gera það. Útgerðarrekstur er áhættusamari atvinnuvegur hér en flest annað, sem menn taka sér fyrir hendur. Og ég tel það mjög eðlilegt, að þau félög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hafi rýmri heimildir til varasjóðsfrádráttar en önnur hlutafélög. Þá tel ég það einnig fyllilega réttmætt, að samvinnufélögin njóti áfram rýmri heimildar til varasjóðsfrádráttar en hlutafélögin. Samvinnufélögin eru mjög frábrugðin öðrum félögum á margan hátt. Um varasjóði þeirra gildir það, að þeim verður aldrei úthlutað til einstaklinga. Hins vegar er það kunnugt, að önnur félög geta skipt varasjóðum sínum og öðrum eignum á milli hluthafa eða félagsmanna, þegar þeim býður svo við að horfa eða þau hætta rekstri. Þá er einnig á það að líta, að samvinnufélögin eru opin öllum á félagssvæðinu, sem þar vilja gerast félagsmenn. Það er allt öðruvísi með önnur félög, t. d. hlutafélögin, þau eru lokuð félög yfirleitt, og það er lítið um það hér hjá okkur, að hlutabréf gangi kaupum og sölum.

Ég tel af því, sem ég hef nú nefnt, að það sé sanngjarnt, að bæði útgerðarfélögin og samvinnufélögin haldi þeim varasjóðshlunnindum óskertum, sem þau nú hafa. Á hinn bóginn tel ég ekki ástæðu til að auka varasjóðshlunnindi hjá öðrum félögum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Það er lagt til í frv., að þau fái eftirleiðis að draga frá hreinum tekjum ¼ sem varasjóðstillag í staðinn fyrir ⅛ áður.

Þegar hæstv. núv. ríkisstj. lagði fram á Alþ. frv. sitt um efnahagsmál snemma árs 1960, gaf hún þá yfirlýsingu, að hún mundi beita sér fyrir breyt. á skattalögum og afnema skatt af almennum launatekjum, eins og það var nefnt. Síðar á sama þingi bar stjórnin fram frv. um breyt. á skattalögunum, og var sagt í aths., sem því fylgdu, að með því væri ríkisstj. að efna þetta fyrirheit um að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum. Þetta var ósköp fallegt, leit vel út. Það var athugað, þegar það mál lá fyrir, hver áhrifin mundu verða af þessari breyt. á skattalögum, og útreikningar um það eru í Alþingistíðindum frá þeim tíma. Þar var sýnt fram á það t. d., að hjón, sem höfðu tvö börn á framfæri sínu og höfðu 50 þús. kr. nettótekjur, fengu niður felldan tekjuskatt, sem nam 344 kr. En önnur hjón, sem höfðu líka tvö börn fram að færa, en höfðu 150 þús. kr. nettótekjur, fengu lækkun á tekjuskatti, sem var eitthvað á 15. þús. kr. Það kom þannig í ljós, að þetta frv. var ekki að aðalefni til um það að létta skatti af almennum launatekjum, eins og það var kallað, heldur hafði það margfalt meiri áhrif í þá átt að létta skatta hjá þeim, sem tekjuhærri voru, og mest hjá hinum tekjuhæstu einstaklingum.

Það hefur oft verið minnzt á þetta síðan, þetta afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Það hefur ákaflega oft verið minnzt á þetta af hæstv. ráðh. og öðrum talsmönnum núv. stjórnarflokka, skrifað um þetta afrek, að stjórnin hafi þarna verið góð við mennina, sem hafi almennar launatekjur, skrifað um þetta í blöð og talað um þetta. Og nú í vetur, þegar hæstv. fjmrh. lagði þetta frv. fyrir, sagði hann enn söguna um afnám skattsins á almennum launatekjum í báðum deildum þingsins. Og hæstv. ráðh. flytur þessa sögu alltaf hátíðlega og snoturlega, eins og honum er lagið. En það er eitt, sem alltaf vantar í ævintýrið eða söguna hjá talsmönnum stjórnarflokkanna. Þeir sleppa alveg stóra kapítulanum úr sögunni um skattana og hinar almennu launatekjur. En stóri kapítulinn í sögunni, sem þeir ganga fram hjá, er um breytingarnar á hinum óbeinu sköttum, hann er um hækkunina á tollum og aðflutningsgjöldum öðrum og söluskatti, svo að það vantar ákaflega mikið á, að sagan sé hálfsögð hjá þeim um skattana og almennu launatekjurnar.

Ég vil með örfáum orðum reyna að bregða upp mynd af þessu. Ef við athugum ríkisreikninginn árið 1959, þá sést, að það ár hafði ríkið tekjur af vörumagnstolli, verðtolli, innflutningsgjöldum og söluskatti 520.8 millj. kr. um það bil. En á fjárlögum fyrir árið, sem nú er að líða, er gert ráð fyrir því, að sams konar gjöld, tollar og söluskattar, nemi á þessu ári 1228 millj. kr. Hækkunin er 708 millj., eða tollar og söluskattar hafa allmiklu meira en tvöfaldazt á þessum þremur árum, á stjórnartímabili núv. hæstv. stjórnar. Ef við hins vegar lítum á ríkisreikninginn 1958 og athugum, hvað tekjur af þessum tollum og söluskatti voru þá, voru það 478 millj., svo að munurinn er nokkru meiri, ef borið er saman við það ár. Þessar álögur hafa sem sagt hækkað frá því 1958 um 750 millj. kr. Það er 157% hækkun.

En hvað er þá um tekjuskattinn? Hvaða breytingar hafa orðið á honum? 1959 voru tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti 162.8 millj. Nú er áætlað, að þær muni verða 1962 95 millj. Það munar 67 millj. Málið er því þannig: Síðan 1959 hefur tekjuskatturinn lækkað um 67 millj., og að langsamlega mestu leyti hefur það farið til þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu. En á sama tíma hefur stjórnin og hennar stuðningslið hækkað tolla og söluskatta um 708 millj. Það er 10—11 sinnum meira en lækkunin á tekjuskatti. En þessi gjöld jafnast með nokkuð öðrum hætti niður á þjóðfélagsþegnana en tekjuskatturinn. Við álagningu þeirra er ekki farið eftir tekjum manna og fjárhagsaðstöðu yfirleitt. Neyzluskattarnir og aðrar slíkar álögur á nauðsynjar almennings hvíla með miklum þunga á þeim, sem hafa stórar fjölskyldur, leggjast þyngst á þau heimili, hvað sem efnahag og tekjum líður. Við vitum, að það er þannig nú, að hver biti og sopi er skattlagður með þessum hætti. Reyndar var það þannig, þegar stjórnarflokkarnir samþykktu lögin um söluskatt núna fyrir tveimur árum, þá var sett í þau, að nýmjólk skyldi verða undanþegin söluskattinum. En nú í vetur hefur stjórnarliðið komizt að þeirri niðurstöðu, að við svo

búið mátti ekki standa. Og þess vegna er nú fyrir örfáum dögum búið að samþykkja frv., sem m. a. felur í sér það að leggja söluskatt á mjólkursopann.

Svona lítur þetta út, þegar maður athugar söguna um skattana og almennu launatekjurnar án þess að sleppa úr henni stóra kapítulanum. Þetta eru staðreyndir, sem ég hef hér bent á, og þær haggast ekki vitund við það, þó að hæstv. fjmrh. og fleiri góðir upplesarar haldi áfram að segja ævintýrið eða söguna um skattinn og almennu launatekjurnar. Ég hygg nú líka, að það sé þannig, að nokkuð margir af flokksmönnum ráðherranna séu að vaxa upp úr því að taka nokkurt mark á ævintýrinu. Þeir hafa rekið sig á hinn kalda raunveruleika.

Þetta, sem hér liggur fyrir, að lækka nokkuð skatta á félögum, skatta, sem taka á af tekjuafgangi þeirra, er vitanlega í fullu samræmi við skattamálastefnu núv. hæstv. ríkisstj., að yfirgefa sem mest hina beinu skatta, en þyngja stöðugt hina óbeinu, tolla og söluskatta. Og eins og ég gat um áðan, hefur verið haldið áfram í þessa áttina á þessu þingi. Það má segja, að það sé í ætt við þessa stefnu að gera upptækar á annað hundrað millj. hjá sjávarútveginum árið sem leið, sem koma á gjaldendur alveg án tillits til þess, hvernig fjárhagsaðstaða þeirra var og efnahagur, og vitanlega í samræmi við þessa stefnu hefur verið lagður nýlega alveg sérstakur launaskattur á bændur landsins, einnig alveg án tillits til fjárhagsástæðna hjá þeim. Þannig eru uppáhaldsskattar hæstv. stjórnar, að þeir eru lagðir á með þessum hætti.

Eins og ég nefndi í upphafi, er einn meginþáttur þessa frv. breyting á framkvæmd skattamála, þ. e. að leggja niður skattanefndirnar í öllum sveitarfélögum og setja skattstjóra yfir víðlend, stór umdæmi í staðinn. Þeir setja náttúrlega upp sínar skrifstofur með skrifstofuliði. Það er vitanlega ekki gott að segja um það fyrir fram, hvernig reynslan af þessari breyt. muni verða, ef hún verður gerð. En ég óttast það allmjög, að þetta verði á ýmsan hátt óhentugra og þyngra í vöfum. Þessi skattaumdæmi verða ákaflega stór, og það verður fyrir marga skattþegna um langan veg að sækja til skattstjóranna og erfitt um samband við þá, allt öðruvísi en var, þegar voru skattanefndir í hverju sveitarfélagi og yfirskattanefnd í hverri sýslu. Þetta verður allt að fara. Það er talað um, að með þessu muni ríkissjóður spara útgjöld. Ég er mjög dauftrúaður á það. Hugsanlegt er, að þetta yrði eitthvað í byrjuninni, ég veit það ekki, en ég er ákaflega hræddur um, að þarna aukist með tímanum allmjög starfslið og kostnaður, svo að sparnað verði þar ekki um að ræða. Ég tel því, að það sé ekki rétt að ganga frá þessu máli nú, heldur sé bezt að fresta því að gera þarna á nokkrar breytingar. Slík breyt. sem þessi snertir mjög sveitarfélögin, vegna þess að það er svo nátengt, álagning skatta til ríkisins og álagning gjalda tli sveitarfélaganna. Og mér hefði fundizt það mjög eðlilegt, að sveitarstjórnir yfirleitt hefðu fengið að segja sitt álit, áður en að þessu ráði væri hnigið.

Brtt. mínar á þskj. 752 eru ekki um mörg atriði. Þær eru um það, að varasjóðshlunnindi félaga skuli óbreytt standa, að skattur félaganna skuli einnig vera óbreyttur, og um það, að þrír kaflar úr frv., sá V.—VII., sem eru um þessa miklu breyt. á framkvæmd skattamála, þeir falli niður. Um þetta eru mínar brtt., og verði þær felldar, mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með frv.

Ég skal að síðustu aðeins segja það um þær brtt., sem hv. meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 748, að eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, erum við í fjhn. sammála um þær flestar. Margar af þessum brtt. eru nánast leiðréttingar að okkar áliti á frv., en ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða. Þannig eru margar þeirra.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. (LJós), sem var fulltrúi Alþb. í fjhn., hefur gefið út nál. sem 2. minni hl. og flutt brtt. á þskj. 758, en getur ekki verið nú enn sem komið er við þessa umr., og ef hann skyldi ekki geta verið við, áður en henni lýkur, mundi ég biðja hæstv. forseta um að fresta brtt. til 3. umr., taka þær til baka nú og fresta þeim til 3. umr. En ég vildi hins vegar segja hér nokkur orð almennt um þetta mál, án þess hins vegar að fara inn á nál. hv. 4. þm. Austf. né tala fyrir hans brtt., heldur aðeins ræða málið meira almennt, með leyfi hæstv. forseta, því að það gekk fljótt í gegn þetta mál við 1. umr., og er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að maður ræði það líka nokkuð í heild nú.

Ég held, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé þess eðlis, að yfirstéttin hér í Reykjavík ætti að athuga nokkuð sinn gang, áður en hún knýr svona mál fram í gegnum þingið. Það er ekki heppilegt, þó að menn nái völdum, að beita þeim völdum af slíkri græðgi sem nú er gert af hálfu auðmannastéttarinnar hér í Reykjavík, að höggva tvisvar í sama knérunn, hvað verkalýð og aðra launþega snertir, — það þótti aldrei góðri gæfu stýra í Íslendingasögunum, og það gerir það ekki heldur enn, — að á sama tíma, sem þannig er sorfið að alþýðu manna, að ekki hefur það verið öllu verr í 20 ár, þá skuli yfirstéttin sýna meiri frekju og meiri óskammfeilni í að sölsa til sín það, sem hún getur, af sameiginlegum þjóðarauði og tekjum og svífast einskis í því sambandi. Það er vert fyrir yfirstéttina hér í Reykjavík að minnast þess, að það var líka einu sinni yfirstétt, sem var skattfrjáls, gerði sjálfa sig skattfrjálsa. Franska yfirstéttin var það fyrir frönsku byltinguna, aðallinn og klerkarnir. Og mér sýnist, að með þessu frv. sé að því stefnt, að auðmannastéttin í landinu skuli verða nokkurn veginn skattfrjáls líka. Og ég held, að íslenzk yfirstétt, af því að hún er ung og ekki sterk, reynslulítil og frekar fáfróð, þá ætti hún að reyna að læra ofur lítið af sögunni, að beita sínu valdi með dálítið meira hófi en hún nú gerir.

Í 22. gr. þessa frv., H-lið, er lagt til, með leyfi hæstv. forseta, að „atvinnufyrirtækjum sé heimilt á árunum 1962—63 að láta meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkv. því, enda

telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar. Fjmrh. setur reglur um framkvæmd matsins.“ Hér er það tekið upp í þá almennu skattalöggjöf, að það skuli meta allar eignir til endurkaupsverðs. Fyrir þrem árum lagði hæstv. landbrh. frv. fyrir þessa d. um, að viðvíkjandi mati á áburðarverksmiðjunni og útreikningi á áburðarverði, þá skyldi þar meta hennar eignir til endurnýjunarverðs. Þetta frv. hefur aldrei verið samþ. á Alþ. Reglan hefur verið framkvæmd sem lögbrot, áburður hækkaður til bænda, verkalaun lækkuð til verkamanna, til þess að framfylgja þessum lögbrotum. Þegar hæstv. landbrh. lagði þetta mál fyrir Alþ., reis hv. 5. þm. Reykv. hér upp og gerði aths. og sýndi fram á, að ef farið væri inn á það að ætla að veita áburðarverksmiðjunni slíka heimild, þá væri líklegt, að ýmsir aðrir mundu koma á eftir og krefjast þess sama, og hann nefndi þetta sem dæmi um, hvílík fjarstæða það væri að fara inn á svona skattareglur. Þá brá svo við, að Nd. öll virtist vera á þeirri skoðun, að svona mál ætti ekki að ganga í gegnum þingið. Og þótt landbrh. hafi síðan lagt þetta frv. fyrir Nd. aftur, þá hefur hv. d. aldrei afgr. málið. En svona fer nú siðferðismeðvitund stjórnarmeirihlutans hríðversnandi, að nú er þetta sett inn í skattalög sem hin almenna regla, sem auðmennirnir í landinu skuli njóta. Sem sé það, sem var fjarstæða fyrir þrem árum, enda lögbrot, það á nú að löghelgast, sbr. þegar tollar eru lækkaðir vegna þess, að það sé smyglað svo miklu.

Ef þessi regla verður tekin upp með þetta endurnýjunarverð, þá er þar með verið að innleiða alveg nýjan þátt í íslenzkri skattalöggjöf. Hingað til hefur verið miðað við kostnaðarverð á eign. Og út frá hverju hefur verið gengið? Það hefur að vísu verið hugmynd þeirra manna, sem þau lög settu upphaflega, að gengi krónu, gengi myntar væri nokkuð fast, og einu röksemdirnar, sem var hægt að færa fram fyrir því, að einhverja slíka aðferð skyldi taka upp eins og endurnýjunarverð, voru þær, að þeir einstakir menn, sem átt hefðu fé sjálfir og lagt það í fyrirtæki og þess vegna tapað sem eigendur peninga á verðbólgunni, þeir ættu að fá þetta að einhverju leyti bætt. Að vísu var það svo, að með því að setja þessa peninga í ákveðin fyrirtæki, sem áttu fasteignir, þá uxu venjulega fasteignirnar, a. m. k. margar hverjar og jafnvel oft og tíðum flestar, t. d. hér í Reykjavík, svipað í verði og peningarnir minnkuðu. En þetta var þó það eina, sem réttlætanlegt var fyrir þessari hugmynd.

En háttar því nú þannig hér á Íslandi, að meginið af því fjármagni, sem sett hefur verið í fyrirtæki á undanförnum 20—30 árum, hafi verið eign eigendanna sjálfra? Þetta væri vissulega mjög girnilegt rannsóknarefni og væri þess virði, að það væri rannsakað. En ég held, að svo sé ekki. Ég held, að yfirgnæfandi meiri hlutinn af því fé, sem atvinnurekendur og þeir, sem hér koma undir, aðrir fésýslumenn, hafa sett í fyrirtæki á undanförnum 20—30 árum á Íslandi, hafi verið fé hins opinbera, hafi verið fé, sem þeir hafa fengið lánað frá bönkunum. Mér er nær að halda, ef maður tæki alla fjárfestingu, þar sem um bein framlög sjálfra fésýslumannanna er að ræða, að það væri ekki meira en 10—20% á móts við alla fjárfestinguna, enda hafa menn veitt því eftirtekt, að þegar við hér á Alþ. erum að veita þessum mönnum — við skulum segja togaraútgerðarmönnum eða hraðfrystihúsaeigendum og ýmsum öðrum slíkum lán, þá veitum við þeim lán allt upp í 75—85% eða ábyrgðir, sem þýða þeim lán hjá bönkunum, þannig að oft og tíðum er sem sé ekki heimtað meira af þessum mönnum en kannske 15—25%, sem þeir eiga að leggja fram sjálfir, og jafnvel stundum kemur fyrir, að það fá þeir líka lánað hjá bönkunum.

Þó skal ég taka hitt fram, því að ég vil ekki vera ósanngjarn í þessu, að það eru til og það þó nokkrir atvinnurekendur hér í Reykjavík, sem frá upphafi hafa lagt fram sjálfir meginið af því, sem þeir eiga í sínum fyrirtækjum, og þeir menn hafa orðið illa úti vegna verðbólgunnar. En allur þorrinn, mér liggur við að segja 90% af atvinnurekendunum, þeir hafa fengið þetta að láni hjá ríkinu. Ef það væri rétt, að þeir hefðu fengið svona mikið að láni, þá væri algerlega óréttlátt að láta þessa reglu gilda um þá menn, sem fyrir 10 eða 20 árum síðan hafa fengið að láni hjá ríkinu t. d. frá 1 millj. upp í 30 millj., keypt fyrir það á þeim tímum fyrirtæki, og þessi fyrirtæki eiga þeir enn, skuldirnar þeirra hafa lækkað í raunverulegu verði, fyrirtækin hafa hækkað, við skulum bara nefna sem dæmi nýsköpunartogarana, þeir kaupa þá á 3 millj., ríkið lánar þeim 75%, ef ég man rétt, af því, það þýðir, að 750 þús. kr. þurftu þeir að leggja fram sjálfir til að kaupa togarann, hitt fengu þeir að láni frá ríkinu, í mati Landsbankans og annarra banka núna, Landsbankans og Útvegsbankans, við skuldaskilasjóðinn eru þessir gömlu nýsköpunartogarar metnir til lána, held ég, á 8 millj. kr., þannig að það er alveg greinilegt, að þeir menn, sem þessi lán fengu, eru algerlega búnir að fá raunverulega með verðbólgunni gefins þá skuld, sem þá var.

Ef nú ætti við skattheimtu að beita þeim aðferðum að meta allt þetta til endurnýjunarverðs, þá mundi það þýða, að þessir togarar yrðu skattfrjálsir. Það mundi kannske ekki skipta miklu gagnvart þeim elztu, gagnvart þeim nýju mundi það gilda mjög mikið, og þar með yrði raunverulega meira eða minna skapað skattfrelsi þessum atvinnurekendum til handa. Og svo skulum við gá að öðru, sem gert væri með þessu. Nú erum við hér að gera ráðstöfun eftir 20 ára allhraða verðbólgu og göngum inn á, skulum segja, ef Alþ. samþykkir þetta frv., að taka þetta sem prinsíp upp í lögin um endurnýjunarverð. Hvernig verður þá, skulum við segja, ef verðbólga heldur nú áfram næstu 20 ár, og ýmis fyrirtæki eru það, sem geta enzt þannig, ekki sízt húsin, að það kæmi til greina þá kannske á ný að fara að tala um endurnýjunarverð í skattalöggjöf, sem þá væri samþykkt, ef við hefðum gefið svona fordæmi? Þá mundi þetta þýða, að einn atvinnurekandi gæti verið hvað eftir annað að afskrifa sömu fast-

eignina, sama fyrirtækið, og væri sem sé skattfrjáls hvað þetta snertir endalaust. Ég þekki ekki til, að þessi regla um endurnýjunarverð hafi verið tekin upp hjá öðrum þjóðum, og hafa þó ýmsar aðrar þjóðir gengið í gegnum verðbólgu, og gengur fyrir sig hæg verðbólga alls staðar. En reglan er alls staðar, að þetta sé miðað við kostnaðarverð, og ég álít algerlega rangt að hverfa frá því.

Þetta vildi ég í fyrsta lagi undirstrika, vegna þess að þetta þýðir að fara þarna inn á þá leið að reyna að skapa skattfrelsi handa stórum hluta atvinnurekendastéttarinnar.

Þá er í öðru lagi viðvíkjandi jöfnunarhlutabréfunum. Með þessu frv. er farið fram á, að gömul hlutafélög fái að skrásetja að nýju sín hlutabréf, án þess að það sé reiknað sem eignaaukning. Það þýðir, að ríkustu hlutafélögin í landinu, við skulum segja eins og Eimskipafélag Íslands, geta þar með sett sín hlutabréf upp, — ef það væri metið upp á sannvirði, mundu það vafalaust verða 100 eða 150 millj. kr., því að slíkt á Eimskipafélagið í skuldlausum eignum. Og þar með mundi um leið öll sú hlutdeild, sem viðkomandi félög mættu leggja í varasjóð, mættu úthluta sem arði og allt slíkt, vaxa að krónutölu, þannig að með útgáfu jöfnunarhlutabréfanna, sérstaklega þegar þessar breyt. gerast um leið, þá er stigið annað stórt spor í áttina til skattfrelsis fyrir atvinnurekendastéttina í landinu. Jöfnunarhlutabréfaákvæðið er þess vegna mjög ranglátt í þeirri samfellu, sem það er, vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar eru um leið, eða þeirra ákvæða, sem er haldið. Ef hefði verið minnkað um leið það, sem mætti leggja í varasjóð, ef hefði verið minnkað um leið það, sem mætti greiðast sem arður og annað slíkt, þá kom þetta mjög vel til athugunar.

Það er einn kostur við þessi jöfnunarhlutabréf, ef það er notað, að með þeim skapast miklu réttari mynd af þeim auði, sem hlutafélögin í landinu eiga. Það er kosturinn við þetta. Það er sem sé viss hagfræðilegur kostur við þetta. En með því að verða samferða öllum þeim öðrum ákvæðum, sem hér eru, ýmist sem breytt eða óbreytt standa frá því áður, þá þýðir þetta að auka sérstaklega bæði leyfi til varasjóðsframlaga og til arðsútborgunar. Og ég vil minna á, hve óréttlátt þetta er, þegar á sama tíma sverfur að almenningi í landinu. Við skulum taka bara fjölskyldurnar í landinu núna. Ef fjölskyldurnar í landinu hefðu t. d. þennan sama rétt, sem hérna er verið að gefa hlutafélögunum, ef þær hefðu sama réttinn til þess að mega leggja fram sem alls konar varasjóði og annað slíkt, eða einstaklingarnir fengju algerlega að verða skattfrjálsir, þeir sem nú er verið að drepa með álögum ríkisstj. í sambandi við t. d. húsnæðismálin, þá ægilegu tolla, sem eru á hverri einustu íbúð, sem byggð er, þar sem ríkið veitir sjálft öll þau lán, sem það útvegar, ef það væri verið að létta undir almenningi um leið, þá væri hægt að ræða um þetta sem sanngirnismál. En eins og það liggur fyrir núna, þegar annars vegar er verið að íþyngja almenningi og ræna hann eignum sínum, en gefa eignastéttinni í landinu og auðmannastéttinni í landinu á sama tíma sérréttindi, þá verður það ranglátt, þá verður það hrópandi ranglæti. Í þriðja lagi er í þessu frv. gerð sú ráðstöfun í 25. gr. að setja skattgjald félaganna niður í 20% af skattskyldum tekjum. Skattskyldu tekjurnar hjá hlutafélögum voru áður 25%. Það var í tíð vinstri stjórnarinnar, sem því var breytt svo. Ég var alltaf andvígur því ákvæði að hverfa frá þeim gömlu ákvæðum um stighækkandi skatta á tekjur hlutafélaga, líka þegar það var gert í tíð vinstri stjórnarinnar, og ég álít, að það, sem eigi að gera, sé að hafa stighækkandi skatta á tekjum, jafnt hlutafélaga sem annarra. Það er hafður stighækkandi tekjuskattur á einstaklingum. Hví má það ekki vera á hlutafélögum líka? Hvi er ástæða til þess, að maður, sem rekur sitt fyrirtæki á sína einstaklingsábyrgð og hættir öllum sínum eigum, skuli fara að borga 25 og 30% af sínum tekjum, þegar hann setur allt að veði, sem hann á, og rekur á sína persónulegu ábyrgð og verður sjálfur persónulega gjaldþrota, en ef hann stofnar hlutafélag, smásvindilfélag, sem fjármálaráðherrarnir taka gilt, með 100 þús. kr. hlutafé og snýr sér síðan út með pólitiskum samböndum nokkrar milljónir ýmist hjá ríkissjóði eða bönkunum, þá getur hann látið það félag fara á hausinn rólega á eftir, og ef hann græðir á því, þá þarf hann ekki að borga nema 20%, en heiðarlegur atvinnurekandi, sem setur sjálfan sig og alla sína eign í ábyrgð, er látinn borga upp í 25% og 30%, — hví að gera þennan greinarmun?

Ég álít það rangt að lækka þetta nú enn meir en það var lækkað í tíð vinstri stjórnarinnar, álít, að það hefði verið rétt að hverfa til baka að því að hafa stighækkandi tekjuskatt, þó að ég hins vegar vissulega viðurkenni, að það var óhjákvæmilegt að breyta þeim ákvæðum frá því, sem var áður fyrr. Þau voru óþolandi. Það var gersamlega óþolandi, það rak sig svo fljótt upp undir, eins og við köllum það.

Ég skal ekki fara miklu ýtarlegar í þær greinar, sem hér eru, þótt þetta sé 2. umr., því að ég álít þetta brennt, sem þarna er um að ræða, vera höfuðatriðið hvað snertir sjálfa skattálagninguna. Um skattheimtuna skal ég ekki ræða að sinni. Ég álít það vera mjög slæmt, að þetta skuli vera gert, á sama tíma sem gengið er svo á rétt almennings hvað hans fjáröflun snertir sem gert hefur verið. Þegar launþegar hafa samið um að fá hækkaðar tekjur, fá hækkuð laun, þá hefur ríkið gripið inn í með brbl., ríkisstj. lækkað gengið og svipt launþegana þeirri hækkun, sem þeir höfðu samið frjálst um. Svona hagar ríkisstj. sér gagnvart launþegum landsins, 75% af landsbúum. En þegar auðmannastéttin á í hlut, 1—2% af íbúum þjóðarinnar, þá segir ríkisstj.: Gerið þið svo vel. Vantar ykkur ekki að safna dálitlum meiri auði? Vantar ykkur ekki að fá meira skattfrjálst af ykkar tekjum, fá að leggja meira í varasjóði, fá að njóta ýmissa sérréttinda í sambandi við, hvernig ykkar eignir séu reiknaðar? Og ríkisstj. býður auðmannastéttinni þessi fríðindi, á sama tíma sem hún tekur réttinn af almenningi. Og undir hvaða yfirskini er þetta gert? Þetta er gert undir því yfirskini, að íslenzk

atvinnurekendastétt þurfi að safna fé, þurfi að safna auði til að leggja í sín fyrirtæki, til að leggja í fyrirtæki hjá þjóðinni.

Þetta er yfirskin. Íslenzk atvinnurekendastétt notar þetta ekki til þessa. Það eru undantekningarnar hjá íslenzkri atvinnurekendastétt og íslenzkum fésýslumönnum, sem leggja peningana í fyrirtæki. Það er sú slæma reynsla, sem við höfum hér af okkar atvinnurekendastétt. Það hefur verið eins og árátta á henni, að jafnóðum sem fyrirtækin græddu eitthvað, þá tók hún það út úr fyrirtækjunum til þess að setja það í lúxusvillur hjá sér, í bíla hjá sér og annað slíkt, og síðan, þegar vantaði peninga, þá var farið í bankana og sagt: Nú erum við alveg blankir, og þetta er alveg bráðnauðsynlegur hlutur, sem við erum að leggja í. Getið þið nú ekki lánað okkur peninga? — Og það hefur kveðið svo ramt að þessu, að sá maður, sem nú er talinn ríkastur af íslenzkum atvinnurekendum — og um leið skuldugastur, hann gekk bókstaflega undanfarin 20 ár á lagið hvað þetta snerti. Og það kunna kannske fleiri sömu sögu að segja. Hann bókstaflega fékk lán hjá bönkunum, setti lánin undireins föst í alls konar fyrirtækjum, gat ekki borgað, þegar hann átti að fara að borga þetta aftur. Bankarnir sögðu hins vegar: Fyrirtækin hans eru nú anzi mikils virði, — og vildu ekki ganga að honum. Hann átti vafalaust fyrir skuldum, ef allt hefði verið normalt farið að. Og bankarnir lánuðu honum enn þá meira, og hann setti það um leið fast. Og svona gekk það koll af kolli, þangað til þessi maður, sem ég veit að allir hv. þm. kannast við, enda situr hann stundum á þingbekk hér hjá okkur, var orðinn einn af ríkustu mönnum landsins. Þetta er sama aðferð og Hugo Stinnes notaði á árunum í Þýzkalandi, í verðbólgubraskinu. Nú á að verðlauna þetta alveg sérstaklega með því, að héðan af skuli allir hans togarar eða bátar eða hraðfrystihús metin til endurnýjunarverðs, sem verður ekki neitt smáræði. Það, sem er þó enn þá lakara en nokkurn tíma með þetta dæmi, og þau eru nokkur til, það er þegar ýmis heildsölufyrirtæki hér hafa tekið fé út úr fyrirtækinu, byggt fyrir það lúxusvillur í Snobbhill og annars staðar og bankarnir hafa síðan orðið á eftir að láta veðsetja þessar villur, eftir að fé þ hafði verið tekið út alveg leyfislaust.

Þetta eru aðferðirnar, sem okkar auðmannastétt beitir í þessu sambandi. Ég skal hins vegar taka fram, að það eru þarna til margar heiðarlegar undantekningar, alveg eins og ég tók fram áðan. Það eru til menn úr íslenzkri atvinnurekendastétt, sem virðast hafa alveg sérstakan áhuga á því að leggja í sín fyrirtæki og auka þau að efnum, og er það góðra gjalda vert. En þorrinn hefur farið svona að, og þess vegna er það svo nú, að ég býst við, að af þeim góðu, sem íslenzk auðmannastétt hefur, verji hún meira í eyðslu og óráðsíu en nokkur önnur yfirstétt í Evrópu. Það er sú leiðinlega staðreynd, sem við stöndum frammi fyrir. Ef auðmannastétt Íslands væri ákaflega sparneytin og ráðdeildarsöm og reyndi að hlynna að sínum fyrirtækjum og efla þau og hefði sýnt einhvern stórhug í þessu, þá hefur satt að segja aldrei staðið á verkalýðshreyfingunni að rétta slíkri yfirstétt hjálparhönd eða standa með henni í baráttu fyrir slíku. Við höfum fyllilega kunnað að meta það, hvað það þýddi í okkar frumstæða landi, ef hægt væri að byggja hér upp góð atvinnufyrirtæki, og jafnvel hefur verkalýðshreyfingin stundum frekar orðið að hafa forgönguna með að tryggja atvinnurekendastéttinni góða aðstöðu til að geta lagt í atvinnufyrirtæki, heldur en hitt. En ég segi það fyrir mitt leyti: Ég hef sýnt íslenzkri auðmannastétt allmikið traust og viljað vinna að því, að hún gæti fengið aðstöðu frá ríkisins hálfu, góð lán til langs tíma með lágum vöxtum, til þess að leggja í fyrirtæki. En ég hef orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum af meginhlutanum af henni. Þess vegna gildir ekki sú röksemd, að það sé nauðsynlegt að breyta öllu skattakerfi landsins til þess að gera auðmannastéttinni mögulegt að leggja fé í heilbrigð fyrirtæki, hún gildir ekki, það er ekki satt. Það, sem þetta kemur fyrst og fremst til með að gera, þegar auðmannastéttin fær að vera skattfrjáls, það er, að hún eyðir meiru.

Hvert er líka ástandið, sem er að skapast hér í dag? Það eru opnaðir nýir næturklúbbar eða ný veitingahús hér í Reykjavík að heita má á hverjum mánuði. Ég hef að vísu ekki komið inn í þau, þessi nýjustu, en mér er sagt, að þau séu hvert öðru fínna, þetta sem opnað sé, og það sé ekki fyrir aðra en þá, sem hafi mjög háar tekjur, að sitja þar að sumbli, en þau séu venjulega full. Og það er vissulega ekki verkalýðurinn í Reykjavík, sem hefur efni á því að fylla þau hús kvöld eftir kvöld. Það er hins vegar auðséð, að hér er risin upp allstór eyðslustétt, sem virðist hafa mjög mikið fé undir höndum.

Hjá almenningi er verið að bjóða upp íbúðirnar, af því að hann er efnahagslega að brotna saman undir því að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér. En auðmannastéttinni á að fara að veita skattfríðindi, til þess að hún geti svallað meira, en fyrst og fremst sá hluti hennar, sem verstur er í því efni. Sú röksemd er því ekki nema yfirskin, enda sjáum við það núna, að það fer í sífellu fækkandi, að því er virðist, þeim fyrirtækjum, sem lagt er í. Við sjáum bara, að einföldustu og óbreyttustu fyrirtæki, sem lagt hefur verið í á Íslandi, þ. e. að byggja hús, byggja íbúðarhús, það stórminnkar.

Viðvíkjandi sjálfu prinsipinu, sjálfri höfuðreglunni í þessum málum, þar mundi ég alveg sérstaklega vilja beina mínu máli til Alþfl. Ég man ekki eftir, að því hafi enn þá verið breytt í stefnuskrá Alþfl. frá þeim tíma, sem ég var í honum, fyrir 40 árum, að hann væri með stighækkandi tekjuskatti, að menn ættu að greiða því meira, því meiri efni sem menn hafa og því meira sem menn græða. Og mér sýnist a. m. k., að eitthvað hafi lifað enn þá í haust, um það leyti sem verið var að ræða þessi mál, í gömlum glæðum hvað þetta snertir, og einhverjir menn væru til í Alþfl. nú, sem vildu reyna að halda þessari gömlu stefnuskrá enn í gildi, þótt oft hafi hún verið brotin. 5. okt. í haust var skýrt frá því í Alþýðublaðinu, að þessi skattamál hefðu verið rædd nokkuð á fundi í fulltrúaráði Alþfl. í Reykjavík, allmyndarleg fyrirsögn, sem

heitir: „Skattalækkun fyrirtækja var mótmælt“ — og síðan byrjar, með leyfi hæstv. forseta, greinin á þessa leið:

„Skattalækkun fyrirtækja, eins og nú væri ástatt í efnahagsmálum, mætti mikilli andstöðu á fundi fulltrúaráðs Alþýðuflokksins í Reykjavík, sem haldinn var í Iðnó í fyrrakvöld.“

Síðan er sagt frá, að einn alþm., hv. 9. landsk. (JÞ), hafi haft framsögu um þetta mál og hann hafi verið í nefnd, sem Gunnar Thoroddsen fjmrh. hafi sett, og manni virðist helzt á frásögninni, að það sé nú verið að negla hann á þetta. Síðan er haldið áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Er Jón hafði lokið máli sínu, tók Benedikt Gröndal alþm. til máls. Kvaðst hann algerlega andvígur því, að farið yrði í það að lækka skatta á fyrirtækjum, eins og nú væri ástatt í efnahags- og fjármálum. Sagði Benedikt, að ekki væri útlit fyrir, að ríkið mætti missa neitt af tekjum sínum, en jafnvel þótt svo væri, mætti verja þeim fjármunum betur en á þann hátt að lækka skatta fyrirtækja.“

Benedikt Gröndal alþm. er um leið 5. þm. Vesturl. og hv. varaforseti þessarar hv. d. Ég hafði eiginlega búizt við að heyra eitthvað frá honum um þetta mál núna, hvað gerzt hefði síðan, vegna þess að ég sé, að það hefur ekki tekizt, þótt nokkuð sé um liðið, að lækka frekjuna hjá yfirstéttinni í Reykjavík. En það virðist hafa tekizt að lækka rostann í Alþfl. Það er greinilegt, að í haust hefur eitthvað lifað þarna í gömlum glæðum, þrátt fyrir allt þetta öskufarg embættismennskunnar, sem er farið að drífa þarna yfir í Alþfl., þá hefur auðsjáanlega ekki verið hægt að hindra, þegar eitthvað var skarað í frá hálfu Alþýðublaðsins, að eitthvað lifnaði þarna við. En nú er eins og einhver vatnsgusa frá auðmannastéttinni hér í Reykjavík hafi slökkt í þessum litlu glæðum, sem þarna voru. Það er eins og enginn ætli að reisa sig núna og þau andmæli, sem komu fram í fulltrúaráði Alþfl., séu nú gleymd og grafin, þegar málið sé komið inn á þing.

Ég vildi nú aðeins minna á þetta, ef það að skara í þessar gömlu glæður Alþfl. frá október í haust mætti verða til þess, að einhver ofur lítil mótmæli bærust hérna inn í þingsalina, þegar verið er að afgreiða málið. Ég skal vekja athygli á því, að það þarf ekki mörg atkv. frá Alþfl. til að knýja fram breyt. á þessum málum núna, þannig að hann hefur völdin í sínum höndum.

Þá vil ég aðeins að lokum ítreka það, sem þegar hefur verið sagt í Ed. af hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hafði framsögu af hálfu Alþb. um þetta mál, viðvíkjandi þeirri almennu þróun, sem er að verða í tíð þessarar ríkisstj. í skattamálunum. Ég hef þessar tölur frá honum, hann hefur beitt þeim áður hér og þær hafa ekki verið hraktar. Tekju- og eignarskatturinn og tollarnir voru 1959 796 millj. kr., 1962 eru þeir áætlaðir 1401 millj. kr., hækka um 605 millj., allir skattarnir og tollarnir alls, tekju- og eignarskatturinn þar með. Það eru 76%, sem skattarnir og tollarnir þannig hækka til ríkissjóðs. Tekju- og eignarskatturinn af þessu hins vegar lækkar á sama tíma úr 165 millj. í 95 millj. eða lækkar um 42%. Hlutdeild þessara beinu skatta, tekju- og eignarskattsins, í heildarupphæð tolla og skatta lækkar úr 21% af ríkistekjunum 1959 niður í 6.7%. Ég býst við, að það sé orðin minni hlutdeild þannig með beinu skattana hér á Íslandi en í nokkru annarra Norðurlanda. Á sama tíma hefur t. d. hlutur söluskattsins hækkað úr 20% upp í 34%.

Þessi þróun er allsendis óviðunandi. Þetta er þróun, sem þýðir, að það er sífellt verið að íþyngja almenningi og sífellt verið að auka fríðindin hjá auðmönnunum í landinu. Þegar það svo bætist við, að verið er að taka þar að auki með valdi, með ríkisvaldinu, tekjur, sem verkamenn eiga að fá samkv. sínum samningum, alveg bókstaflega með valdboði, eins og gert var í ágúst í sumar, þá fer sannarlega að kasta tólfunum.

Hefur þessi breyt. nú verið gerð vegna þess, að skatturinn, sem hlutafélögin í landinu greiða, væri svo gífurlegur, að hann væri að drepa þau? Allur skatturinn mun hafa verið nú síðasta ár, held ég, um 54 millj. kr., allt, sem hlutafélögin hafa greitt í skatta, eða 3.8% af heildarskattheimtunni til ríkissjóðs. Því miður hef ég þar ekki nákvæmar tölur. Það er, eins og ég hef oft getið um hér áður úr þessum ræðustól, erfitt að fá það rannsakað, hvað hver launabreyting þýðir í nákvæmum tölum, en því hefur verið haldið fram af hálfu ríkisstj., að 13% launahækkunin, sem hún hefur haldið fram að launþegar hafi fengið í sumar, þýddi 500 millj. kr. Og eins og vitað er, þá var þessi upphæð, þessi 13%, sem ríkisstj. segir að sé 500 millj. kr., þá var hún tekin af launþegunum í landinu með einu pennastriki ríkisstj., gengislækkunarlögunum. En á sama tíma sem 500 millj. kr., — talan er ríkisstj., — eru teknar af launþegunum í landinu, þá þykir það allt of mikið, að auðfélögin í landinu borgi 54 millj. kr. í ríkissjóð, sömu auðfélög sem hafa þó fengið mjög mikil skattfríðindi á undanförnum árum, sífellt verið að bæta þeirra aðstöðu, og njóta — meira en nokkur auðfyrirtæki í nokkru öðru landi okkur nálægu — meiri fríðinda af hálfu ríkisins í lánum og öðru slíku en nokkur önnur auðfélög, þau sem á annað borð þurfa til ríkisins að sækja.

Ég vil þess vegna aðeins tjá þá skoðun mína, sem ég sagði í upphafi þessa máls: Íslenzk yfirstétt gerist með þessu frv. frekari en góðu hófi gegnir. Það er ekki heillavænlegt fyrir hana, þó að hún hafi 1959, meira eða minna með undirferli eða blekkingum gagnvart kjósendum, — ég á þar við kosningaloforð Alþfl., — náð þessum einkavöldum í landinu, sem hún hefur beitt síðan, að hagnýta þau völd svona miskunnarlaust. Það er ekki viturlegt. Ég veit, að okkar yfirstétt er ung, óþroskuð og reynslulaus og frekar fáfróð í stjórnmálum eins og efnahagsmálum, og þess vegna hefði hún átt að fara sér ofur lítið gætilegar, Þetta að samþykkja svona lög, eins og hér er lagt til, það er að storka almenningi. Það er harðvítugt að storka almenningi með því að stela beint af honum. Það er enn þá harðvítugra fyrir viðkomandi auðmannastétt að fara um leið að hrifsa til sín

drýgri hluta en áður af þjóðartekjunum og minnka það, sem hún á að borga til almenningsþarfa.

Ég þykist vita, að það þýði ekki mikið að skírskota til réttlætis eða sanngirni í þessum málum. Það er auðséð, að þróunin stefnir hér í þá áttina, að það verði valdið, það verði, hvor stéttin er sterkari, sem sker úr. Það er slæmt, að það skuli allt saman stefna í þá áttina. Það var mögulegt fyrir íslenzka atvinnurekendastétt, ef hún sýndi hófsemi og skynsemi, að hafa gott samstarf við alþýðuna í þessu landi, bæði bændur og verkamenn. Og það hefur þá vegnað bezt í okkar landi, þegar það hefur verið gert. Nú er auðsjáanlega farið inn á aðra leið, hrifsað til sín, á meðan tækifæri er til, notuð tækifærin til hins ýtrasta. Sú skattalöggjöf, sem hér er verið að samþykkja eða meiningin er að samþykkja, er auðmannastéttinni meira í vil en nokkur skattalöggjöf í nokkru Norðurlandanna, skapar meiri sérréttindi og meiri fríðindi henni til handa en í nokkru Norðurlandanna.

Ég veit, að okkar gamla skattalöggjöf var of þröngur stakkur. Það stafaði af því, að okkar þjóðfélag var bændaþjóðfélag, og sú bændaalþýða, sem mikið til markaði stefnuna í þessum málum í upphafi aldarinnar, óttaðist auðsöfnun. Hún var á móti auðsöfnun. Hún óttaðist auðvald, vildi helzt ekki, að auðvald kæmi upp. Sú gamla skattalöggjöf var þess vegna sniðin þannig, að það var erfitt á löglegan máta að láta auð skapast í landinu, það er alveg rétt. Ég man eftir, þegar við hér fyrir 17—18 árum ræddum þetta, í tíð Péturs Magnússonar, þegar hann var fjmrh., þá minnti ég hann á það, að kapítalisminn eða auðvaldsskipulagið væri ólöglegt á Íslandi. Hann hafði ekki gert sér það ljóst. Auðsöfnun þrifist hér aðeins í banni laganna og svo með broti á skattalögum og gjaldeyrislögum. Og ég held, að það hafi verið viðurkennt af flestum þá. Það ástand út af fyrir sig var náttúrlega óþolandi. Þegar kapítalisminn á annað borð hafði rutt sér til rúms á Íslandi, var rétt að skapa honum möguleika til þess að geta lifað hér löglega. Og það hefur ekki vantað, að verkalýðshreyfingin hafi verið til í það að veita kapítalistum í landinu þá aðstöðu. Þegar stærsta átakið var gert til þess að tryggja uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, bæði á grundvelli privatkapítalisma, samvinnufélaga, bæjarrekstrar og ríkisrekstrar, þá voru auðmönnunum í landinu gefin sérstök fríðindi til þess að mega afskrifa á mjög skömmum tíma og mjög mikið þær eignir, sem ríkið og bankarnir gerðu mögulegt að eignast. M. ö. o.: það var vilji af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og bændanna í landinu til þess að búa þannig að auðmannastéttinni, að hún þyrfti ekki endilega að brjóta lög við auðsöfnun. Og var sífellt verið að stefna í þá áttina að rýmka þannig um. Og það var út af fyrir sig rétt. Það, sem nú hefur hins vegar gerzt, það er, að auðmannastéttin hefur einhvern veginn fundið það á sér, því lengur sem núv. hæstv. ríkisstj. sat, að henni væri allt leyfilegt, að hún gæti hrifsað til sín slík sérréttindi, að engin önnur auðmannastétt á Norðurlöndum hefði slík. Og það er það, sem hún er að gera, m. a. með þessu skattafrv., líka að vísu með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í sumar, þegar gengið var lækkað, líka með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru, þegar vísitöluútreikningurinn var bannaður. Ég tel það miður farið, tel það mjög miður farið, að menn skuli ekki kunna sér hóf um þessa hluti og keyra þess vegna í gegn þessa löggjöf eins og hún er. Ég þykist vita, og það ætti kannske að koma fram hér í þessum umr., að í öðrum stjórnarflokknum, eins og ég þegar hef reynt að færa sönnur á, hafi verið nokkur andstaða gegn þessu. Mér sýnist sú andstaða hafa verið barin niður. Það hefur komið fyrir áður í samvinnu, sem Alþfl. hefur verið í, að þá hefur verið barið slíkt niður, slíkar heilbrigðar hreyfingar þar. Framsfl. reyndi líka á sínum tíma að nota slíkt húsbóndavald gagnvart Alþfl. Afleiðingin hefur alltaf orðið sú, að menn hafa þá að lokum risið upp. Venjulega er einhver dugur til, einhver karlmennska leynist, þó að langt sé nú undir, og rís upp gegn þessu. Jafnvel þó að menn séu barðir niður í þinginu, jafnvel ritstjóri Alþýðublaðsins og hæstv. varadeildarforseti okkar, þá rísa menn upp utan þess. Þess vegna vil ég aðeins segja það, að það er óklókt að berja svona frv. í gegnum þingið með þessum krafti.

Ég mun svo, ef ekki verða meiri umr. um þetta mál nú, biðja hæstv. forseta að lýsa því yfir, að við tökum til baka brtt. á þskj. 758, svo að frsm. 2. minni hl. fjhn. gefist tækifæri að ræða þær við 3. umr. málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú í upphafi máls míns mega spyrja hæstv. forseta, hvort hann hugsar sér ekki að gefa hlé kl. 4, eins og venjulegt er. Ég mun ekki geta lokið mínu máli á þeim 5 mínútum, sem eftir eru, og þætti mér þá eðlilegra að byrja ekki á minni ræðu. (**Forseti:** Já, það var í ráði að halda fundi áfram og fresta honum eða ljúka honum kl. 5.30 í kvöld, og það er með hliðsjón af útvarpsumr., sem fara fram eftir kl 8.) Eftir þessar upplýsingar þykir mér að sjálfsögðu rétt, að ég hefji mál mitt hér og skal þá starfa hér í kaffitímanum í þegnskylduvinnu, sem þó annars er ekki venja hér á Alþ., að halda áfram fundum í kaffitíma.

Ég var fjarverandi hér við störf í Norðurlandaráði, þegar þetta mál kom til 1. umr. hér í d., og gat því ekki tekið þátt í þeim umr., sem þá fóru hér fram um málið. Það eru tvær ástæður fyrir því, að ég get ekki látið hjá líða að lýsa afstöðu minni til þessa stóra og merka máls. Sú fyrri er sú, að ég fyrir rétt 10 árum bar fram till. um það í hv. Ed. að fella úr gildi skattalöggjöfina frá 1921 og afnema tekjuskattinn almennt. Þessi till. þótti þá hrein fjarstæða, og ég man eftir því, að hv. meðþm. minn, núv. 1. þm. Norðurl. e., sagði þá í sinni ræðu, að hér væri um skemmtilega fjarstæðu að ræða, að láta sér detta það í hug að bera það fram á Alþ. að fella úr gildi skattalöggjöfina. Samt sem áður hygg ég, að það séu mjög fáar till. á Alþ., sem hafa vakið almennt meðal þjóðarinnar jafnmikla athygli og þessi till. gerði þá og hefur gert æ síðan. Og till. sú, sem ég þá bar fram og var felld, er raunverulega meginorsökin fyr-

ir því, að þetta frv. hér er til umr. í dag eða á þessu þingi, sem nú situr.

Nokkru síðar, árið 1955, var skipuð mþn. af þáv. hæstv. ríkisstj. Ég átti m. a. sæti í henni fyrir hönd Sjálfstfl. og e. t. v. eingöngu vegna þess, að ég hafði borið fram þessa till. og fært fyrir henni sterk rök, sem fólkið vildi hlusta á og tók að mörgu leyti gild, og það ekki einungis fólk úr röðum sjálfstæðismanna, og því síður, að það væri einungis fólk úr röðum efnamanna eða eignarstéttarinnar, eins og hv. 3. þm. Reykv. minntist á áðan, heldur voru þetta raddir, sem komu þá úr öllum stéttum og engu síður úr verkamannastéttinni. Það er alveg nauðsynlegt að taka þessi mál til gagngerðrar athugunar. Ég bar þá till. fram í þeirri mþn. Hún fékk að sjálfsögðu ekki fylgi, og ég reyndi þá að hafa þau áhrif á störf n. og þær till., sem frá henni komu, að nálgast sem mest það atriði að milda skattalöggjöfina, og hafði þar náð töluverðum árangri, eins og þær till. bera með sér, sem þá voru samþ. á Alþingi.

Þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, sem nú situr, var það eitt af samningsatriðunum á milli þeirra flokka, sem styðja ríkisstj., að taka á ný til athugunar þessi mál, af því að það hafði ekki verið gengið nægilega langt árið 1955, og þá voru enn margar og háværar raddir einmitt frá alþýðumönnum um það að breyta enn verulega skattalöggjöfinni og í þá átt, sem ég hafði þá gert till. um og ég hér hef lýst. Það var einnig skipuð mþn. í þetta mál, sem starfaði og undirbjó það frv., sem hér er til umr. Og ég fékk enn sæti í þeirri nefnd, að sjálfsögðu vegna þeirrar till., sem ég hafði borið fram 1952, og vegna þeirra undirtekta, sem hún hafði fengið hjá þjóðinni.

Mitt fyrsta verkefni eða viðbrögð í n. var það að bera fram till. um það, mína gömlu till. um að afnema algerlega tekjuskattslögin, fella þau alveg úr gildi. Og ég er ekkert hikandi við að viðurkenna það, ekkert hikandi að færa fyrir því rök, þó að þau séu allt önnur en hv. 3. þm. Reykv. færði fram hér áðan fyrir sínu máli. Þessi till. náði ekki fram að ganga. Ég bjóst ekki heldur við því, að þeir menn, sem fjölluðu um það, hefðu enn þá þroskazt svo mikið í þessu máli, að þeir treystu sér til þess að fylgja því fullkomlega. En ég er jafnviss um það, að miklu meiri hluti þjóðarinnar stendur enn um mína till. frá 1952 en jafnvel um þetta frv. Og það er það, sem hv. 3. þm. Reykv. færir fram hér í því máli. Þegar sú till. hafði verið felld að afnema að fullu lögin um tekjuskatt, þá bar ég fram varatill. um það að afnema að fullu tekjuskatt félaga í landinu, og skal ég á eftir færa fyrir því rök. Sú till. var einnig felld. Löggjöfin um tekjuskatt einstaklinganna er ekki mikið breytt frá því, sem var gert áður á þingi samkv. mínum till., eins og kunnugt er, en hins vegar nokkuð breytt ákvæðum um félögin, eins og ég skal koma nokkuð að. En þó einkum, eins og hér hefur verið bent á, er meginverkefni þessa frv. um framkvæmdir og hvernig það skuli framkvæmt og reglur um það, þó að hins vegar séu þar allmiklar umbætur á sumum sviðum í þessum málum frá því, sem áður var.

Till. mín um að fella niður tekjuskatt eða gera hlutafélögin skattfrjáls var einnig felld í n. Þetta vakti á engan hátt neina andúð í samstarfi við n. Mér var það ljóst fyrir fram, að þetta mundi ekki verða samþ., og ég tók þar af leiðandi upp fullt samstarf við nefndina, eftir að mínar till. höfðu verið felldar, og lýsti því einnig yfir og lýsi því yfir enn, að ég er fylgjandi því samkomulagi, sem varð í n. um afgreiðslu mála, og mun því fylgja þessu frv. hér fram, eins og það liggur fyrir, þótt ég hefði óskað ýmis ákvæði þess á annan veg, eins og ég þegar hef tekið fram. Það er eins og venja er til um samstarf í nefndum, hvort heldur er utan þings eða innan, að þar þurfa menn að taka og gefa, og er það ekkert nýtt. Þegar menn hafa komið sér saman, er venjan að halda við það samkomulag, sem orðið hefur, sérstaklega ef því hefur verið lýst yfir, eins og var gert í þeirri n., að því var lýst yfir af öllum aðilum, að þeir fylgdu málinu í höfuðatriðum, eins og það kom frá n., og ég mun ekki heldur bregðast því samkomulagi. — Þó sé ég það, að tveir hv. nm., sem áttu sæti í mþn. og eiga einnig sæti í hv. Ed., hafa brugðizt þar um eitt atriði, og skal ég koma að því síðar, en það gefur mér ekki ástæðu til að bregðast því, sem ég hef tekið samkomulag um í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Að ég á sínum tíma og æ síðan hef lagt til að afnema tekjuskatt einstaklinga, kemur til af því, að reynslan hefur sýnt og sannað, að því minni skattur, beinn skattur á einstaklinga, því meiri fjárhagsmöguleikar fyrir viðkomandi aðila. Og ég hygg, að einmitt dæmið, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. tók hér áðan um aukningu á tollum og sköttum, hinum óbeinu gjöldum til ríkissjóðs, eigi ákaflega sterkan þátt í því, að það var linað á skattinnheimtu samkvæmt skattalögunum 1960, því að þegar menn voru ekki neyddir til þess að borga mest af sínum tekjum í ríkissjóð og bæjarsjóði og sveitarsjóði, eins og var, áður en lögunum var breytt, þá höfðu þeir sjálfir möguleika, nokkurt fé á milli handa, sem þeir gátu eytt eins og þeir vildu, og fóru þá með það í kaup á ýmsum þeim varningi, sem ríkissjóður tekur háa tolla af, og völdu sér þannig frjálst að greiða á þann hátt í ríkissjóðinn. Þeir, sem höfðu ekki á því möguleika eða ekki skap til þess að gera það, þeir létu það í banka eða í verðmætar eignir, og hvort tveggja var þjóðinni til betri framdráttar í efnahagsmálunum en ef það hefði verið tekið á þann hátt, sem áður var.

Í því sambandi vil ég einnig leyfa mér að benda á, að það ástand var orðið svo hér og er raunverulega enn í þessu landi, að fjölda manna, sem þurfa á því að halda, þurftu þá og þurfa enn að kaupa vinnukraft og eiga erfitt með að skapa sér hann, er gert það að ófrávíkjanlegu skilyrði enn í dag, krafa um það, að ekki sé gefið upp til skatts það, sem greitt er. Þetta er skýrasta sönnun fyrir því, að við erum á rangri leið, — gersamlega á rangri leið með því að halda stighækkandi sköttunum á einstaklinga. Þetta skapar aftur á móti hitt, að þeir menn, sem taka laun sín, eins og embættismenn og ýmsir aðrir menn, þar sem ekki er hægt að dylja launagreiðslurnar, m. a. hjá fé-

lögum, sem verða að gefa upp, vegna þess að þau fá það dregið frá sínum kostnaði o. s. frv., þeir verða miklu harðar úti, þó að þeir hafi miklu minni laun, hvað þá heldur sömu laun, — minni laun en hinir, sem á þennan hátt geta skotið sér undan skattskyldunni. Og mannlegt eðli er nú einu sinni þannig, að lög um skattana hér á Alþ., sem samin eru hér, og þótt það væri með öllum greiddum atkv., þau mundu ekki beygja þannig eðli mannsins, að hann hætti að gera tilraun til að svíkja skatt, ef hann getur haft af því einhvern ágóða. Og það getur hver maður farið í sinn barm í dag, sem eitthvað kemur nálægt atvinnumálum, hvort það er ekki rétt, sem ég staðhæfi hér, að það er enn þá knúið á mjög af þeim mönnum og engu síður af verkamönnum, hinum lágt launuðu mönnum, knúið á að leyna, ef mögulegt er, þeim tekjum, sem þeir hafa við vinnu sína, til þess að þurfa ekki að gefa þær upp. Þetta er ekki eingöngu vegna þess skattþunga, sem er til ríkisins, heldur kannske miklu frekar þess skattþunga, sem er til sveitarfélaganna, vegna þess að nú er hann reiknaður út einmitt eftir skattaframtali.

Þetta er ein ástæðan fyrir því, að ég hef í vaxandi mæli haldið því fram, barizt fyrir því, að tekjuskattur með stighækkandi gjaldi sé afnuminn, og tel, að það sé rétt stefna í skattamálum hjá hverri þjóð. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að hér einmitt í Reykjavík var haldinn fundur fyrir ekki allmörgum árum á meðal fjmrh. allra Norðurlanda um þetta mál, þar sem það kom mjög fram, sérstaklega hjá fjmrh. Norðmanna, að þetta væri alveg hárrétt stefna, sem Íslendingar hefðu bent hér á, en fengu hins vegar ekki samkomulag um þetta, og sérstaklega voru það Danir, sem vildu ekki taka upp samstarf um að fara inn á þessa braut. Ég hef hins vegar hvað eftir annað átt um þetta samræður við fjmrh. Norðurlandanna, þegar ég hef verið í Norðurlandaráði, og síðast nú m. a. við einn þekktasta hagfræðing Norðurlanda, prof. Ohlin í Svíþjóð. Og hann hefur hvað eftir annað látið í té undrun sína yfir því, hvað Íslendingar séu framarlega í þessu máli, á undan öðrum Norðurlandaþjóðum, einmitt í þessu máli, að fara meira frá beinu sköttunum og inn á hina óbeinu skatta, svo að ég þarf ekkert að bera kinnroða fyrir það að hafa komið fram með slíka till., sem er ekki einungis að fá vaxandi fylgi hér á Íslandi, heldur um öll Norðurlönd.

Að ég lagði enn meiri áherzlu á að fá skattfrelsi fyrir öll félög, hverju nafni sem nefnist, hvort heldur það væru samvinnufélög, hlutafélög eða sameignarfélög, kemur til af því í fyrsta lagi, að ég tel, að félag sé enginn skattaaðili út af fyrir sig. Skattaaðili er fyrst þeir eigendur félaganna, sem fá greitt út úr félögunum, annaðhvort laun eða arð, en ekki félagið sjálft. Félög almennt taka að sér verkefni til þess að leysa ýmis verkefni þjóðfélagsins, sem ekki verða leyst af einstaklingum. Þau verða að leysast annaðhvort af félagi, félagsheildum einhverra einstaklinga eða af ríkissjóði eða sveitarsjóðum. Og því fjársterkari félagsheildir sem ein þjóð á, því betur er hennar efnahagskerfi komið. Fyrir þessa grundvallarskoðun mína hef ég lagt það til, að öll félög væru skattfrjáls. Og ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda ykkur á eitt félag, sem er skýrasta táknið hér á Íslandi, sem er Eimskipafélag Íslands. Eimskipafélag Íslands var skattfrjálst í meira en 40 ár. Það var byggt upp fyrst af almenningi í landinu, þar sem hver maður lagði fram eftir sinni getu og sumir hverjir ekki nema 25 kr. En það varð til þess að byggja Eimskipafélagið upp og taka íslenzkar siglingar í okkar hendur. Það var ekki þessu fólki að kenna, að þegar félaginu fór að ganga vel efnahagslega, þá voru það stjórnendur félagsins og kannske einnig með aðstoð eða afskiptaleysi ríkisvaldsins, sem lokuðu hlutafjársöfnun félagsins, sem aldrei skyldi verið hafa. Ef það hefði ekki verið gert, væri Eimskipafélagið enn í dag langsamlega sterkasti aðilinn í íslenzku athafnalífi og hefði getað tekið að sér að leysa margan þann vanda, sem ríkissjóður og bæjarfélög nú verða að leysa. Og ef ekki hefði verið skattfrelsi Eimskipafélagsins, meðan það var að byggja sig upp, þá hefði ekki orðið hér neitt Eimskipafélag, þá hefði það dáið út, alveg eins og önnur félög, sem hafa lifað nokkurn tíma, fallið svo niður, alveg sérstaklega vegna gildandi skattalaga á hverjum tíma. Ég skal ekkert segja um það, hvernig verður með Eimskipafélagið, eftir að búið er að semja lög um, að það skuli lúta sömu reglum og önnur félög í landinu, en ég tel, að það sé til óhamingju fyrir þessa þjóð að hafa ekki staðið utan um það að byggja þann félagsskap upp betur en gert hefur verið í síðari tíð, og tel, að þar hafi verið stigið víxlspor að taka aftur af því skattfrelsi. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram hér við þessa umr.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að skattalögin voru sett hér fyrst árið 1921. En allt fram að þeim tíma blómgaðist hér m. a. togaraútvegur, og þau félög stóðu ekki í neinum erfiðleikum fjárhagslega. En eftir að skattalögin voru sett og sérstaklega eftir að farið var að beita þeim harðneskjulega gagnvart fyrirtækjunum, þá smátt og smátt rýrnaði efnahagur þessara félaga og endaði þannig, að enginn eða sárafáir einstaklingar vildu koma nálægt þeim. Og meginorsökin til þess er ákvæði skattalaganna frá 1921 og meðferð þeirra alveg sérstaklega undir stjórn Framsfl. og fyrrv. hæstv. fjmrh. Eysteins Jónssonar, sem aldrei gat séð nokkurn eyri í friði hjá neinni stofnun eða neinum manni, nema því aðeins að reyna að klófesta í ríkissjóðinn.

Afleiðingin af þessu síðar varð sú, að fyrst urðu bæjarfélögin að taka á sig þessar skyldur. Þau urðu að taka á sig í vaxandi mæli að halda uppi togaraútgerðinni og stofna til bæjarútgerðar, sem fékk skattfrelsi á öllum sviðum, bæði til sveitar og ríkissjóðs, og voru þannig sköpuð allt önnur lífskjör í landinu en hinum, sem áttu að starfa undir erfiðri og óviturlegri skattalöggjöf. Og endirinn er svo sá, að þegar þau voru að gefast upp, þá varð ríkissjóður að taka við og taka að sér allar byrðarnar, sem einstaklingarnir og félagsheildirnar urðu að gefast upp við vegna skattalaganna, beinlínis

vegna skattalaganna. Og nú er svo komið, að ríkissjóður verður að fara að setja tugi milljóna í þessi fyrirtæki, sem gætu átt blómlega sjóði og ágæta framtíð, ef þau hefðu búið við viturlega skattalöggjöf. Og það er það, sem mér skilst, að hv. 3. þm. Reykv. vilji miklu heldur, að fara inn á þessa stefnu, kyrkja allan möguleika til þess, að félagsheildir einstaklinga geti lifað og safnað fé, því að það er alveg óhjákvæmilegt fyrir hvaða aðila sem ætlar sér að hafa stóran atvinnurekstur með höndum að eiga einhverja sjóði og safna fé og það svo stóra, að hann þoli áföll. Hann vill heldur, að þetta allt sé kyrkt, það sé allt skorið niður við trog, en síðar taki ríkissjóður við og geri út a. m. k. þau skipin, sem einstaklingar hafa ekki getað gert út, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði hér um daginn, að það væri sjálfsagt að fyrirskipa ríkissjóði að taka alla þá útgerð, sem hefði gefizt upp, af einstaklingum. Og ríkissjóður skyldi svo gera þau skip út og taka það svo allt í sköttum, einnig af verkamönnunum. Þetta vill hann heldur en hitt, að leyfa slíkum félagsheildum að búa við eðlilega skattalöggjöf. Og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) fylgir honum fast og dyggilega eftir í þessi fótspor með allan Framsfl. á eftir sér.

Sem rök fyrir því, að rangt sé að lækka skatthluta félaganna, eins og gert er í till. hér í þessu frv., segir hv. 1. þm. Norðurl. e. í sínu nál. á þskj. 341, að í Noregi sé skattur á félög 30%, í Danmörku 44%, í Svíþjóð 44% og í Bretlandi 38.75%. En hér er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn, því að þegar þessi skattaprósenta er reiknuð út, þá er hún reiknuð af allt annarri upphæð, sem talin er til skatts, heldur en gert er eftir íslenzkum skattalögum hér. Það eru miklu stærri frádragsupphæðir í þessum löndum öllum heldur en er á Íslandi, svo að þetta dæmi er hrein blekking, og er ekki hægt að skoða það sem nein rök fyrir því, að ekki eigi að lækka tekjuskatt á félögum, auk þess sem skattur til sveitarfélaga á fyrirtækjum í þessum löndum er innifalinn í þessari upphæð, því að þar er það sameiginlegur skattur. (Gripið fram í.) Ég segi jú, það þarf ekki að segja nei. Hv. þm. þarf ekki að segja neitt meira en þetta. Ég hef kannske miklu meira athugað þau mál en nokkurn tíma hann hefur gert. Og ég vil nú spyrja í þessu sambandi: Er það mögulegt, að fyrirtæki eins og A. P. Müller, sem er ekki einungis talið ríkasta fyrirtæki á Norðurlöndum, heldur með allra ríkustu útgerðarfyrirtækjum í heimi, — er það mögulegt, að það hefði á minna en 40 árum getað safnað öðru eins fé og það hefur safnað, ef það hefði verið undir sams konar skattalöggjöf og hefur verið hér á Íslandi? Er það mögulegt? Og ég skal benda á annað fyrirtæki í Noregi. Það var að láta byggja nýtt skip fyrir 120 millj. norskra króna og borgaði allt úr sínum eigin sjóðum. Er það mögulegt, að slíkt hefði getað skeð hér á Íslandi undir þeirri skattalöggjöf, sem við höfum haft? Ég segi nei. Það er alveg útilokað. Það er alveg útilokað, að það hefði verið hægt. Nei, sannleikurinn er sá, að allar þessar þjóðir — og alveg sérstaklega Norðurlandaþjóðirnar — hafa þá skoðun á því, að það séu einmitt beztu sparisjóðirnir, sem séu hjá þeim, hlutafélögin, sem safna fé. Ef þau geta safnað sjálf fé og átt það, þá fyrst og fremst hafa þau löngun til þess að vikka út sína starfrækslu, og þess vegna létta þau á bönkunum um að þurfa ekki að taka þar lán og setja bankana í jafnmikla hættu og við höfum orðið að gera hér, þar sem fyrirtækin hafa orðið að fara í bankana sem vernd, sem hreina vernd gegn skattpíningu Framsfl. undanfarin ár. En það er sú stefna, sem þessir menn sýnast vilja heldur vera inni á, að láta einstaklingana fyrst knýja út úr bönkunum eins mikið og hægt er, auk þess að fara til Alþ. og biðja það um að útvega sér ábyrgð, allt að 70—80% eða jafnvel hærra, heldur en leyfa fyrirtækjum að mynda á eðlilegan og viturlegan hátt sína eigin sjóði.

Það er vegna þess, að ég er á andstæðri skoðun í þessum málum, að ég hef borið fram þær till. og barizt fyrir þeim, að þessi félög öll væru gerð skattfrjáls. Hitt er svo allt annað atriði og kemur ekki þessu við, að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og mjög nauðsynlegt að hafa miklu strangara eftirlit með því, að út úr fyrirtækjunum sé ekki greitt til neinna aðila, nema það sé skattað. Og ef það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að í fjöldamörgum af þessum félögum tækju eigendurnir, forstjórar eða hluthafar, sem mér er nú ekki persónulega kunnugt um, sem ég skal ekki leggja neinn dóm á, stórar fúlgur til þess að byggja fyrir villur, sem þeir ættu sjálfir, þá er það að kenna eftirlitslevsi og röngum lögum í sambandi við hlutafélögin og kemur ekkert skattamálunum við.

Ég hef ekki látið þessi orð falla til þess, að ég ætli mér að bera fram neinar brtt. í þessa átt, heldur hef gert það til þess, að ég vil, að það standi skýrt í Alþingistíðindunum, að ég hef barizt fyrir þessum málum. Ég hef séð þróunina í þá átt, sem ég hef lagt til, þótt hins vegar það hafi ekki tekizt að ná aðalmarkinu, sem ég vonast til að takist, þegar menn fá fullan skilning á, hversu það er nauðsynlegt, að ríkissjóður eða sveitarsjóðirnir revti ekki hvern eyri af þegnum sínum, hvort heldur það eru einstaklingar eða félagsheildir.

Hvar stendur efnahagur Íslands, hvar stendur efnahagur ríkissjóðs og hvar stendur efnahagur sveitarsjóðanna, ef þessi þungi og þessar skyldur eru í vaxandi mæli lagðar á þá? Þá stendur það þannig, að annaðhvort verða þessir aðilar að gefast upp við verkefnið eða verða að leggja allan þungann á hina almennu skattborgara í landinu, jafnt verkamenn sem aðra, því að það skulum við ekki halda, að atvinnulífi Íslendinga komi til að hraka þannig, að enginn verði að sinna um að halda uppi þeim atvinnutækjum eða starfrækja þau atvinnutæki, sem eru lífæð þjóðarinnar, eins og hefur verið hér um tugi ára og raunverulega alla tíð.

Ég skal láta þessi orð nægja í sambandi við það atriði, hvort það eigi að vera skattalög í landinu eða hvort það eigi að vera skattfrelsi, og ber engan kinnroða fyrir það að halda mínu máli þar fram. En ég vænti þess, að hv. alþm. og einnig hv. 1. þm. Norðurl. v. skilji það, og það held ég hafi verið mismæli hjá honum,

sem hann sagði hér áðan, eða af þekkingarleysi, sem ég veit nú, að hefur ekki verið, því að hann er kunnugur þessum málum, að skattarnir hafi ekki verið neitt vandamál fyrir félögin. Skattarnir voru fyrir félögin það vandamál, á meðan þau þénuðu nokkra peninga, að í góðærum var allt tekið af þeim og á vondu árunum voru þau skilin eftir með skuldirnar og töpin. Og fyrir það gáfust þau öll eða svo að segja öll upp.

Þá skal ég aðeins ræða hér örlítið, og skal nú stytta mál mitt, herra forseti, — ræða örlítið atriði 48. gr. Þar hefur verið bætt inn í gr. einum málsl., síðasta málsliðnum, sem þar stendur. Sú gr. er um refsiákvæðin. Þar stendur: „Fyrir endurtekin og stórfelld skattsvik má dæma menn í allt að tveggja ára varðhaldsvist.“ Þessu breytti Ed. Þetta mál var til umr. í mþn. og var mjög rætt þar. Og það var eins og ýmis önnur deiluatriði, að það var samið um það í n., að þetta atriði skyldi ekki sett inn í lögin, og skal ég greina frá því hvers vegna og er ekkert hikandi að skýra frá því. Tveir af þeim mönnum, sem áttu nú sæti í n., eiga sæti í Ed., og mér skilst, að það séu einmitt þeir báðir, sem hafa verið flytjendur þess að setja þetta ákvæði inn, þrátt fyrir samkomulag í n., sem e. t. v. hefði getað leyst okkur alla hina undan því að koma ekki með alls konar brtt., úr því að það samkomulag var rofið. Refsiákvæði í þessum lögum eru þau fyrst og fremst, að um áætlun skattstjóra, þ. e. a. s. ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattstjóra, skal með fara sem hér segir:

„Ef áætlun skattstjóra er kærð innan tilskilins frests, má því aðeins lækka hana, að hún sé hærri en raunverulegar tekjur og eign skattþegns að viðbættum 25%.“ Það eru svo þung viðurlög við að hafa ekki sjálfur talið fram, að skattstjóra er skylt að bæta 25% við áætlunina og má ekki lækka það. Og svo stendur hér áfram: „Má aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%.“

Ég vil nú spyrja: Þykja mönnum þetta ekki allþung viðurlög, að bæta 25% við tekjurnar, ef þeim hefur orðið á annaðhvort að telja ekki rétt fram eða telja ekki fram, — þykja það ekki allþung viðurlög að bæta við 25%? En það er ekki það eina. „Nú hefur framtalsskýrsla borizt, eftir að framtalsfrestur er liðinn, en áður en gengið er frá skattskrá, og skal þá miða skattmat við raunverulegar tekjur og eign að viðbættum 25%.“ Ég sé nú ekki annað en hér séu allþung viðurlög. Þó er þetta ekki allt. Svo segir enn hér í 48. gr.:

„Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífalda skattupphæð.“

Nú verð ég að segja það, að þó að ég féllist á það, að þessi gr. væri látin standa í l., hún hefur víst staðið í þeim lengi, þá verð ég nú að leyfa mér að benda á, að hér er náttúrlega um tvenn alveg mismunandi lagabrot að ræða. Annað er framið af ásetningi, en hitt er fyrir vanrækslu, og er náttúrlega engan veginn rétt í refsilöggjöf að láta það lúta sömu refsingu. Ég skal ekki samt sem áður gera aths. við það, og það m. a. vegna þess, að ég veit, að það dettur engum skattayfirvöldum í hug að ganga svo langt í refsingu á framtölum að tífalda skattinn. Ég hygg, að það sé ekki til eitt einasta dæmi í öll þessi ár síðan 1921, að þetta hafi verið gert. Þá kemur hér enn: „tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 6 ár alls.“ Já, þá fer nú að verða dálítið skrýtið um réttarfar. Það er lögbrot og jafnvel glæpur að fremja þetta um 6 ára bil, en ef hægt er að leyna því 6 ár eða lengur, þá er það ekki lengur refsivert. Það er ekki hægt að fá mann dæmdan, ekki einu sinni til þess að greiða skattinn, ef hann hefur getað leynt afbrotinu í 6 ár. Og svo er haldið hér áfram: „Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, sem á vantar.“ Ætli nokkur viti nú til þess, að það hafi verið gert? Það er nú kunnugt, að um ýmis bú, þegar þeim hefur verið skipt, þá hefur ýmislegt komið á daginn. En ætli nokkur maður viti þess dæmi, að hér hafi verið notað þetta ákvæði? Ég hygg, að það megi leita vel, ef það á að finnast. Svo er enn sagt:

„Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu að viðlögðum dagsektum samkv. úrskurði fjmrh, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunir nema meira en 10 þús. kr.“ Svo endar það með setningunni, sem sett er inn í Ed.: „Fyrir endurtekin og stórfelld skattsvik má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist.“

Hvers vegna er ekki dæmt fyrir skattsvik í varðhald, fyrr en þau eru annars vegar stórfelld, ef það er rétt að gera það, og hins vegar endurtekin? Ég held, að fangelsisvist sé beitt hér á Íslandi aðeins í tvenns konar tilvikum: Annað fyrir raunverulegan glæp, þar sem menn geta ekki keypt sig undan fangelsisvist, og þó er það mildað svo, að það er gefið fjöldamörgum, sem hafa orðið fyrir þeirri óhamingju, tækifæri til að sýna, hvort þeir geti hagað sér sæmilega í fimm ár, og settur skilorðsbundinn dómur. Ég veit t. d. til þess a. m. k., að skilorðsbundinn dómur hefur verið tildæmdur eða ákveðinn fyrir afbrot gamalla manna, eldri manna, ekki barna og unglinga, eins og var fyrst í upphafi, því að það var fyrst ætlazt til þess, að það væri aðeins fyrir unglinga, sem ekki vissu fótum sínum forráð í lífinu. En það hefur verið tekið upp á því í vaxandi mæli, ef þetta hefur komið fyrir, að láta þetta einnig ganga yfir eldri menn, og það er vegna þess, að löggjafinn og dómararnir eru að fá á því skilning, að það er engin bót að dæma menn í fangelsi. Það verður enginn betri maður, verður enginn betri þjóðfélagsþegn með því að dæma hann í fangelsi, og það á ekki að dæma mann í fangelsi, nema því aðeins að hann sé lífshættulegur fyrir umhverfið, og ekkert annað. Enda er refsilöggjöf að fara þannig hér, að á s. l. þingum hefur verið breytt fjöldamörgum lögum til þess að milda refsilöggjöfina, taka

ekki réttindi af mönnum, þó að þeir hafi framið afbrot o. s. frv., á sama tíma sem svona grein er sett hér inn. Hin leiðin að dæma í fangelsisvist er til að láta menn afplána sektir. Hér er sannarlega hægt að láta menn afplána, þegar búið er að tífalda á þeim skattinn, þá sýnist mér, að það sé allmikil sekt, og ef það er tekið, þá er sektin afplánuð. Ég held, að það ætti að verða eitthvað annað hlutverk íslenzks Alþingis nú á tímum en það að fjölga mögguleikum til að fylla fangelsin, — fangelsi, sem ríkissjóður og sveitarstjórnir hafa engin tök á að byggja upp, og fangelsi, sem gerir engan þegn þjóðfélagsins að betri manni. Þetta er önnur hlið málsins.

Hin hlið málsins er svo sú: Er þjóðin komin á það stig að skilja það, að skattsvik séu raunverulega nokkurt afbrot? Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að hún er ekki komin enn í dag á það stig. Ég held, að það séu allt of margir menn í þjóðfélaginu í dag, sem enn leyfa sér, ef þeir geta og treysta sér til þess, ekki einungis að draga sjálfir undan skatti, heldur og að hjálpa öðrum til þess að gera það, eins og ég minntist á í upphafi. Og meðan það skattasiðferði er í þessu landi, að þjóðin almennt skilur ekki, að það sé virkilega afbrot að svíkja skatt, þá á ekki að setja slík ákvæði inn í löggjöfina, ekki af því, að ég sé hræddur um, að henni verði beitt, frekar en ákvæðinu um að tífalda skattinn, en það er bara ekki Alþ. til sóma að setja slík ákvæði inn.

Því hefur verið svarað við mig, að það sé allt annað atriði, og því var svarað m. a. í mþn., að nú eigi að gera skattalöggjöfina svo milda, að það sé engin afsökun að svíkja skattinn, að telja ekki rétt fram. Og það stendur bókstaflega í þeim gögnum, sem hér hafa verið birt í sambandi við þessi mál, og í þeim ræðum, sem um þetta hafa verið fluttar, að það hafi verið nauðvörn skattþegnsins að svíkja skatt, vegna þess að það hafi verið farið svo djúpt ofan í hans vasa, og þess vegna sé það réttlætanlegt, að menn reyni að svíkja og telja undan skatti. Þetta hefur gengið svo langt, að sumir hverjir fyrrv. hæstv. fjmrh. hafa gefið út um það yfirlýsingar, að ef menn vildu telja rétt fram á þessum tíma, þá skyldi öllum fyrri syndum gleymt. Það er viðurkenning fyrir því, að hér hafi ekki verið farið rétt að í sambandi við skattamálin.

Ég skal viðurkenna það, að þegar breytt var lögunum, sérstaklega í sambandi við einstaklinga, þá höfðu þau strax þau áhrif, að miklu betur var talið fram og menn komu fram með ýmislegt af því fé, sem áður hafði verið dulið. En höfum við nokkra tryggingu fyrir því, að þessi skattalöggjöf, sem kann að verða samþ. hér í dag, fái að standa deginum lengur? Hér geta komið aftur að menn eins og hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Þeir geta komizt hér í valdaaðstöðu og komast kannske, — ég veit ekkert um það. Og þeirra fyrsta verk mundi sjálfsagt verða, ef nokkuð er að marka, hvað þeir eru að tala hér um þessi mál, að fara þar inn á miklu þyngri skattaálögur en hér er gert ráð fyrir. Annars væri ekki mikið að marka það, sem þeir segja um þessi mál. En hitt er ég alveg viss um, að þó að það væri tífaldaður skattaþunginn, þá yrði þetta ekki numið í burtu, sú gr., sem hefur verið sett hér í hv. Ed., henni til lítils sóma. Það er ekkert hætt við því, að þeir sömu menn mundu fara að fella það niður, síður en svo, og viðurkenna, að það hafi verið gert vegna þess, að þá yrði skattþegninn að hafa einhverja vernd, eins og hefur verið viðurkennt undir þeim skattal., sem við höfum búið við áður.

Þetta eru þær aths., sem ég vildi láta koma hér fram. Og ég mun síðar, hæstv. forseti, afhenda brtt. við 48. gr., skriflega, að síðasta málsgr. gr. falli niður. Hún mun verða prentuð og lögð hér fram, ef ekki verður gengið frá málinu í dag. Annars verður að leita afbrigða fyrir henni og fá undanþágu eða afbrigði frá þingsköpum, að hún megi koma til umr. Ég mun svo að sjálfsögðu fylgja frv., einnig þó að þessi óviðurkvæmilega till. verði látin standa, sem ég tel Alþ. öllu til ósóma, ef ekki verður numin í burt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 768) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 748,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 758,1 felld með 21:7 atkv.
10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 758,2 felld með 20:6 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 758,3 felld með 21:11 atkv.
— 748,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 758,4 felld með 19:8 atkv.
14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 758,5 felld með 21:6 atkv.
— 748,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 758,6.a felld með 22:7 atkv.
— 752,1 felld með 20:14 atkv.
— 758,6.b—c kom ekki til atkv.
17.—18. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,9 samþ. með 21 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 752,2 felld með 20:12 atkv.

Brtt. 758,7 kom ekki til atkv.
25. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 748,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 752,3 felld með 21:12 atkv.
— 752,4—6 teknar aftur.
27.—28. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 748,11 samþ. með 22 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
30.—34. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,12 samþ. með 23 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
36.—39. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 748,14 samþ. með 22 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
43.—47. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 768 felld með 22:4 atkv.
48. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
49.—55. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 781).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Hæstv. forseti. Fyrir hönd fjhn. d. leyfi ég mér að bera hér fram eina skriflega brtt. Við yfirför frv. í nefnd hafði okkur yfirsézt eitt atriði, sem við teljum ástæðu til að koma á framfæri við þessa síðustu umr. frv. Brtt. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Breytingartillaga við frv. til l. um tekju- og eignarskatt. Frá fjhn. Við 6. gr. Á eftir orðunum „umsjón ríkisstjórnarinnar" í 1. mgr. komi „sýslufélög".

6. gr. fjallar um þá aðila, sem undanþegnir eru tekjuskatti. Þar er getið um sveitarfélög o. s. frv., en okkur þótti nákvæmara, að sýslufélög yrðu einnig tekin þarna fram, eins og raunar var komið fram við 2. umr. og brtt., sem við fluttum þá við 9. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 810) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. í síðustu umr. þess hér. Ég vildi aðeins kasta á það kveðju, um leið og það fer til baka til hv. Ed. Þó að nokkrar breyt. hafi verið gerðar á frv. hér í d., eru þær yfirleitt um minni háttar atriði og sumt lagfæringar á orðalagi, og liggur nú fyrir ein skrifleg brtt. frá fjhn. um smálagfæringu, sem enginn ágreiningur er um í n. En í meginatriðum er frv. óbreytt eins og það var lagt fyrir þingið.

Samkv. enn gildandi lögum greiða hlutafélög 25% af skattskyldum tekjum í tekjuskatt til ríkisins og útgerðarfélög þó raunverulega minna, þar sem þau hafa nokkru meiri varasjóðsfrádrátt. En þegar tekið er tillit til varasjóðsfrádráttarins, þá er tekjuskattur félaganna raunverulega 20% af hreinum tekjum nú, en 16⅔% hjá útgerðarfélögum og samvinnufélögum. Þetta verða að teljast hóflegir skattar að mínu áliti. Í því sambandi má einnig benda á ákvæði í þessu frv. um endurmat eigna og afskriftir af nýju matsverði þeirra, en þetta hefur verulega þýðingu fyrir atvinnufyrirtækin. Það, sem hefur þjakað atvinnureksturinn undanfarið, eru hin ranglátu veltuútsvör til bæjar- og sveitarfélaga. Nú var verið að samþ. hér í hv. d. fyrir fáum mínútum frv. um tekjustofna sveitarfélaga, og samkv. því eru veltuútsvörin afnumin, en í staðinn kemur aðstöðugjald svonefnt. Þetta aðstöðugjald er mjög frábrugðið veltuútsvörunum að því leyti, að það má teljast með öðrum kostnaði við atvinnureksturinn, og þessi breyt. er mjög til hagsbóta fyrir atvinnufyrirtækin, og því er enn síður ástæða til að lækka um leið skatta á þeim til ríkissjóðs. En með þessu frv. er tekjuskattur félaga ákveðinn 20% af skattskyldum tekjum, en áður en skattur er á lagður, má draga frá tekjunum ¼ til varasjóðs, svo að raunverulega er skatturinn 15% af hreinum tekjum félaganna. Raunverulega er hann 15% af hreinum tekjum þeirra. Þetta er lægra skattgjald til ríkisins en félög í nágrannalöndum okkar þurfa að borga.

Það má segja, að það hefði ekki gefið ástæðu til aths., þó að tekjuskattur félaga væri lækkaður úr 20 í 15% af hreinum tekjum, ef búið væri að öðrum skattgreiðendum á svipaðan hátt. En þar er allt annað upp á teningnum. Tekjuskattur einstaklinga kemst upp í 30%. Tekjuskatturinn er þó léttbær hjá einstaklingum í samanburði við tollana og söluskattana, sem á þeim hvíla og alltaf er verið að auka við. Í fyrradag var samþ. hér á þingi frv., sem leggur aukasöluskatt á kjöt og mjólk og aðrar landbúnaðarvörur, brýnustu nauðsynjar almennings, og um leið var lagður sérstakur skattur á bændur, en sá skattur hefur sömu einkennin og hið illræmda veltuútsvar, sem nú var verið að afnema. Hann má ekki teljast með gjöldum við atvinnurekstur.

Þegar hæstv. fjmrh. lagði þetta frv. fyrir þingið í Ed. í vetur, þá flutti hann að sjálfsögðu framsöguræðu, er málið var tekið til 1. umr., og þar vitnaði hann m. a. í sáttmála, sem stjórnarflokkarnir gerðu, þegar stjórnin var mynduð fyrir rúmum tveimur árum. Þá sagði hæstv. fjmrh. m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í stjórnarsamningnum er komizt svo að orði, að til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstj. ákveðið m. a. að endurskoða skattakerfið." Þetta mun hafa staðið í stjórnarsamningnum, samkv. því sem hæstv. ráðh. sagði í Ed. í vetur. Ég hygg, að þeir verði æðimargir, sem telja, að í þessu efni hafi fyrirheitin brugðizt hjá hæstv. stjórn, eins og í mörgu fleira, því að það munu margir líta svo á, að stjórnin hafi ekki hagað framkvæmdum skattamála þannig, að byrðarnar verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi. Það er langt frá því. Sagan hermir allt annað um þetta.

Í nál. mínu um þetta mál lét ég þess getið, að afstaða mín til frv. í heild mundi fara eftir því, hvernig færi um brtt. þær, sem ég lagði fram. Þær hafa nú verið felldar, og ég mun því greiða atkv. gegn frv. Með því vil ég mótmæla skattamálastefnu hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
Brtt. 810 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:8 atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 819).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Með því að frv. þetta hafði tekið nokkrum breyt. í hv. Nd., taldi fjhn. þessarar d. rétt að skjóta á stuttum fundi til að athuga þessar breyt. og afstöðu til þeirra. Þessi fundur hefur verið haldinn, en breyt. reyndust yfirleitt svo smávægilegar, að þær munu engu breyta um afstöðu n. í heild eða einstakra nm. til frv. Fjhn. leggur ekki fram neinar sérstakar brtt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 828).

---

72. Innheimta opinberra gjalda.

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda [164. mál] (stjfrv., A. 330).

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Efni þess er þetta:

Í 1. gr. segir, að heimilt sé fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðilum, og að fela megi innheimtuna ýmist innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

Í 2. gr. segir, að ef samningar takast um gjaldheimtu, þá skuli samið um hlutdeild hvers aðila í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

Í 3. gr. frv. segir, að allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til að framfylgja gjaldheimtunni, skuli falla til þess aðila, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

Tildrög þessa máls eru þau, að á árinu 1960 hóf fjmrn. athugun á því, hverjar leiðir kynnu að vera til þess að lækka útgjöld við innheimtu þinggjalda í Reykjavík, en með þinggjöldum er aðallega átt við eftirtalin gjöld, eins og nú standa sakir: Tekjuskattur, eignarskattur, námsbókagjald, kirkjugjald, kirkjugarðsgjald, almannatryggingagjald, slysatryggingagjald og atvinnuleysistryggingagjald.

Þessi athugun leiddi það í ljós, að draga mætti mjög verulega úr kostnaði með skipulagsbreytingum, endurbótum varðandi bókhald og innheimtu, aukinni vélanotkun og hentugra fyrirkomulagi í skrifstofuhaldi. Þegar þetta lá fyrir og hafði verið kannað, að með breyttri tilhögun á skipulagi mætti spara stórfé í þessu efni, þá kom það til athugunar, hvort ekki væri rétt að stofna til sameiginlegrar innheimtu á þeim ríkissjóðstekjum eða þinggjöldum, sem ég nefndi, annars vegar og hins vegar útsvörum og fasteignagjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur. Þetta mál var athugað, og hófust þá viðræður við forráðamenn Reykjavíkurborgar um hugsanlegt samstarf í þessu efni. Þessu máli er svo langt komið, að báðir aðilar telja sér mikinn ávinning að því, að innheimtan verði sameinuð á einum stað, og hafa undanfarið unnið að því að koma málinu áleiðis.

Þegar grundvöllur var fenginn fyrir samstarfi þessara tveggja aðila, kom í ljós við athugun, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hafði einnig hug á því að sameina innheimtu sjúkrasamlagsgjalda gjöldum til ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur.

Það er ljóst, að verulegan sparnað mundi af þessari sameiningu leiða, og stafar það bæði af þeirri skipulagsbreytingu að sameina á einn stað það, sem nú fer fram á þrem stöðum, og enn fremur með breytingu á bókhaldi, innheimtuaðferðum, aukinni vélanotkun og skrifstofutækni. Undirbúningi þessa máls er svo langt komið, að ef Alþ. fellst á það frv., sem hér liggur fyrir, þá mundi vera unnt að sameina innheimtu þessara gjalda, sem ég hef getið um, á miðju þessu ári eða 1. júlí.

Varðandi kostnað og sparnað hafa verið gerðar ýtarlegar áætlanir í því efni. En áður en ég skýri frá því, hvers sparnaðar megi hér vænta, verður að sjálfsögðu að hafa vissan fyrirvara, því að hér er um svo róttæka breytingu, svo róttækar umbætur í framkvæmdum að ræða, að það er ógerningur að slá því föstu með áætlunum fyrir fram nákvæmlega, hver kostnaðurinn skuli vera, svo að þeim áætlunartölum, sem ég get hér um, verður að sjálfsögðu að taka með vissum fyrrivara. Þó tel ég ekki ástæðu til að ætla, að í reynd muni útgjöldin víkja mjög verulega frá því, sem áætlað hefur verið, því að við þennan undirbúning hafa bæði reyndir erlendir sérfræðingar og íslenzkir kunnáttumenn fjallað um málið og standa að þessum áætlunum. En í stuttu máli liggur það svo fyrir, ef við gerum áætlun um, hver kostn-

aður mundi annars vegar vera á fyrsta starfsári, miðað við óbreytt fyrirkomulag um þessa innheimtu og hins vegar sameiningu, að þá er gert ráð fyrir, að með óbreyttu fyrirkomulagi mundi kostnaðurinn, miðað við ársgrundvöll, vera um 11 millj. kr., en eftir sameininguna, þegar hún er komin í kring, muni rekstrarkostnaðurinn verða tæpar 5 millj. kr., þannig að áætlanir benda til þess, að þarna megi spara um 6 millj. kr. á ári.

Það er gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn skiptist í tilteknum hlutföllum milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og hefur við þær áætlanir verið hafður til hliðsjónar bæði afgreiðslufjöldi á þeim stað og annað, sem þar skiptir verulegu máli. Og við undirbúninginn hefur verið gert ráð fyrir því í fyrstu, að 42½% af kostnaðinum falli í hlut ríkisins, sama hundraðstala í hlut Reykjavíkurborgar og afgangurinn í hlut Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Þannig er gert ráð fyrir, að þessu verði háttað í byrjun, en svo verður reynslan að skera úr um það, hvort rétt sé að breyta þessum hlutföllum, og gert ráð fyrir, að samið sé um hlut hvers aðila í þessum innheimtukostnaði til a. m. k. eins árs í senn.

Sparnaðurinn mundi verða nokkuð mismunandi hlutfallslega fyrir þessa þrjá aðila. Hlutfallslega verður útgjaldalækkunin minnst hjá Reykjavíkurborg af þeirri ástæðu, að hún lét fyrir nokkrum árum endurskipuleggja starfsaðferðir við innheimtu útsvara og fasteignagjalda, og var í sambandi við það um verulega útgjaldalækkun að ræða. Af þeirri ástæðu verður sparnaðurinn eða útgjaldalækkunin við þessa sameiningu miklu meiri hlutfallslega hjá ríkissjóði og Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Ef við gerum ráð fyrir því, að sparnaðurinn geti orðið um 6 millj. kr. á ári, þá ætti ríkissjóður að njóta um helmings af þeirri upphæð eða sparnaðurinn varðandi hlutdeild ríkissjóðs að nema tæpum 3 millj. kr., miðað við það, sem innheimtan kostar nú.

Þessi sparnaður, sem hér er gert ráð fyrir, á sér ýmsar orsakir. Í fyrsta lagi verður hér um verulegan sparnað í mannahaldi að ræða, þannig að við sameininguna er ekki þörf á jafnmörgum starfsmönnum og nú eru hjá þessum þrem aðilum við þessi störf, í öðru lagi verður sparnaður við húsnæðiskostnað, í þriðja lagi með bættum starfsaðferðum, vélakosti og skipulagi, öll þessi atriði koma hér að sjálfsögðu til greina. En auk þess beina sparnaðar við að sameina innheimtuna eru því samfara ýmsir kostir aðrir. Fyrir gjaldendur er það ótvírætt hagræði að skipta við einn aðila í stað fleiri og eiga kost á að greiða þessi gjöld, sem hér um ræðir, á einum stað í stað margra áður. Fyrir launagreiðendur, atvinnurekendur, þá sem ber samkv. lögum skylda til að innheimta opinber gjöld af launum starfsmanna sinna, er það einnig hagræði að þurfa aðeins að gera skil til eins aðila í stað fleiri aðila áður. Sjálf innheimtan ætti að verða árekstraminni og árangursríkari og uppgjör reikninga og skulda verður auðveldara.

Við þann undirbúning, sem þegar hefur verið gerður varðandi þetta mál, er sem sagt gert ráð fyrir að sameina nú í fyrstu lotu innheimtu þinggjaldanna til ríkissjóðs, útsvara og fasteignagjalda til borgarsjóðs Reykjavíkur og sjúkrasamlagsiðgjalda til Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Hins vegar er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að fleiri aðilar og fleiri tegundir gjalda geti komið hér til, og ég ætla, að þeim mun fleiri aðilar og fleiri gjaldategundir sem verða þannig sameinaðar, þeim mun meiri sparnað muni af því leiða.

Þessi undirbúningur hefur til þessa verið miðaður við Reykjavík eina, en ef vel tekst til um þessa sameiningu, er sjálfsagt að reyna slíkt fyrirkomulag víðar, þar sem það þykir henta.

Ég ætla, að þess gerist ekki þörf að skýra þetta mál frekar en gert hefur verið. Ég vænti þess, að frv. þetta fái góðar undirtektir frá Alþingi, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 330, n. 340).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði við 1. umr. grein fyrir frv. þessu efnislega, og sé ég ekki ástæðu til að rekja þær málsástæður hér. Fjhn. hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt. Frv. felur í sér, svo sem kunnugt er, ekki skyldur, heldur er hér um heimildir að ræða fyrir þá aðila, sem þar segir, til þess að semja um sameiginlegar innheimtustofnanir, og það virðist því ekki geta verið nein ástæða til að hafa á móti því, ef það gæti leitt til hagkvæmari innheimtu hinna ýmsu gjaldstofna. Nefndin hefur ekki sérstaklega leitað um þetta álits þeirra aðila, sem hér er um að ræða, einmitt með hliðsjón af því, að þetta er heimildarákvæði, en með skírskotun til raka um líklegan sparnað og hagkvæmni af þessari tilhögun mælir nefndin einróma með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 59., 62. og 63. fundi í Ed., 9., 12. og 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 330, 447).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. mælti fjhn. einróma með því, að frv. yrði samþ. eins og það þá lá fyrir og hafði verið lagt fyrir hv. d. Eftir þá umr. kom í ljós við nánari athugun þeirra sérfræðinga, sem að undirbúningi málsins hafa unnið, að það mundi þörf á að setja nokkur viðbótarákvæði inn í frv., og hefur fjhn. athugað þær

till. og flytur á sérstöku þskj. á grundvelli þeirrar athugunar till. um, að teknar verði inn í frv. tvær nýjar greinar, eins og þar segir.

Önnur þessara greina, sem fjallar um að samræma gjalddaga ýmiss konar gjalda, stafar af því, að athugun hefur leitt í ljós, að í ýmsum lögum um hin einstöku gjöld eru mismunandi reglur settar varðandi innheimtu og ýmis önnur atriði, sem greinin nánar fjallar um. Það er því talið mjög hæpið, að það kynni ekki að leiða til árekstra, ef það yrði ekki ótvírætt tekið fram, að heimilt væri að samræma þessar innheimtureglur og ýmis atriði þar að lútandi. Þetta er í rauninni ekki neitt verulegt efnisatriði í sambandi við skattheimtuna, heldur er það nauðsynlegt, til þess að hægt sé að framkvæma hina sameiginlegu skattheimtu með eðlilegu móti, því að það mundi skapa mikil vandkvæði, ef þyrfti að hlíta mismunandi ákvæðum um þetta efni varðandi einstök gjöld. Um þetta atriði fjallar önnur brtt. nefndarinnar.

Hin brtt. varðar sérstaklega sjúkrasamlagsgjöld, en það er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlög geti orðið aðilar að hinni sameiginlegu innheimtu. Félmrn. hefur útbúið þá brtt., sem nefndin hefur tekið upp og flutt í þessu sambandi, og er sú till. einnig við það miðuð, að ekki þurfi að skapa vandræði, að sjúkrasamlagsgjöldin eru nú innheimt sameiginlega með öðrum gjöldum, sem m. a. leiðir það af sér, ef ekki væru sett um það sérstök ákvæði, að það yrði mjög erfitt að fylgjast með iðgjaldagreiðslum. Og það er ekki hægt að beita þeim ákvæðum, sem nú eru um viðurlög í því sambandi, þegar samlögin hafa ekki aðstöðu til að fylgjast með innheimtunni á sama hátt og áður. Ég sé ekki ástæðu til þess, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara að gera nánari grein fyrir því atriði eða þessum brtt. Þær hníga báðar í þá átt að skapa nauðsynlega forsendu fyrir því, að þessi sameiginlega innheimta geti orðið framkvæmd árekstralaust og án þess að það þurfi að stangast á einstök lagaákvæði, sem kynnu að verða því til hindrunar, að þetta geti orðið með eðlilegum hætti. Með þessu eru engar nýjar kvaðir á gjaldendur lagðar, heldur eru þetta tæknileg atriði, sem hér er um að ræða, og nefndin leggur einróma til, að þessar tvær viðbótargreinar verði teknar inn í frv. og frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 447,a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 447,b samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 467).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. er um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Í 1. gr. segir, að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín á milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, sem greiða ber þessum aðilum. Í 2. gr. segir um hlutdeild hvers aðila í kostnaði þessarar gjaldheimtu. Í 3. gr. segir, að allar skyldur og réttindi í sambandi við slíka innheimtu skuli ganga til þess aðila, sem tekur að sér hina sameiginlegu innheimtu. Í 4. gr. segir, að sameina megi gjalddaga einstakra opinberra gjalda o. s. frv. Og 5. gr. fjallar um sérákvæði, ef sjúkrasamlag er aðili að innheimtu.

Tildrög þessa máls eru þau, að á árinu 1960 hóf fjmrn. athugun á því, hverjar leiðir kynnu að vera til að lækka útgjöld við innheimtu þinggjalda í Reykjavík, en með þinggjöldum er aðallega átt við tekjuskatt, eignarskatt, námsbókagjald, kirkjugjald, kirkjugarðsgjald, almannatryggingagjald, slysatryggingagjald og atvinnuleysistryggingagjald. Þessi athugun leiddi í ljós, að með skipulagsbreytingum og endurbótum varðandi bókhald og innheimtu mætti draga verulega úr kostnaði. Kom þar einkum til greina aukin vélanotkun og hentugra fyrirkomulag í skrifstofuhaldi. Þegar þetta lá fyrir, að verulega mætti spara með breytingum á fyrirkomulagi þinggjaldanna, kom til athugunar, hvort ekki væri rétt að stofna til sameiginlegrar innheimtu á þessum ríkissjóðstekjum og hins vegar fasteignagjöldum og útsvörum til borgarsjóðs Reykjavíkur. Viðræður fóru fram við forráðamenn Reykjavíkurborgar, og niðurstaðan varð sú, að báðir aðilar töldu sér mikinn ávinning að því að sameina innheimtuna. Eftir þessar viðræður þótti rétt að kanna, hvort Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefði ekki einnig hug á því að sameina innheimtu sjúkrasamlagsgjalda þessum gjöldum til ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar. Sú athugun leiddi í ljós, að þar gæti einnig verið um verulegan sparnað að ræða.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er almenn heimild til sameiningar á innheimtu, en fyrsta skrefið er fyrirhugað það, að sameinuð verði á eina hönd innheimta þinggjalda í Reykjavík, útsvara og fasteignagjalda til borgarsjóðs Reykjavíkur og sjúkrasamlagsiðgjalda. Ef þetta ber góðan árangur, kemur að sjálfsögðu til greina að sameina einnig innheimtu fleiri gjalda hér í Reykjavík, ef til vill afnotagjalds útvarps o. fl., og einnig verður að sjálfsögðu kannað, hvort ekki mundi henta að sameina einnig innheimtu á ýmsum stöðum utan Reykjavíkur, en fram til þessa hefur rannsókn þessara mála beinzt að Reykjavík einni. Frv. sem sagt heimilar sameiningu innheimtu einnig á öðrum stöðum.

Varðandi sparnað við þessa sameiningu er það ljóst, að hann getur orðið verulegur, og stafar það bæði af því, að sameiningin ein út af fyrir sig sparar verulegt fé, en auk þess munu þær endurbætur, sem fyrirhugaðar eru varðandi bókhald, skrifstofuhald og starfshætti þessarar sameiginlegu innheimtu, leiða til verulegs sparnaðar. Það er gert ráð fyrir því, að miðað við ársgrundvöll muni kostnaðurinn nú hjá þessum þremur aðilum vera um 11 millj. kr. Eftir sameininguna er gert ráð fyrir, að rekstr-

arkostnaður verði um 5 millj. kr., þannig að áætlanir þær, sem gerðar hafa verið, benda til þess, að spara megi við þetta um 6 millj. kr. á ári. Það er gert ráð fyrir því, að samið sé um skiptingu kostnaðarins á milli þessara aðila frá ári til árs, en í fyrstu er gert ráð fyrir, að 42—43% af kostnaðinum falli í hlut ríkisins, sama hundraðstala í hlut Reykjavíkurborgar og afganginn greiði Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Þessi hlutföll verða svo endurskoðuð, eftir að reynsla er komin um eitt ár af þessari starfsemi, og þá metið að nýju, hver sé eðlileg hlutdeild hvers aðila í kostnaðinum.

Við þessa sameiningu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður og Sjúkrasamlag Reykjavíkur spari hlutfallslega mest, og það stafar af því, að fyrir nokkrum árum voru gerðar gagngerðar breytingar á innheimtu- og bókhaldsfyrirkomulagi bæjargjalda til Reykjavíkur, þannig að þær endurbætur, sem nú eru fyrirhugaðar í þessu efni, eru þegar fyrir nokkru komnar í framkvæmd varðandi innheimtu útsvara og fasteignagjalda.

Ég vænti þess, að þessar skýringar nægi, vil aðeins bæta því við, að auk þess sparnaðar, sem af þessu leiðir, er enginn vafi á því, að bæði fyrir launagreiðendur og aðra þá, sem ber samkv. lögum skylda til að innheimta opinber gjöld, er mikið hagræði að því að gera skil til eins aðila í stað þriggja eða fleiri áður. Innheimtan ætti að vera árekstraminni og árangursríkari, uppgjör reikninga og skulda verða auðveldara. Fyrir gjaldendur ætti það einnig að vera hægðarauki að geta greitt þessi gjöld sín á einum stað.

Ég vænti þess, að mál þetta, sem alger samstaða var um í hv. Ed., fái sömu viðtökur hér í þessari d., og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 795).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Þetta mál er komið frá Ed., og hún gerði nokkra breytingu á frv. frá því, sem það upphaflega var flutt. Við erum í meginatriðum og efnislega samþykkir þessu frv. í fjhn. Nd., en okkur þótti ástæða til að gera nokkra breytingu á 4. gr., sem að vísu er kannske að mestu leyti formsbreyting, en þó þannig, að við kunnum ekki við, að gengið væri frá henni eins og hún nú er, en þar segir, að með reglugerð megi samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda o. s. frv., enda þótt frávik sé að því leyti frá gildandi heimildarlögum. Það er m. ö. o. sagt þarna almennt, að með reglugerð megi gera frávik frá gildandi lögum. Fær það að vísu að formi til staðizt, að heimildin til að breyta frá gildandi lögum með reglugerð er þá í þessum lögum. En við leggjum hins vegar til, að á þessu sé gerð breyting, eins og segir á þskj. 795: Í fyrsta lagi, að í stað þess, að með reglugerð megi samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda o. s. frv., komi: að heimilt sé að samræma þessi opinberu gjöld, og að setningin „enda þótt frávik séu að því leyti frá gildandi heimildarlögum" falli niður, en aftan við greinina bætist svo í þriðja lagi: Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð. — Þetta leggur n. til á þskj. 795, og að öðru leyti leggur hún til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 795 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 806).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, skýrði forseti frá að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar og var frv. á þskj. 806 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 829).

---

73. Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt frá Ed.
Frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna [225. mál] (stjfrv., A. 726).

Á 86. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta mál á sér langan aðdraganda og langa sögu. Á mörgum þingum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa samþykktar verið ályktanir og áskoranir í þá átt,

að opinberir starfsmenn fengju samningsrétt um launa- og kjaramál sín. Af ályktunum bandalagsþinga frá síðustu árum má nefna ályktun frá nóv. 1958, frá 19. þingi þess, þar sem segir:

„19. þing BSRB telur óviðunandi, að opinberir starfsmenn hafi ekki samningsrétt um launa- og kjaramál sín til jafns við aðra launþega. Felur þingið bandalagsstjórn að vinna að því eftir mætti að ná þeim réttindum."

1960 var einnig gerð ályktun á þessa leið:

„20. þing BSRB ítrekar ályktanir fyrri bandalagsþinga um það óviðunandi ástand, að opinberir starfsmenn njóta ekki samningsréttar um kaup og kjör á borð við aðrar launastéttir þjóðfélagsins."

Á aukaþingi bandalagsins í nóv. 1961 er einnig gerð ályktun um samningsrétt opinberra starfsmanna.

Sú skipan, sem hingað til hefur gilt um þessi mál, er sú, að Alþingi ákveður með launalögum laun og önnur kjör opinberra starfsmanna. Að vísu hefur sú orðið venjan við setningu hinna síðustu launalaga í nokkur skipti, að ýtarlegar viðræður hafa farið fram milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa BSRB, og má segja, að í nokkur hin síðustu skipti, þegar launalög hafa verið sett, hafi þau verið í meginatriðum byggð á samkomulagi, sem orðið hafði milli ríkisstj. og bandalagsins. Hins vegar er hér ekki um samningsrétt að ræða, þótt þessi hafi orðið framkvæmdin, og hið endanlega ákvörðunarvald í hendi löggjafans um kjör starfsmanna.

Til þess að kanna þetta mál var 12. nóv. 1959 skipuð nefnd manna til að athuga um og undirbúa löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna, eins og komizt var að orði í skipunarbréfi nefndarinnar. Það var þáverandi fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sem skipaði þessa nefnd. Í henni áttu sæti fimm menn: Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Guðjón B. Baldvinsson deildarstjóri, Jón Þorsteinsson alþingismaður og Eyjólfur Jónsson lögfræðingur. Þessi nefnd starfaði að málinu um tveggja ára skeið og skilaði áliti til ríkisstj. haustið 1961.

Í nefndinni varð ekki samkomulag, og skilaði hún þrem álitum. Í grg. þessa frv. er það rakið, í hverju sá skoðanamunur var fólginn. Tveir nefndarmanna héldu fram algerum samningsrétti í öllum aðaldráttum að hætti núgildandi norskrar löggjafar og með takmörkuðum verkfallsrétti, en launalög væru þá úr sögunni. Einn nefndarmanna taldi, að veita bæri opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt og án launalaga, en án þess að verkfallsréttur fylgdi, en í stað þess kæmi kjaradómur, sem hefði lokaákvörðunarvald um launakjör, ef ekki næðist samkomulag. Og tveir nefndarmanna vildu fara svipaða leið og Norðmenn fóru árið 1933, en hún var sú að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan samningsrétt, þ. e. að þeir eigi lagalegan rétt á því að krefjast samninga um kaup og kjör, en ekki verði horfið frá launalagakerfi né heldur veittur verkfallsréttur.

Eftir að nefndin skilaði áliti, var málið til athugunar hjá ríkisstj. og rætt bæði á fundum hennar og fundum þeirra þingflokka, er hana styðja. Niðurstaðan varð sú, að þrem mönnum var falið að semja nýtt lagafrv., frv. um samningsrétt opinberra starfsmanna, með hliðsjón af þeim skoðunum, sem fram höfðu komið í frv. nefndarinnar, en byggt skyldi á því meginsjónarmiði, að kjaradómur skyldi hafa úrslitavald um kjaraákvörðun, ef samkomulag næðist ekki, og að verkfallsréttur yrði ekki veittur né viðurkenndur. Til þessa starfs voru valdir þeir Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Gunnlaugur Briem ráðuneytisstj. og Torfi Hjartarson sáttasemjari ríkisins. Þegar þessir þrír menn höfðu skilað tillögum sínum, sem samdar voru í samráði við ríkisstj. og að sjálfsögðu fyrst og fremst í samstarfi við fjmrn., var sú leið valin að kveðja saman hina upphaflegu 5 manna nefnd ásamt þessum þrem trúnaðarmönnum ríkisstj. og formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til þess að freista að ná samkomulagi á grundvelli þessara tillagna. Voru þessi vinnubrögð viðhöfð í samráði við stjórn bandalagsins. Að undanförnu hefur verið unnið að málinu á þessum grundvelli, og s. l. mánudag tók ríkisstj. lokaákvörðun um þau atriði, sem þá voru enn óleyst, og lagði málið þannig fyrir bandalagsstjórnina og þessa n., sem ég gat um, og á fundi stjórnar bandalagsins sama dag var samþ. einróma með atkvæðum allra 9 stjórnarmanna að mæla með því, að frv. yrði lögfest eins og það liggur hér fyrir.

Þetta frv. byggist á því meginsjónarmiði, að samtök opinberra starfsmanna skuli eiga rétt á að ganga til samninga um kjör sín, að launakjör skuli ákveðin með kjarasamningi. Ef samningar næst ekki að undangenginni sáttaumleitan sáttasemjara ríkisins, skal kjaradómur skera endanlega úr. Aðalefni frv. er miðað við starfsmenn ríkisins, en í 28. gr. þess er ákveðið, að sveitarfélögum sé skylt að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lögin, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess, og skal um það efni fara eftir reglugerð, sem félmrh. setur.

Með þessu frv. er prentað álit þeirrar n., sem skipuð var í nóv. 1959. Hún greinist í sameiginlega greinargerð þeirra allra fimm og auk þess þau þrjú mismunandi frv. með grg., sem nefndarhlutarnir skiluðu. Er í þessum fskj. að finna mjög mikinn fróðleik um það málefni, sem hér liggur fyrir. Þar er m. a. gerð nokkur grein fyrir löggjöf nágrannalandanna um þessi efni, og vitna ég og vísa til þess, sem þar stendur, og get ég farið fljótt yfir sögu.

Það varð samkomulag innan n., að formaður hennar tækist ferð á hendur til Noregs til þess að kynna sér þessi mál þar, bæði í löggjöf og framkvæmd, og ræða ýtarlega við þá embættismenn, sem þessi mál hafa með höndum, en mörgum virtist, að mikið gagn mundi mega hafa af norskum lögum og reynslu Norðmanna um þessi efni. Formaður gaf síðan skýrslu um förina og þær upplýsingar, sem hann hafði aflað sér.

Árið 1933 voru sett í Noregi lög um samningsrétt ríkisstarfsmanna. Með þeim lögum var viðurkenndum samtökum ríkisstarfsmanna

fenginn réttur til að krefjast þess, að upp væru teknir samningar um kaup og kjör félaga í þessum samtökum, og ríkisvaldinu lögð sú skylda á herðar að taka þátt í slíkum samningum. Þó er hér ekki um venjulega gagnkvæma kjarasamninga að ræða, því að ríkisvaldið ákvað eftir sem áður einhliða launakjörin. Þetta fyrirkomulag hefur verið nefnt „takmarkaður samningsréttur". Með því var ekki horfið frá launalagakerfi og starfsmönnum ekki fenginn verkfallsréttur.

Árið 1958 voru sett ný lög um þetta efni í Noregi, og var þá sú breyting á gerð, að ríkisvaldinu og samtökum ríkisstarfsmanna ber gagnkvæm skylda til að taka upp samninga samkvæmt kröfum frá öðrum hvorum aðila. Ríkisstarfsmönnum er með þessum lögum frá 1958 veittur svipaður réttur til samninga um kaup og kjör sem aðrar stéttir hafa á hinum frjálsa vinnumarkaði, launalög úr sögunni og ríkisstarfsmenn fengu verkfallsrétt, þó með vissum undantekningum, svo sem varðandi öryggisþjónustu og hina æðri embættismenn.

Í Danmörku er í framkvæmd takmarkaður samningsréttur til handa ríkisstarfsmönnum. Þeir eiga rétt á, að við þá sé rætt um breytingar á kaupi og kjörum, og tiltekin ágreiningsmál skulu þar lögð fyrir gerðardóm. En laun starfsmanna danska ríkisins eru ákveðin með launalögum. Það er ekki talið, að ríkisstarfsmenn þar hafi verkfallsrétt, og af sumum litið svo á, að svokallaðar „kollektivar" uppsagnir séu refsiverðar sem embættisbrot.

Í Svíþjóð hafa ríkisstarfsmenn takmarkaðan samningsrétt og launin ákveðin af ríkisvaldinu. Starfsmönnum er ekki heimilt að gera verkfall.

Í Finnlandi er sama eða svipuð skipan að þessu leyti og í Svíþjóð.

Hér á landi er skipanin sú, að skv. gildandi lögum njóta ríkisstarfsmenn ekki samningsréttar. Laun þeirra eru ákveðin með lögum, launalögum, og samkvæmt lögum nr. 33 frá 1915 er óheimilt, ólöglegt og refsivert að stofna til verkfalla. Eins og ég gat um áður, hefur hins vegar verið svo í reynd um alllangt skeið, að samráð hefur verið haft við forsvarsmenn samtaka opinberra starfsmanna við undirbúning launalaga og yfirleitt um breytingar á kjörum þeirra. Það er einnig gert ráð fyrir því í lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954, að við samningu reglugerðar skv. lögunum og við endurskoðun laganna skuli jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla f. h. félaga sinna um ágreiningsatriði, sem upp kynnu að koma.

Varðandi þetta mál í heild, þá virðist ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar einsætt að ganga til móts við óskir opinberra starfsmanna um að viðurkenna samningsrétt, veita samningsrétt til handa hinum opinberu starfsmönnum. Að vísu er kunnugt, að ýmsum þykir það allmikið í ráðizt, að Alþingi afsali sér því valdi, sem það nú hefur með setningu launalaga, og feli endanlegt úrskurðarvald um launakjörin kjaradómi, ef samningar takast ekki. Það er einnig kunnugt, að sumir eru þeirrar skoðunar, að opinberir starfsmenn eigi að fá ekki aðeins samningsrétt, heldur einnig verkfallsrétt, eins og stéttarfélögum er veittur eða viðurkenndur með l. frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég ætla, að með þessu frv. hafi verið valinn og fundinn sá hinn gullni meðalvegur, en hann er í stórum dráttum í því fólginn að veita hinum opinberu starfsmönnum samningsrétt, ef ekki nást samningar, skuli sáttasemjari fjalla um málið, og ef slíkt leiðir ekki til niðurstöðu, þá skuli kjaradómur, þar sem báðir aðilar eiga fulltrúa í, en hæstiréttur skipar þó meiri hluta í, útkljá málin til fullnaðar.

Með þessu frv. er sem sagt gert ráð fyrir því, að launalög séu úr sögunni að því er snertir kjaraákvarðanir annars vegar, en hins vegar, að haldið sé því banni, sem nú er í lögum gegn verkfalli opinberra starfsmanna.

I. kafli þessa frv. fjallar um það, til hverra lögin taki og hverjir fari með fyrirsvar fyrir aðila. Í 1. gr. segir, að lögin taki til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Sú er hugsunin, að í meginefnum falli þessi skýring saman við þá skýringu, sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa, og felst í þessu m. a. það, að þeir einir falla hér undir, sem hafa slík störf að aðalstarfi, en ekki þótt þeir starfi í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana við aukastarf.

Þá er svo fyrir mælt, að ákvæði laganna skuli ekki taka til í fyrsta lagi ráðherra né hæstaréttardómara, en um það eru sérákvæði, sem ég kem að síðar. Í öðru lagi ekki til iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 1938. Og í þriðja lagi eiga lögin ekki að ná til bankastarfsmanna, en launalög hafa hvorki nú né að undanförnu náð til starfsmanna bankanna. Það hefur jafnan verið ósk samtaka bankamanna og forráðamanna bankanna einnig, að launalög næðu ekki til þeirra, og hefur þótt rétt að ákveða hér, að þessi lög skuli ekki taka til bankastarfsmanna. En það er að sjálfsögðu til athugunar, ef óskir koma fram um það frá bönkunum og/eða starfsmönnum þeirra, að hér verði gerð breyting á.

Í 2. gr. segir, að fjmrh. fari með fyrirsvar ríkissjóðs að því er varðar kjarasamninga, og í 3. gr., að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. þessum lögum. Til þess að vera í fyrirsvari fyrir bandalagið skal stjórn þess velja fimm ríkisstarfsmenn í kjararáð, sem fer með umboð bandalagsins til samningagerðar.

Þá er svo fyrir mælt í niðurlagi 3. gr., að ríkisstarfsmaður, sem þessi lög taka til, á rétt til að vera félagsmaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess.

II. kafli laganna fjallar um efni kjarasamninga, gildistíma og uppsögn samninga. Segir þar fyrst í 4. gr., að launakjör starfsmanna rík-

isins skuli ákveðin með kjarasamningum, en launakjör ráðh. og hæstaréttardómara skuli ákveðin af kjaradómi. Það þykir ekki rétt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fjalli með samningum um launakjör þessara aðila, og væri í rauninni þá um tvær leiðir að ræða: annars vegar, að laun þessara starfsmanna væru ákveðin beinlínis með lögum frá Alþingi, eða eins og hér er lagt til með kjaradóminum, og varð sú niðurstaðan að leggja til, að sú skipan yrði valin.

Í 5. gr. segir, að í kjarasamningi skuli kveðið á um: 1) föst laun, 2) vinnutíma, 3) laun fyrir yfirvinnu. Hins vegar á kjarasamningur ekki að taka til lífeyrisréttinda, til hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaforföllum, en sérstök lög eru í gildi um ýmis þessara atriða. Og varðandi þessi atriði segir nánar í 6. gr., að þegar ákveða skuli starfskjör, sem kjarasamningurinn samkvæmt þessu nær ekki til og ekki eru heldur lögbundin, þá skuli semja um þau við hlutaðeigandi bandalagsfélög.

Í 7. gr. segir, að kjarasamningur skuli vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót. Það er fyrst og fremst vegna fjárl., sem þetta ákvæði er sett, að gildistíminn skuli miðaður við áramót. Og í 8. gr. er ákvæði um uppsagnarfrest kjarasamninga, sem einnig stendur í beinu sambandi við afgreiðslu fjárl., en þar segir, að uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skuli eigi vera skemmri en sjö mánuðir. Vegna fjármála ríkisins hentar það auðvitað langbezt, að nýr kjarasamningur og þá einnig nýr úrskurður kjaradóms taki gildi um áramót, um leið og ný fjárlög taka gildi, til þess að hægt sé að ætla þær fjárveitingar, sem leiðir af nýjum samningi eða kjaradómi, beinlínis í fjárlfrv. En til þess að hin nýju kjaraákvæði geti komið með réttum útreikningi inn í fjárlfrv., þarf hinn nýi samningur eða kjaradómur að liggja fyrir eigi síðar en um mánaðamót ágúst og september, þegar verið er að leggja síðustu hönd á fjárlfrv. Þess vegna er uppsagnarfrestur ákveðinn í 8. gr., eins og ég gat um, 7 mánuðir, m. ö. o. að samningi þarf að segja upp í síðasta lagi 1. júní. Eins og rakið er nánar síðar í þessu frv., er svo ætlazt til þess, að samningaviðræður geti staðið yfir í einn mánuð, síðan, ef ekki næst samningar, fái sáttasemjari málið í sínar hendur og hafi það til meðferðar allt að einum mánuði. Ef ekki takast sættir fyrir milligöngu sáttasemjara, fær kjaradómur málið, og hann skal hafa lokið uppsögu úrskurðar síns innan mánaðar eða réttar sagt áður en þrír mánuðir eru liðnir frá uppsögn. Til þessarar málsmeðferðar eru því ætlaðir mánuðirnir júní, júlí og ágúst, þannig að hin nýju kjaraákvæði liggi fyrir 1. sept. og sé því hægt að byggja á þeim við samningu fjárl.

Samningstími kjarasamninga hefur hér á landi yfirleitt verið skammur og mjög rúmar heimildir til uppsagna með tiltölulega skömmum uppsagnarfresti. Það þykir rétt, þegar sú mikla breyting er á gerð að afnema launalög og taka upp þá skipan, sem hér greinir í frv., að ákveða gildistíma kjarasamninga eigi skemmri en tvö ár. En þó má vera, að á slíku tveggja ára tímabili verði þær breytingar í fjárhags- og efnahagsmálefnum þjóðarinnar og verulegar kaupbreytingar, að rétt þyki, sanngjarnt og eðlilegt, að unnt sé að endurskoða gildandi kjaraákvæði, sem þannig eru til tveggja ára í hvert sinn, og þess vegna er sett inn ákvæði í 2. mgr. 7. gr., sem er á þá lund, að verði almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, megi krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Þetta ákvæði veitir því ekki heimild til að segja upp kjarasamningi, heldur til að krefjast endurskoðunar á honum vegna almennra og verulegra kaupbreytinga. Náist ekki samkomulag aðila innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð þess máls skv. III. og IV. kafla þessara laga, en það þýðir, að þá tekur sáttasemjari fyrst málið til meðferðar og síðan kjaradómur til úrskurðar og ákveður, hvort ástæða er að hans dómi til breytinga á kjaraákvæði, og þá mundi, ef þessi heimild 7. gr. er notuð, nýr samningur eða nýtt samkomulag um kjör eða dómur kjaradómsins gilda frá þeim tíma, sem um semst eða kjaradómur ákveður, en ekki þá bundinn við áramót.

Í 9. gr. segir, að kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum ekki verið sagt upp réttilega.

Í 10. gr. segir, að aðili, sem segir upp kjarasamningi, skuli skyldur til þess að senda samtímis uppsögn til gagnaðila tillögur sínar í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar. Í reynd hefur það gerzt mjög oft hér á landi í sambandi við stéttarfélagssamninga, að kröfur þær, sem aðilar ætla að gera, hafa ekki verið sendar fyrr en alllöngum tíma eftir uppsögn, en hér er sem sagt svo fyrir mælt, að aðili skuli senda kröfurnar í höfuðatriðum samtímis uppsögninni.

III. kafli þessa frv. fjallar um sáttameðferð af hendi sáttasemjara. Þar segir í 12. gr., að aðili kjarasamnings getur, ef slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum. Síðar segir, að þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir. Hér er því slegið föstu, að ef aðilar hafa ekki innan eins mánaðar frá uppsögn náð samkomulagi, þá er sáttasemjari skyldur til þess sjálfkrafa að taka málið í sínar hendur, en einnig er heimilt, ef ástæða þykir til og að fengnum till. sáttasemjara ríkisins, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd.

Í 13. gr. segir, að sáttasemjari geti lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu, og þá fer fram leynileg atkvgr. ríkisstarfsmanna um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara.

Um störf sáttasemjara í sambandi við þessi mál fer að öðru leyti eftir almennum reglum laganna frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Eins og ég tók fram áðan, er gert ráð fyrir, að sáttasemjari hafi einn mánuð til stefnu, eins og aðilar áður, til samningaumleitana, og í 14. gr. segir: „Nú er kjaradeila eigi til lykta leidd að

liðnum tveimur mánuðum uppsagnarfrests, og senda aðilar þá þegar kjaradómi grg. um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.“ Ef aðilar hins vegar koma sér saman um það, geta þeir einnig á fyrra stigi máls vísað kjaradeilu til kjaradóms. Einnig hefur sáttasemjari þá heimild að vísa málinu til kjaradóms, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

IV. kafli frv. fjallar um skipun kjaradóms, meðferð kjaradeilu fyrir honum, starfsreglur hans og úrlausnir. Segir í 15. gr., að kjaradómur skuli skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum. Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Fjmrh. skipar einn dómanda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja einn dómanda. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn, en starfstímabili dómenda, sem fyrstir eru skipaðir, skal ljúka, þegar fjögur ár eru liðin frá næstu áramótum eftir skipun þeirra, en þetta miðast m. a. við það, að þessi tímamörk séu eðlileg, ef skipta skal um dómendur, því að um áramót munu sízt standa yfir samningaumleitanir um kaup og kjör hinna opinberu starfsmanna af þeim ástæðum, sem fyrr eru greindar varðandi gildistökutíma og uppsagnarfresti.

Í 16. gr. segir, að kjaradómur skuli hafa lagt dóm á ágreiningsefni, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá upphafi uppsagnarfrests. M. ö. o.: ef samningi er sagt upp 1. júní, þá skal úrskurður kjaradóms hafa komið fyrir lok ágústmánaðar.

Í næstu greinum segir svo um meðferð máls fyrir kjaradómi: „Aðilar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði“ o. s. frv. Kjaradómur getur af sjálfsdáðum aflað nauðsynlegra gagna og upplýsinga, getur krafizt skýrslna af einstökum mönnum og embættismönnum, og hann getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og sér til ráðuneytis.

Í 20. gr. eru taldir þrír liðir, sem kjaradómur skal hafa hliðsjón af m. a. við úrlausnir sínar. Í fyrsta lagi skal hann hafa hliðsjón af kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu. Í öðru lagi af kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna. Og í þriðja lagi af afkomuhorfum þjóðarbúsins. Eins og orðalag 20. gr. ber með sér, er honum hins vegar í sjálfsvald sett, hver önnur sjónarmið hann hefur í huga, því að skýrt er fram tekið, að hann skuli við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af þessum þremur atriðum. En þau eru að sjálfsögðu til leiðbeiningar fyrir dóminn um þau sjónarmið, sem gert er ráð fyrir og ætlazt til að hann hafi í huga.

Í 21. gr. segir, að dómur kjaradóms sé fullnaðarúrlausn kjaradeilu. Dómurinn kemur til framkvæmda á næstu áramótum eftir uppsögu hans, og hann gildir í tvö ár eins og kjarasamningur.

V. kafli frv. fjallar um uppsögn samninga, og segir þar, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja taki af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, en um þá ákvörðun skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna til samþykktar eða synjunar.

Í VI. kafla eru ákvæði um kjaranefnd, en hún skal hafa það verkefni að skera til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um viss atriði. En það er í fyrsta lagi skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings, m. ö. o. þegar greinir á um það, í hvaða launaflokki tiltekinn ríkisstarfsmaður skuli talinn. Í öðru lagi sker kjaranefndin til fullnaðar úr ágreiningi um það, hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver aukastörf beri að launa sérstaklega. Og loks sker kjaranefnd einnig til fullnaðar úr ágreiningi um vinnutíma, um yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna. Hins vegar er ákveðið, eins og ég gat um, í 5. gr., að í kjarasamningi skuli m. a. semja um vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu almennt. Það, sem hér er um að ræða, er því að ákveða um vinnutíma eða slíkar greiðslur til einstakra starfsmanna.

Þessi kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum, og tilnefnir hæstiréttur þrjá nm., fjmrh. einn og BSRB einn nm.

Í VII. kafla frv. er svo fyrir mælt, að félagsdómur skuli dæma í málum, sem rísa milli samningsaðila út af brotum á lögunum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans. Hér er því ákveðin svipuð meðferð slíkra mála og lögin frá 1938, vinnulöggjöfin, gera ráð fyrir varðandi samninga stéttarfélaga og vinnuveitenda. En þegar félagsdómur fer með þessi mál, nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. dómendur til setu í dóminum í stað þeirra dómenda, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Í VIII. kafla frv. segir fyrst, að kostnaður við kjaradóm og kjaranefnd skuli greiðast úr ríkissjóði, enn fremur, ef sett er á fót ríkisstofnun, þá ákveði fjmrh. í samráði við ráðh., er fer með mál þeirrar stofnunar, og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo og með hliðsjón af því, sem gildir um hliðstæðar eða sambærilegar stofnanir, kjör starfsmanna hinnar nýju stofnunar, þar til þau hafa verið ákveðin eftir reglum þessara laga, þ. e. a. s. með nýjum kjarasamningi eða úrskurði kjaradóms.

Með sama hætti skal fara um nýjar stöður, sem til koma hjá ríkinu.

Í 28. gr. frv. er svo ákvæði um starfsmenn sveitarfélaga. Þar segir: „Skylt er borgar-, bæjar- og sveitarstjórn að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lög þessi, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess. Skal nánar kveðið á um það í reglugerð, er félmrh. setur.“

Það þótti ekki rétt að mæla fyrir um það beint í þessum lögum, að starfsmenn sveitarstjórna skyldu undir þau falla, heldur er hér veitt valfrelsi starfsmannafélögum sveitarstjórnarstarfsmanna, og er það í beinu samræmi við ályktanir, sem gerðar hafa verið á þingum BSRB.

Í 29. gr. er gert ráð fyrir, að lög þessi öðlist þegar gildi. En nokkur ákvæði eru þar um fyrstu framkvæmd laganna og kjaraákvarðanir. Í fyrsta lagi, að viðræður um kjarasamninga skuli hefjast eigi síðar en 1. ágúst n. k. Sumum kynni að finnast eðlilegt, að viðræður um kjarasamninga hefjist strax eftir gildistöku laganna, en ástæðurnar til þess, að frestur er settur til

1. ágúst, eru þær, að báðir aðilar munu þurfa nokkurn tíma til að afla sér gagna og upplýsinga til undirbúnings slíkra viðræðna. Í öðru lagi segir, að hafi ekki tekizt samningar 1. jan. 1963, þá hefji sáttasemjari sáttaumleitanir. Í þriðja lagi, ef málin eru eigi til lykta leidd 1. marz 1963, þá taki kjaradómur þau til meðferðar. Hann skal hafa lokið störfum 1. júlí 1963. Í fjórða lagi, að kjarasamningur eða kjaradómur í fyrsta sinn skuli gilda frá 1. júlí 1963 og til ársloka 1965. Eftir meginreglum þessa frv. hefði nýr kjarasamningur eða úrskurður kjaradóms átt að taka gildi 1. jan. 1964 og gilda um tveggja ára skeið. Hins vegar varð samkomulag um það við fulltrúa hinna opinberu starfsmanna að víkja að þessu leyti frá hinum almennu reglum í fyrsta sinn og láta hin nýju kjaraákvæði taka gildi þegar frá 1. júlí 1963. Hinn fyrsti kjarasamningur eða kjaradómur mun gilda í 2½ ár, þar sem það þótti of langur tími að láta bíða til ársloka 1963 eftir nýjum kjaraákvæðum.

Með þessum lögum eru felld úr gildi launalögin svokölluðu eða lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, nema nokkur ákvæði þeirra laga, sem eru um annað efni.

Þá er ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir: „Nú verða almennar og verulegar kauphækkanir, þar til kjaraákvæði samkv. lögum þessum koma til framkvæmda," — þ. e. a. s. á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 1. júlí 1963, — „og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild. Náist ekki samkomulag aðila innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls eftir ákvæðum III. og IV. kafla þessara laga." M. ö. o.: fyrst kemur sáttasemjari til og síðan, ef ekki næst samkomulag, er málinu vísað til kjaradóms. En nýr samningur eða dómur kjaradóms skal þó gilda frá þeim tíma, sem um semst eða kjaradómur ákveður.

Eins og sjá má af frv. og þeirri grg., sem ég hef flutt um það, er við undirbúning hinna fyrstu kjarasamninga ætlaður miklu lengri tími en gert er ráð fyrir að þurfi í framtíðinni. Til þess liggja eðlilegar ástæður. Það er mjög mikið verk að undirbúa í fyrsta sinn slíkan kjarasamning, afla upplýsinga og gagna innanlands og utan, skipa starfsmönnum niður í launaflokka og ákveða hlutfall þeirra á milli. Ég ætla því, að það sé dómur beggja aðila, bæði fulltrúa ríkisins og fulltrúa hinna opinberu starfsmanna, að miklu lengri tíma þurfi til undirbúnings nú í fyrsta sinn heldur en væntanlega þarf síðar.

Eins og ég gat um, áttu sér stað ýtarlegar viðræður við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál, og að lokum tókst þar fullt samkomulag og allir stjórnarmenn BSRB samþykktu að mæla með frv., eins og það nú liggur fyrir Ég tel þó rétt að taka það fram, að stjórn bandalagsins segir í sínu áliti um málið: „Þótt ríkisstj. hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega", — mun þar átt við, að verkfallsréttur er ekki viðurkenndur, — „fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórnin hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsþinga, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frv. náð svo mikilsverðum áfanga, að samþykkja beri frv., þó að hún viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi." Með þessum athugasemdum hefur stjórn BSRB einróma samþykkt að mæla með frv.

Þetta frv. snertir að sjálfsögðu mjög mikinn fjölda af íslenzkum borgurum. Meðlimir BSRB munu vera 4800, að ég ætla, og gera má ráð fyrir, að frv., þegar það er orðið að lögum, muni áður en langt um líður ná til allmikils fjölda starfsmanna sveitarfélaganna. Það er að sjálfsögðu skylda ríkisvaldsins að haga starfsemi sinni á svo hagkvæman hátt, að hún kosti skattborgarana ekki fé að óþörfu, en veiti þeim fyrirgreiðslu og þjónustu, sem nauðsynleg er í nútíma þjóðfélagi. Jafnframt þarf að sjálfsögðu að búa þannig að opinberum starfsmönnum, að þeir megi vel við una um launakjör, öryggi og allan aðbúnað. Sumum kann að virðast í fljótu bragði sem þessi höfuðsjónarmið hljóti að stangast á. En svo er þó ekki, því að oftlega fer það saman, að hægt er með skynsamlegu skipulagi og fyrirkomulagi á störfum að spara ríkinu fé, veita almenningi betri þjónustu og um leið bæta kjör starfsmanna. Ríkið á mikið undir því, eins og hinir opinberu starfsmenn sjálfir, að samstarf sé gott og skilningur ríki á milli þessara aðila. Með lögum frá 1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna fengu þeir ýmsar réttarbætur. Samstarfsnefndin um launamál, sem stofnað var til á s. l. hausti, mun einnig reynast mikilsverður aðili til þess að eyða ágreiningi, leysa vandamál og efla samvinnu og samhug, og ætlunin er, að sú samstarfsnefnd haldi áfram störfum og athugað verði um einstakar stofnanir ríkisins, hvort rétt væri að koma þar á slíkri samstarfsnefnd.

Nú hefur það verið eitt af hinum stærstu viðfangsefnum að undanförnu að finna form fyrir ákvörðun launa hinna opinberu starfsmanna. Ég tel, að hvorki ríkinu né starfsmönnum þess væri greiði gerður með því að taka upp þá skipan að gera ráð fyrir verkföllum sem lausn í launamálum. En samningsrétturinn er sjálfsagður, og það er von mín og trú, að það frv., sem nú er lagt hér fyrir og gengur langt til móts við margítrekaðar óskir opinberra starfsmanna, muni verða bæði hinum opinberu starfsmönnum og ríkisvaldinu og þjóðinni allri til heilla á komandi árum.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það hefur ekki gefizt langur tími til að athuga þetta stórmál, sem hér er kastað inn í þingið á síðustu dögum þess, og það fer líka fjarri, að þm. hafi einu sinni haft tækifæri til þess að lesa yfir öll þau fskj., sem þessu máli fylgja, þau eru töluverð að vöxtum, né heldur aflað sér annarra upplýsinga, sem að gagni mættu koma í sambandi við athugun á þessu máli. Það ber þess vegna að vænta þess, að þó að málið sé seint fram komið, þá gefist tækifæri til þess á síðari stigum málsins að ræða það ýtarlegar en nú er hægt á þessu stigi, og einnig, að málið hljóti í

nefnd sæmilega þinglega meðferð og þar gefist tóm til þess að athuga einstök atriði, því að það er alveg víst, að hvernig sem þetta mál er skoðað, þá er það mjög mikilvægt, og eins sýnist mér við fyrstu sýn a. m. k., að þá sé æðimargt við þetta frv. að athuga og á því þurfi að gera verulegar breytingar, til þess að það geti talizt, að það leysi þann vanda, sem því er ætlað að leysa og það fjallar um.

Í því sambandi er að sjálfsögðu nauðsynlegt í fyrsta lagi að gera sér grein fyrir því, í hverju sá vandi er fólginn, sem frv. er ætlað að bæta úr. Ég hygg, að vandinn sé í fyrsta lagi fólginn í því, að opinberir starfsmenn hafa ekki notið þeirra almennu mannréttinda, sem felast í samtaka- og samningsfrelsinu, því samtaka- og samningsfrelsi, sem borgarar þjóðfélagsins almennt njóta og er í aðalatriðum mótað í sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins, og að opinberir starfsmenn vilja ekki lengur una þeirri mismunun, sem þeir hafa verið beittir í þessum efnum. Vandinn er í öðru lagi sá, að opinberir starfsmenn hafa aldrei í jafnríkum mæli og nú talið launakjör sín vera algerlega óviðunandi og aldrei fyrr gert jafnharða hríð að ríkisvaldinu um leiðréttingu sinna mála, hvað launakjörin sjálf snertir, eins og nú og að undanförnu. Það má segja, að við hliðina á þeirri almennu réttindabaráttu, sem opinberir starfsmenn hafa háð, allt frá því að samtök þeirra fóru að mótast, þá hefur nú risið óánægjualda hærri en áður, á líkan hátt og hjá öllum öðrum launamönnum núna á tímabili viðreisnarinnar. Og það er þessi óánægjualda, sem hefur gert kröfu starfsmannanna um samnings- og samtakarétt að dagskrármáli, sem ekki verður lengur undan vikizt að taka afstöðu til með einhverjum hætti. Þessi óánægjualda er nú orðin svo sterk, eins og öllum er kunnugt, að t. d. heil starfsgrein opinberra starfsmanna hefur nú alveg nýlega bundizt innbyrðis þeim fastmælum að segja upp störfum, maður við mann, og hefur þannig með raunverulegri verkfallshótun, sem ekki er þó unnt að beita refsingu við, knúið ríkisvaldið til mjög verulegrar launahækkunar.

Það má segja, að þetta frv. sé sprottið upp úr þessum jarðvegi, annars vegar upp úr þeirri almennu réttindabaráttu, sem opinberir starfsmenn hafa háð, og hins vegar upp úr launaskerðingaraðgerðum núverandi ríkisstj. Og það er vissulega engin tilviljun, að þetta frv. er einmitt fram borið núna, en hvorki fyrr né síðar. Hæstv. ríkisstj. sér nú fram á það, að hún er að missa taumhaldið á launakjörunum, hún er að missa valdið yfir kaupgjaldinu, það vald, sem hún hefur hrifsað til sín á freklegri hátt en nokkur önnur ríkisstj., sem setið hefur í landinu fyrr eða síðar. Þetta taumhald er nú að bresta, jöfnum höndum vegna þrýstings frá starfsliði sjálfs ríkisins og hins vegar átaka frá hendi verkalýðshreyfingarinnar. Það er öllum kunnugt um þetta ástand. Verkfræðingar hafa knúið fram mjög miklar launahækkanir, sem ríkisvaldið hefur í raun orðið að viðurkenna með því að fela þeim, sem samið hafa við þá, störf í vaxandi mæli fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Kennararnir hafa fengið 9—10% kauphækkun núna alveg síðustu dagana til viðbótar við þau 13.8%, sem opinberir starfsmenn fengu almennt í fyrra, og til viðbótar við þau 4%, sem opinberir starfsmenn fá 1. júní, eða nær 30% kauphækkun á einu ári. Togarasjómennirnir standa í verkfalli, sem allir vita að leysist ekki nema með mjög mikilli kauphækkun þeim til handa. Og verkamenn og iðnaðarmenn eru nú að undirbúa aðgerðir í kauphækkunarátt. Og það er meira að segja svo komið, að hæstv. ríkisstj. hefur nú nýlega í opinberri yfirlýsingu orðið að viðurkenna það, að ekki verði hjá því komizt að hækka laun lægst launuðu verkamannanna.

Það er sem sagt sama, hvert ríkisstj. rennir augunum, að hún sér fyrir sér gjaldþrot kauplækkunarstefnunnar, og hún finnur vel, að hún á engan kost annan en að láta undan síga fyrir þeirri sókn, sem hafin er gegn þessari stefnu. Og hæstv. ríkisstj. hefur þegar hafið undanhaldið, og þetta frv. er einn greinilegasti vottur þess, þrátt fyrir það að á því eru miklir ágallar frá sjónarmiði þeirra starfsstétta, sem við þá skipan mála eiga að búa, sem hér er ráðgerð. Frv. ber þess vegna vissulega þess vott, að ríkisstj. er á undanhaldi fyrir opinberum starfsmönnum í launamálum og í réttindamálum þeirra. En það ber jafnframt mjög greinilegan vott um tregðuna, íhaldssemina og þá valdbeitingartilhneigingu, sem hefur verið rík í fari þessarar hæstv. ríkisstj. Og það er vissulega ekkert undrunarefni, að æðimargir vankantar séu á því máli, sem þannig er til komið.

Opinberir starfsmenn hafa nú frá því árið 1915 búið við þá mannréttindaskerðingu, sem frjálslyndustu menn, sem þá áttu sæti hér á hv. Alþingi, vöruðu við, þ. e. a. s. þá að mega ekki leggja niður vinnu með félagslegum hætti eða m. ö. o. að gera verkfall. Þeir hafa að vísu mátt stofna með sér félög til þess að vinna að sínum hagsmunamálum, en andi 73. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að „rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess," hefur ekki reynzt duga þeim til þess að mega beita þessum samtökum með sama hætti og aðrir launamenn, sem vinna í þjónustu einkaaðila. Þannig hefur löggjafarvaldið með því að rangsnúa grundvallaratriðum félagafrelsisins mismunað opinberum starfsmönnum og gert rétt þeirra minni en annarra. Þannig hefur það getað átt sér stað, að algerlega hliðstæðir starfsmenn hafa búið við tvenns konar rétt og verið mismunað gagnvart lögum, og þannig hafa opinberir starfsmenn raunverulega verið sviptir frumstæðustu mannréttindum og raunverulegu og virku samtakafrelsi. Og það er vissulega eftirtektarvert í þessu sambandi að athuga það, að áhugi fyrir myndun starfsmannasamtaka í beinum hagsmunatilgangi vaknar ekki verulega að gagni hér á landi fyrr en á dögum heimsstyrjaldarinnar síðari eða hálfri öld eftir að verkalýðshreyfingin hefur farið að mótast í fastar skorður. Ástæðan fyrir þessu er auðvitað sú, að þessum starfsmönnum hefur verið meinað að hafa með sér raunverulega virk hagsmunasamtök, og einnig sú, að þangað til verkalýðshreyfingin gerbylti lífskjörunum á Íslandi á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar, þá var

gert tiltölulega vel við embættismannastéttina, sem var þá miklu fámennari en hún er nú, og kjör hennar voru tiltölulega góð í samanburði við þau kjör, sem almúgi manna átti við að búa. En um líkt leyti verður sú breyting, að fjölgun verður mikil í stétt opinberra starfsmanna, bæði vegna breyttra tíma og breyttra þjóðfélagshátta, og það skapast raunverulega verkalýður í opinberum störfum, og það er þessi verkalýður, sem stöðugt fer fjölgandi og skiptir nú orðið mörgum þúsundum, sem hefur fundið það betur og betur, að hann á fulla hagsmunalega samleið með þeim verkalýð, sem meira vinnur með höndunum sitt erfiði. Þessi verkalýður vill ekki lengur una því að búa við rétt eins og annars flokks borgari í landinu, og það er hér sem sú barátta hefst, sem nú hefur náðst nokkur áfangi í fyrir fullu samningafrelsi þessarar stéttar.

Það er augljóst, að þetta frv. er fyrsti umtalsverði sigurinn í þessari mannréttindabaráttu opinberra starfsmanna og tvímælalaust nokkur réttarbót frá þeirri skipan, sem verið hefur. Með þessu frv. eru samtök opinberra starfsmanna, þ. e. a. s. BSRB, í fyrsta skipti viðurkennd sem samningsaðili við ríkisvaldið um laun og kjör skjólstæðinga sinna, og á sama hátt eru starfsmannafélög bæjanna viðurkennd sem samningsaðili við bæjarfélögin. Þetta er það jákvæða í þessu frv., og þetta væri auðvitað ómetanlegt, ef ekki fylgdu verulegir annmarkar. En á hinn bóginn hefur hæstv. ríkisstj. í undirbúningi málsins og í samningum við opinbera starfsmenn lagt ofurkapp á það að setja þessari mikilsverðu réttindaviðurkenningu á samtökum opinberra starfsmanna sem allra þrengst takmörk með margvíslegum hætti og raunverulega eyðilagt hana að mjög verulegu leyti með þeim ákvæðum frv. að stefna endanlegum úrskurði í launamálum til svokallaðs kjaradóms, ef samningar takast ekki á tilskildum tíma milli hinna viðurkenndu samningsaðila. Með þessum ákvæðum um kjaradóm er því lýðræðislega úrskurðarvaldi innan samtakanna um kjaramálin, sem þar ætti eitt að ríkja, ef réttur, en ekki vald, réði, vikið til hliðar og það fengið í hendur gerðardómi, þvert á móti eindregnum vilja allra forustumanna í BSRB og áreiðanlega alls þorra þeirra, sem þau samtök skipa.

Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta mál væri samningsmál milli stjórnar BSRB og hæstv. ríkisstj., og þetta er rétt, svo langt sem það nær. En hinu má þó ekki gleyma, að hér hafa þeir setið að samningum, sem harla ójafna höfðu aðstöðuna: annars vegar réttlaus aðili, sem lítið hafði sér annað til stuðnings heldur en málstaðinn, og hins vegar handhafar ríkisvaldsins, sem raunverulega hafa löggjafarvaldið í vasanum og þannig valdið yfir réttindum hins aðilans, sem við var að semja. Þetta vald og þessa aðstöðu hefur hæstv. ríkisstj. notað sér af fullkomnu tillitsleysi með þeirri vitund, að hinn samningsaðilinn var aðstöðunnar vegna tilneyddur að taka skásta kostinn í hverju tilviki, ná því, sem unnt var að ná með samkomulagi, og þoka sínu máli svo langt sem verða mátti miðað við aðstæður. Hér var því vissulega ójafn leikur og þess vegna alveg óþarfi fyrir hæstv. ríkisstj. að hælast um yfir því, að ríkisstj. hafi fengið samþyki BSRB við þessu frv., eins og það liggur fyrir. Og ég ætla, að þetta komi alveg ljóst fram í niðurlagi þeirrar ályktunar, sem stjórn BSRB gerði um þetta á fundi sínum 9. þ. m. og hæstv. fjmrh. las hér að nokkru, en þar segir, að enda þótt ríkisstj. hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórnin hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsins, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frv. náð svo miklum áfanga, að fulltrúum þess beri að samþykkja það, þó að það viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með gerðardómi. Jafnframt telur stjórn BSRB sjálfsagt, að unnið verði áfram að því takmarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við. Ég held, að öllum megi vera ljóst, sem þetta lesa eða heyra, að þetta frv. er ekki nema að litlu leyti í samræmi við vilja opinberra starfsmanna, heldur er aðeins um það að ræða, að nokkur bót er fengin frá alveg óskoruðu valdi löggjafans um meðferð launamálanna, þeirri skipan, sem í gildi hefur verið, og að opinberir starfsmenn hafa orðið að meta þar illskárri kostinn, sem nú var fyrir hendi, og taka þann áfanga, sem hægt var að ná, en taka það hins vegar skýrt fram, að þeir viðurkenni ekki réttmæti þess, sem frv. ákveður um gang kjaramálanna, og þá alveg sérstaklega, að kjörin skuli, ef annars er ekki kostur, úrskurðuð af gerðardómi.

Ég vil því segja það, að þetta frv. er frv. hæstv. ríkisstj., en ekki frv. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þetta er frv. hæstv. ríkisstj., eins og hún metur sér nauðsynlegt að hafa það á því undanhaldi, sem hún nú er á fyrir opinberum starfsmönnum og almennt í launamálum. Helzt hefði hæstv. ríkisstj. auðvitað ekki viljað flytja neitt slíkt frv., en atburðir síðustu tíma og jafnvel síðustu daga í launamálunum hafa fært henni heim sanninn um það, að á því var henni ekki stætt, hún varð að láta undan, en hefur hins vegar þumbazt við að gera það með þeim hætti, að til nokkurrar frambúðar sé skipað þessum málum. Þetta er eins konar viðreisnarkrafs í bakkann, eins og í svo mörgum öðrum málum hér á hv. Alþingi nú á þessum vetri. Gerðardómsákvæðin eru auðvitað verstu annmarkarnir á þessu frv. og þau ákvæði, sem gera það frekast að verkum, að mér finnst mesta óbragð að frv. í heild sinni, þrátt fyrir þá vissu viðurkenningu, sem í því felst á samtökum opinberra starfsmanna, og þá auknu möguleika, sem samtök þeirra fá til þess að túlka málefni sín í sambandi við kjaradeilur og kjarasamninga og allir hljóta að meta að verðleikum. Samt sem áður þykir mér, að þar með séu annmarkarnir og gallarnir langt frá því að vera upp taldir, og þó að það sé fjarri mér að fara hér út í einhvern sparðatíning, þá hlýt ég nú strax við 1. umr. málsins að vekja athygli á nokkrum atriðum — nokkrum vægast sagt varhugaverðum frumvarpsákvæðum, sem bæta þarf í meðferð hv. deildar.

Í 2. gr. frv. segir, að fjmrh. fer með fyrirsvar

ríkissjóðs að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds skv. lögum þessum. Ég tel þetta algerlega óhæft ákvæði. Það er sjálft Alþingi, sem eitt hefur farið með það fyrirsvar, sem hér er rætt um, með setningu launalaganna, og hvorki ráðh. né ríkisstj. í heild hefur haft þetta vald. Þingið hefur haft fyrirsvar ríkissjóðs að þessu leyti, á sama hátt og fjárveitingavaldið er í þess höndum, og það er ekki sjáanleg nein ástæða til þess, að sá háttur verði ekki hafður á framvegis, þrátt fyrir breytta skipan í þessum málum. Ég tel, að þessu beri að breyta þannig, að þingkjörin n., t. d. fimm manna eða jafnvel fjvn., annaðist samninga við fulltrúa BSRB. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að Alþingi hefur fjárveitingavaldið, en ekki hæstv. fjmrh., hver sem hann er, og hann er ekki fremur en aðrir alþm. réttkjörinn til þess að taka það vald í sínar hendur að þessu leyti.

Í 3. gr. er svo á hinn bóginn ákveðið, að BSRB eða öllu heldur stjórn þess fari með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmannanna skv. lögum þessum, eins og þar segir. Þetta kann að líta vel út við fyrstu sýn, en er að mínu viti mjög varhugavert, ef betur er að gáð. Hliðstætt ákvæði í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur hljóðar svo: „Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna.“ Á þessu tvennu er auðvitað reginmunur. Annars vegar, þ. e. í lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, er félagafrelsið, þ. e. rétturinn til að mynda og skipa sér í hvern þann félagsskap, sem menn æskja, lagður til grundvallar, og hverjum slíkum félagsskap er fenginn hinn sami lagaréttur, þ. e. til að semja um kaup og kjör sinna meðlima. Frá lagalegu sjónarmiði er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu, að fleiri en einn félagsskapur fari með samningsaðild, t. d. í ákveðinni starfsgrein, aðeins fær félagsskapurinn ekki heimild til samningsgerðar um kaup og kjör fyrir aðra en þá, sem honum tilheyra. Menn geta svo átt frjálst val um það, í hvaða félagsskap þeir kjósa að skipa sér eða hvort þeir vilja standa utan við allan félagsskap. Og það haggar ekki þessum grundvallarréttindum, þó að reyndin hafi að lyktum orðið sú hér á landi, að aðeins er eitt stéttarfélag starfandi í hverri starfsgrein á hverju félagssvæði. Annars staðar víða hefur svo farið, að fleiri stéttarfélög í sömu starfsgrein og sambönd þeirra eru starfandi hlið við hlið. Ég álít ákaflega varhugavert að víkja í nokkru frá þessum grundvallarreglum félagafrelsisins og tel alveg óvíst, hvort það kann að leiða nokkuð gott af sér, ef svo væri gert og farið að tíðka slíkt í löggjöf. Hér er verið að hverfa að því að gefa út eins konar einkaleyfi til handa BSRB til þess að fara með samningsaðild fyrir alla starfsmenn ríkisins, hvort sem þeir eru meðlimir þar eða ekki, og ef einhverjir standa utan þess sambands, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða jafnvel heil starfsgreinafélög eða sambönd, er þeim hinum sömu meinaður sá réttur, sem lögin almennt veita til samningsgerðar, og það jafnvel þótt hugsanlegt væri, að meiri hluti í heilli starfsgrein eða jafnvel öll starfsgreinin væri utan samtakanna.

Í annan stað er svo ákveðið, að stjórn BSRB fari með fyrirsvarið, en ekki starfsgreinasambönd innan þess eða þeirra stjórnir, nema að mjög takmörkuðu leyti, og alls ekki að því er viðkemur sjálfu kaupgjaldinu, alveg andstætt því, sem tíðkast í verkalýðshreyfingunni, þar sem samningsrétturinn er í höndum hvers félags innan heildarsamtakanna. Enn kemur það til, að samningur um laun á að vera einn fyrir allar starfsgreinar og að því leyti sem atkvæði innan samtakanna fá einhverju ráðið um þá samninga, þá er atkvæðisréttinum þannig varið, að hver starfsgrein hefur raunverulega atkvæði um kjör allra hinna. Þannig mundu t. d. meðlimir í sambandi barnakennara hafa jafnmikil áhrif á kjör t. d. löggæzlumanna og sín eigin — og öfugt, svo að dæmi séu tekin.

Ég er þeirrar skoðunar, að samningsrétturinn ætti að vera í höndum starfsgreinasambandanna og að þau hvert fyrir sig hefðu úrslitaatkvæði hvert um sína samningsgerð. Hitt er þó aðalatriðið í þessu efni, að það einkaleyfi, vil ég segja, sem ákveðnum félagsskap er gefið til samningsgerðar fyrir opinbera starfsmenn, brýtur í bága við þau almennu lýðræðislegu lögmál, sem virða ber við lagasetningu sem þessa. Hér breytir það ekki máli, að eins og nú er háttað, er BSRB hinn eini eðlilegi aðalfyrirsvarsaðili opinberra starfsmanna og svo óumdeilanlegur sem slíkur, að raunverulega kemur enginn annar þar til greina. Mér sýnist engin þörf vera á því, að þetta samband fái hér neitt einkaleyfi umfram það, sem af sjálfu leiðir, að annar aðili kemur hér ekki til greina, meðan opinberir starfsmenn velja sér það sem sín aðalsamtök. Réttur þessa sambands og vald í málefnum þeirra, sem vinna í opinberri þjónustu, á á hverjum tíma að miðast við aðild opinberra starfsmanna að þessu sambandi og ekki við neitt annað. Ég fæ ekki séð, að sambandið hefði neitt að óttast í þessum efnum, þó að hér væri haldið fast á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem hér er um að ræða, eða því væri á nokkurn hátt hætta búin af því.

Með þessu frv. er því slegið föstu, að kjarasamningur eða úrskurður kjaradóms, skv. hinni nýju skipan, sem fyrirhuguð er, skuli í fyrsta skipti ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 1963, þ. e. a. s. einum degi eftir að lengsta mögulegt kjörtímabil hæstv. núv. ríkisstj. er úti. Miðað við þær aðstæður, sem nú eru almennt í launamálum, verður þessi dráttur bæði að skoðast óeðlilegur og ósanngjarn. Mjög miklar kauphækkanir umfram þær, sem opinberir starfsmenn hafa fengið, eru ýmist orðnar staðreyndir eða eru alveg fyrirsjáanlegar í næstu framtíð. Það er þess vegna engin sanngirni í því, að opinberir starfsmenn þurfi að kaupa þau almennu mannréttindi, sem þeir öðlast að nokkru með samþykkt þessa frv., með meira en heils árs bið eftir brýnustu lagfæringum á sínum kjörum. Og óneitanlega væri það líka viðkunnanlegra, að árangur af hinni nýju skipan, sem hér er ráðgerð, kæmi að fullu í ljós, áður en núv. hæstv. ríkisstj. tekur andköfin í lok júnímánaðar 1963. Við það ynnist líka það, að betur mætti meta það, jafnvel fyrir kosningar á því

ári, hver reynslan hefði orðið, og opinberir starfsmenn og raunar öll þjóðin gæti þá verið færari um að taka afstöðu til þess, hvort ekki sé þá orðið tímabært að veita opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áður, að fara hér út í smáatriði í sambandi við þetta frv., en ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli á einu atriði í því, sem ekki verður þó skoðað sem neitt úrslitaatriði, en það eru ákvæðin í 2. málsgr. 4. gr. frv. Þessu ákvæði hefur hæstv. ríkisstj. smeygt inn í frv., eftir að það var síðast borið undir stjórn BSRB og að henni forspurðri, enda kann að verða litið svo á, að það atriði skipti opinbera starfsmenn og þeirra samtök raunverulega ekki miklu. En þetta ákvæði hljóðar svo, að launakjör ráðh. og hæstaréttardómara skuli ákveðin af kjaradómi. Þegar sjálf skipan kjaradómsins er athuguð, hygg ég, að flestum verði ljóst, hversu þetta ákvæði er fráleitt. Kjaradómurinn er, eins og hv. þdm. eru áreiðanlega allir kunnugir, skipaður þannig, að þrír eru tilnefndir af hæstarétti og einn af ráðh., þ. e. a. s. þessir aðilar eiga fjóra menn af fimm í dómnum. Það eru þessir fjórir dómendur, sem eru tilnefndir af ráðh. og hæstarétti, sem eiga að ákveða launin handa þeim, sem skipa þá. Ég vil bara spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta hægt? Ég dreg það auðvitað ekkert í efa, að launamálum hæstv. ráðh. og hæstaréttardómara væri vel borgið með þessum hætti, og mundu sjálfsagt fleiri vilja kjósa sér þá aðferð til þess að fá sín laun ákveðin, að þeir skipuðu sjálfir þá menn, sem launin ættu að ákveða. En samrýmist þetta almennum óskráðum siðareglum? Ég held ekki. Hér skýtur a. m. k. nokkuð skökku við þau takmörkuðu réttindi, sem á að veita opinberum starfsmönnum almennt, þegar hæst launuðu embættismönnum þjóðfélagsins er falið að tilnefna sjálfir þá menn, sem eiga að ákveða launakjörin handa þeim. Segi menn svo, að hæstv. ráðh. kunni þá ekki þrátt fyrir allt að heyja kjarabaráttu fyrir sjálfa sig, þó að þeir telji það höfuðhlutverk sitt, a. m. k. í þessari ríkisstj., ef ekki almennt, að torvelda alla kjarabaráttu fyrir aðra.

Ég get nú látið máli mínu lokið að þessu sinni, enda hef ég enga tilhneigingu til þess að tefja eðlilega afgreiðslu þessa máls. Ég vil aðeins að lokum endurtaka það, að afstaða okkar Alþb.-manna til frv. mótast af því fyrst og fremst, að við teljum, að með því hafi þokað áfram fyrir opinbera starfsmenn því mikla réttindamáli, að þeir fái notið fulls samnings- og samtakafrelsis, eins og viðurkennt er fyrir aðra launamenn í þessu landi, og að verulegum áfanga sé náð með þessu frv. að því marki. Á hinn bóginn höfum við opin augu fyrir þeirri staðreynd, að þetta frv. er aðeins áfangi að því marki, að opinberir starfsmenn fái full mannréttindi, og að frv. er á margan hátt meingallað og hefur að geyma ýmist óhæf eða varhugaverð ákvæði. Við munum þess vegna freista þess á síðari stigum málsmeðferðarinnar að fá lagfæringar á frv. í samræmi við okkar hugmyndir um það, að allir eigi að njóta sömu réttinda, hvort sem þeir vinna í opinberri þjónustu eða starfa fyrir aðra aðila í þjóðfélaginu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þegar á þessu stigi þessa máls lýsa því yfir, að við framsóknarmenn erum fylgjandi þessu frv. Við munum greiða götu þess gegnum þingið og stuðla að því, að það fái skjóta afgreiðslu, eftir því sem kostur er, svo að það geti orðið afgreitt á þessu þingi, þó að það óneitanlega komi seint fram.

Hæstv. fjmrh. hefur gert í framsöguræðu glögga grein fyrir efni þessa frv., og ég mun þess vegna ekki í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, fara að neinu ráði út í efni eða einstök atriði þessa frv.

Það er eins og mönnum er ljóst, að það er kjarni þessa frv., að með því er gert ráð fyrir, að ríkisstarfsmenn fái samningsrétt um launakjör sín og nokkur önnur atriði, í stað þess að þau hafa hingað til verið ákveðin í lögum eða af ráðh. einhliða skv. heimild í lögum. Um ýmis önnur réttindi ríkisstarfsmanna er hins vegar gert ráð fyrir að áfram gildi lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hér er um stórmál að ræða, og hér er um mjög merkilegt mál að ræða. Það leikur ekki á tveim tungum, að hér er stigið stórt skref og gerð mjög mikilvæg breyting varðandi réttarstöðu ríkisstarfsmanna. Hingað til hefur lengst af verið litið svo á, að um réttarsamband ríkisins og embættis- og sýslunarmanna hlytu að ýmsu leyti að gilda aðrar og ólíkar reglur þeim, sem gilda og hafa gilt um vinnusamband almennt. Þannig hefur það verið að lögum hér hjá okkur, og það var áður fyrr að vissu leyti ekki óeðlilegt. Þróunin hefur hins vegar gengið í þá átt að draga úr þessum mun, sem hér hefur verið á réttarstöðu opinberra starfsmanna og á stöðu launþega skv. venjulegum vinnusamningum. Og þróunin hefur gengið í þá átt að veita ríkisstarfsmönnum samningsaðild um kaup sitt og kjör að nokkru leyti með hliðstæðum hætti og öðrum launastéttum.

Til þessarar þróunar liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður. Vafalaust eiga breyttar þjóðfélagsaðstæður þar í sinn gilda þátt. Starfsemi hins opinbera hefur færzt mjög í aukana, eins og kunnugt er, á síðari árum, og ríkið hefur tekið að sér og lætur sig nú skipta ýmsa sýslu, sem það fékkst ekki við áður. Af þessu hefur leitt mikla fjölgun ríkisstarfsmanna, þannig að þeir eru nú ekki lengur tiltölulega fáir embættismenn og sýslumenn, svo sem lengi var, heldur fjölmargir almennir starfsmenn við ýmsar starfsgreinar hins opinbera, starfsmenn, sem finnst, að þeir eigi að réttu lagi að búa við svipaðar aðstæður og sambærilegir starfsmenn hjá einkafyrirtækjum.

Að sjálfsögðu hefur það verið svo, að ríkisstarfsmenn hafa út af fyrir sig haft fullt frelsi til þess að stofna sín félög til þess að gæta hagsmuna sinna, og það hafa þeir gert. Eins og kunnugt er, þá voru árið 1942 stofnuð landssamtök þessara félaga, þ. e. a. s. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Hefur það bandalag starfað síðan, svo sem kunnugt er. Bandalag

starfsmanna ríkis og bæja hefur hins vegar til þessa ekki haft samningsrétt, og því síður hefur það mátt grípa til neinna þvingunarráða til þess að knýja fram kjarabætur fyrir sína félagsmenn. Bandalagið hefur samt sem áður verið viðurkennt af löggjafanum að nokkru á þessu tímabili. Var það raunar fljótlega gert, eftir að landssamtökin voru stofnuð, því að árið 1945, þegar launalög voru fyrst sett eftir stofnun bandalagsins, voru tekin upp í þau ákvæði, sem gerðu ráð fyrir tilvist Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og tryggðu því bandalagi viss réttindi. Þá var þar strax svo fyrir mælt, að við samningu reglugerða skv. þeim lögum og við endurskoðun þeirra laga skyldi ætíð gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á því að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði, sem upp kynnu að koma. Og þar var enn fremur mælt svo fyrir, að bandalagið skyldi tilnefna mann í nefnd, sem eftir lögunum átti að hafa það hlutverk að skera úr ágreiningi um það, hver störf væru úrskurðuð aukastörf og bæri að launa sérstaklega. Þessi ákvæði, sem þannig voru í öndverðu sett í launalögin frá 1945, hafa svo verið endurtekin bæði í starfsmannalögunum nr. 38/1954 og í launalögum þeim, sem nú gilda, lögunum frá 1955. Jafnframt er það svo rétt, eins og hæstv. fjmrh. gat um í sinni framsöguræðu, að í reyndinni hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja í æ ríkara mæli verið viðurkennt sem fyrirsvarsaðili fyrir opinbera starfsmenn, þegar um hefur verið að ræða þeirra kjaramál. Þannig tók bandalagið þátt í undirbúningi að starfsmannalögunum nr. 38/1954, og það er alveg efalaust, að það var atbeina bandalagsins að verulegu leyti að þakka, að þau lög voru sett. En í þeim lögum fólust margar réttarbætur, eins og kunnugt er og hér skal ekki rakið. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var einnig til kvatt og átti aðild að, er launalögin voru endurskoðuð síðast, 1955.

Að undanförnu hefur líka þessi sama þróun komið fram með þeim hætti, eins og hér hefur verið rakið að nokkru, að settar hafa verið á fót samstarfsnefndir ríkis og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þeim samstarfsnefndum hafa verið ætluð mismunandi verkefni. Árið 1957 var t. d. nefnd, sem sett var þá á laggirnar og var samstarfsnefnd ríkisins annars vegar og bandalagsins hins vegar, ætlað að fjalla sérstaklega um launamál kvenna og koma til leiðar umbótum í því efni. Svipuð nefnd var skipuð 1958 til þess að fylgjast með launabreytingum í landinu almennt. Og loks var svo á síðasta hausti skipuð samstarfsnefnd um kjaramál, eins og líka hér hefur komið fram. Þannig hefur bandalagið í reyndinni komið fram meira og meira sem fyrirsvarsaðili opinberra starfsmanna, eins og ég áðan sagði. En sá réttur bandalagsins hefur þó ekki verið lögtryggður til þessa, og bandalagið hefur nú um nokkurt skeið, eins og kunnugt er, barizt fyrir því að fá viðurkenndan samningsrétt um kaup og kjör sinna félaga.

Ég held, að það sé auðsætt af þessum fáu orðum, sem ég hef um þetta sagt, að þróunin hefur einmitt stefnt í þá átt um skipan þessara mála, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að hverfa frá því að binda laun opinberra starfsmanna í lögum, en ákveða þau þess í stað með samningum. Því er svo hins vegar ekki að neita, að það hafa komið fyrir atvik, sem hafa flýtt fyrir þessari þróun, ef svo má segja. Það er alkunna, að ríkisstarfsmenn hafa átt við kröpp kjör að búa upp á síðkastið. Þeir hafa búið við föst laun og fengið tiltölulega litlar launabætur. Hins vegar hefur dýrtíð á þessum allra síðustu tímum vaxið mjög hröðum skrefum. Það er því óhætt að fullyrða, að þeir opinberir starfsmenn, sem hafa átt að búa við hin lægri laun, hafa verið í mestu vandræðum og hafa í raun og veru alls ekki getað komizt af og lifað af þeim launum, sem þeim voru ákveðin í launalögum, en hafa orðið að fleyta sér og sínum með meiri eða minni aukavinnu. Þetta er alkunna. Hitt er svo ekki síður vitanlegt, að laun háskólamenntaðra manna hafa á þessu tímabili verið í algerðu ósamræmi við það, sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar, þannig að þeir hafa í flestum tilfellum hér hjá okkur verið svo langt fyrir neðan það, sem er hjá okkar nágrannaþjóðum, að þeir hafa ekki einu sinni verið hálfdrættingar á við það, sem þar gerist.

Þetta ástand hefur auðvitað vakið óánægju og gert það óhjákvæmilegt fyrir þessa menn, sem hafa búið við þessi kjör, að setja fram sínar kröfur um launabætur og launabreytingar, en á þessu tímabili stórfelldra breytinga í verðlags- og dýrtíðarmálum hefur það samt ekki fengizt, að launalögum væri breytt. Sú tregða, sem á því var, varð svo til þess, að einstakar stéttir opinberra starfsmanna, fyrst í stað a. m. k. háskólamenntaðra manna, hófu kjarabaráttu, og þarf ekki að rekja þá sögu hér, hún er öllum kunn, að því er varðar t. d. verkfræðinga og lækna, og náttúrufræðingar munu hafa átt í svipaðri baráttu svo og kennarar, eins og kunnugt er. Þessar stéttir, a. m. k. verkfræðingar og læknar, hafa í raun og veru brotið launalögin niður að því er þær stéttir varðar, þannig að þær hafa komizt að sérstökum samningum um sín laun og sín kjör, og það sama hygg ég vera í uppsiglingu eða kannske þegar gert, að því er kennara varðar. Þegar þetta hefur gerzt, að því er þessar launastéttir varðar, sem að vísu áttu við mjög misjöfn kjör að búa, sumar þeirra kannske meðal hinna lægst launuðu, aðrar aftur á móti miklu betur settar, — en þegar það var svo komið, að þær höfðu fengið kjarabætur með þessum hætti, að stofna til sérstakra samtaka og komast að samningum, þá er auðsætt, að aðrar stéttir opinberra starfsmanna mundu smám saman koma á eftir og sigla í sama kjölfarið. Launakerfið, sem búið hefur verið við, er því að springa, og það kerfi er í raun og veru þegar orðið eyðilagt, og mundi sjálfsagt ekki líða á löngu, að það yrði að mestu leyti dauður bókstafur, þó að það ætti að nafninu til að halda því.

Það hefði sennilega aldrei komið til þvílíkra vandræða eða þeirrar sjálfheldu í þessum málum, sem nú er komið í, ef í tæka tíð hefði verið tekið liðlega á málaleitunum ríkisstarfsmanna um bætt kjör og launalögunum

breytt til samræmis við aukna dýrtíð og jafnvel launabreytingar, sem hafa átt sér stað hjá öðrum starfsmannahópum. Ég held þess vegna, eins og málum þessum var komið, þá hafi ekki verið um annað að ræða en að veita samtökum ríkisstarfsmanna samningsrétt. Og ég held, að eins og málum var komið, sé skynsamlegt og eðlilegt að stíga það spor, sem stigið er í þessu frv. Dómur reynslunnar verður svo að skera úr því, hvernig þetta skipulag gefst.

Ég vil ekki fara mikið út í pólitískar umr. í sambandi við þetta mál, en þó verður náttúrlega ekki komizt hjá því að benda á, að það er að ýmsu leyti vegna afleiðinga núv. stjórnarstefnu, sem launamál opinberra starfsmanna og reyndar launamál almennt í landinu eru komin í það öngþveiti, sem raun ber vitni. Hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir tveimur gengislækkunum á stjórnartímabili sínu, með þeim afleiðingum, að dýrtíð hefur vaxið hér stórkostlega á þessu tímabili og það svo mikið, að það má heita orðið ókleift fyrir þá lægst launuðu starfsmenn, sem hafa verið í opinberri þjónustu, að lifa af þeim launum, sem þeim eru ætluð í launalögum, og er þar gleggst dæmið um kennarana, sem vitaskuld hafa búið að undanförnu við launakjör, sem hafa verið algerlega óviðunandi, enda ógerlegt, eins og ég áður sagði, fyrir þá að framfleyta sér og sínum af þeim launum, og hefur afleiðingin auðvitað orðið sú, að þeir hafa reynt að verða sér úti um aukastörf, eftir því sem kostur hefur verið á. En það sjá allir, að slíkt getur haft óheppilegar afleiðingar fyrir það aðalstarf, sem þeir eiga að rækja.

Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hafi þráazt of lengi við því að verða við réttmætum óskum opinberra starfsmanna um sanngjarnar launabætur. Og þess vegna er nú komið sem komið er, og þess vegna er þannig komið, að ef ekki yrði komið á einmitt þessari skipan, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá fæ ég ekki betur séð en við mundi blasa alger upplausn í launamálum, svo sem lítillega hefur verið rakið í þessum umr. Launamálin, þ. á m. launamál ríkisstarfsmanna, eru algerlega komin í öngþveiti hjá hæstv. ríkisstj. Þetta vil ég aðeins benda á, en vil sem sagt ekki að öðru leyti, eins og ég sagði, fara út í pólitískar umr. í sambandi við þetta mál.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er hér á ferðinni stórmál. Þar þarf margs að gæta og þegar Alþ. fjallar um þvílíkt mál, þá getur það auðvitað ekki og má ekki heldur aðeins líta á málið frá sjónarmiði opinberra starfsmanna, heldur verður það líka að taka til greina og athuga önnur sjónarmið í þessu máli og þá sérstaklega sjónarmið skattþegnanna. Hver er greiðslugeta þeirra og hvað er hægt að ganga langt í þessu efni vegna tillitsins til þeirra? Þessi atriði verður auðvitað að vega og meta. Það kemur, eins og ég sagði, margt til greina. Þess vegna ber að mínum dómi að harma það mjög, að þetta mál skuli lagt svo seint fyrir Alþingi eins og raun ber vitni. Alþingi hefði einmitt þurft langan tíma til þess að fjalla um þetta mál, því að það er svo fjölmargt, sem þarf athugunar við í sambandi við þá skipan, sem á að gera með þessu frv. á þessu máli, þ. á m. fjölmörg lögfræðileg vandamál, sem hljóta að koma til álita. Þetta mál hefur verið það lengi á döfinni hjá hæstv. ríkisstj., að það hefði átt að vera ákaflega auðvelt fyrir hana að leggja þetta mál miklu fyrr fyrir Alþingi. Það hefði átt að vera auðvelt fyrir hana að komast að því samkomulagi, sem hún hefur komizt að við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, því að það er fyrst, eins og komið hefur fram í þessum umr., 1959, sem skipuð er nefnd til þess að athuga um samningsrétt opinberra starfsmanna, þannig að þessi mál hafa vissulega verið mjög lengi á döfinni hjá hæstv. ríkisstj., svo að það er í rauninni af hennar hálfu algerlega óafsakanlegt að hafa ekki lagt þetta mál fyrr fyrir þingið, en koma þess í stað með það hér inn á Alþingi á allra síðustu dögum þingsins, þegar ekki er nema tæp vika eftir af þingtímanum, að því er ætlað er, og þegar starfshættir þingsins eru að öðru leyti orðnir þeir, að lítill tími gefst til að íhuga það. Þetta er mjög aðfinnsluvert að mínum dómi.

En þetta frv. er nú samt sem áður árangur af löngum samningaviðræðum á milli ríkisstj. og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Frv. byggist á samkomulagi, sem þessir aðilar hafa náð, og frv. er því í raun og veru eins konar samningur á milli þessara aðila, þó að það liggi að vísu fyrir, að annar aðilinn hefði kosið efni þess samkomulags nokkuð á annan veg en þetta frv. er.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá vilja framsóknarmenn, þrátt fyrir þá ágalla, sem hér hafa verið á málatilbúnaði, svo sem ég rakti, vinna að skjótum framgangi þessa máls og í því formi í megindráttum, sem það er hér fyrir lagt. Við teljum, að það verði í megindráttum að samþ. frv. óbreytt, þegar af þeirri ástæðu, sem ég áðan drap á, að frv. er byggt á samkomulagi ríkisstj. og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og breytingar á meginatriðum frv. mundu kippa grundvellinum undan því samkomulagi, þannig að þá væri í raun og veru brostin forsenda fyrir frv. Í öðru lagi er það, eins og nú er komið, svo, að það gefst ekki tóm til að gera stórfelldar breytingar á þessu frv. Hitt er að sjálfsögðu annað mál, að það verður þó, þrátt fyrir tímaskort, að reyna að athuga þetta mál í þingnefnd, eftir því sem tök eru á, og til þess er vissulega fullkomin ástæða, því að þótt þessi mál hafi verið lengi í deiglunni og þetta frv. eigi sér orðið allanga forsögu og þótt að frv. hafi unnið ágætir og færir menn, þá sýnist mér, að það sé nú samt þannig úr garði gert, að í því séu a. m. k. ýmis álitaefni eða atriði, sem tvímælis geta orkað og nánari skýringa þurfa við, og þess vegna hlýtur þingnefnd að taka mörg atriði frv. til athugunar, og að sjálfsögðu er eðlilegt og ekkert við því að segja, þó að það séu gerðar á því einhverjar minni háttar breytingar, ef ekki er raskað þeim megingrundvelli, sem um hefur verið samið og þetta frv. er byggt á.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði þessa frv. Það mundi lengja mál mitt svo mjög, og það er í sjálfu sér atriði, sem eðlilegra

mundi vera að þingnefnd tæki til athugunar, en ég vil endurtaka það, að það er að mínum dómi þarna um að ræða fjölmörg álitaefni. Það kemur t. d. strax fram í sambandi við 1. gr. spurningin um það, til hverra þessi lög eiga að taka. Það er rétt, að sú skilgreining, sem sett er þarna í upphafi gr., miðast nokkuð við þá, sem eru taldir ríkisstarfsmenn í skilningi starfsmannalaganna. En þó er það með þeim undantekningum, sem þarna eru taldar í gr. Þar getur náttúrlega verið spurning um þriðju undantekninguna, bankastarfsmenn. Það getur verið mikil spurning um það, hvaða ástæða er til þess að setja þá hér sér á bekk og hvort það er ekki eðlilegt, að bankastarfsmenn eins og aðrir starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana eigi samningsrétt. Það getur hins vegar verið álitamál, hvort sá samningsréttur á að beinast að fjmrh., eins og almennt er eftir þessu frv., eða að bankaráðum viðkomandi banka, sem nú ákveða laun þessara starfsmanna, bankastarfsmanna. En auðvitað eru bankastarfsmenn opinberir starfsmenn og ættu að sæta sömu kjörum og starfsmenn við aðrar ríkisstofnanir. Í lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru t. d. undanskildir starfsmenn í utanríkisþjónustunni. Þeim lögum eða ýmsum ákvæðum þeirra laga er ekki ætlað að taka til starfsmanna í utanríkisþjónustunni, og mér finnst það t. d. eitt af álitaefnunum, hvort sendiherrar og starfsmenn í utanríkisþjónustunni eiga að fara í gegnum þá leið, sem þarna er gert ráð fyrir, samningaleið, sáttaleið og svo að lokum kjaradóm. Ég hef ekki getað komið auga á, að það væri minnzt á þá í þessu frv., og ég veit ekki, hvort þeir hafa verið hafðir þar í huga. En mér sýnist t. d. í sambandi við það vera spurning um það, hvort það gætu ekki verið fleiri aðilar, sem ættu að komast undir 2. málsgr. 4. gr., aðrir en ráðherrar og hæstaréttardómarar, sem ættu beint að fá laun sín ákveðin af kjaradómi, af því að það eru einmitt margir ríkisstarfsmenn, t. d. starfsmenn utanríkisþjónustunnar, að ég ætla, a. m. k. sendiherrar, og ýmsir forstöðumenn stofnana og t. d. heil félög, eins og t. d. félag héraðsdómara, að ég ætla, og sjálfsagt mörg fleiri, sem standa algerlega utan við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég er alls ekki að gera það að minni tillögu, að þessu ákvæði sé breytt eða fleiri séu teknir þarna með, og ég get vel skilið, að það geti verið erfitt að draga þarna takmarkalínu. En mér finnst, að það sé einmitt eitt af álitamálunum í sambandi við þetta lagafrv., hvort það ættu ekki jafnvel fleiri að koma þarna undir, þ. e. a. s. ýmsir embættismenn, sem ekki yrði talið eðlilegt að væru að standa í samningum um sín kjör, frekar en ráðh. eða hæstaréttardómarar gerðu það.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir og rækilega var rakið af hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Norðurl. e., þá er gert ráð fyrir einkaaðild Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að kjarasamningunum, þannig að það sé samningsaðili fyrir hönd ríkisstarfsmanna. Eins og ég sagði áðan, eru að vísu sterk rök, sem mæla með því að mínum dómi, að það sé þannig einn aðili, sem fari með fyrirsvar allra ríkisstarfsmanna, en á hinn bóginn er sá agnúi á þeirri skipan, að það eru ýmsir opinberir starfsmenn og starfsmannahópar, að ég held, sem ekki eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Og enn fremur er mér kunnugt um það, að Bandalag háskólamenntaðra manna hefur óskað eftir því að fá samningsaðild fyrir hönd sinna félaga. Ég álít og ekki hvað sízt með tilliti til þess, að ég tel, að háskólamenntaðir menn hér hafi búið við mjög léleg kjör, borið saman við þau kjör, sem slíkir menn hafa með öðrum þjóðum, ekkert óeðlilegt, að Bandalagi háskólamenntaðra manna væri með einhverjum hætti veitt aðstaða til að fylgjast með í þessum málum. En það er eins með það atriði og það, er ég minntist á áðan, að ég er ekki hér að gera það að minni tillögu, en bendi aðeins á þetta, af því að ég veit, að það hafa komið fram óskir um það, og tel eðlilegt, að sú hv. þingnefnd, sem um málið fjallar, velti því fyrir sér, og ég fæ nú ekki séð, að það væri útilokað að veita slíku bandalagi aðild með vissum hætti, jafnvel þó að það væri ekki gerð breyting á þeirri skipan, að það væri Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem fer með samningsréttinn. T. d. teldi ég það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, að það væri eitthvað breytt þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir um tilnefningu í kjaradóm og kjaranefnd og að t. d. Bandalagi háskólamenntaðra manna væri gefinn kostur á að eiga þar fulltrúa, einn af fimm, því að það er náttúrlega engin nauðsyn á því, að hæstiréttur nefni þar þrjá til, heldur væri það að mínum dómi allt eins eðlilegt, að hann nefndi þar oddamanninn aðeins.

Þá vildi ég aðeins benda á það, þó að það sé nú smátt atriði, að mér sýnist, að það sé vafasamt að hafa fyrirsögnina á þessu frv. eins og er, þ. e. a. s. kalla það frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, af því að í lögunum sjálfum er svo aftur vikið frá því og yfirleitt ekki talað um opinbera starfsmenn, heldur um ríkisstarfsmenn og starfsmenn ríkisins, en þetta hugtak, opinber starfsmaður, er teygjanlegt og í ýmsum tilfellum vafasamt, hverjir undir það falla, og ég held þess vegna, að það ætti að fara hér að eins og gert var á sínum tíma, þegar lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru sett. Þá nefndist frv. til þeirra laga í upphafi líka frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en var breytt í meðferð þingsins, einmitt af þessum sökum, að það gæti verið erfitt að segja til um það, hverjir væru opinberir starfsmenn, svo og af því, að þeim lögum var ekki ætlað að ná til starfsmanna sveitarfélaga, og það ná þessi lög ekki heldur beinlínis, heldur þarf samþykki starfsmanna sveitarfélags að koma til, til þess að þau eigi við um þá.

Herra forseti. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta frv. Ég vil ekki fara lengra út í einstök atriði, en það gæti verið ástæða til, af því að í þessu frv. eru mýmörg atriði, eins og ég nefndi, sem sýnilega eru samin í flýti, en endurtek það, sem ég í upphafi sagði, að við framsóknarmenn munum fylgja þessu frv. og reyna að greiða götu þess, eftir því sem kostur er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 726, n. 775, 769).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Með tilliti til þess stutta tíma, sem fjhn. hefur haft til þess að athuga þessi mál, verð ég að byrja með að játa, að afgreiðsla hennar á málinu hefur verið miklu meiri fljótaskrift en æskilegt er og eðlilegt má teljast um slíkt stórmál sem hér liggur fyrir. Okkur öllum, sem í n. eigum sæti, eru þau vinnubrögð, sem við höfum neyðzt til þess að hafa í sambandi við þetta frv., mjög á móti skapi. En tveir kostir voru fyrir hendi, annar sá að afgr. málið með þeim hætti, sem orðið hefur, hinn sá, að við tækjum á okkur ábyrgð á því, að þingstörfum yrði ekki lokið fyrir páska, en þar sem það er ósk okkar allra, að svo megi verða, þá þótti okkur fyrri kosturinn betri.

Af sömu ástæðum vil ég reyna að hafa framsögu mína fyrir málinu í sem allra stytztu máli. Ég vil þó fara nokkrum orðum um það vandamál, sem tilgangurinn er að leysa með þessu frv., og einnig ræða það, hverjar líkur ég tel á möguleikunum fyrir því, að sú nýskipan þeirra mála, sem hér er um að ræða, geti orðið til bóta eða spor í þá átt að leysa þetta vandamál, sem ég tel tvímælalaust hafa verið eitt af mestu þjóðfélagsvandamálum hér á landi, í rauninni allt frá því að Íslendingar fengu sjálfsforræði í fjármálum.

Sú skipan, sem hingað til hefur verið á launamálum opinberra starfsmanna, er sem kunnugt er sú, að Alþingi hefur með sérstökum launalögum ákveðið laun þeim til handa. Þegar á öðru þingi eftir að Íslendingar fengu fjárforræði árið 1872, voru sett launalög. Það var á þinginu 1875. Nú mun ég ekki fara út í það að rekja sögulega þróun þessara mála. Til slíks vinnst enginn tími. En ég get þó ekki látið hjá líða, einmitt af því að ég minntist á þessi fyrstu launalög, sem Alþingi samdi, að nefna það, að við meðferð málsins á þingi 1875 var í fyrsta og því miður einnig í síðasta skipti sýndur stórhugur í sambandi við launaákvörðun, sem gerð var, og það var að ýmsu leyti athyglisvert, að það voru einmitt ýmsir bændaþingmannanna, sem lengst vildu ganga í því efni að ákveða þeim að vísu tiltölulega fáu embættismönnum, sem launalögin þá tóku til, ríflega laun. Sem dæmi um það, hve ríflega launakjörin voru, miðað við það, sem síðar var, má nefna, að á vegum þeirrar nefndar, sem undirbjó launalögin frá 1955, gerði ég athugun á því, hver væru raunveruleg laun biskups, eins og þau voru þá ákveðin, miðað við það, sem var 1875, miðað við þá breytingu, sem orðið hafði á launum og verðlagi á þeim tíma. Niðurstaðan varð sú, að raunveruleg laun biskups, eins og þau voru ákveðin með launalögunum frá 1955 og í rauninni hafa ekki breytzt síðan, voru aðeins tæpur helmingur á við það, sem ákveðið var með launalögunum 1875, þrátt fyrir það að fólksfjöldi á þeim tíma var aðeins rúmur þriðjungur á við það, sem nú er, og þá almennu fátækt, sem þjóðin átti þá við að búa. En Adam var ekki lengi í Paradís hvað þetta atriði snertir. Um það bil áratug síðar voru sett ný launalög, en á níunda tug aldarinnar gekk mikið harðæri yfir landið, eins og kunnugt er, og ein af þeim hallærisráðstöfunum, sem Alþingi gerði þá, var sú að taka launalögin frá 1875 til endurskoðunar á þann hátt, að laun embættismanna voru verulega lækkuð frá því, sem þá var. Ég nefni þetta vegna þess, að því miður hefur þannig tekizt til, að opinbera starfsmenn hefur aldrei rétt úr þeim kút, sem þeir voru kveðnir í með hallærisráðstöfunum, sem gerðar voru um miðjan níunda tug fyrri aldar. Að vísu hafa launalög oft verið sett síðan, en í meginatriðum hefur niðurstaða þeirra eingöngu orðið sú að leiðrétta laun opinberra starfsmanna til samræmis við hina almennu verðlags- og kaupgjaldsþróun, sem orðið hafði, frá því að síðustu launalög voru sett, en launahlutföllin hafa í rauninni ekki breytzt þeim í hag, svo að neinu nemi a. m. k., á því 80 ára tímabili, sem hér er um að ræða. Ég verð að láta þetta nægja hvað snertir hina sögulegu þróun launamálanna, en tel rétt, af því að svo vill nú líka til, að ég er persónulega kunnugur þeim málum, að rekja það lítils háttar, hvaða sjónarmið það eru, sem legið hafa til grundvallar því, þegar launalög hafa verið sett.

Nú vill svo til, að í þjónustu hins opinbera eru mjög margir starfsmenn, sem vinna mjög sambærileg störf við það, sem er á almennum vinnumarkaði. Þetta á við um atvinnufyrirtæki, sem rekin eru á vegum hins opinbera, enn fremur skrifstofu- og afgreiðslufólk. Í þjónustu hins opinbera eru líka ýmsir iðnlærðir menn, sem laun taka samkvæmt launalögum. Hvað þessa starfshópa snertir, var auðvelt að fá samanburð við það, sem tíðkaðist á almennum vinnumarkaði, og laun opinberra starfsmanna, þeirra sem tilheyrðu þessum starfshópum, þá eðlilega ákveðin með hliðsjón af því, þannig að að jafnaði var tekið tillit til þess og það að vissu marki metið til frádráttar launum, ef opinberir starfsmenn nutu ákveðinna hlunninda, eins og lífeyrissjóðshlunninda og annars, sem almenningur naut ekki. Um það mátti auðvitað ávallt deila, hvernig þetta skyldi meta, en út í það atriði fer ég ekki. Hvað þessa starfshópa snertir, var grundvallarsjónarmiðið þannig það, að hið opinbera greiddi þeim svipuð laun og gerðist á hinum almenna vinnumarkaði. Nú er það mál út af fyrir sig, að auðvitað hlaut það, a. m. k. þegar frá leið, að leiða af sjálfu sér, að ríkið hlaut að verða að greiða þessum starfshópum nokkurn veginn það sama og gerðist á almennum vinnumarkaði, annars hefði það ekki fengið mennina í þjónustu sína.

En þetta er ekki nema nokkur hluti af opinberum starfsmönnum. Allur þorrinn vinnur ýmiss konar störf, sem aðeins koma fyrir í opinberum rekstri. Má þar m. a. nefna langskólagengna menn, eins og presta, lækna, kennara o. s. frv., og enn fremur yfirmenn hjá

stofnunum hins opinbera, sem gegna ábyrgðarmeiri störfum. Þeim voru eðlilega ákveðin nokkru hærri laun en þeim, sem styttri undirbúningsmenntun höfðu að baki og ábyrgðarminni störfum gegndu. En matið á kostnaði við undirbúningsmenntun og þeirri ábyrgð, sem starfinu fylgdi, hefur alltaf verið mjög lágt, og hefur það verið meginástæðan til þeirrar óánægju, sem ég tel fullkomlega réttmætt að gætt hefur meðal opinberra starfsmanna um launakjör þeirra. Ástæðurnar til þess, að þetta mat hefur alltaf verið mjög lágt, eru auðvitað mismunandi, og get ég ekki farið nákvæmlega út í að rekja það. En þegar því er slegið föstu, að þetta mat sé of lágt, þá verður eðlilega að hafa einhverja viðmiðun í því sambandi, og það, sem eðlilega hefur oft verið vitnað til í því sambandi, eru launakjör opinberra starfsmanna, þeirra sem sviptúðum stórum gegna í nágrannalöndum okkar. Það er staðreynd, að launamismunur milli opinberra starfsmanna er til mikilla muna meiri þar en hér hjá okkur. Hér hefur það undanfarið verið þannig, að hæsti launaflokkur hefur allt að því tvöfalt til þrefald laun á við lægsta launaflokk. I nágrannalöndunum er þessi munur fimm- til sexfaldur a. m. k. og allt upp í tífaldur eða jafnvel meira. Af þessu hefur auðvitað leitt, að mismunurinn í launakjörum þeirra, sem langskólagengnir voru og gegndu serstökum trúnaðarstörfum, miðað við það, sem er í nágrannalöndunum, hefur verið miklu meiri en hvað lægri launaflokkana snertir. Nu er mer það fyllilega ljóst, að allan slíkan samanburð landa á milli ber að gera með mikilli varúð. Þæði eru örðugleikar á því að fá fullkomlega rétta samanburðargrundvöll, því að í þessu sambandi skiptir auðvitað fleira máli en launakjörin. Má þar nefna atriði eins og skatta, félagsmálalöggjöf og óteljandi margt fleira. I öðru og þriðja lagi koma auðvitað upp ýmsar spurningar í sambandi við það, er slíkan samanburð á að gera. I fyrsta lagi þessi: Eru ekki þjóðarteknurnar í þessum löndum svo miklu hærri en á Islandi, að það geri eðlilegt, að þar séu greidd hærri laun? Enn fremur má nefna þá staðreynd, sem sérstaklega á einmitt við hvað snertir æðri embættismennina, að hér eru þeir, af því að um lítið þjóðfélag er að ræða, tiltölulega fleiri miðað við íbúafjölda heldur en í nágrannalöndunum, svo að af því leiðir, að hér á Islandi verða það tiltölulega færri þjóðfélagsborgarar, sem koma til með að standa undir launagreiðslum til hvers af þeim embættismönnum, sem hér eiga hlut að máli, heldur en í nágrannalöndunum.

Mér er það ljóst, að þessi atriði gera það að verkum, að þess er vart að vænta, að launagreiðslur til hinna æðri embættismanna geti verið jafnríflegar hér á landi og í nágrannalöndunum. En annað mál er svo hitt, hvort sá mismunur þarf að vera eins mikill og raun er á.

Það, sem hefur verið aðalhindrunin í vegi um fyrir því, að þetta mat á undirbúningsmenntun, ábyrgð, sem starfi fylgir o. s. frv. yrði lagfært opinberum starfsmönnum í vil, er það, sem nú skal greina, og ég tel mjög þýðingarmikið, að það komi fram við umr. málsins. Það er ekki þannig, — og það get ég bezt borið um vegna langrar reynslu í þessu efni, — að þeir, sem við hefur verið að semja, ráðh. og fulltrúar þeirra, hafi engan skilning haft á þessu máli. Þeir hafa sjálfir einmitt átt persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við það, að þetta vandamál leystist, og fundið til þess ekki síður en aðrir embættismenn, sem hér áttu hlut að máli. En hið neikvæða svar, sem alltaf hefur fengizt, ef farið var fram á einhverja verulega leiðréttingu, var alltaf grundvallað á því, að ef launakjör hinna betur launuðu eru bætt, skapar það hættu á því, að kröfur komi fram um almennar launahækkanir með þeirri verðbólguhættu, sem af því leiðir.

Þetta er ein af fleiri ástæðum, sem liggja til þess, að ég tel það sjónarmið opinberra starfsmanna eðlilegt og því miður byggjast á langri reynslu, að ef von eigi að vera til þess, að kjör þeirra batni, þannig að eitthvað muni um, þá séu launalög og setning launaiaga fullkomin blindgata í þessu efni. Eftir þeirri leið er þess aldrei að vænta, að opinberir starfsmenn geti fengið meira en lagfæringu á launakjörum sínum til samræmis við þá almennu hækkun verðlags eða almenns kaupgjalds, sem kann að eiga sér stað á hverjum tíma. Þá kemur spurningin um það, hvaða aðrar leiðir kæmu til greina til úrbóta í þessu efni.

Onnur leiðin er su, sem opinberir starfsmenn lengst af hafa bent á í þessu sambandi og barizt fyrir, að þeim sé veittur, eins og það er kallað, fullur samningsréttur og aðstaða til þess að knýja fram samninga með vinnustöðvun, svo sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Hin leiðin er sú, sem lagt er til að farin verði í því frv., sem hér liggur fyrir, að opinberir starfsmenn fái viðurkenndan samningsrétt, en ef samningsviðræður milli ríkisvaldsins og starfsmannanna leiða ekki til árangurs, þá verði skorið úr ágreiningnum af serstökum dómstól, sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót, eins og frv. nánar ákveður og ekki er ástæða til að rekja hér.

Hvað fyrri leiðina snertir, leið hins fulla samningsréttar með heimild til þess að stofna til vinnustöðvana í einni eða annarri mynd, vil ég aðeins taka þetta fram. Það má auðvitað um það deila, hvort verkfallaleiðin eða þessi leið, sem farin er til þess að leysa vinnudeilur á almennum vinnumarkaði, sé heilbrigð eða eðlileg eða ekki. Hvaða skoðanir sem menn hafa í því efni, þá gera allir sér það ljóst, að vinnustöðvanir, ef til þeirra kemur, hljóta alltaf að valda þjóðarbúinu meira eða minna tjóni og þannig torvelda, svo langt sem það nær, raunverulegar kjarabætur. Annað mál er það, að svo lengi sem ekki tekst að koma á fót neinni stofnun í þjóðfélaginu, sem báðir aðilar treysta til þess að úrskurða í vinnudeilum á hlutlægum forsendum, þá mundi annað fyrirkomulag þessara mála á hinum almenna vinnumarkaði en það, sem nú ríkir, verða sú skerðing á samninga- og samtakafrelsi, að ég hygg, að það sé varla ágreiningur um það milli okkar, sem hér erum staddir, að ráðstafanir til þess að afnema þetta fyrirkomulag komi ekki til greina, nema þær aðstæður kynnu að skap-

ast, að slíkt yrði óhjákvæmilegt til þess að koma í veg fyrir neyðarástand.

En ef verkfallsréttur almennt er lögleiddur í þjóðfélaginu, þá verður það auðvitað álitamál, hvort ríkið og stofnanir þess hafi þá sérstöðu í þessu efni, að eðlilegt sé, að annar háttur sé á hafður um ákvörðun launa starfsmanna hins opinbera. Ég mun ekki ræða þetta mál og láta í ljós á því neina skoðun í þessu sambandi, en m. a. að gefnu tilefni vegna þeirra brtt., sem ég sé að hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur flutt við frv., þar sem gert er einmitt ráð fyrir því, að sú leið, sem hér er um að ræða, verði farin, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að jafnvel þó að þessi leið væri farin og um það yrði almennt samkomulag, þá gæti hún aldrei eðli málsins samkvæmt nema að nokkru leyti orðið lausn á launamálum opinberra starfsmanna, ef litið er á þá sem heild. Það má að vísu segja, hvað snertir t. d. skrifstofufólk hjá opinberum fyrirtækjum og fjölmarga starfshópa aðra, að það sé ekki ástæða til þess, að þeir búi við aðra aðstöðu í þessu efni en þeir, sem vinna hjá einkafyrirtækjum og við oft mjög sambærileg störf. En fyrir hinu má ekki loka augunum, að hvað snertir fjölmenna starfshópa í þjónustu hins opinbera er það þannig, að það leiðir af eðli starfanna, að sú leið, sem hér er um að ræða, mundi ekki verða fær. Þetta á við í fyrsta lagi um þá fjölmennu starfshópa, sem gegna því sem kallað er öryggisþjónusta. Menn geta haft ýmsar skoðanir á vinnustöðvunum og réttmæti þeirra. Hitt hygg ég að varla sé ágreiningur um, að vinnustöðvunum má ekki beita þannig, að þær stofni lífi og limum óbreyttra þjóðfélagsborgara í hættu, en þannig er einmitt með öryggisþjónustuna, ef hún félli niður, að um slíkt væri að ræða. Þar má nefna starfshópa eins og lækna, hjúkrunarlið, lögreglu, slökkvilið og jafnvel símaþjónustu, flugþjónustu og ýmislegt fleira, enda var það svo, sem sjálfsagt var og enginn ágreiningur var út af fyrir sig um meðal opinberra starfsmanna, að í frv. því, sem fulltrúar bandalagsstjórnarinnar í n. þeirri, sem undirbjó samningsréttarmálið, lögðu fram, þá var gert ráð fyrir því, að sá takmarkaði réttur til vinnustöðvunar, sem þar er gert ráð fyrir, nái ekki til þeirra starfshópa, sem annast öryggisþjónustuna. Launamál þessara aðila mundu því eftir sem áður vera óleyst, þó að þessi leið væri farin.

Í öðru lagi eru svo starfshópar meðal opinberra starfsmanna, sem þannig stendur á um, að þó að þeir fengju verkfallsrétt og enginn hefði við það að athuga, að þeir fengju hann, þá eru störfin þess eðlis, að það getur varla komið til mála, að þeim verkfallsrétti verði beitt. Sem dæmi um þetta má t. d. nefna prestana. Ég hugsa, að sá maður sé varla til í prestastétt, sem detti það nokkurn tíma í hug að hóta því að hætta að messa eða jarðsyngja fólk, ef hann er óánægður með launakjör sín. Og þannig háttar um fleiri starfshópa. Ég býst t. d. við því, að fáir séu þeir í hópi háskólakennara, sem muni telja það eðlilegt, jafnvel þó að verkfallsréttur fengist, að honum yrði nokkurn tíma beitt. Einnig hvað þessa starfshópa snertir, þá yrði það svo, jafnvel þó að verkfallsréttarleiðin yrði að öðru leyti farin, að það væri engin lausn á málum þeirra, svo að hana yrði að finna eftir öðrum leiðum.

Hvað þessa starfshópa snertir, er því erfitt að koma auga á aðra leið, bæði nú og síðar, heldur en þá, sem gert er ráð fyrir í frv.

Hvað snertir þá aðra aðila, sem til mála gæti komið að veita verkfallsrétt, þá verða þeir undir öllum kringumstæðum ekki verr settir, heldur þvert á móti betur settir, ef þessi leið er farin, heldur en sú, sem nú er. Í stað þess, að nú verður það þannig, að gagnaðilinn, sá sem opinberir starfsmenn semja við um launakjör sín, hlýtur að fella hinn endanlega úrskurð um launakjörin, þá er þetta nú falið hlutlausum aðila, og ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það milli opinberra starfsmanna, að slíkt sé undir öllum kringumstæðum spor í rétta átt, hvað sem líður skoðunum manna á því, hvort hér sé um fullnaðarlausn á þessum málum að ræða eða ekki. Það verður reynslan auðvitað m. a. að leiða í ljós.

Af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, tel ég, að frv. sé spor í rétta átt og sjálfsagt að gera þá tilraun, sem í því felst, til lausnar á mikilvægu þjóðfélagslegu vandamáli.

Þetta er nú það, sem ég hef að segja almenns eðlis um það frv., sem hér liggur fyrir, en vil, áður en ég lýk máli mínu, víkja nokkrum orðum að einstökum atriðum, sem á góma hefur borið í n. við meðferð málsins.

Eitt af þeim atriðum, sem þar hefur verið rætt, er ákvæði 4. gr. frv. um það, að launakjör ráðh. og hæstaréttardómara skuli ákveðin af kjaradómi. Hv. 5. þm. Norðurl. e., sem talaði hér við 1. umr. málsins, ræddi þetta atriði þá sérstaklega og vakti athygli á því, að það væri óviðurkvæmilegt, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hæstaréttardómarar og ráðh., tilnefndu fjóra menn af fimm í þeirri n., sem ákveður launakjör þeirra. Ég hugsa, að við höfum allir verið sammála um það, nm. í fjhn., að óviðkunnanlegur blær kann að vera á þessu, en ég held, að það sé rétt skilið hjá mér, að það sé skoðun okkar allra, að undanteknum hv. 5. þm. Norðurl. e., sem flutt hefur brtt. um þessi efni, að eftir atvikum væri þó ekki ástæða til þess að breyta þessu ákvæði. Hvað mína persónulegu skoðun snertir í því efni, þá vil ég leyfa mér að benda á það, að þó að á þessu sé e. t. v. óviðkunnanlegt form, þá held ég, að það sé nú samt grýla að fara að gera ráð fyrir því, að hæstaréttardómararnir mundu velja þá þrjá dómendur, sem hér er um að ræða, að einhverju meira eða minna leyti með hliðsjón af því, að viðkomandi væru líklegir til þess að ákveða sem hæst launakjör þeim til handa. Ég veit, að hæstiréttur nýtur svo almenns trausts í þjóðfélaginu, að fáir munu halda því fram, að á þessu sé hætta í alvöru. Og þó að ráðh. þeir, sem sitja í ríkisstj. hverju sinni, séu umdeildir, þá held ég, að við munum nú samt varla í alvöru gera því skóna, að svipuð sjónarmið gætu ráðið tilnefningu ríkisstj. á þeim eina manni, sem hún tilnefnir í dóminn. Ég hygg einmitt, að þvert á móti sú staðreynd, að það eru hæstaréttardómararnir og ríkisstj., sem tilnefna fjóra af þessum fimm mönnum, verði

miklu frekar til þess að halda launakjörum bæði ráðh. og hæstaréttardómara niðri heldur en hið gagnstæða. Væri óhóflega farið í þær sakir að hækka laun þessara embættismanna, sem ég dreg ekki dul á að eru óviðunandi, eins og nú er, þá mundi það vekja slíka gagnrýni, og þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, gera sér það ljóst, að ég held, að hér sé í rauninni meira um grýlu að ræða. Auk þess mundi, ef þá leið aðra ætti að fara, sem vel kæmi hér til greina, að láta þessa aðila áfram vera á launalögum, þá koma viss tæknileg vandamál fram í sambandi við það. Nú er gert ráð fyrir því, að þessi lög og það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að tekið verði upp, taki endanlega gildi 1. júlí 1963. Þá kemur sú spurning: Hvenær á að setja launalög fyrir ráðh. og hæstaréttardómara? Ætti að gera það á næsta þingi eða ætti það að vera þannig, að þegar eftir 1. júlí setti sú stjórn, sem þá sæti við völd, brbl. um þetta efni? Hér koma fram vandamál, sem ég segi ekki að séu óleysanleg, en þó það mikil, að n. eða meiri hl. hennar treysti sér ekki til þess að gera till. að svo stöddu í því efni.

Annað vandamál, sem rætt var í n., er spurningin um það, að hve miklu leyti eðlilegt sé, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með umboð þeirra, sem ekki eru aðilar að bandalaginu. Einna þýðingarmesta atriðið í því sambandi er e. t. v. spurningin um það, hvort eðlilegt sé, að bandalagið fari með umboð félaga háskólamenntaðra manna, sem yfirleitt eru ekki aðilar að bandalaginu, með tveimur eða þremur undantekningum. En n. barst erindi frá Bandalagi háskólamanna, þar sem farið var fram á það, að þeim yrði veitt sérstök aðild að kjararáði og kjaradómi, þegar mál þessara aðila væru til meðferðar. Ég tel það fyllilega eðlilegt, að þetta sjónarmið komi fram af hálfu háskólamenntaðra manna og samtaka þeirra, og hlýtur það auðvitað að verða mjög til athugunar í framtíðinni, hvort ekki sé eðlilegt, að þeir fái einhverja aðild að þeirri skipan, sem hér er lagt til að tekin verði upp. Hins vegar, ef slíkar breyt. ætti að gera á því frv., sem hér liggur fyrir, sem Bandalag háskólamanna fer fram á, þá mundi það kosta nýjar samningaviðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, það væri með öllu óhjákvæmilegt. En ríkisstj. hefur talið það sjálfsagðan og eðlilegan hlut að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja við meðferð þessa máls, og svo giftusamlega hefur tekizt, að þar er um fullt samkomulag að ræða. Hitt gefur auga leið, að ef nú ætti að fara að taka upp nýja samninga við bandalagið, þá yrði óframkvæmanlegt að afgreiða frv. á þeim tíma, sem hér er til umráða.

Annað atriði í þessu sambandi, sem rætt var í n., var spurningin um það, hvort undantekningarákvæði 1. gr. eigi ekki eðlilega að vera víðtækari en frv. gerir ráð fyrir. Ég býst við, að flestir, ef ekki allir nm. hafi verið á þeirri skoðun, að margt mundi mæla með því að gera þessi ákvæði víðtækari. En það hefði kostað athugun og endurskoðun á frv., sem nefndin hafði ekki aðstöðu til að framkvæma, og var því ekki tekið tillit til þess. Hins vegar hefur n. tekið tillit til eins atriðis í þessu sambandi, en það eru óskir starfsmanna Alþingis um það, að þeir komi inn undir undantekningarákvæði 1. gr. Þetta er í fullu samræmi við ákvæði, sem er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hvað starfsmenn Alþingis snertir. Ég taldi þó rétt að bera þá brtt., sem n. hefur flutt um þetta atriði, undir formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en eftir að hann hafði haft samband við aðra stjórnarmenn, tjáði hann mér, að bandalagið hefði ekkert við það að athuga, þó að þessi brtt. yrði flutt. En að öðru leyti sá nefndin sér ekki fært með tilliti til þeirra aðstæðna, sem voru fyrir hendi, að taka tillit til framkominna óska í þessu efni.

Áður en ég lýk máli mínu, get ég ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um atriði, sem bar á góma hjá báðum þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem töluðu við 1. umr. málsins, og ég varð einnig var við, að nokkuð var rætt í sambandi við eldhúsumr., sem fram fóru í gær. En það er sú greiðsla, sem nú hefur verið ákveðin kennurum til handa fyrir aukavinnu. Ég veit, að þegar þetta er rætt, verður ekki hjá því komizt að koma inn á almenn ágreiningsmál. En ég tel, að einmitt þetta atriði og þau ummæli, sem um það hafa fallið, snerti mjög kjarna þeirrar spurningar, sem ég ætlaði einmitt að leitast við að svara hér að nokkru, en hún er sú, hverjar líkur væru á því, að þetta nýja fyrirkomulag gæti reynzt lausn á því vandamáli, sem hér er um að ræða. Það hefur einmitt bæði við 1. umr. málsins og þó öllu fremur í eldhúsumr. verið látið mjög að því liggja, að þá greiðslu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að kennarar fengju, bæri í rauninni að skoða sem bætur til handa kennarastéttinni vegna kjaraskerðingar af völdum þeirra efnahagsráðstafana, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Hér er auðvitað um algera fjarstæðu að ræða, og ég tel, að sá hugsunarháttur, sem í slíku felst, sé hættulegri hagsmunum kennaranna, sem hér eiga hlut að máli, heldur en nokkuð annað. Auðvitað hefur engum manni í kennarastétt dottið í hug að bera fram kröfur á þessum grundvelli, eða þess vænti ég ekki, og hefði það verið gert, þá hefði slíkum kröfum að sjálfsögðu ekki verið sinnt. Það má um það deila, hvað mikla kjaraskerðingu þessar efnahagsmálaráðstafanir hafi haft í för með sér, og það mál ræði ég ekki. Fyrir hinu hef ég aldrei séð borið fram nein frambærileg rök og veit ekki einu sinni til þess, að nein tilraun hafi verið gerð til slíks, að þessar efnahagsmálaráðstafanir, hvað sem segja má um þær og áhrif þeirra almennt, hafi bitnað þyngra á opinberum starfsmönnum og þá sérstaklega á kennurum heldur en öðrum. Fyrir slíku eru engin frambærileg rök, frekar fyrir hinu gagnstæða, því að vitað er, að ákvæði um það að lækka tekjuskatta koma einmitt fastlaunamönnum í ríkara mæli til góða heldur en flestum öðrum stéttum þjóðfélagsins.

Nei, ástæðurnar fyrir því, að til móts við þessar kröfur var gengið, voru allt aðrar, og skal ég nefna hér tvær þær helztu. Í fyrsta lagi það, að kennarar hafa þá aðstöðu miðað við

flestar aðrar þjóðfélagsstéttir, sem gerir þeirra störf að ýmsu leyti erfiðari og tímafrekari. Þeir þurfa að búa sig undir hin daglegu störf sín lengri eða skemmri tíma eftir því, hve vandasöm kennslan er. Til þess hefur hingað til ekki verið tekið tillit. Annað atriði skiptir hér þó meira máli og mun meginástæðan til þess, að það er einmitt nú, sem þessi ráðstöfun hefur verið gerð, að hvað snertir hina fjölmennustu hópa kennaranna, barnakennara og gagnfræðaskólakennara, þá hafa einmitt nú á síðustu árum verið gerðar stórauknar kröfur til undirbúningsmenntunar þessara manna. Fyrstu áratugina, sem kennaraskólinn starfaði, er þar um að ræða aðeins 2—3 ára skóla, þar sem stundað var almennt gagnfræðanám. Nú eru kröfur til kennaraefna svipaðar og til stúdentsmenntunar, og í löggjöfinni um kennaraskólann, sem er í undirbúningi, mun jafnvel gert ráð fyrir því að gera þessar kröfur meiri. Sama máli gegnir og ekki síður um gagnfræðaskólakennarana. Til tiltölulega skamms tíma hafa ekki verið gerðar neinar sérstakar kröfur til þeirra manna, sem fengju embætti við gagnfræðaskólana. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að þessir menn þurfi að hafa a. m. k. þriggja ára háskólanám. Þetta var að vísu að nokkru leyti komið til framkvæmda, þegar síðustu launalög voru sett. Og það var einmitt ástæðan til þess, að kennarar fengu þar nokkra umbun umfram þá almennu launahækkun, sem þá var ákveðin. Það var í þeirri mynd, hvað barnakennarana snerti, að þeir fengu hækkun um einn launaflokk. Aftur á móti voru gagnfræðaskólakennarar ekki hækkaðir í launaflokki. Það, sem þeir báru úr býtum, var í þeirri mynd, að með sérstöku ákvæði í nýju launalögunum var slakað á því ákvæði, sem áður hafði verið í gildi, að níu mánaða starfstími skólans væri skilyrði fyrir því, að þeir bæru full laun úr býtum. Báðir þessir starfshópar voru þó mjög óánægðir með þessa lausn og sérstaklega hygg ég þó gagnfræðaskólakennararnir. En svarið við því, að ekki væri hægt að ganga lengra að svo stöddu, var það, sem ég tel að vísu á mjög hæpnum rökum reist, en svarið var þetta, að meginhluti hinna starfandi kennara hefði hið styttra nám að baki, sem áður var. Þess vegna er ekki ástæða til þess að hækka laun kennaranna, fyrr en það verður almennt, að þeir hafi þessa lengri menntun að baki. — Það gaf auga leið, að þetta sjónarmið hlaut að hafa mjög óheppileg áhrif á það, hversu fúsir ungir menn mundu verða til þess að leggja þetta lengra nám á sig, því að þegar ungi maðurinn tekur ákvörðun um það, hvort það borgi sig að leggja í þá menntun, sem ætluð er til ákveðins starfs, þá lítur hann auðvitað á launakjörin, eins og þau eru í dag, en ekki á meira eða minna laus loforð um það, að þau skuli einhvern tíma verða bætt. Enda var svo komið, að vegna þess, hvað aðsóknin að kennaranámi, bæði í kennaraskólanum og í BA-deild háskólans, sem útskrifar kennaraefni fyrir gagnfræðanám, var orðin lítil, fór því fjarri, að hægt væri að fylla hinar lausu kennarastöður með þeim, sem útskrifuðust á hverju ári. Hæstv. ríkisstj. hefur víst gert sér það fyllilega ljóst, að ef forða átti í nánustu framtíð frá algeru öngþveiti í þessum efnum, þá þoldi það ekki bið, að eitthvað væri gert í þessu efni. Hitt er auðvitað fráleitt, að kenna núv. hæstv. ríkisstj. og þeirri stefnu, sem hún hefur rekið, sérstaklega um kennaraskortinn eða þá staðreynd, að þær stofnanir, sem útskrifa kennaraefni, útskrifi ekki nægilega marga til þess að fylla þau skörð, sem þarna er um að ræða.

Til frekari sönnunar því máli mínu dettur mér í hug, að það var nú fyrir nokkrum dögum, þegar landbúnaðarmál voru hér á döfinni, að hv. 4. þm. Vestf., sem oft getur verið hnyttinn í málflutningi sínum, komst þannig að orði, að sú aukning mjólkurframleiðslunnar, sem orðið hefði á s. l. ári, gæti með engu móti verið núv. hæstv. ríkisstj. að þakka, því að þær kvígur, sem mjólkandi hefðu verið á s. l. sumri, hefðu verið komnar á legg, áður en núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda, þannig að hún hefði ekki átt neinn hlut að máli að fjölgun kúnna og bæri því að þakka öðrum en henni þá fjölgun, sem hefði átt sér stað. Ég ber ekki á móti því, að þetta geti verið rétt, svo langt sem það nær. En ef hæstv. ríkisstj. er ekkert að þakka í því sambandi, sem ég get út af fyrir sig tekið undir, þá leiðir af svipuðum ástæðum, að það getur ekki verið henni að kenna heldur, ef núna á síðustu árum eða síðan hún tók við völdum útskrifast *færri kennarar en þörf* er fyrir. Það tekur þó 3—4 ár að stunda það nám, sem hér er um að ræða, þannig að þeir, sem hafa útskrifazt 2—3 síðustu árin, hlutu að hafa byrjað nám nokkru áður en núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda. Og ætli þeir hafi ekki einmitt flestir eða allir byrjað nám sitt á valdaárum vinstri stjórnarinnar? Ég hygg, að það sé staðreyndin. Ef hún hefði tekið rögg á sig og leyst launamál kennaranna annaðhvort eftir þeirri leið, sem nú hefur verið farin, eða eftir einhverjum öðrum leiðum, hefði þá ekki verið von til þess, að fleiri unga menn hefði fýst að leggja kennaranámið fyrir sig, þannig að sá kennaraskortur, sem nú er vissulega staðreynd, hefði þá orðið minni en ella? Ég hygg, að þetta sé óvefengjanleg staðreynd.

Ef halda á því fram og reyna að læða því inn hjá almenningi, að hér sé um að ræða einhverjar sérstakar bætur til kennaranna vegna efnahagsráðstafananna, þá þýðir það í rauninni, að hér er verið að skapa átyllu til þess að hvetja til almennra launahækkana. Ef sá tilgangur næst, þá má minna á það, að almennar launahækkanir eru ekki neitt nýtt fyrirbrigði í þessu þjóðfélagi. Þær hafa margoft átt sér stað. En hver hefur orðið árangurinn af þessum almennu launahækkunum í bættum kjörum? Í þau 17 ár, sem liðin eru frá lokum styrjaldarinnar, hefur hann orðið alls enginn. Það eru óvefengjanlegar staðreyndir, sem sanna það. Ef nota á þetta sem átyllu til þess, að allt almennt kaupgjald ætti að hækka í sama hlutfalli, þá þýddi það í rauninni, að sú kjarabót, sem kennararnir hafa fengið í bili, væri gerð að engu.

Ástæðan til þess, að ég nefni þetta atriði, er þó ekki sú, að ég hafi séð út af fyrir sig sérstaka ástæðu til þess að ræða launamál kennar-

anna í þessu sambandi, heldur hin, að ég hygg, að hér sé í rauninni um að ræða svarið við þeirri spurningu, sem ég vildi leitast við að svara, nefnilega hvaða líkur muni vera á því, að sú leið, sem hér er lagt til að farin verði, leiði til einhverrar lausnar á því vandamáli, sem fyrir liggur. Þegar þetta kemur til framkvæmda, þá verður að vísu komið annað þing en það, sem nú situr, og enginn veit, hvort fleiri eða færri af okkur, sem nú eigum sæti á þingi, eiga sæti á hinu nýja, það er mál út af fyrir sig. En það, sem þá skiptir máli, verður einmitt sú afstaða, sem almenningur tekur til þess dómsúrskurðar, sem felldur verður. Ef hann verður á þann veg, að um einhverja verulega leiðréttingu á launahlutföllunum í þjóðfélaginu opinberum starfsmönnum til handa verður að ræða, þá verður það, hvort sú lausn verður varanleg, fyrst og fremst komið undir viðbrögðum almennings í þessu efni. Ef þá rísa upp menn, eins og bólað hefur á í sambandi við launamál kennaranna, sem ég nefndi, sem segja sem svo: Þeir vísu menn, sem þennan kjaradóm skipuðu, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að langskólagengnu mennirnir og aðrir embættismenn gætu ekki lifað af sínum launum og þau þyrftu að hækka svo og svo mikið, — að sjálfsögðu er þetta rétt, — en ef þessir menn hafa ekki getað lifað af þeim tiltölulega ríflegu launum miðað við almenning, sem þeir nú hafa, hvað þá um almenning? Og verði þetta þá notað til þess að koma af stað almennri verðbólguskriðu, þá er það auðvitað auðsætt, að árangurinn af þeirri nýskipan, sem hér er lagt til að gerð verði, mundi verða dæmdur til að verða enginn. Það á í rauninni ekki eingöngu við um þessa leið, sem lagt er til að farin verði samkv. frv., heldur að mínu áliti í rauninni um allar þær leiðir, sem til greina koma, eða m. ö. o. grundvallarskilyrði fyrir því, að hægt sé að gera einhverja lagfæringu á launakjörum opinberra starfsmanna, hlýtur alltaf að verða það, að almenningur fái skilning á því, að það geti verið þjóðfélaginu í hag að launa þessi störf svo vel, að til þeirra fáist í fyrsta lagi hæfir menn og í öðru lagi, að þeir geti helgað sig þeim störfum, sem þeim eru falin. Svo lengi sem sá skilningur verður ekki fyrir hendi, þá er þetta vandamál að mínu áliti óleysanlegt.

Um úrslit málsins í nefndinni sé ég að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða, það liggur fyrir í nál. á þskj. 775. Niðurstaðan varð sú, að við fjórir nm. mælum með því, að frv. verði samþykkt með þeirri lítilfjörlegu breytingu, sem við leggjum til, en hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur fyrirvara um frv. og hefur lagt fram sérstakar brtt., sem hann að sjálfsögðu mun gera grein fyrir hér á eftir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég í aðalatriðum grein fyrir afstöðu minni og ég held að mér sé óhætt að segja míns flokks til þessa frv., og tel ekki efni standa til að bæta þar mjög miklu við. Eins og ég sagði þá, mótast afstaða okkar til frv. annars vegar af því, að við teljum, að það sé nokkurt spor í rétta átt, þ. e. a. s. í þá átt að veita opinberum starfsmönnum eða félagsskap þeirra þau mannréttindi, sem felast í ótakmörkuðu samtaka- og samningafrelsi til framdráttar hagsmunamálum sínum. En að hinu leytinu mótast svo afstaða okkar til frv. af því, að við teljum, að með þessu frv. sé of skammt gengið til móts við réttmætar kröfur þeirra, sem þarna eiga hlut að, þeirra sem vinna í þjónustu ríkisins og bæjarfélaganna, og einnig hitt, að ýmis frumvarpsákvæði séu að öðru leyti athugaverð. Af þessum ástæðum er augljóst, að við viljum breyta frv., þó að við viljum veita því brautargengi, svo langt sem það nær. Og við viljum beita okkur fyrir því, að á því verði gerðar allverulegar breytingar. Þessar ástæður liggja aðallega til þess, að ég hef þrátt fyrir andúð mína á ýmsum einstökum ákvæðum frv., sem ég lýsti greinilega við 1. umr., ekki viljað kljúfa nefndina, heldur skrifað undir með fyrirvara. Og ég hygg, að fyrirvari minn skýrist fyllilega af þeim brtt., sem ég hef flutt á þskj. 769.

Það grundvallarsjónarmið liggur að baki minum brtt., að opinberum starfsmönnum verði veittur fullur samningsréttur um kjör sín, alveg með sama hætti og aðrar launastéttir njóta þessa réttar, og að þeim verði þar með veittur sá réttur, sem er undirstaða samningsréttarins og óaðskiljanlegur honum, þ. e. a. s. réttur inn til að leggja niður vinnu á félagslegan hátt, þ. e. a. s. verkfallsréttur. Það er auðvitað fánýtt orðagjálfur að tala um fullan samningsrétt, meðan bannað er með lögum að gera verkfall og raunverulega þannig bannað að skapa nokkra aðstöðu til samningsgerðar. Og ég hygg, að engum sé þetta ljósara en opinberum starfsmönnum af langri reynslu. Þetta kemur líka berlega í ljós, þegar það er haft í huga í sambandi við þá nýju skipan, sem hér er ráðgerð, að fullkomnir möguleikar eru á því, að launakjör verði sjaldan eða jafnvel aldrei ákveðin með samningum, heldur verði launakjörin ákveðin af þeim kjaradómi, sem ætlunin er að koma á fót. En með því að veita samtökum opinberra starfsmanna fullan samningsrétt, fullan verkfallsrétt, þá væri hins vegar séð fyrir því, að launin væru alltaf ákveðin með samningsgerð.

Hæstv. fjmrh. sagði hér við 1. umr., að hann teldi, að með þessu frv. væri þræddur hinn gullni meðalvegur, og mér skildist, að þessi gullni meðalvegur væri þræddur á milli jafnréttiskrafna opinberra starfsmanna við aðra launamenn í landinu og þess skipulags, sem hefur verið á þessum málum. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að það sé enginn gullinn meðalvegur til, þegar um það er að ræða, hvort allar launastéttir skuli njóta sömu mannréttinda eða ekki eða hvort allir skuli vera jafnir fyrir lögunum eða ekki. Ég vil ekki heldur ætla hæstv. núv. ríkisstj. það þrátt fyrir allt, að það sé hennar skoðun, að verkfallsréttur sé ekki yfirleitt sjálfsögð mannréttindi, sem hljóti að standa óhaggaður og óskerðanlegur, a. m. k. að því leyti sem hann er almennt í gildi. Og ég vil þess vegna ekki gera þeim upp að óreyndu það álit, að þeir ætli að jafna metin með því að skerða þennan rétt hjá öðrum, sem nú njóta hans þegar. Það vil ég ekki gera að óreyndu. En ef það er ekki hugmyndin, þá er

ekki heldur til nein önnur fær leið en sú, ef jafnrétti á að nást, að veita samtökum launamanna í opinberri þjónustu þau réttindi, sem aðrir hafa. En það er einmitt sú höfuðkrafa, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur gert og staðið einhuga að. Og ég vil enn á ný minna á þá ályktun, sem sambandið hefur gert í þessu efni, þar sem það tekur skýrt fram, að það viðurkenni ekki réttmæti þeirra skerðingarákvæða, sem í þessu frv. felast á samningsréttinum.

Brtt. mínar eru svo að segja eingöngu miðaðar við það að nema burt þessi skerðingarákvæði á samningsréttinum, en ekki við það að breyta öðrum frumvarpsákvæðum, svo að teljandi sé, og jafnvel ekki að sumu því leyti, sem ég hef gjarnan viljað gera breytingar á frv. En í heild tel ég frv. vera það illa unnið og þannig úr garði gert nú, að raunverulega hefði þurft að umbylta því með öllu. En til þess var að sjálfsögðu enginn tími á þeim örstutta tíma, sem fjhn. hafði málið til meðferðar. Ég hef þess vegna valið þann kostinn, sem skástur var fyrir hendi, að leggja þetta frv. til grundvallar, en reyna að flytja við það brtt., þannig að verstu agnúarnir væru numdir af því.

Um brtt. mínar, að því er varðar sjálfan samningsréttinn, er það að segja, að þær eru fólgnar í því í fyrsta lagi, að ég legg til, að IV. kaflinn, þ. e. a. s. kaflinn um kjaradóm, og síðan önnur þau ákvæði, sem leiðir af þeim ákvæðum þess kafla, verði felld niður. Í öðru lagi eru tillögur mínar fólgnar í því að taka í stað þessara ákvæða upp nýja grein samkv. 6. brtt. minni, þar sem er svo kveðið á, að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 skuli gilda gagnvart opinberum starfsmönnum að öllu öðru leyti en fram er tekið sérstaklega í þessu frv. Með þessum breytingum mundi samtökum opinberra starfsmanna verða veittur fullur samningsréttur á borð við aðra launtaka og þar á meðal verkfallsréttur, eins og lög ákveða hann almennt til handa öðrum launastéttum.

Af þessari meginbrtt. minni leiðir svo aðrar breytingar samkv. eðli málsins, og eru þær helztar, að ég legg til, að niður falli þau ákvæði 2. mgr. 7. gr. og ákvæði til bráðabirgða, sem gera ráð fyrir því, að endurskoðun á kaupi og kjörum opinberra starfsmanna skuli fara fram, ef almennar og verulegar kaupbreytingar eigi sér stað meðal annarra starfsstétta, eins og segir í þessum ákvæðum báðum. Eftir að fullur samningsréttur væri fenginn og samtök opinberra starfsmanna væru orðin algerlega fullgildur og sjálfstæður aðili til samningsgerðar með sömu réttindum og önnur launþegasamtök, þá eru slík ákvæði skiljanlega með öllu óeðlileg og órökrétt. Af þessu leiðir einnig, að ég legg til í brtt. minni við 29. gr., að felld verði úr gildi lög um verkfall opinberra starfsmanna frá 1915.

Aðrar brtt. mínar, sem ekki varða beint sjálf grundvallaratriðin í þessu frv., eru þær í fyrsta lagi, að launalög verði áfram látin haldast hvað snertir ráðherra, hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra og forstöðumenn ríkisstofnana.

Ég ræddi nokkuð við fyrri umr. málsins um þann galla á frv., sem ég tel vera, að BSRB er gefinn eins konar einkaréttur til þess að fara með samningsrétt fyrir alla opinbera starfsmenn, algerlega án tillits til þess, hvort þeir menn eru í samtökunum eða ekki, og tel þetta vera raunverulega brot á grundvallaratriðum félagafrelsisins, en ég ætla ekki að ræða um það frekar að þessu sinni heldur en ég gerði þá. En ég tel m. a., að það sé algerlega óeðlilegt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með samninga fyrir þessa aðila, sem ég legg til að launalög séu áfram látin gilda um, og þó enn þá fráleitara það atriði, sem ég einnig hef rætt áður, að hæstaréttardómarar og ráðherrar fái laun sín ákveðin af hinum sömu aðilum, sem þeir skipa til þess. Þessir aðilar, sem upp eru taldir í brtt. minni og lagt er til að áfram verði undir launalögum, raunverulega engir þeirra eru tækir í launþegasamtök, vegna þess að þeir eru umboðsmenn atvinnurekandans, þ. e. a. s. ríkisins, gagnvart launþegum. Þannig eru t. d. ráðuneytisstjórar, svo að dæmi séu tekin, oftast nær sá samningsaðilinn, sem mest fer með samninga af ríkisins hálfu við opinbera starfsmenn, og mjög líklegt, að sá háttur muni verða nær algildur, eftir að þessi lög taka gildi, og þá er það vitanlega algerlega fráleitt, að þau sömu launþegasamtök, þar sem þeir mæta sem umboðsmenn atvinnurekandans, eigi að semja fyrir þá. Ég held líka, að naumast verði hjá því komizt í framtíðinni að halda áfram að hafa launalög í gildi fyrir nokkurn hluta æðstu embættismanna, og eins og ég sagði áður, alveg sérstaklega fyrir þá, sem samkv. stöðu sinni eru raunverulega umboðsmenn ríkisvaldsins gagnvart þeim verkalýð, sem vinnur í þjónustu ríkisins, og fara þannig í raun og veru með vald atvinnurekandans. Ég skal fúslega viðurkenna, að mjög kæmi til álita að hafa þá æðstu embættismenn, sem 3. brtt. mín snertir, fleiri en þar er gert ráð fyrir. En ég hef aðeins haldið mig við það, sem ég tel að sé algerlega óhjákvæmilegt í þessum efnum.

Þá legg ég til, að lágmarksgildistími kjarasamningsins skuli vera eitt ár, en ekki tvö ár, eins og í frv. er gert ráð fyrir. Ég hygg, að flestum sé ljóst, að eins og ástandið er nú í launamálum, þá sé ekki unnt með neinni sanngirni að ætlast til þess, að nokkur launastétt festi kaup og kjör sín til lengri tíma en eins árs í senn, enda þekki ég ekkert launþegafélag, sem hefur samningsrétt, sem það hefur gert nú um langt skeið. Þess er svo líka að gæta í þessu sambandi, að hér er aðeins um lágmarksgildistíma að ræða og ekkert því til fyrirstöðu, að samið sé til lengri tíma, ef aðilar koma sér saman um það, og slíkt mundi að sjálfsögðu verða auðvelt, ef meiri stöðugleiki skapaðist í okkar kaupgjaldsmálum. Þarna kemur einnig það til, að samkv. 2. brtt. minni legg ég til, eins og ég sagði áður, að lögbundin viðmiðun við aðrar starfsstéttir sé tekin af, og það er þess vegna með öllu óvíst, að þessi breyting hefði í för með sér tíðari kaupbreytingar opinberra starfsmanna heldur en sú skipan, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá legg ég til með 9. brtt. minni, að samningar við BSRB séu hafnir ekki seinna en 1.

júní n. k. og að fullur samningsréttur taki gildi 1. sept. á þessu ári. Mér virðist, að fimm mánuðir séu alveg nægilega ríflegur tími til samninga og alveg óviðunandi fyrir opinbera starfsmenn að bíða í meira en heilt ár eftir brýnum leiðréttingum á sínum kjörum, eins og ástand og horfur eru nú almennt í kjaramálum. En eins og margsinnis hefur komið fram, þá gerir frv. ráð fyrir því, að fyrsti kjarasamningur, eða eftir atvikum kjaradómur, taki gildi degi eftir að kjörtímabili núv. Alþingis lýkur og degi áður en ýtrasti valdatími núv. ríkisstj. að líkindum verður.

Ég hef áður lýst skoðun minni á því ákvæði frv., að fjmrh. fari með allt vald fyrir ríkið gagnvart samningum við samtök opinberra starfsmanna, og ég tel þau ákvæði óhæf. Með þessum hætti er í raun og veru verið að veita sjálfum fjmrh. fjárveitingarvald, en það vald á vitanlega hvergi að vera annars staðar en í höndum Alþingis, sem þannig á að skipa fjmrh. fyrir verkum, en ekki hann því. Í samræmi við þetta er 2. brtt. mín, þar sem gert er ráð fyrir því, að fimm manna n., kosin af Alþingi, hafi með höndum fyrirsvar af ríkisins hálfu gagnvart samningum við opinbera starfsmenn. Og brtt. mína við 13. gr. leiðir svo beint af þessari brtt. Með þessum brtt., ef þær næðu samþykki, teldi ég, að fullnægt væri í meginatriðum þeim réttmætu kröfum um jafnrétti, sem opinberir starfsmenn hafa lengi barizt fyrir og ég hef trú á að þeir nái fyrr eða síðar, þó að nú sé, eins og oft áður í sögu alþýðubaráttunnar, reynt að stimpast við og látið sitja við það að slaka eins lítið til og mögulegt er í augnablikinu. Það má minnast þess, að samningsrétturinn fyrir verkalýðsfélögin kom ekki heldur fljúgandi fyrirhafnarlaust í hendur verkalýðssamtakanna. Fyrir þeim rétti þurfti að berjast og færa oft miklar fórnir á fyrstu árum verkalýðshreyfingarinnar. Þá voru þeir menn til og ekki svo fáir í hópi atvinnurekenda og valdamanna, sem töldu engum hollt og allra sízt sjálfri verkalýðshreyfingunni, að verkalýðssamtök yrðu viðurkennd, og verkföll voru þá að sjálfsögðu talin ganga glæpi næst og til þess eins fallin að koma þjóðfélaginu á kaldan klaka. Það er undarlega líkur hljómurinn í ræðum sumra hv. stjórnarsinna um þetta mál og hjá atvinnurekendunum forðum daga, þegar verið er að lýsa því sem einhverri stórhættu fyrir þjóðfélagið og jafnvel fyrir opinberu starfsmennina sjálfa, að þeir fái jafnrétti við aðra launþega í þessum efnum, sem hér um ræðir. En það er rétt að minna á það, að áratugareynsla af starfi og baráttu verkalýðshreyfingarinnar hefur gert allar þær sömu kenningar, sem áður var fram haldið gagnvart henni, að hlægilegri fjarstæðu. Samnings- og verkfallsréttur hefur ekki reynzt þjóðfélagsleg meinsemd, heldur þvert á móti hafa þessi réttindi reynzt einhver allra mikilvægasta undirstaðan undir efnalegum og menningarlegum framförum með þjóðinni síðustu hálfa öldina. Það er þess vegna eins og rám rödd úr gröfum dauðra afturhaldsmanna, þegar því er haldið fram hér á hv. Alþingi nú, að það mundi reynast þjóðfélaginu skaðræði að afnema þá réttindaskerðingu, sem felst í nær hálfrar aldar gömlum lögum, sem sett voru þá hér á Alþingi gegn atkvæðum og ábendingum frjálslyndismanna, sem þá áttu hér sæti, manna eins og Guðmundar Björnssonar landlæknis o. fl., og það sé einhver gullinn meðalvegur fólginn í því að spyrna fótum við í jafnréttisbaráttu, sem allir vita að fyrr eða síðar hlýtur að verða sigursæl. Ég er sannfærður um það, að opinberir starfsmenn mundu ekkert síður og jafnvel fremur en verkalýðurinn í verkalýðshreyfingunni beita þessum rétti af fullkominni ábyrgðartilfinningu, og ég hef ekki trú á því, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala hér um, að líf og limir þjóðfélagsþegnanna gætu verið í hættu, þó að þeir fengju þennan rétt. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að ýmis af þeim störfum, sem þeir meðlimir verkalýðshreyfingarinnar, sem hafa þennan rétt fullkomlega, hafa með höndum, eru engu síður þýðingarmikil fyrir þjóðfélagið en störf opinberra starfsmanna, og ég minnist þess ekki, að það hafi nokkru sinni komið fyrir, að líf og heilsa landsmanna hafi verið í veði, vegna þess að þessum rétti hafi verið misbeitt. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu eru ýmsar leiðir til þess að bjarga, ef reynslan yrði sú, að um misnotkun á þessum rétti yrði að ræða og það ástand skapaðist, sem verið er að reyna að mála upp, að gæti komið fyrir að yrði. Þá eru vitanlega til auðveldar leiðir til þess að kippa þar í liðinn með ráðstöfunum ríkisvalds og ríkisstj. á hverjum tíma. En ég hef ekki trú á því, að sú mundi verða reyndin. Ég álít þess vegna, að það væri til sæmdar fyrir Alþingi, ef það væri stigið nú það skref til fulls að veita þeim verkalýð, sem vinnur í þjónustu ríkisins, fullan samnings- og samtakarétt, en vil þá, eins og ég sagði áður, líta á þetta frv. sem spor í rétta átt, jafnvel þó að því verði lítið eða ekki breytt frá því formi, sem það nú er í.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Áður en gengið er til atkv. um frv. þetta, vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um mörg atriði og ákvæði að ræða, sem eðlilega eru miðuð við þær aðstæður, sem opinberir starfsmenn hafa til þessa búið við, — að vera án samnings- og verkfallsréttar. Þess vegna tel ég, þrátt fyrir samþykkt frv., að einstök ákvæði þess geti aldrei orðið fyrirmynd til kjarasamninga annarra stéttasamtaka, sem hafa haft þennan rétt frá upphafi síns starfs. Ég á hér fyrst og fremst við öll ákvæði í IV. kafla frv. um kjaradóm ásamt ýmsum minni háttar atriðum, sem ég hef aths. við að gera og fyrirvara um. Ég mun þrátt fyrir þennan fyrirvara fylgja frv. fram óbreyttu, m. a. á þeim forsendum, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja telur frv. mikla framför fyrir meðlimi sína frá ríkjandi ástandi og mælir einróma með samþykkt þess. Þetta vildi ég að kæmi fram af minni hálfu, áður en gengið verður til atkv. um einstakar greinar frumvarpsins.

ATKVGR.
Brtt. 769,1 felld með 13 3 atkv.
— 775 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,2 felld með 11:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,3 felld með 11:3 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,4 felld með 11:3 atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 769,5 tekin aftur.
13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 769,6 felld með 14:3 atkv.
14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,7 felld með 13:3 atkv.
— 769,8 tekin aftur.
15.—21. gr. samþ. með 14:3 atkv.
22.—28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,9 tekin aftur, nema 2. tölul. 2.
Brtt. 769,9.2.2 felld með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AGl, BjörnJ, FRV.
nei: FS, GTh, JÁ, JÞ, KK, KJJ, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, SE, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.
2 þm. (HermJ, ÁB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég álít, að með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, verði lögin frá 1915, sem banna verkföll opinberra starfsmanna, tiltölulega þýðingarlítil. Ég hefði þess vegna vel getað fallizt á að öðru jöfnu, að þau væru afnumin, um leið og þetta lagafrv. væri samþykkt. En á hinn bóginn er á það að líta, að þetta lagafrv. er grundvallað á samkomulagi milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og einn þátturinn í því samkomulagi var sá, að lögin frá 1915 væru ekki afnumin. Bandalagið gerði þá kröfu, en ríkisstj. féllst ekki á hana, þannig að það er einn þátturinn í þessu samkomulagi, og þar sem ég vil ekki taka þátt í að rifta því, þá segi ég nei.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég lít svo á, að lögin frá 1915 séu orðin óþörf og óeðlileg og að því beri að stefna að afnema þau. En með tilliti til þess, að hér er um að ræða samkomulag milli hæstv. ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá vil ég ekki taka þátt í að rifta því samkomulagi og segi því nei.

29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 769,10 tekin aftur.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 791).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed. (A. 791).
Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar þetta frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna var lagt fyrir Ed. fyrir nokkrum dögum, gerði ég ýtarlega grein fyrir því. Þegar þess er einnig gætt, að ýtarleg grg. fylgir þessu frv. ásamt ýmsum fylgiskjölum, sem skýra málið mjög rækilega, sé ég ekki ástæðu til að rekja það hér að svo stöddu, en aðeins taka það fram, að eins og ríkisstj. gekk frá frv. og flytur það, var fullt samráð haft og samkomulag við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og stjórn þess bandalags samþykkti með atkv. allra 9 stjórnarmanna að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur hér fyrir. Ég vil leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Samkvæmt því, sem fram hefur komið í sambandi við þetta frv., þá er ljóst, að frv. er í raun og veru samningur, sem gerður hefur verið á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar. Ég tel, að með þessum samningi hafi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja í samningum sínum við ríkisstj. náð mikilsverðum árangri, sem sé í eðlilegu framhaldi af því, sem áður hafði verið gert í samskiptum ríkisstj. og bandalagsins, þar sem afskipti opinberra starfsmanna af þessum málum hafa smátt og smátt nálgazt það að vera samningar um þessi efni.
Ég tel eðlilegt að styðja þetta mál óbreytt, eins og það liggur fyrir, þar sem það er á þessa lund til komið, og mæli fyrir mitt leyti eindregið með því.
Þetta frv. gæti gefið tilefni til þess að ræða nokkuð almennt um launamál og jafnvel stjórnarstefnuna, en vegna þess að nýlega hafa farið fram ýtarlegar umr. um þau efni og ég vænti, að allir séu sammála um, að æskilegt sé að ljúka þinginu greiðlega úr þessu fyrir páskana og þar á meðal þessu máli, þá mun ég ekki ræða launamálin almennt. En ég kvaddi mér hljóðs til að lýsa fullum stuðningi mínum við þetta mál óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er vafalaust rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að í raun og veru væri þetta frv. til laga samningur á milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og ástæðan til þess, hversu seint það er fram komið, nú alveg í þinglok, er vafalaust sú, að fæðingin hefur gengið eitthvað erfiðlega, opinberum starfsmönnum vafalaust gengið þunglega að fá málinu komið í það form, að þeir gætu sætt sig við, að það yrði flutt, fyrir þeirra hönd, og

raunar vita menn, að svo er. Það er og vitað, að margt af því, sem opinberir starfsmenn töldu æskilegt og nánast nauðsynlegt að fá með í þetta samkomulag við ríkisstj., hafa þeir ekki fengið, en þó komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir vildu heldur ná þeim áfanga, sem í þessu frv. felst, en sitja undir ákvæðum launalaga eitt ár í viðbót og fá engu um þokað í þeirri baráttu, sem þeir um langan tíma hafa háð.

Barátta opinberra starfsmanna hefur verið í fyrsta lagi háð fyrir því, að þeir fengju samningsrétt um sitt kaup og sín kjör, og í annan stað, að þegar samningar um kjaramál þeirra væru þrautreyndir, þá hefðu þeir rétt sem aðrar launastéttir til þess að lýsa yfir vinnustöðvun í samræmi við vinnulöggjöfina. Þeirra barátta hefur þannig verið tvíþætt fyrir samningsréttinum og fyrir verkfallsréttinum. Með þessu frv. er komið til móts við þá um samningsréttinn, en svo kveðið á, að þegar ekki takist samningar milli ríkisvaldsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá skuli gerðardómur koma til og skera úr ágreiningsatriðum. Þetta er vitanlega atriði, sem erfitt er fyrir launastéttir að sætta sig við, og það er áreiðanlega ekki gert af fúsum og frjálsum vilja Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða forráðamanna þess að sætta sig við slíkt, og það gera þeir áreiðanlega einungis til bráðabirgða og með það fyrir augum að halda áfram baráttunni fyrir þeim réttindum að mega leggja niður vinnu, þegar þeir hafa ekki náð sínum kröfum fram við samningaborðið.

Það er í öllum lýðræðisþjóðfélögum litið svo á, að verkfallsrétturinn heyri til almennra mannréttinda og að samningsrétturinn sé frekar lítils virði án þess að geta fylgt honum eftir, þegar samningar ekki takast, með vinnustöðvun, með því að segja: Fyrir þau launakjör, sem ég vil ekki sætta mig við og vil ekki binda mig samningum um, legg ég ekki mitt vinnuafl fram og læt vera að vinna.

Gerðardómur sá, sem hér á að skera úr ágreiningsefnum, er dálítið sérkennilegur. Hann er skipaður aðeins einum manni af fimm frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, aftur á móti einnig einum manni frá ríkisvaldinu beint, en þó er nú sú fylking öllu fjölmennari, sem frá ríkisvaldinu kemur, því að hæstv. fjmrh. á skv. frv. að tilnefna annan mann í gerðardóminn, og auk þess eiga svo að vera þrír menn frá hæstarétti, þannig að hæstiréttur og fulltrúi ríkisstj. verða þarna í algerum meiri hl. í dómnum. Þetta sjá nú allir, að er ekki viðunandi fyrir launþegastéttina í opinberri þjónustu, enda mun það liggja augljóslega fyrir með fyrirvara, sem stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur undirritað, að þeir líta á þetta frv. einungis sem spor í áttina og hafa lýst yfir ákveðinni andstöðu við ýmis atriði frv. og lýst því enn fremur yfir, að þeir muni halda áfram baráttunni fyrir þeim réttindum, sem þeir hafa barizt fyrir, en ekki felast í þessu frv.

Dálítið er það nú sérkennilegt, að það eigi að ákveða launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem venjulega koma fram f. h. ríkisstj. í samningum, eins og t. d. ráðuneytisstjóranna í rn., að þeir eigi að taka þátt í að semja um sín eigin kjör við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og bandalagsstjórnin aftur að semja við þessa menn um þeirra launakjör, sem eru umboðsmenn ríkisvaldsins, gagnaðilans í samningunum. Það hefði vitanlega verið eðlilegast, að launakjör þessara manna væru ekki ákveðin þarna við samningaborðið. Þá er það og sérkennilegt, að fram er tekið í frv., að kjaradómur, sem skipaður er meiri hl., sterkum meiri hl., af hæstaréttardómurum og fulltrúa fjmrh., skuli ákveða laun tveggja hópa manna, þ. e. a. s. ráðherranna og hæstaréttardómaranna. Þeir skipa meiri hl., fulltrúar ríkisstjórnar og hæstaréttar, þeir skipa hreinan meiri hl. í þessum dómi, kjaradómi, og þeir eiga eiginlega að ákveða laun ráðh. og hæstaréttardómara. Miklu eðlilegra hefði verið, að það hefði staðið í frv.: Ráðherrar og hæstaréttardómarar hafa sjálfdæmi um sín launakjör, — því að það er það, sem í þessu felst, og ekkert annað. Ég álít, að það sé rétt á takmörkum þess, sem hægt er að bera fram, að haga þessari ákvörðun um launakjör ráðh. og hæstaréttardómara á þennan hátt, að þeir skuli í raun og veru hafa það alveg í eigin hendi.

Að öðru leyti skal ég taka það fram, að ég tel, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fái þarna fram kröfu um samningsréttinn, og það er önnur þeirra meginkrafna, sem þeir hafa barizt fyrir um langa hríð. Og þess vegna verður að líta á þetta frv. sem allþýðingarmikinn áfanga að því marki, sem þeir hafa stefnt að í sinni réttinda- og launabaráttu. Um þetta hafa þeir og gert samkomulag, að þeir sætti sig við í bili sem áfanga, og því mun Alþb. ekki beita sér gegn samþykkt þessa frv., heldur sætta sig við, að opinberir starfsmenn fái þau takmörkuðu réttindi, sem í frv. felast. En ljóst er okkur Alþýðubandalagsmönnum, að þetta er ekki fullnaðarlausn, og samtök opinberra starfsmanna hafa lýst því yfir, að þau muni halda áfram baráttu sinni fyrir algerum samningsrétti og einnig fullri viðurkenningu verkfallsréttar.

Þetta frv. fer sennilega til heilbr.- og félmn., og fæ ég þar aðstöðu til að athuga það nánar, hvort tiltækilegt sé að flytja við það brtt. í þá átt, sem samrýmist óskum og vilja opinberra starfsmanna, eða hvort, vegna þess að svo er komið, að fast er liðið að þinglokum, frv. verður látið fara án breytinga, — fer það til fjhn., þá komum við ekki til með að fjalla um það í heilbr.- og félmn., og kemur það þá í hlut þeirrar hv. n. að leggja málið á ný fyrir þd. til framhaldsmeðferðar.

Ég hef sem sé lýst því yfir f. h. Alþb., að það muni ekki leggja stein í götu þess, að þetta frv. með þá takmörkuðu lausn, sem það felur í sér, gangi í gegnum þingið nú fyrir þinglok.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. í Ed., hélt málsvari Alþb. því fram, að með þessu frv. fengju opinberir starfsmenn ekki full mannréttindi, og skýrði það með því, að þar sem þeim væri ekki leyfilegt að gera verkfall, þá væri það skerðing á mannréttindum. Þessar furðulegu yfirlýsing-

ar voru ekki teknar alvarlega þá, en nú eru þær endurteknar hér af málsvara Alþb., og tel ég ekki fært að láta málið ganga áfram án þess að minnast á þennan furðulega misskilning.

Fyrst er þess að geta, að í nágrannalöndum okkar, þar sem enginn dregur í efa, að hið bezta lýðræði ríki, hafa opinberir starfsmenn yfirleitt ekki rétt til þess að gera verkfall. Í Danmörku eru laun starfsmanna ákveðin með launalögum, og þeir ríkisstarfsmenn hafa ekki verkfallsrétt. Í Svíþjóð eru launin ákveðin endanlega af ríkisvaldinu. Hinir opinberu starfsmenn hafa ekki rétt til að gera verkfall. Í Finnlandi er sama skipan, launin ákveðin endanlega af ríkisvaldinu og starfsmönnum ekki heimilt að gera verkfall. Hér á landi hefur nú í nærri hálfa öld verið í gildi löggjöf, sem lýsir verkföll opinberra starfsmanna ólögleg og refsiverð. Það er því næsta furðulegt að heyra þær staðhæfingar bornar hér fram, að opinberir starfsmenn njóti alls ekki mannréttinda þeirra, sem viðurkennd séu í öllum lýðræðisþjóðfélögum, sem sagt að þeir megi gera verkfall, og nægir í því sambandi að benda á þessi ágætu lýðræðislönd, sem ég hér hef getið.

En fyrst þessi ummæli koma úr þessari átt, frá samherjum og málsvara hinna kommúnistísku ríkja, þá er rétt að minna á það, að í ríkjum kommúnismans eru verkföll óheimil, ólögleg og refsiverð. Eftir kenningum þessara hv. fulltrúa og málsvara alþjóðakommúnismans hér á Alþingi er því þar með slegið föstu, að í hinum kommúnistísku ríkjum njóti menn ekki almennra og sjálfsagðra mannréttinda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 791, n. 822 og 824, 823).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Hæstv. forseti. Fjhn. hafði þetta mál til meðferðar í morgun. Eins og mönnum er ljóst, hefur þingið ekki haft langan tíma til að fjalla um þetta mál, en nm. voru sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ., og litu svo á, að hér væri um að ræða samningsmál, sem hefur haft langan aðdraganda milli ríkisstj. annars vegar og samtaka launþegasamtakanna hins vegar, og eins og málið ber að, verði því annaðhvort að hrökkva eða stökkva með það, en tæplega fært, eins og á stendur nú, að gera á því nokkrar breytingar, enda þótt menn kannske vildu og ætla mætti, að eitthvað mætti betur fara. Niðurstöður n. eru að þessu athuguðu að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf., fulltrúi Alþb. í fjhn., hefur fjarvistarleyfi, af því að hann skrapp í morgun austur í sitt kjördæmi, en hefur á fjhn.-fundi í morgun tekið þá ákvörðun að flytja sérálit í þessu máli, lagt fram brtt., sem enn hefur ekki verið útbýtt. Hins vegar býst ég við, að þær brtt. komi mjög bráðlega, og þær eru alveg samhljóða því, sem er á þskj. 769 frá Ed., þannig að ef hv. þm. hafa það þskj. hjá sér, þskj. 769, sem voru brtt., sem fluttar voru í Ed. af hálfu fulltrúa Alþb. í þeirri n. Ed., sem fjallaði um þetta, fjhn., þá yrðu það samsvarandi brtt., sem fluttar eru. En hins vegar, eins og hv. frsm. fjhn. gat um, þá er nauðsynlegt, að það sé höfð fljótaskrift á þessu máli nú, þannig að ég tel ekki rétt að fara fram á, að dokað verði við, þangað til þessum brtt. hefur verið útbýtt, heldur mun nú eftir ósk hv. 4. þm. Austf. mæla nokkur orð með þessum till. og skýra afstöðu okkar þm. Alþb.

Frá því að opinberir starfsmenn voru með bannlögunum á verkföll 1915 settir í aðra aðstöðu en aðrir launþegar á Íslandi, hafa þeirra samtök og þeirra félög barizt fyrir því að fá samningsrétt og verkfallsrétt eins og aðrir launþegar. Strax þegar lögin voru sett 1915, voru ýmsir hinna mætustu manna hér á þingi, sem stóðu gegn því og vöruðu við því, og forustumenn BSRB hafa, frá því að það bandalag var stofnað, sífellt gert samþykktir um það, og hafa þær samþykktir verið studdar á þingum BSRB, að afnema bæri bannlögin við verkföllum frá 1915 og veita Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og hinum einstöku félögum þess jafnan rétt á við önnur launþegafélög í landinu, samningsrétt og verkfallsrétt.

Starfsmenn hins opinbera hafa þannig háð nú á 20. öld á vissan máta samsvarandi baráttu og verkalýðsfélögin háðu á sínum tíma, fyrst fyrir því, að þeim væri leyfilegt að starfa, og síðan fyrir því, að þeim væri leyfilegt að koma á verkföllum. Náttúrlega hefur sú barátta starfsmanna hins opinbera ekki verið eins hörð og sú barátta verkalýðsins var, enda ætti nú skilningurinn á okkar 20. öld að vera það mikill á þessum réttindum, að það ætti að geta hafzt í gegn, án þess að til svo róttækra aðgerða væri gripið eins og verkalýðurinn þurfti að gera, þegar hann var að knýja fram sín réttindi.

Meðan starfsmannafélög hins opinbera hafa ekki haft þessi réttindi, hafa þau raunverulega fyrst og fremst orðið að treysta á það, að þeir verkamenn í landinu, sem harðast sæktu fram, ynnu um leið fyrir þá í baráttunni, og afstaðan hefur orðið sú, að jafnvel einmitt félög hinna fátækustu verkamanna í landinu hafa á undanförnum árum og áratugum orðið að heyja þá baráttu, sem m. a. starfsmenn hins opinbera og þeirra bandalag hefur upp skorið ávextina af. Ég veit, að mörgum hefur fundizt það hart einmitt í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, að þeir skyldu verða að treysta á það, að fátækustu verkamennirnir yrðu oft að leggja á sig löng verkföll, sem síðan, þegar þau unnust, komu til góða starfsmönnum hins opinbera og öllum embættismönnum ríkisins.

Það hefur þess vegna verið svo og alveg sérstaklega verið greinilegt nú á síðustu tveim árum, eftir að mest hrakaði launakjörum opinberra starfsmanna eins og annarra launþega, að innan BSRB og félaga þess óx í sífellu baráttu-

hugurinn, og því var svo komið nú í vor, að kennarar við gagnfræðaskólana og barnaskólana hér í Reykjavík höfðu flestallir sagt upp sínu starfi frá því í haust. Það var raunverulega eina aðferðin, sem var eftir skilin þessum réttindalausu starfsmönnum. Og þegar yfirvöldin stóðu frammi fyrir því, að það mundi skorta kennara til þess að reka skólana hér í Reykjavík, bæði barnaskóla og æðri skóla, þá virðast yfirvöldin hafa rankað við sér, að svona mætti ekki lengur til ganga. Þá var fallizt á allverulega kauphækkun handa kennurunum og jafnframt sleginn botninn í alllanga samninga, sem fram höfðu farið milli ríkisstj. og BSRB, og er nú þetta frv. árangur þeirra samninga.

Það, sem er það merkilega við þetta frv. og það jákvæða við það, er sú réttarbót, sem opinberir starfsmenn fá með því, að þeir öðlast samningsrétt. Þeir geta talað sem viðurkenndir aðilar, sem fulltrúar sinnar stéttar við hið opinbera, við fulltrúa ríkisvaldsins. Þeir geta samið, þeir geta greitt atkvæði í sínum félögum um þær till., sem fram koma, þeir geta látið í ljós sína skoðun með slíkum atkvgr. um, hverjar kröfur beri að gera, að hverjum till. beri að ganga, og hafa þannig allan þann samningsrétt, sem verkalýðsfélögin lengi hafa notið, og þessi samningsréttur er tvímælalaust mjög mikils virði, svo mikils virði, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tók einróma þá afstöðu að mæla með þessu frv. vegna þessara réttinda, sem þar með fengjust. Það, sem hins vegar næst ekki með þessu frv., er verkfallsréttur opinberra starfsmanna, og stjórn BSRB, sem var alveg einhuga um sína afstöðu, sagði í þeirri ályktun, sem hún gerði um þessi mál, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt ríkisstj. hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórn hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsþinga, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frv. náð svo mikilvægum áfanga, að fulltrúum þess beri að samþykkja það, þó að hún viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi. Jafnframt telur stjórn BSRB sjálfsagt, að unnið verði áfram að því lokamarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við."

Þetta var kafli úr ályktun, sem stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerði, þar sem er jafnframt einróma lýst yfir samþykki við þetta frv. vegna þessara réttarbóta, sem í því felist, en jafnframt einróma lýst yfir, að stjórn BSRB viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi.

Það liggur því alveg greinilega fyrir, að það, sem stjórn BSRB með þing þess sambands á bak við sig óskar eftir, er, að kjör launþega í bandalaginu verði ekki ákveðin með lögskipuðum gerðardómi, heldur fái bandalagið og félög þess sömu réttindi og verkalýðsfélögin hafa nú þegar. Við álítum, að það eigi að verða við þessum kröfum. Við metum til fulls það stóra spor, sem stigið er með þessu frv. En við álítum, að Alþingi eigi að stíga sporið fullt, það eigi að veita starfsmannafélögunum og BSRB þennan rétt, sem þeir fara fram á, og fella burt úr frv. þann kafla og þau ákvæði, sem snerta það, sem kallað er í 14. gr. kjaradómur, sem er raunverulega nokkurs konar nýr gerðardómur. Og Alþb. flytur þess vegna brtt. á þskj., sem bráðlega verður útbýtt hér í d. og lagt var inn í morgun, sem eru samhljóða þeim brtt., sem voru á þskj. frá Ed., nr. 769, og skal ég nú örstutt gera grein fyrir þeim brtt.

Það er í fyrsta lagi sú brtt., að í 1. gr. falli niður 1. tölul. 2. mgr., þ. e. ákvæði, sem þar er um að undanþiggja ráðh. og hæstaréttardómara, það ákvæði falli niður, þannig að ráðh. og hæstaréttardómarar sitji við sama borð og aðrir starfsmenn hins opinbera, þannig að það sé samið um þeirra kjör. Það virðist engin sérstök ástæða til þess að aðgreina þá frá öðrum starfsmönnum hins opinbera. Þeir hafa í launalögunum fram að þessu verið þar eins og aðrir starfsmenn, og þó að menn álíti, að þeim beri hærri laun en þeir hafa fengið fram að þessu, og menn hafi þar rétt að mæla, þá ætti líka í þeim samningum, sem fram fara, að vera hægt að tryggja það, að þessum miklu trúnaðarmönnum íslenzka ríkisins verði tryggð þau laun, sem þeim ber.

Þá er 2. brtt., við 2. gr. Í 2. gr. er nú lagt til, að fjmrh. fari með fyrirsvar ríkissjóðs í þessum samningum. Við álítum það ekki eðlilegt, að fjmrh. fari einn, hver sem hann er á hverjum tíma, með slíkt fyrirsvar, og er það alveg óháð því, hvort við erum t. d. Alþb.-menn í ríkisstj. eða utan hennar á hverjum tíma, við álítum það ekki rétt, að þetta vald sé falið einum aðila. Nú er það þannig, að það er Alþingi, sem setur launalögin, þannig að það er núna Alþingi, sem er aðilinn, sem hvort sem við viljum nú kalla það semur um þessi laun eða ákveður þau, þannig að við álítum rétt, að það sé framvegis Alþingi, sem sé aðilinn til samninga f. h. ríkisvaldsins við starfsmenn hins opinbera. Alþingi er eðlilega höfuðgrundvöllur ríkisvaldsins á Íslandi, og í þessum samningum álítum við rétt, að það sé Alþingi, sem hafi þarna fyrirsvar ríkisins, og það sé n. fimm manna, sem séu kosnir með hlutfallskosningu af Alþingi, sem annist þessa kjarasamninga. Við leggjum til, að 2. gr. verði breytt þannig, að hún hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta: „N. fimm manna, sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi, fer með fyrirsvar ríkisins, að því er varðar kjarasamninga skv. lögum þessum."

Þá leggjum við til í þriðja lagi, að í 4. gr. breytist 2. mgr., sem er um það, að launakjör ráðh. og hæstaréttardómara skuli ákveðin af kjaradómi, orðist þannig: „Um launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana fer eftir ákvæðum laga um laun starfsmanna ríkisins."

Það er með kjaradóminn t. d., það er engan veginn viðkunnanlegt, það er ráðh., sem skipar einn mann í hann, og hæstiréttur, sem tilnefnir þrjá menn, þannig að það er engan veginn eðlilegt, að það sé komið undir ákvörðun þess dóms, sem hæstiréttur og hæstaréttardómararnir og ráðh. útnefna að ⅙ hlutum, hvaða laun

þessir menn hafa. Það er sama sem að gefa þeim sjálfdæmi. Þótt menn vilji fara að gera betur við ráðh. og hæstaréttardómara en gert hefur verið fram að þessu, þá er ekki ástæða til þess að selja þeim sjálfdæmi í þessum efnum.

Þá er 4. brtt., við 7. gr. frv., og hún er á þá leið, að kjarasamningar skuli vera skriflegir og gerðir til ekki skemmri tíma en eins árs, en að greinin annars falli niður. Nú er gengið út frá því, að samningarnir skuli vera til tveggja ára. Hins vegar er í öðrum lagagreinum og síðari hlutanum af 7. gr. slegið föstu, að svo framarlega sem almennar breytingar verði á kaupgjaldi í landinu, þá skuli teknir upp samningar um að breyta þessu líka. Það er tvímælalaust óheppilegt að hafa þetta ákvæði. Við vitum allir saman, að það hefur verið það leiða við allar kaupgjaldsbreytingar á undanförnum árum, að þegar félag lægst launuðu og fátækustu verkamannanna, Dagsbrúnarmanna, hefur farið í verkfall og hefur máske oft með alllangri og fórnfrekri baráttu sigrað meira eða minna í því verkfalli, þá hefur, þegar þessir verkamenn, sem tekið hafa á sig þyngstu byrðarnar í baráttunni fyrir hækkuðum launum, hafa verið búnir að fá sín launakjör bætt, þá hefur það verið framkvæmt sjálfkrafa fyrir alla aðra aðila. Þetta er ekki réttmætt. Það er rétt, að hver aðili fyrir sig semji í þessum hlutum, og ég verð alveg sérstaklega að benda á, að meira að segja hæstv. ríkisstj. virðist vera þeirrar skoðunar, að það þurfi að komast út úr þessum vítahring í íslenzkum kaupgjaldssamningum, að þegar t. d. Dagsbrún sé búin að semja, þá komi það af sjálfu sér, að allir aðrir fái eitthvað samsvarandi. Það þarf hvert félag að geta samið fyrir sig og tekið sína ákvörðun fyrir sig. Þess vegna álítum við, að 7. gr. eigi að breytast þannig, að kjarasamningar séu gerðir til ekki skemmri tíma en til eins árs, og síðan skuli þar við sitja, enda leggjum við svo aftur til við aðra gr., að þar séu gerðar þær breytingar, sem veita starfsmönnum hins opinbera fullan rétt líka til verkfalla.

Næst er 5. brtt. okkar, við 13. gr., þar sem tekið er fram og er í samræmi við það, sem lagt var til við breyt. á 2. gr., að formaður þeirrar n., sem Alþingi hefur kosið, skuli greiða atkvæði um miðlunartill., í staðinn fyrir að í 13. gr. er ákveðið, að fjmrh., svo að það sé í samræmi við 2. gr., skuli greiða slík atkvæði.

Höfuðbrtt. okkar eru hins vegar tvær: Í fyrsta lagi við 14. gr., það er 6. brtt. á því þskj., sem útbýtt verður. Þar er ákveðið, eins og lagafrv. er nú, að þegar ekki hafi tekizt samningar, þá skuli vísað til kjaradóms. Við leggjum hins vegar til, að þessi grein orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Að öllu öðru leyti en fram er tekið í lögum þessum skulu gilda ákvæði laga nr. 80 1938, eftir því sem við á, varðandi verkföll, verkbönn og sáttatilraunir í vinnudeilum, er varða þá opinberu starfsmenn, er lög þessi taka til.“ M. ö. o., að í 14. gr. sé ákveðið, að hinir opinberu starfsmenn hlíti sömu réttindum og sömu skyldum, hlíti sömu lögum og aðrir launþegar í landinu, verkamenn fengu með vinnulöggjöfinni frá 1938. Og í samræmi við þessa till. leggjum við síðan til í 7. brtt., að IV. kaflinn falli burt, 15.—21. gr., sem fjalla um kjaradóminn.

Eins og menn muna, hefur það komið fyrir áður í íslenzkri löggjöf, að það hefur verið reynt með brbl. að skapa gerðardóm í vinnudeilum verkamanna, og var fljótlega horfið frá því. Við álítum, að þó að þessi lög séu mikil framför frá því, sem verið hefur áður í þessum efnum, þá sé rétt að stíga það spor, sem nú er stigið, fullt með því að veita starfsmönnum hins opinbera sama rétt og verkamönnum og fara þess vegna ekki inn á neinn kjaradóm eða gerðardóm í þessum efnum, heldur láta fara þarna bara eftir vinnulöggjöfinni. Um það fjalla okkar 6. og 7. brtt. Ég þykist vita, að það muni, ef þær verða ekki samþ. núna, okkar brtt., þá muni ekki líða nema nokkur ár, þangað til orðið verður við þessu. Ég veit, að BSRB mun halda áfram, eins og stjórn þess einróma hefur lýst yfir, baráttunni fyrir því að fá þau réttindi, og það væri skemmtilegra af hálfu Alþingis að veita þeim þessi réttindi, þegar þeir óska þeirra nú, heldur en að láta þá vera að heyja langa og máske erfiða baráttu fyrir að fá þau.

Þá leggjum við til í 8. brtt. aðeins í samræmi við þessar till., að orðin þar um kjaradóm og enn fremur orðin „og dómenda“ falli niður. Það er í 26. gr.

Þá er að lokum 9. brtt. um, hvaða lög skuli falla úr gildi, þ. e. að breyta 29. gr. og m. a. bæta þar inn í að fella lögin nr. 33 frá 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, niður, og enn fremur að fella niður ákvæðin til bráðabirgða.

Þetta eru höfuðbrtt., og þótt þær séu þetta margar, þá býst ég við, að þm. sé ljóst, þó að því miður sé ekki búið að útbýta þskj., að höfuðatriðin eru raunverulega þessi tvenn, annars vegar að veita hinum opinberu starfsmönnum fullan verkfallsrétt og hins vegar að láta n. fimm manna, sem kosnir væru með hlutfallskosningu á Alþingi, fara með fyrirsvar ríkisins í þessum efnum.

Einu vildi ég þó skjóta fram hérna, aðeins til athugunar fyrir þm., án þess að ég hvorki flytji né óski eftir neinni brtt. um slíkt nú, en aðeins vekja athygli á því, af því að það er almennt júridískt atriði í þessum málum. Þegar sagt er í 3. gr., að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skuli fara með fyrirsvar ríkisstarfsmannanna, þá er það að vísu mjög eðlilegt, eins og sakirnar standa nú, og þetta bandalag hefur líka haft alla baráttu og alla samninga og allt slíkt um þetta. Hins vegar vil ég vekja eftirtekt á því, að í sjálfri vinnulöggjöfinni er svo ákveðið með því orðalagi, sem þar er, að samband eða sambönd verkalýðsfélaga skuli fara með slíkt fyrirsvar, að svo miklu leyti sem það eru ekki hin einstöku verkalýðsfélög, og yfirleitt er það þar, að það eru hin einstöku verkalýðsfélög, sem hafa með slíkt að gera. Ef fullt samræmi hefði átt að vera þarna á milli, þá hefði átt að ákveða, að starfsmannafélögin færu með þetta, og jafnvel þó að menn vildu gera þá breyt. þarna á að taka fram, að það væri heildarsamband starfsmanna, sem færi með slíkt, þá hefði verið hreint júridískt séð rétt

að orða það þannig, að það bandalag eða það samband, sem starfsmennirnir mynda, eða þau bandalög eða þau sambönd, sem starfsmannafélögin mynda, skuli fara með þetta. Það er samsvarandi orðalag og er í vinnulöggjöfinni. Ég veit, að bæði fjhn. þessarar hv. d. og eins fjhn. Ed. urðu varar við óskir frá ákveðnu bandalagi hér, bandalagi háskólamenntaðra manna, um, að tillit væri tekið til þeirra óska og samningsréttar af þess hálfu og annað slíkt í þessu sambandi, sem ekki var orðið við eða jafnvel var ekki hægt að verða við í þessu sambandi, en þá mundi náttúrlega ekki í framtíðinni vera neitað um það. Við skulum segja, ef t. d. allir háskólamenntaðir menn vilja hafa sitt eigið bandalag, þá mundi því vafalaust ekki verða neitað um þann samningsrétt, sem aðrir starfsmenn hafa. Ég vil aðeins vekja eftirtekt á þessu, vegna þess að það er ekki vani hjá okkur í löggjöf að löghelga þannig sérstök sambönd í almennri löggjöf. Við getum það í löggjöf, þar sem við erum að veita þeim réttindi og stuðning til ýmiss konar nefndakosninga og annars slíks. En hins vegar er ekki nema eðlilegt, að þetta frv. sé afgreitt svona núna og kemur ekki að neinu leyti að sök, því að innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru öll starfsmannasambönd bæði ríkisstarfsmanna og sambönd hins opinbera. Einmitt það bandalag hefur háð þrautseiga baráttu, sem nú er komið að mjög mikilvægum áfanga í.

Ég skil það vel, eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, að það er lítill tími til stefnu, og þess vegna mun ég ekki ræða þetta mál frekar. Það væri náttúrlega hægt, ef hæstv. forseti óskaði þess frekar, ef þskj. færi bráðum að koma, að brtt. væru teknar aftur til 3. umr., til þess að hægt væri að flýta fyrir þessu, en ef menn hins vegar treystu sér til þess að ganga til atkv. um það núna og hefðu gamla þskj., 769, þá er hægt alveg að notast við það í atkvæðagreiðslunni.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram í umr. um þetta mál, bæði í hv. Ed. og þessari hv. d., liggur hér fyrir bráðabirgðasamkomulag milli ríkisstj. og opinberra starfsmanna, sem Framsfl. hefur talið rétt að fylgja, eins og aðstæður eru. Hins vegar er rétt að gera sér grein fyrir því, að opinberir starfsmenn líta sjálfir á þetta samkomulag sem bráðabirgðasamkomulag, vegna þess að þeir stefna að öðru og meira.

Það má vel svo vera, að þetta bráðabirgðasamkomulag eigi eftir að standa nokkurn tíma og jafnvel nokkuð lengi. En það fer áreiðanlega fyrst og fremst eftir því, hvernig hæstv. ríkisstj. eða þær ríkisstj., sem um þessi mál koma til með að fjalla, halda á málinu. Það hefur um nokkurt skeið verið haft svipað fyrirkomulag við ákvörðun um verð á landbúnaðarvörum, og þetta fyrirkomulag hefur gefizt nokkuð vel, á meðan það náðist samkomulag milli viðkomandi aðila, í þessu tilfelli milli bænda og neytenda, en hins vegar gefizt illa, þegar til þess þurfti að grípa að vísa úrskurði til gerðardóms. Þess vegna held ég, að það hafi meginþýðingu, ef það fyrirkomulag, sem þetta frv. fjallar um, eigi að heppnast, að samningsaðilar geti haldið þannig á málum, að samkomulag náist, án þess að málið þurfi að ganga undir gerðardóm. Reynslan í sambandi við ákvörðun landbúnaðarverðsins sýnir það alveg hiklaust. Þess vegna vildi ég leggja á það mikla áherzlu, að hæstv. ríkisstj., sem sennilega kemur til með að fjalla um fyrstu slíka kjarasamninga, sem gerðir verða, sýni þá sanngirni í þessum málum gagnvart opinberum starfsmönnum, að eigi þurfi til þess að koma, að málið gangi undir kjaradóm. En með því hygg ég að yrði lagður heilbrigðastur og beztur grundvöllur undir það skipulag, sem þetta frv. fjallar um, ef það á að verða varanlegt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjalla um mál þetta nánar, tíminn líka mjög stuttur, sem eftir er af þingtímanum, til að sinna því. En í sambandi við það vildi ég gjarnan bera fram eina fyrirspurn til hæstv. fjmrh.

Í bréfaskiptum, sem farið hafa fram milli hæstv. ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands, hefur það komið fram, að hæstv. ríkisstj. teldi það eðlilegt, að hækkað yrði nokkuð kaup hinna lægst launuðu starfsmanna innan Alþýðusambands Íslands, þ. e. verkamanna. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að fjölmargir opinberir starfsmenn eru í lægri launaflokkum en lægst launuðu verkamenn. Ég skal nefna nokkur dæmi um þetta. Skv. samningum Dagsbrúnar við atvinnurekendur er mánaðarkaup verkamanna, þar sem samið er um mánaðarkaup, frá 4700 kr. til 5400 kr. En í IX.—XV. launaflokki hjá ríkinu eru fjölmargir starfsmenn, sem eru undir þessu lágmarki hjá Dagsbrúnarmönnum. Lágmarkið hjá Dagsbrúnarmönnum er sem sagt 4 700 kr. mánaðarkaup. Í t. d. IX. launaflokki hjá opinberum starfsmönnum, þar sem kennarar voru áður, er mánaðarkaupið eftir tvö ár, — þær tölur, sem ég nefndi hjá Dagsbrúnarmönnum, eru miðaðar við, að þeir séu búnir að vera starfsmenn við viðkomandi fyrirtæki í tvö ár, — en hjá starfsmönnum í IX. fl. hjá ríkinu er kaupið 4 800 kr. Í þessum launaflokki voru kennarar, áður en þeir fengu kauphækkun á dögunum, flestir fulltrúar, t. d. fulltrúar hjá ríkisútvarpinu, pósti og síma. Í X. launaflokki, en í þeim flokki eru t. d. lögregluþjónar, allir bókarar, símvirkjar og tollverðir, þá er mánaðarkaupið eftir tvö ár ekki nema 4 700 kr., sem er lægsti flokkur hjá mánaðarkaupsmönnum hjá Dagsbrún. Þegar komið er svo niður í neðri flokkana, eins og t. d. XI. flokk, sem bílstjórar eru í og fleiri slíkir starfsmenn hjá ríkinu, þá er kaupið orðið enn lægra, er eftir tvö ár ekki nema 4 200 kr. eða 500 kr. lægra en hjá Dagsbrúnarmönnum. Ég held þess vegna, að það hljóti að liggja í augum uppi, að fyrst hæstv. ríkisstj. telur eðlilegt að hækka kaup hjá lægst launuðu verkamönnunum, sem ég er henni fullkomlega sammála að sé rétt að gera, þá sé ekki síður eðlilegt að hækka kaupið hjá lægst launuðu starfsmönnum ríkisins eða hjá þeim, sem eru neðan við IX. launaflokk. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann teldi það ekki eðlilegt skv. því, sem hefur komið fram í bréfi hæstv. ríkisstj. til Alþýðusambands-

ins, að hækka nú þegar kaup þeirra opinberu starfsmanna, sem ég hef hér minnzt á, og ég vil spyrja hann að því, hvort hæstv. ríkisstj. hafi jafnvel ekki ákveðið eitthvað í þeim efnum og hvaða hækkun hún mundi þá telja eðlilega og hvenær hún teldi eðlilegt, að slík hækkun kæmi til framkvæmda.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þegar þetta frv. um kjarasamninga hefur náð samþykki Alþ. og staðfestingu og öðlazt gildi, þá verður að sjálfsögðu hafinn undirbúningur að kjarasamningum, bæði af hálfu ríkisins og hálfu hinna opinberu starfsmanna. Eins og komið hefur fram, er það mjög mikið verk að afla gagna og upplýsinga, sem þarf í því efni. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að nokkur frestur geti liðið frá gildistöku laganna og þangað til beinar samningaviðræður hefjast. Í frv. er svo ákveðið, að þær samningaviðræður skuli hefjast ekki síðar en 1. ágúst n. k. Þessi undirbúningur og þar af leiðandi að sjálfsögðu viðræður, þegar þar að kemur, munu m. a. og kannske fyrst og fremst beinast að því, hvar í launaflokka eigi að skipa hverjum starfsmanni eða starfsmannahóp og um launahlutfallið milli þessara launaflokka. Ég geri varla ráð fyrir því, að hv. fyrirspyrjandi ætlist til þess í alvöru, að í umr. um þetta frv. hér á þessu stigi fari ég að ræða um, hvar eigi að skipa einstökum starfsmönnum ríkisins í launaflokka eða hvernig hlutföll eigi að vera þar á milli. Slíkt fellur undir þá undirbúningsvinnu, sem á að hefja, strax eftir að lögin hafa öðlazt gildi, og svo í samningaviðræðum þeim, sem eiga að hefjast eigi síðar en 1. ágúst.

ATKVGR.
Brtt. 823 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—29. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 791, 823).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 823,1 felld með 18:6 atkv.
— 823,2 felld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HV, EðS, EOl, GeirG.
nei: JKs, GÍG, JPálm, GÞG, HÁ, HS, JóhH, JSk, JR, MÁM, ÓTh, PS, SkG, ÞÞ, AGb, BGr, BF, BBen, GJós, EmJ, EystJ, GíslJ, RH.
12 þm. (IngJ, IG, JP, KGuðj, LJós, SÁ, SI, ÁÞ, BK, BFB, BP, GíslG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég veit, að þetta frv. er samningur á milli hæstv. ríkisstj. og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Við 1. umr. lýsti ég fylgi mínu við frv. óbreytt, og í samræmi við það mun ég greiða atkv. á móti öllum brtt. og segi nei.

Brtt. 823,3 felld með 19:6 atkv.
— 823,4 felld með 20:5 atkv.
— 823,5 tekin aftur.
— 823,6 felld með 24:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EðS, EOl, GeirG, GJóh, HV.
nei: GJós, EmJ, EystJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, HÁ, HS, JóhH, JSk, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SkG, ÞÞ, AGb, BGr, BF, BBen, RH.
11 þm. (BFB, BP, GíslG, IngJ, IG, JP, KGuðj, LJós, SI, ÁÞ, BK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þórarinn Þórarinsson: Með tilvísun til þess, að þetta frv. er byggt á bráðabirgðasamkomulagi milli ríkisstj. og opinberra starfsmanna, segi ég nei.

Brtt. 823,7—8 komu ekki til atkv.
— 823,9 felld með 18:6 atkv.
— 823,10 tekin aftur.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 832).

---

74. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Á 30. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [111. mál] (stjfrv., A. 190).

Á 37. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Með lögum nr. 49 1958 voru sett lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, þar sem togarasjómönnum og atvinnurekendum þeirra var gert að greiða ákveðinn hlut af tekjum sjómannsins, togarasjómannsins, til þessa sjóðs, sem þá hét lífeyrissjóður togarasjómanna, og togarasjómönnum um leið áskilin lífeyrisréttindi í sjóðnum eftir reglum, sem nánar voru greindar í þessum lögum. En samkv. yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf til samninganefndar sjómannasamtakanna í viðræðum, sem nefndin átti þá við útgerðarmenn, en yfirlýsing ríkisstj. var dagsett 5. jan. 1959, þá var því lýst yfir, að nefnd mundi verða sett til þess að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð bátasjómanna og farmanna. Með bréfi, dags. 16. marz 1960, skilaði þessi nefnd áliti í tvennu lagi, þar sem nefndarmenn gátu ekki orðið sammála um lausn málsins. Síðan hefur þetta mál verið rætt á við og dreif við þá

aðila, sem það snertir, og hefur niðurstaðan af þeim viðræðum orðið sú, að nú hefur verið ákveðið að bera fram frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en taka ekki með yfirmennina á farskipunum og ekki heldur að þessu sinni bátasjómenn, þannig að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í því einu frábrugðið lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, að þar er undirmönnum á farskipum bætt við. Og frv. er að mestu leyti, held ég að ég geti fullyrt, að uppistöðu til eins og frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna, en því einu breytt í frv., sem leiðir af því, að þessir undirmenn á farskipum eru nú teknir inn í lífeyrissjóðinn.

Aðalbreytingarnar, sem af þessu leiðir, fyrir utan það, að þessum undirmönnum á farskipum er bætt við, eru þær, að gert er ráð fyrir, að nú verði fjölgað í stjórn sjóðsins, bætt við í hana tveim mönnum, þar sem annar verði tilnefndur af Sjómannasambandinu, en hinn af Vinnuveitendasambandinu. Í 20. gr. frv. eru ákvæði um flutning undirmanna á farskipum í aðra lífeyrissjóði, þegar þeir taka við yfirmannsstöðu á skipi, en eins og kunnugt er, gegna ýmsir menn með fullgildum farmannsprófum í upphafi undirmannsstöðu á skipunum og fá ekki aðstöðu til þess að komast í yfirmannahóp, fyrr en þeir hafa stundað sjómennskuna sem undirmenn um nokkurn tíma. En eitt af ágreiningsatriðunum við samningu þessa frv. var það, að skipafélögin vildu halda sínum sérsjóðum, en ekki ganga inn í hinn almenna sjóð, sem að stofni til var frá tíma laganna um lífeyrissjóð togarasjómanna. Ég vil ekki segja, að það hafi orðið samkomulag, en málið var borið mjög rækilega undir útgerðarmenn farskipanna, og þar kom að lokum, að það var á það fallizt af ráðuneytinu að undanþiggja yfirmennina því að vera í þessum lífeyrissjóði, ef þeir ættu kost á að vera áfram í lífeyrissjóðum hinna einstöku skipafélaga, sem hafa verið til staðar hjá ýmsum um mörg undanfarin ár. Í þessari 20. gr., sem ég minntist á, eru sem sagt ákvæði um það, hvernig með skuli fara, þegar undirmaður kemst í yfirmannsstöðu, að þá flytjist hann á milli sjóða og hætti að vera aðili að þessum lífeyrissjóði, en flytji þá með sér það, sem greiðzt hefur inn í sjóðinn hans vegna.

Í 7. gr. frv. er svo bætt inn ákvæðum um verksvið sjóðsstjórnarinnar, sem ekki var sérstaklega tilgreint í gömlu lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna. Iðgjaldagreiðslutíminn er líka styttur hér úr 35 árum og gert ráð fyrir, að hann verði 30 ár, styttur um 5 ár.

Ákvæði 23. gr. frv. eru svo bein afleiðing af þeirri breytingu, að undirmenn á farskipum eru teknir hér inn. Og bráðabirgðaákvæði í lok frv. gefa svo nánari fyrirmæli um það, að sjóðnum, eins og hann verður, ef frv. verður að lögum, sé skylt að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið til haga vegna skipverja á farskipum frá 1. jan. 1959, en þá komst inn í samninga á milli sjómannasamtakanna og farskipaeigenda ákvæði um það, að þessi iðgjöld skyldu greidd, þó að ekki væri nánar tiltekið, hvernig með þau skyldi fara að öðru leyti. Sem sagt, það hefur verið haldið til haga upphæðum, sem eru nú orðnar allstórar, sem teknar hafa verið vegna farmannanna frá 1. jan. 1959, og er meiningin, að þær gangi inn í sjóðinn sem framlög vegna þeirra manna, sem greitt var fyrir frá þessum tíma, 1. jan. 1959.

Það hefur verið reynt að hafa samráð við farskipaeigendur um málið, og frv. er eiginlega niðurstaðan af þeim viðræðum, sem fram hafa farið á milli ráðuneytisins og þeirra, þó að það skuli tekið fram, að fullt samkomulag við þá náðist ekki, en í meginatriðum held ég, að megi segja, að það sé fyrir hendi.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Sú stefna er ríkjandi í þjóðfélaginu að gefa sem flestum launþegum kost á því að verða aðilar að lífeyrissjóðum, og sú stefna er að mínum dómi tvímælalaust rétt. Þetta getur orðið á tvennan hátt: Annars vegar með kjarasamningum, og þekkjum við þess fjöldamörg dæmi frá undanförnum árum, að ýmis stéttarfélög hafa tryggt meðlimum sínum aðild að lífeyrissjóði með kjarasamningum. Það er einnig hægt að gera þetta með löggjöf, og þar er gleggsta dæmið einmitt lífeyrissjóður togarasjómanna, þó að þess beri auðvitað að gæta, að lögfesting lífeyrissjóða á sér oft grundvöll í samningsviðræðum, þannig að það ber á góma á milli aðila í kjaradeilu að koma á fót lífeyrissjóði, og þá getur það alveg eins orðið á þann hátt, að aðilarnir óski eftir því við löggjafarvaldið, að reglur um sjóðina séu lögfestar. Það væri tvímælalaust æskilegt að koma á fót lífeyrissjóði fyrir alla þá sjómenn, sem hafa ekki nú þegar aðild að lífeyrissjóði, og þá mundi þar fyrst og fremst vera um bátasjómenn að ræða. En að sjálfsögðu teldi ég, að það væri eðlilegast, að þeim yrðu tryggð lífeyrissjóðsréttindi í sambandi við kjarasamningagerð, hvort sem það yrði þá samningsbundinn lífeyrissjóður eða þá að sá lífeyrissjóður yrði lögfestur og yrði raunverulega um að ræða aukningu á lífeyrissjóði togarasjómanna, sem væri sjálfsagt á margan hátt eðlilegast, að allir sjómenn, hvort sem þeir væru á bátum, togurum eða skipum, væru aðilar að sama lífeyrissjóðnum.

En í þessu frv. virðist mér ekki vera um það að ræða að veita þeim sjómönnum aðild að lífeyrissjóði, sem ekki hafa átt slíkri aðild að fagna áður, þ. e. a. s. hér er um að ræða undirmenn á kaupskipaflotanum, sem eiga að gerast aðilar að lífeyrissjóði togarasjómanna. En þessir undirmenn hafa núna allra síðustu árin orðið aðilar að lífeyrissjóðum viðkomandi skipafélaga, en þeir lífeyrissjóðir eru nokkuð gamlir, að vísu mismunandi, vegna þess að yfirmennirnir á kaupskipunum hafa alllengi verið í lífeyrissjóðum hjá viðkomandi skipafélögum og yfirmennirnir hjá Skipaútgerðinni í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Nú mun það að vísu vera þannig, að um þessi lífeyrissjóðsréttindi undirmannanna hafa ekki verið gerðir endanlegir samningar, heldur hygg ég, að þetta sé þannig, að það hafi verið haldið eftir 4% af kaupi þeirra, a. m. k. hjá flestum skipafélögum, síðustu tvö eða þrjú árin og skipafélögin lagt fram sín 6% á móti, eins og

almennt er. Þá snýst í raun og veru þetta mál um það, hvort undirmennirnir á farskipaflotanum eigi frekar að færast yfir í lífeyrissjóð togarasjómanna og vera þar framvegis eða halda áfram að vera í lífeyrissjóðum hinna einstöku skipafélaga og tryggja þar réttindi sín betur en verið hefur. Og mér finnst, að þetta, hvora leiðina eigi að fara, það geti út af fyrir sig verið nokkurt álitamál, en það, sem mér finnst að eigi að leggja mest upp úr í því sambandi, er, hvað undirmennirnir eða hásetarnir á kaupskipaflotanum vilja sjálfir í þessu efni. En afstaða þeirra hlýtur að mestu leyti að mótast af því, hvor sjóðurinn býður betri réttindi og tryggir betur hagsmuni þeirra. En ég þekki ekki svo til þessara mála, að ég sé dómbær á það, í hvorum sjóðnum, hinum einstöku lífeyrissjóðum skipafélaganna eða í þessum lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna, sem hér er verið að flytja frv. um, sé betra fyrir þá að vera. En það finnst mér, að þyrfti eiginlega að liggja betur fyrir, hver afstaða hásetanna á kaupskipunum er til þessa máls.

Þá er það annað atriði í þessu frv., og það er um skipun sjóðsstjórnarinnar, að í henni eiga samkv. þessu frv. að vera fimm menn, einn tilnefndur af hæstarétti sem formaður, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Sjómannasambandinu, einn af Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Ef miðað er við, að undirmenn á kaupskipaflotanum fái þarna aðild, þá er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við, að það sé fjölgað í sjóðsstjórninni og það fái fleiri samtök aðild að sjóðsstjórninni. En ég álít, að þetta sé þó ekki fullnægjandi. Á hverjum togara eru, hygg ég, 7 yfirmenn, en það mun vera um þriðjungur til fjórðungur skipshafnanna, sem er yfirmenn. Þessir yfirmenn allir, e. t. v. þó að skipstjóranum undanteknum, eru meðlimir í lífeyrissjóði togarasjómanna og verða áfram meðlimir í þessum lífeyrissjóði, þó að undirmönnum á farskipum sé bætt við. Samtök þessara manna hafa ekki rétt til að skipa neinn mann í stjórnina, þ. e. a. s. samtök þeirra eru Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Aftur á móti með þessu frv., þar sem Alþýðusambandið og Sjómannasambandið eiga að skipa fulltrúa í stjórnina, sem ég tel ósköp eðlilegt um bæði þessi sambönd, þá eru í raun og veru hásetarnir á togurunum búnir að fá tvo menn í stjórnina, tvo fulltrúa, án þess að yfirmennirnir hafi nokkurn. Þess vegna finnst mér, að það vanti þarna á, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ætti að hafa rétt til þess að nefna mann í þessa sjóðsstjórn, en það er auðvitað ekki hægt öðruvísi en að fjölga í henni. Til þess að halda jafnvæginu, þannig að það verði þrír fulltrúar launþega og þrír fulltrúar vinnuveitenda, eða eins og hér er, tveir fulltrúar launþega og tveir fulltrúar vinnuveitenda og einn oddamaður tilnefndur af hæstarétti, þá vantar þarna vinnuveitendafulltrúa, en þá má mjög gjarnan benda á, að Vinnuveitendasamband Íslands á samkv. þessu frv. að tilnefna mann í stjórnina, en innan vébanda þess eru ekki öll skipafélögin, þar er ekki allur kaupskipaflotinn, heldur aðeins hluti af honum, þar eð allstór hluti kaupskipaflotans tilheyrir Skipadeild SÍS, eins og kunnugt er, og Skipadeild SÍS mun vera meðlimur í Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þannig væri þá eðlilegt, að Vinnumálasamband samvinnufélaganna fengi líka að skipa einn mann í þessa stjórn, og miðað við þann grundvöll, sem lagður er í þessu frv., að undirmennirnir á kaupskipunum verði aðilar að sjóðnum, þá væri eðlilegt, að Vinnumálasambandið tilnefndi mann í þessa sjóðsstjórn og Farmanna- og fiskimannasambandið annan, enda í raun og veru hefur á það skort, að yfirmennirnir á togaraflotanum ættu fulltrúa í þessari sjóðsstjórn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er fylgjandi því, að sem flestir landsmenn geti orðið aðnjótandi þeirra réttinda, sem lífeyristrygging veitir. Þar af leiðandi er ég meðmæltur þeirri meginstefnu, sem þetta frv. er byggt á. Reyndar má segja, eins og þegar hefur verið bent á, að hér sé í sjálfu sér ekki um að ræða fjölgun manna, sem nú njóta lífeyrisréttinda, þar eð svo hefur verið, að frá 1959 hafa þeir aðilar, sem með þessu frv. er gert ráð fyrir að bætist í lífeyrissjóð togarasjómanna, notið lífeyristryggingar samkvæmt sérstökum samningum við skipafélögin, og iðgjöld þeirra hafa verið innheimt og lögð til hliðar, þannig að það má segja, að á þessu tímabili hafi komið upp sérstakir lífeyrissjóðir hjá hinum einstöku skipafélögum, þar sem undirmenn á farskipum, að sjálfsögðu ásamt yfirmönnum, eru tryggðir, og raunar eru þessir sjóðir hjá þeim sumum eldri. Það er að sjálfsögðu rétt, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það getur verið álitamál, hvort heppilegra sé að láta slíka sérsjóði starfa áfram og vera í vörzlu og umsjón hinna einstöku skipafélaga eða steypa þessum sérstöku sjóðum saman og leggja þá til lífeyrissjóðs togarasjómanna, svo sem hér er ráð fyrir gert.

Þegar mál þetta var athugað og undirbúið, þá var leitað, ef ég man rétt, álits og tillagna, bæði skipafélaganna og skipshafna á þessum skipum og reynt, ef ég man rétt, að ná til svo að segja hvers einasta skipverja á þessum skipum, þannig að hann gæti látið uppi álit um það, hvers hann óskaði í þessu efni. Muni ég rétt, þá var það nokkuð eindregið álit skipafélaganna, að þau teldu heppilegra, að þessir sjóðir væru áfram í þeirra vörzlum. En ég hygg hins vegar, að það hafi komið fram, að það væri vilji yfirgnæfandi meiri hluta skipverjanna, að þeir væru færðir í lífeyrissjóð togarasjómanna og tryggðir þar. Ég hygg, að í raun og veru sé ekki hægt að segja, að það sé munur á þeim réttindum, sem þessir sjóðir veita, lífeyrissjóður togarasjómanna og hinir sérstöku sjóðir, sem settir hafa verið á stofn, þannig að því leyti til er nú ekki hægt að gera upp á milli þessara sjóða, og það má segja, að ekki séu óeðlilegar út af fyrir sig óskir skipafélaganna, sem greiða meiri hluta iðgjalda þeirra, sem hér er um að tefla, að hafa þennan sjóð í sinni umsjá og vörzlu, að sjálfsögðu með þátttöku af hálfu sjómannanna eða skipverjanna í stjórn

sjóðsins, en svo mun það nú vera alls staðar. En á hinn bóginn er á að líta óskir sjómannanna og svo hitt, að þó að það sé ekki hægt að segja, að þeim tryggðu sé fjölgað með þessu frv., þá er þó réttarstöðu þeirra breytt að því leyti til, að ef þetta frv. verður að lögum, þá fá þeir þar með lögtryggðan þennan rétt í stað þess, að það er nú algerlega hjá þessum mönnum komið undir kaupgjalds- og kjarasamningum. Ég fyrir mitt leyti verð því að telja, að það sé að þessu leyti stefnt í rétta átt með þessu frv., að taka þetta beinlínis upp í lög og tryggja skipverjum lífeyrinn með lögum. En að sjálfsögðu verður það athugað hjá þeirri nefnd, sem frv. þetta fær til meðferðar, hvort það er rétt sú stefna, sem í þessu frv. felst, að steypa þessu í einn allsherjarsjóð, lífeyrissjóðinn, eða láta sérsjóðina halda áfram að starfa. Ef það er svo sem ráðherrann gat um, að skiapfélögin mundu, að mér skildist, sætta sig við þetta fyrirkomulag, þá sýnist það eðlilegt, þegar tillit er líka tekið til eindreginna óska sjómannanna.

En það, sem veldur því, að ég segi hér nokkur orð, er sú breyting, sem gerð hefur verið með 11. gr. frv. Samkv. lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna hætta iðgjaldagreiðslur ekki í þann sjóð fyrr en eftir 35 ár. Samkv. 11. gr. í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslur hætti eftir 30 ár. Þegar til lífeyrissjóðs togarasjómanna var stofnað á sínum tíma, var iðgjaldagreiðslan í hann ákveðin samkv. útreikningum tryggingafræðings, og þótti þá ekki fært, að hún væri minni en þar er ákveðið. En það er auðsætt, að eitt meginatriði í upphæð iðgjaldanna hlýtur að vera sá tími, sem iðgjöldin eru greidd. Þarna er raunverulega um það að ræða, að iðgjaldagreiðslutíminn er lækkaður úr 35 árum niður í 30 ár. Þetta skilst mér, að hljóti að hafa í för með sér þó nokkra tekjurýrnun fyrir sjóðinn. Ég efast um, að sjóðurinn megi við því, því að sannleikurinn er sá, að innheimta iðgjalda í lífeyrissjóð togarasjómanna hefur gengið mun tregar en menn gerðu ráð fyrir, þegar til hans var stofnað. Og sjóðurinn mun því verða fyrir tjóni af þeim sökum, fyrst og fremst vaxtatapi og svo e. t. v. frekari töpum. Ég kvaddi mér þess vegna hljóðs til að beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta frv. til athugunar, að hún athugi þetta atriði gaumgæfilega og fái álit tryggingafræðings á því, hvort það sé forsvaranlegt að stofna til tryggingarinnar með þessum hætti. Þessi sjóður er þannig upp settur og byggður, gagnstætt því, sem er t. d. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að það er enginn aðili, sem ber á honum neina ábyrgð. Það er enginn aðili í neinni bakábyrgð fyrir þennan sjóð. Hann verður því sjálfur að vera þannig úr garði gerður, að hann geti staðið undir sínum skuldbindingum. Það er að vísu æskilegt, að aðilar þurfi ekki að greiða iðgjöld í þennan sjóð nema í sem allra stytztan tíma, og það væri æskilegt, ef þeir gætu sloppið við iðgjaldagreiðslur, eftir að þeir hafa greitt og það hefur verið greitt fyrir þá í 30 ár í sjóðinn. En ég álít, að það væri blekking að fara af stað með slíka tryggingu vitandi vits, að iðgjöld mundu ekki hrökkva til að standa undir skuldbindingum sjóðsins, og þess vegna tel ég ekki forsvaranlegt annað en að það sé athugað mjög gaumgæfilega, þegar þessum sjóðum er þannig steypt saman, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, hvort það hafi við það orðið einhver breyting á, sem geri það forsvaranlegt að lækka þannig iðgjaldagreiðslutímann.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þeim aths., sem fram hafa komið, bæði frá hv. 9. landsk. þm. og hv. 3. þm. Norðurl. v., skal ég leyfa mér að segja nokkur orð.

Hv. 9. landsk. sagði, að þetta mætti gera á tvennan hátt, með, að mér skildist á honum, svipuðum árangri fyrir þá tryggðu, annaðhvort með samningi eða með löggjöf. Þetta er rétt. Og það er líka rétt, að í þessu frv. eru ekki teknir með neinir aðrir en þeir, sem áður hafa öðlazt þessi réttindi, a. m. k. að nokkru leyti, með samningum og lögum. En ástæðan til, að það er borið fram, er fyrst og fremst sú, að einmitt þeir, sem hér er lagt til að verði tryggðir, þ. e. a. s. undirmenn á farskipunum, hafa lagt á það höfuðáherzlu, að þessi réttur þeirra til lífeyrissjóðsins væri tryggður með lögum, en ekki með samningi. Þeir telja sinn hlut þannig betur tryggðan en ef hvert félag um sig á að sjá um vörzlu sjóðsins og semja við sína undirmenn eða sína háseta á skipunum um það t. d., hvernig sjóðnum verði ráðstafað á hverjum tíma og hvernig bótagreiðslurnar fari fram. Ég get því svarað þeirri aðalspurningu hv. þm., sem hann setti hér fram og hljóðaði svona: Hvað vilja hásetarnir? — ég get svarað þeirri spurningu mjög ákveðið á þann hátt, að það er einmitt vegna óska hásetanna sjálfra, að þetta er borið fram hér í frumvarpsformi, sem þeir að vísu að nokkru leyti höfðu fengið áður með samningum. Því hefur verið slegið föstu með samningum, sem giltu frá 1. jan. 1959, að þessar upphæðir skyldu teknar frá, en að mér skilst ekki í þeim sömu samningum tekin upp nein veruleg ákvæði um það, hvernig sjóðnum skyldi varið, hvernig hann skyldi geymdur, hvernig lífeyrissjóðsgreiðslurnar skyldu fara fram. En um þetta allt eru sett ákvæði í frv., sem væntanlega geta tryggt hásetunum, að það sé komið á móti þeirra óskum á þann hátt, sem þeir hafa farið fram á. Það er að vísu allra góðra gjalda vert, að þetta sé gert með samningum, en samningar eru ekki ævinlega eins ýtarlegir og hægt er að gera ráð fyrir að sé í lögum, og eins hitt, að samningur er ekki nema samningur, sem gildir vissan tíma og alltaf er hægt að breyta. En sem sagt, það er örugglega vilji hásetanna, að þessi háttur verði hafður á, en ekki hinn samningsbundni háttur.

Þá minntist hv. þm. líka á sjóðsstjórnina. Það er alltaf hægt að deila um það eða menn geta haft misjafna skoðun um það, hverjir eigi að fara með stjórn þessara sjóða. Það er í þessu frv. engu breytt öðru en því, að inn koma undirmenn á farskipum. Þeir munu flestir vera meðlimir í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Fyrir þá er settur inn í frv. til þess að gæta þeirra hagsmuna fulltrúi frá Sjómannasambandi Íslands, og fyrir farskipaeigendur er sett inn

Vinnuveitendasamband Íslands, sem þeir munu flestir vera aðilar að, þó að það sé rétt hjá hv. þm., að þeir eru það ekki allir. En ef ætti að taka alla inn, sem þarna ættu aðild að, þyrfti kannske að taka nokkuð marga, sbr. það, að í lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna var enginn í stjórn sjóðsins frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, þannig að sé það skortur á réttri skipan fulltrúa í sjóðinn, þá er það sá skortur, sem var til í lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna. Það atriði er ekki komið inn með þeirri breytingu eða fjölgun í sjóðnum, sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði aths. um styttingu iðgjaldatímans. Nú veit ég ekki um það mál annað en það, að ég ætla, að þetta frv. hafi verið yfirfarið mjög grannt af tryggingafræðingum og það sé þeirra tillaga, sem hér liggur fyrir, þó að ég skuli ekki fullyrða um það. En ég vil benda á í þessu sambandi líka, að í 9. gr. frv. segir, að stjórn sjóðsins skuli fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins og þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagslega sé sjóðurinn ótryggur, þá skal hann gera tillögu til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til þess að efla sjóðinn, þannig að það er engan veginn tilætlunin með þessu frv., að sjóðurinn verði gerður vanmegna um það að uppfylla sínar skyldur, síður en svo. Það er auðvitað hugsað, að sjóðurinn verði rekinn á þeim grundvelli, að hann geti alltaf fullnægt sínum skuldbindingum, og meira að segja sett inn í lögin ákvæði um, að það skuli á vissum fresti athuga einmitt þessa hlið í rekstri sjóðsins. En að öðru leyti get ég ekki skýrt það nánar, hvernig þessi tala, 30 ár, sé komin inn fyrir 35. En ég skal gjarnan við síðari umr. málsins leitast við að hafa upplýsingar um það atriði, ef þess verður óskað.

Mér láðist að geta þess, herra forseti, í minni framsöguræðu, að ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 190, n. 690 og 730).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það er meginefni frv. þessa að auka lífeyrissjóð togarasjómanna á þann veg, að hann nái einnig til undirmanna á farskipum, þar með talin varðskip. Undirmenn þessir hafa frá 1. jan. 1959 greitt 4% af kaupi sínu í lífeyrissjóð og skipafélögin greitt 6% á móti. Þessar greiðslur hafa yfirleitt runnið til lífeyrissjóða viðkomandi skipafélaga, nema hjá Skipaútgerð ríkisins og landhelgisgæzlunni, þar hefur framlögum verið safnað saman og þau geymd í sjóði, án þess að undirmennirnir fengju nokkra aðild að tilteknum lífeyrissjóði. Hjá hinum skipafélögunum hafa undirmennirnir hins vegar orðið félagar í lífeyrissjóði, en þó með þeim annmarka, að þeir hafa enga aðild átt að stjórn þessara lífeyrissjóða hjá skipafélögunum, en slíka aðild hafa yfirmennirnir hins vegar haft. Með samþykkt frv. yrði því undirmönnum á skipum landhelgisgæzlunnar og Skipaútgerðar ríkisins tryggð aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna, en undirmenn á öðrum skipum yrðu fluttir yfir í lífeyrissjóð togarasjómanna frá hinum einstöku lífeyrissjóðum skipafélaganna.

Sá galli er á lífeyrissjóðaskipulagi okkar, að menn, sem flytjast milli sjóða, geta yfirleitt ekki flutt áunnin réttindi með sér. Lífeyrissjóði togarasjómanna er þó heimilt að kaupa réttindi handa þeim manni, sem flyzt úr sjóðnum og fær aðgang að öðrum lífeyrissjóði, ef sjóðurinn, sem maðurinn flyzt yfir til, er lögbundinn eða viðurkenndur af fjmrn. Hér er um mikilsverð réttindi að ræða, sem veitast munu undirmönnum á farskipum, ef frv. þetta verður samþykkt.

Það hafa borizt mótmæli gegn frv. þessu frá áhöfnum allmargra togara. Eru mótmælin reist á því, að togarasjómenn telja það skerðingu á rétti sínum að hleypa farmönnum inn í sjóðinn. Þessi andmæli eru á misskilningi byggð. Í fyrsta lagi mun togarasjómönnum ekki hafa verið ljóst, að farmennirnir leggja á borð með sér þriggja ára framlög ásamt vöxtum og ágóðahlut. Í öðru lagi eru störf farmannanna áhættuminni en störf togarasjómanna og því sennilegt, að sjóðurinn verði fyrir hlutfallslega minni útlátum við tilkomu þeirra. Hins vegar má gera ráð fyrir, að hlutfallslega minni ágóði falli sjóðnum í skaut vegna brottfarinna sjóðfélaga við þessa breytingu. Þegar öllu er á botninn hvolft, tel ég miklu meiri líkur á, að lífeyrissjóður togarasjómanna eflist við inngöngu undirmanna á farskipum heldur en hið gagnstæða, enda hlýtur það að öðru jöfnu að vera lífeyrissjóði til styrktar, að sjóðfélögum fjölgi.

Ef frv. þetta nær fram að ganga, verða allir togarasjómenn, svo og undirmenn á öllum kaupskipaflotanum, í einum og sama lífeyrissjóði. Með þessu er mikið áunnið. Háseti á kaupskipi, sem hættir starfi þar og verður þá háseti á togara, er þá við bæði störfin í einum og sama lífeyrissjóði. Háseti á Eimskipafélagsskipi, sem skiptir um atvinnu og verður háseti á skipi hjá Sambandinu, verður þá líka kyrr í sama sjóðnum, en þarf ekki, eins og nú gildir, að flytjast milli lífeyrissjóða og tapa réttindum í hinum fyrra sjóði. Að vísu kemur hér á móti, að háseti, sem hækkar upp í yfirmannsstöðu hjá sama skipafélagi, getur orðið að skipta um lífeyrissjóð samkv. reglum frv., í stað þess að vera kyrr í sjóði viðkomandi skipafélags. Þó ber þess að gæta, að samkv. 3. gr. frv. er heimild fyrir því að hafa þennan mann kyrran í togaralífeyrissjóðnum, og ef hann flyzt úr sjóðnum, þá er keyptur fyrir hann réttur í sjóðnum, sem tekur við honum.

Það má auðvitað finna ýmis dæmi um menn, sem geta haft hag eða óhag af þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel þó ekki orka tvímælis, þegar á heildina er litið, að það, sem ávinnst, sé meira en það, sem glatast. Einu má

ekki heldur gleyma: þessi aukning togaralífeyrissjóðsins er spor í áttina að einum allsherjarlífeyrissjóði fyrir alla sjómenn.

Vinnuveitendur farmanna hafa fram til þessa aðeins greitt 6% af föstu kaupi þeirra í lífeyrissjóð. Þegar undirmenn á farskipum eru komnir yfir í lífeyrissjóð togarasjómanna, breytist þetta, því að samkv. reglum togaralífeyrissjóðsins á vinnuveitandi að greiða 6% af heildarárslaunum, en þar er öll yfirvinna meðtalin. Þar sem undirmenn á farskipum hafa oft mjög mikla yfirvinnu, — hún er í mörgum tilfellum ⅓ hluti af öllu kaupi þeirra, — felst nokkur kjarabót þeim til handa í því að fá 6% lífeyrissjóðsálagið einnig greitt á yfirvinnukaupið. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og leitað umsagnar margra aðila um málið. Hafa skoðanir þessara umsagnaraðila verið nokkuð skiptar. Meiri hl. n. telur rétt að mæla með samþykkt frv. með tilteknum breytingum, sbr. þskj. 730.

Ég vil þá að lokum gera örstutta grein fyrir þessum brtt. n. Það er fyrst breyting við 3. gr. frv., en breytingin er í því fólgin að taka af öll tvímæli um, að undirmenn á varðskipum heyri einnig undir þessi lög og flytjist yfir í lífeyrissjóð togarasjómanna. Þá er jafnframt tekið fram um farskipin, að þar sé átt við bæði skip, sem notuð séu til farþegaflutninga og vöruflutninga, vegna þess að orðið „farskip" er ekki svo skýrt, að það gæti kannske orkað tvímælis, hvernig ætti að skilja það, en til þess að taka af allan vafa um, að hér sé átt við bæði skip, sem annast farþega- og vöruflutninga, þá er sú skýring tekin inn í breyt. á 3. gr. Þá er einnig bætt við 3. gr. í sambandi við heimild útgerðar farskipa til að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum, þá er því bætt við: „ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna."

2. brtt. er við 1. mgr. 5. gr., en sú grein fjallar um það, hve margir eigi sæti í stjórn sjóðsins og hverjir skipi stjórnarmenn. Í frv. var gert ráð fyrir, að sjóðurinn væri skipaður 5 mönnum, en meiri hl. n. leggur til, að hann verði skipaður 7 mönnum og þar verði bætt við fulltrúum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þetta er gert af þeim ástæðum, að allir yfirmenn á togaraflotanum eru í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og það er því eðlilegt, að þeir eigi fyrirsvarsmann í stjórn sjóðsins. Á hinn bóginn er það svo, að allstór hluti farmanna starfar hjá Skipadeild SÍS, en hún er meðlimur í Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og það er því rétt, að Vinnumálasambandið fái einnig fulltrúa í sjóðsstjórnina. Og þá er enn fremur lagt til í brtt., að sömu aðilar skipi hver um sig einn varamann, enda verður að telja það eðlilegt í svona fjölmennri stjórn, að þar séu varamenn tiltækir, svo að ekki þurfi að standa á því, ef einhver aðalmanna forfallast.

Þá er 3. brtt. við 13. gr. frv., en í 13. gr. er sagt, að upphæð ellilífeyrisins sé hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans. Nú hefur komið ábending um það frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, að þetta gæti í sumum tilfellum verið ranglátt gagnvart yfirmönnum á togurum, skipstjórum og stýrimönnum, þar sem þeir væru oft fyrri hluta ævinnar skipstjórar, en síðari hluta ævinnar hættu þeir skipstjórnarstarfi og gerðust hásetar eða bræðslumenn á togurunum, og það væri ósanngjarnt gagnvart þessum mönnum, að upphæð ellilífeyris hjá þeim miðaðist við 10 síðustu starfsárin, þegar þeir eru e. t. v. á lægstu laununum. Þess vegna var gerð þarna á breyting í till. n., þannig að við sé bætt: „eða síðustu 20 starfsárin, ef það er sjóðfélaga hagfelldara".

Ég hygg, að þó að það sé aðeins meiri hl. n., sem stendur að þessum brtt., þá telji þó þeir nm., sem eru í minni hl., að þessar brtt. séu einnig til bóta.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Þetta frv. kom fram hér á Alþingi snemma í febrúar. Það hefur mestan þann tíma legið í salti hjá hv. heilbr.- og félmn. og í raun og veru virzt vera lítill áhugi hjá n. að afgreiða þetta mál nú. Ég er ekki frá því, að raunverulega hafi meiri hluti hv. nm. óskað þess í hjarta sínu, að þetta frv. fengi að daga uppi á þingi að þessu sinni.

Um áramótin 1958—1959 fóru fram allvíðtækar samningaumleitanir um fiskverð og fleira, og í þeim samningaumleitunum komu fram m. a. eindregnar kröfur frá sjómönnum þess efnis, að lífeyrissjóður yrði stofnaður, lífeyrissjóður, sem næði einnig og sérstaklega til bátasjómanna. Það var ríkisstj. Emils Jónssonar, að ég hygg, sem skipaði nefnd 7 manna til þess að gera tillögur í samræmi við þessar kröfur sjómannanna, semja till. um lífeyrissjóð, sem næði til sjómanna almennt. Þessi n. var skipuð 3 fulltrúum frá sjómönnum, 3 frá útgerðarmönnum og 1 oddamanni. En fulltrúar af hálfu sjómanna voru þeir Tryggvi Helgason, Jón Sigurðsson og Kristján Guðmundsson. Þessi nefnd klofnaði og skilaði hvor hlutinn sínu nál. Fulltrúar sjómanna gerðu till. um, að stofnaður yrði einn lífeyrissjóður fyrir alla íslenzka sjómenn og að sá sjóður yrði tengdur lífeyrissjóði togarasjómanna. Í grg. minni hl. fyrir þessum till. var m. a. bent á, að sjómenn skiptu oft um stöður, þeir byrjuðu margir hverjir lífsstarf sitt á litlum skipum víðs vegar um landið og færu síðan margir á stærri skip síðar á ævinni, togara eða kaupskip. Þannig væri töluverð tilfærsla sjómanna frá einni tegund skipa til annarra. Meiri hluti n. lagði hins vegar til, að stofnaðir yrðu fleiri lífeyrissjóðir sjómanna og að þeir sjóðir væru yfirleitt tengdir fyrirtækjunum. Ég hygg, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé raunverulega áframhald á þessum tilraunum, áframhald í þá átt að sameina í einn sjóð lífeyrissjóði sjómanna, þannig að lífeyrissjóður næði til allra sjómanna. Ef þetta er rétt, þá verð ég að segja, að þetta frv. er mjög ófullkomin byrjun að því verki. Hún er sérstaklega ófullkomin fyrir það, að með frv. fá raunverulega ekki fleiri sjómenn lífeyrissjóðsréttindi en þegar hafa. Aðalgallinn að mínum dómi er sá, að ákvæði frv. taka ekki til þess stóra hóps sjómanna,

sem engin lífeyrissjóðsréttindi hafa nú, þ. e. a. s. bátasjómanna. Það eina í þessu frv. er það, að það er verið að sameina undirmenn á kaupskipum og togaramennina í einn sjóð. Þetta er í raun og veru mjög lítið spor í rétta átt, svo lítið spor, að ég fyrir mitt leyti hefði varla talið það ómaksins vert að stíga það að þessu sinni. Ég tel, að þetta litla spor hefði allt eins vel getað verið óstigið og látið bíða, þar til myndarlegra átak yrði gert. Við þetta bætist svo það, að mjög eindregin mótmæli hafa borizt frá þeim aðilum, sem gæðanna eiga að njóta.

Það eru hvorki meira né minna en á milli 10 og 20 togaraáhafnir, sem hafa gert sér það ómak í vetur, eftir að þetta frv. kom fram, að senda símskeyti til Alþingis til þess að mótmæla þessu. Mér þykir rétt að leyfa hv. þdm. að heyra orðalag eins eða tveggja af þessum símskeytum frá togaraáhöfnunum. Skipshöfnin á Skúla Magnússyni segir svo í sínum mótmælum:

„Vér undirritaðir höfum rætt frv. yðar um upptöku undirmanna á fragtskipum í lífeyrissjóð togarasjómanna og mótmælum því allir eindregið að hleypa öðrum inn í svo fjársterkan sjóð, sem þeir einir mundu hafa not af, þar sem allar líkur benda til, að togaraútgerð á Íslandi leggist niður. Nú viljum vér skora á yður, hv. alþm., að fella frv. þetta, þar sem það er borið fram án vitundar og samþykkis togaramanna. — Skipstjóri og skipshöfn b/v Skúla Magnússyni."

Áhöfnin á Fylki orðar sín mótmæli á þennan hátt:

„Við undirritaðir skorum á hv. alþm. að fella frv. um upptöku farmanna í lífeyrissjóð togarasjómanna, sem borið var fram án samþykkis sjómanna. Þar sem óvíst er um framtíð togaraútgerðar á Íslandi, teljum við ekki rétt að hleypa öðrum inn í fjársterkan sjóð, sem yrði farmönnum einum til hagsbóta. — Skipstjórinn og allir skipverjar b/v Fylki."

Skipverjar á Hvalfelli segja svo:

„Erum allir andvígir upptöku farmanna í lífeyrissjóð togarasjómanna, samkvæmt undirskriftum um borð. — Skipstjórinn og allir skipverjar b/v Hvalfelli."

Þessi er þá afstaða togarasjómanna til þessa frv. En eru þá ekki talsmenn undirmanna á kaupskipum ánægðir með þetta? Nei, þeir eru það ekki heldur. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur sent hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar grg., sem felur í sér mjög eindregna gagnrýni og raunar mótmæli gegn þessu frv. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands segir í þessari grg. m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvitnun til þess, sem hér hefur verið rakið, viljum við leggja til, að hæstv. Alþingi fresti afgreiðslu þessa máls, meðan unnið sé að allsherjarlausn á vandamálum í sambandi við vernd lífeyrisréttinda, þegar skipt er um starf, og flutning þeirra á milli sjóða, svo og að endurskoðun á framangreindum ákvæðum í lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna."

Og þeir taka það fram, að ef svo fari, að frv. verði samþykkt, þá telji þeir óhjákvæmilegt að gera á því allvíðtækar breytingar. Og þeir telja upp í fimm liðum a. m. k. þær breytingar, sem þeir telja óhjákvæmilegt að gera á frv., eigi það að verða að lögum.

Íslenzku landhelgisgæzlunni, sem einum aðila þessa máls, var einnig sent þetta frv. til umsagnar, og hún svaraði á þá leið, að hún teldi nýmæli frv. ekki heppilegt og áliti, að æskilegt væri, að allir starfsmenn stofnunarinnar væru hjá sama lífeyrissjóði, t. d. lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Samband ísl. samvinnufélaga, sem einnig var spurt álits, lætur þá skoðun í ljós, að frv. sé óþarft og ekki til bóta, þar sem lífeyrisréttur þeirra manna, sem hér um ræðir, hefur þegar verið tryggður.

Mér þykir þetta frv., eins og ég tók fram áðan, ná harla skammt. Það tekur ekki til þeirra sjómanna, sem sérstök ástæða var til að þetta frv. tæki til, bátasjómanna, heldur tekur það til sjómanna, sem að verulegu leyti eru þegar tryggðir. Þessi staðreynd gerir það auðvitað að verkum, að miklu minni ástæða er til að flýta afgreiðslu frv. Þegar svo bætist við, að þeir aðilar, sem spurðir hafa verið álits, gagnrýna frv. í þeirri mynd, sem það er, telja það óþarft og ekki til bóta, þá tel ég enn meiri ástæðu til að athuga málið betur, ef ekki nú á þessu þingi, þá á næsta þingi. Þess vegna er það, að minni hl. hv. heilbr.- og félmn. leggur það til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins gera hér örstutta athugasemd út af ræðu hv. frsm. minni hl. Í framsöguræðu minni gerði ég grein fyrir því, að mótmæli togarasjómanna væru ekki á rökum reist, og þarf ég ekki að endurtaka það. En hv. frsm. minni hl. sagði, að farmennirnir eða undirmennirnir á farskipunum væru ekki heldur samþykkir þessari breytingu, og vitnaði þar um til mótmæla frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn samþykkt frv. Hv. frsm. athugar það ekki, að undirmenn á farskipum eru ekki í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, það eru eingöngu yfirmenn á farskipum og yfirmenn á togurum, sem þar eru, þannig að Farmanna- og fiskimannasambandið kemur fyrst og fremst fram sem umsagnaraðili í þessu máli og fyrirsvarsaðili yfirmanna á togurum. Og það var gengið til móts við óskir Farmannasambandsins með því tvennu að veita því aðild að stjórn sjóðsins og með því að heimila að miða við 20 ára starfstíma í staðinn fyrir 10, eins og síðasta brtt. meiri hl. gerir ráð fyrir. Undirmenn á farskipunum eru hins vegar meðlimir í Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandi Íslands, og frá báðum þessum samtökum komu eindregin tilmæli til n. um að samþykkja frv. Þess má líka geta, að þegar nefnd sú starfaði, sem upphaflega átti að semja frv. um lífeyrissjóðinn, en síðan klofnaði, þá lét hún fara fram skoðanakönnun á kaupskipaflotanum um það, hvort undirmenn þar vildu láta flytjast yfir í lífeyrissjóð togarasjómanna, og sú skoðanakönnun

sýndi þá niðurstöðu, að undirmennirnir voru þess yfirleitt mjög fýsandi. Og þá má að lokum benda á, að það hlýtur almennt séð að vera meira virði fyrir undirmenn á farskipum að komast í lögbundinn sjóð heldur en að eiga lífeyrisréttindi sín undir kaup- og kjarasamningum við sína vinnuveitendur.

Hv. frsm. minni hl. nefndi líka hér mótmæli frá landhelgisgæzlunni, þar sem hún teldi æskilegt, að undirmenn á varðskipunum yrðu meðlimir í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Þessir undimenn eru því miður ekki fastir starfsmenn í sömu merkingu og aðrir opinberir starfsmenn. Þetta eru menn, sem kannske eru við þetta starf í nokkra mánuði eða nokkur ár í senn og skipta svo um atvinnu. Það er þess vegna því miður ekki grundvöllur fyrir hendi, þar sem þeir eru ekki nægjanlega fastir eða varanlegir starfsmenn, til þess að það sé unnt að láta þá verða aðila að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 690 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 9:7 atkv.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

BjörnJ, FRV, KK, PÞ, SE, AGl, ÁB greiddu ekki atkv.

4 þm. (BGuðm, HermJ, ÓlJ, AuA) fjarstaddir.

Brtt. 730,1 (ný 3. gr.) samþ. með 12:1 atkv.

4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

KK, PÞ, AGl, ÁB greiddu ekki atkv.

6 þm. (BjörnJ, FRV, HermJ, ÓlJ, SE, BGuðm) fjarstaddir.

Brtt. 730,2 samþ. með 11:1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.

6.—12. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 730,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

14.—24. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 765).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 765 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 765, n. 785).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til hv. d. frá Ed. og hefur lengi verið þar til athugunar. Skv. frv. verður lífeyrissjóður togarasjómanna, sem stofnaður var með lögum nr. 49/1959, framvegis sameiginlegur fyrir togarasjómenn og fyrir undirmenn á kaupskipum og varðskipum. Nafn sjóðsins breytist til samræmis við þetta stækkaða verksvið hans. Frv. er samhljóða lögum nr. 49 frá 1959, um lífeyrissjóð togarasjómanna, í flestum atriðum. Með því eru ekki gerðar aðrar breytingar á lögunum en þær, sem nauðsynlegar eru vegna aðildar farmanna og varðskipsmanna að sjóðnum.

Ég tel ekki þörf á að rekja efni frv. Það hefur inni að halda svipaðar reglur og þær, sem venjulegar eru um lífeyrissjóði. Ed. fékk jákvæðar umsagnir um frv. frá þessum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Skipaútgerð ríkisins, landhelgisgæzlunni og frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Farmanna- og fiskmannasambandið vill láta fresta afgreiðslu málsins, og Skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga er frv. andvíg. Telur Skipadeildin hentugra, að sérhver starfsmaður sé sjóðfélagi í lífeyrissjóði hjá því fyrirtæki, sem hann vinnur fyrir. Mótmæli gegn frv. munu hafa borizt frá 16 togurum. Það er ekki auðvelt að sjá, hvort allar áhafnirnar standa að baki mótmælunum eða aðeins yfirmennirnir. Mótmælin eru öll byggð á því, að ekki megi hleypa farmönnum inn í hinn fjársterka lífeyrissjóð togaramanna, þeir fái þar réttindi, en leggi sjóðnum ekkert til. Þetta er hreinn misskilningur þeirra, sem að þessum mótmælum standa, og verður það ljóst, ef menn lesa 1. tölul. í ákv. til brb. í frv., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er sjóðnum að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið eftir vegna skipverja á farskipum frá 1. jan. 1959, svo og hluta útgerðarmanns, og veita þeim réttindi sjóðfélaga í samræmi við það.“

Lífeyrissjóður togarasjómanna var stofnaður á miðju ári 1958, en lífeyrissjóður farmanna hefur, skv. kjarasamningum, verið til frá 1. jan. 1959, og er aldursmunur sjóðanna því aðeins sex mánuðir. Farmannasjóðurinn er alls ekki eignalaus, eins og þeir aðilar, sem mótmælin sömdu, munu hafa haldið. Sjóðfélagar í honum fá réttindi í samræmi við það, hvenær sá sjóður var stofnaður, nema að því er varðar eldri menn. Þeir fá sams konar réttindi í sjóðnum og eldri menn á togurum, eins og kveðið er á um í brbákv., en þann kostnað, sem af því hlýzt, endurgreiðir ríkissjóður árlega, og verða þau ákvæði alls ekki sjóði togaramanna til neinnar byrði.

Að því hefur verið fundið, að ekki skuli vera

komið með frv. um lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn. En það mætti alveg eins spyrja, hvers vegna ekki séu sett lög um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Mér skilst, að flestir eða allir lífeyrissjóðir, sem til eru í landinu, séu þannig til komnir, að einstakir hópar launþega hafi tryggt sér lífeyrisréttindi í kjarasamningum. Oftast mun reglan vera sú, að launþeginn sjálfur greiðir í sjóðinn 4% af kaupi sínu, en vinnuveitandinn greiðir 6% á móti. Þau 6%, sem koma frá vinnuveitandanum, eru þannig hluti af því kaupi, sem hann þarf að greiða og reikna með í útgjöldum sínum, og liggur í hlutarins eðli, að þessi liður hefur áhrif á, hvað vinnuveitandinn telur sér að öðru leyti fært að greiða í kaup. Því er það, að meðan ekki hafa verið sett lög um lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla, þá hljóta nýir lífeyrissjóðir að verða til með sama hætti og áður, þ. e. a. s. við samningaborðið milli launþega og kaupgreiðenda, og á þetta þá jafnt við um bátasjómenn og aðra, sem ekki hafa enn þá myndað lífeyrissjóði.

Ég er þeirrar skoðunar, að þótt ekki hafi enn þá tekizt að semja um lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn, sé ekki rétt að fresta afgreiðslu þessa máls, en það var lagt til af minni hl. heilbr.- og félmn. hv. Ed. og er einnig lagt til af minni hl. heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar.

Ég legg þess vegna til f. h. meiri hl. heilbr.- og félmn., að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það er komið frá Ed. Þar voru gerðar þær breytingar á upphaflega frv., sem fram koma í nál. á þskj. 730. Miðar sú fyrsta þeirra, sem er við 3. gr., að því að taka af tvímæli um aðild varðskipsmanna að sjóðnum. Önnur breytingin, sem er við 5. gr., 1. málsl., kveður á um fjölgun í sjóðsstjórninni úr fimm mönnum í sjö. Og sú þriðja er við 13. gr., 2. málsgr., þar sem sagt er: „Upphæð lífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans.“ Við þetta var bætt orðunum: „eða síðustu 20 starfsár, ef það er sjóðfélaga hagfelldara.“

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að farmenn eiga rúmlega þriggja ára gamlan lífeyrissjóð og ganga þess vegna ekki eignalausir inn í lífeyrissjóð togaramanna samkv. þessu frv. Sú mótbára gegn frv. er á misskilningi byggð. Á það má enn fremur benda, að slysahætta á kaupskipum er minni en slysahætta á togurum, og að því leyti verður hagkvæmt fyrir togaramenn að vera í lífeyrissjóði með farmönnum.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum hefur legið fyrir hv. Ed. í allan vetur. Það var sýnt í öndverðu, að málið var allmikið deilumál, og kom það berlega fram í hinum mörgu umsögnum, sem hv. Ed. bárust um málið. Loks afgreiddi þó hv. Ed. málið til þessarar hv. þd. núna fyrir örfáum dögum, og var þá boðaður skyndifundur í heilbr.- og félmn., sem þá taldi sig raunar hafa lokið störfum, og var sá fundur haldinn, meðan mikið annríki var í þd. og nm. höfðu í raun og veru vegna atkvgr., sem fram fóru um meiri háttar mál hér í d., engan vinnufrið til þess að athuga málið. En hv. form. heilbr.- og félmn. sagði, að fast væri rekið eftir því, af ríkisstj., skildist mér, að málið yrði afgreitt nú fyrir þinglok, og þess vegna væri hann sér þess meðvitandi, að vinnuskilyrði n. væru ekki ákjósanleg til þess að afgreiða málið, en hann yrði samt að leggja svona mikla áherzlu á að fá það afgreitt úr nefnd.

Það er alllangt mál, þetta frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en svo naumur var starfstími n., að ekki þótti nægur tími til þess að lesa frv. Á það varð að treysta, að menn hefðu, meðan það dvaldi í Ed., lesið það og kynnt sér það, því að n. hafði ekki tóm til þess að lesa frv. yfir, og er það þó fyrsta skylda n. vitanlega, ekki bara í annarri d., heldur í báðum d., að kynna sér rækilega efni þeirra frv., sem þeim eru fengin til rannsóknar og afgreiðslu. Hins vegar var lesið í fljótheitum nál. nefndarhlutanna úr Ed., því að n. hafði þar klofnað um málið, og fengu nm. þar vitneskju um það, um hvað hefði verið deilt þar og um hvað nefndarhlutar Ed. höfðu klofnað um málið. Þá var rætt um það að fresta afgreiðslu í n., svo að menn gætu þó fengið tóm til að lesa frv. yfir, ef þeir hefðu ekki gert það áður, og kynna sér þann bunka fskj., sem með málinu voru, en það er þessi bunki sem ég hér held á. Það eru umsagnir fjölda samtaka, sem þetta mál varðar, og frá einum 16 eða 17 skipshöfnum, sem mæla eindregið undantekningalaust gegn samþykkt frv., svo að það er ekki nóg með það, að meðferð málsins sé öll hin óþinglegasta og málið keyrt í gegn af meira offorsi en nokkurt annað mál, og hafa þó mörg mál hér að undanförnu orðið að sæta lítt þinglegri meðferð, heldur er hér greinilega um mikið deilu- og ágreiningsmál að ræða og málið virðist yfirleitt nokkurn veginn einróma sæta andspyrnu sjómannanna, og þó er lögð áherzla á að samþykkja það, að fengnum mótmælum sjómannanna. Ég minnist þess ekki, að í öllum þessum bunka séu nokkur meðmæli frá nokkurri skipshöfn með samþykkt frv. Ég held, að það sé ábyggilegt.

Efni málsins er það, að lífeyrissjóður togarasjómanna, sem starfað hefur skv. lögum nr. 49 frá 1958, á ekki að verða lengur til sem sjálfstæður sjóður — lífeyrissjóður togarasjómanna, heldur á hann að verða sameiginlegur sjóður framvegis fyrir togarasjómennina og undirmenn á farskipum. Þetta er í raun og veru aðalefni frv., og á nafn sjóðsins að breytast samkvæmt því, úr því að heita lífeyrissjóður togarasjómanna í það nú að heita lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum. En þá verður þessum málum skipað þannig, að yfirmenn farskipa verða í öðrum lífeyrissjóði en undirmennirnir. Þeir verða áfram tryggðir í lífeyrissjóðum hvers útgerðarfélags um sig. Yfirmenn á strandferðaskipum ríkisins og varðskipunum verða í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, og þannig er þetta margskipt. Hins vegar hafa mörg undanfarin ár verið frammi kröfur frá hendi sjómanna um það, að lífeyrissjóður togarasjómanna næði a. m. k. einnig til bátasjómannanna, þannig að það væri sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir báta-

sjómenn og togarasjómenn, og finnst mér, að það sé ákaflega eðlileg lausn málsins og að þegar verið sé að taka þetta mál fyrir á annað borð, þá megi ekki ganga fram hjá þeim meginóskum sjómannanna sjálfra um, að lífeyrissjóðurinn verði engu síður fyrir bátasjómenn heldur en togarasjómenn, og fæ ég ekki skilið, að nokkurrar andspyrnu sé við það að vænta frá hæstv. ríkisstj. eða t. d. hæstv. félmrh., sem kæmi til með að fjalla um þetta mál og undirbúa það til næsta þings, ef horfið væri frá því nú að knýja málið í gegnum þingið. Þó að því væri í raun og veru synjað eða frá því horfið, að n. héldi aftur fund um málið, og gengið frá því að kljúfa n. strax á þessum eina fundi, sem fram fór, samtímis því sem deildarfundur var haldinn, þá er það þannig, eins og gerð var hér grein fyrir af frsm. meiri hl. n., að þeir hv. fulltrúar stjórnarflokkanna, formaður heilbr.- og félmn., 1. þm. Vestf. (GíslJ), hv. 5. þm. Vestf. (BF) og hv. 5. þm. Sunnl. (JKs), leggja til, að frv. verði samþ. nú á þessu þingi, en við í minni hl., hv. 4. þm. Reykn. (JSk) og ég, leggjum til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá á þá lund, að í trausti þess, að félmrh. undirbúi fyrir næsta þing frv. til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð allra bátasjómanna og togarasjómanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá. Þá fyrst, ef þannig væri á málinu tekið, væri mætt óskum sjómannanna sjálfra og horfið frá því að afgreiða málið nú gegn eindregnum mótmælum sjómanna. Og ég hef ekki heyrt nein rök færð fyrir því, hvers vegna það sé knýjandi nauðsyn að afgreiða lífeyrissjóðsmál sjómannanna gegn þeirra vilja nú í þinglok á þann hátt, að ekki fáist vinnuaðstaða til að kynna sér málið. Það væri mjög æskilegt, að fram kæmu rökin fyrir því.

Ég mun nú gefa hv. þm. tækifæri til þess að heyra meginniðurstöður þeirra félagasamtaka, sem hv. Ed. sendi málið til umsagnar.

Þar er þá fyrst Sjómannasambandið. Það mælir með samþykkt frv., þó með breytingu, og leggur til, að eftir 30 ára starf verði ellilífeyrir sjómanna 60% í staðinn fyrir 50%, eins og nú er gert ráð fyrir í frv., og þetta án þess að iðgjöld hækki úr þeim 10% af tekjum, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég verð að segja, að þarna leggur Sjómannasamband Íslands til, að málið nái ekki fram að ganga óbreytt, og það er alþýðingarmikil brtt., sem Sjómannasambandið gerir við frv., sem hv. meiri hl. n. hefur ekki fallizt á og ekki tekið tillit til. Málið fengi því ekki afgreiðslu í samræmi við óskir Sjómannasambandsins, ef farið væri að ráðum meiri hl. í þessu efni, ekki að því er þetta atriði snertir.

Þá er það Sjómannafélag Reykjavíkur, sem er eitt af þeim félögum, sem eru í Sjómannasambandinu. Það sendi einnig örstutta umsögn, og er hún á þá lund, að aðalfundur Sjómannafélags Reykjavíkur, haldinn 21. jan. 1961, fagni því, að fram er komið stjórnarfrv. á Alþingi um það, að lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna verði breytt þannig, að sjóðurinn yrði einnig fyrir undirmenn á farskipum, og skorað er á Alþingi að samþykkja það. Þetta er algerlega jákvæð umsögn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og þar eru ekki lagðar til neinar brtt. við frv., heldur mælt með samþykkt þess. En það er, held ég, einustu fortakslausu meðmælin, sem með frv. hafa borizt. Hitt eru allt saman frekar neikvæðar umsagnir.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendi mjög langa og ýtarlega umsögn um málið, viðurkennir í upphafi síns máls einn kost við það, þar sem segir: „Megintilgangur frumvarpsins er að sameina alla undirmenn á farskipum í einum lífeyrissjóði, í staðinn fyrir, að þeir eru nú ásamt yfirmönnum á viðkomandi skipum í lífeyrissjóði hvers skipafélags um sig. Þetta hefur þann kost í för með sér, að undirmenn geta flutzt milli skipafélaga, án þess að þörf sé að flytja lífeyrisréttindi þeirra eða þau glatist jafnvel að einhverju leyti.“ Þetta segja þeir að sé það jákvæða við frv. En hér er hins vegar um miklu stærri vanda að ræða, og getur þessi lausn á engan hátt talizt fullnægjandi, enda getur hún í mörgum tilfellum skaðað þá, sem eiga að njóta góðs af henni. Með sífelldri fjölgun lífeyrissjóða ber æ brýnni nauðsyn til, að sett verði löggjöf um réttindi þeirra, sem skipta um starf og flytjast milli sjóða. Það er engu minni nauðsyn að tryggja sjómanni, sem tekur upp störf í landi, að hann glati ekki þeim lífeyrisréttindum, sem hann hefur áunnið sér, en hinum, sem fer frá einu skipafélagi til annars. Sé um að ræða starf í landi hjá skipafélagi því, sem sjómaðurinn starfaði hjá, yrði réttarstaða hans augljóslega lakari, ef frv. yrði samþykkt.

Og enn halda þeir áfram í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í sinni umsögn, með leyfi hæstv. forseta: „Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv., að yfirmenn á farskipum skuli vera í sjóðum skipafélaganna. Þar eð algengt er, að menn séu árum saman ýmist undirmenn eða yfirmenn, mundi með samþykkt frv. skapast glundroði og skriffinnska, sem nú á sér þó ekki stað.“ Þetta lítur út fyrir að vera alveg ómótmælanlegt, augljós staðreynd.

Í þriðja lagi segir svo í umsögninni, með leyfi forseta: „Í þriðja lagi viljum vér benda á þann annmarka, sem frá sjónarhóli yfirmanna á togurum er á ákvæðum frv. um lífeyrisgreiðslur og óbreytt er frá núgildandi lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna. Það er, að lífeyrir miðist við laun síðustu 10 starfsárin, en iðgjöld yfirmanna til sjóðsins miðast oft við miklum mun hærri laun mikinn hluta starfsævinnar. Þannig eru mörg dæmi þess, að skipstjóri, sem greiðir allt að því þrefalt iðgjald á við háseta, verður síðar á ævinni bræðslumaður eða háseti, og ætti samkv. framangreindum ákvæðum að taka lífeyri í samræmi við laun í síðast nefnda starfinu. Dæmi: Maður hefur verið skipstjóri á togara í 19 ár, en verður þá háseti og er það í 10 ár. Meðalárslaun hans síðustu 10 árin eru 100 þús. kr. Útkoman verður þannig: Honum reiknast 29 ára starfsaldur, sem gefur 48% af 100 þús. kr. eða 48 þús. kr. Hefði hann hins vegar hætt störfum eftir 19 ára skipstjórn og meðalárslaun hans verið 250 þús. kr., verður útkoman þannig: 28% eða 70 þús. kr. Enda þótt þetta dæmi sé aðeins tekið af togaraskipstjóra, á það einnig við um aðra yfirmenn á togur-

unum. Vér teljum nauðsynlegt, að ákvæði þessi verði endurskoðuð vandlega og það verði gert, áður en stór hópur nýrra félaga verði tekinn í sjóðinn.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, viljum vér leggja til, að hv. Alþingi fresti afgreiðslu þessa máls, meðan unnið sé að allsherjarlausn á vandamálum í sambandi við vernd lífeyrisréttinda, þegar skipt er um starf, og flutning þeirra milli sjóða, svo og að endurskoðun á framangreindum ákvæðum í lögum um lífeyrissjóð togarasjómannanna. Verði umrætt frv. hins vegar afgreitt sem lög, teljum vér óhjákvæmilegt, að gerðar verði á því allvíðtækar breytingar og skulu hér talin nokkur þau atriði, sem vér teljum nauðsynlegt, að verði breytt."

Síðan leggja þeir til, að fimm mjög þýðingarmiklum atriðum í frv. verði breytt, ef ekki verði orðið við aðalkröfu þeirra, sem er um það, að málinu verði frestað nú og þannig gefist lengra tóm til þess að athuga allt lífeyrissjóðsmál sjómannanna til næsta þings, en það er þeirra aðalósk. Verði það ekki ofan á, segja þeir, þá vilja þeir í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta, að þessi breyting verði gerð:

„Það verður að teljast óviðunandi réttindaskerðing að skylda alla undirmenn á farskipum til að ganga í hinn nýja sjóð, sbr. 3. gr. frv. Á þetta að sjálfsögðu fyrst og fremst við um þá, sem um fjölda ára hafa notið lífeyrisréttinda, en eiga samkv. bráðabirgðaákvæðum frv. aðeins að fá rétt í nýja sjóðnum frá 1. jan. 1959 að telja. Sem dæmi má nefna starfsmenn Olíufélagsins Skeljungs h/f og Olíuverzlunar Íslands h/f, sem sumir munu hafa öðlazt áratuga lífeyrisréttindi, en þar að auki munu bæði iðgjöld og hundraðshluti lífeyris þessara manna vera mun hærri en verða mundi í hinum nýja sjóði. Um alla þá sjóði, sem undirmenn á farskipum eru nú í, gildir það, að hundraðshluti lífeyris er hærri en í lífeyrissjóði togarasjómanna, og mun ábyrgð skipafélaga í sumum tilfellum vera nokkur trygging fyrir því, að þær bætur verði greiddar, jafnvel þótt sjóðirnir reynist ekki hafa fullt bolmagn til þess að standa undir þeim."

Þá er það önnur breyting: „Þótt svo virðist sem varðskip skuli teljast til farskipa samkv. 3. gr. frv., er rétt að taka af öll tvímæli og telja varðskip með í upphafi greinarinnar, enda eru það einungis undirmenn á strandferðaskipum ríkisins og varðskipum, sem hingað til hefur ekki verið hirt um að tryggja og fyrst og fremst gæti talizt ástæða til að taka með í hinn nýja sjóð, eða þá í annan stað leggja það fyrir Skipaútgerð ríkisins og stjórn varðskipanna, landhelgisgæzluna, að standa við gefin loforð um að tryggja þessa menn, sem sýnist nú líka vera fær leið."

Þriðja breytingin, sem Farmannasambandið leggur áherzlu á, er svo hljóðandi: „Vegna hins mikla fjölda yfirmanna, sem nú er í lífeyrissjóði togarasjómanna, svo og hins, að allir þeir, sem síðar verða yfirmenn á farskipum, verða samkv. frv. um skemmri eða lengri tíma félagar í hinum nýja sjóði, teljum vér óhjákvæmilegt, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eigi einnig fulltrúa í stjórn sjóðsins, sbr. 5. gr. frv." Það er þeim ekki tryggt í frv.

Í fjórða lagi: „Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir endurgreiðslu á iðgjaldahluta sjóðfélaga við úrgöngu, en án vaxta. Í mörgum lífeyrissjóðum, m. a. sumum þeim sjóðum, sem sjómenn eiga samkv. frv. að flytjast úr, eru hins vegar greiddir vextir, og ýtir það vafalaust undir, að menn geymi áunnin réttindi og láti fé sitt standa inni, þótt þeir taki upp annað starf um einhvern óákveðinn tíma. Teljum vér því ástæðu til að breyta þessu ákvæði."

Þá er það fimmta brtt. þeirra: „Í 19. gr. er gerður greinarmunur á flutningi eftir því, hvort flutt er í sjóð, sem stofnaður er með lögum, eða sjóð, sem viðurkenndur er af fjmrn. Tengsl sjómanna við lögboðna sjóði, svo sem lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og barnakennara, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra og alþingismanna, eru yfirleitt sízt meiri en við ýmsa aðra sjóði, og verður þessi greinarmunur því að teljast mjög vafasamur.

Virðingarfyllst,
f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Guðmundur Jensson.

Til heilbr.- og félmn. Ed. Alþingis."

Allar þessar umsagnir voru sendar Ed., og enginn tími vannst til þess í heilbr.- og félmn. Nd. að leita umsagna, hvorki sjómanna né neinna samtaka, varðandi þetta mál.

Ég fæ ekki annað séð en aðalkrafa Farmanna- og fiskimannasambandsins, sú, að málinu verði nú frestað, af því að margir meinbugir séu við þetta mál í þeim búningi, sem það er nú, hún sé eðlileg og sjálfsögð. Og hún er í samræmi við till. okkar, sem minni hl. skipum í hv. n. En ef knýja á málið fram, þá er sýnilegt, að ýmsar þær ábendingar, sem Farmanna- og fiskimannasambandið gerir í sínum fimm brtt., eru athyglisverðar og væru til lagfæringa og bóta og ættu því að takast til greina, og ég veit, að þær yrðu teknar til greina að meira eða minna leyti, ef málið gæti fengið þinglega meðferð, ef tóm ynnist til að athuga frv. og þessar tillögur. En það hefur ekki gefizt tími til þess, og þess vegna hefur hv. meiri hl. aðeins haft þann flaustursbrag á að leggja til, að málið sé bara samþykkt óbreytt nú. Það verður að viðurkennast, að það er ekki tími til neins annars, annaðhvort að víkja því frá eða fella það ellegar þá samþykkja það óbreytt, því að það er ekki tími til að vinna neitt að málinu.

Skipaútgerð ríkisins sendir hér einnig umsögn, og er sú umsögn aðallega um málfræðilegt atriði, um það, að þeir telji fara betur á því að nota orðið kaupskip eða kaupfar í staðinn fyrir farskip, sem sé ambögulegt nýyrði í málinu, og verður ekki sagt annað en það er málfræðileg ábending til bóta, en snertir ekki efni málsins. Jú, þeir eru heldur á því, að það beri að samþykkja þetta frv., einkanlega ef yrði breytt heitinu á farskipi í kaupfar eða kaupskip, það er aðalatriðið. Það er þó brtt. við það, meira að segja ekki hrein meðmæli, nema því verði svolítið breytt. Stundum eru brtt. okkar á Alþingi smávægilegs eðlis, og þær eru stundum um það að bæta málfar á frv. og þykir

ekkert hégómaatriði. Það er satt, það er ekki um sjálft efni tryggingarmálsins, en það er til bóta á frv. sjálfu og búningi þess.

Umsögn íslenzku landhelgisgæzlunnar er örstutt og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. 6. þ. m., sendi hv. heilbr.- og félmn. Ed. mér til umsagnar frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Í því sambandi vil ég levfa mér að benda á, að samkv. lögum um varðskip landsins er ætlazt til, að kaup og kjör skipverja á þeim séu í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins, og mun landhelgisgæzlan því fylgja þeim reglum, sem ákveðnar verða við þá stofnun, Skipaútgerðina. Hef ég nú þegar rætt við fulltrúa Skipaútgerðar ríkisins, herra hæstaréttarlögmann Ingólf Jónsson, um þessi mál og er m. a. samþykkur þeim skoðunum hans, að æskilegt væri, að allir starfsmenn stofnananna væru hjá sama lífeyrissjóði, t. d. lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem meiri hl. þeirra er nú þegar."

Þeir leggja til, að þessum tryggingamálum á varðskipunum og hjá Skipaútgerð ríkisins sé hagað á annan hátt en lagt er til í frv., nefnilega þann, að starfsmenn þessara fyrirtækja beggja væru tryggðir í sama lífevrissjóði, þ. e. a. s. lífevrissjóði starfsmanna ríkisins. Og tel ég nú, að það mæli ýmis rök með því, að starfsmennirnir hjá Skipaútgerðinni og landhelgisgæzlunni væru tryggðir í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Þá kemur að Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að lesa það allt, en niðurstöðu Vinnuveitendasambandsins hlýt ég að kynna, og hún er þessi:

„Í frv. felast ekki ný réttindi til handa undirmönnum á farskipum, þar sem þeir hafa frá 1. jan. 1959 notið lífevrissjóðsréttar í samræmi við ákvæði kaup- og kjarasamninga þar um. Í öðru lagi· Vér teljum rétt, að um mál sem þessi sé fjallað af aðilunum sjálfum með samningum, en að löggjafarvaldinu sé ekki beitt fyrir vagninn."

Þeir mæla því gegn afskiptum Alþingis af málinu. Þá segja þeir að lokum, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu teljum vér lagasetningu sem þessa óþarfa, þótt vér á hinn bóginn getum eftir atvikum sætt oss við þá skiptingu milli lífeyrissjóða, sem þar er ráðgerð. Að öðru leyti vísum vér um afstöðu vora til tillagna meiri hl. n., skipaðrar af félmrn. fyrri hluta árs 1959, til þess að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð bátasjómanna og farmanna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. til samninganefndar sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands, dags. 5. jan. 1959, þar var þó um málamiðlun að ræða, svo og til bréfs vors til félmrn., dags. 6. nóv. 1961.

Virðingarfyllst,
Vinnuveitendasamband Íslands,
Einar Árnason."

Hér er gerð grein fyrir því, að miðlunarleiðin, sem fundin var við lok samninga í ársbyrjun 1959, var á annan veg en hér er fjallað um í þessu frv. Og með bréfi Vinnuveitendasambandsins var einnig ráðgert, að þessum málum yrði hagað á annan veg en gert er í þessu frv., og þeir telja sem sé, að þessi lagasetning sé óþörf.

Þá kemur að Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þar er alllöng, ýtarleg umsögn líka. Ég skal aðeins lesa það, sem mér finnst vera niðurstaða hennar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því skoðun vor, að frv. það, sem hér um ræðir, sé óþarft og ekki til bóta, þar sem lífeyrisréttur þeirra manna, sem hér um ræðir, hefur þegar verið tryggður og aðeins mun vera eitt fyrirtæki, þ. e. Skipaútgerð ríkisins, sem vanrækt hefur að standa við þá samninga eða loforð, sem á sínum tíma voru gefin til undirmanna á farskipum. Vér höfum leitað til allra undirmanna á skipum vorum og kannað, hvort þeir mundu heldur kjósa að vera áfram í lífeyrissjóði SÍS eða í slíkum lífeyrissjóði, sem frv. gerir ráð fyrir. Í ljós kom, að yfirgnæfandi meiri hluti skipverja óskaði þess að vera áfram í lífeyrissjóði Sambandsins.

Meðan á undirbúningi máls þessa stóð, var leitað umsagnar vorrar og álits af herra ráðuneytisstjóra, Hjálmari Vilhjálmssyni. Vér greindum honum frá framanrituðu og lögðum fram ýmis rök máli voru til stuðnings. Þar sem vér gerum ráð fyrir því, að hv. heilbr.- og félmn. hafi frá ráðuneytinu borizt umsagnir þeirra aðila, sem sérstaklega var leitað til í sambandi við frumvarpsgerðina, teljum vér ekki ástæðu til að fara hér fleiri orðum um þetta mál.

Virðingarfyllst,
f. h. Sambands íslenzkra samvinnufélaga,
Skipadeildina,
Hjörtur Hjartar."

Hér er minnzt á umsagnir, sem hafa verið sendar, á meðan frv. var í smíðum, og gert ráð fyrir því, að hv. nefnd Alþingis fái þau rök og gögn í hendur. En hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki séð þessi gögn, og veit ég ekki, hvað í þeim felst, en þar virðist heldur hafa verið lagzt á móti frv. í þessum búningi. Og það er gert í þessari umsögn, eins og menn heyra. Menn telja, að vilji sjómannanna á farskipum Sambandsins sé sá að vera áfram í þeim lífeyrissjóði, sem þeir eru nú tryggðir í á vegum þess útgerðarfélags.

Nú hafa menn heyrt, hvernig hin ýmsu félagasamtök hafa snúizt við þessu frv. Og þegar frá er tekið Sjómannafélag Reykjavíkur og Sjómannasambandið, þá er yfirleitt um miklar brtt. að ræða, og Sjómannasambandið leggur líka til verulega, veigamikla breytingu, ellegar beint er lagzt gegn málinu eða talið algerlega óþarft að lögfesta það og lögð áherzla á, að það þurfi að athuga málið betur og fresta því til næsta þings.

Og nú kemur að skipshöfnunum. Það verð ég að segja, að svo eindregin mótmæli frá sjómönnum minnist ég ekki að Alþingi hafi borizt, nema út af árásinni á vökulögin. Þá kom fjöldi umsagna, mótmæla frá skipshöfnum á togurunum, í einu vetfangi og voru send Alþingi, og sýndi það, hversu vakandi togarasjómenn voru á verðinum, þegar átti að skerða mannréttindi þeirra hvað snerti hvíldartíma á togurunum. En þær umsagnir voru þó a. m. k. ekki fleiri en þær, sem drifið hefur að nú frá skipshöfnum í þessu máli. Ég mun ekki lesa öll þessi mótmæli, en

læt mér nægja að lesa þann texta, sem skrifstofa Alþingis hefur til skýringar á málunum ritað á umslög mótmælanna.

Hér er fyrst um að ræða mótmæli frá 6 skipverjum á m/s Drangajökli, sem eru félagar í lífeyrissjóðnum Skildi, lífeyrissjóði þess skipafélags, og óska þeir eftir því að vera áfram félagar í téðum lífeyrissjóði.

Næst eru hér mótmæli frá áhöfn b/v Hvalfells. Um það segir skrifstofa Alþingis: „Skipstjóri og áhöfn b/v Hvalfells tilkynna, að þeir séu allir andvígir aðild farmanna að lífeyrissjóði togarasjómanna.“ Þetta er birt í símskeyti frá 7. febr.

Áhöfn b/v Geirs skoraði á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Tilkynnt í símskeyti 6. febr.

Áhöfn b/v Hafliða skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeytið sent 7. febr. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann telji sig eiga langt í land með að ljúka þessu máli sínu, með því að liðið er að lokum fundartímans.) Ég get sagt hæstv. forseta það, að ég lýk máli mínu, þegar ég hef lesið tilkynningar skrifstofu Alþingis um þessi andmæli, sem hér hafa borizt, en það eru 2—3 línur, og þetta eru 12 mótmæli enn þá eða frá 12 skipshöfnum sent. Það eru 2—3 mínútur. (**Forseti:** Ég held, að það taki því þá ekki að biðja um frest.) Ég lýk máli mínu, þegar ég hef lesið þessi andmæli sjómannanna, tel þau vera þyngst á metunum. En út af orðum forseta vil ég segja það, að þetta er ekki mál mitt, þetta er mál hv. Alþingis, sem ég er hér að ræða.

Svo segir skrifstofa Alþingis:

Áhöfn b/v Hallveigar Fróðadóttur skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 8. febr.

Áhöfn b/v Skúla Magnússonar skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 6. febr.

23 skipverjar á b/v Marz skora á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Bréf 13. febr.

Áhöfn b/v Péturs Halldórssonar skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeytið sent 13. febr.

Skipverjar á b/v Fylki skora á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 6. febr.

Skipverjar á b/v Elliða skora á Alþingi að fella fram komið frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 6. febr.

Skipstjóri á b/v Jóni Þorlákssyni sendir ályktun áhafnar togarans, samþykkta með 28:2 atkv., þar sem skorað er á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Tilkynnt í símskeyti.

Áhöfn b/v Surprise skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 6. febr.

Skipverjar b/v Norðlendings skora á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 6. febr.

Skipshöfn b/v Maí skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Símskeyti 19. febr.

Áhöfn b/v Víkings skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Tilkynnt með bréfi.

Áhöfn b/v Kaldbaks skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þetta er tilkynnt með símskeyti 27. febr.

Að fenginni þessari vitneskju um afstöðu sjómanna og ýmist óskir um, að frv. sé fellt ellegar að því sé nú frestað og vísað til félmrn. í trausti þess, að rn. undirbúi málið betur, og sérstaklega með tilliti til þess, að myndaður verði sameiginlegur lífeyrissjóður bátasjómanna og togarasjómanna, leggjum við í minni hl. heilbr.- og félmn., hv. 4. þm. Reykn. og ég, til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að hæstv. félmrh. undirbúi fyrir næsta þing frv. til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð allra togarasjómanna og bátasjómanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Sigurðsson: Hæstv. forseti. Í framsöguræðu hv. 4. landsk. komu fram nokkur atriði, sem ég tel ástæðu til þess að leiðrétta, en áður en ég hef mál mitt, vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa borið mál þetta fram. Þetta er gamall óskadraumur sjómanna. Þetta er fyrsta skrefið í áttina til þess, að til megi verða sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn.

Hv. 4. landsk. vitnaði í umsagnir, sem borizt hafa hv. Alþingi um þetta mál, og það mátti skilja á orðum hans, að hann teldi, að allir sjómenn væru á móti þessu máli. Þetta er alrangt. Það kom fram við umr. í Ed. og mun að sjálfsögðu koma fram hér einnig, að þær samþykktir, sem borizt hafa frá togarasjómönnum, þeim togaraskipshöfnum, sem mótmælt hafa, að þetta frv. næði fram að ganga, eru á misskilningi byggðar. Um þær áskoranir frá togarasjómönnum má segja, að þær séu flestar líkar að orðalagi. Þeir minnast í mörgum símskeytum sínum á, að það sé óvíst, að um framhald togaraútgerðar á Íslandi verði að ræða, og þeir vilji þess vegna ekki hleypa öðrum inn í fjársterka sjóði, sem yrðu farmönnum einum til hagsbóta. Mér skildist helzt á hv. 4. landsk., að með því

að greiða atkv. með hinni rökstuddu dagskrá hans, þá væri verið að halda uppi togaraútgerð í þessu landi, en með því að samþykkja þetta frv., þá væri verið að undirstrika það, að togaraútgerð ætti ekki að halda áfram.

Nú vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, á hvaða misskilningi togarasjómenn hafa byggt mótmæli sín. Þeir hafa í fyrsta lagi ekki gert sér grein fyrir því, að af farmönnum er búið að taka til geymslu til væntanlegs lífeyrissjóðs þeirra greiðslur nú í nær 3 ár, sem þeir munu koma með inn í þennan sjóð. Í öðru lagi er frá tryggingafræðilegu sjónarmiði miklu hagkvæmara fyrir sjóðinn að hafa farmenn inni heldur en ekki. Það gerir, að slysahætta er miklu meiri á togurunum en á farskipunum, og bara frá því sjónarmiði er hagkvæmara fyrir þá að vera þar inni. Í þriðja lagi er hver maður skráður fyrir sínu innleggi, og eftir því sem þeir leggja í sjóðinn og atvinnurekendur fyrir þá, eftir því fá þeir greitt úr sjóðnum, þegar til lífeyrisgreiðslu kemur, þannig að þar verður ekkert frá togarasjómönnum tekið. Í fjórða lagi má geta þess, að með þessu, ef þetta frv. verður samþykkt, fá eldri farmenn sömu réttindi og eldri togaramenn fengu við samþykkt laganna um togaralífeyrissjóðinn, en ríkissjóður mun taka á sig þann kostnað, þannig að togaramenn munu ekki verða fyrir neinu tjóni af því heldur. Hins vegar verður ávinningur þeirra í því fólginn, að þeir fá stóran hluta stéttarbræðra sinna, undirmenn á farskipum, inn í sjóðinn með stórmikið fé með sér, og auk þess eru þessir farmenn stöðugasti hluti sjómannastéttarinnar í sinni atvinnugrein, og þar af leiðandi munu þær greiðslur, sem koma vegna þeirra frá atvinnurekendum, verða þær stöðugustu, sem sjóðurinn fær.

Hv. 4. landsk. fór mjög ýtarlega í eina umsögn, sem borizt hefur þinginu frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Hann orðaði það, áður en hann fór að fara í einstakar greinar þess álits, sem Farmannasambandið sendi, á þá leið, að undirmenn væru nú í lífeyrissjóðum með yfirmönnum. Þetta er alrangt. Þótt fé það, sem af þeim hefur verið tekið, sé geymt í sjóðum yfirmanna, þá er ekki þar með sagt, að þeir séu í neinum yfirmannasjóð. Og þá er kannske komið að einu meginefni málsins, og það er það, að farmenn telja sig ekki enn þá hafa fengið sinn lífevrissjóð, eins og þó samningar segja að þeir skuli vera búnir að fá.

Það má kannske fara aðeins aftur í tímann og benda á, að það var held ég fyrst árið 1957, sem kom fram formleg krafa frá farmönnum um það, að stofnaður yrði lífeyrissjóður fyrir þá, en það fékk mjög daufar undirtektir þá. En þegar næstu samningar voru gerðir við þá sumarið 1958, þá var þetta aftur á dagskrá, og þá gaf þáv. hæstv. sjútvmrh. munnlegt loforð fyrir skriflegu loforði um, að lífeyrissjóður farmanna yrði lögbundinn, ef ekki næðist samkomulag um reglugerð fyrir sjóð þeirra fyrir áramótin 1958 og 1959, en þá átti hann að taka til starfa. Það var samið um það, að samningaumleitanir skyldu fara fram á tímabilinu frá undirskrift samninga til áramóta. En hvernig sem á því stóð, þá varð tilraun til samkomulags ekki gerð, að mér hefur verið tjáð, af hvorugum aðila, og skriflegt loforð ráðherra hefur ekki sézt.

Síðan skeði það í þessu máli, að þáv. hæstv. forsrh., Emil Jónsson, skipaði 7 manna nefnd til að vinna að lífeyrissjóðsmáli allra sjómanna, og þessi nefnd var lengi að störfum. En það kom fljótlega upp ágreiningur innan hennar, sem reyndist útilokað að eyða, og nefndin klofnaði í tvo hluta, og skilaði hvor hlutinn sínu áliti í janúar—marz 1960. Um það leyti, sem þessi nefnd tók til starfa, var leitað álits farmanna um það, hvar þeir teldu sínum hagsmunum bezt borgið, sínum lífeyrissjóði. Þeir töldu, að sjálfsagt væri að fara inn á þá leið, að stofnaður yrði einn sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn, og byggðu það m. a. á því, að það væri ekki meðal neinna stétta þjóðfélagsins um jafnmiklar tilfærslur á milli vinnustaða og vinnuveitenda að ræða eins og meðal sjómanna. Og við þessari ósk hefur nú verið orðið að nokkru leyti með því, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt þetta frv. fram.

En svo að ég víki aftur að þeim umsögnum, sem hv. 4. landsk. vitnaði í, þeirri umsögn, sem Farmanna- og fiskimannasambandið sendi, þá virðast koma þar fram þau aðalrök, sem hægt er að tala um gegn þessu máli, svo að ég vil hafa sama lag á og hv. 4. landsk. og taka hverja grein fyrir sig.

Þeir segja réttilega, að megintilgangur frv. sé að sameina alla undirmenn á farskipum í einn lífeyrissjóð. Þeir benda á þann kost, sem þetta hafi í för með sér, að undirmenn geti flutzt á milli skipafélaga, án þess að nokkur þörf sé á því að flytja lífeyrisréttindi þeirra á milli, annars geti þau glatazt að einhverju leyti, eins og við því miður höfum mörg dæmi um í dag, og það er ein meginástæðan fyrir þeirri ósk farmanna, að þetta frv. er borið fram. Hún er sú, að þó að farmaður sé búinn að vinna sér lífeyrisréttindi hjá einu skipafélagi, við skulum segja í 7—8 ár, þá getur skipafélagið sagt honum upp starfi og þá glatar hann þeim lífeyrisréttindum, sem hann hefur innunnið sér á þessu árabili. Þá verður hann að taka til og fara að vinna sér inn ný lífeyrisréttindi hjá öðru skipafélagi, ef hann ætlar sér að halda áfram í þessari atvinnugrein.

Þá er annað, sem þeir virðast ekki hafa rekið augun í hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu, og það er einmitt það, sem er kannske einn meginkjarni þessa máls, og ég er ekki trúaður á það, að hv. 4. landsk. hafi heldur komið auga á þetta atriði, a. m. k. hefði hann þá ekki talað gegn þessu frv., því að ef það verður að lögum, þá er í því fólgin kjarabót fyrir farmenn, sem mun nema um 2—3%. Það er að vísu ekki bein kauphækkun, en um þessar prósentur mun greiðsla atvinnurekenda aukast í lífeyrissjóðinn, því að með frv. er ætlað, að farmennirnir fái greidd lífeyrissjóðstillög af heildarárslaunum sínum, en eins og er, eftir þeim samningum, sem gilda, þá fá þeir aðeins greitt af fastakaupi sínu, sem í flestum tilfellum er aðeins helmingur heildarlauna þeirra.

Það er alveg rétt, sem þeir benda á í þessu áliti sínu, Farmanna- og fiskimannasambandið, að það er mjög brýn nauðsyn, að það verði sett

löggjöf um það, að menn geti flutzt milli annarra sjóða og það sjóða, sem starfa meðal landverkafólks og eins meðal sjómanna. Sú löggjöf mun nú í endurskoðun, en ég fæ ekki séð þar nein rök fyrir því að stöðva framgang þessa frv. Það á alveg jafnmikinn rétt á sér fyrir það.

Í áliti Farmannasambandsins er bent á það, að yfirmenn á farskipum skuli vera áfram í sjóðum skipafélaganna. Og þeir benda jafnframt á, að algengt sé, að menn séu árum saman ýmist undirmenn eða yfirmenn, og þeir segja orðrétt, með leyfi forseta, að með samþykkt frv. mundi skapast glundroði og skriffinnska, sem nú á sér ekki stað. Þetta er alrangt. Það má telja á fingrum annarrar handar þau dæmi, að yfirmaður á verzlunarskipi verði undirmaður aftur. Þeir virðast hafa ruglað þarna saman því, sem skeður á togaraflotanum, en þar aftur á móti er það algengt, að menn verði jafnvel skipstjórar og séu svo orðnir hásetar í næstu ferð á eftir. En eins og ég segi, þá er þetta mjög sjaldgæft á verzlunarskipunum. En í frv. er einmitt getið um það, að allir undirmenn skuli vera í þessum sameiginlega sjóði, en þegar þeir verði skipaðir fastir yfirmenn, þá skuli þeir ganga inn í þá sérsjóði, sem skipafélögin hafi fyrir sína yfirmenn. Og þetta er beinlínis gert til þess, að þeir sjóðir veslist ekki upp og eyðileggist, en geti starfað áfram og fengið þann eðlilega þroska, sem þeir þurfa að fá með nýjum félögum.

Þeir benda á þann annmarka, sem ekki kemur náttúrlega við þessu frv., sem er á því, að lífeyrir togaramanna eða þeirra, sem eru í núgildandi togarasjóði, sé miðaður við síðustu 10 starfsárin, og þeir benda á það mjög réttilega, eins og ég gat um hér áðan, að einn maður geti starfað sem skipstjóri fyrstu 10 ár starfsævinnar á togara, en verið næstu 20 sem háseti og þá mundu eftir núgildandi lögum ekki verða tekin til greina nema 10 síðustu starfsárin. Með þeim breytingum, sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. Ed. lagði fram og voru samþykktar í hv. Ed., var einmitt komið á móti þessu sjónarmiði Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem á fyllilega rétt á sér, og ákvæði einnar greinarinnar breytt í þá átt, að þegar reiknaður sé út lífeyrir, þá skuli farið allt að 20 árum aftur í tímann, ef það sé hagkvæmara fyrir þann, sem lífeyri eigi að taka.

Þeir benda á atriði, sem hv. 4. landsk. dró einnig fram, að í því upprunalega frv., sem lagt var fyrir Alþingi, hafi ekki nægilega verið undirstrikað, að undirmenn á varðskipum mættu hafa aðild að þessu eins og aðrir farmenn. Þessu hefur einnig verið breytt í Ed. og þetta undirstrikað þannig, að nú leikur enginn vafi þar á.

Þeir benda jafnframt á, að það sé mjög óréttlátt, að Farmanna- og fiskimannasambandið eigi ekki aðild að stjórn sjóðsins. Eins og er á Farmanna- og fiskimannasambandið enga aðild að þessum sjóði. Með þeim áorðnu breytingum, sem urðu á frv. í Ed., hefur verið úr þessu bætt, og ef það verður samþykkt í þeirri mynd, sem það er nú, þá á Farmanna- og fiskimannasamband Íslands í fyrsta skipti aðild að þessari stjórn.

Það voru ekki önnur atriði, sem hv. 4. landsk. dró fram úr þessari umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins. En hann vitnaði í fleiri umsagnir. Hann vitnaði t. d. í umsögn Sjómannasambands Íslands og vildi láta liggja að því orð, að Sjómannasambandið væri jafnvel á móti þessu frv., eins og hann orðaði það. En í þessari umsögn mæla þeir fastlega með, að það verði samþykkt. Þeir benda hins vegar á, að það væri æskilegt, að eftir 30 ára starf yrði ellilífeyririnn 60% í stað 50%, eins og frv. gerir ráð fyrir, og það er enginn kominn til með að segja, að þegar næsta endurskoðun fari fram á þessum lögum af tryggingafræðingum, eins og frv. segir að eigi að gera, þá verði þetta hægt. Með því að taka farmennina inn á þessu stigi og með þeirri endurskoðun, sem þessi lög fengu að þessu sinni, hefur auðnazt að lækka árabilið, sem menn hafa orðið að greiða í sjóðinn til þess að fá fulla greiðslu, 50%, þá hefur tekizt að lækka það um 5 ár, og ef þetta frv. verður að lögum, þurfa þeir ekki að greiða í sjóðinn nema í 30 ár í stað 35 ára, eins og segir í núgildandi lögum.

Hann vitnaði einnig í ályktun Sjómannafélags Reykjavíkur. Þeir mæla með því, að þetta verði samþykkt.

Þá vitnaði hann í umsögn Skipaútgerðar ríkisins, og þeir mæla einnig með, að það verði samþykkt. En hann benti réttilega á það, hv. 4. landsk., að það eina, sem þeir fyndu að frv., væri, að notað væri orðið farskip í staðinn fyrir kaupfar.

Þá kom hann að umsögn íslenzku landhelgisgæzlunnar og fór nokkrum orðum um, að hv. forseti landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, teldi, að ekki ætti að samþykkja þetta frv., heldur væri æskilegra, að allir starfsmenn stofnananna væru hjá sama lífeyrissjóði, lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem meiri hl. þeirra er nú þegar. Um þetta er nú að segja það, að ég er anzi hræddur um, að nafni minn, framkvæmdastjóri landhelgisgæzlunnar, geri sér ekki grein fyrir því, að það á enn mjög langt í land, að þeir menn, sem eru nú í dag undirmenn á varðskipum ríkisins, verði fastir starfsmenn, eins og yfirmennirnir eru. Þeir eru fastir starfsmenn og njóta allra þeirra réttinda, sem fastir starfsmenn hins opinbera njóta. En þá undirmenn, sem eru skráðir á þessi skip, er hægt að reka burt með 7 daga fyrirvara. Áður en hægt væri að taka þessa menn inn í slíkan sjóð eins og lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, yrði að gera þá að föstum starfsmönnum ríkisins, sem út af fyrir sig mundi vera mjög skynsamleg leið. En áður en af því gæti orðið, þá yrði að endurskoða þau lög, sem í gildi eru um landhelgisgæzluna, um varðskip ríkisins. Ég er sannfærður um, að það gæti út af fyrir sig orðið til bóta fyrir okkar landhelgisgæzlu, því að þar eru allt of miklar breytingar á mönnum, eins og er, og ég geri ráð fyrir því, að þær séu ekki meiri hjá neinni útgerð hér á landi, þar sem farmenn eru að störfum, heldur en einmitt hjá landhelgisgæzlunni, og það kemur til af því, að þeir koma þarna mjög margir til þess að fá sér siglingartíma. Ég þekki fjöldann allan af ungum mönnum, sem byrja sína farmennsku á varðskipum ríkisins til þess að ná sér í sigl-

ingartíma, til þess að komast inn í stýrimannaskólann. Eftir að þeir hafa lokið námi þar, þurfa þeir að sigla á millilandaskipum um ákveðið tímabil, til þess að fá full réttindi sem stýrimenn, og því miður eru nú flestir þeirra, sem ílendast þar, þó svo að það komi alltaf til baka viss hundraðshluti, sem gangi upp í það að verða fastir yfirmenn á skipum landhelgisgæzlunnar.

Hann vitnaði í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, og undirstrikaði þau orð Vinnuveitendasambandsins, að þeir telja rétt, að um mál sem þetta sé fjallað af aðilum sjálfum með samningum, en löggjafarvaldinu ekki beitt fyrir vagninn. Öðruvísi mér áður brá, að hv. 4. landsk. skuli draga þetta fram sem meðmæli með máli sínu hér á hv. Alþingi. En þeir aftur á móti segja það í umsögn sinni, að þeir telji lagasetningu sem þessa óþarfa, vegna þess að þeir telji undirmenn á farskipum vera búna að fá þessi réttindi. Eins og ég tók fram í byrjun máls míns, telja farmenn þetta öðruvísi. Þeir telja, að þeir séu ekki búnir að fá neina lífeyrissjóði enn þá hjá sínum skipafélögum. Þeirra tillegg hefur verið tekið og lagt til geymslu hjá skipafélögunum. Í sumum tilfellum, eins og hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, hefur þetta verið sett inn með öðrum starfsmönnum og þeir gerðir að aðilum þess lífeyrissjóðs, sem þar er fyrir. Og hjá enn öðrum og þar á meðal Jöklum og minni skipafélögunum, þá hafa þeir gengið með sitt starfsfólk inn í lífeyrissjóðinn Skjöld. En þess er að geta, að í reglugerðum þessara sjóða er hvergi talað um undirmenn á farskipum. Ég hef hér t. d. reglugerð fyrir lífeyrissjóð Eimskipafélags Íslands. Þar eru taldir upp allir þeir menn, sem á skipinu eru, aðrir en undirmenn. Þar eru taldir upp skipstjórar, stýrimenn, brytar, vélstjórar, aðstoðarvélstjórar, loftskeytamenn og rafvirkjar. Þetta eru mennirnir á skipunum, sem eru taldir vera í þeim sjóði. Undirmenn eiga enga aðild að neinum lífeyrissjóðum í dag. Það eru yfirmenn, sem eiga aðildina frá launþegans hendi að þessum lífeyrissjóðum. Það má draga þetta saman í eitt og segja: Undirmenn hafa engan lífeyrissjóð.

Vinnuveitendasambandið bendir jafnframt á það, að þó að af samþykkt þessa frv. yrði, mundu ekki farmenn öðlast nein ný réttindi. Þetta er alrangt hjá Vinnuveitendasambandinu. Ef þetta frv. verður samþykkt, öðlast þessir menn þau réttindi, að þeir geta farið á milli skipafélaga, bæði að eigin ósk og ég tala nú ekki um, ef þeim er sagt upp starfi á einum staðnum, þá geta þeir án þess að stofna sínum lífeyrissjóðsinnistæðum í hættu farið og hafið vinnu hjá öðru skipafélagi og samt haldið sínum lífeyrissjóðsréttindum. Og þetta er eitt aðalatriði fyrir því, að farmenn leggja mjög mikla áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga.

Í umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga kemur það fram, að þeir telja þetta frv. óþarft, og þeir vitna til þess, að þeir hafi leitað fyrir sér um skoðanakönnun undirmanna á farskipum þeirra. Mér finnst það nú vera nokkuð að fara aftan að hlutunum, þegar atvinnurekandi í þessu tilfelli er að leita fyrir sér um, hvað launþegi sá, er vinnur hjá honum, vilji í þeim málum eða hafa um stjórn þeirra mála, sem hann hefur áunnið sér og það með verkföllum, og satt að segja finnst mér jafnt í þessu sambandi eins og um umsögn Vinnuveitendasambandsins, að nú séu aðrir tímar en verið hafa, þegar forseti Alþýðusambandsins dregur þetta fram, slík atriði, til þess að mæla gegn því, að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil aðeins geta þess í sambandi við þessa umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga, að ef þetta frv. verður samþykkt, þá fá þeir undirmenn, sem hjá því félagi starfa og eru í þeirra sjóði í dag, ekki aðeins sitt lífeyristillegg, þegar að því kemur, heldur fá þeir fullan rétt, þeir fá fullar bætur úr hinum almennu tryggingum, sem þeir hafa ekki í dag, verandi í lífeyrissjóði Sambands ísl. samvinnufélaga. Þar að auki hafa þeir menn, sem koma til með að eiga aðild að togarasjóðnum, fullan rétt til lána úr húsnæðismálastofnun ríkisins. Þótt þeir gætu fengið lán úr þessum togarasjóði, þá mundi það ekkert skerða rétt þeirra til þess að fá slík lán hjá húsnæðismálastofnuninni. Það er ýmislegt fleira, sem að baki þessu felst, heldur en bara það, að þetta sé 2—3% kjarabót fyrir þessa undirmenn á farskipum.

En í sambandi við þessa könnun, sem þeir telja sig hafa haft á meðal sinna manna, vil ég geta þess, að þegar mál þetta fyrst var á döfinni, þá var höfð skoðanakönnun meðal allra farmanna, og þá var yfir 90% þeirra, sem mælti með, að þessi leið yrði farin. Hins vegar kemur í ljós núna eftir a. m. k. þessari umsögn þeirra útgerðarmanna, sem reka skip Sambandsins, eða þess aðila, Skipadeildarinnar, að þar séu einhverjir, sem ekki vilji í dag fara þessa leið. Þetta kemur einnig fram frá 6 skipverjum á Drangajökli, sem óska eftir því að vera áfram félagar í lífeyrissjóðnum Skildi. Það er mjög eðlilegt, ef einhverjir ákveðnir aðilar hafa annaðhvort fengið eða eiga von á ákveðnum fríðindum úr þeim sjóðum. En það er ekki um aðra en þessa tvo að ræða, eins og ég tók fram áðan, meðal undirmanna á farskipum. Ef þeir eiga von á eða hafa fengið einhver fríðindi úr þessum sjóðum, þá er eðlilegt, að þeir vilji halda í þau, vitandi ekki um það, að hverju þeir gangi í hinum nýja sjóði, ef að lögum verður.

Hann lauk ræðu sinni með því að rekja öll mótmælin frá togarasjómönnum. Ég hef þegar getið um það, að ég telji þau flest á misskilningi byggð. Hins vegar veit maður nú, hverjir standa fyrir þessum mótmælum, geri ég ráð fyrir. Það hefur komið fram í umr. hér á hv. Alþingi, hverjir hafa haft á móti þessu. Hann jafnaði þeim mótmælum á við mótmælin gegn tilmælunum um vökulagabreytinguna, sem ég vil nú alveg mótmæla, því að þau mótmæli, sem berast gegn þessu frv. og hafa borizt, hafa borizt á fjórum mánuðum, en þau mótmæli hrönnuðust upp á örfáum dögum og sýndu hinn virkilega hug sjómanna til þeirra fyrirhuguðu breytinga.

Hann lauk máli sínu með því að segja, að að fenginni þessari vitneskju sjómanna legði hann til, að hans rökstudda dagskrá yrði samþykkt, þar sem aðeins yrði stofnaður lífeyrissjóður fyrir togarasjómenn og bátasjómenn. En sem

sagt, hans skoðun var sú, að það ófremdarástand, sem ríkt hefur í lífeyrissjóðsmálum undirmanna á farskipum, ætti að halda áfram að vera við lýði, en því vil ég alveg mótmæla.

Ég vil, um leið og ég lýk máli minu, endurtaka þakkir mínar til ríkisstj. fyrir að hafa borið þetta frv. fram, og ég vil mjög æskja eftir því, að hv. alþm. verði við óskum sjómannasamtakanna um að samþykkja þetta frumvarp.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. frsm. minni hl. nefndarinnar, hv. 4. landsk. þm., þykir mér rétt að segja hér nokkur orð um meðferð málsins í heilbr.- og félmn.

Eins og kunnugt er, var fundur hér í þessari hv. deild í gær eftir hádegi, og strax og þessu máli hafði verið vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn., þá boðaði ég fund í n., að loknum fundi í Nd. Ég gerði ráð fyrir, að þeim fundi yrði lokið fyrir klukkan fjögur, eins og venjulega er. Það varð þó ekki. Klukkan fjögur óskaði ég því eftir því, að nm. gætu komið saman hér í hliðarherbergi til þess að ræða málið, og það er rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að þar var málið rætt nokkuð undir þeim óvenjulegu aðstæðum, að nefndarmenn urðu að hverfa til atkvgr., þegar hringt var af hæstv. forseta. En hann lét hins þá ekki getið, að n. hélt áfram fundi og umr. um málið, eftir að deildarfundi var slitið, eins og til hafði verið boðað. Það kom þó strax fram ósk um það frá hv. minni hl. að fresta þessu máli, vegna þess að hér lægju fyrir mörg gögn, sem þyrfti að athuga, og það gæfist varla tími til þess að lesa frv., hvað þá að lesa öll þessi gögn. Óskað var þá eftir því að fresta fundi til kl. 10 í dag. Þá komu jafnframt fram mótmæli um það frá öðrum aðilum að fresta fundinum, vegna þess að þeir gætu þá ekki mætt heldur í morgun kl. 10, svo að það var sýnilegt, að það var ekki hægt að finna nægilegan tíma til þess að ræða málið ýtarlega, eins og venjulega er rætt um meðferð þingmála, á þeim tíma fyrir hádegi í dag. Ég gerði þá þá till. sem form. n. að halda áfram umr. um málið í gærkvöld og alla nótt, ef þyrfti með, til þess að ljúka málinu. En þá komu fram alls konar athugasemdir, m. a. frá hv. 4. landsk., sem þá hafði ekki tækifæri til þess að vera svo lengi á nefndarfundi. Hvort það hefur nú verið af því, að hann hefur fyrr þekkt slík vinnubrögð frá minni hálfu, þar sem nefndarfundir hafa verið haldnir á næturnar, skal ég ekki segja um. En ég féllst á till. hans og tók athugasemdir hans til greina og ákvað því að láta ljúka afgreiðslu málsins í gær. En áður en ég tók þá ákvörðun, spurði ég ýtarlega um það, hvort það væri möguleiki að fá samkomulag um málið milli allra nm., ef nægur tími gæfist til umræðna, t. d. öll nóttin, og n. þá geta skilað sameiginlegu áliti. Það kvað hv. minni hl. ekki hægt, og þegar svo var komið, kvaðst hann ekki geta fylgt meiri hl. Þetta væri svo viðamikið mál, að hann gæti ekki fylgt neinu öðru en að vísa málinu frá til frekari rannsóknar, því að það gæfist enginn tími til að athuga það, sem breyta þyrfti hér, og þess vegna væri ekkert um það að tala að fá sameiginlegt nál. Og þá sá ég ekki ástæðu til þess að vera að draga lengur afgreiðslu málsins.

Nú kemur líka annað til í sambandi við afgreiðslu þessa máls, sem ekki kom fram hjá hv. frsm. minni hl., þ. e. að þetta mál er engan veginn illa undirbúið, hefur heldur ekki fengið lélega meðferð í þinginu. Í fyrsta lagi er málið borið fram sem stjórnarfrv. Það hefur lengi verið undirbúið af hæstv. ríkisstj., sem kastar ekki höndum að undirbúningi mála, áður en þau eru sett inn í þingið, og er að vænta, að þaðan komi mál allt öðruvísi og betur undirbúin heldur en venjulega hjá einstökum þm., sem ekki hafa sömu aðstöðu til að láta undirbúa mál, m. a. sérfræðinga til að láta undirbúa mál o. s. frv. Í öðru lagi hafði málið verið til meðferðar í Ed. mikið til allan þingtímann. Hefur verið leitað umsagnar ýmissa manna og málið rætt mjög mikið, m. a. í báðum stjórnarflokkunum, allt þingið, svo að málið var vel kunnugt öllum þm.

Mér þykir einkennilegt, ef hv. 4. landsk. hefur verið svo ókunnugur þessum skjölum, sem hér liggja fyrir, að hann hafi þurft að taka sér þess vegna langan tíma til þess að athuga málið. Það þykir mér hálfótrúlegt, heldur sé eitthvað annað, sem liggur á bak við. Ég vildi í sambandi við þetta benda á, að þetta er ekkert nýtt. Ég minnist þess, að þegar afgr. voru lögin um almannatryggingar 1946, þá var það verk allt gert í hv. heilbr.- og félmn. hv. Ed. og svo að segja öll vinnan fór þar fram og málið samþ. hér af hv. Nd. eins og það kom frá Ed., en það hafði að vísu verið haft samráð við ýmsa þm. um þær ýmsu breytingar, sem komu, og það rætt í flokkunum o. s. frv., svo að þetta er ekkert nýtt. Sama var með launalögin 1956. Þau voru að öllu leyti svo að segja afgr. hér í hv. Nd. og undirbúið þar að öllu leyti, og hv. Ed. hafði sáralítið með málið að gera, annað en að þm. vissu, hvaða breytingar voru gerðar o. s. frv. Þetta er því ekki nein ný meðferð mála. Þetta vildi ég hafa sagt í sambandi við afgreiðslu málsins.

Um sjálft málið skal ég ekki ræða mjög mikið. Það hafa bæði gert hv. frsm. og hv. 12. þm. Reykv. En ég vil þó benda á í sambandi við þetta mál, að það eru raunverulega ekki neinar aðrar verulegar breytingar frá því, sem nú er, annað en hér eru sameinaðir tveir lífeyrissjóðir, sem eru nokkurn veginn jafngamlir. Og af þeim ummælum, sem hér eru, sé ég ekki að sé minnsta ástæða til þess að fresta frv., vegna þeirra mótmæla, sem koma í sambandi við sameininguna út af fyrir sig. Og þetta er höfuðatriði málsins. Um allar aðrar athugasemdir, sem fram hafa komið, sýnist mér, að það sé hægt að koma fram síðar meir með breytingar á l., ef það þykir eðlilegt í sambandi við breytta staðhætti. Hér er ekki verið að semja neina stjórnarskrá, rjúfa þing og láta fara fram nýjar kosningar. Af þeim ástæðum sýnist mér ekki þurfa að fresta frv. Og mér sýnist, að mikið af því, sem gert er hér í þessu máli, sé til stórkostlegra bóta, sameiningin sé til stórkostlegra bóta fyrir þessa aðila, eins og hefur komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. og hv. 12. þm. Reykv., og það sé eitthvað annað, sem vakir fyrir hv. minni hl., heldur en að hugsa um velferð þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, að fá málinu frestað nú, og

þess vegna sé ekki ástæða til þess að fresta málinu. Ég tek undir það, að þess vegna verði málið afgr. nú á þessu þingi.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram strax, að ég er algerlega mótfallinn þeirri afgreiðslu á frv. á þskj. 190, sem meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. mælir með.

Lögin um lífieyrissjóð togarasjómanna voru á sínum tíma mikið baráttumál togarasjómanna yfirleitt. Málið náðist fram vegna eindreginnar baráttu þeirra og var á þeim tíma, þegar það varð að lögum, eftir því sem ég man bezt, skoðað sem einn þáttur í þá nýgerðum kjarasamningum þeirra. Á móti þessu frv. hafa borizt mótmæli frá miklum fjölda togarasjómanna. Það þýðir ekkert fyrir hv. 12. þm. Reykv. að mæla á móti því, að mikill fjöldi togarasjómanna hefur mælt á móti frv. og telur það vera mjög óhagstætt fyrir sig, að aðrir aðilar gerist aðilar að lífeyrissjóðnum en þeir, sem nú eru fyrir. Þetta er staðreynd, sem liggur hér skjallega fyrir.

Þá hafa enn fremur borizt mótmæli frá fleiri aðilum en togarasjómönnum, og má þar m. a. benda á eftirtalda aðila: Íslenzka landhelgisgæzlan mælir á móti því, Samband ísl. samvinnufélaga mælir á móti frv., og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælir enn fremur á móti samþykkt frv. Í sumum mótmælum, sem borizt hafa frá áhöfnum á togurunum, er bent t. d. á það, að frv. sé fram borið án þeirra vitundar og án nokkurs samráðs við þá og í fullri óþökk allra togarasjómanna. Aftur eru til aðilar, sem hafa mælt með frv., m. a. Sjómannafélag Reykjavíkur og Sjómannasambandið. Annar þessara aðila mælir þó með allmikilli breytingu, m. a. um það, að rétt sé, að greiðslur til þeirra, sem í sjóðnum eru, hækki úr 50% í 60, það er allmikil breyting, sem væri náttúrlega full ástæða til að taka til athugunar.

Í frv. er t. d. ekkert um það, að bátasjómenn skuli verða meðlimir í lífeyrissjóðnum. Það var þó vitað, að fulltrúar sjómannanna, sem um málið hafa fjallað, voru því mjög meðmæltir, að stofnaður yrði lífeyrissjóður bátasjómanna, annaðhvort sem deild í lífeyrissjóði togarasjómanna eða sem sérstakur sjóður. Í frv. er ekki eitt einasta orð um slíkt — alls ekki. Það er alveg gengið fram hjá því. Þess í stað er svo lagt til, að sjóðurinn verði sameiginlegur fyrir togarasjómenn og undirmenn á farskipum. Eftir þeim mótmælum, sem borizt hafa frá togarasjómönnum, eru þeir því algerlega andvígir. Það er náttúrlega mála sannast, að togarasjómenn og undirmenn á farskipum hafa yfirleitt ekki margt sameiginlegt. Kjör þeirra eru mjög ólík, og ekkert liggur fyrir um það eða ég hef a. m. k. ekki orðið þess var, að það liggi neinar sérstakar áskoranir frá undirmönnum á farskipum, þar sem þeir hafa óskað eftir þeirri tilhögun á þessu máli, sem frv. gerir ráð fyrir. Hitt hefði mér fundizt miklu eðlilegra, að þeir, sem stundað hafa atvinnu á farskipum, hefðu stofnað sinn sérstaka lífeyrissjóð á líkum grundvelli og lífeyrissjóður togarasjómanna er. Þetta hefur ekki verið gert, og skal ég ekkert um það ræða hér, hverjum það er að kenna, að ekki hefur verið farið inn á þá braut. Sjálfsagt eru sjómenn á farskipum allra góðra gjalda verðir, og það, að togarasjómenn vilja ekki fá þá til að verða aðila í sama sjóði, er ekki af því, að það sé nein sérstök andúð á móti þeim, sem sigla á farskipum. Það kemur allt annað til, sem hefur reyndar verið bent á af öðrum en mér. En stærsta gallann við þetta frv. tel ég þó vera þann, að bátasjómenn verða eftir sem áður útilokaðir frá lífeyrissjóðnum, sem þó var það, sem fulltrúar sjómannasamtakanna lögðu mest upp úr að yrði sett inn í lögin, svo framarlega sem lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna yrði á annað borð breytt.

Ég tel það mestu fjarstæðu að samþykkja þetta frv. gegn eindregnum mótmælum mikils meiri hluta starfandi togarasjómanna á flotanum hér.

Ég vil svo að lokum aðeins leyfa mér að benda á, að nú stendur yfir verkfall hjá togarasjómönnunum. Ég fullyrði, að afgreiðsla þessa frv. muni á engan hátt stuðla að lausn þeirrar deilu, heldur alveg þveröfugt. Það hefði mátt ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði eitthvað gert til þess, að hægt yrði að leysa togaradeiluna á viðunandi hátt og það fyrr en síðar. En því miður hefur ekkert fram komið, sem bendir til þess, að svo verði núna á næstunni. Það er í sjálfu sér mjög alvarlegt mál, að allur togaraflotinn skuli vera bundinn við festar í höfnum inni. Þó er það kannske enn þá alvarlegra, að margt bendir til þess, að togaradeilan verði ekki leyst fyrr en eftir marga mánuði, þ. e. a. s. svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. kemur ekki með einhverjar þær tillögur til lausnar deilunni, sem báðir aðilar gætu við unað. Það er rétt samt að taka það fram, að ríkisstj. hefur flutt hér frv. um aðstoð við togarana, en það er líka ekki hægt að ganga fram hjá því, að eigendur togaranna telja þá aðstoð allt of litla og hún getur að þeirra dómi engan veginn verið nægileg til þess, að þeir geti mætt þeim kröfum, sem togarasjómennirnir hafa gert til skipaeigendanna.

Ég vil nú mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að deilan leysist á þann veg, að báðir aðilar geti vel við unað. Það er mjög alvarlegt, að svo stór og fullkomin framleiðslutæki sem togararnir eru skuli liggja bundin í höfnum inni, vegna þess að togaraeigendurnir sjái sér ekki fært að bjóða þeim mönnum, sem á þeim vinna, viðunandi kjör. Um þetta er deilan. Og eins og stendur virðist enginn grundvöllur vera til staðar til þess að ræðast við, hvað þá meira. Svo alvarlegt er málið. Það má vel vera, að úr þessu rætist á næstunni, og það mundu engir fagna því meira en við, sem erum í þessari deilu eða höfum mætt þarna til samninga við togaraeigendur. Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að ég óska eftir því og vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að taka þetta mál til nýrrar yfirvegunar og reyna að finna einhverja þá lausn, sem báðir aðilar gætu við unað. Það er ábyggilega öllum fyrir beztu, að þessi deila leysist og það sem fyrst. Hér er allt of mikið í húfi, til þess að hægt sé að horfa á 30—40 skip bundin, skip, sem veittu s. l. ár um 600 millj. kr. í gjaldeyri. Það munar um minna. Og ég hafði haldið, að jafnvel þótt talið sé, að gjaldeyrisaðstaða Ís-

lands við útlönd hafi batnað á undanförnum árum, þá veiti ekki af þeim gjaldeyri, sem togaraflotinn hefur skapað á undanförnum árum og mun koma til með að skapa, svo framarlega sem deilan verður leyst, auk þess sem hér er um að ræða stórt hagsmunamál fyrir togarasjómenn.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það hafa orðið allnokkrar umr. um málið, síðan ég talaði hér síðast.

Vil ég fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ). Hann ræddi einkum um meðferð málsins hér í deild og í hv. heilbr.- og félmn. Hann hnekkti engu af því, sem ég hafði sagt um þá vinnuaðstöðu og þau vinnubrögð, en rakti í raun og veru miklu ýtarlegar en ég gerði, hversu starfsaðstaðan var gjörómöguleg til þess að vinna nokkuð að því að kynna sér málið. Út í þetta fór hann í einstökum atriðum miklu nákvæmar en ég gerði, og gerði þannig þeim hv. fáu þdm., sem hér eru nú, enn betur ljóst, að vinnuaðstaðan var engin. Það er auðvitað ekki hægt að ætla þm. að starfa í nefnd samtímis því, sem deildarfundur starfar og menn eru af nefndarfundinum kallaðir oftar en einu sinni til atkvgr., setjast síðan niður aftur og fást við málið, þangað til aftur er kallað til atkvgr., allra sízt þegar um er að ræða frv., sem er mjög langt og ýtarlegt, um vandasamt mál, eins og tryggingamálin yfirleitt eru. Þetta frv. er hvorki meira né minna en í 24 löngum greinum auk efnismikils bráðabirgðaákvæðis, og því fylgdu margvísleg gögn og umsagnir og mótmæli í stríðum straumum. Það er ekki hægt að vitna til þess, að þm. eigi að kynna sér málið, meðan það er til meðferðar hjá hinni þingdeildinni. Þá er verið að vinna að lausn þess þar, og við kynnum okkur ekki yfirleitt í annríki þingsins þau mál, sem þar eru til meðferðar, reiknum að sjálfsögðu með því, að það komi tli okkar deildar og fari í nefnd og verði þar athugað, til þess gefist fyllilega tóm. Til þess eru tvær þingdeildir og nefndarmeðferð mála í báðum deildum. Það eru því engin rök, þegar sagt er, að menn hefðu átt að vera búnir að kynna sér málið, meðan það var til meðferðar í hv. Ed. Það er ætlazt til þess, að við, sem eigum sæti í hv. Nd. Alþingis, fáum alveg eins aðstöðu til þess að starfa að málunum í deild og í nefnd, og á því eigum við þinglegan rétt.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, hann spurðist fyrir um, hvort það væri ekki þegar hægt að komast að niðurstöðu um það á þessum slitrótta fundi, að annar hlutinn vildi samþykkja málið óbreytt, og hinn vildi vísa því til hæstv. ríkisstj. til þess að vinna betur að málinu til næsta þings og samræma þau mismunandi sjónarmið, sem blöstu við okkur í gegnum umsagnir og mótmæli, sem nú höfðu borizt. Málið varðar tvo aðila. Málið varðar togarasjómenn, sem eiga sinn lífeyrissjóð, og þeir mótmæla. 16 togaraskipshafnir mótmæla frv., vilja láta fella það meira að segja. Og hinn aðilinn er Farmannasambandið, og það mótmælir, fer fyrst og fremst fram á það, að málinu verði frestað núna og athugað betur til byrjunar næsta þings, og á það fellst minni hl. heilbr.- og félmn. og biður um, að málinu sé nú vísað frá og til hæstv. heilbr.- og félmrh., ekki til þess að leggjast á málið, heldur til þess að vinna betur að lausn þess og samræma þær mismunandi óskir, sem nú hafa komið fram. Það er um það að ræða að fresta afgreiðslu í rúmlega hálft ár og búa málið betur úr garði.

Það er sagt hér af hv. 1. þm. Vestf., að þetta sé stjfrv. og þá þurfi ekki vitnanna við, stjfrv. séu vel undirbúin. Stjfrv. eru rétt upp og ofan undirbúin, sum vel, sum illa, sum alveg eins illa og frv. frá einstökum þm. Það gefur enga tryggingu. Þetta frv. er náttúrlega þannig til komið, að hæstv. ríkisstj. hefur sjálfsagt ekki samið það sjálf, heldur þeir aðilar, sem út af fyrir sig vildu fá málið afgreitt nú í þessum þrönga stakki. Þeir hafa búið til frv. um að skella lífeyrissjóði togarasjómanna og lífeyrissjóði undirmanna á farskipum saman í einn sjóð, og það er sambræðsla þeirra ákvæða, sem gilda um þessa tvo sjóði, sem birtist í þessu frv. Hæstv. ríkisstj. hefur svo tekið að sér, — ég veit ekkert, að hve vandlega athuguðu máli frá fleiri sjónarmiðum, — að flytja málið sem stjfrv. En svo mikið er víst, að þannig hefur til tekizt, að togarasjómenn, sem eru annar meginaðilinn að málinu, mótmæla, og Farmanna- og fiskimannasambandið mótmælir að hinu leytinu. Það hefði mátt vænta mótmæla frá þriðja aðilanum, sem hefur vilyrði, ég vil segja allt að loforð fyrir því, að unnið verði að uppbyggingu sameiginlegs lífeyrissjóðs fyrir bátasjómenn og togarasjómenn, en frv. hreyfir ekki við lífeyrissjóðsmáli bátasjómannanna, og það er ekkert atriði um það í þessu frv. Með því að lesa 3. gr. frv. kemur það berlega í ljós, að þetta frv. ætlar ekki á nokkurn hátt að skipta sér af lífeyrissjóðsmáli bátasjómannanna. Sú grein er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzk farskip eða íslenzka togara, nema yfirmenn á farskipunum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem útgerðarfélög farskipa eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum."

Í upphafi greinarinnar eru aðeins nefnd íslenzk farskip og togarar, en það vantar þarna vitanlega að búa bátasjómönnunum hinn sama rétt. Það er ekki vansalaust af Alþingi að taka þetta mál fyrir á þennan hátt, sem gert er hér í flaustri á seinustu dögum þings, og taka ekki þetta baráttumál bátasjómannanna með. Liggi farmönnum og togarasjómönnum mjög mikið á þessari sambræðslu þeirra lífeyrissjóða, þá liggur bátasjómönnunum sannarlega ekki minna á að fá lífeyrissjóðsréttindi, sem þeir hafa ekki. Og það væri þá að mínu áliti nokkru viðfelldnari aðferð, að sambræðslan á þessum tveimur sjóðum, sem nú eru fyrir, bíði til næsta hausts og athugað væri sérstaklega um málstað bátasjómannanna á þessum mánuðum, þangað til næsta þing kemur saman. Það á ekki að ganga fram hjá þeirra rétti í þessu máli.

Við skulum líta á, hvernig lífeyrissjóður togarasjómannanna er til kominn. Hann er til kominn á þann hátt, að það var gefið um það

vilyrði í lok deilu, að stofnað skyldi til lífeyrissjóðs fyrir sjómenn. Þetta mál var svo undirbúið af nefnd, og út úr því nefndarstarfi komu lögin um lífeyrissjóð togarasjómanna. En bátasjómennirnir hafa sífellt hamrað á, að sú breyting yrði gerð á lífeyrissjóði togarasjómanna, að bátasjómenn, sjómennirnir á íslenzka bátaflotanum, fengju einnig aðild að þessum sjóði. Og hvers vegna er gengið fram hjá því atriði, það skil ég ekki. Auk þess ber 3. gr. það með sér, að ef þetta frv. er afgreitt, þá er hinn mesti glundroði og ringulreið ríkjandi í þessum málum. Farskipahásetarnir og togarahásetarnir verða aðilar að einum og sama sjóði, en yfirmenn strandferðaskipanna í eigu ríkisins og varðskipanna verða tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og einstakir sjóðir verða hjá hverju skipaútgerðarfélagi áfram. Þetta er vitanlega ekkert skipulag og allra sízt þegar fjölmennustu stétt sjómannanna vantar þá alveg lífeyrissjóðsréttindi.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það væri ólíklegt, að ég hefði verið ókunnugur skjölunum, sem fylgdu málinu. En samt sem áður er það svo, að ég hef ekki kynnzt innihaldi þeirra og ekki þekkt neitt til þeirra fyrr en ég sá þau á nefndarfundinum, og mér gafst ekki tóm fyrr en nú undir þingstörfum í dag að lesa þau yfir. Ef hv. þm. meinar með þessu, að Alþýðusambandið muni hafa kallað fram þessi mótmæli, þá er það alger misskilningur. En hv. 12. þm. Reykv. var líka að láta eitthvað liggja að því, að þessi mótmæli mundu vera pöntuð frá sjómönnunum. Ekki eru þau frá Alþýðusambandi Íslands pöntuð, ekki geta þau verið það frá Sjómannasambandi Íslands, ekki frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vilja þessa lausn á málinu, og ekki frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Og frá hverjum þá? Vitanlega eru þetta mótmæli, sem eru komin frá sjómönnunum sjálfum á togurunum. Og það er svo kröftuglega gert, að það eru heilar skipshafnir yfirleitt, langmestur hluti þessara mótmæla er þannig, að það eru heilu skipshafnirnar. Á nokkrum stöðum er hins vegar sýnilegt, að skipshöfn hefur rætt málið, og það eru eitt eða tvö atkv. á móti. En frá þessum 16 skipshöfnum togara er að langmestu leyti um mótmæli heilla skipshafna að ræða. Og ég sagði því: Slík mótmæli hafa ekki borizt frá sjómönnum á þessu þingi í neinu máli nema út af árásinni á vökulögin. Og það er rétt. Hér væri því alveg óneitanlega verið að afgreiða mál gegn vilja sjómanna annars vegar á togurunum og gegn vilja Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Hv. 1. þm. Vestf. hélt því fram, að slík málsmeðferð, sem fyrirhuguð er á þessu frv., væri ekki ný hér á Alþingi. Það er e. t. v. hægt að finna þess einhver dæmi, að eitthvert mál hafi orðið fyrir jafnóþinglegri meðferð og þetta. En dæmin eru sem betur fer ekki mörg. Þetta er með fádæmum. Og um deilumál, þá er ekki hægt um það að deila, að það er óvenjuleg meðferð á viðkvæmu deilumáli og óæskileg meðferð á viðkvæmu deilumáli, mjög óæskileg. Ég held, að það sé ekki rétt að breyta lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem orðið hafa til sem samkomulagsmál upp úr vinnudeilum í því formi, sem frá þeirri löggjöf hefur verið gengið, og ganga svo í skrokk á þessari löggjöf og gjörbreyta henni undir mótmælaskothríð frá togarasjómönnum annars vegar og sterkum andmælum frá farmönnum og samtökum þeirra hins vegar. Ég veit þá ekki, hvað eru óæskileg vinnubrögð, ef ekki þetta, þegar enginn maður á Alþingi leggst á móti því, að breytt sé fyrirkomulagi og lagaákvæðum um lífeyrissjóðsréttindi sjómannastéttarinnar, heldur einmitt lýst trausti á hæstv. félmrh. og þar með ríkisstj. í því efni að taka þetta mál til gaumgæfilegrar yfirvegunar nú milli þinga og hafa lokið betra undirbúningsstarfi til þess að samræma hin ólíku sjónarmið hinna ýmsu starfshópa sjómannastéttarinnar fyrir næsta þing. Það er hér engin tilraun til þess gerð að koma þessu máli fyrir kattarnef, heldur eingöngu verið að biðja um það, að unnið sé að málinu á þann hátt, að samkomulag geti fengizt um það, og nógur tími til þess að vinna það í það form, koma því í þann búning, að sjómannastéttin í heild geti við unað. En meira að segja þessi afstaða minni hl. hv. heilbr.- og félmn. fær óblíðar viðtökur, og meiri hl. vill á ekkert annað sættast en að hamra málið í gegn undir mótmælum frá báðum þeim aðilum, sem málið varðar, á seinustu dögum þingsins.

Ég gat ekki að mér gert, að mér stökk bros og það háðsbros meira að segja, þegar hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan: Lögunum mætti þá breyta síðar, því að þetta er þó engin stjórnarskrá. — Mikið var. Það má segja um hver einustu lög, sem við fáumst við að setja hér á Alþingi, við þurfum þá ekkert að vera að vanda til þeirra, þetta er engin stjórnarskrá, það má breyta þeim síðar. Við getum kastað til þess höndum. Við getum farið á móti vilja þeirra manna, sem við lögin eiga að búa í þetta sinn, af því að það er hægt að breyta þeim síðar. Hvílík fásinna er þetta! Þegar við vitum um andspyrnu þeirra manna, sem við lögin eiga að búa, áður en við afgreiðum þau, eigum við þá ekki að athuga okkar mál og gera okkur grein fyrir því, hvort ekki sé réttara að taka tillit til þessara óánægjuradda og þessara mótmæla og andmæla? Ég held það. Og það geta svo sannarlega komið á agnúar síðar og orðið þörf breytinga, þó að Alþingi vandi í hverju máli sem allra bezt sína afgreiðslu, því að reynslan ein er hinn ólygni dómari um það, hvernig löggjöfin gefst í sérhverju tilfelli. Við eigum því í þessu tilfelli sem öðrum að vanda sem bezt afgreiðslu málsins. Það er ekkert tóm til þess í lok þessa þings að gera það á þann hátt, að málið sé kannað til hlítar og hin ólíku sjónarmið borin saman né fundnar leiðir til þess, hvernig eigi að leysa málið, og þess vegna er engin fær sómasamleg leið önnur en sú að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. til aðgerða, til þess að hún leggi fram frv. um málið í upphafi næsta þings.

Hv. 1. þm. Vestf. lauk ræðu sinni á því að segja, að hann sæi enga ástæðu til að hverfa frá því ráði að samþykkja frv. nú óbreytt. Með þessu segir hv. þm. það raunar skýrt og skorinort, að hann sjái ekki minnstu ástæðu til að taka mark á mótmælum sjómanna og hann sjái ekki heldur neina ástæðu til að taka tillit til

andmæla Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Hann vill ekki heldur taka mark á ummælum Vinnuveitendasambands Íslands, sem segir, að það sé alls óþarft að setja þessa löggjöf, — með öllu óþarft, segir það samband. Samband ísl. samvinnufélaga er á sömu skoðun og Vinnuveitendasambandið. Þeir segja, að það sé ekki ástæða til þess fyrir mig t. d. að taka tillit til þessara aðila. En fyrir þá, hina hv. herrana, er það engin ástæða fyrir þá að hlusta eftir því, hvað Vinnuveitendasamband Íslands segir, þegar báðir aðilarnir rökstyðja sitt mál? Nú, eða Farmanna- og fiskimannasamband Íslands? Það er ekki góð latína að koma hér og segja: Allir þeir, sem eru á móti þessu máli og afgreiðslu þess nú, hafa bara misskilið málið, gersamlega misskilið málið allir saman. Það er ekki nema einn eða tveir aðilar, sem hafa skilið málið. — Meira að segja ef þetta væri rétt, þá væri fyllilega ástæða til þess, að menn fengju meira tóm til þess að hugleiða málið, til þess að setja sig inn í það, svo að það yrðu fleiri en tveir aðilar, sem skildu það. Nei, hér er á hinn mikli ljóður, að annar aðilinn, sem málið varðar, togarasjómennirnir sjálfir, þeir eru á móti afgreiðslu málsins nú og hafa leitt rök að sinni afstöðu. Hinn aðilinn, Farmanna- og fiskimannasambandið, er einnig ákveðinn á móti málinu, biður í fyrsta lagi, að því sé frestað, en ef frestun fáist ekki, þá leggi þeir til, að málinu sé breytt í fimm veigamiklum atriðum. Og í þriðja lagi vantar öll ákvæði um að taka sjómenn bátaflotans með í þetta tryggingakerfi. Meira að segja Sjómannasamband Íslands, sem mælir með frv. að meginefni, leggur til, að veigamikil breyting verði á því gerð. En það er ekki tekið til greina, að sjómennirnir fái 60% lífeyrisréttindi í staðinn fyrir 50%, þegar þeir hafa verið 30 ár við sjómennsku. Á þessa till. þeirra er ekki heldur hlustað.

Hv. 12. þm. Reykv. (PS) rakti andmælin gegn frv. nokkuð svipað og ég gerði, en lét þó alltaf í leiðinni orð falla um það, að ég hefði ekki skýrt þar rétt frá. Hann sagði t. d., að af mínu máli hefði mátt ætla, að ég teldi alla sjómenn andvíga frv. Ég lagði á það engan dóm. Ég sagði aðeins það, sem hér lá fyrir skjallega, að skipshafnir 16 togara hefðu andmælt, og lét engin orð um hitt falla, hver mundi vera afstaða annarra sjómanna, sem hefðu ekkert látið til sín heyra. En svo mikið er víst, að engar áskoranir hafa borizt frá togarasjómönnum til Alþingis um að samþykkja málið. Sjómannafélag Reykjavíkur, þ. e. a. s. stjórn þess og aðalfundur, sem oft er að langmestum hluta skipaður fyrrv. sjómönnum, þeim sem eru komnir í land fyrir löngu eða fyrir stuttu, það gerði samþykkt um að skora á Alþingi að samþykkja frv. En svo komu mótmælin frá togaraskipshöfnunum, og þarna sýnist mér vera bil á milli félagsforustunnar, félagsfundar í landi og aftur togarasjómannanna, því að vafalaust, þegar þeir vissu um afstöðu aðalfundar Sjómannafélags Reykjavíkur, hefðu þeir, sem voru þeirrar skoðunar, sagt til sín líka. þegar þeir sáu, að heilar skipshafnir sendu sín mótmæli. Þögn þeirra finnst mér því fremur benda til þess, að þeir séu ekki mjög ákafir um framgang málsins.

Þessu næst lagði hv. 12. þm. Reykv. megináherzlu á það, að andmælin væru byggð á misskilningi. Það er lítt hugsanlegt, að sjómenn hafi ekki skilið, hvað í þessu máli felst, því að það er einfaldlega þetta eina atriði, að lífeyrissjóður togarasjómanna, sem hóf störf 1958, verður nú sameiginlegur lífeyrissjóður, ef þetta frv. verður samþykkt, með lífeyrissjóði farmanna. Þessum tveim sjóðum verður slengt saman með þessari löggjöf. Hún er soðin upp úr gildandi ákvæðum um báða þessa sjóði. Þetta hlýtur togarasjómönnum að vera ljóst, og þessu eru þeir að andmæla. Þeir vilja ekki taka þennan þátt málsins út úr, að sjóðir undirmanna á farskipum og lífeyrissjóður togarasjómannanna séu gerðir að einum sjóði.

Við í minni hl. heilbr.- og félmn. tökum ekki nærri því eins djúpt í árinni og togarasjómennirnir, sem vilja láta fella frv. Við ráðleggjum, að fram komnum þessum fjöldamörgu mótmælum togarasjómannanna og ákveðnum andmælum Farmanna- og fiskimannasambandsins, að málið fái rýmri tíma til afgreiðslu og að hæstv. félmrh. sé falinn framhaldsundirbúningur málsins. Það er vingjarnleg afstaða, þegar stjórnarandstaðan leggur slíkt til, því að vissulega er ríkisstj. sýnt traust í framhaldsmeðferð málsins af okkar hendi.

Hv. 12. þm. Reykv. skýrði frá því, að það væri forsaga þessa máls, að skipuð hafi verið nefnd til þess að vinna að undirbúningi að lífeyrissjóðsmáli allra sjómanna. Þetta er alveg rétt. Og þar með var alveg sérstaklega átt við, að bátasjómennirnir ættu að vera með í þeim lífeyrissjóði, ættu að fá réttindi, en það hefur ekki fengizt. Og hv. þm. sagði líka í framhaldi af þessu: Nú hefur verið orðið við þessu að nokkru leyti. En það er ekki á þann hátt að taka bátasjómennina með, heldur aðeins að hinu leytinu, að taka undirmenn farskipanna með inn í lífeyrissjóð togarasjómannanna, og það er ákaflega skammt skref, en meginatriðinu látið ósinnt.

Ég hef áður vikið að því í tilefni af ummælum hv. 1. þm. Vestf., og ég vík aftur að því í tilefni af ummælum hv. 12. þm. Reykv., að það er ástæða til þess að láta sér ekki úr minni falla upphaf þessa máls. Upphaf þessa máls er, eins og ég áðan sagði, það, að það var sætzt á að koma á lífeyrissjóði fyrir alla sjómenn. Á fyrsta stiginu fékkst ekki fram annað en lífeyrissjóður togarasjómannanna, og þeirri löggjöf tel ég varhugavert að breyta án samráðs við togarasjómenn. Það var einmitt Vinnuveitendasamband Íslands, sem vék að þessu, að það væri æskilegra að leysa þessi mál, a. m. k. á undirbúningsstigi, með samkomulagsleiðum samtakanna, atvinnurekendasamtakanna og stéttarsamtakanna, og þannig var grundvöllur málsins lagður, og segir þess vegna, að það sé ekki æskilegt að láta löggjafarvaldið nú grípa inn í málið. Ég hef engan veginn þá afstöðu til vinnuveitendasamtakanna í landinu, að ég eigi alltaf að vera á móti því, sem þau segja. Ég tek iðulega tillit til þess, sem þau segja. Og í þessu máli er ég þeim sammála um, að eins og upphaf og tildrög þessa máls eru, þessu máli hefur verið þokað áfram sem samkomulagsmáli at-

vinnurekendasamtaka og verkalýðssamtaka, að því leyti er óheppilegt að beita löggjafarvaldinu fyrir vagninn öðruvísi en að fengnu fullu samkomulagi milli þessara aðila.

Mér heyrðist ekki betur en hv. 12. þm. Reykv. álasaði mér fyrir að hafa skýrt frá öllum umsögnum, sem borizt höfðu um málið, jafnt þeim, sem voru meðmæltar málinu, og þeim, sem voru andvígar því. Ég dró þar auðvitað ekkert undan. Ég hafði enga heimild til þess að þegja um ummæli Vinnuveitendasambandsins og Sambands ísl. samvinnufélaga né Skipaútgerðar ríkisins. Ég taldi alveg sjálfsagt, hvort sem ég lagði mikið eða lítið upp úr þessum umsögnum, að gera meginniðurstöðu þeirra allra skil, láta það koma í ljós, að Sjómannasamband Íslands óskaði eftir því, að málið yrði afgreitt, en jafnframt, að á því væri gerð ein mikilsverð breyting, að Sjómannafélag Reykjavíkur mælti hispurslaust með samþykkt málsins, að Skipaútgerð ríkisins setti sig ekki á móti því, að því er snertir tryggingahliðina, en hinir aðilarnir væru allir á móti. En ég neita því ekki, að ég legg langmest upp úr kröftugum andmælum togarasjómannanna sjálfra og tel, að þau fái mjög ákveðinn stuðning með eindreginni andspyrnu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands líka, og fæ þá ekki skilið, hvað rekur svo hart á eftir út frá einhverjum öðrum sjónarmiðum, að það sé óaðgengilegt að fresta málinu í nokkra mánuði og freista þess að laða öflin, sem við löggjöfina eiga að búa, betur saman. Nú eru þau tvístruð, nú eru þau margklofin í afstöðunni til málsins, í þessu formi, sem frv. er, það er hverjum manni ljóst. Og að stofna til tryggingalöggjafar fyrir sjómannastéttina gegn hennar vilja, það held ég að sé ekki viturlegt. Það verður áreiðanlega engin endanleg lausn á málinu, það verður þá aðalvonin, eins og hv. 1. þm. Vestf. benti á, að það verði hægt að breyta lögunum seinna. En hvaða bót er að því að gera nú breytingu á þessum lögum á þann hátt, að maður veit, að þeir, sem við eiga að búa, eru andvígir því frá báðum hliðum?

Ef þetta mál verður nú afgreitt, þá má sérhverjum þm., sem hefur kynnt sér málið, — þeir eru sjálfsagt ekki margir, sem hafa fengið neina aðstöðu til þess að kynna sér málið, því að það hefur verið rætt að flestum þm. fjarstöddum og í nefnd fékk það enga athugun, — að þá er verið að afgreiða þetta mál sjómannastéttarinnar gegn andmælum mjög verulegs hluta togarasjómannanna. Það er og vitað, að það er ekki á nokkurn hátt gripið á tryggingamálum bátasjómannanna, að málið hefur enn fremur fengið andmæli vinnuveitendasamtakanna og það hefur fengið kröftugleg mótmæli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Undir þessari aðstöðu leggjum við í minni hl. hiklaust til og teljum okkur hafa rétt fyrir okkur í því, að málinu verði nú frestað og því vikið til hæstv. heilbr.- og félmrh., til þess að hann athugi þessi andstæðu sjónarmið og vinni upp úr þessu frv. frumvarp, sem móti heildarlöggjöf um lífeyrissjóðsmál sjómannastéttarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 809 felld með 17:10 atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGb, BGr, BF, BBen, GJós, EmJ, EystJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, JóhH, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH.

ÞÞ, EðS, EOl, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, SkG greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÞ, BK, BFB, BP, GíslG, IngJ, IG, JP, KGuðj, LJós, SÁ, SI) fjarstaddir.

2.—24. gr. ásamt bráðabirgðaákvæðum samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JR, MÁM, ÓTh, PS, AGb, BGr, BF, BBen, GJós, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, RH.

HÁ, HS, HV, JSk, SkG, ÞÞ, EðS, EOl, GeirG, GJóh greiddu ekki atkv.

13 þm. (IngJ, IG, JP, KGuðj, LJós, SÁ, SI, ÁÞ, BK, BFB, BP, EystJ, GíslG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 765, n. 809).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, AGb, BGr, BF, BBen, GJós, EmJ, EystJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GÞG, RH.

JSk, SkG, ÞÞ, EðS, EOl, GeirG, GíslG, GJóh, HS, HÁ, HV greiddu ekki atkv.

10 þm. (IG, JP, KGuðj, LJós, SI, ÁÞ, BK, BFB, BP, IngJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 833).

---

75. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Á 44. fundi í Ed., 9. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, nr. 35 12. febr. 1940 [141. mál] (þmfrv., A. 274).

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 15. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um breyt. á l. nr. 35 frá 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og er flutt af heilbr.- og félmn. að tilmælum borgarráðs Reykjavíkur.

Lögin nr. 35 frá 1940 fjalla um skipun og hlutverk heilbrigðisnefnda og efni heilbrigðissamþykkta. 8. gr. þeirra fjallar um viðurlög við brotum gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tæka tíð fyrirmælum gefnum samkvæmt henni. Skv. þessari lagagrein má ákveða mönnum sektir, sem geta numið allt að 5 þús. kr., og einnig er í þessari sömu lagagrein heilbrigðisnefnd heimilað að láta vinna verk, sem hún hefur fyrirskipað, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið eða láta vinna það. Á báðum þessum leiðum, sem heilbrigðisnefndum eru þarna heimilaðar til þess að halda mönnum til hlýðni við fyrirmæli sín, eru annmarkar í framkvæmd. Á sektaleiðinni, sem auk þess er seinfarin, er sá annmarki, að í ýmsum tilfellum nær hún ekki tilgangi sínum hreinlega vegna þess, að hinn brotlegi getur séð sér hag í óhlýðni sinni, þótt greiða þurfi sekt, vegna þess að óhlýðnin gefur honum möguleika til ábata, sem gerir meira en að vega á móti sjálfri sektinni. Hinni aðferðinni, að láta vinna verk á kostnað þess vinnuskylda, hefur mjög sjaldan verið beitt hér í Reykjavík t. d., og mér þykir trúlegt, að henni hafi enn sjaldnar eða kannske yfirleitt ekki verið beitt utan Reykjavíkur, enda er sú aðferð mjög þung í vöfum. Og út af fyrir sig má líka segja, að það sé óæskilegt, að heilbrigðisnefndir standi í framkvæmdum fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, ef hægt er að afstýra slíku með öðrum ráðum.

Sú aðferð, sem oftast er beitt til þess að halda mönnum til hlýðni við fyrirmæli heilbrigðisnefnda og vænlegust er til árangurs, er lokun eða hótun um lokun, og þó er sú leið ekki einhlít. Það er oft, sem alls ekki er hægt að beita henni, við skulum segja t. d. að loka fyrirtækjum, sem veita almenningi þjónustu, jafnvel öryggisþjónustu, sem ekki kemur til mála að niður megi falla, og því líkt.

Með þessu frv. er lagt til, að auk þeirra ráðstafana, sem ég áður nefndi, verði einnig heimilað að beita dagsektum, allt að 1000 kr., til þess að halda mönnum til hlýðni við samþykktir heilbrigðisnefndar eða þvinga þá til hlýðni og að þeim fylgi lögtaksheimild. Dagsektir renni í bæjar- eða hreppssjóð eins og aðrar sektir samkvæmt þessari sömu lagagrein, og það verði lagt á vald heilbrigðisnefndar að ákveða mönnum slíkar dagsektir. Öll rök virðast hníga að því, að sú aðferð geti orðið fljótvirk og vænleg til árangurs, þar sem aðrar aðferðir henta ekki.

Sú heimild, sem þarna er farið fram á til handa heilbrigðisnefndum með frv., á sér að því leyti fordæmi í íslenzkri löggjöf, að þess eru ýmis dæmi, að yfirvöldum sé veitt heimild til að beita dagsektum til þess að þvinga menn til hlýðni við lögmætar ákvarðanir sínar. Hliðstætt dæmi virðist það t. d. vera, þegar húsaleigunefnd var á sínum tíma veitt heimild til þess í húsaleigulögunum frá 1943 að skylda húseiganda að viðlögðum dagsektum til að taka upp aftur fyrri afnot húsnæðis til íbúðar, ef hann hafði heimildarlaust tekið það til annarrar notkunar. Auk þess eru mörg dæmi þess, að yfirvöld geta ákveðið mönnum dagsektir vegna vanrækslu á lögboðinni skýrslugjöf. Má t. d. nefna það dæmi, að samkv. lögunum um þjóðskrá 1956 getur hagstofan þröngvað mönnum með dagsektum til þess að láta tiltekin gögn í té, og mörg önnur dæmi mætti nefna.

Í grg. með frv. er að því vikið, að ef húseigandi hefur að engu bann heilbrigðisnefndar við útleigu á óhæfu íbúðarhúsnæði, lætur ekki sektarákvæði hindra sig, þar sem ábati af leigutekjum gerir meira en vega á móti hugsanlegri sektargreiðslu, þá er ekki framkvæmanlegt að loka slíkum íbúðum, a. m. k. ekki til lengdar, og það er í rauninni fyrst og fremst þetta vandamál, sem var haft í huga, þegar óskað var eftir, að þetta frv. væri flutt, þótt hins vegar dagsektarákvæði samkvæmt því sé ekki einskorðað við útleigu á óhæfum íbúðum. Í þessu sambandi má minna á það, að Reykjavíkurbær hefur á undanförnum árum haft með höndum miklar íbúðabyggingaframkvæmdir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Þegar fólk flytur í þær íbúðir úr óhæfu húsnæði, reynist oft erfitt að fyrirbyggja það, að hið óhæfa húsnæði sé leigt út aftur þrátt fyrir bann heilbrigðisnefndar. Verði þetta frv. hins vegar að lögum, ætti ákvæði þess að geta orðið verulega að liði í baráttunni fyrir útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Frv. er flutt af nefnd, og geri ég því ekki till. um vísun til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 61., 62., 63., 65. og 66. fundi í Nd., 8., 9., 12. og 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 274, n. 351).

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk borgarráðs Reykjavíkur. Með því er stefnt að því að auðvelda framkvæmd samþykkta heilbrigðisnefnda. M. a. eru sektir verulega hækkaðar og einnig leyfðar allháar dagsektir, ef samþykktum er ekki hlýtt eða þær brotnar. Heilbr.- og félmn. d. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 351).

---

76. Eyðing svartbaks.

Á 23. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) [88. mál] (þmfrv., A. 127).

Á 30., 33. og 40. fundi í Nd., 5. og 12. des., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Við höfum þrír þingmenn hér í hv. deild leyft okkur að flytja á þskj. 127 frv. um breyt. á lögum frá 1936 um eyðingu svartbaks. Frv. þessa efnis fluttum við á síðasta þingi. Það frv. var samþ. hér í hv. Nd. og einnig, að ég ætla, í hv. Ed. við tvær umræður, en dagaði síðan uppi, enda var þá orðið áliðið þings, þótt almennt fylgi virtist vera fyrir því í báðum deildum, að frv. væri samþykkt. Ég segi, að frv. sé sama efnis, en skylt er þó að geta þess, að við höfum leyft okkur í tillögum okkar að hækka ofur lítið skotmannslaun, og er það vegna þess einkum, að við höfum fengið nýjar upplýsingar um verð á skotfærum, sem verður að taka til greina í sambandi við þetta mál.

Í gildi eru nú lög frá 1936 um eyðingu svartbaks, en ákvæði þessara laga eru orðin algerlega úrelt, m. a. vegna breytts verðlags, og lögin bera engan árangur, nema þeim sé breytt. Nú má vera, að einhverjum hv. þingmönnum þyki og þó sérstaklega kannske einhverjum öðrum, sem eru ekki þessu máli kunnugir, að hér sé um smámál að ræða, hvort fleira sé eða færra af þessari fuglategund. En það er nú ekki svo, að það sé smámál. Hér er um allstórt mál að ræða. Hlunnindi af æðarvörpum hafa frá öndverðu verið töluverð hér á landi og oft svo mikil, að verulega hefur gætt í útflutningi landsmanna, en nú í seinni tíð hafa æðarvörpin yfirleitt mjög rýrnað. Ég man sérstaklega eftir einu æðarvarpi, einu af stærstu æðarvörpum landsins, sem ég hafði allmikil kynni af um eitt skeið, þegar ég var unglingur. Þetta æðarvarp gaf þá af sér, að því er mér var tjáð, fyllilega 200 kg af æðardún hreinsuðum. Nú mun dúnninn úr þessu varpi ekki nema meira en ¼ hluta þess magns. Það er almennt álitið, að svartbakurinn valdi miklu um rýrnun æðarvarpanna. Þetta er hin mesti vargur í æðarfugli. Hann situr fyrir æðarungunum, þegar þeir koma frá varplöndunum út í ósana eða út fyrir fjöruborðið, og gleypir þá í sig. Það er þeim minnisstætt mörgum, sem það hafa séð. Það er eiginlega furðulegt, hvað þessi fugl getur látið ofan í sig í einu af æðarungunum, og mun óhætt að segja, að það komi oft fyrir, að hann gleypi í einu það, sem af kemst úr heilu æðarhreiðri, og stundum meira, og af því geta menn gert sér í hugarlund afleiðingarnar og hvílíkur vágestur hann er fyrir æðarfuglastofninn.

Margir hafa trú á því, að ef lögunum væri breytt, þannig að það yrði til nokkurs að vinna að leggja sig eftir því að eyða þessum vargi, mundu menn sinna því og mundi takast að ná þar árangri. Auðvitað verður það að segjast, að það er alltaf leiðinlegt að gera ráðstafanir til þess að útrýma eða fækka einhverri tegund í ríki náttúrunnar. En það er nú svona, að tilvera þessa fuglastofns hefur í för með sér minnkun á öðrum, svo að það er þá verið að hlúa að lífi á öðru sviði, jafnframt sem þessu er útrýmt, og þar sem æðarfuglinn er, þar er um mjög nytsaman fuglastofn að ræða fyrir landið, eins og ég hef áður vikið að.

Það hafa sumir haft þá trú, að ef tækist að vernda æðarfuglastofninn og ef tekin væri upp skipulagsbundin ræktun æðarfuglsins og æðarvarpanna, þá mætti ef til vill ná miklu meiri árangri, þannig að æðarvörpin yrðu fleiri og stærri en þau hafa nokkurn tíma verið í landinu. Sumir ala í brjósti svipaðar vonir um árangur af ræktun æðarfugls eða æðarvarpa eins og af fiskrækt í vötnum. Ég skal ekkert um það fullyrða. En ég er einn af þeim, sem hafa sterka trú á því, að hér sé hægt að ná töluverðum árangri og auka framleiðslu þessarar ágætu og dýru vöru, sem æðardúnninn er, og sömu skoðunar ætla ég að meðflutningsmenn mínir að þessu máli séu, — þeir eru báðir mjög kunnugir þessum málum, — og svo er um marga fleiri þingmenn. Og um hv. Ed. er mér kunnugt, að þar eru menn, sem hafa mjög mikinn áhuga á þessu máli og við höfum rætt málið við nú, áður en við fluttum frv. En það varð að samkomulagi, að málið skyldi flutt í þessari hv. deild.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 332).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Svo sem sjá má af nál. landbn. á þskj. 332, leggur n. til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt. Frv. gerir ráð fyrir tveimur breytingum á l. nr. 66 frá 1936, um eyðingu svartbaks. Önnur breytingin er fólgin í því, að skotmannslaun hækki allverulega og verði 12 kr. fyrir hvern skotinn svartbak og greiðist helmingur þeirrar upphæðar úr ríkissjóði, en hlutaðeigandi sýslusjóður og sveitarsjóður greiði hinn helminginn, sinn fjórðung skotmannslaunanna hvor. Hin breytingin er um sektarákvæði 5. og 6. gr. l., og er gert ráð fyrir í frv., að sektir tífaldist. Þá er gert ráð fyrir því, að ráðherra setji reglugerð samkvæmt lögunum, og er hægt að setja inn í þá reglugerð ákvæði um sönnunarskyldu þeirra, sem verðlauna krefjast fyrir skotinn svartbak, og annað, sem þurfa þykir varðandi framkvæmd þessara laga. Þrátt fyrir þá hækkun á skotmannslaunum, sem frv. gerir ráð fyrir, vorum við í landbn. ekki svo mjög trúaðir á, að svartbaknum yrði að nokkru verulegu marki haldið í skefjum með skotum. Sú var einnig skoðun dr. Finns Guðmundssonar, forstöðumanns Náttúrugripasafns Íslands, en hann kom á fund nefndarinnar og ræddi við hana um málið, og þá skoðun sína byggði hann á þeirri reynslu, sem fékkst á árunum 1942—1954 á eyðingu svartbaks með skotum, en á því 13 ára tímabili voru greidd samkv. tímabundnum lögum frá 1941 talsvert hærri skotmannslaun en lögin frá 1936 gerðu ráð fyrir. En svo sem sjá má af fskj. með nál., voru á þessu tímabili greidd skotmannslaun fyrir 42792 svartbaka, og taldi dr. Finnur Guðmundsson það mjög lítinn hluta þeirrar mergðar, sem er af þessum fugli við strendur landsins.

Mál þetta var einnig til meðferðar hér í hæstv. Alþ. á síðasta þingi, og þá skilaði landbn. þessarar deildar áliti um málið. Í því nál. er bent á, að það væri æskilegt að fela sérfróðum mönnum athugun á því, hvort ekki muni unnt að framkvæma eyðingu svartbaks með einhverjum áhrifameiri ráðum en ætla má að skotaðferðin reynist. Ýmsar þjóðir munu kunna til þess fleiri ráð að varna offjölgun veiðibjöllunnar og annarra mávategunda henni skyldra, sem skaða gera, og ólíkt mannúðlegri ráð en eitrunin er, — en hér á landi hefur varpbændum verið heimilað að eitra fyrir svartbak, en sú aðferð hlýtur ávallt að vera óæskileg að mínu áliti og raunar hættuleg fleiri dýrum en ætlað er að útrýma með henni. Það þyrfti því að athugast, hvort við gætum ekki eitthvað lært af öðrum þjóðum í þessum efnum. Ef við gætum fundið haldkvæm ráð til þess að fækka svartbaknum og halda fjölgun hans í skefjum, þá mundi það vafalaust verða til eflingar þeirri skemmtilegu og arðsömu búgrein, sem æðarvarpið er.

Þess er að vænta, að þetta frv. stuðli nokkuð að því að efla æðarvarpið í landinu, og þess vegna leggur landbn. til, að frv. verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og þar sem nm. eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, þá er það von okkar, að það geti fengið greiða afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 407).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um eyðingu svartbaks er einungis breyting á lögum um það efni frá 1936, sem að sjálfsögðu eru löngu úrelt að því er snertir allar tölur í þeim lögum. Þetta eru aðeins heimildarlög um það, að sýslunefndir geti gert samþykktir um það að eyða svartbak á tilteknum svæðum, og gert ráð fyrir því, að framkvæðið komi þó frá sveitarstjórnum á viðkomandi stöðum.

Útgjöldum vegna þessara aðgerða er skipt þannig, að ¼ greiðist úr sveitarsjóði, ¼ úr viðkomandi sýslusjóði og helmingur frá ríki. Þó að þessi breyting verði gerð á lögunum nú, þá mundi hún aldrei valda ríkissjóði nema mjög óverulegum útgjöldum, vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir, að heimildar verði leitað um þetta nema úr tiltölulega fáum byggðarlögum.

Sú sorglega reynsla, að því er varðar viðhald og ég tala nú ekki um aukningu á æðarvarpi hér á landi, hefur orðið nú um langan tíma eða síðan um aldamót, að æðarvörp hafa minnkað, eftir því sem skýrslur um dúntekju segja til um, um rétt að segja helming. Og aðalástæðan til þess, að æðarvörp haldast ekki við, hvað þá aukast, sem þau raunar ættu að gera, þar sem þessi fugl er alfriðaður og hefur lengi verið,

mun vera sú, hvað svartbakur liggur í unganum og einnig í eggjunum, og honum fer mjög fjölgandi, nú látlaust hin síðari ár. Það er eitt stórt vandamál, hvernig við því eigi að snúast að fækka svartbaknum, því að það virðist vera útilokað mál að auka hér nytjar af æðarvarpi, ef svo fer fram, eins og farið hefur, að svartbaknum fjölgi látlaust. Þessi breyting á lögunum er á engan hátt róttæk, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að þær aðgerðir, sem þar er gert ráð fyrir, geti valdið því að fækka svartbak. Hins vegar tel ég, að þessi lög gangi í rétta átt að því leyti, að á vissum stöðum er hægt að halda svartbaknum niðri, að halda honum frá æðarvörpum með því að hafa menn, ráðnar skyttur, til þess að verja vörpin á tilteknu tímabili. En það, sem svartbakurinn gerir mest til skemmda í æðarvörpum, er það, að hann lepur upp ungann, þegar hann er nýkominn úr eggjunum og er enn lítt sjálfbjarga, og t. d. við árósa situr hann fyrir æðarkollunni, þegar hún fer út með ungana, í hópum og tínir upp svo að segja hvern einasta unga, það þekki ég vel af eigin sjón og raun. Á slíkum stöðum er hægt að verja ungann allmikið með góðri ástundun, og í þá átt tel ég að þessi lagabreyting miði og geti orðið að nokkru gagni.

Það er óþarft að fara út í það hér, hver nytsemi getur verið af æðarvörpum. Það getur verið stórkostleg tekjugrein, þar sem vel hagar til, og það er mjög víða hægt að koma upp æðarvörpum hér á landi, þar sem þau eru enn ekki til, ef þessi vargur, svartbakurinn, lægi ekki í unganum og svo til eyddi hverjum einasta unga á heilum svæðum. Og fyrir utan nytsemi æðarvarps vil ég einnig benda á það, að æðarvarp er ákaflega mikil prýði og yndisauki, þar sem það er, og hreint uppeldismeðal fyrir ungdóminn t. d. að umgangast æðarfugl í vörpum.

Eins og ég sagði, tel ég, að annarra ráða þurfi að leita til þess að fækka þessum vargi verulega, og þau eru sannast að segja ekkert tiltæk, þau ráð. Ég hef rætt það nokkuð við náttúrufræðinga og sérfræðinga í þessum efnum, og e. t. v. er einhverra tillagna að vænta um það frá þeim mönnum, sem þessi mál hafa með höndum sérstaklega, en það eru fuglafræðingar, því að það er víðar en hér á landi, sem vargfugl af þessum stofni er mjög skaðlegur, ekki aðeins í vörpum, heldur í ýmsu öðru tilliti, og þeir menn, sem náttúrufræðinni eru handgengnastir að þessu leyti, eru að reyna að leita ráða til þess að finna einhverjar leiðir til þess að geta haldið þessum vissu tegundum fugla í hæfilegum skefjum.

Landbn. mælir samróma með því, að þetta frv. verði samþykkt sem spor í rétta átt og bráðabirgðaúrræði fyrir viss byggðarlög til að halda þessum vargi niðri og einkum til þess að reyna að verja tiltekin svæði fyrir varginum, á meðan unginn er að fara út og er í mestri hættu fyrir honum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

77. Sala hluta úr landi Hofteigs og eyðijarðarinnar Austmannsdals.

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu [159. mál] (þmfrv., A. 319).

Á 56. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 319, sem ég flyt ásamt 2. þm. Austf., er um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu. Jörðin Hofteigur er mikil jörð, áreiðanlega ein í hópi hinna beztu á landinu, enda gamalt prestssetur. En með breytingu á prestakallaskipun 1952 var prestssetur lagt þar niður. Litlu síðar var skipt út úr landi jarðarinnar nýbýli á ⅛ hluta, og skömmu áður hafði einnig farið fram leiga á hluta úr landi jarðarinnar til nágrannabýlisins Hvannár á svonefndum Mörkum. En það er einmitt sú landsspilda, sem hér er farið fram á að heimilað verði að selja.

Því er ekki að leyna, að það eru ýmsum nokkur vonbrigði, þegar, eins og menn segja, lækkar reisnin yfir fornum höfuðbólum og stórum jörðum, en það virðist ekki um annað að ræða en taka málin eins og þau liggja fyrir. Nú er málum þannig háttað, að það hefur verið skipt út nýbýli úr landi jarðarinnar, og þessi hluti hefur verið nytjaður af öðru býli. Prestssetur hefur verið lagt þarna niður. Þá þykir mér einnig rétt að upplýsa það, að sá hlutinn, sem enn er hin eiginlega Hofteigsjörð, hefur nú til bráðabirgða verið leigður ábúanda nýbýlisins, hann hefur þann hluta til ábúðar um 5 ára skeið og áframhaldandi forgangsrétt að ábúð að þeim tíma liðnum. Mér finnst þess vegna ekkert vera því til fyrirstöðu að leggja til, að þessi hluti, sem hefur verið nytjaður af nágrannajörð, verði nú seldur, þar sem mjög er eftir því leitað og þar sem þannig háttar nú, að það virðist vera full þörf fyrir ábúendur Hvannár að fá þennan hluta, Merkurnar, til viðbótar við þá jörð, en henni hefur nú verið skipt. Á Hvanná hefur verið búið um skeið félagsbúi, og úr öðrum hlutanum hefur enn fremur verið skipt út nýbýli. Og eins og tekið er fram í grg., liggur einnig fyrir, að þessi hluti verði í framtíðinni nýttur sem land fyrir nýbýli. Ég held því, að það sé skynsamlegt að verða við þessum óskum og ekkert því til fyrirstöðu af hálfu ríkisins að selja landið.

Eins og við drepum á hér í grg., er fylgir, liggur fyrir yfirlýsing frá hreppsnefnd Jökuldalshrepps um það, að hún sé samþykk þessari sölu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vil leggja til, að málinu verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 466, 324).

Frsm. (Jónas Pétursson): Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur legið fyrir landbn. Nd., og eins og fram kemur í áliti hennar, hefur hún orðið sammála um afgreiðslu þess og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Þó kom fram við það brtt. frá hv. 1. þm. Vestf., sem einnig var til athugunar í n. Bæði þessi atriði voru send til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, og það kom fram í þeirra svörum í aðalatriðum, að þeir voru sammála nefndinni um að mæla með þessari sölu. Það er að vísu ofur lítill fyrirvari í áliti landnámsstjóra, að því er snertir þennan hluta úr landi Hofteigs, en þar er aðeins um að ræða atriði, sem verður beint til þess ráðuneytis, sem söluna framkvæmir á sínum tíma, og það hefur ekki þess vegna áhrif á afgreiðslu málsins hér í deildinni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt ásamt þeirri brtt., sem flutt er á þskj. 324 af hv. 1. þm. Vestf., Gísla Jónssyni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 324,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 324,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 504).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 29. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 504, n. 550).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd., hefur fengið þar venjulega afgreiðslu og athugun á skjölum og skilríkjum, sem krafizt er um sölu jarða. Og landbn. hefur ekkert við það að athuga og leggur samróma til, að þessi jarðasala verði heimiluð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 642).

---

78. Fiskimálasjóður.

Á 30. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð [108. mál] (þmfrv., A. 175).

Á 38. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Fiskimálasjóður var stofnaður með lögum nr. 89 1947. Þetta var þó ekki upphafið að fiskimálasjóði. Tíu ár þar á undan eða frá 1937 höfðu verið í gildi lög um fiskimálanefnd. Sú nefnd hafði yfir að ráða nokkru fjármagni, sem varið var til aðstoðar sjávarútveginum á hliðstæðan hátt og fiskimálasjóður gerir nú. Tilgangurinn með lögunum um fiskimálanefnd 1937 og síðan með lögunum um fiskimálasjóð 1947 var sá að veita þeim útgerðarstöðum í landinu, sem skorti fjármagn til að koma upp fiskvinnslufyrirtækjum, lán til viðbótar því lánsfé, sem lánastofnanir sjávarútvegsins annars veittu. Samkvæmt lögunum um fiskimálasjóð sköpuðust þarna möguleikar til þess, að fiskvinnslufyrirtæki gætu fengið lánsfé samtals allt að 85% af kostnaðarverði þeirra mannvirkja, sem lánin voru veitt til. En þetta náði þó ekki í framkvæmd nema til minni háttar fyrirtækja, því að ákvæði laganna um hámark hvers láns takmarkaði að sjálfsögðu lánin. Síðan byggingar og

vélar hækkuðu í verði, sem öllum er kunnugt um, eru það ekki nema allra minnstu mannvirkin, sem ná þessu 85% marki. Dýrari framkvæmdir eru langt þar fyrir neðan.

Það er enginn vafi á því, að þessi viðbótarlán fiskimálasjóðs hafa orðið að miklu gagni. Það hefur aldrei verið auðvelt að afla lánsfjár út á eignir, sem búið var að veðsetja, jafnvel allt upp í 60%. En það eru einmitt slík viðbótarlán, sem fiskimálasjóður veitir, sem brúa þetta bil að meira eða minna leyti. En auk þessa veitir fiskimálasjóður styrki til margs konar rannsókna og framkvæmda í þágu sjávarútvegsins.

Í lögunum um fiskimálasjóð frá 1947 eru tvö ákvæði, sem takmarka lán úr sjóðnum. Annað ákvæðið er það, að ekki megi lána meira til neins mannvirkis en sem nemur 25% af kostnaðarverði þess. Hitt ákvæðið er það, að ekkert lán megi vera hærra en 150 þús. kr. Það er þetta síðara ákvæði, sem við flm. þessa frv. leggjum til að verði breytt. Er till. okkar sú, að hámarkið megi vera 300 þús. kr. í stað 150 þús. kr.

Fyrir 15 árum var 150 þús. kr. lán ekki svo lítils virði fyrir fjárvana fyrirtæki. En þessi upphæð er orðin minna virði nú. Við skulum segja, að fiskvinnsluhús hafi kostað 600 þús. kr. fyrir 15 árum. Þá lánaði fiskimálasjóður ¼ hluta kostnaðarins sem viðbótarlán við það, sem viðkomandi gat fengið lánað úr öðrum lánastofnunum. En ef slíkt fiskihús kostar nú fjórum sinnum meira t. d., þá lánar sjóðurinn ekki meira en 150 þús. kr. eða u. þ. b. 6¼% af kostnaðarverði fyrirtækisins. Samkvæmt þessu dæmi hafa lán fiskimálasjóðs rýrnað um ¾.

Ég býst við því, að menn verði sammála um það, að fiskimálasjóði beri að veita hverjum lántakanda hliðstæða aðstoð í lánveitingum nú og til var ætlazt með lögunum, þegar þau voru sett 1947. En þetta verður ekki gert, nema breytt verði ákvæðunum um hámark lánanna í krónutölu. Það er að vísu fjarri því, að þessu marki verði náð að fullu með þeirri breytingu á lögunum, sem við flytjum hér. Til þess þyrfti að hækka hámark lánanna mun meira en hér er lagt til. Stofnkostnaður fiskvinnslustöðva og annarra slíkra mannvirkja hefur sannarlega hækkað mun meira en um helming á undanförnum 15 árum. En við höfum ekki séð okkur fært að þessu sinni að flytja tillögur um meiri hækkun, enda þyrfti þá að afla fiskimálasjóði mun meiri tekna.

Fiskimálasjóður hefur getað fullnægt þeim lánsumsóknum að undanförnu, sem honum hafa borizt og hafa verið innan þess ramma, sem lögin setja um lánveitingar úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa að sjálfsögðu farið nokkuð vaxandi nú á undanförnum árum, með vaxandi aflabrögðum og vaxandi útflutningi sjávarafurða og hækkandi verði á þeim afurðum í krónutölu. Þá hefur nokkuð dregið úr lánveitingum sjóðsins á s. l. ári frá því, sem var árið áður. Því að ýmsir aðilar, er höfðu fengið lánsloforð frá sjóðnum, hafa ekki notfært sér þau, sem sennilega stafar af því, að þeir hafa ekki ráðizt í þær framkvæmdir, sem þeir höfðu ákveðið. Af þessum ástæðum er það, að fiskimálasjóður hefði getað veitt mun meiri lán á s. l. ári en hann gerði. Mér telst svo til, að þótt öll 150 þús. kr. lánin, sem sjóðurinn veitti í fyrra, hefðu verið 300 þús. kr. lán, þá hefðu tekjur sjóðsins nægt til þess. En þar með er ekki sagt, að svo geti orðið á komandi árum. Aflabrögð hjá sjávarútveginum og verðlag á útfluttum sjávarafurðum hafa sín áhrif á tekjur sjóðsins, og eftirspurn eftir lánum er misjöfn frá ári til árs og fer eftir ýmsu. Þetta frv. breytir engu um lán til þeirra mannvirkja, sem kosta minna en 600 þús. kr. Ákvæði laganna um 25% hámarkið kemur í veg fyrir, að þau lán megi fara yfir 150 þús. kr. Og því ákvæði laganna gerum við enga till. um að breyta. En til þeirra framkvæmda, sem kosta meira en 600 þús. kr., — og flestar þeirra kosta meira og að sjálfsögðu miklu meira, — til þeirra framkvæmda mundi stjórn sjóðsins verða heimilt að lána meira en áður, ef þetta frv. yrði að lögum. Að sjálfsögðu mundi stjórn sjóðsins meta það við afgreiðslu hverrar einstakrar umsóknar, hvort lána ætti meira en áður, og haga sér einnig eftir fjárhag sjóðsins. Það var ekki heldur gert ráð fyrir því, þegar lögin um fiskimálasjóð voru sett 1947, að sjóðnum yrði unnt að fullnægja öllum lánsumsóknum. Í 5. gr. laganna segir, að lánin skuli einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun fyrirtækja til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, en lítið fjármagn fyrir hendi.

Eftir þessari meginreglu hlýtur stjórn sjóðsins að fara, þegar meta skal umsóknir manna um lán úr sjóðnum, og hefur að sjálfsögðu einnig farið að undanförnu. Það má auðvitað búast við því, að ekki verði unnt að fullnægja öllum lánsumsóknum, eftir að hámark lána hefur verið hækkað eins og hér er gerð tillaga um. En það er betra að lána færri aðilum en áður og að lánin komi að gagni heldur en lána flestum eða öllum umsækjendum og að hjá mörgum verði þessi lán sáralítils virði. Það er sýnilegt, hversu mikils virði það er að fá lánaðar 150 þús. kr. í fyrirtæki, sem kostar 7—8 millj., það segir ekki mikið. En það er hins vegar mikils virði að fá lánaðar 150 þús. kr. til þess að byggja fiskverkunarhús, sem kostar 600 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist. En ég legg til, að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 372).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. á tveimur eða þremur fundum sínum. Hún sendi það stjórn fiskimálasjóðs til umsagnar, og mælti stjórn sjóðsins einróma með frv.

Eins og ég tók fram í framsöguræðu við 1. umr. þessa máls, þá er hér ekki farið fram á nema eina breyt. á lögunum um fiskimálasjóð. Það er sú breyting, að hámark lánanna hækki

úr 150 þús. kr. í 300 þús. kr. Ég gat þess þá einnig, að þótt þessi breyt. yrði gerð á lögunum, þá væri ætlunin, að áfram héldist óbreytt það ákvæði laganna, að ekki má lána nema sem svarar 25% af andvirði þeirra mannvirkja, sem lánin ganga til, svo að það ákvæði laganna takmarkar að sjálfsögðu upphæð lánanna, hvað sem líður hámarkinu í krónutölu.

Nú hefur sjútvn. við nána athugun á þessu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að breyta þessu hámarki, ekki aðeins eins og frv. sjálft gerir ráð fyrir í 300 þús. kr., heldur í 400 þús. kr. og þess vegna flytur hún þá brtt. við frv. á þskj. 372, að sú breyt. verði gerð. Um þessa brtt. er n. einhuga.

Það má vera, að einhverjum þyki þetta mikil hækkun frá því, sem er í núv. lögum, að hækka hámark lánanna úr 150 þús. kr. í 400 þús. kr. eins og brtt. ber með sér. En þessi breyt. verður í framkvæmdinni ekki svona mikil, þótt hún líti þannig út á pappírnum. Reyndar væru þetta engar öfgar, að hækka hámark lánanna þannig, vegna þess að þetta hámark, sem nú er í lögum, 150 þús. kr., er búið að vera óbreytt í 15 ár, og sú hækkun, sem orðið hefur á þeim mannvirkjum, sem lánin ganga til, er sannarlega mun meiri. En hitt er aftur á móti annað mál, hvort fiskimálasjóður má við því að taka á sig þessa hækkun, hvort árlegar tekjur hans leyfa það, og það má telja nokkurn veginn víst, að sjóðurinn mundi ekki geta lánað svona há lán almennt, eins og tekjustofnum hans er nú háttað. En þá vil ég minna á, að í fyrsta lagi er þetta aðeins heimild, og sjóðsstjórnin notar þetta hámarksákvæði auðvitað með fullri varúð og í fullu samræmi við árlegar tekjur sjóðsins. Hún fer ekki hærra með lánin en fjárhagur sjóðsins leyfir. Auk þess kemur til 25% ákvæði laganna, sem ég nefndi áðan, að það dregur af sjálfu sér úr þessari lánahæð, svo að það á ekki að þurfa að koma að neinni sök, þótt þessi hækkun verði gerð.

Út frá þessum sjónarmiðum varð sjútvn. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeirri breyt., sem ég hef nú greint frá og er flutt á þskj. 372.

ATKVGR.
Brtt. 372 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 386, n. 544).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 386 um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð, og er álit n. prentað á þskj. 544.

Efni frv. er að gera breyt. á 5. gr. laganna, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betri veðrétti nema meira en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 þús. kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands."

Breytingin, sem frv. fjallar um, er þess efnis, að hámark lánanna úr fiskimálasjóði verði hækkað úr 150 þús. kr. upp í 400 þús. kr., og eru sjútvn.-menn sammála um að mæla með þeirri breytingu.

Í sambandi við athugun þessa frv. hefur n. aflað sér ýmissa upplýsinga um starfsemi fiskimálasjóðs og m. a. haft til athugunar reikninga sjóðsins frá því um 1950 til 1961. Fiskimálasjóður hefur nú starfað um rúmlega aldarfjórðungs skeið með því nafni, og voru ákvæði um hann sett fyrst árið 1935, þegar lögunum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. var breytt. Sjóðnum var þá ætlað, samkv. þeim lögum, að standa straum af ýmiss konar starfsemi í sambandi við athugun á nýjum mörkuðum og nýjar aðferðir við verkun á fiski. Enn var þessum lögum breytt árið 1937 og verkefni sjóðsins þá nánar afmarkað. Skal það ekki rakið. En eftir stríðið, eða árið 1947, var lögunum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. breytt mjög verulega og afnumin ýmis ákvæði í lögunum varðandi útflutning á sjávarafurðum. En eftir stóðu þau lög, sem nú gilda um fiskimálasjóð, og er honum í þeim lögum ætlað það hlutverk, sem fram kemur í gr., sem ég las hér áðan.

Fiskimálasjóður hefur, eftir því sem fram kemur í upplýsingum, sem n. hefur fengið frá stjórn sjóðsins eða skrifstofu, veitt samtals um 460 lán fram til síðustu áramóta og auk þess nokkur á þessu ári, og voru útistandandi í lánum um síðustu áramót 31.6 millj. kr. Auk þess hefur svo sjóðurinn veitt styrki. Ég ætla, að tekjur sjóðsins hafi verið síðustu tvö árin kringum 6 millj. hvort árið og að af þeirri upphæð muni um ⅓ hafa verið varið til styrkja og ⅔ til lánveitinga eða því sem næst. Það kemur

fram við athugun á skrá um skuldunauta, sem fylgir reikningum sjóðsins, að sjóðurinn hefur veitt lán til svo að segja allra eða kannske allra verstöðva í landinu, þannig að starfsemi hans hefur verið mjög útbreidd og komið mörgum að gagni. Það er óhætt að segja, að þetta hafi verið hin þarfasta lánsstofnun. Hann hefur veitt lán sín út á síðari veðrétt, þegar þeir, sem voru að reyna að koma upp fyrirtækjum til verkunar og vinnslu á afla, höfðu tæmt aðra lánsmöguleika, og þar með hafa lánveitingar sjóðsins áreiðanlega oft og tíðum ráðið úrslitum um það, að hægt var að koma upp slíkum fyrirtækjum, svo sem hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, lifrarbræðslum eða fiskverkunarstöðvum o. s. frv., til hagsbóta fyrir sjávarútveginn í þeim byggðarlögum, sem þar eiga hlut að máli.

Sjóðurinn hefur jafnan látið sér nægja síðari veðrétt, og má þá kannske segja, að stundum hafi getað orkað tvímælis um það, hvort lánin mundu greiðast, en veðréttur þessarar þörfu stofnunar hefur í raun og veru verið framtíð sjávarútvegsins og hlutaðeigandi byggðarlaga.

Þess er að vænta, að þessi breyting geti orðið til þess að efla enn þessa starfsemi, en til þess þyrfti sjóðurinn að sjálfsögðu á komandi tímum að fá meira fjármagn í hendur en hann nú fær. En eins og ég sagði áðan, þá leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 654).

---

79. Ættaróðal og erfðaábúð (frv. landbn. Ed.).

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð [161. mál] (þmfrv., A. 323).

Á 5. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, er samið af milliþn. 1960. Í þeirri nefnd áttu sæti Jón á Reynistað, Ágúst Þorvaldsson og Pálmi Einarsson. Samhliða hafði þessi nefnd með höndum endurskoðun á ábúðarlögum og kom frv. það hér fyrir Alþ. í fyrra og fékk afgreiðslu.

Þessi lög um ættaróðal og erfðaábúð grípa á margan hátt inn í ábúðarlögin og af breytingu á ábúðarlögunum, ýmsum breytingum, sem gerðar voru í fyrra, leiðir, að einnig þarf að breyta þessum lögum í sumum greinum.

Þetta eru talsvert flókin lög, og ég held, að það sé ekki ástæða við þessa umr. að fara út í einstakar greinar, sem hér er lagt til að breytt sé.

Það, sem olli því einkum í fyrra, að þetta frv. náði ekki fram að ganga á Alþingi, var, að það var sent búnaðarþingi og var þess vegna seinna á ferðinni en ábúðarlögin, og gerði búnaðarþing nokkrar brtt. við þetta frv.

Það hefur nú orðið að ráði, að landbn. flytti þessar brtt., sem milliþn. samdi, án þess þó í upphafi að taka afstöðu til einstakra greina frv. Hafa nm. því óbundnar hendur um afstöðu til þeirra.

Ég geri ráð fyrir því, að landbn. taki til athugunar þær till., sem búnaðarþing samþykkti til breytinga við þetta frv. á síðasta búnaðarþingi, og að því loknu taki hún einnig til athugunar allar greinar þessa frv. og skili sínum brtt. fyrir 2. umr.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta á þessu stigi, og þar sem málið er flutt af nefnd, legg ég ekki heldur til, að því verði vísað til nefndar, þar sem því er hér með lýst yfir, að nefndin muni athuga það nánar, áður en það kemur til 2. umr., og legg ég þá til, að frumvarpinu verði hér með vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67., 72. og 74. fundi í Ed., 6., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 323, 498).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, hafði landbn. nokkrar brtt. við þetta frv., sem búnaðarþing samdi í fyrra og sendi landbn. til álits. Ég gat þess þá, að þessar brtt. frá búnaðarþingi mundu verða athugaðar í nefndinni, og hefur nú landbn. fjallað um þessar till. og ákveðið að taka þær flestallar upp sem sínar brtt. við frv. Þessar brtt. eru á þskj. 598 og eru í 6 liðum.

1. liðurinn lýtur að 19. gr. laganna, d-liðurinn, sem lagt er til að niður falli, er um það, að erfðarétturinn gangi ekki til fjarskyldari ættingja en systkinabarna, og verður það að teljast eðlileg breyting, að erfðarétturinn

gangi ekki til fjarskyldari, og virðist vera nauðsynleg samkvæmt fenginni reynslu.

2. breyt. er við 26. gr. l. Fyrri hluti gr. er fyllri og í fleiri stafliðum og er ekki efnisbreyting. Hins vegar er síðari hluti greinarinnar mikil rýmkun á skyldum ábúanda og eigenda ættarjarða og þeim í sjálfsvald sett, hvort þeir láta skrásetja þær sem ættarjarðir eða ekki. Þessi breyting er flutt að ósk margra, sem þessi lög snerta. Þetta er raunar mikil efnisbreyting, en verður að teljast nauðsynleg, enda hefur ákvæðum um skrásetningarskylduna lítið verið fylgt til þessa.

3. breyt. er afleiðing af breyt. við 26. gr. laganna.

4. breyt. gengur út á að rýmka eldri ákvæði um sölu ættarjarða og virðist nauðsynleg samkvæmt fenginni reynslu.

5. breyt. er nauðsynleg, vegna þess að á mörgum jörðum hvílir hærra veðlán en fasteignamati hennar nemur, en lögin gera ráð fyrir, að þær verði ekki seldar hærra verði.

Og svo er 6. breyt., hún er mjög lítils háttar, um jarðabótastyrk, að niður falli þarflaust ákvæði og til óþæginda.

Ég legg til, að þessar breytingar verði samþykktar. Þær hafa allar verið allvel athugaðar, fyrst hjá búnaðarþingi, síðan athugaðar í þeirri nefnd, sem samdi aðalfrv., sem hér liggur fyrir, og í þriðja lagi í landbn. Yfirleitt ganga flestar þessar breytingar, sem hér er um að ræða, í rýmkunarátt, sumar til samræmis við ábúðarlög, sem samin voru í fyrra og samþykkt, og aðrar til að auðvelda framkvæmd ættaróðalslaganna, sem er mjög flókinn lagabálkur og hefur sannast að segja verið mjög erfiður í framkvæmd og sum ákvæði ekki framkvæmd. Það heyrast um það fleiri og fleiri raddir, að þessi lög um ættaróðal og erfðaábúð séu svo flókin og svo mörgum takmörkunum háð, svo mikil skerðing á rétti þeirra manna, sem þau ná til, að þau séu mjög erfið í framkvæmd. Þar af leiðandi hafa heyrzt margar raddir um það, að eðlilegt væri að leggja lögin niður eða afnema þau, en það hygg ég að sé ekki tímabært. En ég held, að þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar séu á þeim, séu til bóta og allar nauðsynlegar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 498,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 (ný 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 498,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 498,4 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 498,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 498,6 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—30. gr. (verða 14.—32. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 554).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Við nánari athugun landbn. á frv. um ættaróðul og til viðbótar þeim till., sem n. lagði fram við 2. umr. og voru þá samþ., hefur hún orðið ásátt um að bæta við einni smávægilegri brtt. til samræmis við þær brtt., sem samþ. voru við 2. umr., sem snertir sölu á ættarjörðum. Breytingin er svo hljóðandi:

„Á eftir 6. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Á eftir orðunum „fasteignamatsverð hennar“ í 17. gr. laganna komi: en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir.“

Þetta er alveg sams konar viðbót og samþ. var hér við 2. umr. að því er snertir ættarjarðirnar, sams konar viðbót snertandi óðalsjarðirnar, og er talið nauðsynlegt, að sömu ákvæði gildi þar um.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 572) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 572 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 573).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var flutt hér í hv. Nd. á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Það var endurflutt að þessu sinni í hv. Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Frv. er samið af ábúðarlaganefnd, en sú nefnd var kosin samkv. þáltill. í Sþ. 4. maí 1959.

Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir neinum verulegum grundvallarbreytingum frá eldri lögum, heldur miðar miklu frekar að því að samræma hin ýmsu atriði við núverandi aðstæður. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. eða breytingar. Frv. fylgir grg. ásamt umsögn um hinar ýmsu greinar frá hv. ábúðarlaganefnd, og skýrir það sig að nokkru sjálft. Smávægilegar breytingar voru samþykktar í hv. Ed. eftir tillögum, sem bárust frá búnaðarþingi.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 622).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. um ættaróðal og erfðaábúð var flutt í Ed. af landbn. að beiðni hæstv. landbrh. Þegar málið kom hér til 1. umr., fylgdi landbrh. því úr hlaði og gerði grein fyrir málinu. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka neitt af því, en hann færði rök fyrir flutningi frv. þá.

Landbn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv. og var einhuga um að mæla með því, að það yrði samþ. hér óbreytt.

Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru á frv. í Ed., voru tillögur, sem búnaðarþing hafði gert og samþ. Önnur efnisbreytingin var um það, að jörð verði ekki hér eftir ættarjörð nema með samþykki eiganda og ábúanda. En áður var það þannig, að þegar jörð var búin að vera í eigu eða ábúð sömu ættar í 75 ár, þá var viðkomandi sýslumanni skylt að skrá hana sem ættarjörð, og þurfti ekki um það að ræða við eigandann eða ábúandann. Nú samkv. þeim breytingum, sem gerðar voru á frv. í Ed., verður til að koma ákvörðun eiganda eða ábúanda um það, hvort hann vill láta gera jörðina að ættarjörð. Og hún getur sem sagt ekki orðið ættarjörð nema með hans samþykki, og gildir það meðan hann býr á jörðinni.

Hin aðalbreytingin er í því fólgin að losa eiganda ættarjarðar við að leita lengra en til afkomenda sinna og að þeim frágengnum systkina sinna og afkomenda þeirra, þegar hann þarf að losna við jörðina eða fer af henni af einhverjum ástæðum. Að öllum þessum aðilum frágengnum er eigandanum heimilt að selja hverjum sem er jörðina. Áður varð að leita miklu lengra eftir ættingjum eiganda ættarjarðar.

Þá er þriðja aðalbreytingin sú, að ekki verði hér eftir skylt að selja jörðina fyrir fasteignamatsverð, eins og áður var, það var áður í lögunum þannig, heldur verði ekki skylt að selja jörðina fyrir lægra verð en þær veðskuldir, sem á henni hvíla.

Um frv. í heild er það að segja, að aðalbreytingarnar á því eru gerðar til samræmis við breytta tíma og til samræmis við ábúðarlögin, sem tóku gildi í fyrra, á síðasta þingi. Og ég tel, að það sé nauðsynlegt að lögfesta þetta frv. nú, vegna þess að gildandi lög um ættaróðal og erfðaábúð stangast í ýmsum atriðum á við ábúðarlöggjöfina, og þeim, sem eiga að framkvæma hana, er nauðsynlegt að fá þessa nýju löggjöf um ættaróðal og erfðaábúð. Ég held, að ég hafi svo ekki fleira um málið að segja, en vonast til, að það fái samþykki þessarar hv. deildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—33. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

80. Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Á 28. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi** [121. mál] (þmfrv., A. 231).

Á 41. og 43. fundi í Nd., 5. og 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 8. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 231 að flytja frv. til l. um breyt. á 4. gr. laga frá 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvík. Þessi grein fjallar um stjórn hafnarinnar, sem skipa fimm menn, og segir gildandi grein svo um það:

„Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og 4 meðstjórnendur, 3 kosnir af Sþ. og einn af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps."

Brtt. sú, sem hér er fram komin, er á þessa leið:

„Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: 3 kosnir af Sþ. og 2 kosnir hlutfallskosningu af bæjarstj. Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna. Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar, en skipaður í starfið af áðurnefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdarstjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt."

Eins og nú er, þá er hafnarstjóri skipaður til fjögurra ára. Hann er jafnframt skipaður formaður nefndarinnar og hefur þar tillögurétt. Þessi breyting er fram komin eftir eindregnum tilmælum landshafnarstjórnar, sem hefur fjallað um þetta undanfarið, og í nóv. 1960 var um það bókað í fundargerðarbók landshafnarstjórnarinnar þannig, að bæjarfélögin, sem að höfninni liggja, fái sinn fulltrúa í hafnarstjórn hvort í stað hins sameiginlega, eins og verið hefur, einnig, að hafnarstjóri verði ráðinn til ótakmarkaðs tíma, en ekki til fjögurra ára, eins og nú er, og að hafnarstjóri eigi ekki sæti í hafnarstjórn, en ráð-

herra skipi einn stjórnarmanna sem formann stjórnarinnar, en hafnarstjóri hefur verið formaður hafnarstjórnar. Hafnarstjórn mælti eindregið með því, að Alfreð Gíslason flytti brtt. um þetta á Alþingi.

Brtt. þessi, sem hér liggur fyrir, er komin aðallega af þeirri ástæðu, að byggðarlögin, sem að höfninni standa, hafa ekki sætt sig við það að hafa ekki nema einn fulltrúa kosinn úr þeim byggðarlögum í hafnarstjórninni. Þótt íbúatala Keflavíkur sé nú fjórföld á við íbúatölu Njarðvíkurhrepps, hefur það þó þannig verið, frá því að landshafnarlögin tóku gildi árið 1946 og þar til 1958, að á sameiginlegum fundi þessara sveitarstjórna var Njarðvíkingur ætíð kosinn í nefndina og var allan tímann sá eini Njarðvíkingur, sem í henni átti sæti, því að atvikin hafa nú hagað því þannig, að þeir 3 menn, sem hv. Alþingi hefur kosið, hafa allir verið úr Keflavík. Það er því gert ráð fyrir í þessari nýju brtt., að þessi byggðarlög fái 2 menn, sem kosnir verði hlutfallskosningu, og það gerir, að það tryggir örugglega annan manninn úr Njarðvíkurhreppi.

Það þarf ekki að ræða það mikið í sambandi við hafnarstjórann, að það er ekki í sjálfu sér eðlilegt, að hann, sem hefur svo umfangsmikið fyrirtæki að reka, hafi sjálfur atkvæðisrétt um sínar eigin framkvæmdir á þessu sviði, og þar að auki má búast við því, að svo ótrygg atvinna eins og fjögurra ára atvinna í senn verði til þess, að nýtir og góðir menn, eins og núv. hafnarstjóri er og fleiri, sem ef til vill mundu um það sækja, mundu ekki geta sætt sig við það. Við höfum þar að auki haft ágætismönnum á að skipa í landshafnarstjórninni frá Njarðvíkurhreppi, og nú við kosningu í des. féll Njarðvíkingur út úr stjórninni, og er okkur, sem eftir sitjum, að mörgu leyti eftirsjá að því.

Til landshafnarinnar var stofnað með lögum 23. apríl 1946, og var þá ákveðið, að ríkisstj. skyldi gera og starfrækja hafnarmannvirkin í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og að svo hafi verið ákveðið í sambandi við stjórn hafnarinnar eins og getið er um í þeim lögum, sem hafa verið óbreytt síðan, mun vera vegna þess, að þetta var fyrsta landshöfnin í landinu, og hefur þetta fyrirkomulag um skipun stjórnarinnar meira verið til reynslu og til athugunar og til breytingar, ef annað þætti heppilegra síðar.

Hvað snertir fulltrúa frá ríkisstj. í nefndinni, þá tel ég, að hún sé nægilega trygg með meiri hlutann, þar sem eru 3 þingkosnir stjórnarmeðlimir í landshöfninni nú eins og áður, en hafnarstjóri, sem skipaður var af ráðh. og eiginlega fjórði fulltrúi ríkisstj., hverfur þá úr stjórninni, missir þar atkvæðisrétt, en hefur fullkominn tillögurétt. En sveitarfélögin fá þá sitt hvorn mann.

Um þetta fyrirkomulag, sem hefur gilt síðan landshöfnin byrjaði að starfa, hefur verið mikil óánægja með mönnum þar syðra og metingur um það og sauð upp úr 1958, þegar bæjarstjórn Keflavíkur treysti sér ekki lengur til þess að styðja Njarðvíking í landshafnarstjórnina. Hafnarmálin suður með sjó hafa alla tíð, eins og víðast hvar annars staðar á landinu, verið mjög viðkvæm mál, og með þeim er fylgzt af öllum almenningi og öllum framkvæmdum þar og því, sem gert er, og ekki síður því, sem ekki er gert. Fyrir 1942 voru Njarðvíkurhreppur og Keflavík eitt og sama bæjarfélag, sem hét Keflavíkurhreppur. Þau skildu þá. Njarðvíkurhreppur krafðist skilnaðar, og skildu þau að skiptum um áramótin 1941—1942, aðallega vegna hafnarmálanna.

Það má segja, að upphaf hafnargerðar í Keflavík hafi byrjað, er Óskar Halldórsson útgerðarmaður byggði á árunum 1932—1934 hafskipabryggju úr timbri og járni, aðallega til útskipunar og uppskipunar, og síðan byggði hann innan þessarar hafskipabryggju 60 m langan hafnargarð úr steinsteypu. 1941 keypti Keflavíkurhreppur þessi mannvirki Óskars Halldórssonar, og var á næstu árum hafizt handa um framkvæmdir í hafnargerð í Vatnsnesvíkinni. Njarðvíkingar munu þá eðlilega hafa séð fram á, að lítið yrði um framkvæmdir þeirra megin eða í Njarðvíkinni, enda var það víst og öruggt, að ekki fengist fé úr ríkissjóði til tveggja hafnargerða í sama hreppi eða sama sveitarfélagi. Vegna þessa slitu Njarðvíkingar félagsskap við Keflavík, eins og ég gat um áðan, frá 1. jan. 1942.

Árið 1945 hófust fyrst hafnarframkvæmdir í Njarðvík af hálfu hins opinbera. En eftir að hrepparnir skildu og Njarðvík fór að sækja á ríkissjóð um hafnarframlög, þá var úr vöndu að ráða fyrir hið háa Alþingi og ríkisstj. að veita fé til tveggja hafnargerða svo nálægt hvor annarri, og var fyrirsjáanleg togstreita um þær framkvæmdir og fjárframlög til þessara fyrirtækja, eins og eðlilegt er. Þetta var mikið vandamál á þeim tímum, og var margt gert til þess að miðla málum af vitamálastjórn og ríkisstj., en ekki gekk saman. Þetta mál leystist þó með því, að ríkissjóður ákvað að kaupa og keypti öll hafnarmannvirki í Keflavík með afsali hreppsins 8. nóv. 1947, og var það gert á grundvelli landshafnarlaganna, nr. 25 1946. Síðan hafa framkvæmdir átt sér stað á þessum stöðum á hverju ári nokkuð, en engin stórátök gerð. Hafskipabryggja Óskars Halldórssonar var endurbyggð og treyst og hafnargarður hans einnig, sem var 60 metrar, hann er nú orðinn 225 metra langur, og fjórar steinsteyptar bátabryggjur eru innan garðsins. Í Njarðvík hafa einnig framkvæmdir átt sér stað og verið byggður þar hafnargarður um 200 m langur og steinbrík um 160 m löng, en þar er dýpi við þá bryggju aðeins 2 metrar og það aðeins á 30 metrum af þessum garði. Það skortir mjög mikið á, að þetta sé nægilegt.

Forsendur ríkisstj. fyrir því að kaupa þessi mannvirki og reka þau sem landshöfn voru fyrst og fremst þær að skapa skilyrði þar fyrir útgerð báta frá öðrum landshlutum, bæði að norðan og þó einkum að austan, enda sækja bátar frá þessum landshlutum mjög á haust- og vetrarvertíðum að verstöðvaplássunum suður með sjó. En til að fullnægja þessari þörf skortir enn mjög á. Höfnin er allt of lítil, og það þarf stórt átak til þess að kippa því í lag,

svo að landshöfnin geti í raun og veru náð tilgangi sínum.

Það var fyrir jólin útbýtt hér þálitill. um 10 ára framkvæmdaáætlun um hafnargerðir, sem hv. þm. kannast eflaust við eða hafa gluggað í. Þar er gert ráð fyrir að verja allt að 38.6 millj. kr. til framkvæmda á næstu 10 árum í landshöfnina í Keflavík og Njarðvík. Að þessum framkvæmdum loknum mundi þetta skapa öryggi fyrir 60 stærri báta og 25 smærri báta innan hafnarinnar á báðum stöðunum. Að mínu áliti nær þetta allt of skammt, þar sem nú er vitað, að bátarnir fara ár frá ári sístækkandi og eru því rúmfrekari en áður og fjölgar um leið. Árið 1959 lagði einn hafnarnefndarmanna, Bjarni Einarsson, mikla vinnu í það að gera 6 ára framkvæmdaáætlun fyrir Keflavík og Njarðvík, og var sú áætlun send vitamálastjóra, og hann mun hafa gert áætlun um, að kostnaðurinn af þessu mundi nema um 48.1 millj. kr. En að þeim endurbótum loknum, þá var hugsað, að þær mundu verða til þess, að hægt væri að afgreiða við góð skilyrði 3 flutningaskip og hægt verði að afgreiða við góð skilyrði 25 fiskibáta að stærð allt að 150 tonn, og í þriðja lagi væri séð fyrir öruggu geymsluplássi innan hafnarinnar fyrir allt að 150 fiskibáta af stærðunum 75—150 tonn. Landshöfnin hefur farið þess á leit að fá að taka sérstakt erlent lán til þessara framkvæmda, og hefur verið um það talað við hæstv. sjútvmrh. og hefur hann tekið mjög vel í það, og eru þau mál nú til athugunar.

Sem rök fyrir því, hversu höfnin er nú ófullkomin og lítil, skal ég geta þess, að nú í vetur eru skráðir eða búizt við að út muni gera í Keflavík um 55 bátar. En í höfninni eru oft daglega 70—105 bátar í einu. En löndunarskilyrðin eru þau í Keflavík sjálfri, að við beztu skilyrði, þ. e. á stórstraumsflóði, mun aðeins vera hægt að landa úr 14 bátum í einu, en við stórstraumsfjöru aðeins 10. Þar að auki er Keflavíkurhöfn eins konar lífhöfn annarra verstöðva á Suðurnesjum. Þegar veður og brim gera það að verkum, að Grindavík og Sandgerði lokast, leita bátar þaðan til Keflavíkur, og eins og gefur að skilja, er í þrengslunum erfitt að veita svo mörgum bátum skjól. Það er því oft einstök heppni, að ekki verði sjótjón á mönnum og skipum í slíkum veðrum, en sem betur fer hefur það farið betur en ástæða væri til að ætla.

Sem dæmi um þýðingu landshafnarinnar fyrir þjóðarbúið í heild mundi ég gjarnan vilja láta ykkur heyra, hv. þm., fróðleik um tölur, sem tala sínu máli í sambandi við útflutning og aðflutning um þessa höfn og einnig skipastól, frystihús og önnur slík framleiðslufyrirtæki.

Í þessum verstöðvum, Keflavík, Sandgerði, Grindavík og Njarðvík, munu nú vera íbúar eitthvað um eða rúmlega 7600. Skipastóllinn mun vera um 3805 rúmlestir. Það mun hafa komið afli á land í þessum verstöðvum 1960 nálægt 60 þús. tonnum. Frystihús eru 7 í Keflavík, 2 í Sandgerði og 2 í Grindavík, þ. e. alls 11 frystihús. Söltunarstöðvar á öllum þessum stöðum eru 19 að tölu, og fiskimjölsverksmiðjur fjórar. Vinnslugeta hraðfrystihúsanna er í Keflavík 310 tonn hráefnis á dag. í Sandgerði 100 og Grindavík 70, þ. e. vinnslugetan er um 480 tonn á dag á þessum þremur stöðum. Fiskimjölsverksmiðjurnar geta afkastað í Keflavík 1800 málum síldar á sólarhring, Sandgerði 10 tonnum mjöls á sólarhring og í Grindavík 500 málum síldar á sólarhring. Allur fiskur og síld, sem berst á þessar þrjár verstöðvar, er flutt út um mannvirki landshafnarinnar. 1961 munu hafa verið flutt út yfir þessi hafnarmannvirki um 33500 tonn af sjávarafurðum, og verðmæti þeirra eru samtals um 360 millj. kr., en það gerir sem næst 12% af öllum útflutningi sjávarafurða landsmanna. Yfir hafnarmannvirkin voru flutt á árinu 1961 50 þús. tonn af nýjum fiski og síld, og það eru 8.5% af heildarafla landsmanna á árinu. Flutningar yfir mannvirkin voru s. l. ár 151 191 tonn, og ég fullyrði, að landshöfn Keflavíkur er nú orðin önnur stærsta útflutningshöfn á landinu. Tala flutningaskipa á árinu 1961 var 344, og skráðir viðkomudagar fiskibáta skipta þúsundum yfir árið.

Það er augljóst af þessum tölum, að mikið átak þarf að gera í hafnarmálum landshafnarinnar og raunar hafnarmálum Suðurnesja. Og eins og séð verður af útflutningsverðmæti, sem fer frá Reykjanesskaganum og er um 12% af öllum útflutningi á sjávarafurðum landsmanna og nemur 360 millj. kr., er það ekki svo lítill skerfur, sem þessi útkjálki leggur í þjóðarbúið af erlendum gjaldeyri. Það hefur einnig komið til tals þar syðra að gera eitt allsherjarátak á þessum þremur stærstu verstöðvum, Keflavík, Grindavík og Sandgerði, og fá þessar verstöðvar allar undir eina landshöfn. Það kemur vissulega til athugunar, hvort það væri ekki heppilegt, að slíkt gæti átt sér stað. Það þarf ekki að tala um það, að smábátahöfn í Keflavík er ekki til, og er nauðsynlegt, að úr því verði ráðið og að það verði eitt af höfuðverkefnum landshafnarstjórnarinnar að setja inn á sína framkvæmdaáætlun að búa örugga höfn fyrir smábátana eða trillurnar. Þær munu nú vera milli 40 og 50 á báðum þessum stöðum, en eru gersamlega óvarðar og í hættu fyrir veðrum og öðru. Þetta eru milljónaverðmæti, sem þarna eru í veði, en mætti leysa með einhverjum tilkostnaði og verður að gerast, áður en langt um líður.

Ég hef nú farið nokkuð út fyrir hið raunverulega efni frv. míns, en vildi gjarnan vekja athygli hv. þm. á, hversu geysimikla þýðingu þessi hafnarmannvirki hafa fyrir þjóðarbúið í heild, öryggi sjómanna og eigna útgerðarinnar.

Ég hef borið brtt. mína við 4. gr. landshafnarlaganna núgildandi undir hæstv. sjútvmrh., og hann hefur með skilningi litið á afstöðu okkar þar syðra og hefur talið eðlilegt, að byggðarlögin fengju þar meira en einn mann og ekki sízt nú, þar sem Njarðvíkingar mundu engan fulltrúa hafa í nefndinni næstu 4 árin að óbreyttu ástandi.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 231, n. 368).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 368 um frv. til l. um breyt. á lögunum um landshöfnina í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, hefur verið til umr. hjá sjútvn., og mælir nefndin með því, að málið nái fram að ganga, að vísu, eins og fram kemur í nál., með fyrirvara tveggja hv. þm., og einn þm., hv. 7. landsk., Geir Gunnarsson, var fjarstaddur.

Þetta frv. fjallar um að gera smávægilega breytingu á stjórn landshafnarinnar og er flutt hér að ósk núv. stjórnar landshafnarinnar, og hefur sjútvmrn., sem nú skipar einn mann í stjórnina, ekkert við það að athuga, að í stað þess, að sá aðili sé skipaður af hálfu ráðuneytisins, þá verði kosnir tveir sameiginlega af sveitarstjórnum Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og að formaður landshafnarstjórnarinnar verði hins vegar skipaður af ráðuneytinu úr hópi stjórnarmanna. En eins og kunnugt er, eru svo hinir þrír kjörnir hlutfallskosningu hér af hv. Alþingi. Nefndin leggur því til, með þeim fyrirvörum, sem þessir hv. þm. munu e. t. v. gera grein fyrir, að málinu verði vísað til 3. umr.

Umr. frestað.
Á 66. og 69. fundi í Nd., 13. og 19. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 231, n. 368, 443).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar frv. þetta var fyrst tekið til 2. umr., hafði sjútvn. fjallað um það, en það hafði komið í ljós, að það þyrfti örlitilla lagfæringa við. Nefndin hefur nú flutt brtt. við frv. á þskj. 443, og er þar enn fremur efnisbreyting, sem n. hefur orðið sammála um að gera og haft samráð um við þá aðila, sem hér hafa hagsmuna að gæta.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að það skuli kosnir tveir menn hlutfallskosningu af bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, en n. hefur lagt til, að sú breyting yrði gerð á, að annar skuli kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og hinn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, í stað þess, sem gert er ráð fyrir í frv., tveir af sameiginlegum fundi þessara tveggja sveitarstjórna.

Svo er og í brtt. gert ráð fyrir því, að þessir aðilar skuli kosnir og kjörtímabil þeirra verða til ársloka 1965. Það er gert til þess, að það sé samræmi milli þeirra þriggja, sem kosnir eru samkv. lögunum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, en þeir voru kosnir nú og kjörtímabil þeirra miðast við 1. jan. 1962 og lýkur við árslok 1965.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en nefndin var mér sammála um að mæla með frv. með þessum breytingum og því yrði síðan vísað til 3. umr.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það felst í þessu frv., að bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps skuli kjósa tvo menn af fimm í stjórn landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, í stað þess, að þessar sveitarstjórnir hafa samkv. gildandi lögum aðeins kosið einn fulltrúa í hafnarstjórnina. Hér er jafnframt gert ráð fyrir því, að hafnarstjóri verði fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra, en samkv. lögunum er hafnarstjóri skipaður af ráðherra sem einn hafnarnefndarmanna, þrír kjörnir af Alþ. og einn af sveitarfélögunum.

Ég hef eftir atvikum getað fallizt á það að mæla með þessu frv., en hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og sá fyrirvari er vegna tveggja atriða, sem ég vil nefna, um leið og þetta mál er afgr.

Í fyrsta lagi vildi ég leyfa mér að benda á það, að í lögum um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi er gert ráð fyrir því, að allir hafnarstjórnarmenn, fimm að tölu, séu skipaðir af ríkisvaldinu, þ. e. a. s. af ráðherra, en hlutaðeigandi sveitarfélag hefur þar enga íhlutun um. Ég vil láta það koma fram, að ég tel það afleiðingu af samþykkt þessa frv., að ef farið væri fram á það af hlutaðeigendum, að breytt verði skipun hafnarstjórnar að Rifi, þá verði ekki hjá því komizt — eða sé eðlilegt að mínum dómi að verða við þeirri ósk, ef þetta frv. verður samþ., og þykir mér rétt, að það komi fram.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að það er að mínum dómi mjög vafasamt, að lögin um landshafnir, en það eru aðeins þessi tvenn lög, um landshöfn í Keflavík og Njarðvík og landshöfn í Rifi, hafi borið tilætlaðan árangur. Ég efast um það, að framkvæmdir hafi orðið meiri á þessum stöðum vegna þess, að hafnirnar voru landshafnir, og ég held, að það ætti að taka það til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki væri rétt að gefa hlutaðeigandi sveitarfélögum kost á að afhenda þeim hafnirnar, þannig að þær væru eftirleiðis reknar á venjulegan hátt af hafnarsjóðum á vegum sveitarfélaganna og framkvæmdir í höfnunum færu fram á þeirra vegum. Ég geri ráð fyrir því, að það yrði engu minna um framkvæmdir með því móti, því að sveitarfélögin hafa að sjálfsögðu áhuga á því, að framkvæmdum miði áfram í þessum höfnum, og mundu beita sér fyrir því á þann hátt, sem í þeirra valdi stendur, en ríkisstj. og Alþ. hafa hins vegar í mörg horn að líta og geta af þeim ástæðum síður sinnt þessum málum eða haft þar frumkvæði.

Ég hef ekki talið rétt að bera fram brtt. um þetta í sambandi við þetta mál, en hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að koma þessu sjónarmiði á framfæri.

Alfreð Gíslason bæjarstjóri: Hæstv. forseti. Eins og hv. 3. þm. Reykn. tók fram, er mál

þetta kom úr n., þá komu fram nokkrir smávægilegir formgallar, þ. e. að það vantaði greinaskiptingu í frv.

Ég hafði gert ráð fyrir því við samningu frv., að kosning tveggja manna úr hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps og bæjarstjórnar Keflavíkur færi fram á sameiginlegum fundi með hlutfallskosningu, vegna þess að þá taldi ég vera tryggt, að minni hl. fengi ætíð sinn fulltrúa. En meðan n. hefur haft þetta mál til meðferðar síðan, hefur komið eindregin ósk um það frá hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, að því yrði breytt þannig og kæmi glöggt fram í frv., að einn maður yrði kosinn af hvorri sveitarstjórn um sig. Ég get vel fallizt á þessa breytingu, sérstaklega vegna þess, að frv. og tilkoma þess var einmitt miðuð við það að tryggja Njarðvíkingum ætíð einn mann. Hins vegar með sameiginlegum fundi og hlutfallskosningu á sameiginlegum fundi er langsóttur möguleiki til þess, að Keflavík gæti fengið báða menn, og er það það, sem hefur vakað fyrir Njarðvíkingum, þegar þeir óskuðu eftir að fá þessu breytt. Ég er þess vegna fullkomlega sammála og samþykkur þeim brtt., sem hv. sjútvn. hefur gert á frv.

Hvað viðvíkur því, að skipun á stjórn í landshöfninni í Rifi ætti að vera einhver fyrirmynd vegna landshafnarinnar og stjórnar hennar í Keflavík og Njarðvík, þá tel ég það fjarstætt. Mér finnst ekkert eðlilegra en sveitarfélögin sjálf, sem við þessi mannvirki búa, hafi sína fulltrúa þar. Ríkisstj. hefur samt sem áður þrjá alþingiskjörna menn, sem verður að skoða fulltrúa Alþingis. Og ég tel ekki rétt, að þessu sé fjarstýrt héðan frá Reykjavík.

En það hlýtur að leiða að því, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að sveitarfélögin, bæði Njarðvíkurhreppur og Keflavíkurkaupstaður, muni í náinni framtíð leita hófanna um möguleika á að fá þessi mannvirki keypt, ekki sízt vegna þess, að þeim finnst og hefur alltaf fundizt heldur mikill kotungsbragur á framkvæmdum þar og telja líkur til þess, að eitthvað yrði meira gert, ef byggðarlögin sjálf ættu mannvirkin. Ég tel þess vegna, að þróunin verði í þá átt í framtíðinni, að þessi byggðarlög eigi sín eigin mannvirki, ef hæstv. ríkisstj. verður liðleg í samningum við þau.

ATKVGR.
Brtt. 443,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 443,2 (ný gr., verður 2. gr., og brbákv.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., 30. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 646).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt frv. þetta, og eins og fram kemur í grg. þess, var sú breyting ein fólgin í frv. þessu frá því, sem áður hefur gilt í lögum, að í stað hafnarstjóra, skipaðs af ráðherra og með setu í hafnarstjórn, kjósi bæjarstjórn Keflavíkur einn mann í hafnarstjórn og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps annan mann. Áður hafði það gilt í lögum, að þessir aðilar skyldu koma sér saman um einn mann, og hefur ekki þrátt fyrir samkomulag á undanförnum árum verið talið æskilegt, að sú skipan gilti áfram.

Þegar til þessarar stjórnar var á sínum tíma stofnað með landshöfn í Njarðvíkum, þá mun ekkert fordæmi hafa verið fyrir skipun slíkrar stjórnar og því talið eðlilegt, að þessir aðilar kæmu sér saman um einn mann í stjórnina.

Þrátt fyrir þetta samkomulag, sem ég áðan minntist á, þykir nú eðlilegt, að við ósk bæði hafnarstjórnar og þessara tveggja aðila verði orðið um það, að þeir skipi sinn hvorn aðila í hafnarstjórnina.

Eins og í grg. kemur fram, hefur landshafnarstjórn mælt með samþykkt frv., en það var flutt að ósk hennar.

Sjútvn. hefur, eins og fram kemur á þskj. 646, mælt einróma með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

81. Sjúkraþjálfun.

Á 46. fundi í Nd., 9. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um sjúkraþjálfun [142. mál] (þmfrv., A. 275).

Á 47. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 275, sem fjallar um sjúkraþjálfun. Ekki er ástæða til að hafa mörg orð til skýringar á þessu frv., þar eð það var flutt hér í fyrra, en þá var það í nokkuð öðru formi en nú er. Það hafa verið gerðar á því lítils háttar breytingar skv. ábendingum læknadeildar Háskóla Íslands, landlæknis og stjórnar Læknafélags Íslands, en þessir aðilar höfðu frv. til athugunar nú á milli þinga.

Ástæðan til þess, að mál þetta var flutt, var tilmæli frá stjórn félags þeirra, sem sérþekkingu hafa í sjúkraþjálfun. Enginn skóli er nú í þessari grein á Íslandi, en erlendis eru víða sérstakir skólar í þessari grein og sums staðar sem deildir við háskóla. Talsverðar kröfur eru gerðar til þeirra, sem í þessum skólum vilja stunda nám, og víðast hvar er krafizt stúdentsprófs. Námið er m. a. fólgið í ýmsum þeim greinum, sem kenndar eru í fyrri hluta læknisfræði, svo sem líffærafræði og lífeðlisfræði. Þá er einnig kennd lækningameðferð á hinum ýmsu vöðvum og hlutum líkamans með sjúkraæfingum, sjúkranuddi, hitameðferð, ljósum, stuttbylgjum og þess háttar. Þetta eru allt saman gamlar og viðurkenndar aðferðir til lækninga og heilsuverndar, og með þeim hefur oft náðst undraverður árangur til að hjálpa sjúklingum til fulls bata og sérstaklega á sviði bæklunarsjúkdóma.

Á það verður sennilega ekki lögð of mikil áherzla, hversu nauðsynlegt hlýtur að vera, að aðgerðum þessum sé beitt af ýtrustu þekkingu. Þær geta verið beinlínis skaðlegar í sumum tilvikum, ef þeim er beitt við tilteknar meinsemdir, og röng meðferð getur valdið varanlegum örkumlum. Nú starfa sjúkraþjálfarar hér á landi undir eftirliti lækna og á þeirra ábyrgð, enda felst það í því takmarkaða lækningaleyfi, sem þeir hafa skv. lækningaleyfislögunum, nr. 47/1932. Er vitanlega sjálfsagt, að slík starfsemi fari fram undir eftirliti lækna, sem m. a. meta, hvort sjúkraþjálfunarmeðferð eigi við í hvert skipti, sem um er að ræða. Það er líka talið skilyrði til þess, að sjúkraþjálfunarskóli megi teljast fullkominn erlendis, að hann sé viðurkenndur af læknasamtökum og heilbrigðisyfirvöldum hvers lands. Sjúkraþjálfarar, sem lokið hafa námi frá slíkum skólum, hafa með sér sérstök félög, en þau mynda aftur alþjóðasamtök. Slík alþjóðasamtök hafa vitanlega mikið gildi. Félögunum ætti að verða auðveldara að fylgjast með nýjungum í grein sinni fyrir þeirra tilstilli, og þátttaka í þeim samtökum ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að sjúkraþjálfari uppfylli þær kröfur, sem sjálfsagt er að gera til hans vegna öryggis sjúklinganna.

Á Íslandi hefur slíkt félag starfað í rúm 20 ár og hefur aðeins innan vébanda sinna meðlimi, sem hafa þá þekkingu til að bera, sem tilskilin er í þessum alþjóðasamtökum. En samt hefur þetta félag ekki getað fengið inngöngu í alþjóðasamtökin, vegna þess að sérstaka lögvernd fyrir sjúkraþjálfara á Íslandi vantar í okkar löggjöf. Frv. þetta mundi, ef að lögum yrði, tryggja, að þeir, sem hefðu þá menntun, sem hér er rætt um, hefðu einir heimild til að stunda sjúkraþjálfun. Aðeins í algerum undantekningartilfellum yrði brugðið frá því. Í raun og veru er hér um að ræða heilsuverndarmál eða mál, sem snertir öryggi sjúklinganna, og þegar litið er til þess, hve nauðsynlegt það er fyrir heilbrigðismál okkar, að við höfum nægilega mörgum á að skipa með þessa þekkingu, þá ætti líka að vera ljóst, að einhverja aðstöðu sé rétt að skapa þessu fólki til starfa í sinni grein fremur þeim, sem hafa ekki neina sérstaka þekkingu til að bera á þessu sviði. Enda er varla við að búast, að fólk leggi á sig langt og dýrt nám, ef því fylgja ekki nein réttindi, sem það hefði ekki án þess.

Um einstakar greinar þessa frv. tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Það má aðeins benda á þær breytingar, sem eru á frv. nú frá því, sem var í fyrra. Það eru nokkrar smávægilegar breytingar í 1. gr. varðandi skilyrði þau, sem uppfylla þarf til þess að fá löggildingu sem sjúkraþjálfari. Það eru aðeins breytingar til að gera frv., ef að lögum yrði, einfaldara í framkvæmd. Það má kannske sérstaklega benda á, að í 1. gr. er nefnt, að umsögn þurfi frá formanni Félags íslenzkra sjúkraþjálfara í hvert sinn, sem ákvörðun er tekin skv. þessari gr., en í tilsvarandi lögum um ljósmæður og hjúkrunarkonur er tekið fram, að umsögn þurfi eða meðmæli skólastjóra ljósmæðraskólans eða hjúkrunarskólans, eftir því sem við á. En meðan enginn skóli er starfandi í þessari grein hér á landi, þótti rétt að láta þennan aðila koma fram fyrir þeirra hönd.

Í 2. gr. frv. er skilgreining á sjúkraþjálfun, og í 3. gr. er sú takmörkun, sem felst einnig í hinu takmarkaða lækningaleyfi, en í 4. gr. aftur á móti tekið fram, að ekki megi læknar hafa í þjónustu sinni annað fólk til að framkvæma sjúkraþjálfun en þá, sem eru sjúkraþjálfarar, nema með samþykki landlæknis. Þessu undanþáguákvæði um, að þetta gæti verið heimilt með sérstöku samþykki landlæknis, var bætt inn í frv. nú, en það var ekki í fyrra, en þótti hins vegar geta orðið erfitt í vöfum, þar sem svo er ástatt, að nú eru ekki nærri nógu margir sjúkraþjálfarar til sérmenntaðir í þessari grein á Íslandi og erfiðleikum kynni að vera bundið að fá slíkt fólk til starfa erlendis frá. En vonandi kemur, þegar frá líður, ekki mjög til, að á þessari undanþáguheimild þurfi að halda, því að tilgangurinn m. a. með þessu frv. er sá að gera eftirsóknarverðara að leggja fyrir sig þetta nám og þar með að starfa við þessa grein. Í 5. gr. er einnig bætt inn undanþáguákvæði, sem beita má, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ég hygg, að í höndum þeirra aðila, sem þarna er gert ráð fyrir að hafi framkvæmdir, ættu slík undanþáguákvæði ekki að geta orðið til skaða, en hins

vegar tel ég mikla nauðsyn, bæði vegna öryggis sjúklinga, sem slíka sjúkraþjálfunarmeðferð þurfa, og vegna öryggis þeirra lækna, sem vísa sjúklingum á slíka meðferð, að þetta frv. nái fram að ganga, og ég vænti þess, að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, veiti því greiðan framgang nú, eftir að það hefur fengið þessar endurbætur í þetta sinn, og því ætti ef til vill ekki að vera þörf þeirra umsagna, sem leitað var í fyrra, því að nú er tekið tillit til þeirra ábendinga, sem fram komu frá þeim aðilum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 547).

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Mál það, sem hér er til umr. á þskj. 275 og nú er til 2. umr., hefur verið athugað í heilbr.- og félmn. og gefið út um það nál. á þskj. 547. Er lagt þar til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég hef, síðan ég kom heim, athugað umsagnir, sem sendar hafa verið n., og vil leyfa mér að benda á, að í síðustu umsögn frá landlækni gerir hann till. um, að 4. gr. frv. verði breytt þannig, að í stað orðsins „landlæknir" komi: ráðherra. Mér þykir eðlilegast, að sett verði inn í frv., að það sé ráðh., sem veiti þá undanþágu, sem þar um ræðir. Að sjálfsögðu verður það gert eftir tilmælum landlæknis í hvert skipti, en að athuguðu máli þykir þetta réttara. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 4. gr. frv., að í stað orðsins „landlæknir" komi: ráðherra — og leyfi mér að leggja hana hér til hæstv. forseta.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál að öðru leyti. Það eru allir sammála um, að þetta mál nái fram að ganga, og þessi brtt., sem hér er borin fram, er aðeins til að leiðrétta sjálfsagt atriði í frv.

Ég legg svo til, að frv. verði þannig samþ. og afgr. frá þessari hv. deild.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 605) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 605 felld með 18:7 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 661, 647).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og samþ. shlj. að mæla með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskildu sér þó rétt til að bera fram eða fylgja brtt.

Það hafa komið fram brtt. frá hv. 9. þm. Reykv. (AGl) og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK). Ég vildi mælast til þess, að þeir tækju þessar brtt. aftur til 3. umr. og þá gæti n. fjallað um þær.

Það hefur líka komið bréf frá landlækni um þetta frv. Hann leggur til nokkuð svipaða breytingu og þarna er farið fram á, og ég vildi leggja til, að n. fjallaði um þetta á milli umr., og sjá, hvort ekki yrði samkomulag um afgreiðslu þessara breytinga, sem þarna hefur verið rætt um. En að öðru leyti leggur n. til, að frv. sé samþ. og vísað til 3. umr.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. var sammála um að mæla með þessu frv., en við tveir nm., hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og ég, berum fram tvær brtt. á þskj. 647.

Önnur till., við 3. gr., er aðeins um, að greinin verði orðuð á annan veg en gert er, en efnisbreyting er engin. Okkur finnst satt að segja 3. gr. ekki vel orðuð og ekki viðkunnanlegt, eins og þar er talað um, að „meðhöndla sjúklinga".

Hin brtt. okkar snertir 4. og 5. gr. og er á þann veg að sameina 4. og 5. gr. í eitt, þannig að sama ákvæði gildi um þá aðila, sem um ræðir í 4. gr. og 5. gr. Í 4. gr. er um lækna að ræða og þá fyrst og fremst sérfróða lækna, nuddlæknana. En í hinni greininni er um að ræða sjúkrahús, elliheimili, hressingarhæli og aðrar stofnanir, sem þurfa á sjúkraþjálfurum að halda til starfa. Okkur finnst eðlilegt, að nákvæmlega sömu ákvæði gildi um sjúkraþjálfara, hvort sem þeir starfa á lækningastofum hjá nuddlæknum eða á öðrum stofnunum.

Í öðru er okkar brtt. ekki fólgin, en hún er meðfram flutt af því, að landlæknir hefur bent á þetta ósamræmi í bréfi til Alþingis, og sömuleiðis hefur stjórn Læknafélags Íslands eindregið óskað eftir því, að þessu yrði breytt, að ég hygg í svipað horf og við gerum tillögu um á þskj. 647. En eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram, þá er ósk komin fram um það, að nefndin athugi betur, hvort ekki náist samkomulag um þessi atriði, og þess vegna vil ég óska eftir því við hæstv. forseta að mega draga þessar brtt. til baka til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 647 tekin aftur til 3. umr.

3.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 275, 647).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur milli umr. rætt brtt. á þskj. 647 og hefur orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. að þeim brtt. samþ.

ATKVGR.
Brtt. 647,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 647,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 697).
Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfði mér í vetur að flytja frv., sem prentað er á þskj. 275 og fjallar um sjúkraþjálfun. Það var samþykkt óbreytt í þessari hv. d., fór síðan til Ed., og þar voru gerðar á því nokkrar breytingar. Ég verð að segja, að ég hafði vonazt til, að það gengi óbreytt einnig í gegnum þá deild, en vil taka fram á þessu stigi, að ég felli mig eftir atvikum við þær breytingar, sem þar voru gerðar, með sérstöku tilliti til þess, að hægt er að setja í reglugerð ákvæði í samræmi við 4. gr. frv., eins og það nú er orðið, þannig að það haldi sínum upphaflega tilgangi, sem fólst í einni grein, sem þar var felld burt, en þar var tekið fram, að ekki mættu læknar hafa í þjónustu sinni annað fólk til að framkvæma sjúkraþjálfun en þá, sem væru fullgildir sjúkraþjálfarar samkv. lögum þessum. Það mun ekki hafa verið tilgangur þeirra, sem þessar breytingar gerðu á frv., að þessi takmörkun væri felld burt úr frv. í raun og veru, en hins vegar er orðalagið orðið svo rúmt í frv. núna, að ég tel ástæðu til að taka þetta sérstaklega fram og vonast til, að það fari óbreytt í gegnum þessa hv. d., eins og það nú er orðið. Ég tel ekki á það hættandi að tefla frv. í tvísýnu með því að fara að leggja til, að gerðar verði á því enn frekari breytingar, og vonast til, að það verði samþykkt í þessari mynd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 756).

---

82. Skólakostnaður (frv. SB o. fl.).

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og lögum nr. 18 1958 [192. mál] (þmfrv., A. 434).

Á 71. og 72. fundi í Nd., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður greiði stofnkostnað héraðsskóla að fullu. Enn fremur er gert ráð fyrir því í frv., að ríkissjóður greiði rekstrarkostnað að fullu að frádregnum tekjum skólanna.
Rökin fyrir þessari breytingu eru fyrst og fremst þau, að flest þeirra héraða, er að héraðsskólunum standa, brestur fjárhagslegt bolmagn til þess að búa þannig að þeim og þeirri æsku, sem þá sækir, að sæmilegt geti talizt. Af þeim sökum liggur nú við borð, að einstökum héraðsskólum verði lokað, þar sem húsakynni þeirra eru orðin svo bág, að ekki er hægt að bjóða ungu fólki vist í þeim, þrátt fyrir það að um sé að ræða mjög gagnlegar og nauðsynlegar menntastofnanir. Í þessu sambandi er athugandi, að tekjustofnar sýslufélaganna eru þannig, að varla getur talizt eðlilegt, að þau séu aðilar um skólakostnað á móti ríkissjóði. Enn fremur má á það benda, að héraðsskólarnir eru sóttir af nemendum víðs vegar frá af landinu, bæði úr sveitum og kaupstöðum. Á það má einnig benda, að þar sem héraðsskólarnir eru aðeins sjö talsins, þá sleppur meiri hl. sýslufélaga landsins við allan kostnað af slíku skólahaldi, en notar að sjálfsögðu héraðsskólana á sama hátt og þau sýslufélög, sem lögum samkv. ber nú að kosta skólana á móti ríkinu. Loks má vekja athygli á því, að í einum landsfjórðungi er héraðsskóli kostaður að fullu af ríkissjóði.
Óþarfi ætti að vera að óttast stórfelldan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð með samþykkt þessa frv. Leyfi ég mér um það atriði að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv. og samin er af Aðalsteini Eiríkssyni, eftirlitsmanni með fjármálum skóla. Telur hann, að árleg útgjaldaaukning ríkissjóðs af samþykkt frv. mundi nema, miðað við rekstur sjö héraðsskóla árið 1959 og stofnkostnað sömu skóla miðað við fjárlög 1961, tæplega 750 þús. kr. Kostir þessa fyrirkomulags, sem hér er lagt til, eru hins vegar svo miklir, að hiklaust ber að því að hverfa. Meðal þeirra kosta leyfi ég mér að vekja athygli á eftirfarandi:
Áframhaldandi framkvæmdir og viðhald héraðsskólanna verði í höndum þess aðila, sem nú hefur mestra hagsmuna að gæta í því, þar sem hann kostar skólana að mestum hluta, en hefur þó yfir þeim takmörkuð umráð. Í öðru lagi mundu þá öll sýslufélög landsins sitja við sama borð í þessum efnum og aðstaða skólanna innbyrðis yrði sambærilegri en nú er. Loks fengi ríkisvaldið frekari umráð yfir þessum

skólum til ýmiss konar notkunar á sumrin, ef nauðsyn bæri til í þágu uppeldis- og menningarmála.

Sú mótbára kynni e. t. v. að koma fram gegn þessu frv., að líklegt sé, að kröfur komi fram um verulega fjölgun héraðsskólanna á næstu árum og mundi það baka ríkissjóði ærin útgjöld. En mjög ólíklegt er, að þörf skapist á næstunni fyrir nýja héraðsskóla. Gagnfræða- og unglingaskólar eru nú starfandi í kaupstöðum og kauptúnum í flestum héruðum landsins. Viðhorfin í þessum málum eru því allt önnur nú en þegar þeir sjö héraðsskólar voru stofnaðir, sem nú eru starfandi í landinu. Auk þess má á það benda, að tala héraðsskólanna er bundin með lögum, og það er því á valdi Alþingis á hverjum tíma, hvert fjármagn það vill veita í þessu skyni.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að það er skoðun okkar flm. þessa frv., að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem brýna nauðsyn beri til að nái fram að ganga á þessu þingi. Af samtali mínu nú nýlega við hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. leyfi ég mér að telja, að ég hafi ástæðu til þess að ætla, að þeir séu hlynntir framgangi þessa máls nú. Ég leyfi mér því að vænta þess, að frv. hljóti góðar undirtektir hjá hv. þd., og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Á fundi, sem haldinn var í Bjarkarlundi á s. l. hausti af Fjórðungssambandi Vestfjarða og á voru mættir þingmenn Vestfjarða flestir, var gerð samþykkt um að fela þm. Vestfjarðakjördæmis að beita sér fyrir því, að ríkið bæri að öllu leyti rekstrarkostnað af héraðsskólum, að frádregnum tekjum þeirra. Það var því skömmu eftir að þing hófst, að þm. Vestf. komu saman og ræddu málið og ákváðu að flytja um þetta frv., ef á þyrfti að halda. En áður en það yrði gert, kom mönnum saman um að fela hv. 1. þm. Vestf., Gísla Jónssyni, að ræða málið við hæstv. menntmrh. Var hann oft á haustinu og vetrinum inntur eftir því, hvort hann hefði rætt málið við ráðherrann, og kvað hv. 1. þm. Vestf. sig hafa gert það og hafa fengið loforð hans fyrir því, að um þetta yrði flutt stjfrv. á þessu þingi og væri það væntanlegt á hverri stundu. En síðan eru liðnar margar vikur. Þetta veldur því, að Vestfjarðaþm. hafa ekki talið ástæðu til að flytja málið í frumvarpsformi. Það var skömmu áður en hv. 1. þm. Vestf. fór utan á þing Norðurlandaráðs, að ég innti hann eftir þessu máli, og sagði hann mér þá, að hann ætti von á því á hverri stundu, að stjfrv. kæmi fram um þetta, og hafði hann fyrir því orð hæstv. menntmrh.

Ég var því dálítið undrandi, þegar hv. 1. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, sem nú situr hér um stund á þingi fyrir Gísla Jónsson, ber fram frv. um þetta mál með nokkrum flokksmönnum sínum, en hefur ekki á þetta mál minnzt, svo að ég viti, við Vestfjarðaþingmenn, og mun honum þó hafa verið kunnugt um þessa forsögu málsins. En nú er þetta mál komið fram og grípur á þessu sama, sem þm. Vestf. var falið og þeir frestuðu að flytja frv. um einungis vegna fregna um, að það kæmi sem stjfrv. fyrir þingið og ætti þannig möguleika á því að ná afgreiðslu á þessu þingi. Vil ég vænta þess, að þetta sé þá í raun og veru það frv., sem við höfum verið að bíða eftir frá hæstv. ríkisstj., og komi þá í sama stað niður, þó að það sé að forminu til ekki flutt sem stjfrv. En ef svo er ekki, ef hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að flytja málið í öðru formi og koma því þannig fram, þá vil ég spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort það sé ekki rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. hefur eftir honum haft, að von hafi verið og sé á stjórnarfrv. um þetta mál, eða þá í sambandi við það, hvort þetta frv. geti þá alveg komið í þess stað og fái sem sé fljótlega afgreiðslu nú á þessu þingi, því að efnislega er það um það mál, sem okkur Vestfjarðaþingmönnum var falið að koma fram, ef við gætum, á fundinum í Bjarkarlundi. En þessari fsp. vil ég leyfa mér að beina til hæstv. menntmrh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 528).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem liggur hér fyrir til 2. umr., hefur menntmn. d. haft til athugunar og einróma samþykkt, að það nái fram að ganga.

Þetta mál hefur, svo sem kunnugt er, verið mjög lengi á döfinni og meira að segja oftar en einu sinni verið hér á síðustu árum í líkum búningi og það birtist nú í þessu frv., en fyrst og fremst byggist það á tillögum héraðsskólamanna og fulltrúa sýslufélaga, frá ýmsum fundum þeirra og þó sérstaklega fundi, sem þeir héldu haustið 1956. Það er öllum þeim, sem hafa komið nærri þessum hluta skólamála, ljóst, að hér varð að gera breytingu á, og hefur 1. flm. frv., hv. 1. þm. Vestf. (SB), ljóslega lýst því og enda orsökum þess, að það er hér flutt. En mér þykir þó ástæða til þess að fara nokkrum frekari orðum um þá breytingu, sem hér er ráðgerð á skólakostnaðarlöggjöfinni, og af hvaða orsökum hún er gerð.

Frv. gerir ráð fyrir því, að kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði að því er varðar héraðsskóla eða heimavistarskóla gagnfræðastigsins að fullu, bæði rekstrarkostnaður og stofnkostnaður. En nú segja lög svo fyrir, að ríkissjóður greiði ¾ hluta af stofnkostnaði og viðkomandi sýslusjóður ¼, en rekstrarkostnaður greiðist að hálfu leyti úr ríkissjóði og að hinum hlutanum úr viðkomandi sýslusjóðum. Hér er um að ræða sjö heimavistarskóla, heimavistargagnfræðaskóla eða héraðsskóla. Þeir eru átta í landinu, að því er ég bezt veit. Sá áttundi er á Austurlandi, Eiðaskóli, sem er rekinn einvörðungu af ríkinu.

Það segir sig sjálft, að ríkissjóður verður að greiða töluvert meira fé til þessara mála en áður hefur verið, verði frv. að lögum. En þessi auknu útgjöld, eftir því sem reiknað hefur verið út og miðað við árið 1961 í stofnkostnaði og 1959 í rekstrarkostnaði, eru ekki svo tilfinnanleg. Samkv. skýrslu, sem hér liggur fyrir á

fskj. og fylgir frv., er útgjaldaaukning ríkissjóðs talin mundu nema um 750 þús. kr. Nú má vera, að þessi fjárhæð yrði, ef reiknað væri með rekstrarkostnaðarreikningum 1961, nokkru hærri, þó þarf það ekki að vera. En þar á móti kemur það, að ríkið, þegar það hefur eitt orðið yfirráð yfir þessum skólum, hefur mjög tök á því að haga rekstri þessara skóla á hagkvæmari hátt en verið hefur. Þá er þess líka að gæta, að sumarnotkun þessara skóla flestra er engin eða að kalla engin, en gæti orðið meiri og öflugri, t. d. í menningar- og uppeldisskyni, en verið hefur, ef ríkið hefði alfarið með skólana að gera. Og svo er hins að geta, að þegar ríkið hefur losað sig við getulausan eða getulítinn aðila, sem sýslusjóðirnir eru yfirleitt, — það hefur komið glögglega í ljós, — þá getur það meir farið sinna eigin ferða, því að sannast sagna er almennt talið af kunnugum mönnum, að sýslusjóðir geti í raun og veru ekki verið aðilar að skólum sem þessum og eigi ekki að vera það og fyrst og fremst vegna þess, að þessa sjóði vantar öldungis tekjustofna, sem færir séu að standa undir rekstrar- og stofnkostnaðaraðild skólanna.

Þá er ein ástæða enn mjög rík til þess, að ríkið taki þessa skóla að sér að fullu. Það er vitanlegt, að nemendur á þessum skólum eru hvarvetna komnir að. Ég hef skýrslur frá 1958 um þetta atriði, og þá kemur í ljós, að um 35% af nemendum á þessum skólum eru úr viðkomandi héraði, en um 65% utan héraðs. Það má því kalla, að þessir skólar séu miklu fremur ríkisskólar en héraðsskólar. Þá er að geta þess, að meiri hluti eða mikill hluti sýslufélaga í þessu landi sleppur algerlega við að greiða kostnað í sambandi við héraðsskóla, en þeir hinir sömu nota engu síður en aðrir skólana. Þessar og margar fleiri ástæður liggja til þess, að þetta frv., sem hér er til umr., eigi hinn fyllsta rétt á sér.

Ég vil geta þess, að fræðslumálastjóri og eins fjármálaeftirlitsmaður skóla eru báðir þeirrar skoðunar, að það spor, sem yrði stigið með því að samþykkja þetta frv., yrði mjög til bóta, mikill ávinningur, ekki sízt fyrir ríkissjóðinn, og þeir hafa báðir lagt til, að ákvæði í þessa átt yrðu gerð að lögum.

Það kom fram í ræðu hv. 1. flm. þessa máls, að þeir tveir ráðh., sem hafa með þetta mál að gera, hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., væru báðir hlynntir málinu. Ég hef átt tal við hæstv. menntmrh., og hann hefur tjáð mér, að hann sé sammála menntmn. um það, að þetta frv. eigi rétt á sér og rétt sé, að það gangi fram. Hins vegar hefur hann tjáð mér, að hans samþykki sé bundið því skilyrði, að ákvæði frv. eigi einungis við þá sjö héraðsskóla, sem nú eru starfandi í landinu.

Þá er það annað atriði, sem ekki er tekið fram um í frv., en er nánast tækniatriði. Það er spurningin um það, með hverjum hætti eignaskipti skuli fram fara, ef af því verður, að ríkið taki þessa skóla. Bæði þessi atriði munu tekin til athugunar fyrir 3. umr.

Það er von þeirra, sem vilja veg og gengi héraðsskólanna, að sú breyting, sem hér er áformað að gera á lögum um skólakostnað, megi ná fram að ganga og verða að lögum á yfirstandandi þingi. Eins og ég sagði áðan, er það áreiðanlega mikill ávinningur fyrir þau héruð, sem að skólunum standa, og yfirleitt fyrir alla þá aðila, sem að skólunum standa, og þannig í rauninni er það þá þjóðin í heild, sem hlýtur stærsta hlutinn af þeirri breytingu, sem þetta frv. stefnir að.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 434, 601).

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa verið borin fram frv. um breyt. á lögum um greiðslu kostnaðar við skóla, sem þó hafa eigi náð fram að ganga. Ég hef hér á þinginu fyrr rætt þessi mál allýtarlega og enn fremur við hæstv. menntmrh., sem jafnan hafði tjáð mér, að hann mundi fallast á að leysa þetta mál á þann hátt, að viðunandi yrði fyrir héruðin. En eins og kunnugt er, þá er þeim héruðum, sem standa nú undir héraðsskólunum, það ofurefli að kosta rekstur skólanna og byggingu undir þeim ákvæðum, sem núgildandi lög kveða á um, enda er breytingin orðin sú, að þessir skólar eru að sáralitlu leyti sóttir af nemendum úr héruðunum, og þess vegna hafa raunverulega héruðin tekið á sig að greiða kostnað af skólagöngu annarra en sinna eigin íbúa.

Þegar ég vék af þingi um daginn til þess að dveljast við störf í Norðurlandaráði, kom hv. alþm. Sigurður Bjarnason, eins og kunnugt er, í minn stað og flutti þá frv. ásamt Gunnari Gíslasyni, Friðjóni Þórðarsyni og Jóni Kjartanssyni á þskj. 434 um þetta mál, þ. e. breyting á skólakostnaði. Þetta frv. hefur svo farið til menntmn. og gegnum 2. umr. og er nú komið til 3. umr. hér í þessari hv. deild. Við nánari athugun á því frv. og í samráði við hæstv. ríkisstj. hefur orðið samkomulag að gera allvíðtæka breytingu á frv., og hún er í því fólgin, að 1. gr. verður látin falla niður og 2. gr. falli niður. Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. 18. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Heimavistarskólar gagnfræðastigs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins. Skulu sveitarfélögin afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í áföllnum kostnaði þeirra, eins og hann er í árslok 1961.“ Og svo við 4. gr., að gr. falli niður, og við 5. gr., greinin orðist þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Fljótt á litið sýnist hér vera um allmikla breytingu að ræða á frv., en það er þó meira formsatriði. Efnisbreytingin er sú, að í stað þess að gera þær breytingar á rekstrarkostnaði og hlutföllum í kostnaði héraðanna í byggingu og rekstri skólanna, þá er orðið samkomulag um það, að ríkissjóður yfirtaki þessa 7 skóla

í landinu, sem hér um ræðir, að fullu og öllu og kosti að öllu leyti starfrækslu þeirra frá því í árslok 1961.

Mér þykir rétt að geta þess, að þegar þetta mál var til umr. hér í fyrra og var rætt við hæstv. menntmrh. og fjármálaráðunaut skólanna, Aðalstein Eiríksson, þá bar ég fram sams konar tillögu og hér er borin fram nú, en þó með þeim breytingum, að það væri gefið á vald viðkomandi héraða, hvort þau vildu afhenda skólana með þeim skilyrðum, sem hér er tekið fram. Nú hefur verið leitað álits þeirra aðila, og eftir því sem mér er tjáð, munu þeir allir vera fúsir til þess að afhenda skólana gegn því, að ríkið taki að sér allan rekstur framvegis, og þeir afhendi því sinn hluta kvaðalaust, eins og fram er tekið í tillögunni. Við lítum svo á, sem höfum barizt fyrir þessu máli, að hér sé mjög heppileg lausn fengin á máli, sem lengi hefur verið rætt um og deilt um hér í þinginu, og væntum þess, að hv. deild samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil leyfa mér að flytja hæstv. menntmrh. þakkir fyrir þann skilning, sem hann hefur sýnt þessu máli, svo og hæstv. fjmrh., sem hefur fallizt á, að ríkissjóður tæki að sér þann kostnað, sem af þessu leiðir, og eins allri hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa leyst þessi mál á þennan hátt, sem nú hefur verið gert, og er það ósk, að málið mætti ganga hratt einnig í gegnum Ed. og verða að lögum hér á þessu þingi.

Ég vil geta þess, að ég hef rætt um þetta við flm. þá, sem ég hef náð í, og ýmsa aðra aðila, sem hlut eiga að máli og eru staddir í þinginu, og hafa allir fallizt á, að þetta væri heppileg lausn á málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Á fundi, sem Fjórðungsþing Vestfjarða hélt s. l. haust með þm. Vestfirðinga, var samþykkt ályktun þess efnis að fela Vestfjarðaþingmönnum að freista þess að fá því framgengt við ríkisvaldið, að rekstur héraðsskóla yrði kostaður að öllu leyti af ríkinu. Þetta byggðist á því, að rekstur héraðsskólanna á Vestfjörðum: Reykjaskóla í Hrútafirði, hann má telja þar til, Reykjanesskóla og Núpsskóla í Dýrafirði, hafði reynzt þungur í skauti þeim héruðum, sem að þessum skólum standa, og eftir því sem skólunum fjölgaði, höfðu þau héruð færzt saman, sem stóðu að rekstri hvers skóla um sig. Þetta mál var rætt í hópi Vestfjarðaþingmanna snemma á þinginu og 1. þm. Vestf. falið að ræða það við menntmrh., og skýrði hann okkur svo frá oftsinnis, þegar hann var að því spurður, að frv. um þetta væri rétt ókomið frá hæstv. ríkisstj. og hefði menntmrh. lofað því, að frv. um þetta kæmi.

En vikur og mánuðir liðu, og ekkert slíkt frv. kom. Skömmu áður en hv. 1. þm. Vestf. fór á fund Norðurlandaráðs, spurði ég hann að þessu, og sagði hann þá, að enn stæðu málin svo, að hæstv. menntmrh. teldi, að frv. frá sér um þetta efni væri rétt ókomið. Svo liðu örfáir dagar og hv. þm. Sigurður Bjarnason tók sæti þm. og bar þá fram slíkt frv., það frv., sem hér er á þskj. 434, án alls samráðs við aðra þm. Vestf., en ásamt flokksbræðrum sínum, Gunnari Gíslasyni, Friðjóni Þórðarsyni og Jóni Kjartanssyni. Þetta er ekkert stóratriði, en þó fannst mér þetta þá mjög óviðkunnanlegt, að málið var í höndum Vestfjarðaþingmannanna og var talið vera í höndum ríkisstj., þannig að Vestfjarðaþm. biðu aðeins eftir því, að ríkisstj. flytti málið, en svo var það flutt í frumvarpsformi með öðrum þm., en án nokkurs samráðs við samþingismennina á Vestfjörðum.

Það var út af þessu, sem ég beindi þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., þegar þetta frv. kom hér til 1. umr., hvort þetta væri það frv., sem hæstv. menntmrh. hefði margsinnis lofað í vetur. Hann var hér í hv. deild, en svaraði engu, um það fékkst engin vitneskja.

Nú hefur málið verið athugað í nefnd og tekið allmyndarlegri breytingu, myndbreytingu svo rækilegri, að sjaldgæft mun vera, að frv. breytist því líkt, en verður þó að telja, að efni þess komist í höfn. Það hefur nú oftast verið litið svo á hér á Alþingi, að í 1. gr. fælist meginefni frv., og fyrsta breytingin við þetta frv. er sú, eins og hér var gerð grein fyrir áðan, að 1. gr. falli niður, en ekki nóg með það, einnig 2. gr. á að falla niður, og 3. gr. fær ekki að standa óbreytt, heldur á að koma við hana viðbót. Þá er maður nú kominn langleiðina í gegnum frv., því að svo er eftir 4. gr., sem er tilvitnun í það, að ákvæði laga nr. 18 frá 1958 skuli falla niður að því er tekur til heimavistarskóla gagnfræðastigsins, innan sviga: héraðsskóla. Og svo 5. gr. um, að ákvæði laga þessara skuli gilda frá 1. jan. 1962.

En breytingin, sem gerð er á 3. gr., er sú, að heimavistarskólar gagnfræðastigs (héraðsskólar), — þ. e. a. s. þetta á ekki að ná til hinna almennu gagnfræðaskóla, ekki neinna þeirra, ekki þó að þeir séu heimavistarskólar, heldur, skilst mér, skýringin þarna innan sviga, héraðsskólar, virðist eiga að takmarka þetta við hina svonefndu héraðsskóla, en að skilningi fræðslulaga geta þetta hvort tveggja verið gagnfræðaskólar, — sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skuli vera séreign ríkisins. Skuli sveitarfélög afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í áföllnum kostnaði þeirra, eins og hann er í árslok 1961. Nú er ég ekki svo nákunnugur fjárhagsástandi skólanna sem fyrirtækja, hvort vegna niðurlagsins á þessari grein leiði það, að héruðin verði að borga upp mikið af skuldum, sem hvíli á stofnununum, eða hvort í þessu felist það, að ríkið taki við stofnununum með þeim skuldum og inneignum eða þeim fjárhag, sem þær nú hafa. Mér skilst þó, að sveitarfélögin verði að gera alveg hreint borð, ekki aðeins afhenda stofnanirnar eins og þær standa, heldur verði að borga upp skuldirnar, sem hvíla á skólunum, að þeirra hluta, því að það á að afhenda þær ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust, að því er snertir hluta sveitarfélaganna, skv. uppgjöri í árslok 1961. Þetta mundi ég nú óska að fengist skýrt nánar, því að nokkru máli skiptir það, hvort e. t. v. mörg hundruð þúsunda eða jafnvel milljóna fúlgur verða að greiðast af sveitarfélögunum við afhendingu skólanna, þegar þetta frv. tekur gildi, ef það verður að lögum.

Ég held, að þarna séu allir nú starfandi héraðsskólar teknir með. Ég held það. Ég man ekki eftir, að það vanti þarna neinn í upptalninguna, því að Eiðaskóli er nú þegar eign ríkisins og hefur verið frá því að hann sem búnaðarskóli var gefinn ríkinu. Hins vegar er ég hræddur um, að héraðsgagnfræðaskólar, gagnfræðaskólar, sem væru heimavistarskólar, það muni koma óskir um það, að þeir verði þá ríkiseign líka að þessu frv. samþykktu.

Því er ekki að neita, að þrátt fyrir að niður sé felld 1. gr. frv. hv. þm. Sigurðar Bjarnasonar og 2. gr. og 3. gr. gerbreytt og 4. gr. felld niður og 5. gr. orðuð um, þannig að ekkert stendur eftir af frv. nema nokkrar línur í 3. gr., þá virðist í þessu frv. svona breyttu nást meginhlutinn af því, sem okkur þm. Vestf. var falið að reyna að ná fram og við gerðum okkur vonir um að fengist leyst með stjórnarfrv. frá hæstv. menntmrh., en aldrei hefur komið og engin svör fengust um í sambandi við þetta mál, þegar það var hér lagt fram. Málið hefur því skýrzt svona í meðförunum af sjálfu sér, þó að einhverjar fæðingarhríðir hafi bersýnilega farið fram í sambandi við svona gagngera umbreytingu á frv. Ég geri ráð fyrir því, að því megi treysta, að hæstv. ríkisstj. ætli þessu frv. líf og að það nái fram að ganga á þessu þingi. Þó að það bæri þannig að og ekki að öllu levti að því er snertir flutninginn út frá félagslegum skyldum, ef menn hafa tekið mál sameiginlega að sér, þá hefur þó úr þessu rætzt svo, að við má una.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en mundi vilja óska þess, að hv. frsm. gæfi á því skýringu, sem felst þarna í niðurlagsorðum 3. gr., eftir að henni hefur verið breytt, hvað felst í því, að sveitarfélögin skuli afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í áföllnum kostnaði þeirra, eins og hann er í árslok 1961.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 601, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vildi mjög óska þess, að þessu máli yrði lokið hér í dag. Umræðum var frestað hér fyrr, vegna þess að hæstv. menntmrh. óskaði eftir því, sem stafaði af því, að það þurfti að athuga nánar þá brtt., sem hefur verið gerð á frv. Brtt. hefur nú verið endurprentuð og borin þannig undir hæstv. ráðh., sem hefur tjáð sig fullkomlega samþykkan henni, og því sé ég ekki ástæðu til þess að fresta umr. vegna afstöðu hæstv. ráðh. til afgreiðslu málsins. Málinu var frestað í gær, vegna þess að formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., óskaði eftir því, og var orðið við þeirri beiðni. Ég sé því enga ástæðu til að fresta málinu nú og legg mjög að hæstv. forseta að ljúka málinu í dag, áður en fundi er slitið. Þetta er afar mikið áhugamál fyrir öll þau héruð, sem standa að viðkomandi skólum. Nú er liðið langt á þingtímann og málið þarf að komast til Ed. á morgun, til þess að það verði örugglega afgreitt þar fyrir þingslit. Legg ég mjög mikla áherzlu á, að umr. verði lokið hér nú, nema því aðeins að hæstv. forseti gefi loforð um, að umræðunni verði lokið síðar í kvöld. Þá er mér náttúrlega sama, þótt málinu sé frestað um stund. En ég legg afar mikla áherzlu á, að málið verði afgr. hér í þessari deild í dag.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það er rétt, sem hér var sagt, að ég hafði kvatt mér hljóðs í þessu máli fyrir tveim dögum. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs þá, var, að fram hafði komið brtt. á þskj. 601, sem mér sýndist vera missmíð á. Þar var sem sé ákvæði um það, að tilteknir héraðsskólar skyldu vera eign ríkisins, án þess að nánar væri gerð grein fyrir því, að þar þyrfti samþykki til að koma, og sýndist mér, að eigi væri hægt að setja slíkt ákvæði með almennum lögum, nema í samræmi við ákvæði þar um í 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Nú hefur þessi brtt. verið prentuð upp á þskj. með sama númeri og þessi missmíð leiðrétt, þannig að í raun og veru er ekki ástæða til þess að tala um það efni frekar. Má segja, að þar með sé niður fallin meginástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs. En ég vil aðeins vekja athygli á því, úr því að ég hafði kvatt mér hljóðs, að við 2. umr. lá fyrir einróma álit hv. menntmn., þar sem hún mælti með frv. eins og það lá fyrir óbreyttu, og ég hefði vænzt þess, að hv. n. léti eitthvað til sín heyra um þessa brtt., sem nú liggur fyrir, annaðhvort að hún hefði tekið hana fyrir til athugunar og mælt með henni eða móti eða að hún ætlaði sér að gera það. Einnig þykir mér nokkuð á skorta, að ekki virðast liggja fyrir glöggar upplýsingar um það, hvort héraðsskólar, fleiri eða færri, telja þá brtt., sem þarna liggur fyrir á þskj. 601, leysa sinn vanda, en talið er, að brtt. sé flutt í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Varðandi þann héraðsskóla, sem starfar í minu kjördæmi, þá er mér ekki kunnugt um, að hann hafi látið í ljós álit sitt um þetta, þótt það geti hugsazt, að það hafi gerzt nú alveg nýlega. En mér hefði fundizt æskilegt, að þetta hefði legið fyrir, hvort skólarnir sjálfir telja þessa till. leysa sín vandamál, og ef ekki liggur fyrir álit frá þeim öllum, hverjir af þeim hafa talið svo vera.

Ég hafði gert ráð fyrir, að þetta mundi upplýsast í sambandi við það, að hv. menntmn. tæki till. til athugunar og meðferðar, eins og venjulegt er.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil nú fyrst þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið málið til umr. nú í kvöld, vegna þess að það er hugsað að reyna að koma því í gegnum báðar deildir þingsins, áður en þingi er lokið.

Ég kvaddi mér hljóðs nú aðeins til að benda á, að brtt. sú, er ég bar fram á þskj. 601, hefur nú verið endurprentuð og henni breytt þannig,

að það er á valdi héraðanna, hvort þau vilja afhenda skólana eftir þessari reglu eða ekki, enda væri, eins og hefur verið bent á, engan veginn viðeigandi að setja um það ákveðin skilyrði, nema fyrir fram væri vitað, að allir skólarnir hefðu óskað þess, en sú ósk hefur ekki legið fyrir opinberlega frá öllum skólunum. Hins vegar hef ég rætt við alla þá hv. þm. hér, sem hlut eiga að máli í þessum héruðum, og ég held, að þeir séu flestir á því, að þetta verði mikil bót fyrir héruðin, að frv. yrði samþ. samhljóða till. á þskj. 601.

Ég vil leyfa mér að geta þess, að ég hef rætt þetta við hæstv. menntmrh., sem er sammála um, að till. verði samþ. svo sem hún nú er orðuð, og hefur þess vegna fallið frá því, að það þurfi að gefa hér neinar sérstakar yfirlýsingar, sem hann annars hafði ætlað sér að gera í sambandi við afgreiðslu málsins.

Ég vil leyfa mér að geta þess einnig, að 6. brtt. hér er aðeins leiðrétting, því að þegar búið væri að breyta frv. þannig, eins og gert er ráð fyrir hér á þskj. 601, þá er óþarfi og á ekki við að vísa í lög nr. 18/1958 í fyrirsögn frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða málið og vænti þess, að menn geti fallizt á að afgreiða það hér, svo að það geti farið til Ed. eins fljótt og unnt er.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., hefur nú farið einkennilegar brautir inn í þingið og tekið enn furðulegri myndbreytingum á leið sinni í gegnum þingið. Það er borið fram af nokkrum hv. þm., vísað til n., nefndin tekur við málinu og athugar það og mælir með því óbreyttu til samþykktar. Þegar það svo kemur til umr. að fengnum meðmælum n., þá liggja fyrir brtt. um að fella 1. gr. niður og 2. gr. niður og gerbreyta þeirri 3. og fella niður þá 4. og síðan að afgreiða frv. svo gerbreytt.

Þegar ég sá frv. í þeirri mynd, þótti mér næsta óljóst, hvort þessi lausn gæti hentað þeim héruðum, sem vildu fá gildandi lögum breytt að því er snerti rekstur héraðsskólanna, og við nánari athugun varð ég enn þá meira í vafa um það, hvort frv. stæðist að lögum og væri ekki of nærgöngult við ákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem ákveðið var, að vissir eigendur héraðsskólanna, sem eru sjálfseignarstofnanir, skyldu afhenda þá ríkinu, skyldu afhenda sína viðurkenndu eign. Vafasamt er, að það hefði staðizt, enda er nú komið svo, að á þessu hefur verið gerð breyting, þeir skulu afhenda þessar eignir sínar skulda- og kvaðalausar, ef óskir berast frá eigendunum um það. Enn þá er mér ekki alveg ljóst, hvort málið nú í þessari allra nýjustu mynd sinni hefur verið borið undir hv. n., sem fjallaði um frv. upphaflega eins og það var og mælti með því. Mér finnst, að þegar búið er að gerbreyta málinu svona tvívegis, síðan n. fjallaði um það, þá hljóti að vera mjög eðlilegt, að málið fari til athugunar hjá n. á ný, því að raunverulega er hér um alveg nýja afgreiðslu á málinu að ræða frá því, sem við n. blasti, þegar hún fjallaði um málið.

Ég fagna þessari seinni breytingu og tel, að þá séu líkindi til, að það stangist ekki við stjórnarskrána, því að eignatilfærsla verður þarna því aðeins, að héruðin óski eftir hinu nýja formi og hinni nýju aðstöðu, sem þá komi fram.

Mig langar einnig til að spyrja í viðbót við það, sem ég hef nú spurt, hvort hv. n. hafi nú fjallað um málið og sé sammála um það í því formi, sem það er nú, hvort fjármálaeftirlit skólanna muni nokkuð hafa haft hönd í bagga um þessa mótun málsins. Það mundi að mínu áliti nokkuð tryggja það, að e. t. v. væri búið að ganga svo frá þessu máli, að héruðin, sem eru hinir réttu fjárhagsaðilar að skólunum og rekstri þeirra nú, mundu sætta sig við málið. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Vestf. sagðist áðan hafa haft samband við nokkra eða alla þá aðila, sem að skólunum stæðu, og þeir teldu mikla bót að málinu, og skildist mér á honum, að þeir mundu sætta sig við það í þessu formi.

Ég held, að ég hafi ekki fleira að segja um málið að sinni. Ef málið er nú komið í það horf, að n., sem upphaflega mælti með frv. óbreyttu, getur sætt sig við það, og vitneskja liggur fyrir um, að núv. eigendur skólanna telji málið til verulegra bóta og sætti sig við það og fjármálaeftirlit skólanna hafi ekki heldur neitt við það að athuga, þá held ég, að þessi nýja lausn á málinu geti a. m. k. fengið mitt samþykki.

Benedikt Gröndal: Hæstv. forseti. Þegar frv. þetta í sinni upprunalegu mynd var sent til menntmn., var n. mjög fljót að afgreiða það með því að mæla einróma með því. N. gat verið fljót við afgreiðslu þessa máls, vegna þess að sama mál í mjög svipaðri mynd hefur verið fyrir þinginu undanfarin ár, og menntmn. hefur þá, að verulegu leyti skipuð sömu mönnum, fjallað ýtarlega um það. Snemma á s. l. ári hélt n. t. d. fund með fræðslumálastjóra og fjármálaeftirlitsmanni skóla um þetta, þannig að hjá n. lágu fyrir mjög ýtarleg gögn og allmikil athugun, sem olli því, að nm. þótti óþarfi að kalla þessa sömu aðila fyrir um sama mál aftur nokkrum mánuðum síðar. Nm. voru reiðubúnir að afgreiða málið eins og það þá var.

Kjarninn er sá, að í n. var á síðasta þingi og enn á þessu þingi mikill áhugi á að koma því til leiðar, að ríkið gengi til móts við þau sveitarfélög, sem hafa umrædda skóla, og tæki á sig verulegan eða allan hluta af kostnaði við þá. Það, sem nú hefur gerzt með brtt., sem eru mest ræddar, hefur gerzt utan n., en þó þannig, að ég, sem er form. n., hef vitað af breytingunum og hef að mínu leyti ekki gert við þær aths. Hér er gengið lengra en áður var og sérstaklega eftir að sá varnagli hefur verið settur inn, að sveitarfélög geti sjálf sagt til, hvort þau vilja þiggja stuðninginn eða ekki. Af öðrum nm. er mér kunnugt um, að frsm. n. í þessu máli hefur einnig fylgzt með þessum breytingum, en beinar óskir hafa ekki borizt til mín frá öðrum nm. um, að málið yrði tekið upp aftur. En hvað þetta snertir geta nm. óskað þess, ef þeir vilja, og þá mun ég að sjálfsögðu gera það, sem beðið er um í þeim efnum.

Karl Guðjónsson: Hæstv. forseti. Það hefur áður verið bent hér á það, að meðferð Alþ. á

þessu máli er með dálitið óvenjulegum hætti, og raunverulega er það svo, að sú brtt., sem allar líkur benda til að hér verði samþ., breytir frv. algerlega, — það stendur engin gr. eftir óbreytt af því, það er orðið annað mál. Það fjallar að vísu um sama efni og frv., sem flutt var, og það ákaflega óviðfelldið, að þn. fjalli aldrei um lagafrv. En í rauninni er sú brtt., sem hér liggur fyrir, nýtt frv., þótt hún að formi til sé flutt sem brtt. við frv., sem fyrir liggur.

Það er í þingsköpum ákveðið um það, að afgreiðsla mála eigi að ganga eftir tilteknum reglum, sem eiga að tryggja það, að ekki sé kastað höndunum til afgreiðslu mála, og alveg burt séð frá því, um hve gott efni málin eru. Þó að ég lýsi efnislega stuðningi yfir við þær till., sem hér liggja fyrir, þá eiga þær að athugast í n. Ég álít t. d., að það sé ekki alls kostar gott og beri að lagfæra það form í n., að hér eru tilteknir skólar látnir njóta vissra kjara af ríkisins hálfu. Þetta gildir ekki almennt um skólakerfi landsins. Að vísu eru það allir nú starfandi héraðsskólar, bundnir við þá staði, sem þeir starfa á. En þessi lög eru engin brbl. að forminu til, þetta eru lög, sem eiga að gilda. Þróunin gerir það að verkum, að stundum eru skólar fluttir til, og það er ekkert víst, að héraðsskóli Vestfirðinga verði alltaf að Núpi eða í Reykjanesi, þetta gæti flutzt til. Þá eru þeir í rauninni fallnir út úr lögunum. Sömuleiðis er ekkert líklegra en til þess geti komið, að stofnsettir verði nýir héraðsskólar, en þá ná þessi lög, sem hér eru áformuð, alls ekki til þeirra. Ég tel því eðlilegt, að inn í þetta væri bætt, að þetta næði til þeirra héraðsskóla annarra, sem síðar kynnu að rísa með samþykki fræðslumálastjórnarinnar í landinu, og málið yrði gert nokkru almennara en hér er um að ræða. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því, að nein þróun geti orðið í skólauppbyggingu okkar að því er varðar heimavistarskóla gagnfræðastigsins. Finnst mér, að löggjafinn þurfi að hafa í hyggju hverju sinni, að það er dálitið annað að miða löggjöf bara við það ástand, sem ríkir á augnablikinu í almennum efnum, eða hafa lögin eins og vissan ramma, sem ríkið setur skólahaldi á þessu stigi, og hefði ég fellt mig miklum mun betur við, að það væri gert, lagagreinin yrði höfð almenn.

Ég ítreka það svo, að þessi orð mín ber alls ekki að skilja sem mótmæli við efni málsins. En hér hefur það komið fyrir, að n. hafa unnið verk sín svo slælega, að ekki hefur einu sinni verið hægt að bera málin undir atkv. eins og þau komu frá n. Ég álít, að n. megi ekki kasta þannig höndum til sinna verka. Hér er gert ráð fyrir því á hinn bóginn, að farið verði með heilt mál — og ekki svo lítilvægt — algerlega fram hjá n. í þessari d. Hv. form. menntmn. d. hefur lýst yfir, að hann viti um þessa hluti, hvað hér er að gerast, og segir jafnframt, að frsm. málsins muni einnig hafa haft sínar hugmyndir um það. En það breytir ekki því, n. hefur ekki komið saman og hún hefur ekki gefið þinginu neitt nál. um þetta mál, eins og það stendur nú. Ég teldi rétt, að hún gerði það, því að hér er um að ræða form, sem mjög orkar tvímælis og ég teldi fara betur á annan veg.

Halldór E. Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en í sambandi við þau ummæli, sem hv. 1. þm. Vestf. viðhafði áðan, að hann hefði rætt þetta mál við þá þm., sem þetta mál varðaði, þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel mig varða héraðsskólamál. Í því kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, er héraðsskólinn í Reykholti, og varðar mig þess vegna um þetta mál eins og aðra hv. þm., innan þess ramma, sem hv. 1. þm. Vestf. talaði um. Við mig hefur hv. þm. ekki rætt um þetta mál. Hins vegar breytir það ekki afstöðu minni til málsins.

Eins og þetta frv. var lagt fyrir í fyrstu, þá var ég fylgismaður þess og hefði verið ánægður með það á marga lund, ef það hefði náð fram að ganga. Hér hefur það hins vegar gerzt, að frv. hefur verið gerbreytt, að mér skildist á hv. 1. þm. Vestf. með samkomulagi milli einhverra hv. þm. og hæstv. ráðh. Eins og till. var lögð fyrir hér á fundi í fyrrakvöld, var með öllu ómögulegt að greiða henni atkv. Ég tel mig ekki hafa neitt umboð til að afhenda Reykholtsskóla, en með samþykkt þeirrar till. var búið að gera það og svo um aðra héraðsskóla. Hins vegar eins og málið liggur nú fyrir, þá er öðru máli að gegna. Það er komið senn að þingslitum, og ef málið fer að tefjast, þá nær það ekki fram að ganga á þessu þingi. Inn í það er kominn nú sá varnagli, að það þarf enginn eigandi héraðsskóla að ganga að því, nema hann af fúsum vilja vilji það, og eftir að sú breyting hefur verið gerð, að engin lög falli niður, þá heldur hann öllum þeim rétti, sem hann hefur gagnvart þeim lögum, sem nú gilda, bæði um rekstur og stofnkostnað. Þess vegna á hann um það að velja, að hafa það, sem er, eða þetta, sem hér á að samþ.

Enda þótt þetta beri allt að með óvenjulegum hætti og hætti, sem ekki má í raun og veru framkvæma hér á hv. Alþ., þá mun ég nú samt, þrátt fyrir það sem orðið er, fylgja þessu máli fram, þar sem héraðsskólarnir eiga sjálfir allan réttinn til að velja eða hafna.

Benedikt Gröndal: Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. gerði það mjög að umtalsefni, að nefndir á þingi ynnu slælega og köstuðu höndum til starfa sinna. Setti hann svo fram þá fullyrðingu, að hér væri til meðferðar nýtt mál og n. hefði ekki um það fjallað og ekkert um það sagt.

Ég skýrði gang þessa máls í gegnum menntmn. í fyrri ræðu. En ef við tökum góðan og gildan skilning hv. þm. á þessu máli, að þetta sé nýtt mál, þá vil ég benda honum á, að því nýja máli hefur aldrei verið til n. vísað. Brtt., sem hér er deilt um, var lögð fram í þessari hv. d. í gær. Það er liðlega sólarhringur síðan, en er það ekki til of mikils ætlazt, ef þess er krafizt, að á einum sólarhring hafi nefndir skilað áliti um mál, sem hefur ekki verið til þeirra vísað?

Þetta er svar við orðum hans í svipuðum dúr og hann ræddi málið. En ég vil benda á aðra hlið málsins. Þetta er gamalt mál. Það er búið að standa yfir þing eftir þing barátta til að fá ríkisvaldið til að taka meiri þátt í kostnaði við

héraðsskóla, vegna þess að þessir skólar eru viðkomandi héruðum þung fjárhagsleg byrði. Hafa nemendur úr öðrum sýslum en þeim, sem kosta skólana, sótt þá í vaxandi mæli, svo að þetta hafa smám saman orðið eins konar landsstofnanir. Þessi barátta hefur hingað til borið lítinn árangur. Fyrir nokkrum árum var stungið því snuði upp í þm., sem hafa áhuga á málinu, að leigutekjur skólanna skyldu teljast framlag heimahéraðs. Þar var ríkið að reyna að friðþægja þá menn, sem sóttu fram fyrir hönd þessara sýslufélaga. En sú friðþæging var ákaflega lítil, svo að baráttunni hefur verið haldið áfram.

Smám saman hafa þeir menn, sem hafa staðið vörð um ríkiskassann og gæta þess, að ekki sé ofhlaðið á hann, hörfað. Loks á þessu þingi var komið svo, þegar málið var lagt fram, að 1. flm. þess leyfði sér að fullyrða, að bæði hæstv. menntmrh. og fjmrh. væru málinu hlynntir. Þeir sátu í deildinni og andmæltu þeirri fullyrðingu ekki. Í trausti þess, að þetta breytta viðhorf yrði til, að málið kæmist í gegn, fékk það skjóta afgreiðslu í menntmn., sem einnig byggðist á því, að málið hafði þar verið ýtarlega rannsakað áður.

Nú hefur af einhverjum ástæðum verið haldið áfram að leita að formi til að ná þeim tilgangi, sem ég hef lýst. Mér skilst, að hv. flm. brtt. á þskj. 601 hafi í samráði við ráðherrana komizt að því formi, sem hér er fyrir okkur lagt. Með því að benda á þessa forsögu málsins og það, að mörg héruð telja þetta brýnt hagsmunamál sitt, vænti ég þess, að hv. þm. reyni nú að íhuga till. og taka afstöðu til hennar án þess að gera tilraunir til þess að bregða fæti fyrir málið á síðustu dögum þingsins. Nokkurra daga töf við að senda málið aftur í n. eða til einhvers annars getur auðveldlega orðið til þess, að málið nái ekki fram á þessu þingi. Í trausti þess, að það sé skilningur á þessu í d., og í trausti þess, að okkur takist nú að hagnýta þá velvild, sem hefur komið fram hjá hæstv. ráðherrum, og að við komum málinu fram, vil ég vænta þess, að menn reyni ekki að tefja málið og stofna því í hættu.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Út af ummælum hv. 3. þm. Vesturl., þá er það rétt, að ég hefði átt að haga mínum orðum þannig að segja, að ég hefði gert ráðstafanir til, að það yrði haft samband við alla þá hv. þm., sem þetta mál snertir. Hv. 4. þm. Sunnl. tók að sér að ræða málið við hv. þm. Framsfl. Það er því rétt, að ég hef sjálfur ekki rætt þetta við alla hv. þm. Tiáði hv. þm. mér, að málið hafi verið rætt á flokksfundi Framsfl. og hv. þm. hans því kunnugt um það, og einnig er mér tjáð, að þeir hafi verið sammála því, eins og hv. 3. þm. Vesturl. raunverulega viðurkenndi, að þessi breyting yrði gerð á frv. Ég skal svo ekki ræða það atriði meira.

Mér þykir rétt að svara hv. 4. landsk. um það, sem hann spurði um hér í sambandi við þetta mál.

Eins og hv. þm. er kunnugt og tekið hefur verið fram hér, þá hefur verið barizt fyrir því á mörgum undanförnum þingum að fá þessum málum breytt þannig, að ríkissjóður greiddi a. m. k. 90% af byggingar- og rekstrarkostnaði þessara skóla. Um frv., sem Sigurður Bjarnason flutti á þinginu 1960 og fór í þessa átt, var leitað umsagna fjármálaráðunautar ríkisins. Gaf hann út mjög ýtarlega skýrslu um málið, sem lá fyrir hv. menntmn. þessarar hv. d. í fyrra. Þessi ýtarlega skýrsla sýndi, að það væri sáralítill munur á því, hvort ríkið tæki að sér að greiða 90% af rekstrarkostnaðinum eða hvort það tæki að sér að fullu reksturinn, en þá réði það sjálft yfir þeim tekjum, sem kæmu inn, ef hægt væri að hafa tekjur af skólunum. Lágu öll þessi gögn fyrir n. á s. l. ári og voru athuguð þar mjög gaumgæfilega. Í sambandi við það bar ég þá fram till., að vísu ekki hér í þinginu, en við hæstv. menntmrh., um að leysa málið á þann hátt, sem nú er lagt til í till. þeirri, sem hér er til umræðu. Hæstv. fjmrh. féllst á, að það yrði gert, og var fyrir sitt leyti samþykkur því að leggja fram þá fjárhæð, sem hér þyrfti og væri sáralítil, en hæstv. menntmrh. óskaði þá eftir að athuga málið betur. Hann hefur svo haft þetta mál til athugunar og hefur margsinnis, eins og hv. 4. þm. Sunnl. er kunnugt, tjáð okkur, að þetta þing skyldi ekki líða svo, að málið yrði ekki afgr. í viðunandi formi.

Þetta er saga málsins og þess vegna sé ég enga ástæðu til þess að láta málið fara til hv. menntmn. á ný, vegna þess að hún hefur þegar sagt álit sitt um það og lagt einróma til að afgreiða það á þann hátt, sem hér er lagt til. Fyrir liggja þar öll gögn í þessu máli, bæði um hvað það kostar ríkissjóð að bera 90% af kostnaðinum og hvað það kostar, að ríkissjóður beri allan kostnaðinn. Allur þessi samanburður liggur í gögnum hjá n. Hafði hún kynnt sér þau mjög gaumgæfilega, áður en hún gaf út nál. Ég vil því vænta þess, að hv. þm. taki aftur þá till. að vísa málinu til n., sem áður hefur afgr. málið.

Hv. 6. þm. Sunnl. ræddi hér um málið áðan og sagði, að honum þætti eðlilegt, að farið væri inn á víðtækari grundvöll. Er það náttúrlega allt annað mál. En það lokar ekki þeim möguleika, ef byggja skal nýja skóla. Aðeins þarf þá að ræða um það á Alþingi, hvort þeir skuli njóta sömu réttinda. En ég vildi mjög óska þess, að því máli yrði ekki blandað inn í þetta atriði, því að þetta frv. er eingöngu bundið við þá skóla, sem nú eru, og viðkomandi héruð hafa ekkert fjárhagslegt magn til að standa undir rekstri þeirra. Hann hélt því einnig fram, að svo mjög hefði frv. verið breytt, að segja mætti, að hér væri raunverulega um nýtt þingmál að ræða. Ég veit ekki, hvort nokkur annar þm. þykir formfastari á því sviði en ég, og þess vegna var það fyrsta, sem ég gerði, áður en ég setti brtt. fram, að grennslast eftir því hjá skrifstofustjóra, hvort frv. þannig breytt mundi verða talið nýtt mál, og kvað hann það ekki vera sitt álit. Hann taldi, að það mundi ekki vera ástæða til að krefjast þess, að málinu væri vísað frá á þeim grundvelli, því þó að málið væri raunverulega gerbreytt, þá væri það um sama efni og þess vegna væri ekki ástæða til þess, hvorki að taka það til n. né vísa því frá af þeim ástæðum. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram.

Málið hefur verið rætt á öllum stigum við fjármálaeftirlit skóla, þ. e. við Aðalstein Eiríksson, og síðast í dag var rætt við hann um þessa breytingu, sem nú er til umr. hér, og lýsti hann ánægju sinni yfir því, að málið væri nú komið í þetta horf, og telur það miklu betra. Eins og allir aðrir, sem um málið hafa rætt og eru því fylgjandi, lýsti hann því yfir, að hann væri mjög ánægður með, að málið fengi afgreiðslu í því formi, sem það nú er í.

Annað held ég, að ég hafi ekki þurft að taka fram í sambandi við þetta mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef nú fengið svör við því að mestu leyti, sem ég spurði um áðan, og þakka ég fyrir þau svör. En hinu verður ekki á móti mælt, að mjög svo undarleg vinnubrögð hafa nú verið hér höfð við afgreiðslu þingmáls. Ég minnist þess ekki, að það hafi yfirleitt gerzt, að mál sé ekki aftur tekið til athugunar í nefnd, — það er ekki mjög tímafrekt, stundum eru hreint og beint undir umr. máls gerðar ráðstafanir til þess að ná í nm. og vita um þeirra afstöðu, — ef einhver smábreyting hefur orðið við afgreiðslu málsins, frá því að n. fjallaði um það, því að margar okkar brtt. við frv. eru um það, að vikið er til orði, og þarf ekki meira til, til þess að málið breytist samt allverulega, og þá leyfa n. sér yfirleitt ekki að halda málinu áfram, nema ganga úr skugga um, hvort þetta hafi breytt afstöðu nm. Og ef mál tekur slíkri breytingu, að ætla megi, að það varði nokkru um afstöðu nm., þá eiga þeir rétt á því sem nm., að málið sé undir þá borið á ný, áður en það komi í d. til meðferðar, og d. á einnig rétt á því og kröfu á því, að n. hafi fyrst komizt að niðurstöðu um mál og tekið afstöðu til þess í því formi, sem það er, þegar það er til umr. í deildinni.

Það er vitanlega alveg hárrétt, að ekkert mál, sem ég man eftir, hefur gerbreytzt eins og þetta, þegar við 3. umr. liggur fyrir till. um að fella 1. gr. niður, sem n. mælti með, fella 2. gr. niður, sem n. mælti með, að breyta 3. gr. svoleiðis, að hún er gersamlega um allt annað og miklu meira en hún var, þegar n. fjallaði um hana, og fella 4. gr. niður og orða 5. gr. á annan hátt. Þar með var frv. búið og ekki fleiri gr. til í því. Öllum var þeim breytt, og samt er n. ekki kölluð saman aftur. Og nafninu þarf að breyta líka á frv., og samt er ekki kölluð saman nefndin. Formaður vissi um, hvað var að gerast, og einn annar nm. segist líka hafa vitað um það og þar með búið. Ég álít, að þarna hafi verið nokkuð gengið fram hjá rétti n. og þá sé ekkert eðlilegra en þingdeildin vilji vita um það, hver er afstaða n. til þessa máls í hinum gersamlega endurnýjaða búningi. Hver er afstaðan til þessa umskiptings, því að hér er um umskipting að ræða?

Þá skal ég aðeins víkja örfáum orðum að því, sem hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) sagði hér áðan, og sé ég ekki, að neinn geti á móti því mælt, að málið er að formi til algerlega sem nýtt mál og hefur hvorki legið fyrir þingdeild til 1. umr. í því formi né fyrir n., að því er nú er upplýst, og er borið fram sem brtt. við málið, en á þann hátt, að nafn og allar gr. frv. breytast. Og þegar málið hefur nú fengið þennan búning, þá er því svo þröngur stakkur skorinn, að það fjallar eingöngu um núv. héraðsgagnfræðaskóla, að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, og kveður á, að þeir skuli vera séreign ríkisins, en ekkert almennt um, hvaða lagaákvæði skuli vera um héraðsgagnfræðaskóla almennt á Íslandi. Ég tek undir með hv. 6. þm. Sunnl. um það, að eðlilegast væri, að ákveðið væri með þessu frv., sem við hér komum til með að afgreiða, að í fyrsta lagi breyttu nú þessir gagnfræðaskólar formi, frá því að vera reknir sameiginlega af héruðunum og ríkinu, og að einnig yrðu þeir heimavistarskólar gagnfræðastigs, sem síðar verði reistir og samþykktir af fræðslumálastjórninni, séreign ríkisins, svo að við fengjum ekki tvenns konar fyrirkomulag á gagnfræðaskólum, sem hingað til hafa verið kallaðir héraðsgagnfræðaskólar. Að vísu er algerlega rangt að kalla þá héraðsgagnfræðaskóla, eftir að héruðin hætta alveg að vera aðilar að þeim, en í frv. voru þeir alls staðar kallaðir, eins og ákveðið er nú í lögum, héraðsskólar. Það var af því, að þeir voru reknir af héruðunum, en nú er verið að hætta því. Ég hef ekki séð hina upprentuðu útgáfu af till., en í brtt., sem lá fyrir okkur hér á síðasta þingfundi, þegar málið var rætt, þá var innan sviga í málsgr. í brtt.: héraðsskólar. **(Gripið fram í:** Það er enn.) Er það enn? Það á auðvitað alls ekki rétt á sér, því að nú eru þeir á engan hátt héraðsskólar, það á undir engum kringumstæðum að vera. Þeir verða hreinir ríkisskólar með þessari breytingu, og það væri algerlega rangt að kenna þá lengur við héruðin, því að það er verið að skilja þá frá héruðunum með þessari lagabreytingu, svo að enn þarf að gera þá breytingu á þessu frv. Það ætlar sem sé aldrei að enda þessi ferill með breytingar, heldur áfram sífelldar breytingar.

Málið hefur verið allt of lítið athugað. Eins og frv. var lagt fyrir upphaflega, þá var hreint og beint á því tekið. Það var nákvæmlega í sama formi og frv., sem Pétur Ottesen flutti hér og fleiri með honum fyrir nokkrum árum, og það frv. var sjálfsagt gerhugsað, og það var að öllu leyti í eðlilegu formi. En svo hefur þessi hraðsuða, sem orðið hefur á málinu síðan, farið þannig úr hendi, að alltaf þarf að vera að breyta því.

Ég vil í framhaldi af því, sem hv. 6. þm. Sunnl. vék hér að áðan, taka fram, að ég felli mig betur við það, að héðan í frá verði allir héraðsskólar, allir þeir skólar, sem við höfum kallað héraðsskóla hingað til, séreign ríkisins, eins og þessir skólar, sem nú eru í landinu, og það breytir ekkert eðli málsins, það er í raun og veru bara að ákveða það, að sams konar skólar, sem stofnaðir verði með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, skuli vera einnig séreign ríkisins. Það er eðlilegast. Ég vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. um þetta og vona, að það verði ekki talið tefja neitt fyrir málinu. Við verðum alltaf að vera við því búnir undir umr. máls, að fram komi brtt., og hér þarf að gera breyt. að því er snertir orðið hér-

aðsskólar, því að engum getur dottið í hug að kalla þá það í lögum, sem eru að gera þá að hreinum ríkisskólum. Mín breyting er þá svona: „Einnig verða þeir heimavistarskólar gagnfræðastigs, sem síðar verða reistir með samþykki fræðslumálastjórnar, séreign ríkisins.“ En ég sem sé legg til munnlega, að orðið „héraðsskólar“ í málsgr. falli niður, því að það á ekki lengur við, og vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég hef látið hér liggja orð að því, að þessi afgreiðsla málsins sé óvenjuleg, og mér hefði fundizt vel hlýða, að það hefði verið unnið í n. Hins vegar hef ég áður lýst því yfir, að ég er efni frv. mjög sammála og vil að sjálfsögðu ekki eiga neitt á hættu með það, að mál þetta dagi uppi óafgreitt. Þess vegna hefur það orðið að samkomulagi hjá okkur þm. Alþb., að við munum ekki gera kröfur til þess, að sú till., sem hér hefur verið lögð fram, verði afgr. hér í kvöld, þar eð ekki reynist vera nægilega margt manna á fundi, til þess að hægt sé að fá afbrigði fyrir henni, og munum við leita þess fremur að hafa samráð við menntmn. í Ed., sem væntanlega fær málið til meðferðar þar, til að hafa áhrif á það, að reynt sé að hafa málið í sem beztu formi. En það er hér með fallið frá því, að leitað verði afbrigða fyrir till. í kvöld.

Ég vil aðeins þessu til viðbótar taka það fram, að þó að breytingarnar séu við allar gr. frv. og fyrirsögn og það sé þar af leiðandi í raun-inni um nýtt mál að ræða, þá fjallar það að vísu um efni, sem lá hér fyrir í öðru frv., og ég geri það ekki að kröfu, að það sé farið með þetta sem nýtt mál. Hitt verð ég að segja í leiðinni, í sérstöku tilefni af því, sem form. menntmn. þessarar d., hv. 5. þm. Vesturl., lét hér orð falla um fyrr í þessum umr., að nú hefði svo vel tekizt til, að Alþingi geti fært sér í nyt góðvild einhverra ráðh. í þessu máli og þess vegna beri því nú að hafa hraðan á, þá finnst mér þetta gefa tilefni til að minna aðeins á það, hvaða stofnun það er, sem við erum hér kosnir til þess að vinna í. Hér á að semja og samþ. lög, og ráðh. eiga að vera framkvæmdastjórar til að framkvæma þau lög, sem Alþingi samþ. Þessu virðast margir hv. alþm. hafa gleymt, sbr. þau ummæli hv. 5. þm. Vesturl., að nú sé um að gera að láta hendur standa fram úr ermum og nota góðvild ráðh. Ég hefði kunnað betur við, að sá hugsunarháttur væri hér ríkjandi, að alþm. ættu að nota sína eigin góðvild og sitt vit og sitt mat á því, hvað væri rétt og sanngjarnt og hvað væri það ekki, við lagasetningu, fela síðan ráðherrum að framkvæma það, sem Alþingi samþykkir, en ekki láta málin ganga hinn veginn, að Alþingi sitji missirum saman, hreyfandi ekki málum eða látandi þau liggja í n. óafgreidd, af því að það er beðið eftir því, að velvild ráðh. vakni. Ef svo tekst til, að velvildin vaknar ekki fyrr en á síðustu stundu, svo seint, að það er ekki einu sinni hægt að koma skaplegu formi á afgreiðslu mála, þá getur það rétt verið, þegar svona er að farið og þessi vinnubrögð viðhöfð, að það sé ekkert annað fyrir Alþingi að gera en að samþykkja góðvildina, þó að hún sé í afkáralegu formi og ekki til neinnar frambúðar, heldur en hitt, að eiga á hættu, að þessir sömu góðviljuðu ráðh. sýni allt í einu bara snör handtök í því að slíta þinginu, áður en búið er að koma góðvildarhugmyndum þeirra í þann búning, sem sæmandi er til lagasetningar hjá þjóðinni. Í leiðinni vil ég alveg sérstaklega vekja athygli á því, að hugsunarháttur sá, sem liggur hér að baki, er ákaflega óþinglegur, en á hinn bóginn, þá sem sagt þeygi ég mig eins og aðrir undir það, að lagafrv. þetta verði fremur samþ. í óaðgengilegu formi, heldur en hinir góðviljuðu ráðh. rjúki til og segi þinginu slitið, áður en góðvild þeirra getur orðið að lögum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Út af þessum síðasta ræðukafla, sem fjallaði um annað en hér er til umr., vil ég aðeins segja þetta:

Ég vil benda hv. þm. á, að við höfum þingbundna stjórn í þessu landi, að í svo til öllum tilfellum, og þ. á m. nú, eru ráðh. þm. og þeir verða ráðh. vegna þess, að þeir hafa meiri hl. Alþ. á bak við sig, þeir verða ráðh. af því, að þeir eru áhrifamenn. Með því að meiri hl. Alþ. hefur falið þeim þessa stöðu, hefur hann líka falið þeim vissa ábyrgð. Það ætti því ekki að vera nýtt fyrir þm., að það séu höfð samráð við menn, sem bera þessa ábyrgð á útgjöldum ríkisins. Þegar rætt er um mál milli þm.-hópa annars vegar og hins vegar ráðh., sem eru forsvarsmenn meiri hl. í það og það skiptið, eru það hin eðlilegustu þingstörf og ekkert annað.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að málsmeðferð getur gengið úr skorðum, ef ráðh. leita út fyrir þingið og síðan sé þingið látið bíða eftir því, að þeir komi með einhverja lausn mála. Ég man eftir árum, þegar slíkt ástand keyrði algerlega um þverbak. Það voru hv. Alþb.-menn, sem þá sátu í ráðherrastólum og fóru með þau mál, sem við vorum látnir bíða eftir upp undir hálft ár. Ég var að vísu einn af þeim, sem studdu þá stjórn, en óánægður að þessu leyti eins og margir, en það getur gengið á ýmsu í þessum efnum.

En sem sagt: samráð milli þingmanna og þeirra, sem eru kjörnir af meirihlutaflokkum til að sitja í ráðherrastólum, eru fullkomlega eðlileg þingstörf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 601,1 samþ. með 23:3 atkv.

— 601,2—6 samþ. með 26:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 648).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv., sem nú er hér til 1. umr. og hv. Nd. samþykkti shlj. í dag, vil ég láta þessi atriði koma fram:

Svo sem hv. þm. er kunnugt, eru barnaskólar og gagnfræðaskólar byggðir og reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Þegar fræðslulögin voru sett árið 1946, núgildandi fræðslulög, var þó gert ráð fyrir, að svonefndir héraðsskólar, sem þá störfuðu, skyldu reknir af sýslufélögum með nokkrum fjárstyrk frá ríkinu. Voru sýslufélögin þannig gerð aðilar að byggingu og rekstri þessarar ákveðnu skólategundar.

Það munu ekki hafa verið höfð nægileg samráð við sýslufélögin, þegar þessi ákvörðun var tekin árið 1946, heldur leið ekki á löngu, þangað til þau lýstu því yfir, að þeim væri um megn, a. m. k. sumum þeirra, að standa undir rekstri þessara skóla og óskuðu þess, að ríkið tæki við þeim.

Á undanförnum árum hafa frv. verið flutt, fyrst um að auka hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði skólanna og jafnvel um, að ríkið tæki rekstur þeirra algerlega í sínar hendur. Árið 1958 var gerð veruleg breyting á gildandi lögum um greiðslu skólakostnaðar og hlutdeild ríkisins í skólakostnaði þessara skóla, héraðsskóla, aukin verulega, fyrst og fremst í því formi, að þessir skólar fengju að halda heimatekjum sínum, sem gengu þá til að létta á hluta sýslufélaganna. En sú breyting hefur ekki reynzt nóg að dómi sýslufélaganna, og þau hafa haldið mjög fast við þær óskir sínar, að hluti ríkisins yrði enn aukinn verulega, og helzt, að ríkið tæki þessa skóla algerlega að sér og ræki þá eingöngu á sinn kostnað, svo sem nú á sér stað með Eiðaskóla. Á undanförnum þingum hafa frv. verið flutt um þetta efni.

Málið hefur verið vandlega athugað í menntmrn. og af ríkisstj. Ýmsum mönnum sýnist vera varhugavert, að ríkið taki að sér að greiða allan stofnkostnað og allan rekstrarkostnað einnar tegundar af gagnfræðaskólum, því að hér er um gagnfræðaskóla að ræða. Þó hefur gaumgæfileg athugun á málinu leitt í ljós, að telja verður sýslufélögunum eða meiri hluta þeirra beinlínis um megn að standa að þessum skólarekstri, og varð það nú fyrir skömmu niðurstaða í ríkisstj., að hún fyrir sitt leyti vildi styðja það, að ríkið tæki að sér stofnkostnað og rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem nú starfa og eru sjö talsins. Hins vegar á sú almenna regla skólakostnaðarlaganna um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar milli ríkisins og sveitarfélaga að gilda áfram um þá skóla, sem reistir kunna að verða hér eftir.

Það, sem í frv. felst, eins og hv. Nd. afgreiddi það, er því, að ríkið tekur að sér rekstur þeirra sjö héraðsskóla, sem nú starfa, en gert er ráð fyrir því, að óbreyttar reglur gildi um greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hjá slíkum skólum, sem stofnaðir kunna að verða hér eftir. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram hér í hv. Ed., þegar hún tekur málið til 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 648, n. 701).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur í hv. Nd. tekið allmiklum breytingum frá þeirri mynd, sem það var upphaflega lagt fyrir. En í sinni núverandi mynd gerir frv. ráð fyrir því, að þeir skólar, sem nefndir eru í 1. gr. frv., verði hér eftir eign ríkisins, sem þýðir það, að ríkið mundi þá taka að sér rekstrarkostnað þessara skóla að öllu leyti. En hingað til hefur það verið svo, að ríkið hefur greitt þennan skólakostnað að ¾, en viðkomandi héruð að ¼. Á móti þessu kemur það, að ríkið fær umráð yfir eignum þessara skóla kvaðalaust, eins og í frv. segir, sem þýðir það, að skuldir þær, sem hvíla á skólunum, verða eftir sem áður skuldir héraðanna, að því leyti sem héruðin áttu að bera slíkar skuldir samkv. þeim reglum, sem giltu um skiptingu kostnaðarins milli ríkis og skóla.

Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og álit hennar á þskj. 701 ber með sér, leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn hv. nm., hv. 5. þm. Austf., hefur þó fyrirvara, sem ég ætla að hann muni gera grein fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Menntmn. mælir með þessu frv. eins og fram er tekið í nál. og frsm. lýsti. En ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og gerði ég hann, þann fyrirvara, vegna þess að ég vil með stuttri ræðu gera grein fyrir atkv. mínu um þetta mál.

Þetta frv. er flutt í hv. Nd. af 1. þm. Vestf., Sigurði Bjarnasyni, og þrem öðrum flokksbræðrum hans. Eins og frv. var lagt fram, þá felst í því sú breyting, að ríkið kosti að fullu eða standi að fullu straum af stofnkostnaði heimavistarskóla gagnfræðastigs og enn fremur rekstrarkostnaði þeirra skóla. Þetta var samkv. frv. ekki takmarkað við þá skóla, sem nú starfa, heldur náði til nýrra skóla, er stofnaðir yrðu, sem væru heimavistarskólar gagnfræðastigs. Við meðferð málsins í hv. Nd. tók þetta frv. miklum breytingum, því að 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, lagði til, að allar greinar frv. féllu niður nema ein, og sú eina, sem eftir stóð, var umorðuð gersamlega, þannig að ekki stóð stafur eftir af frv. sjálfu nema fyrirsögnin. En með þeirri breytingu, sem gerð var á þennan hátt í hv. Nd., eru ákvæði frv. takmörkuð við þá héraðsskóla, sem nú starfa, og eru þeir taldir upp í 1. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir.

Rök fyrir þessu máli eru m. a. færð fram í grg. frv. og eru einkum þau, að fjárskortur sýslufélaga, sem að þessum skólum standi, sé svo mikill, að þeim sé ekki auðið að bera sinn hluta stofnkostnaðar — eða viðhaldskostnaðar

— og rekstrarkostnaðar skólanna, og er í því sambandi vitnað til ályktunar, sem fulltrúar frá nokkrum sýslufélögum gerðu á fundi fyrir nokkrum árum. Og enn fremur er í grg. vitnað til þess, að fyrrv. þm. Borgfirðinga, Pétur Ottesen, hafi á árunum 1956 og 1957 flutt frumvörp um svipað efni og það, sem hér liggur fyrir.

Mér þykir ástæða til að benda á það nú við afgreiðslu þessa máls, að ályktun fulltrúa sýslufélaganna, sem er prentuð sem meginröksemd með þessu máli, tekur jafnframt til húsmæðraskóla í sveitum. Í ályktuninni segir orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstj. og alþm., að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Og frv. Péturs Ottesens, fyrrv. þm. Borgf., sem einnig er vitnað til í grg., tók bæði til héraðsskóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla sveitanna. 1. gr. þess frv. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að $^{9}/_{10}$ hlutum.“

Og hliðstæð ákvæði setti Pétur Ottesen í sitt frv. um rekstrarkostnað þessara skóla.

Önnur röksemd, sem færð er fram í grg. fyrir þessu máli, er sú, að þar sem ríkið kosti rekstur Eiðaskóla — og í grg. er einnig talað um húsmæðraskólann að Staðarfelli í Dalasýslu, þá sé með því gefið fordæmi fyrir þeirri breytingu, sem hér er rætt um. Það er nú mín skoðun, að þetta út af fyrir sig, að ríkið kostar Eiðaskóla og húsmæðraskólann að Staðarfelli, sé ekki fordæmi að þessu leyti, vegna þess að það komu til á sínum tíma sérstakir samningar við ríkið, þannig að ríkinu voru afhentar að gjöf verðmiklar eignir, eins og allar eignir Eiðaskóla, búnaðarskólans, sem þá starfaði þar, og gjöfin var veitt með því skilyrði, að ríkið kostaði og ræki þar alþýðuskóla. Enda voru samin um þetta sérstök lög, löngu áður en hin almennu lög um héraðsskólana voru sett, og því á þá starfsemi komin hefð að vissu leyti. Og svipað er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli, að ég ætla. En ég lít þannig á og vil láta það koma fram í umr. um þetta mál, að með þessu frv. er tekin upp ný stefna um greiðslu kostnaðar þeirra skóla, sem hér um ræðir, og eignarrétt á þeim. Hér er að mínum dómi skapað fordæmi, þannig að sú nýja regla, sem Alþingi lögfestir nú í þessu máli, hljóti að gilda um nýja héraðsskóla, er reistir kunna að verða, þótt svo sé ekki fyrir mælt í þessu frv., eins og það er nú orðað og liggur hér fyrir. Og ég vek enn fremur sérstaka athygli á því, að með þessu frv. er aðeins fjallað um annan þátt þessa máls, sem ályktun fulltrúa sýslufélaganna nær til og er færður fram sem rök fyrir þessu máli í grg. frv. Húsmæðraskólar í sveitum eru skildir eftir. Að mínum dómi er hér og skapað fordæmi, þannig að brautin er rudd fyrir húsmæðraskóla í sveitum, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess og leita eftir því síðar við hv. Alþ. að koma málum þeirra skóla í sama horf og málefnum héraðsskólanna, sem hér er fjallað um.

Með þessum skilningi greiði ég atkv. með frv. óbreyttu eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

---

83. Skólakostnaður (frv. HS o. fl.).

Á 55. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum [158. mál] (þmfrv., A. 318).

Á 56. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Við þm. Vesturlands, sem eigum sæti í þessari hv. deild, höfum leyft okkur að flytja frv. til laga á þskj. 318 til breytingar á lögum nr. 41 1955, um kostnað við skóla. Eins og kunnugt er, er sá háttur á hafður á rekstri skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, að sveitar- og bæjarfélög sjá um reksturinn og annast allar greiðslur fyrir utan laun fastra kennara, sem ríkið greiðir beint. Síðan endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögunum hluta af þessum kostnaði, eftir að reikningar hafa verið fram lagðir og endurskoðaðir, og er það í samræmi við lög og reglur, sem þar um gilda.

Á síðari árum hefur orðið til nýtt form í barnaskólum okkar, sem eru heimavistarbarnaskólar, en það eru skólar, sem eru byggðir af mörgum sveitarfélögum. Það hefur sýnt sig við stofnun þessara skóla, að þetta form hentar okkur vel. Hvort tveggja er, að þetta hafa yfirleitt orðið fyrirmyndar skólastofnanir, auk þess sem það hefur verið hagkvæmt frá fjármálalegu sjónarmiði, bæði fyrir ríkið og sveitarfélögin, sem að þessum skólum standa. Þetta

hefur þýtt færri skóla og venjulega betri skóla, og rekstrarkostnaðurinn hefur orðið minni en ella hefði orðið. Ekki orkar það tvímælis, að þetta form á eftir að ryðja sér til rúms úti um sveitir landsins yfirleitt, og fer þeim skólum fjölgandi, sem byggðir eru á þessum grundvelli. Hins vegar hafa komið fram vandkvæði í sambandi við rekstur á þessum skólum, sem eru þau, að enginn einn aðili hefur tekið að sér að sjá um fjármál þeirra, og hefur það venjulega lent á skólastjórunum að annast þau. Í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að greiðslur til skólanna hafa yfirleitt komið eftir á, bæði frá sveitarfélögunum og einnig frá ríkissjóði, eins og gert er ráð fyrir í lögum og framkvæmdin hefur verið á þátttöku hans í þessum kostnaði. Þetta hefur valdið skólunum mjög vaxandi erfiðleikum og gert forráðamönnum þeirra, skólastjórunum, erfitt um vik, svo að starf þeirra hefur meira og meira orðið að fara inn á fjármálasviðið og þar af leiðandi gert þeim erfiðara um skólastjórn en ella, sem þeim er þó fyrst og fremst ætlað að sinna.

Nú er mér kunnugt um það, að þeir skólar, sem eru farnir að átta sig á því, að hér er um mikinn vanda að ræða, skólastjórarnir hafa rætt um það við sveitarfélögin, að þau greiddu eftir áætlun sinn kostnað jafnharðan og hann félli til. Sveitarfélögin hafa að þessu leyti viljað fallast á það samkomulag að greiða þann hluta jafnóðum og til félli, sem þeim ber að greiða endanlega. Hins vegar hafa þau ekki greitt þann hlutann, sem ríkissjóður endurgreiðir. Þetta hefur orðið til þess, að skólastjórarnir hafa annaðhvort verið með vanskilaskuldir eða víxillán með háum vöxtum til þess að koma þessum málum í sæmilegt horf viðskiptalega.

Enginn vafi er á því, að það er nauðsynlegt að fá breytingu á þessu til að gera þessu rekstrarfyrirkomulagi hægara um vik. Það er heilbrigt og sjálfsagt frá sjónarmiði ríkisvaldsins að styðja að þessum rekstri.

Frv. okkar á þskj. 318 gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að inn í 16. gr. l., eins og þau eru nú, komi sú breyting, að ríkissjóður greiði jafnóðum þeim skólum, sem eru reknir sameiginlega af fleiri en einu sveitarfélagi, þ. e. heimavistarskólunum, rekstrarkostnað þeirra miðað við áætlun. Það, sem hér er um að ræða, er ekki mikil fjárhæð og ekki heldur ný útgjöld. Hér er aðeins um tilfærslu á framkvæmd að ræða, en ekki ný útgjöld. Þó yrði það þannig, að árið, sem breytingin færi fram, yrði um aukin útgjöld hjá ríkinu að ræða, en þá í eitt skipti fyrir öll. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá fjármálaeftirliti skóla, mundi þetta þýða aukin útgjöld á því ári, sem breytingin færi fram, að fjárhæð, sem er 389 846 kr., þ. e. 10% af þeirri fjárhæð, sem nú er ætluð á fjárlögum til þessara útgjalda. Eftir að þessu hefði svo verið breytt, gengi þetta með sama hætti og verið hefur, engin ný útgjöld kæmu til. Það er nauðsynlegt, að þessi breyting eigi sér stað einmitt nú, vegna þess að hér er um svo litla fjárhæð að ræða, að það er ekki tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð, þó að breytingin eigi sér stað. En eftir því sem skólunum fjölgar og rekstrarkostnaðurinn verður meiri, þá mundi þarna verða um meiri fjárhæð að ræða og því breytingin tilfinnanlegri.

Í öðru lagi er það, að það er nauðsynlegt og sjálfsagt fyrir ríkisvaldið að styðja að því, að þessum skólum vegni sem bezt, og styðja að því, að auðveldara verði en verið hefur að sameina hin einstöku sveitarfélög um þessa heimavistarskóla. Það hefur verið víða nokkur andstaða gegn þessu, en hún minnkar, eftir því sem þeir kynna sig meir, og ríkisvaldið á einmitt að styðja að því, að þessir skólar geti kynnt sig, svo sem þeir hafa möguleika til, og er þessi breyting af þeim ástæðum eðlileg.

Þá mundi það í þriðja lagi verða til þess, að hæfir skólamenn mundu ekki síður vilja starfa við heimavistarbarnaskóla en heimangönguskóla. Því þarf ekki að lýsa, að það er miklu meira starf að vera skólastjóri við heimavistarbarnaskóla en heimangönguskóla. Skólastjórinn er bundinn við stofnun sína allan sólarhringinn, ef svo má að orði komast, meðan börn dveljast í skólunum, sem hins vegar er ekki, ef um heimangönguskóla er að ræða. Um heimangönguskóla er það einnig að segja, að þar eru, eins og ég sagði í upphafi máls míns, sveitarfélögin, sem sjá um reikningshald og fjármál skólanna, en í heimavistarskólunum verða skólastjórarnir einnig að sjá um þau. Það er ekki nokkur vafi á því, að skólamenn okkar hafa álit á þessu skólaformi og margir þeirra mikinn áhuga fyrir því, og einmitt hefur þessum skólum vegnað svo vel, að þeim hafa valizt hinir ágætustu menn. En hins vegar er jafnljóst, að ef ekki verður sæmilega að þeim búið þar, þá munu þeir þreytast þar fyrr en ella. Þess vegna er nauðsynlegt, að einmitt þessi breyting verði á gerð til þess að létta af þeim þessum þætti, sem mjög hefur reynt á þá víðast hvar í heimavistarskólunum.

Það er von okkar flm., að hv. alþm. verði okkur sammála um, að þessi breyting á lögunum sé nauðsynjamál og réttlætismál, og það liggur í augum uppi, að hún muni ekki geta skapað eftirdæmi fyrir annað skólaform en hér um ræðir. Þess vegna væntum við þess, að þetta mál verði afgreitt hér á hv. Alþingi. Ég hef sýnt fram á, að það er hið mesta nauðsynjamál og það er hyggilegt að láta breytinguna ná fram að ganga nú, þar sem ekki er um meiri fjárhæð að ræða en ætti sér stað fyrsta árið, sem lögin giltu, og síðar meir kæmi þetta út á eitt.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að umr. þessari lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 61., 62., 63., 65. og 66. fundi í Nd., 8., 9., 12. og 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 318, n. 350).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Frv. þetta er þess efnis, að þegar fleira en eitt

sveitarfélag standa saman að heimavistarbarnaskóla, skuli ríkissjóður greiða jafnóðum ársfjórðungslega áætlað rekstrarframlag sitt.

Á síðustu árum hafa verið reistir fyrstu heimavistarbarnaskólar í landinu, þar sem margir hreppar sameinast um einn skóla, og eru allir sammála um, að í því felist mikil framför. Komið hafa í ljós í nokkrum slíkum skólum í Vesturlandskjördæmi erfiðleikar fyrir fjárhaldsmenn skólanna, vegna þess að þeir þurfa að sækja undir mörg sveitarfélög. Þar að auki er venjulega um að ræða litla hreppa, sem hafa þröng fjárráð og eiga erfitt með að leggja út kostnaðarhluta ríkisins af rekstri skólanna, en venjan er sú, að ríkið borgi sinn hluta af kostnaðinum eftir reikningi eftir á.

Samkvæmt óskum frá skólastjórum, sem við þessa erfiðleika hafa átt að stríða, og frá námsstjóra þeirra á Vesturlandi komu þm. Vesturl. saman á fund og buðu þangað fjármálaeftirlitsmanni skóla til að ræða þetta. Upp úr þeim fundi var frv. þetta samið og er flutt af 3 þm. úr þremur flokkum þessa kjördæmis, sem hér í deild eiga sæti.

Fjármálaeftirlitsmaður skóla hefur látið í ljós álit á málinu, enda þótt hann væri aðspurður fyrir fram og hefði verið í ráðum um samningu frv. Í álitsgerðinni, sem hann hefur sent menntmn. í gær, mælir hann með því, að frv. verði samþ., og telur það nauðsynlegt, en segir í lok grg. sinnar:

„Ég tel sérstöðu þessara skóla nægilega afmarkaða með því, að hér er um að ræða heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að."

Hann leggur eðlilega áherzlu á, að hér sé ekki skapað almennt fordæmi. Ætti að taka upp þessa greiðsluaðferð við alla skóla í landinu, væri það mjög umfangsmikið og alvarlegt mál fyrir ríkissjóð. En hér er um fáa skóla að ræða, sem hafa algera sérstöðu og hafa lent í allmiklum erfiðleikum með rekstur sinn af þessum sökum.

Menntmn. hefur rætt þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess, eins og fram kemur á nál. á þskj. 350.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 12 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 706).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir. Í grg. með frv. er nánar skýrt efni þess. Frv. fjallar um það í stuttu máli, að rekstrarkostnað heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að, skuli ríkissjóður greiða að sínum hluta fjórum sinnum á ári. Reglan er hins vegar sú, að ríkissjóður greiðir sinn hluta skólakostnaðar eftir á, þegar upp hafa verið gerðir reikningar ársins, og sveitarfélögin leggja kostnaðinn út í bili. En þegar svo stendur á sem hér er, að fleiri en eitt sveitarfélag standa að skólunum, hefur reynzt mjög erfitt að innheimta hjá hinum ýmsu sveitarfélögum kostnað þann, sem leggja þarf út í bili, og eins og segir í grg. með frv., hafa af þessu skapazt vandræði og jafnvel öngþveiti, sem örðugt hefur verið að leysa, og menn hafa verið ófúsir til að taka að sér reikningshald þessara stofnana.

Menntmn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

84. Happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

Á 83. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur [216. mál] (þmfrv., A. 595).

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flutti á s. l. ári frv. til laga um skattfrelsi vinninga í happdrætti þriggja fé-

laga, Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra. Nefndinni hafa borizt erindi um, að flutt verði á þessu þingi sams konar frv., sem heimili það, að vinningar í happdrættum þessara félaga verði skattfrjálsir. Um þær mundir, sem heilbr.- og félmn. var að ganga frá frv. um þetta efni, barst henni erindi í hendur, sem hafði komið til Ed. um sams konar mál frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, og það varð að samkomulagi, að heilbr.- og félmn. Nd. flytti frv. þessu viðvíkjandi fyrir öll þessi fjögur félög.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að þessi félög vinna öll mikið og gott starf, og þeim mun vera nokkur styrkur að þeirri fjáröflun, sem þau geta haldið uppi með umræddum happdrættum. Það kemur t. d. fram viðvíkjandi Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, að á árinu 1961 hafði það þrjú happdrætti með þrem farartækjum. Hreinn ágóði var 612 846 kr. Þá voru vinningarnir í því happdrætti ekki skattfrjálsir. En það er talið, að það örvi nokkuð sölu á miðum í slíkum happdrættum, ef vinningar eru skattfrjálsir. Þess er einnig getið, að tekjum af happdrætti Krabbameinsfélags Reykjavíkur sé varið þannig, að þær renna til Krabbameinsfélags Íslands, sem sér um framkvæmdir í krabbameinsvarnarmálum, m. a. með rekstri leitarstöðvar í Reykjavík, krabbameinsskráningu fyrir allt landið og með útgáfu fræðslublaðs og rita.

Ég leyfi mér að vænta þess fyrir hönd heilbr.- og félmn., að þetta mál fái greiða afgreiðslu í hv. deild. Málið þarf ekki að fara til nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 595, n. 779).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt af heilbr.- og félmn. Nd. Heilbr.- og félmn. Ed. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ., en efnislega fjallar frv. um, að árið 1962 skuli vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti, en félögin eru Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg — landssamband fatlaðra og Krabbameinsfélag Reykjavíkur.

Að því er þrjú hin fyrst töldu félög varðar, þá er hér um framlengingu að ræða, en nýmæli að því er varðar Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Öll þessi samtök vinna gott og nytsamt starf í þjóðfélaginu, og það er eðlilegt, að ríkisvaldið létti undir fjáröflunarstarfsemi þeirra með því að undanþiggja vinninga í happdrættum þeirra skatti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 814).

---

85. Framkvæmdabanki Íslands.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 29. marz 1961, um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands [226. mál] (þmfrv., A. 744).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í grg. þessa frv. á þskj. 744, flytur fjhn. málið að beiðni fjmrh. Það er þó rétt, að það komi fram, að einn fjárhags-

nefndarmaður, Lúðvík Jósefsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, svo að um það ríki ekki misskilningur.

Það er lagt til hér, að ábyrgðarheimildir þær, sem fjmrh. eru veittar í lögunum um Framkvæmdabankann, hækki um 400 millj. kr. En eins og segir í grg., er hér ekki um annað að ræða en að það þykir eðlilegt, að það séu opnar heimildir, eins og jafnan hefur verið, að vissu marki fyrir fjmrh. til að ábyrgjast lán Framkvæmdabankans, en þær eru um það bil á þrotum, eins og nú standa sakir.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Ég hefði að vísu kosið heldur að sjá eitthvert annað frv. um Framkvæmdabanka Íslands en þetta. Ég held, að það hefði verið tími til kominn í sambandi við breytingar á bankalöggjöfinni að leggja þann banka niður, og mér sýnist ástandið vera orðið þannig núna í sambandi við lántökur fyrir ríkissjóð, að það sé raunar vart héðan af hægt að sjá á milli, hvort það sé Framkvæmdabankinn eða Seðlabankinn, sem eigi að taka að sér að útvega fé fyrir ríkissjóð. Um tíma var þetta orðið þannig, að einn bankastjóri Seðlabankans var venjulega sendur f. h. Framkvæmdabankans til útlanda til að taka lán handa ríkissjóði, vegna þess að frá því að Framkvæmdabankinn var stofnaður 1953, þá hafði hann einkarétt-indi til þess. Ég álít, eins og ég sagði, þegar bankalögin voru til umræðu, þær breytingar, sem hæstv. núv. ríkisstj. gerði á þeim, að það hefði þá átt að sjá um, að Seðlabankinn tæki þetta að sér, og það er miklu eðlilegra.

Nú sé ég hins vegar, að það er farið fram á, að gömlu heimildirnar, sem voru, almennu heimildirnar um Framkvæmdabankann, séu nú hækkaðar upp í 400 millj. Ég verð að segja, að ég kann ákaflega illa við þessar afgreiðslur á málum hér á Alþingi. Af hverju er alveg ómögulegt að koma þessum hlutum á hreint, þannig að þegar búið er að stofna sérstakan seðlabanka, sem þar að auki hefur eins konar yfirstjórn að heita má á okkar efnahagsmálum og líka gagnvart hinum bönkunum, sé hægt að láta þennan banka hafa með þetta að gera?

Það er atriði, sem ég vildi minnast á, fyrst hér er verið að fara fram á 400 millj. kr. lánsheimild og hæstv. ríkisstj. hefur kosið að hafa þann hátt á að láta Framkvæmdabankann taka þetta lán. Ég álít þetta frekar óviðfelldna afgreiðslu. Það hefði verið heppilegra, að það hefði verið komið almennilegri reglu á þetta viðvíkjandi Seðlabanka Íslands. Þá er hitt atriðið, að veita slíka lánsheimild alveg út í bláinn. Það er tekið fram, að það sé ekki neitt sérstakt haft í huga, heldur aðeins sagt: Það er þægilegt að mega taka lán upp á 400 millj. og þurfa ekkert að vera að ræða við þingið um það.

Ég vil átelja þennan máta á framkvæmdum. Það að veita fé og veita lán er eitt af því, sem ákveðnast er tekið fram sem vald Alþingis gagnvart ríkisstj. í stjórnarskránni. Það að gera þetta svona almennt, að ríkisstj. gæti farið að taka 400 millj. kr. lán til hvers sem henni þóknast og eigi svo bara einhvern tíma seinna meir að gera þinginu grein fyrir þessu, jafnvel kannske bara láta þá grg. fylgja með í eins konar smáskýrslu, sem gefin er og þyrfti kannske ekki einu sinni að samþykkja, þetta þýðir, að valdið yfir ráðstöfunum ríkisins á fé er að fara meir og meir úr höndum Alþingis og í hendur ríkisstj.

Ég álít, að það væri mjög æskilegt, að hv. fjhn. þessarar d., sem flytur þetta mál eftir beiðni ráðh., athugaði það á milli 1. og 2. umr. og við fengjum að heyra það við 2. umr., hvort fjhn. hefði ekki getað fengið neinar upplýsingar um það, til hvers ríkisstj. hugsaði sér að verja þessu fé. Hins vegar mun ég náttúrlega vera með því, að mál þetta gangi til 2. umr., en álít eðlilegt, að sá háttur væri á hafður. Það er ekki nema kurteisi að verða við þeim beiðnum ráðh. að flytja mál, en við vitum, að ef n. eins og fjhn. verður við þeirri ósk að flytja mál, þá losar það formlega séð n. við það, að málinu sé vísað til hennar. Ég vildi hins vegar mega mælast til þess, ekki sízt af því að allir fjhn.-menn hafa ekki verið viðstaddir, þegar þetta var afgr., að þótt málinu sé ekki vísað til fjhn., þá komi hún saman og ræði málið, áður en til 2. umr. kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði óskað þess hér í gær, þegar þetta mál var til umræðu, að það væri athugað af fjhn. á milli umræðna. Ég hef að vísu ekkert almennt að athuga við þann sið, að nefndir þings taki að sér fyrir hina og þessa aðila, og ekki sízt þegar ríkisstj. á í hlut, að flytja frv., en ég álít, að þessi siður megi ekki verða til þess, að málin fái þess vegna ekki athugun í nefnd. Við vitum allir, hvernig það gengur fyrir sig, þegar annaðhvort hæstv. ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma, eða einhverjar og einhverjar stofnanir í þjóðfélaginu biðja okkur, sem erum í einhverri nefnd, um að flytja þar mál. Þá gerist það venjulega þannig í n., að það er samkomulag um að flytja málið. Það skoðast sem eins konar kurteisisskylda. En samkvæmt þingsköpunum er það þannig, að þegar ein n. flytur málið, þá þarf ekki að vísa því til hennar aftur. Ég álít þess vegna, að við megum ekki láta þann sið komast upp, að um leið og ein n. flytur mál, þá þýði það raunverulega, að málið sé aldrei athugað í nefnd, því að það er ekki siður að athuga málið, þegar ákvörðun er tekin um að flytja það. Ég vil eindregið mælast til þess, að fjhn. taki þetta mál til athugunar. Ég hef að vísu ekkert við það að athuga, hvort það er gert á milli 1. og 2. eða 2. og 3. umr., það er allt í lagi, en aðeins að hún athugi málið og fjhn.-menn láti sína skoðun í ljós á því, meira en bara að n. sé samþykk því að flytja málið og menn hafi um það óbundnar hendur.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Sá háttur, sem hér er á hafður um þetta frv., er algerlega sá sami og áður hefur verið í mörgum tilfellum og þegar frá öndverðu um heimildir fyrir ráðh. til að ábyrgjast lán Framkvæmdabankans. Þetta hefur oft valdið misskilningi. Það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um þetta fyrr en núna, eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. í gær. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara að taka upp deiluna nú um það, hvort eigi að leggja Framkvæmdabankann niður og Seðlabankinn vera sá banki, sem fyrst og fremst tekur erlend lán fyrir ríkisstj. En ég sé ekkert á móti því, að n. taki þetta til meðferðar, einkum og sér í lagi vegna þess, eins og ég sagði við 1. umr. málsins, að þá var einn nm. fjarstaddur, þegar gengið var frá þessu máli. Ég vildi hins vegar fremur mælast til þess, að þessari umr. væri lokið og n. tæki þá málið til meðferðar á milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil við þessa umr. aðeins gera grein fyrir því, að eins og ráðgert var við 2. umr. málsins, þá hafði fjhn. fund um þetta mál í morgun, og lágu þá fyrir nánari upplýsingar um ábyrgðarheimildir, sem veittar hafa verið Framkvæmdabankanum og með hverjum hætti. En ég vil gera aðeins grein fyrir því, að þegar lögin um Framkvæmdabankann voru sett 1953, þá var upphaflega ábyrgðarheimildin 80 millj. kr. Síðan var lögunum breytt 1954 og hækkuð ábyrgðarheimildin þá um 145 millj. kr., þannig að hámarkið var þá 225 millj. Síðan voru ábyrgðarheimildirnar enn hækkaðar með lagabreytingu 1957, þá um 150 millj. kr. og hámarkið þá 375. Og loks var hækkuð ábyrgðarheimildin með lögum 1961 um 225 millj., og var þá hámarkið 600 millj. kr. Af ábyrgðarheimildunum, þessum 600 millj., sem hámarkið var orðið 1961, hefur alls verið notað 586 961 970 kr. Það er svo rétt, að menn athugi það, að við notkun ábyrgðarheimildanna er miðað við það gengi, sem er í gildi eða í gildi var, þegar lánin voru tekin, og miðað við núgildandi gengi nema notaðar ábyrgðarheimildir um 1137 millj. kr.

Það, sem hér er farið fram á, hækkun ábyrgðarheimilda um 400 millj. kr., er, eins og áður hefur komið fram, til þess að hafa opna möguleika fyrir bankann til ríkisábyrgðarheimildar, án þess að sérstakar lántökur séu hafðar í huga, eins og fram kom strax í grg. frv. Það má þó benda á það, að Framkvæmdabankinn hefur að jafnaði tekið hin svokölluðu PL-480 lán frá Bandaríkjunum, sem ríkisstj. Bandaríkjanna hefur veitt hér í sambandi við innflutning á landbúnaðarafurðum frá Bandaríkjunum, og svo að menn átti sig nokkuð á því, þá hafa t. d. frá júnímánuði 1961 verið tekin þar þrjú lán, sem enn er ófrágengið, svokölluð PL-lán, upp á 49.7 millj., 32 millj. og 57.3 millj. Hér er um stórar upphæðir að ræða og hafa náttúrlega fyllt ört þá hækkunarheimild um 225 millj. kr., sem veitt var á sama ári, 1961. Og það má gera ráð fyrir, að framhald verði á þessu og þessi ábyrgðarheimild verði notuð í sambandi við þau lán með sama hætti og verið hefur. En að öðru leyti er ekki, eins og ég segi, um sérstaka lánveitingu að ræða. Hins vegar var nm. látin í té skrá yfir öll þau erlendu lán Framkvæmdabankans, sem tekin hafa verið með ríkisábyrgð, og eins og kunnugt er, hafa þessi lán mestöll farið í stærri framkvæmdir hér á landi, raforkuframkvæmdir, ræktunarframkvæmdir, fiskveiðasjóð, sementsverksmiðju, hitaveitu, iðnlánasjóð og frystihúsaframkvæmdir o. s. frv., sem mönnum er nú í stórum atriðum ljóst.

Í n. mæla 4 nm. með því, að frv. verði samþ., en 4. þm. Austf. lætur fyrir sitt leyti afgreiðslu málsins afskiptalausa.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 744, n. 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að hækka um 400 millj. ábyrgðarheimild fjmrh. til handa Framkvæmdabanka Íslands. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 826).

86. Lán til þriggja skipasmíðastöðva.

Á 91. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð [227. mál] (þmfrv., A. 751).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Með bréfi, dags. 9. þ. m., fóru forráðamenn fyrirtækisins Stálvíkur h/f, Arnarvogi, þess á leit við hæstv. iðnmrh. að hlutast til um, að aflað yrði heimildar Alþ. til, að ríkissjóður mætti ábyrgjast allt að 5 millj. kr. lán fyrir félagið til að koma á fót framleiðslu á stálskipum til viðhalds og aukningar fiskiflota landsmanna. Félag þetta var stofnað á s. l. ári með 1 200 000 kr. hlutafé, en nú mun hafa verið ákveðið að auka það upp í 2½ millj. kr.

Í erindi félagsins til iðnmrh. er eftirfarandi m. a. tekið fram:

„Stálvík h/f hefur að markmiði að smíða stálskip fyrir íslenzka fiskiflotann. Fyrsti áfangi framkvæmda miðast við smíði allt að 250 rúmlesta skipa. Afköst fyrstu tvö árin eru áætluð tvö skip á ári, en á þriðja ári er reiknað með aukningu í framleiðslu eins ört og kleift er. Vér höfum keypt land við Arnarvog, framkvæmt nauðsynlegar mælingar á landi, klöpp og útsiglingu. Staðhættir reynast þar ákjósanlegir. Senn er lokið við að grafa fyrir byggingum og sjósetningarbraut, fyrsta áfanga framkvæmdanna, og verið er að steypa burðarramma í fyrsta hús, er reisa skal á staðnum."

Þá skýrir fyrirtækið frá því, að það hafi æfðum skipatæknifræðingum á að skipa, þegar starfsemin hefjist, en fyrst um sinn muni það fá æfðan verkstjóra erlendis frá, auk þess sem það hafi samráð við reynd erlend fyrirtæki á sviði skipasmíða til öryggis fyrir framkvæmdir og skipulag þeirra.

Með erindi félagsins fylgir athugun á grundvelli fyrir rekstri stálskipasmíðastöðvar, sem Jón Sveinsson tæknifræðingur hefur samið. Er þetta hið fróðlegasta plagg. Þar segir m. a.:

„Leitað hefur verið álits margra útgerðarmanna á mismunandi stöðum á landinu um, hvort líkur séu fyrir því, að keyptir verði nýir stálbátar til útgerðarinnar á komandi árum. Um það hafa þeir flestir verið samdóma, og hafa margir þeirra til stuðnings því bent á, hve illa þurrafúi hefur farið með trébáta hér að undanförnu. Niðurstöður af þessari rannsókn um framleiðslugrundvöll fyrir stálbátasmíði hér á landi eru þær, að mögulegt sé með góðri skipulagningu fyrirtækisins og sérhæfingu starfsliðs að framleiða hér á landi stálbáta jafngóða og þeir útlendu stálbátar eru, sem inn hafa verið fluttir til þessa."

Iðnn. hefur með samþykki hæstv. iðnmrh. orðið sammála um að flytja frv. þetta á þskj. 751, en þar er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi, Gullbringusýslu, gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Sams konar fyrirgreiðsla og ábyrgðir hafa oft verið veittar áður til skipasmíðastöðva, en oftast á fjárlögum, þ. e. a. s. 22. gr. fjárlaganna. Á fjárlögum yfirstandandi árs er t. d. heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3½ millj. kr. lán vegna smíði nýrrar dráttarbrautar. Með frv. þessu er því ekki verið að fara inn á nýjar brautir. Þá er í frv. sett það sjálfsagða skilyrði, að ríkisábyrgðarþegi setji þær tryggingar fyrir ábyrgðinni, sem ríkisstj. metur gildar.

Ég mælist svo til þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr., en eins og ég hef getið um, þá er málið flutt af nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 751, 770).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Iðnn. hefur orðið sammála um að flytja brtt. á þskj. 770, þess efnis, að jafnframt Stálvík, Arnarvogi, verði tveim öðrum fyrirtækjum, er stunda skipasmíðar, veitt ríkisábyrgð til stækkunar og endurbóta, geti þau sett þær tryggingar fyrir ábyrgðinni, sem ríkisstj. metur gildar.

Stálsmiðjan h/f í Kópavogi fer fram á 4 millj. kr. ríkisábyrgð. Í erindi félagsins kemur eftirfarandi m. a. fram: Stálsmiðjan í Kópavogi er sett á stofn á s. l. hausti með það fyrir augum að hefja hið fyrsta stálskipasmíði. Kópavogskaupstaður lét fyrirtækinu í té landrými fyrir starfsemina á norðurodda Kársness. Undirbúningsframkvæmdir undir byggingu 400 fermetra smíðaskála hófust þegar á s. l. hausti og hefur verið haldið áfram eins og unnt hefur verið síðan. Smíði stálgrindar í skálann verður bráðlega lokið, og verður hafizt handa að reisa umrædda byggingu, og má áætla, að takast muni að ljúka því verki eigi síðar en í lok júnímánaðar n. k. Áætlað er, að í byrjunarhúsnæði verði hægt að smíða 2—3 skip á ári, sem væru allt að 180 brúttó-rúmlestum að stærð.

Þá fer Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f einnig fram á að fá ríkisábyrgð fyrir allt að 1200 þús. kr. láni. Hjá fyrirtækinu stendur fyrir dyrum að breyta dráttarvagni skipasmíðastöðvarinnar, sem nú getur tekið 150 rúmlesta skip, þannig, að hann beri 250 rúmlesta skip. Kostnaður er áætlaður 1200 þús. við sjálfan vagninn.

ATKVGR.

Brtt. 770,1 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 770,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 780).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 780 útbýtt á fundinum.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 780, n. 798).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur, eins og á þskj. 798 segir, rætt þetta frv. og samþ. að mæla með því óbreyttu. Í upphafi var þetta frv. flutt vegna einnar skipasmíðastöðvar, þ. e. Stálvíkur, en í Nd. bættust tvær skipasmíðastöðvar við, þ. e. a. s. b- og c-liðir frv., og voru þær breytingar samþ. að tilmælum iðnmrh. og sjútvmrh. þar. N. mælir, eins og ég sagði, með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. 780.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Eftir tilmælum hæstv. forseta brá iðnn. mjög skjótt við og hélt fund um þetta mál, strax og það hafði verið afgreitt til hennar. En eftir að iðnn. lauk störfum, hefur komið fram beiðni frá einni vélsmiðju, vélsmiðju Olsens í Ytri-Njarðvík, um svipaða fyrirgreiðslu og þessar skipasmíðastöðvar, sem um getur, hafa farið fram á, og ég vildi leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, að við bætist d-liður: „Vélsmiðja Olsens, Ytri-Njarðvík, allt að 1,5 millj. kr. til að hefja stálskipasmíði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.“ Mér er kunnugt um, að þessi vélsmiðja hefur haft þó nokkurn undirbúning til þess að hefja smíði stálbáta. Eigandi hennar hefur haft samband við fyrirtæki í Noregi og norskan skipaverkfræðing, sem hann gerir ráð fyrir að ráða til sín, þegar hann hefur smíðina, og hygg ég, að hann hafi haft svipaðan undirbúning við þetta og sumir af hinum, sem farið er fram á ábyrgð til á þessu þskj., og eigi svipaðan rétt og þeir. Hitt kann að vera, að undirbúningi hafi ekki verið eins snemma lokið og æskilegt hefði verið, og þetta kemur nokkuð seint fram, ég skal játa það, en svo er reyndar einnig um hinar tillögurnar, þar sem farið er fram á svipaða ábyrgð. Þær hefðu í raun og veru átt að koma við afgreiðslu fjárlaga, en framkvæmdir sem þessar þurfa mikinn undirbúning og nauðsynlegt, að til hans sé vandað, áður en lögð er fram ábyrgð.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er vitað mál, að þetta eru síðustu klukkustundirnar, sem þingið starfar, og ég hafði heyrt um þessa till., að hún gæti verið á leiðinni. En ég verð að segja, að það er til æðimikils ætlazt af þm. þessarar hv. d., ef þeir eiga að taka afstöðu til slíkra heimilda alveg á síðustu klukkustundunum, án þess að nefnd hafi nokkra aðstöðu til að rannsaka þetta mál.
Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um þetta, iðnn. brá skjótt við og hélt að ósk forseta fund til að afgreiða þetta mál, eins og það lá fyrir frá hv. Nd., sbr. þskj. 780, og afgreiddi það einróma á sínum fundi. Nefndin hafði hins vegar enga aðstöðu til að afgreiða það mál, sem hér hefur á síðustu stundu verið flutt um skrifl. brtt. og er komið fram á allra síðustu mínútum í meðferð málsins, og ég verð að mótmæla því alveg eindregið, að svona aðferðir séu viðhafðar, án þess að nefnd hafi nokkra aðstöðu til að kynna sér aðstöðu vélsmiðjunnar til að njóta slíks láns, eins og hér er farið fram á. Það er vitað mál, að þessi vélsmiðja hefur allt til þessa dags annazt allt aðra framleiðslu en hér er um að ræða og mun lítt undir það búin að hefja smíði á skipum. Hún hefur gott orð á sér fyrir sína núverandi framleiðslu, en undirbúningur hennar undir það að hefja smíði á skipum mun nánast enginn, að því er vitað verður. Ég er andvígur svona afgreiðslu mála og mun greiða atkv. gegn því, ef n. gefst ekki kostur að athuga nánar um það, hver grundvöllur er að slíkri till. sem þessari, sem hér er skriflega flutt.

Forseti (SÓÓ): Ég vil út af þessum tilmælum hv. 10. þm. Reykv. geta þess, að það verða fleiri fundir hafðir hér í deildinni í dag, og ég geri ráð fyrir því, að ég geti hagað því þannig, ef þessi till. yrði tekin aftur til 3. umr., svo að n. gæfist kostur á að athuga hana, að taka hana fyrir með afbrigðum á fundi seinna í dag við 3. umr. málsins. Þá verður beðið með að leita afbrigða fyrir þessari skrifl. brtt., svo að n. gefist kostur á að athuga hana nánar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið tli 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur rannsakað þau málsskjöl, sem liggja fyrir, og haft spurnir af því, hvað lá fyrir hv. iðnn. Nd., þegar þessi mál lágu fyrir þar, og er tjáð, án þess að hafa haft aðstöðu til að fara í gegnum einstök málsskjöl, að það hafi legið fyrir tölulegar upplýsingar varðandi ástæður þeirra aðila, sem um getur á þskj. 780 og

þegar hafa verið samþ. við 2. umr. málsins. Hins vegar liggja engar upplýsingar fyrir varðandi þá skriflegu brtt., sem hér hefur verið flutt, og niðurstaða n. varð af þeim ástæðum sú, að hún hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Þetta vildi ég af hálfu n. segja, en að öðru leyti vísa til þess, sem ég áðan sagði við 2. umr. málsins, að ég tel það mjög hæpið, að hægt sé að samþykkja jafnáhrifamikla ábyrgð og hér um ræðir, án þess að nokkur vitneskja sé um möguleika þessara aðila, sem hér um ræðir, til skipasmíða. Ég vil hins vegar ekki á nokkurn hátt vefengja það, að þessi aðili geti verið eins hlutgengur og þeir aðrir, sem um ræðir, en aðstaða til þess að meta það var engin, þar sem engar upplýsingar lágu fyrir um þetta atriði.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 10. þm. Reykv. hélt hér fram, að skriflegar áætlanir og teikningar lágu engar fyrir, og þær upplýsingar, sem lágu fyrir um möguleika vélsmiðju Ó. Olsens til að hefja þessar framkvæmdir, voru aðeins munnlegar, fluttar af mér, en eigandi vélsmiðjunnar, Ó. Olsen, var hér á ferðinni og sagði mér þá, hvernig þessi mál stæðu, og frá því skýrði ég iðnn. En hitt er alveg rétt, að skriflegar teikningar og áætlanir liggja ekki fyrir og ekki heldur örugg vitneskja um möguleika hans til að fá það lánsfé eða leggja fram það fé, sem nauðsynlegt kann að vera, til þess að þetta komist í framkvæmd. Að vísu lágu ekki heldur slíkar upplýsingar fyrir iðnn. Ed. um hin málin, en við tókum trúanleg þau skilaboð, sem við fengum frá formanni um, að það hefði verið athugað í hv. Nd., og ég efast ekkert um það. Með tilliti til þessa, að ekki var tími til þess að fá þær upplýsingar í þessu máli, sem n. taldi nauðsynlegar, vil ég leyfa mér að taka tillöguna aftur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

87. Skipun prestakalla.

Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla [189. mál] (þmfrv., A. 416.).

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Dóms- og kirkjumrn. hefur óskað eftir, að menntmn. deildarinnar flytti frv. þetta, og gerir nefndin það með venjulegum fyrirvara einstakra nefndarmanna um rétt til að flytja eða fylgja brtt. við afgreiðslu málsins.

Efni frv. er mjög einfalt og kemur fram í 1. gr. þess. Þar er lagt til, að kirkjustjórn verði heimilað að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefndar prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja prestssetur á hentugri stað í prestakalli.

Í eldri lögum um skipun prestakalla voru prestssetur ekki lögákveðin, en ákvæði um það voru tekin upp í lög árið 1952. Á síðari árum hafa orðið ýmsar breytingar á búskaparháttum presta, og hafa þær leitt til þess, að oft hafa komið fram óskir um, að aðsetur sóknarpresta innan prestakalls yrði flutt til. Þykir því hentugt að hafa í lögum heimild til að flytja prestssetur, að uppfylltum tilskildum skilyrðum, eins og greint er í frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í hv. Nd. af menntmn. þar eftir beiðni dóms- og kirkjumrn. Til skamms tíma var það ekki bundið í lögum, hvar í prestakalli prestur skyldi sitja, en það var lögfest 1952. Nú hefur komið á daginn, að það er ekki heppilegt að hafa þetta lögbundið. Það eru bæði tilflutningar á fólki, breyting á búskaparháttum og ýmsar aðstæður heima í héraði, sem gera það að verkum, að æskilegt geti verið, að prestssetur flytjist. Á því eru þó miklar hömlur, að það sé fært, sem sé að afla prestum húsnæðis, og þar sem miklu fé er varið úr ríkissjóði til þess að koma upp byggingum á prestssetrum, þá er það ljóst, að ekki er unnt að samþ. flutning á prestssetri, nema mjög ríkar ástæður séu fyrir hendi. Þegar í þessu eru fólgnar miklar takmarkanir á því, að kirkjumálastjórnin veiti slíkar heimildir. Ég held það sé þess vegna engin hætta á, að ríkisstj., hver sem hún er, misbeiti því valdi, þó að hún hafi þá heimild, sem hún lengst af hefur haft til þess að kveða á um aðsetursstað presta. Hins vegar er það svo, að ef ekki hefði verið leitað eftir þessari almennu heimild nú, hefði á þessu þingi einu orðið að fá með mjög mismunandi rökstuðningi heimild til þess að flytja fjögur

prestssetur, og er það í sjálfu sér ekki þess eðlis, að rétt sé að trufla Alþingi með ákvörðunum um það efni.

Frv. mætti engum mótmælum í hv. Nd., og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 416, n. 793).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á tveim fundum, en áður hafði það að ósk hæstv. kirkjumrh. verið sent til umsagnar kirkjuráði. Var umsögn kirkjuráðs jákvæð.

Eins og fram kemur í nál., leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að aftan við 2. gr. bætist: „Jafnframt eru úr gildi felldir e- og f-liðir 1. gr. laga nr. 17 20. apríl 1959."

Það hefur komið í ljós, að í þessum lögum, þessum tveim liðum, eru sérákvæði um tvö prestaköll, þ. e. Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi og Vatnsendaprestakall í S.-Þingeyjarprófastsdæmi. Þessi sérákvæði mundu væntanlega standa óhögguð þrátt fyrir það, þó að þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, sú almenna heimild, sem í því felst, og er því nauðsynlegt að taka beint fram, að niður falli þessi sérákvæði. Í þeim ákvæðum er heimild til að flytja prestssetur með nánar tilteknum skilyrðum, en það mun hafa sýnt sig í framkvæmdinni, að þau skilyrði hafa ekki komið að gagni, eins og upphaflega var ætlazt til.

N. leggur sem sé einróma til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 793 samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., svo brevtt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv tekið til 3. umr. (A. 816).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 97. fundi í Nd., 17. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed, eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 816 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Ed. gerði smábreytingu á þessu frv., bætti inn í 2. gr. orðunum: „Jafnframt eru úr gildi felldir e- og f-liðir 1. gr. l. nr. 17 20. apríl 1959." Í þessum tveimur liðum var veitt sérstök lagaheimild til þess, að flytja mætti prestaköll til á tveim stöðum á landinu, og þykja þessir liðir nú óþarfir, þar eð heimildin fellur undir almenna heimild í 1. gr., og er því sjálfsagt að líta á þetta nánast sem leiðréttingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 831).

---

88. Lögskráning sjómanna.

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna [167. mál] (þmfrv., A. 362).

Á 66. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem hv. þm. að bera fram frv. um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna. Frv. þetta felur í sér viðauka við 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, en sú grein fjallar um, hvaða gögn skipstjóri eigi að afhenda skráningarstjóra, þegar lögskráning fer fram í skiprúm. Í gildandi lögum er sú upptalning á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: Það er í fyrsta lagi, að honum er skylt að sýna skipstjóraskírteini sitt, í öðru lagi mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini, í þriðja lagi atvinnuskírteini þeirra manna, sem lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til, í fjórða lagi skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð, og í fimmta lagi viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu. Ef frv. þetta nær fram að ganga og verður að lögum, verður skipstjóra jafnframt skylt að sýna við lögskráningu vottorð frá tryggingarfélagi þess efnis, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi.

Nú á síðustu árum, sérstaklega tveim síðustu árum, hafa samtök sjómanna og útvegsmanna í æ ríkari mæli tekið upp í kaup- og kjarasamninga sína ákvæði um líf- og slysatryggingar til viðbótar þeim, sem lögboðnar eru. Það hefur hins vegar komið í ljós við hin hryllilegu sjóslys, sem orðið hafa nú að undanförnu á síðustu mánuðum, að til eru þeir forráðamenn útgerðar, sem vanrækt hafa að tryggja þá menn, sem þessarar tryggingar áttu að njóta og hafa haft samninga við útgerðarmannafélögin þar um. Við teljum, að með samþykkt þessa frv. verði aðstandendum þeirra sjómanna, sem samningsbundinna trygginga nytu, tryggt, ef um sjóslys eða skipstapa væri að ræða, að þeir fengju tryggingarfé greitt, hvað sem fjárhagslegri afkomu útgerðarinnar

liði og án málarekstrar. Það hefur verið dregið í efa, hver væri skaðabótaréttur aðstandenda, ef slíkur atburður skeði, hvort þá væri um forgangskröfu að ræða til skaðabóta, eins og t. d. um vangoldin vinnulaun, eða ekki, en eins og ég hef tekið fram og tekið er fram í grg., þá teljum við, að með þessari smávægilegu breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna verði þessi agnúi burt felldur, og aðstandendur þyrftu, eins og ég sagði, ekki að standa í málarekstri, sem verið gæti vafasamur, ef um fjárhagslega veikt fyrirtæki væri að ræða.

Þar að auki má geta þess, að þetta gæti verið til hagsbóta fyrir útgerðirnar líka. Það getur staðið þannig á, ef um fleiri en einn eiganda er að ræða, þeir hafa falið einhverjum ákveðnum manni að sjá um útgerðarstjórn skipsins og hann síðan vanrækir að taka þessar tryggingar, að þeir bíði ekki aðeins mikið fjárhagslegt tjón, heldur og þann sársauka, sem þeir menn hljóta fyrir að verða, sem eiga þátt í því að vanrækja slíkt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er fjarri því, að ég vilji mæla gegn þessu frv. Ég tel það vera til bóta, en vil þó segja nokkur orð í tilefni af því.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að á undanförnum árum hafa útgerðarmenn samið um það við sjómenn á nokkrum stöðum að tryggja sjómenn, sem farast eða verða fyrir algerri örorku af slysum í þjónustu útgerðarinnar, fyrir 200 þús. kr. auk þeirra 90 þús. kr., sem almannatryggingarnar ákveða. Þeir menn, sem hafa öðlazt slíkan samningsrétt, eru því tryggðir fyrir 290 þús. kr. En þar sem samningar hafa ekki tekizt við útgerðarmenn um þetta, eru bæturnar, sem koma frá almannatryggingunum, aðeins 90 þús. kr. Við samninga milli sjómanna og útgerðarmanna s. l. tvö ár hefur verið leitað eftir því að fá þessi samningsákvæði alls staðar hjá sjómönnum, en það hefur ekki tekizt enn þá, og er því um tvenns konar rétt þarna að ræða að því er sjómennina snertir.

Þegar fyrir tveimur árum var staðið upp frá samningaborði og ekki fékkst samkomulag um þetta, þá lofuðu þó báðir aðilar að styðja að því, beita sér fyrir því, að þessi réttur yrði öllum sjómönnum tryggður með löggjöf, og með þetta loforð beggja aðila í huga var það, að ég og annar þingmaður, hv. 7. landsk., fluttum á seinasta þingi frv. til laga um það, að allir sjómenn skyldu vera tryggðir fyrir 200 þús. kr. auk hinnar lögboðnu tryggingar. Það frv. var borið fram snemma á því þingi, en ekki fékkst það afgr. á þinginu, þó að meðmæli bæði verkalýðssamtaka og Vinnuveitendasambandsins væru fyrir hendi. Þó að svona færi, vildum við enn freista þess að fá þennan rétt sjómanna lögfestan og bárum því fram frv. á ný í byrjun þessa þings. Því var vísað til heilbr.- og félmn. og hefur verið rætt þar nokkrum sinnum, en ekki fengizt þar samstaða um málið, þó að

rækilega væri gerð grein fyrir því, að þessi réttur hefði komizt inn í samninga á nokkrum stöðum, en annars staðar hefði ekki tekizt að fá þennan rétt tryggðan sjómönnum með samningum, og misrétti væri því ríkjandi, og á það bent, að hvað eftir annað hefði komið fyrir, að heilar skipshafnir hefðu farizt án þess að vera tryggðar, ýmist sökum þess, að samningar höfðu ekki haldizt um þetta atriði, eða eins og í þessum tilfellum, að samningar höfðu ekki fengizt um þessa aukatryggingu, og þá hefur það gerzt, þegar svona hefur borið til, að ástæða hefði þótt til að setja í gang viðtæka fjársöfnun, söfnun til hjálpar aðstandendum, og væri slíkt lítt viðunandi. Við vorum einatt að ræða þetta mál enn þá einu sinni í heilbr.- og félmn. um þær mundir, sem sjóslys var hér í febrúarmánuði, og það var þá vitað, að þeir menn voru ótryggðir, og skorti þá ekki á, að menn í meiri hl. í hv. heilbr.- og félmn. tjáðu sig fúsa til að leggja til, að frv. yrði fellt. Þá afgr. þó n. fljótlega málið, þannig að meiri hl. vildi ekki leggja til, að það yrði samþ., en minni hl. fylgdi tillögu um samþykkt þess. Minni hl. gaf þá út nál., síðan er liðið hátt í hálfan mánuð, en enn þá hefur ekki komið neitt álit frá hv. meiri hl. nefndarinnar.

Þetta eru þær viðtökur, sem málið hefur fengið hér á hv. Alþingi, en þá flytja menn hér frv. um að reyna að tryggja rétt sjómannanna í þeim tilfellum, þegar samningsbundni réttur inn ekki heldur, en það tryggir á engan veg rétt þeirra manna, sem búa á þeim félagssvæðum, þar sem útgerðarmenn hafa verið svo óbilgjarnir að vilja ekki semja um þessa sjálfsögðu tryggingu. Ég segi því: Þetta frv. er til bóta til þess að reyna að tryggja samningsbundna réttinn hjá þeim, sem honum hafa náð, en misréttið er enn þá ríkjandi að því er snertir þá sjómenn, sem hafa ekki fengið samningsréttinn tryggðan við sína útgerðarmenn, og úr því er ekki hægt að bæta á neinn annan hátt en með lögum, og þennan rétt á að mínu áliti að tryggja með löggjöf. Það er sama aðferðin og oft hefur verið höfð, að ná í gegnum samninga réttindum, mannréttindum og kjarabótum, og oft og tíðum hefur svo það gerzt, að löggjafinn hefur talið rétt að tryggja þann rétt almennt með lögum. Ég verð að segja það, að ég skil það ekki, að menn skuli stimpast á móti frv. eins og þessu, sem borið er fram með meðmælum bæði verkalýðssamtaka og vinnuveitendasamtaka, og allir þeir aðilar, sem spurðir hafa verið, höfðu sent hv. heilbr.- og félmn. sterk meðmæli með því, að málið yrði samþykkt, nema hvað Tryggingastofnunin sjálf lét hvorki uppi skoðun með né móti. En það vantaði ekki, að Vinnuveitendasamband Íslands hafði reynzt sá drengur að standa við sín orð og mæla með löggjöf um þetta efni, bæði í fyrra og nú.

Ég harma þessa meðferð málsins og taldi fulla ástæðu til að rekja þetta mál, svo að þm. vissu, hvernig á þessu máli hefur verið tekið, og er ekki farið fram á neitt annað í frv., sem fyrir þinginu liggur, en að öllum sjómönnum verði tryggðar 200 þús. kr. dánarbætur og bætur vegna fullrar örorku í viðbót við þær 90

þús. kr., sem almannatryggingalöggjöfin gerir ráð fyrir, og meðmæli fylgja frá öllum aðilum. Ég vil vona, að þm. snúist þannig við því máli, að þetta sjálfsagða mál fáist lögfest, ef einhvern tíma skyldi koma nál. frá meiri hl. n., sem ekki hefur séð dagsins ljós enn. Þó mun ég, meira að segja þó að reynt verði að bregða fæti fyrir málið á þann hátt að láta ekkert nál. koma, fara þess á leit við hæstv. forseta, að málið verði tekið á dagskrá og til umr. og afgreiðslu án slíks nál. frá meiri hl., þó að það sé óvenjulegt.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Út af þessum hugleiðingum hv. 4. landsk. um annað frv., sem liggur fyrir Alþingi, vil ég leyfa mér að minna hv. þdm. á þá skoðun, sem kom fram við 1. umr. þess máls, en hún var sú, að þegar við höfum stofnun, sem nefnd er og heitir almannatryggingar, þá hljóta þær tryggingar, sem þar fara fram, að gilda fyrir alla landsmenn og alla landsmenn jafnt. Ég fæ ekki skilið, hvernig forseti Alþýðusambandsins getur komið hér upp í ræðustól í Alþingi og haldið því fram t. d., jafnvel þótt það séu mínir félagar, sem eru á sjónum, að þeirra líf sé meira virði frá almannatryggingunum séð en t. d. Dagsbrúnarmannsins eða Hlífarmannsins. Ég hef kannske ekki ýtt á eftir því frv., sem kannske hefði verið mín skylda eftir þessum skoðunum Hannibals Valdimarssonar, hv. 4. landsk., en það er einfaldlega staðreynd, hvar sem er í hinum frjálsa heimi, að frjálsar tryggingar gefa meiri tryggingar og betri tryggingar en þær, sem löggjafinn gefur. Við þurfum ekki annað en horfa á t. d. tryggingar þær, sem atvinnuflugmenn hafa skapað sér á s. l. árum, þær eru nú 6- eða 7-faldar á við það, sem löggjafinn hefur veitt hinum almenna borgara í landinu.

Svo að við ræðum þá aðeins frekar um það frv., sem hv. 4. landsk. vitnaði í, þá vil ég minna hann á, að það er ekki enn þá leystur sá vandi með því frv. að tryggja alla þá sjómenn, sem sjó stunda við Ísland, fyrir þessar 200 þús. kr., sem 4. landsk. talaði um. Það hefur enn þá verið miðað við þá, sem lögskráðir eru. Ég er anzi hræddur um, að erfitt gæti orðið að fylgjast með hinum, sem eru á minni skipunum, á trillunum í kringum allt land, á litlu vélbátunum. Þetta eru alveg sömu sjómennirnir. Hvar á að gera skilin? En ég er hins vegar sannfærður um, ef við förum hina leiðina, að hafa frjálsar tryggingar á þessu sviði, þá geti hin einstöku verkalýðsfélög á þessum ákveðnu stöðum betur fylgzt með því en jafnvel þó að þær tryggingar færu fram í gegnum löggjafarvaldið.

En hvað um það, ég fagna því, að hv. 4. landsk. skuli fylgja þessu frv. Það er enginn vafi á því, að sá „tendens", sem ríkt hefur í hugum sjómanna nú að undanförnu, beinist einmitt að því að ná fram frjálsum tryggingum. Það er ekkert lokatakmark fyrir sjómannafélögin í landinu að binda sig við 200 þús. kr. Ég tel, að það sé ekkert lokamark, ég álít, að það sé byrjunarmark fyrir íslenzka sjómenn að vera tryggðir fyrir 200 þús. kr. aukatryggingu fram yfir það, sem almennar tryggingar veita eða löggjafinn. Og ég fagna því, að þessi hv. þm. skuli styðja þetta frv. Ég er líka sannfærður um, að einmitt nú á þessu ári muni þetta verða enn ríkara en nú þegar er staðreynd. Það verða æ fleiri, sem taka upp þessar frjálsu tryggingar, og eins og ég segi, það er von mín, að það verði ekki þar við látið sitja, heldur verði haldið áfram á þeirri braut að hækka þessar tryggingar til þeirra manna, hvort sem það eru þessir eða aðrir í þjóðfélaginu, sem búa við og vinna hættulegri störf en hinn almenni borgari, að með frjálsum samningum megi takast að ná upp þeirra líf- og slysatryggingum í enn ríkari mæli en tekizt hefur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í þessu máli dugir ekkert snakk eða frómar óskir um það, hvað menn vonist til að verði í framtíðinni. Það gildir hér, að menn sýni það, hvort þeir vilji lögfesta 200 þús. kr. tryggingu fyrir sjómenn eða eru á móti því, og þessi vinnubrögð, að láta undir höfuð leggjast að skila nál. um mál, sem er búið að afgr. út úr n., eru óviðurkvæmileg og óþingleg í alla staði.

Hv. þm., sem hér talaði síðast, sagðist leggja þann skilning í málið, að það hlytu að gilda sams konar ákvæði fyrir alla landsmenn jafnt í almannatryggingalögum. Þetta er mikill misskilningur hans. Árum saman og allt þangað til nú fyrir nokkrum árum gilti það, að það voru tvenns konar ákvæði í almannatryggingalögunum, aðrar og hærri bætur fyrir þá, sem færust í sjó, og lægri almennar bætur fyrir þá, sem færust af slysförum af öðrum ástæðum, og það þótti, þegar tryggingalöggjöfin var sett á þann veg, ástæða til að tryggja sjómennina sérstaklega og meira vegna þeirrar miklu hættu, sem þeirra atvinnuvegi er samfara. Hins vegar er hægt að hafa tvenns konar viðhorf gagnvart þessu. En meginhluta þess tíma, sem almannatryggingalög hafa verið hér á landi, hafa dánarbætur sjómanna verið hærri en annarra manna, hvort sem hv. þm., sem seinast talaði, finnst það óviðkunnanlegt eða ekki.

En það stóð ekki á því, ég spurði meiri hl. hv. n. að því, hvort hann væri reiðubúinn til að fallast á, að 200 þús. kr. bæturnar yrðu lögfestar fyrir alla, og þeir kváðu nei við því. Þeir voru ekki tilbúnir til þess, en á mér stóð ekki um það að rýmka frv. þannig.

Hvar á að gera skilin á milli þeirra sjómanna, sem eru lögskráðir á skip, og hinna, sem eru á trillubátunum? spurði hv. þm. Þetta frv. segir skýrt og skorinort um, að það á að tryggja samkv. því alla sjómenn og ekki draga nein mörk þar á milli. Það þarf alveg eins að tryggja þá, sem farast á trillubát, eins og á 100 tonna skipi, og þar vil ég engin mörk draga á milli.

Ég endurtek það, að ég tel þetta frv. vera til bóta að því leyti, að það gerir samningsbundna réttinn, sem nokkrir sjómenn hafa öðlazt, tryggari en áður, því að stundum hefur hann ekki dugað til og menn fallið óbættir, þrátt fyrir það að þessar aukatryggingar hafi verið umsamdar. En ég tel ekkert annað fullnægjandi í þessu máli en að dánarbætur fyrir sjómenn, alla sjó-

menn, verði ákveðnar með löggjöf landsins, og læt enn í ljós furðu mína á því, að það sjálfsagða mál með sterkum meðmælum Vinnuveitendasambands sem Alþýðusambands skuli þvælast fyrir þinginu í tvö þing án þess að fá afgreiðslu og sæta þar að auki fjandsamlegri og óþinglegri meðferð.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. hefur vakið hér umr. um annað mál, sem ekki er á dagskrá, og rætt um afgreiðslu þess í heilbr.- og félmn., og eins og hans var von og vísa, hefur hann ekki getað greint rétt frá því, sem þar hefur gerzt. Hann sagði áðan, að meiri hl. heilbr.- og félmn. hefði ekki viljað fyrir sitt leyti fallast á tillögu um það að hækka dánarbætur almennt fyrir alla upp í 200 þús. kr. Þetta er alrangt. **(Gripið fram í:** Þetta er rétt.) Það er einmitt þetta, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lýst yfir, að hann vildi gera. Hann vildi athuga möguleika á því að hækka dánarbæturnar almennt. Það, sem greinir á á milli okkar og minni hl. í n., er það, að minni hl. vill láta hækka bæturnar fyrir sjómenn eingöngu, en við höfum viljað vinna að því og athuga leiðir til þess að hækka bæturnar almennt, og höfum við talið, að það væru eðlileg vinnubrögð af okkar hálfu að gera það á þann hátt að ræða málið við þann ráðh., sem hefur með almannatryggingar að gera, og fá hann til þess að taka þetta mál upp á vegum nefndar, sem nú vinnur að endurskoðun almannatryggingalaganna. Þetta höfum við gert, þó að við séum ekki enn þá búnir að skila nál. okkar, og tillögur okkar um þetta efni hafa fengið vinsamlegar undirtektir.

Ég mótmæli því, sem algerlega ósönnu, að við höfum neitað að fallast á, að tryggingarnar væru hækkaðar almennt fyrir alla. Það er sú stefna, sem var tekin upp 1960 að tillögu nefndar, sem þá endurskoðaði almannatryggingalögin, sem við viljum fylgja áfram óbreyttri, að almannatryggingarnar greiði sömu dánarbætur jafnt, hvort menn vinna á sjó eða landi.

Frv., sem hér liggur fyrir, er um allt annað mál í raun og veru heldur en þetta. Það er eingöngu um það, hvernig tryggja megi við lögskráningu, að þeir samningar, sem fyrir hendi eru um aukalegar tryggingar umfram almannatryggingarnar, séu haldnir. Þetta teljum við að sé hægt með því, að sannað sé fyrir skráningarstjóra, að frjálsu tryggingarnar séu í lagi ekki síður en þær, sem lögbundnar eru.

Ég verð að segja, að ég tel það mikið vanmat, sem hv. 4. landsk. þm. og forseti Alþýðusambands Íslands lætur í ljós á samtökum sjómanna og verkalýðsfélaga, ef hann vantreystir því, eins og kom fram hjá honum áðan, að þau geti með samningamætti sínum komið alls staðar á þessum frjálsu tryggingum. Þær munu nú, eftir því sem ég bezt veit, vera komnar á hjá um það bil 60% af fiskiskipaflotanum og eru sem óðast að komast á, eftir því sem samningum er sagt upp og nýir samningar takast. En það mun vera þannig t. d. með síldveiðisamninga, að þeir hafa ekki verið endurnýjaðir nýlega, og þess vegna er þetta ekki komið inn í þá. Þó veit ég dæmi þess, að útvegsmenn hafa í mörgum tilfellum, þar sem þeir hafa samið um frjálsar tryggingar á öðrum veiðiaðferðum, keypt sér tryggingu fyrir allt árið, þannig að sú trygging nær einnig til síldveiðiskipa. Ég álít, að þar eð 60% af þeim mönnum, sem vinna þessi störf, eru búnir að fá aukatryggingar inn í samninga, — og þær munu vera í lagi, samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögum, — þá sé það vanmat á hinum, sem eftir eru í sams konar stéttarfélögum, að telja, að þeir geti ekki komið þessum frjálsu tryggingum á líka.

Ég vil að lokum benda á, að það er aldrei hægt að ganga svo frá þessum tryggingamálum, að útgerðin eða útgerðarmaðurinn geti tryggt sig að fullu fyrir öllum þeim kröfum, sem hann kann að verða fyrir. En vitanlega er æskilegast, að hann tryggi sig sem mest og bezt, en þar hljóta frjálsar tryggingar að koma til, til viðbótar við það, sem almannatryggingar greiða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil ekki una því, að ég sé sagður segja það ósatt, að þegar hv. þm., sem nú var að enda við að tala, hafði gert grein fyrir því, hvaða undirtektir þetta mál hefði fengið í hans þingflokki, og bar þau boð til n., að ef til vill mundi ríkisstj. síðar á þessu þingi flytja frv. um að tryggja öllum þennan rétt, sem í þessu frv. fælist, og spurði að því, hvort ég vildi þá bíða með þetta mál þangað til, þá taldi ég þetta of óljós skilaboð til nefndarinnar og sagði, að ég vildi ekki bíða, heldur vildi ég afgr. málið út úr n. En jafnframt spurði ég þá um það: Eru þá hv. nefndarmenn meiri hl. reiðubúnir til að flytja það sem brtt. við þetta frv.? — Og þeir sögðu: Við erum ekki tilbúnir til þess að svo stöddu. — Þetta er sannleikur málsins. Fram að þessu hafa þeir ekki viljað fylgja tillögu um það að tryggja 200 þús. kr. bætur öllum, heldur átti ég að bíða með afgreiðslu þessa máls á öðru þinginu, sem það var flutt, upp á óljós vilyrði fyrir því, að ef til vill kæmi ríkisstj. með frv., sem færi í þessa átt og tryggði öllum 200 þús. kr. bætur. Hv. þm. sagði, að það væri vanmat á samtökum sjómanna af minni hendi að vilja ekki láta þennan rétt vinnast smám saman með samningum. Það er búið að berjast fyrir þessum rétti núna í meira en tvö ár, og það hefur tekizt að ná honum sums staðar, en annars staðar ekki. Þetta er staðreynd, sem maður horfist í augu við. Þá vill maður fara fljótfarnari leiðina, ef skilningur væri fyrir hendi, löggjafarleiðina. Ég efast ekkert um það, að með áframhaldandi baráttu fæst þessi réttur yfir alla línuna, en það á ekki að una því, að ósamræmi um mál sem þetta ríki í mörg ár og lengst á þeim stöðum, þar sem samtökin eru veikust til að knýja þennan sjálfsagða rétt fram.

Ég held, að þessum hv. þm. hefði verið sæmst, sem búinn er að liggja á málinu án þess að skila nál. í fast að hálfum mánuði, — honum hefði verið sæmst að þegja.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ekki er nú að spyrja að, þegar þessi hv. þm., sem var hér að ljúka máli sínu, er kominn í þann ham, sem síðustu orð hans bera vott um. En út af þessum orðum og hverjum væri maklegast að þegja hér í deildinni, þá vildi ég gjarnan, að hv. þdm. fengju að vita, hvar þær tryggingar eru komnar, sem eru frjálsar, 200 þús. kr. líftryggingar á meðal sjómanna. Það er einmitt í bréfi til heilbr.- og félmn., sem hér hefur verið mikið vitnað til, frá Sjómannasambandi Íslands, þær eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Akranesi og á Vestfjörðum, eða þar sem Sjómannasamband Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða hafa samið fyrir sína félaga. Það er jafnframt yfir allt land hjá meðlimum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og það er fyrir alla farmenn hér á landi, undirmenn á farskipum, sem Sjómannafélag Reykjavíkur semur fyrir. Sem sagt, þar sem þetta vantar, það er hjá þeim sjómönnum, sem hv. 4. landsk. og Alþýðusamband Íslands semja fyrir.

Ég vil líka geta þess út af þeim orðum, sem hann lét hér falla, þegar hann vitnaði til þess sem hins bezta, sem hægt er að hugsa sér í sambandi við líf- og slysatryggingar sjómanna, sem hér gilti áður en breytingin fór fram á tryggingalögunum 1960, að þá voru sjómenn tryggðir fyrir 87 100 kr. eða þar um bil, en aðrir landsmenn fyrir 19 100 kr., og í nál. frá nefnd, sem í áttu m. a. sæti Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, núv. formaður Dagsbrúnar, er sagt orðrétt, með leyfi forseta: „Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins 19 þús. kr. rúmar í dánarbætur, á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái 87 þús. kr.“ Í þessu held ég að liggi meginmálið gagnvart þeim breytingum á almannatryggingalögunum, sem hv. 4. landsk. þm. hefur verið að tala um. Og þar fyrir utan voru þannig ákvæði í tryggingalögunum, eins og þau voru þá, að það væru aðeins sjómenn, sem lögskráðir væru á skip, sem fengju þessa tryggingu. Lögskráð er ekki á önnur skip en þau, sem eru 12 rúmlestir og stærri. Þannig kom það fyrir norðanlands eitt sinn, þegar sjómenn fórust af 14 tonna vélbát, að ekkjur þeirra fengu 87 þús. kr. Stuttu síðar fórst á öðrum stað hér við landið trillubátur, sem var undir 12 rúmlestum, 6 eða 7 tonn, en ekkjur þeirra sjómanna, sem þar misstu líf sitt, fengu aðeins rúmar 19 þús. kr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar frv. því var útbýtt hér á Alþingi, sem hér liggur nú fyrir til umr., þá hygg ég, að engum hv. þm. hafi blandazt hugur um, að þetta frv. var flutt í tilefni af öðru frv., sem hér hefur legið fyrir þinginu um alllangan tíma.

Spurningin hefur sem sagt verið sú, hvort ekki þætti tiltækilegt að lögfesta 200 þús. kr. dánarbætur fyrir alla sjómenn, sem farast, sem lágmarksbætur, þar sem þetta hefur nú þegar verið tekið inn í allmarga kjarasamninga á milli sjómanna og útgerðarmanna. En þó að staðreyndin lægi þannig fyrir, að útgerðarmenn og sjómenn víða um landið væru búnir að ná samkomulagi um þetta fyrir stóran hluta flotans, þá stóðu málin eigi að síður þannig, að nokkur hluti var enn eftir, og þegar hafði komið í ljós, að verulegur misbrestur hafði orðið af hálfu útgerðarmanna í landinu að standa við þessa samninga, þegar á reyndi. Það hafði sem sagt komið fyrir nokkrum sinnum, að bátar höfðu farizt og menn týnzt, sem áttu að bætast með þessum 200 þús. kr. bótum eða nokkru hærri bótum en áskilið er í lögum, samkvæmt samningum, sem í gildi voru á milli útgerðarmanna og sjómannasamtaka, en útgerðarmennirnir höfðu þá trassað að kaupa sér þessa tryggingu og voru svo ekki menn til þess að greiða trygginguna, þegar til átti að taka, og hinir frjálsu samningar á milli útgerðarmanna og sjómanna voru þannig pappírsgagnið eitt. Þegar þessi mál lágu svona fyrir, þótti sjálfsagt að fara fram á það, að 200 þús. kr. tryggingin yrði sett í lög sem lágmarkstrygging, sem gilti fyrir alla starfandi sjómenn, og þeir, sem hér eiga beinan hlut að máli, eins og útgerðarmenn og sjómenn, hafa yfirleitt allir verið á einu máli um, að það ætti að koma þessu fyrir á þessa lund, að festa þetta með lögum.

Þetta er líka í fullu samræmi við það, sem hefur verið gert í mörgum öðrum greinum hér áður. Hinir frjálsu samningar hafa knúið fram ýmsar bætur, t. d. má nefna vökulögin. Hér hafa verið gerðir samningar um það á milli útgerðarmanna og sjómanna að tryggja togarasjómönnum 12 stunda hvíld, þó að þá stæði í lögum, að þeir ættu ekki meiri lágmarkshvíldartíma en 8 stundir. Síðan var löggjöfinni breytt til samræmis við það, sem búið var að gera í frjálsum samningum, og það var ákveðið með lögum, að lágmarkshvíldartíminn skyldi vera 12 stundir, og þannig hefur þetta verið í mörgum fleiri greinum. En þá gerist það einkennilega hér á Alþingi, að nokkrir menn, þeir sem hér hafa nú verið að tala, fulltrúar m. a. í sjútvn., velja sér það hlutverk að standa á móti þessu réttlætismáli og ætla svo að breiða yfir það á þann hátt að flytja það frv., sem hér liggur fyrir. Þegar þeim var kunnugt um það, að gildandi samningar á milli útgerðarmanna og sjómanna höfðu reynzt óvirkir í ýmsum tilfellum, menn höfðu týnzt þannig, að bæturnar fengust ekki greiddar, þá vilja þeir þó viðurkenna þessa staðreynd og flytja þetta frv., sem þeir halda að eigi að koma í veg fyrir, að slíkt geti endurtekið sig. En þeir hafa nú skoðað það mál illa eins og fleira. Ég er alveg sannfærður um það, að þó að það frv. yrði samþ., sem hér liggur fyrir, þá gæti það ekki heldur tryggt það, að þessi misbrestur yrði ekki áfram. Það þekkja allir þeir, sem hafa komið nærri því, hvernig framkvæmdin er með lögskráningu sjómanna. Lögskráningin fer þannig fram, — ja, síðasta dæmið er kannske einna bezt til sönnunar því, þegar það kom í ljós, að skip fórst með allri áhöfn og það hafði ekki verið skráð á það samkvæmt lögum, en skráningin fer þannig fram, að hún er ekki

fastari en svo, að það er allajafna skráð til óákveðins tíma, og það getur verið skráð á sama skipið æ ofan í æ, og það er lítið öryggi í því, þó að jafnvel slíkt frv. yrði samþykkt sem þetta, að það tryggði það til fullnustu, að hin frjálsa trygging, sem útgerðarmaðurinn keypti sér, væri allan tímann í gildi, á meðan lögskráningin hefur staðið yfir. En það er auðvitað miklu meira en aðeins þetta, sem þessir hv. þm., sem standa að þessu frv., þó viðurkenna með þessu frv., — það er miklu meira en það, sem hér er um að ræða.

Ein af þeim rökum, sem flm. þessa frv. hafa flutt hér fyrir því, að það sé ekki réttmætt að lögbinda 200 þús. kr. tryggingunа sem lágmarkstryggingu, er það, að mannslífin eigi þó að metast jafngild, hvort sem það sé líf verkamanns eða líf sjómanns, og því eigi sama tryggingin að gilda fyrir báða. Ýmislegt má nú grípa í vandræðum sínum, og menn tala um virði mannslífsins, rétt eins og nokkur vilji halda því fram, að virði mannslífsins sé metið á 200 þús. kr., en ekki 90 þús., eins og er í almennum lögum. Kemur nokkrum manni með fulla greind til hugar að halda því fram, að þessi trygging sé eitthvert mat á mannslífum? Nei, því fer vitanlega alls fjarri. En þessar líftryggingar, það sýnir sig á hinum frjálsa markaði, að menn einmitt haga þeim misjafnlega eftir því, hvað menn telja áhættuna vera mikla, hvar maður er staddur hverju sinni. Sá, sem tryggir sig ekki nema fyrir 90 þús. kr. frá degi til dags, á meðan hann gengur á milli vinnustaðar síns, skrifstofu og heimilis, hann tryggir sjálfan sig fyrir 200 þús. kr. eða 500 þús. kr., þegar hann fer í flugvél eða þegar hann fer í einhverja aðra þá ferð, sem hann telur talsvert hættumeiri en sína daglegu ferð á milli vinnustaðar og heimilis. Það er þó vitanlega hægt að segja það, að líf þessa manns sé jafnmikils virði, hvort sem hann hefur dáið á götunni eða hann hefur dáið í flugvél. En kemur nokkrum manni til hugar að halda því fram í fullri alvöru, að það sé ekki meiri ástæða til þess að tryggja sig við sjómannsstörf á Íslandi heldur en t. d. við skrifstofumannsstörf hér í Reykjavík? Kemur nokkrum manni það til hugar, að ástæðan sé ekki meiri? Við vitum, að þessar bætur eru aðeins smávægilegar bætur fyrir þá, sem við bótunum eiga að taka, aðstandendur. En meira að segja í þessu tilfelli, atvinnurekendur, sem áttu að borga kostnaðinn af þessum tryggingum, þeir viðurkenndu það við samningsborðið, að það væri réttmætt að tryggja sjómanninn á íslenzku fiskiskipunum hærra en þeir stæðu að því að tryggja ýmsa aðra sína starfsmenn. Það eru því alveg fyllilega rök fyrir því að hafa slysatrygginguna til almennra sjómanna hér á Íslandi nokkru hærri en til flestra annarra í almennum störfum hér á landi. Hitt má svo auðvitað segja, að þegar rætt er um það að hækka hinar almennu dánarbætur sjómanna úr 90 þús. kr. upp í 200 þús. kr., þá getur auðvitað komið til álita, hvort menn vilja vera svo stórtækir að hækka líftryggingar allra upp í það sama. Ef menn vilja fallast á það, þá er vitanlega ekkert nema gott um slíkt að segja. En ef menn hika við að leggja í þann kostnað, sem því fylgir, þá ættu menn þó að fallast á, að það er réttmætt að taka þá, sem eru við mestu áhættu, út úr og ætla þeim hæstu tryggingуna í fyrstu lotu. Og menn ættu að hætta því, þeir sem þekkja nokkuð til sjómennsku, að vera með nokkur undanbrögð í máli eins og þessu, því að þeir hafa lítinn sóma af því.

Þá tala menn um það í þessum afsökunum, sem þeir færa hér fram, þegar þeir eru að þvælast gegn þessu réttlætismáli, að það sé ekki tryggt, að allir sjómenn fái notið þessara trygginga, því að venjulega sé miðað við þá, sem séu lögskráðir, og lögskráningin nái ekki til minnstu bátanna. Þetta eru líka auðvitað hrein undanbrögð. Það er enginn vandi að koma tryggingunni þannig fyrir, að hún nái einnig til minnstu bátanna. Ákveðin trygging er nú í framkvæmd einnig á minnstu fleytunum, sem einn maður rær á. Hún er framkvæmd með nokkuð öðrum hætti en á hinum skipunum, en eigi að síður er þarna um tryggingu að ræða, og það er lítill vandi að láta þessa tryggingu ná til þeirra, ef menn það vilja. En það er rétt, að þar er maður kominn út á eilítið annað form en í hinum tilfellunum, þar sem á stærri skipunum er venjulega um að ræða einhvern greinilegan atvinnurekanda, sem hefur þótt rétt að láta borga sín iðgjöld til slysatryggingadeildarinnar. En á smáfleytunum er ekki um beina atvinnurekendur að ræða, heldur sjómenn, sem eru eigin vinnuveitendur og hefur því þurft að skattleggja með nokkuð öðrum hætti til tryggingakerfisins. En auðvitað er auðvelt að koma þessu fyrir þannig, að þessi trygging nái og sé jafnhá til þessara sjómanna eins og hinna. Spurningin er aðeins um það, hvort menn vilja láta hana ná þangað eða ekki.

Þá er ein afsökunin sú, að sumir hafi mikla trú á frjálsri tryggingu og aðrir vilji endilega binda alla tryggingu með lögum og frjálsum samningum og ekki frjálsum. Auðvitað er hér líka um hreinan fyrirslátt að ræða. Þó að það sé bundið í lögum, að lágmarksbæturnar skuli vera 200 þús., þá er ekki búið að afnema neinn rétt til þess að semja um frekari tryggingar. Fram að þessu hefur lágmarksupphæðin um 90 þús. kr. verið bundin í lögum, og sjómannasamtökin sömdu eigi að síður í mörgum tilfellum um hærri tryggingu. Og það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að auðvitað verður 200 þús. kr. upphæðin ekkert lokamark í þessum efnum. Það má búast við, að hún verði hækkuð, áður en langir tímar líða. En þó að 200 þús. kr. upphæðin sé bundin sem lágmarksupphæð í lögum, þá kemur hún ekki á nokkurn hátt í veg fyrir það, að samið sé um hærra með frjálsu samkomulagi. En hún tryggir það bara, að hvernig sem á málunum er haldið, þá skuli allir sjómenn, sem farast, bættir með þessari upphæð sem lágmarksupphæð. Það er það, sem á að gera. Hefði það frv. verið samþ. um þetta efni, sem hér var lagt fyrir á þinginu í fyrra, þá hefðu margir þeir sjómenn, sem látizt hafa núna á s. l. ári, verið bættir með þessari upphæð, 200 þús. kr., og það á réttlátan hátt. En nú hefur hins vegar þetta farið

þannig, að nokkrir hafa verið bættir með 200 þús. kr., en allur þorrinn hefur verið bættur aðeins með 90 þús. kr. upphæð.

Svo kemur inn í þetta metingur um það, hvaða sjómannafélög hafi verið búin að semja um þessa hækkuðu tryggingu og hvaða félög ekki. Í sambandi við það, sem þar var sagt, þykir mér rétt að segja það, að þegar síðustu almennir samningar á milli útgerðarmanna og sjómanna á fiskiskipunum stóðu yfir, eða fyrir rösku ári, þá var það svo, að t. d. sjómenn á Austurlandi, þar sem mér er málið kunnugast, voru búnir að semja allir um miklu betri kjör almennt séð en félögin hér fyrir sunnan náðu nokkurn tíma, — hærri kjör almennt séð, hærri aflahlut. En þegar félögin hér náðu ekki þessum kjörum, sem önnur félög voru búin að ná og bjuggu við allt árið, þá náðu þau þó í þetta atriði, sem auðvitað var fjárhagslega miklum mun minna en það, sem hin félögin voru búin að semja um, og fengu þá inn í sína samninga, sem voru gerðir á eftir, þessi atriði viðvíkjandi 200 þús. kr. tryggingunni. Síðan hafa t. d. nokkur félög á Austurlandi, sem mér er líka kunnugt um, í þessum efnum gert nýjan samning og samið þá auðvitað um þessa 200 þús. kr. tryggingu líka, svo að þessi skýrsla, sem hv. 12. þm. Reykv. minntist hér á, er þegar orðin röng, því að ýmis félög eru búin að semja þar á annan veg en hann hélt.

Nei, það er mikill misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv., ef hann heldur, að sjómannafélögin, sem eru innan Sjómannasambands Íslands, hafi náð eitthvað betri samningum en hin félögin, sem þar eru fyrir utan. Það er síður en svo. En það er auðvitað engin ástæða til þess að fara hér út í neinn meting í þeim efnum varðandi þetta mál, hvernig samningar standa á milli hinna einstöku félaga. Hitt er vitanlega aðalatriði málsins: Á hér að binda með lögum 200 þús. kr. bæturnar, sem búið er að semja um á milli útgerðarmanna og sjómanna í fjölmörgum tilfellum, — á að binda þessa upphæð örugglega í lögum, þannig að það verði engin svik þar á í framkvæmd. á að binda hana sem lágmarkskaup, eða ætla menn sér að reyna að þvælast þar á móti og flytja eitthvert málamyndafrv., sem ekki leysa málið nema að litlu leyti, og afsaka sig ýmist með þessu eða hinu? Um það er spurningin.

Ég vil nú vona, að þeir hv. þm., sem flytja þetta frv. út úr þeim vandræðum, sem þeir eru komnir í í sambandi við þetta mál, hugi betur að stöðu sinni í málinu og gæti að því, að það hvílir á þeim nokkur skylda í þessum efnum að standa með því, sem bæði útgerðarmenn og sjómenn eru raunverulega búnir að viðurkenna sem réttan grundvöll í þessum efnum. Þeir eiga sannarlega ekki að láta standa á sér hér inni á Alþingi að vilja lögleiða það samkomulag, sem þessir aðilar hafa fallizt á sín á milli.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, sem hér hefur farið fram, en finnst þó rétt að leggja hér nokkur orð í belg. Ég held satt að segja, að það þurfi ekki að vera að deila um þetta, vegna þess að mér virðist það koma fram hjá báðum málsaðilum, sem hér hafa látið til sín taka, að þeir séu sammála um þá meginstefnu, að lágmark viðkomandi trygginga eigi að vera 200 þús. kr. Og það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er, að þetta verði tryggt í sambandi við lögskráningu sjómanna varðandi þá sjómenn, sem þegar hafa samninga um þetta. Nú hef ég ekki skilið þá, sem að þessu frv. standa, öðruvísi en þeir telji líka rétt, að þeir sjómenn, sem enn eru ekki búnir að ná þessum samningum, njóti þessara hlunninda, og þess vegna held ég, að það, sem nú skiptir mestu máli, sé að tryggja þessum sjómönnum það, að þeir fái þessi réttindi. Og þetta finnst mér að eigi að vera mjög auðvelt með því að gera lítils háttar breytingu á þeirri till. eða því frv., sem hér liggur fyrir, þannig t. d., að í stað þess, sem í frv. segir, að við lögskráningu á skip skuli liggja fyrir yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi, þá orðist þetta dálítið á aðra leið eða þannig, að við lögskráningu lægi fyrir yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um, að hver skipverji hafi verið líf- og slysatryggður og sé lágmark tryggingarinnar 200 þús. kr.

Ég trúi ekki öðru en hv. flm. telji eðlilegt að fallast á þetta og þess vegna verði þetta lögbundið þannig, að í sambandi við lögskráningu á skip liggi það jafnan fyrir, að það sé búið að líftryggja og slysatryggja hvern skipverja fyrir þessa lágmarksupphæð. Ég held, að þetta sé svo sjálfsagt mál, að það sé eðlilegt, að það sé gengið örugglega frá þessu einmitt í sambandi við lögskráninguna, þ. e. búið sé að tryggja þessa lágmarkstryggingu. Hitt er hins vegar alveg rétt, eins og hér hefur komið fram, að þetta útilokar á engan hátt frjálsa samninga milli sjómanna og útvegsmanna um þetta mál, því að allir eru sammála því, að þetta eigi aðeins að vera lágmark, og sjómenn geta að sjálfsögðu farið fram á það og eiga líka að fara fram á það, að tryggingin verði hærri en hér er ákveðið, og um það gætu hinir frjálsu samningar fjallað, þar sem löggjöfin gerði ekki annað en að tryggja örugglega þetta lágmark.

Ég held, að ef frv. væri breytt í þetta horf, að það lægi fyrir við lögskráningu örugg yfirlýsing frá vátryggingarfélagi um það, að búið sé að tryggja hvern skipverja fyrir þessa lágmarksupphæð, þá gæti það komið að verulegum notum og þá ættu hv. flm. þakkir skilið fyrir að hafa hreyft þessu máli.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég hef þegar lokið mínum ræðutíma hér. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir hans innlegg í þetta mál. Ég hef borið upp þá till., að máli þessu verði vísað til hv. sjútvn., og ég vænti þess, að allir þeir, sem sæti eigi í þeirri nefnd, taki þessa till. flm. til rækilegrar athugunar. Það hefur þegar legið hér fyrir sem upplýsing frá hv. 4. landsk., sem jafnframt er forseti Alþýðusambandsins, að bæði fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna hafa mælt með hinu frv. og hafa eiginlega látið liggja að því, að það væri nokkurs konar samkomulag þeirra á milli þar um. Hins vegar

hefur það komið fram frá einum hv. nm. úr heilbr.- og félmn., og um það hafa nú þessar umr. orðið, hvort rétt væri að fara þá leið að mismuna mönnum með dánar- og slysabætur innan hins almenna tryggingakerfis.

Ég vil í þessari stuttu aths. leyfa mér að mótmæla harðlega þeim fullyrðingum hv. 4. þm. Austf., að þetta frv. sé borið fram vegna einhvers annars frv., sem hér liggur fyrir þinginu og hefur blandazt inn í þessar umr., og að okkar frv. komi í veg fyrir, að hitt nái fram að ganga. Ég leyfi mér algerlega að mótmæla þessu, og það hefðu aldrei neinar umr. orðið um það frv. nema vegna þess, að hv. 4. landsk. þm. dró það frv. inn í þessar umr., og skoðanir nokkurra þm. komu fram um það, hvaða leiðir ætti að fara í þessum málum. Hins vegar virðist, að allir þeir, sem hér hafa talað, séu sammála um það, að íslenzka sjómannastéttin, sem í öllu almennu verður að viðurkennast að býr við hættulegri aðstæður í starfi sínu en aðrir þegnar þjóðfélagsins eigi að vera með hærri slysa- og dánarbætur en aðrir þegnar þjóðfélagsins. En ágreiningurinn virðist hins vegar vera sá, hvort heppilegra sé að ná því fram að löggjafarleiðum eða með frjálsum samningum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 588).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur haft þetta frv. til meðferðar á tveim fundum, og eru nm. sammála um að mæla með frv., en leggja til, að gerð verði á meginmáli frv. breyting, sem þó gerir enga efnisbreytingu á sjálfu frv. Tveir nm., þeir Gísli Guðmundsson og Geir Gunnarsson, áskilja sér rétt til að styðja og flytja tillögur um frekari breytingu á frv. Það var leitað, eins og fram kemur í nál., umsagnar Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Landssambandsins, Sambands ísl. tryggingafélaga, og mæltu þessir aðilar allir með því, að frv. yrði samþykkt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við umr. um frv. okkar hv. 4. landsk. þm. fyrir skömmu um lögfestingu 200 þús. kr. sérstakrar líftryggingar fyrir alla sjómenn var ýtarlega rakið, hvernig líf- og slysatryggingamálum sjómanna er komið. En það frv., sem hér er til umr., kemur inn á það sama svið. Frv. okkar um, að sjómönnum verði öllum tryggðar sómasamlegar dánar- og slysabætur, hafa núv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., fellt og þar með staðfest þann vilja sinn, að um ófyrirsjáanlegan tíma skuli ríkja núverandi ófremdarástand í þessum réttindamálum sjómannanna, enn skuli um óákveðið skeið ríkja það ástand, að aðstandendur sumra sjómanna, sem farast, fái aðeins 90 þús. kr. í dánarbætur, á sama tíma og aðrir aðstandendur fá þó allt að 290 þús. kr. í bætur, ef stéttarfélagi viðkomandi sjómanns hefur tekizt að knýja þær tryggingar fram með kjarasamningum.

Því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að stuðla að því, að þær sérstöku tryggingar einstakra sjómanna verði ekki af þeim sviknar með þeim hætti, að útgerðarmenn láti undir höfuð leggjast að kaupa þá tryggingu, sem þeir hafa samið um við sjómenn. Er það vissulega þakkarvert, að þeir, sem hafa lagzt gegn því, að allir sjómenn verði nú þegar tryggðir mannsæmandi bótum, skuli þó fyrir sitt leyti vilja stuðla að því, að þeir sjómenn, sem hafa náð því marki með öðrum leiðum, verði ekki sviptir þeim umsömdu réttindum sínum, hvað sem þeim sjómönnum líður, sem enn eiga að láta sér nægja 90 þús. kr. tryggginguna úr almannatryggingunum.

Ef frv. okkar hv. 4. landsk. þm. um lögfestingu dánar- og slysabóta sjómanna hefði verið samþykkt, þyrfti ekki samþykktar þessa frv. við. En eftir að ríkisstjórnarflokkarnir hafa fellt að bæta alla sjómenn mannsæmandi bótum, er það vissulega tímabært að tryggja svo sem unnt er, að þeir sjómenn, sem þó njóta þeirra, verði ekki sviptir þeim vegna trassaskapar útgerðarmanna, eins og mun hafa átt sér stað. Þó er sá galli á, að svo langt getur trassaskapurinn gengið, að jafnvel samþykkt þessa frv. tryggi það ekki með öllu, að þeir sjómenn, sem hafa fengið fram 200 þús. kr. bætur í kjarasamningum, verði ekki sviptir þeim í reynd. Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að ekki megi lögskrá á skip, nema sýnd séu skilríki fyrir því, að útgerðarmaðurinn hafi keypt þær líftryggingar, sem um er samið í kjarasamningum viðkomandi sjómanna. Þrátt fyrir það, að samþykkt þessa frv. geti í mörgum og vonandi flestum tilfellum tryggt, að kjarasamningar séu haldnir í þessu efni, þá eru þess jafnvel dæmi, að trassaskapurinn sé á svo háu stigi, að ekki farist aðeins fyrir að kaupa trygginguna, heldur einnig að lögskrá á skipin, og kemur þá samþykkt þessa frv. fyrir ekki. Slíkt framferði er þó meira en trassaskapur, heldur algert lagabrot, en ekki bætir það í neinu úr skák fyrir þá aðstandendur, sem gjalda þess. Mér er ekki kunnugt um, hversu strangt eftirlit yfirvöldin hafa með því, að lögskráð sé á öll skip, sem gerð eru út og ber að lögskrá á samkv. lögum. En ég hef ástæðu til að ætla, að um nokkurn misbrest hafi verið að ræða í þessu efni, og væri full ástæða í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að gera kröfu til þess, að eftirlit í þessu efni verði hert frá því, sem nú er, svo að það komi alls ekki fyrir, að ekki sé lögskráð á öll þau skip, sem skylt er að skrá á, svo að þau ákvæði, sem felast í þessu frv., komi þó að því gagni, sem þeim er ætlað.

Þótt ég muni að sjálfsögðu styðja það frv., sem hér liggur fyrir, þá hefði ég vissulega miklu fremur kosið, að því réttindamáli sjómanna, sem afgreitt var í þessari hv. deild fyrir skömmu, hefðu ríkisstjórnarflokkarnir tekið á þann veg, að þetta frv. væri óþarft. En því er ekki að heilsa, og mun samþykkt þess verða látin nægja.

Þeirri till. var hreyft við 1. umr. þessa máls, að bætt yrði inn í frv. ákvæði þess efnis, að

því aðeins verði heimilt að lögskrá á skip, að allir skipverjar hafi verið líftryggðir fyrir a. m. k. 200 þús. kr., hvað sem líði samningum á milli stéttarfélaga, útgerðarmanna og sjómanna um það efni, þ. e. a. s. að útgerðarmaður, sem hefði ekki enn samið um slíka tryggingu, yrði með væntanlegum lögum skyldaður til þess að kaupa 200 þús. kr. líftryggingu fyrir sjómenn sína. Hv. Alþingi hefur fyrir skömmu fellt frv., sem hefði tryggt öllum sjómönnum þessar hámarksbætur. Vilji meiri hl. þm. í þessu efni liggur því þegar ótvírætt fyrir, eftir að málið hafði verið borið upp á eðlilegum vettvangi. Hins vegar má segja, að hæpnara væri að ná þessum réttindum sjómanna fram á þann hátt að koma ákvæði, sem dygði, inn í frv. til laga um lögskráningu sjómanna. Það yrði án efa talið, að farið væri aftan að hlutunum, enda tómt mál um að tala að ná þessu máli fram á einn eða annan hátt nú, þar sem fyrir liggur viljaleysi meiri hl. þingsins um, að nú þegar verði bætt úr líftryggingamálum sjómanna. Íslenzkir sjómenn verða því enn að sætta sig við það, að samþykkt þessa frv. sé sá skammtur, sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla þeim um sinn a. m. k., jafnvel þótt einhverjir þeirra kynnu að hafa gert sér vonir um, að unnt væri að ná fram rétti þeirra með þeim aðferðum að lögbjóða 200 þús. kr. líf- og slysatryggingu með ákvæði í lögum um lögskráningu. Afgreiðsla Alþingis á málum sjómanna leiðir það af sér, að sjómönnum verður æ ljósara, að réttindi þeirra, jafnt að því er varðar sómasamlega líftryggingu sem önnur mál, verða ekki á annan hátt tryggð en þann, að þeir leggi sig sjálfir fram um að tryggja það í næstu þingkosningum, að leystur verði af hólmi sá þingmeirihluti, sem að undanförnu hefur þjarmað að lífskjörum þeirra og lagzt gegn réttindamálum þeirra, nú síðast með því að vísa frá frv. um, að allir sjómenn skuli tryggðir mannsæmandi bótum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls urðu nokkrar umr. hér í deildinni í tilefni af því, að það var upplýst, að þetta frv. nær ekki til nema nokkurs hluta sjómannastéttarinnar. Ég kvaddi mér því hljóðs og lýsti yfir þeirri brtt. við frv., sem mér fannst vera líkleg til samkomulags, að aðalgrein frv. eða 1. gr. yrði orðuð á þessa leið:

„Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að hver einstakur skipverji hafi verið líf- og slysatryggður og sé lágmark tryggingarinnar minnst 200 þús. kr.“

Þessari till. minni var mjög vel tekið af hv. 1. flm. frv., Pétri Sigurðssyni, og lýsti hann fylgi sínu við hana. Mér kom því dálítið á óvart, þegar ég sá í nál. hv. sjútvn., að þessi till. hafði ekki verið tekin til greina. Ég leyfi mér því að leggja fram svo hljóðandi brtt. við frv.:

„Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Yfirlýsing frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að hver einstakur skipverji hafi verið líf- og slysatryggður og sé lágmark tryggingarinnar minnst 200 þús. kr.“

Ég held satt að segja, að Alþingi geti ekki svo skilizt við þetta mál, að það samþykki ekki slíkt lágmark og það, sem hér um ræðir.

Að undanförnu hafa hvað eftir annað komið fyrir sjóslys, þar sem aðstandendur látinna sjómanna hafa ekki fengið aðrar tryggingar en þær, sem almannatryggingarnar veita, sem eru 90 þús. kr. Ég held, að allir hv. þm. ættu að geta verið sammála um það, að slíkt er algerlega ófullnægjandi og má ekki koma fyrir í framtíðinni. Og það verður ekki tryggt á annan hátt, úr því sem komið er, en þann, að það liggi fyrir í hvert skipti, sem sjómaður er skráður á skip, að það sé búið að tryggja þá lágmarkstryggingu, sem hér um ræðir. En eins og fram kom við 1. umr. þessa máls, þá er það ekki nema nokkur hluti sjómannastéttarinnar, sem hefur fengið þetta tryggt með samningum. Aðrir mundu þurfa að segja upp samningum, og ýmislegt gæti af því hlotizt, sem menn óskuðu ekki eftir, kannske langvinnir samningar um önnur atriði sjómannakjaranna, og þess vegna er langheppilegast, að löggjafinn leysi þetta mál nú í eitt skipti fyrir öll. Ég veit ekki annað en það liggi fyrir yfirlýsing um það frá samtökum útvegsmanna, að þau vilji mæla með því, að útgerðarmenn yfirleitt taki að sér þessa tryggingu, svo að það á ekki að vera því til fyrirstöðu hér, að útgerðarmenn séu neitt á móti þessu, þó að þetta sé ekki enn komið inn í samningana. Og þess vegna er í raun og veru ekki verið að skapa hér neitt fordæmi um það að lögbjóða tryggingar, sem viðkomandi aðili sé andvígur, vegna þess að það liggur hér fyrir frá þeim, sem eiga að greiða þessar tryggingar, útgerðarmönnum, að þeir séu reiðubúnir til þess að fallast á þessar greiðslur. Þegar þannig stendur á, má segja, að hér sé ekki verið að skapa neitt sérstakt fordæmi fyrir því, að Alþingi sé að skylda atvinnurekendur til að greiða tryggingar, sem þeir séu andvígir. Ég leyfi mér því að leggja fram þessa brtt. og afhenda hana hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af ummælum hv. 7. landsk. þm. segja hér nokkur orð um þetta mál.

Það er fullkomlega rangt farið með, þar sem hann heldur því fram, að meiri hl. Alþingis hafi ekki viljað sinna því máli, sem flutt var í frv. af honum á þskj. 25. Þetta mál var rætt mjög ýtarlega í heilbr.- og félmn. og afgreitt þar, áður en ég fór til útlanda, þótt hins vegar nál. væri ekki gefið út fyrr en síðar, og meginástæðan fyrir því, að málinu var vísað frá með rökstuddri dagskrá, var sú, að hér var verið að skapa misræmi á milli þeirra aðila, sem vinna á sjó og farast af sjóslysum, og hinna, sem farast í landi. Og það er það, sem meiri hl. Alþingis vildi ekki viðurkenna. En það vildu m. a. hv. flm. báðir láta nú lögfesta. (Gripið fram í.) Þeir vildu láta lögfesta það, að kona, sem missir manninn sinn í sjóslysi frá börnum, fái miklu meiri bætur en kona, sem missir mann sinn af slysum í landi. þó að fjárhagsástæður hennar væru miklu erfiðari.

Á það er bent m. a., að það hefði áður verið

þannig í tryggingalöggjöfinni, að bætur fyrir sjóslys voru miklu hærri, en 1959 er skipuð nefnd til þess að athuga og endurskoða tryggingalöggjöfina, og í henni áttu m. a. sæti Eðvarð Sigurðsson, núv. formaður Dagsbrúnar, sem nú á sæti hér á Alþingi, og undirritar hann sjálfur þá og samþykkir, að þetta misræmi skuli lagað þannig, að greiða skuli sömu dánarbætur fyrir menn, hvort sem þeir farast á sjó eða landi. Og það er þetta, sem meiri hl. nefndarinnar hélt sig við, að vilja ekki raska þessu hlutfalli aftur, en alls ekki hitt, að þeir væru ekki því fylgjandi, að bæturnar sjálfar væru hækkaðar. En það hafði þá það í för með sér, að hækka yrði allar dánarbætur í landinu. Og afgreiðsla málsins hér er byggð á því, að það sé tekið til ýtarlegrar athugunar hjá þeirri nefnd, sem nú er að endurskoða tryggingalöggjöfina, eins og segir í hinni rökstuddu dagskrá: „Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa- og dánarbóta, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er algerlega ósæmandi af hv. flm. að flytja mál sitt þannig hér, að meiri hl. Alþingis hafi verið að níðast á sjómönnum í þessu máli, auk þess sem það var upplýst í nefndinni, að þetta væri komið inn í samninga hjá flestum útgerðarmönnum. (**Gripið fram í:** Alls ekki.) Það var víst upplýst í nefndinni, að þetta væri komið í flestalla samninga hjá útgerðarmönnum. (**HV:** Það eru ósannindi.) Hv. 4. landsk. lýsti því yfir í nefndinni, að hann mundi ekki aftur skipa sér í flokk þeirra hringlanda, sem vilja í dag gera mismun á þessum bótum og næst jafna þær aftur, og ef kæmi tillaga um það að hækka dánarbætur fyrir þá. sem í landi færust, þá skyldi hann greiða atkv. á móti því. Þessu lýsti hann yfir í nefndinni. (**Gripið fram í:** Þetta er ósatt.) Það eru allir nm. til vitnis um það. Nú vill hann ekki standa við þetta, því að hann sér, hversu mikið ranglæti þetta væri, að ætla aðrar dánarbætur fyrir menn, sem farast á sjó, heldur en hina, sem farast í landi. Okkur er það líka alveg ljóst, að útgerðarmenn hafa víðast hvar tryggt sérstaklega sína menn, hvort heldur er á sjó eða landi, fram yfir það, sem ákveðið er í tryggingalöggjöfinni. Það er algerlega ósæmandi bæði fyrir hv. 7. landsk. og hv. 4. landsk. að vera að koma nú hér og núa okkur því um nasir, að við styðjum ríkisstj., sem vilji ekki, að sjómenn séu tryggðir mannsæmandi bótum. (**HV:** Má ekki segja sannleikann um þetta?)

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér út af þeim ummælum, sem hv. þm. lét falla í sambandi við þetta mál.

Forseti (BGr): Þessar umræður taka nú að snúast nær eingöngu um mál, sem nýlega er búið að afgreiða. Þótt það mál sé skylt þessu, vil ég mælast til þess, að hv. þm. haldi sig við það mál, sem er á dagskránni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er vissulega satt, sem hv. 7. landsk. sagði hér áðan, að ef frv. hans og mitt á þskj. 25 um 200 þús. kr. dánarbætur og slysabætur til allra sjómanna hefði verið samþ., þá hefði þetta kákfrv. verið óþarft með öllu. Það fer ekkert á milli mála, að það er satt, að frv. um 200 þús. kr. dánar- og slysabætur til sjómanna, allra sjómanna, hefur verið fellt á Alþingi Íslendinga, og hvað sýnir það annað en þann þingvilja að vilja ekki lögfesta 200 þús. kr. aukadánarbætur og slysabætur til íslenzkra sjómanna? Hv. 1. þm. Vestf. segir, að ágreiningurinn hafi ekki verið um þetta, heldur hafi hann verið um hitt, hvort dánarbæturnar ættu að vera hærri til sjómanna en annarra, sem færust af slysförum við önnur störf. Þetta er ekki rétt. Þetta eru ósæmandi ósannindi hjá hv. þm., eins og hann orðaði þetta áðan. Þegar meiri hl hv. heilbr.- og félmn. hafði tekið afstöðu gegn frv., þá voru nm. að því spurðir, hvort þeir, ef þeir vildu ekki mismuna mönnum þarna, vildu þá standa að brtt. um, að dánarbæturnar yrðu 200 þús. kr. til allra, og þeirra svar var, hvort sem þeir vilja nú þræta fyrir það eða ekki, að þeir væru ekki við því búnir að sinni. Hins vegar hefðu þeir talað við félmrh. og hann léti líklega um það að flytja e. t. v. á þessu þingi till. um það, að dánarbæturnar yrðu eins fyrir alla, 200 þús. kr. En það er ekki komið enn. Þetta er sannleikur málsins. Og það þýðir ekkert fyrir hv. 1. þm. Vestf. að koma hér og bregða hv. 7. landsk. um ósannindi í þessu máli, því að hann hefur sagt sannleikann einan og ekkert annað. En hitt skil ég vel, að þm. Vestf. í heilbr.- og félmn., sem stóðu að því að fella frv., — annar gerði það að vísu í gegnum staðgöngumann sinn, Sigurð Bjarnason, sem sat hér á þingi fyrir hann, þegar málið var afgreitt, en annar úr hópi Vestfjarðaþm. gerði það persónulega, — ég skil vel, að þeir vilji ógjarna kannast við það.

En það er einmitt einn hv. þm. á Alþingi Íslendinga, sem sízt af öllu gat barizt á móti því, að það væru sérstakar og hærri dánarbætur til sjómanna en til annarra, og það var hv. 1. þm. Vestf., því að þingtíðindin bera það eftir honum, að þegar það hafði staðið svo frá byrjun Tryggingastofnunar ríkisins og fram á árið 1959, að dánarbætur til sjómanna væru hærri en til annarra, og tekið var í mál að breyta því, þá reis upp einn hv. þm. og andmælti því kröftuglega og rökstuddi það, að það væri einmitt sjálfsagður hlutur, að sjómannsekkjurnar, sem lifðu oft í sárri kvöl og angist vegna sinna ástvina á sjónum, fengju hærri dánarbætur, ef slys bæri að höndum, heldur en fólkið. sem missti sína aðstandendur af slysförum í landi. Þessi röksemdafærsla er til einmitt eftir þennan hv. þm., og hann einn allra þm. gat sízt af öllu snúizt gegn þessu sjónarmiði, nema hafa snúizt eins og skopparakringla um sjálfan sig, og það hefur hann gert.

Nú játaði ég við 1. umr. þessa máls, að það væri nokkur sárabót, það væri nokkur bót að þessu frv., og það tel ég enn, en hún er því miður allt of lítil. Þó að þetta frv. verði samþ. um breytingu á lögskráningu sjómanna, þá verða þeir fjöldamargir íslenzku sjómennirnir, sem engar dánar- eða slysabætur fá aðrar en

þær, sem almannatryggingarnar veita. Og því verður þrátt fyrir samþykkt þessa frv. algerlega sama misrétti ríkjandi. Sumir sjómenn verða bættir með 290 þús. kr., en aðrir með þeirri upphæð, sem á hverjum tíma er ákveðin í tryggingalögunum. Og það er það misrétti, sem ég og hv. 7. landsk. þm. vildum leiðrétta.

Hér hefur verið sagt frá því, að frv. þetta hafi fengið meðmæli allra þeirra aðila, sem það var sent til umsagnar, þ. á m. Alþýðusambands Íslands. Þetta er að segja aðeins brot úr sannleika. Það var að vísu tekið fram í umsögn Alþýðusambandsins, að það væri nokkur bót fyrir einstaka sjómenn, að þetta mál væri samþykkt, og því mundi Alþýðusambandið ekki mæla gegn því, en það var rakið í umsögninni, í hversu mýmörgum tilfellum samþykkt frv. kæmi að engu haldi, og hefði ég því talið öllu heiðarlegra og réttara, að umsögn Alþýðusambandsins hefði verið lesin hér, svo að þm. hefðu mátt heyra, í hve mörgum tilfellum Alþýðusambandið telur að þetta frv. komi ekki að gagni, heldur en segja það hér með einni setningu, að Alþýðusambandið hafi mælt með þessu frv. Nú skal ég víkja að því einmitt.

Frv. hv. 7. landsk. og mitt á þskj. 25 vék að því að lögfesta 200 þús. kr. aukabætur, ef íslenzkur sjómaður færist af slysförum á skipi eða hlyti varanlega örorku, og þar með 290 þús. króna bætur samtals. Með þessu frumvarpi eru það í fyrsta lagi allir sjómenn, sem eru á bátum, sem eru smærri en 12 tonn, þeir fá engar aukabætur, þrátt fyrir það að þetta sé samþykkt, og þeir eru margir, og þær eru margar sjómannafjölskyldurnar, sem standa að baki þeim sjómönnum. Þetta byggist á því, að hér á einungis að tryggja það, að við skráningu sé gengið vel frá því, að aukatrygging sé í lagi og bætur geti þannig ekki misfarizt af þeim sökum. En eins og kunnugt er, fer engin skráning fram á báta, sem eru smærri en 12 tonn. Allir þeir sjómenn, sem sjó sækja við Íslandsstrendur á slíkum bátum, fá því engar aukabætur þrátt fyrir samþykkt þessa frv. Þetta er mikill ágalli við frv. Svo eru þeir margir, þeir sjómenn, sem hafa ekki getað náð því inn í samninga sína enn þá, að þeir skuli fá þessa aukatryggingu, 200 þús. kr. Það eru t. d. allir sjómenn á síldarflotanum ótryggðir að þessu leyti. Það hefur ekki fengizt inn í neina síldarsamninga enn, og nú er þetta að verða ársatvinnuvegur. Og þetta nær til manna, sem eru á skipum stærri en 12 smálestir. Og það er enn fremur mjög víða á landinu, sem enn þá hefur ekki, þrátt fyrir baráttu við tvennar samningagerðir, fengizt inn í samninga ákvæðið um 200 þús. kr. aukatrygginguna. Þeir fá þetta ekki heldur, því að það á að leggja fram skilríki fyrir því við skráningu, að tryggingin sé í lagi samkv. samningum, og ef samningarnir eru ekki um það, þá er ekki þetta plagg heimtað. Auk þess stendur nú ekkert um það í frv., hvað gert skuli, ef það kemur í ljós við skráningu, þar sem samningur er gildandi gagnvart útgerðinni, að tryggingin er ekki í lagi. Hvað á þá að gera? Mig langar til að vita það? Á þá að stöðva skráninguna, þangað til þessu hefur verið kippt í lag? Það vil ég fá að vita, því að það skiptir nokkru um framkvæmd málsins. Eða á bara að segja: Skilríkið var heimtað, og það kom í ljós, að skráningin var ekki í lagi, og þar við situr svo? Á að stöðva skráninguna? Það er ekkert um það, að það beri að stöðva skráninguna, þangað til þessu hefur verið kippt í lag. En nú skulum við segja auk þess, að daginn, sem skráð er á skip, t. d. í vertíðarbyrjun, þá sé tryggingin í lagi og skilríkin hafa verið lögð fram, en eftir hálfan mánuð eða mánuð sé hún útrunnin og komin í ólag. Hvaða trygging er þá fyrir þessu? Hvaða öryggi er þá í þessu? Nei, þá er það búið, þrátt fyrir samþykkt þessara laga. Til slíkra manna nær hún ekki. Framkvæmdin á skráningu á Íslandi er allvíða í því formi, að það er gengið frá löglegri skráningu í byrjun vertíðar. En svo eru, eins og allir vita, tíð mannaskipti á bátum á hinum ýmsu tímum á vertíðinni, og þá er það í yfirgnæfandi flestum tilfellum svo, að skráning á þessum komandi og farandi mönnum er ekki í lagi, og verði þá skipstapi, þá eru þeir venjulega óskráðir og þar með engin trygging fyrir því, að tryggingin hafi heldur verið í lagi. Það er einnig þannig, að þeir menn, sem á sjóinn fara, skipshöfn, þeir eru skráðir, en landmennirnir, sem vinna að veiðarfærum og beitingu, þeir eru venjulega ekki lögskráðir. En þegar veikist einhver eða forfallast af mönnunum, sem á sjóinn fara, þá er venjulega, ef ekki fást nýir menn, gripið til landmannanna í skipshöfninni, sem eru óskráðir, og maður úr þeirra hópi fer á sjóinn og oft og tíðum óskráður og verður þannig undir mörgum kringumstæðum líka ótryggður.

Svona er þetta frv. götótt, og svona verða þeir margir íslenzku sjómennirnir, sem fá ekki öryggi í gegnum samþykkt þessa frv. Auk þess er nú í lögum ákvæði um það, að við skráningu skuli leggja fram ákveðin gögn, og þessi breyting er um það, að nú skuli bæta við þau gögn, sem á að leggja fram við skráningu, yfirlýsingu um það, að trygging sé í lagi. Og er það þá alltaf öruggt, að þau skilríki, sem nú skal leggja fram við skráningu, séu lögð fram við skráninguna? Ég segi nei. Það eru nú nýskeð komin til íslenzku ríkisstj. plögg frá Vestur-Þýzkalandi, frá íslenzkum ræðismanni þar, þar sem vakin er athygli á því, að það komi fyrir mjög oft og hann segir nú: í flestum tilfellum, ræðismaðurinn, að íslenzkir sjómenn reynist ekki vera með sína sjóferðabók eða sína viðskiptabók, sem hvort tveggja eru þó plögg, sem samkv. lögum á að leggja fram við skráningu, og þeir hafi því ekki þessi persónulegu skilríki og af þessu hljótist oft og tíðum hin mestu vandræði, þegar menn verða eftir af skipi og þurfi að greiða fyrir þeim. Og það er brýnt fyrir ráðuneytinu að hafa áhrif á það, að þessu verði kippt í lag. Ráðuneytið hefur m. a. snúið sér til Alþýðusambands Íslands, sent afrit af þessu bréfi og við vorum einmitt að fá það í hendur, um leið og við vorum að leita að umsögn um þetta mál. Þar er sem sé upplýst, að það sé mjög algengt, að plögg, sem á samkvæmt lögum að leggja fram við skráningu, séu ekki lögð fram og ekki fengin í hendur sjómönn-

unum og þeir hafi þau ekki. Er þá öryggi fyrir því, að þessi plögg, sem nú eiga að koma sem nr. 6 í röðina þarna, verði alltaf lögð fram og séu í höndum íslenzkra sjómanna? Ég segi nei. Einmitt þetta mál, sem nú er á döfinni, sýnir okkur, að þetta fulltryggir ekkert.

M. ö. o.: niðurstaða mín er sú, að það er alveg fullvíst, að misrétti verður ríkjandi áfram í þessu landi að því er það snertir, að sumir sjómenn, sem farast, verða bættir með 290 þús. kr., þegar allt er í lagi, en aðrir, ef ólag er á þessu að einhverju leyti eða menn hafa ekki samninga um það eða misferli er við skráninguna, sem í mjög mörgum tilfellum á sér stað, þá fá þeir ekkert. Og þetta er með engu móti hægt að tryggja nema með almennum lagaákvæðum um, að slíkrar tryggingar skuli allir íslenzkir sjómenn njóta. En það er mál, sem var fellt hér fyrir örskömmu, eftir að Alþingi hafði haft það mál til meðferðar á tveimur þingum og kæft það í hel á báðum þingunum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í tilefni af hneykslun hv. 1. þm. Vestf. á því, að í frv. okkar hv. 4. landsk. þm. um dánarbætur sjómanna hafi falizt það geysilega ranglæti að hans dómi, að sjómenn yrðu bættir hærri bótum en aðrir landsmenn, þá vildi ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp ummæli hv. 1. þm. Vestf. frá 1960 um það sérstaka mál, hvort bætur sjómanna eigi að vera hærri en annarra, en í umr. um frv. um almannatryggingar árið 1960 sagði hv. þm.:

„Hitt er aftur á móti efnislegt atriði, sem ég vildi ræða um. Það er samkv. 17. gr. þar stendur, eins og hæstv. ráðh. lýsti, að ekkja skuli fá 90 þús. kr. sem dánarbætur, hvort heldur viðkomandi aðili, hennar maki, ferst af slysi á sjó eða landi. Ég tel þetta algerlega rangt. Ég tel, að sú kona, sem missir sinn mann í sjó, eigi kröfu á að fá miklu hærri bætur en sú, sem missir hann af slysi í vegavinnu.“ Og hv. þm. hélt áfram: „Mér er alveg ókunnugt um það, að konur yfirleitt eigi margar andvökunætur um það, hvort menn þeirra slasist við vegavinnu, á bíl eða traktor. En hinar eru ekki fáar, sem eiga andvökunætur í vondum veðrum um það, hvort þær fái manninn sinn heim vestan frá Grænlandi eða ekki. Og ég tel, að það sé mjög misráðið hér, að það sé einn þátturinn í því að draga fólkið frá hættustörfum á sjó, að dánarbætur fyrir eftirlifendur þeirra séu miklu lægri eða jafnar og þær eru í landi.“

Þetta sagði hv. þm. fyrir tveimur árum. Þetta var hans skoðun þá. Nú á hann helzt engin nógu kröftug orð til að lýsa hneykslun sinni yfir því, að sjómenn eigi að njóta hærri tryggingar en aðrir landsmenn. Ég hef að vísu ekki setið lengi á hv. Alþ., en ég hef heldur aldrei orðið vitni að öðrum eins skýringarlausum hringsnúningi og fram hefur komið hjá hv. 1. þm. Vestf. í einu og sama máli aðeins á tveimur árum, hvað þá að menn hafi gert sér far um að auglýsa þann hringsnúning sinn, og ég efast um, að það met hans í þessu efni verði slegið. En ef það yrði hins vegar slegið, þá yrði það aðeins gert af honum sjálfum, en þar þarf ærið til.

Ég tók það skýrt fram í umr. um frv. okkar hv. 4. landsk. þm. um 200 þús. kr. sérbætur til sjómanna, að till. um þær bætur væri ekki fyrst og fremst flutt til þess, að sjómenn væru hærra bættir en aðrir, heldur til þess að leiðrétta það misrétti, að sjómenn, jafnvel á sama báti, njóti ekki sömu trygginga, þannig að sumir hafi 90 þús. kr. bætur, en aðrir 290 þús. kr. Eins tók ég það skýrt fram, að það væri okkar skoðun, að ef nokkur stétt í landinu ætti rétt á því að njóta mannsæmandi bóta, þá væri það sjómannastéttin. Ef hins vegar þjóðin hefur efni á því að bæta alla landsmenn mannsæmandi bótum, þá munu sjómenn sízt hafa á móti því.

Hv. 1. þm. Vestf. leggur sig sannarlega fram og telur mikið á sig leggjandi til þess, að komið verði í veg fyrir, að nú þegar verði bætt úr því herfilega misrétti, sem sjómenn og aðstandendur þeirra eru beittir. En hann er í þessu máli í erfiðari aðstöðu en flestir stjórnarþingmenn aðrir, sem fellt hafa þetta réttlætismál sjómanna með köldu blóði.

Eðvarð Sigurðsson: Forseti. Í umr. um dánarbætur til sjómanna, sem hér hafa allmikið verið til umr. í hv. d., hefur hvað eftir annað verið vitnað til nál. mþn., sem átti að endurskoða lögin um slysatryggingar og skilaði áliti 1960. Til þessa álits hefur verið vitnað og nú síðast í kvöld af hv. 1. þm. Vestf. sem raka gegn því, að sjómenn fengju þær bætur, sem frv. 4. landsk. gerði ráð fyrir.

Hvernig stóðu mál, þegar þær breytingar voru gerðar á slysatryggingalögunum, sem þessi n. vann að? Þá var málum þannig háttað, að sjómenn voru með rösklega 87 þús. kr. tryggingu. Trygging þeirra hafði verið af löggjafarvaldinu hækkuð alloft, en trygging annarra stétta staðið í stað. Og nú var sá munur orðinn á, að trygging annarra en sjómanna, lögboðin trygging skv. almannatryggingum, var aðeins rúmar 19 þús. kr., þegar hin tryggingin var 87 þús. kr. Það var öllum ljóst, að þessi lög um slysatryggingu þurftu endurskoðunar við, og hafði af hálfu verkalýðssamtakanna hvað eftir annað verið gerð krafa um það, að þau yrðu endurskoðuð. Í þeirri n., sem hæstv. félmrh. þáv. setti til þess að endurskoða lögin, varð algert samkomulag um það að hækka dánarbætur, ekki aðeins þeirra, sem ekki höfðu nema 19 þús. kr., heldur voru líka dánarbætur sjómanna hækkaðar, en miklu minna. En dánarbætur allra voru þá hækkaðar í 90 þús. kr. Það álit n. að hækka dánarbætur allra í 90 þús. kr. er svo hér notað sem rök gegn því, að allir sjómenn verði tryggðir fyrir minnst 290 þús. kr. og sett verði lög þar um.

Hver var tilgangurinn með því frv., sem hefur nú verið fellt hér í þessari hv. d.? Það er margbúið að taka það fram. Tilgangurinn var sá að jafna það misrétti, sem var á tryggingu sjómanna, ekki aðeins eftir landshlutum, heldur og mjög innbyrðis, þannig að menn t. d. á sama báti voru kannske á vetrarvertíð tryggðir fyrir 290 þús. kr., en á síldarvertíð eða á síldveiðum aðeins fyrir 90 þús. kr. Það var þetta

misræmi, sem frv. gerði ráð fyrir að leiðrétt yrði, og mönnum var einmitt þá, þegar það kom til umr. og afgreiðslu hér í þessari hv. d., þá voru mönnum mjög í fersku minni þau miklu sjóslys, sem urðu í vetur.

Menn geta haft ýmsar skoðanir á því, hvort rétt sé, að dánarbætur séu misjafnar til manna, hvort heldur þeir vinna á sjó eða í landi. Það er annað mál. En ég held, að allir hljóti að vera á einu máli um það, að sjómenn, sem vinna sömu störf, skuli njóta sömu tryggingar. Og það var þetta, sem frv. fjallaði um. Ég er alveg sannfærður um, að það mun ekki standa á þeim, sem hér börðust fyrir því máli, sem hv. 4. og 7. landsk. fluttu hér í vetur, og með þeim stóðu að framgangi þess máls hér á hv. Alþ., — það mun ekki standa á þeim að gera bætur jafnar til allra, ef hækkun fæst þá til allra. En það er ekki hægt að skjóta sér á bak við afgreiðslu máls, eins og gert var hér um daginn, einvörðungu á þeim grundvelli, að bætur skuli vera jafnar til allra og eigi ekki að bæta einn hærri bótum en annan, en gera þá ekki till. um að bæta þá, sem lægst eru nú bættir, jöfnum bótum við þá, sem hæst eru bættir.

Það frv., sem hér liggur nú fyrir, gerir ráð fyrir því, að við lögskráningu skuli framvísa skilríkjum fyrir því, að greidd hafi verið umsamin trygging. Eins og hér er margbúið að taka fram, bætir þetta ekki nándar nærri úr því, sem bæta þarf. Það vita allir, að á lögskráningu sjómanna er ákaflega mikið sleifarlag. Ég veit, að hv. þm. allir saman þekkja það mál vel og sjálfsagt ekki síst hv. 1. þm. Vestf., — ja, ég vildi segja alveg óþolandi sleifarlag í þeim hlutum. Jafnvel munu fyrirfinnast verstöðvar, þar sem heilar skipshafnir eru ekki skráðar. Við þessu eru náttúrlega viðurlög, og það eru ákveðnir embættismenn, sem eiga að líta eftir þessu, en ástandið er nú samt sem áður svona. Þá vita allir, eins og hér var tekið fram áðan, að þegar menn forfallast af skráðri skipshöfn e. t. v. og gripið er til landmanna, sem raunverulega eiga líka að vera lögskráðir yfirleitt, þá mun það í langflestum tilfellum svo, að þeir fara ólögskráðir út á skipin. Þess vegna er þetta frv., auk þess sem það svo nær ekki til fiskibáta, nema þeirra, sem eru yfir 12 tonn, mjög fjarri því að tryggja sjómenn eins og vera skyldi. Eins og málum er nú komið, þá er að sjálfsögðu bót að þessu, að felldum þeim till., sem hér hafa áður verið fram bornar, og þó væri það mun skárra og meiri bót að, ef sú brtt., sem hér hefur verið lögð fram skrifleg, yrði einnig samþ. Að sjálfsögðu hljótum við að fylgja þessu frv. fram, en eins og hér hefur verið margsagt, þá væri það algerlega óþarft, ef hv. alþm. hefðu staðið að málinu um daginn, þegar annað frv. var hér til afgreiðslu, — hefðu þá staðið að því eins og sjálfsagt var að standa að.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Hv. 7. landsk. (EðS) benti á í ræðu sinni hér áðan, að stjórnarflokkarnir hefðu nú fyrir skemmstu fellt frv. um að lögfesta 200 þús. kr. skyldutryggingu sjómanna á fiskiskipum, eins og samningar þeirra kveða á um. Ég mun ekki ræða frekar um afgreiðslu þess frv. í hv. d., en get tekið undir allt það, sem hv. 7. landsk. sagði um það mál.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég benda á, að það mun sýna sig, að mikil vandkvæði munu á því verða, að ákvæði yfirlýsingarinnar verði framkvæmd. Alsiða mun vera, t. d. hér á vertíðinni við Suðurland og annars staðar reyndar líka, að þá séu aðeins þeir menn lögskráðir, sem eru um borð í skipum, sem róa frá landi, en ekki þeir, sem vinna við bátana í landi, við beitingu eða aðgerð. Nú kemur það vitanlega oft fyrir, að sjómenn forfallast og verða veikir. Þá er fenginn einhver þeirra manna, sem vinna við bátinn í landi, til að róa einn eða fleiri róðra. Nú er mikil hætta á því, að lítið eftirlit verði haft um það, hvort viðkomandi maður, sem fenginn verður í staðinn fyrir hinn skráða sjómann, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki getað farið í róðurinn, verður lögskráður eða ekki, enda máske oft og tíðum erfitt að koma slíku eftirliti við. Af því, er hér hefur verið bent á, tel ég, að sú yfirlýsing, sem hér liggur fyrir í frv.-formi, nái ekki fyllilega tilgangi sínum, þótt ég hins vegar viðurkenni það, að hún er til bóta — og það mikilla bóta — frá því, sem nú er. Ég tel það vægast sagt mjög illa farið, að frv. þeirra hv. 4. og 7. landsk. skyldi ekki ná fram að ganga. Afgreiðsla þess hér í hv. d. segir nokkuð til um þann hug og áhuga, sem stjórnarflokkarnir bera til íslenzkra sjómanna. Það hefði mátt ætla, að eftir að fyrir lágu meðmæli allra þeirra aðila, sem frv. var sent til umsagnar, mælt með samþykkt þess, hefðu stjórnarflokkarnir séð sóma sinn í að samþ. það. En því miður var það ekki, og ber að harma slíka meðferð á jafnþýðingarmiklu máli og hér um ræðir.

Sérstaklega verð ég að undrast yfir framkomu hv. 1. þm. Vestf. í málinu. Hann er gamall sjómaður og þekkir máske mörgum alþm. betur kjör og allar aðstæður íslenzkra sjómanna. Hefði því mátt ætla, að hann, þessi hv. þm., mundi yfirleitt styðja fram komnar till. til úrbóta á málefnum sjómanna, m. a. um það að lögfesta 200 þús. kr. dánarbætur til aðstandenda þeirra, sem missa sína fyrirvinnu í sjóinn. Því miður virðist þessi hv. þm. vera þar nú á annarri skoðun, þó að hann hafi hér áður á Alþ. lýst sig fylgjandi hækkuðum tryggingum fyrir sjómenn, eins og hv. 7. landsk. benti hér á.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Ég vil þó taka það aftur fram, að þrátt fyrir það að ég sé ekki að öllu leyti ánægður með það orðalag, sem á yfirlýsingunni er, tel ég hana vera til bóta, en harma hins vegar, að það frv., sem hér lá fyrir um það að lögfesta þá tryggingu, sem er í samningum sjómanna, skyldi ekki ná fram að ganga.

Gísli Jónsson: Hv. forseti. Ég skal nú ekki deila við þá vini mína í Alþb., sem hafa verið að ræða þetta mál og ásaka mig fyrir hringsnúning í málinu, og því síður misnota leyfi hæstv. forseta til að ræða allt annað mál en fyrir liggur. En ég vil þó taka það fram, að meginástæðan fyrir því, að meiri hl. heilbr.- og

félmn. féllst ekki á þá till., sem var gerð í 25. máli, var sú, að Tryggingastofnun ríkisins eða sú n., sem undirbjó þá lagabreytingu, hafði einróma komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að hafa slysabætur jafnar á sjó og landi. Að við ekki fengumst þá til að leggja til að hækka bæturnar upp í 200 þús. kr., stafaði eingöngu af því, að til þess að gera slíka breytingu þurfti miklu meiri undirbúning en málið hafði fengið. M. a. þurfti á þessu ári að tryggja miklu hærri framlög vegna breytinganna, ekki einungis frá ríkissjóði, heldur og frá sveitarfélögunum og hinum tryggðu. Breytingin hlaut að hafa stórkostlega hækkun í för með sér, og m. a. yrði að hækka stórkostlega iðgjöldin, auk þess sem okkur var fullkomlega ljóst, að ætti að setja allan kostnaðinn á tryggingarnar, þá var jafnframt velt af útgerðinni ákveðnum gjöldum, og það var m. a. þess vegna, sem allir útgerðarmenn mæltu með því, því að gjöldin voru þá tekin af þeim og sett á þá aðila, sem bera gjöldin af tryggingunum.

Ég skal ekki ræða það atriði meira, en ég vil aðeins í sambandi við þetta mál gera þá fyrirspurn til hv. sjútvn., hvort hún sér sér ekki fært að leggja til, að breytt verði 1. gr. þannig, að ef útgerðarmaður hefur vanrækt skyldur þær, sem hér hefur verið upplýst að hann vanræki oft og tíðum, eða skipstjóri á hans ábyrgð, þá sé útgerðin í ábyrgð fyrir allri upphæðinni og gangi krafan fyrir öðrum kröfum. Mér er vel kunnugt um, að útgerðarmenn hafa verið dæmdir til þess að greiða alls konar slysabætur vegna þess, að það hefur verið talið, að útgerðin hafi átt sök á slysinu, þótt hún hafi engan þátt átt að, og þeir dómar hafa ekki verið um neinar smáupphæðir, hafa stundum farið upp í 400—500 þús. kr., og þess vegna er það, að meginhluti af atvinnurekendum í landinu er farinn að tryggja gegn þessum slysum, og ég veit ekki nema það mundi bæta úr þessu að gera útgerðina ábyrga fyrir þeim slysum, sem kynnu að verða í sambandi við vanrækslu umboðsmanns útgerðarinnar, og slysabætur fyrir ólögskráða skipverja yrðu þá forgangskrafa í vátryggingarupphæðinni, ef skip færist. Ég vil aðeins beina þessu til hv. sjútvn., hvort hún sjái sér ekki fært að breyta frv. í það horf. Þá fyndist mér, að það sé tryggt, að slík mistök geti ekki orðið þeim til tjóns, sem áttu að vera fulltryggðir í skipunum.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Það er alveg sama, hve oft hv. 1. þm. Vestf. kemur hér í ræðustólinn til þess að afsaka það, að málið á þskj. 25 um 200 þús. kr. dánarbætur til allra íslenzkra sjómanna var fellt, þá kemur það fyrir ekki. Það var boðið upp á það í n. að gera hverjar þær breyt. á frv., sem meiri hl. setti að skilyrði fyrir því, að hann gæti fylgt meginefni frv., en það fékkst ekki. Það var meginefni frv., sem meiningarmunurinn var um, og um annað ekki. Það var eingöngu um 200 þús. kr. dánarbæturnar. Nú bætir hv. þm. því við, að ástæðan til þess, að ekki hafi fengizt samkomulag um málið, hafi verið það, að það hafi þurft meiri undirbúning til að lögfesta þá 200 þús. kr. tryggingu, sem samizt hafði um sums staðar, að hún gengi jafnt yfir og allir sjómenn yrðu hennar aðnjótandi.

Gafst nú enginn tími til undirbúnings góðviljuðum mönnum, sem höfðu áhuga á þessu og voru í valdaaðstöðu? Málið var borið fram í upphafi þings í fyrrahaust. (**Gripið fram í:** Í fyrravor.) Í fyrravor, já. Það lá og meltist allan þingtímann þá í n. hjá hv. 1. þm. Vestf. og fékk ekki afgreiðslu. Svo komu sjóslysin í haust. Annað stjórnarblaðið segir, að það verði að ætlast til þess af Alþingi, þegar það komi saman eftir örskamman tíma, að þetta misrétti, sem sjómannastéttin búi við, og þessar óviðunandi tryggingar verði lagaðar á næsta þingi. Í forustugrein í Alþýðublaðinu er hamrað á þessu í einum tveimur, þremur leiðurum. Og þegar þingið kemur saman, er frv. borið fram, fer til 1. umr., í nefnd, sem hv. 1. þm. Vestf. átti sæti í og hafði forustu fyrir. Hvert sjóslysið kemur fyrir á fætur öðru. Jú, hið góða hjarta Íslendinga segir til sín. Það er sett í gang söfnun, þegar kemur í ljós við hvert slysið á eftir öðru, að menn eru ekki tryggðir og þeir falla aðeins með þær bætur, sem almannatryggingarnar veita. Og þegar bingóið var orðið tízka, þá er auglýst í blöðunum: Freistið hamingjunnar, miklir vinningar í boði — bingó — bingó — ágóðinn fer til þess að hjálpa afkomendum þeirra sjómanna, sem nú hafa farið í sjóinn. — Og á meðan sat Alþingi á þessu máli, sem átti að tryggja öllum sjómönnum þennan bótarétt, og drap málið rétt á eftir.

Þetta er sorgarsaga, og það er enginn mælskumaður sá til hér á Alþingi, að hann geti þvegið af sér þann blett að hafa tekið þátt í að drepa þetta mál, eins og sakirnar stóðu. Hins vegar er það góðra gjalda vert að vilja þó reyna til að tryggja samningsrétt þeirra sjómanna, sem hann hafa. En meira að segja það hefur ekki tekizt með þessu frv., sem hér er til umr. Og ég játa það, að ef það kæmi viðbót, lík að efni og hv. 1. þm. Vestf. gat hér um áðan, þá væri það nokkur bót. Það mundi sjálfsagt færa réttinn yfir á nokkra sjómenn í viðbót, ef það bættist við greinina. En það heyrist ekki stuna eða hósti frá þeirri n., sem hefur haft þessi mál til meðferðar, um það, hvort hún taki þessa ábendingu hv. 1. þm. Vestf. til greina. Það þyrfti að koma við hana þá, skilst mér, samkvæmt hans hugmynd viðbót eitthvað á þessa leið: Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa slíka tryggingu í lagi, og skal hann þá vera ábyrgur fyrir tryggingabótum, og skulu bæturnar hafa forgangsrétt í eignum útgerðarinnar. — Er það ekki eitthvað á þessa leið, sem sú viðbót þyrfti að vera? Og ég spyr, eins og hv. 1. þm. Vestf. spurði áðan: Fæst ekki n. til þess að taka málið til athugunar aftur og ganga úr skugga um a. m. k., hvort hún vill gera þessa bragarbót á þessu annars allt of ófullkomna frv., sem hvorki nær til að tryggja sjómenn á bátum, sem eru smærri en 12 tonn, né þá, sem ekki verða skráðir fyrir vanrækslu sakir, né neinn af sjómönnunum á síldveiðiflotanum, sem mundu hafa þessa aukatryggingu, og það nær ekki nema til lítils hluta af íslenzkri sjómannastétt? Vill ekki n. reyna að gera þessa litlu bragarbót með því að setja viðbót við gr. eitthvað á þá leið, sem

hv. 1. þm. Vestf. hefur bent á efnislega og ég held ég hafi nokkurn veginn mótað eins og sú setning þyrfti þá að vera til að ná til þeirra manna, sem þar með gætu hlotið nokkuð aukið öryggi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 629 felld með 19:15 atkv.
— 588 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 85. og 87. fundi í Nd., 6. og 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 639).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls kom fram ábending frá hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), sem var mjög tekið undir af hv. 4. landsk. þm. (HV), í sambandi við það, hvernig hægt væri að tryggja á sem beztan hátt það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að samningsbundnar tryggingar séu í gildi hafðar. Ég athugaði þetta mál töluvert á milli umr., og í framhaldi af því vildi ég leyfa mér að flytja hér skriflega brtt., sem hljóðar þannig:

„Við 1. gr. bætist: Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi, og er þá viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum."

Ég flyt þessa till. fyrir hönd sjútvn., og ætla ég, að með þessari till. þurfi ekki að vera frekari deilur um þetta mál og viðkomandi aðilar geti fellt sig við þá lausn, sem hér er fengin. Ég vil geta þess, að það, sem fram kom hjá hv. þingmönnum hér við 2. umr. í sambandi við forgangskröfur, ég athugaði það, og það er talið þess eðlis, að til þess þyrfti töluvert meiri tíma, til þess að hægt væri að undirbúa það, og enn fremur nokkur tími, sem þyrfti til þess að athuga, á hvern hátt hægt væri að koma því fyrir. En að athuguðu máli og eftir að hafa haft viðræður við þessa aðila, þá vildi sjútvn. flytja þessa till. og freista þess, að hægt væri að ná því fram, sem meint væri, á sem hagkvæmastan hátt nú að þessu sinni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 693) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti. Ég hafði fyrr við umr. þessa máls bent á það, að frv. í þessu formi um aðgerðir til að tryggja rétt sjómanna í sambandi við lögskráningu mundi í mjög mörgum tilfellum ekki ná tilgangi sínum og væri þó gerandi tilraun til þess að fá inn í löggjöfina þá hugmynd, sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hreyfði hér, og mótaði ég hana þá í tillöguform og hygg, að hún hafi verið nokkurn veginn eins og hv. 1. þm. Vestf. hafði hugsað sér breytingu á frv. í öryggisskyni, en hún var á þá lund, sem hv. frsm. n. las hér nú sem till. frá n., að því viðbættu, að enn fremur yrði sjómönnum tryggt lögveð í eignum útgerðarinnar, en það hefur ekki fengizt tekið með. Till., eins og ég hafði hugsað mér hana út frá hugmynd hv. 1. þm. Vestf., var svo hljóðandi:

Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í lagi gagnvart skipverjum, og er útgerðin þá ábyrg fyrir öllum bótagreiðslum, og hafa þær lögveð í eignum útgerðarinnar.

Ég held, að með þeirri viðbót, sem nú er gerð og sett í tillöguform af hendi n., verði ekkert meira tryggt en það, sem samningar tryggja út af fyrir sig. Samningsákvæðin mundu vera grundvöllur fyrir kröfugerð á hendur útgerðinni, en hvort eignir hennar hrykkju svo til fyrir dánarbótum eða örorkubótum sjómannsins, það er allt í óvissu, nema viðbótin hefði fengizt, að þessar kröfur, bæturnar, ættu lögveð í eignum útgerðarinnar, en það hefur hv. n. því miður ekki treyst sér til að taka með. Það hefði bætt nokkuð úr.

Annars held ég, að það sé orðið ljóst, að frv., sem byggir á lögskráningunni sem forsendu, nær ákaflega skammt, þó að allt sé í lagi. Hún nær ekki til neinna sjómanna, sem eru á skipum undir 12 tonn. Hún nær, eins og samningar standa nú, ekki til neinna þeirra manna, sem stunda síldveiðar. Hún nær eingöngu til þeirra sjómanna sem eiga samningsákvæði tryggð um þessi atriði, og þó því aðeins, að þar sé þá ekki ólag á, eins og dæmin sýna okkur núna að undanförnu, að iðulega kemur fyrir. Það, sem hefði því verið hægt úr að bæta þarna að nokkru ráði á frv. í þessu formi, hefði verið það að tryggja sjómönnunum lögveðsrétt, en það hefur ekki fengizt.

Ég held, að það sé tilgangslítið að fara að reyna núna að betrumbæta þetta frv. með því að bera fram till. um það. Ég held, að það sé ekki púkkandi mikið upp á frv. í þessu formi, það muni lítinn rétt tryggja, og mun ég því láta við svo búið standa og að málið fari þá heldur sína leið nú í gegnum þingið í þessu formi og sjá, hvað það dugir.

ATKVGR.
Brtt. 693 samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 694).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Frv. þetta um lögskráningu sjómanna hefur verið til umr. í sjútvn. Það er í sambandi við hin hörmulegu sjóslys, sem átt hafa sér stað, að það hefur komið í ljós, að þrátt fyrir það að sjómannafélög og útgerðarmenn hafa tekið upp í kjarasamninga sín í milli ákvæði um aukna líf- og slysatryggingu til viðbótar þeim ákvæðum, sem lögboðið er, þá hefur átt sér stað í stórum stíl vanræksla á því, að staðið hafi verið við þessi samningsatriði, og hefur verið látið undir höfuð leggjast að kaupa umræddar líftryggingar.

Það hefur orðið nokkur ágreiningur í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að um sé að ræða nýja áhættu fyrir skráningarstjórana, ef frv. þetta verður að lögum. Í sambandi við það er n. kunnugt um, að ríkisstj. mun gefa sérstaka yfirlýsingu í því sambandi, og í trausti þess, þá mælir sjútvn. með frv. óbreyttu. Að vísu voru ekki allir nm. á fundi við endanlega afgreiðslu málsins. Einn þeirra, hv. 5. þm. Norðurl. e., var fjarverandi, nú þegar n. gekk frá málinu. en hann hafði þó áður tjáð sig samþykkan frv. í aðalatriðum, en taldi þó, að það þyrfti að ganga betur frá þessu ákvæði frv. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, fyrir hönd n. að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm., hafa menn óttazt, að vegna þessa frv., ef að lögum verður, geti skapazt ný veruleg áhætta fyrir skráningarstjóra. Í tilefni af því skal fram tekið, að ríkisstj. mun sjá svo um, að skráningarstjórar verði ekki gerðir ábyrgir vegna framkvæmda þeirrar lagabreytingar, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 834).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 54. fundi í Sþ., 12. apríl, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskrá, almennar stjórnmálaumræður, útvarpsumræður. Umræðu verður hagað þannig í kvöld, að hver þingflokkur fær 50 mín. ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, fyrri umferð 25—30 mín., en hin síðari 20—25 mín., þannig að samanlagt verði 50 mín. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Ræðumenn verða þessir: Í fyrri umferð: Fyrir Framsfl. Eysteinn Jónsson, fyrir Sjálfstfl. Ólafur Thors, fyrir Alþb. Karl Guðjónsson og fyrir Alþfl. Emil Jónsson. Í síðari umferð: Fyrir Framsfl. Ágúst Þorvaldsson og Ingvar Gíslason, fyrir Sjálfstfl. Jónas Pétursson og Gunnar Thoroddsen, fyrir Alþb. Finnbogi R. Valdimarsson, fyrir Alþfl. Eggert G. Þorsteinsson.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ríkisstj. hóf störf sín, kvaðst hún ætla að vinna tvennt með alveg nýrri stefnu: ná varanlegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, gerbreyta þjóðfélagsháttunum. Það fyrra hefur algerlega mistekizt, og verður fram á það sýnt í þessum umr. Hið síðara mun heppnast, ef áfram heldur sem horfir, enda aðaltilgangur þess, sem aðhafzt hefur verið, að brjóta niður stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu almennings og láta þá uppbyggingu með því rýma fyrir hinum nýju öflum einkaauðsins, sem gera út Sjálfstfl. Stjórnin skírði stefnu sína Viðreisn, — bæði þurfti að finna snoturt nafn og eins mátti til með að gefa í skyn, að stjórnin hefði tekið við öllu á hliðinni. Á þeirri blekkingu þurfti að halda til að reyna að fá menn til að sætta sig við þá miklu kjaraskerðingu, sem samdráttarstefnunni fylgdi, og allar þær þvingunarráðstafanir, sem sýnilega þurfti að gera til að pína uppbygginguna í nýjan farveg, þ. e. á vegum þeirra fésterkari, máske útlenzkra, ef í það fer. Enginn veit enn þá, að hve miklu leyti slíkt er fyrirhugað, en mikið er talað og af litilli gát eða forsjá um blessun þess, ef útlendir kæmu hér með fyrirtæki. Ríður þó á fáu meir en setja slíku eðlilegar skorður og að Íslendingar treysti fyrst og fremst á sjálfa sig í atvinnumálum sínum sem undanfarið. Ríkisstj. heldur uppi miklu skrumi um, að hún hafi reist fjárhag þjóðarinnar úr rústum. Þessar blekkingar um rústirnar annars vegar og stórfelldan bata hins vegar verða bezt afhjúpaðar með því einfalda ráði að bera saman rústirnar og skrumhöll viðreisnarmanna, eins og hún stóð við síðustu áramót.

Við áramótin var gjaldeyrisstaða bankanna jákvæð um 526 millj., en var jákvæð um 228 í árslok 1958, hefur því batnað um 293. Á sama tíma hafa lausaskuldir vegna vörukaupa erlendis hækkað um nálega 300 millj., og stafar því betri gjaldeyrisstaða bankanna nú um áramótin eingöngu frá lausaskuldasöfnun erlendis. Á þessu tímabili hafa erlend lán til lengri tíma þar að auki aukizt um rúmlega 600 millj. kr. Ekkert bendir til, að hin ofboðslega kjaraskerðing né samdráttur framkvæmda hafi á nokkurn hátt orðið til að bæta heildarhag þjóðarinnar. Ríkisstj. mun benda á gjaldeyrisstöðu landsins, að gjaldeyrisstaða landsins hafi batnað s. l. ár, og er það rétt. En ekkert segir það út af fyrir sig um heildarafkomu þjóðarinnar, fremur en pyngjan ein eða veskið um afkomu einstaklingsins. Sú þjóð, sem dregur úr eða vanrækir arðbæra fjárfestingu sína, er ömurlega á vegi stödd og grefur undan afkomu sinni, jafnvel þótt hún eignist nokrar krónur í reikning. Slíkt hefnir sín grimmilega.

Bætt gjaldeyrisstaða á síðasta ári á rætur sínar í því, að hér kom að landi meiri sjávarafli en dæmi eru áður til og seldist yfirleitt góðu verði, auk þess sem gjafafé frá Bandaríkjunum kom til á ný.

Kjaraskerðingin og samdráttarráðstafanir ríkisstj. hafa máske dregið eitthvað úr innflutningi, en þær drógu einnig tvímælalaust úr framleiðslunni. Hafa framleiðendur landsins verið óþreytandi að lýsa því, hvernig tilbúinn rekstrarfjárskortur, okurvextir og aðrar þvingunarráðstafanir hafa truflað rekstur fyrirtækjanna og dregið úr framleiðslunni, auk þess sem umfangsmiklar vinnustöðvanir eyðilögðu að verulegu leyti vertíðina í sumum beztu verstöðvum landsins í fyrra, og nú liggja allir togararnir.

Aukin framleiðsla sjávarafurða, landbúnaðar-

afurða og iðnaðarvara á árinu 1961 á sér engar rætur í ráðstöfunum núv. ríkisstj., heldur varð þrátt fyrir þær. Það var ekki aðeins, að núv. valdasamsteypa tæki við góðri stöðu landsins út á við í árslok 1958, sem hafði farið batnandi á því ári, heldur fékk hún í arf meiri og betri framleiðslutæki en þjóðin hafði nokkru sinni áður átt, og þar til viðbótar var búið að gera ráðstafanir fram í tímann til útvegunar enn fleiri tækja og semja um fjáröflun, m. a. lán til frekari framkvæmda með góðum kjörum. Og það er vegna þessarar uppbyggingar og þessara tækja, sem ríkisstj. hefur mistekizt að koma hér á því mátulega atvinnuleysi, sem er einn liðurinn í jafnvægishugsjón stjórnarstefnunnar og ásamt með sífelldum gengisfellingum á að halda launasamtökunum niðri. Það er þessi arfur úr rústunum, sem bezt hefur dugað fólki gegn samdráttarstefnu núv. valdhafa, að ógleymdri útfærslu landhelginnar, sem blátt áfram hefði ekki getað komið til mála, ef núv. stjórnarflokkar hefðu einir getað ráðið þá.

Árangurinn af útfærslu landhelginnar hefur orðið jafnvel betri en við þorðum að vona, en framlag þessarar stjórnar í því máli hefur það eitt orðið að færa landhelgina inn aftur í 6 mílur á stórum svæðum til mikils tjóns, þótt það hafi ekki náð að spilla svo, að heildarárangur sé ekki góður samt.

Allt ber því að sama brunni. Aukin framleiðsla hefur orðið þrátt fyrir, en ekki vegna ráðstafana núv. ríkisstj., og lífað hefur verið á því fyrst og fremst, sem búið var í haginn, áður en yfir skall. En það gildir ekki um alla framtíð, enda berast nú þegar aðvörunarraddir úr öðrum löndum um, að fjárfesting Íslendinga sé nú orðin allt of lítil.

Afstaða ríkisstj. í landhelgismálinu og fleiri málum sýnir, að stjórnin er að sama skapi flöt fyrir þrýstingi erlendis frá sem hún er harðskeytt og illvíg inn á við. Sama hefur komið fram í sjónvarpsmálinu, svo að almenna hneykslun hefur vakið. Hafa áreiðanlega margir þungar áhyggjur af þessu, þar sem á næstunni ríður sennilega meira á því en oftast áður í sögu þjóðarinnar, að með festu sé haldið á málefnum hennar í skiptum við aðrar þjóðir.

Víkjum þá aftur að efnahagsmálunum. Það, sem bagaði mest vinstri stjórnina og raunar aðrar stjórnir á undan henni, var vísitölukerfið, sem skrúfaði verðlag og kaupgjald upp á víxl, engum til hagnaðar. Út af þessu fór vinstri stjórnin frá, þar sem ekki náðist samkomulag um að stöðva þá óheillarás, enda þótt framsóknarmenn sýndu fram á, að með því var hægt að tryggja lífskjörin eins og þau voru í okt. 1958. Þennan meginágalla efnahagskerfisins fékk núv. valdasamsteypa lagfærðan verulega veturinn 1959. Framsfl. hafði sem sé sömu afstöðu til málsins í stjórnarandstöðunni þá og í stjórninni áður og hafnaði þegar í upphafi stjórnarandstöðu sinnar þeirri vinnuaðferð, sem var að verða eins konar hefð hér á landi, að stjórnarandstaðan skyldi vera í því fólgin að drepa, ef hægt væri, öll mál fyrir stjórninni og reyna að brjóta sér þar að auki braut til valda með því að vinna skemmdarverk á efnahagskerfinu. En þannig hagaði Sjálfstfl. sér t. d. í andstöðu sinni við vinstri stjórnina, sem öllum er í fersku minni, sem muna vilja.

Framsfl. hefur á hinn bóginn tamið sér allt önnur vinnubrögð í stjórnarandstöðunni, sem m. a. kom fyrst fram í því að gera nýju valdasamsteypunni 1959 kleift að laga þann ágalla á efnahagskerfinu, sem örðugastur hafði verið og orðið hafði vinstri stjórninni að fótakefli fremur en nokkuð annað. Þetta var að sjálfsögðu ekki gert stjórnarinnar vegna, heldur þjóðarinnar vegna. Menn geta svo spreytt sig á því að íhuga, hvernig farið hefði um verðgildi ísl. krónunnar og dýrtíðarmálin í höndum þessarar stjórnar, ef Framsfl. hefði synjað um að slíta vísitöluna þannig úr sambandi 1959.

Þessi valdasamsteypa fékk lagaðan þannig mesta ágallann þegar í byrjun og hafði því betri skilyrði en nokkur önnur stjórn áratugum saman til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum og halda áfram öflugri uppbyggingu og tryggja áframhaldandi kjarabætur. En brátt kom í ljós, að þetta var ekki ætlunin. Tók nú forráðamenn Sjálfstfl. að dreyma stóra drauma um hina góðu, gömlu daga fyrir 1927, þegar íhaldið réð eitt. Nú höfðu þeir líka fengið félaganna að sínu skapi, Alþýðuflokk hinn nýja. En hugarfarinu hjá forráðaliði Alþfl. nýja er lýst í leiðara í Alþýðublaðinu nú fyrir skemmstu, þar sem leitazt er við af mikilli hreinskilni að fá menn til að skilja, að Alþfl. geti ekki sett Sjálfstfl. kosti eða skilyrði, því að það þyrfti að breyta Sjálfstfl. og það svo, að Alþýðuflokksmenn yrðu að fara úr stjórninni. Menn eiga af þessu að sjá og skilja, að allt verður að vera eins og íhaldið vill. Við þetta atlæti hafa viss öfl, sem mestu ráða í Sjálfstfl., fært sig svo upp á skaftið, að opinberlega er farið að tala um ýmislegt nýstárlegt, t. d. að leggja niður sum stærstu og þýðingarmestu ríkisfyrirtækin og afnema vökulögin þvert ofan í vilja sjómanna. Á engu slíku hefur verið svo mikið sem imprað áratugum saman, einfaldlega af því að allir hlutaðeigendur vissu, að ekkert í þá átt kom til mála að Framsfl. samþykkti.

Þegar núv. stjórnarflokkar höfðu marið meiri hl. á Alþingi með kjördæmabreytingunni, sem barin var fram í samvinnu við kommúnista, sem þá voru taldir góðir og liðtækir Íslendingar, fengu menn að sjá, hvað við var átt með því, að taka þyrfti upp nýja stefnu, og viðreisnin hófst. Viðreisnin er fólgin í því að magna dýrtíðina innanlands sem mest og halda jafnframt niðri kaupgjaldi og afurðaverði, draga um leið úr útlánum og gera með margvíslegum hætti sem örðugast fyrir með fjármagn í nýjar framkvæmdir. Á að minnka með þessu neyzlu og fjárfestingu og leggja grunn að nýju þjóðfélagi, með því að draga á allan hátt úr stuðningi við fjárfestingu þeirra, sem ekki hafa fullar hendur fjár, en þeir taki við, sem mestu fénu ráða.

Byrjað var með stórfelldri gengislækkun, frystingu sparifjár og öðrum þeim ráðstöfunum, sem menn kannast við. Á tveim árum hafa álögur til ríkissjóðs verið hækkaðar um 800—900 millj. og þar með meira en tvöfaldaðar, þótt jafnframt væru raunverulega minnkuð framlög til verklegra framkvæmda. En ekki er þetta

látið nægja, því að til viðbótar eru nú lagðir nýir stórskattar á framleiðendur. Útflutningsgjöld á sjávarafurðir eru hækkuð stórkostlega og sérskattur innleiddur á bátaútveginn til þess að standa undir erfiðleikum togaraflotans, í stað þess að taka nauðsynlegan stuðning við togaraútgerðina af opinberu fé, því að togaraútgerðin á inni hjá þjóðarbúinu fyrst og fremst. Lögleiddur er 2% launaskattur á bændur ofan á vaxtahækkun og styttingu lánstíma. Jafnhliða þessu ætla svo ráðh. að rifna af monti út af því, að allir sjóðir séu yfirfljótanlega fullir af peningum, segjast safna stórfé alls staðar. Íslendingar búa við vaxtakjör, sem engin framleiðsla getur staðið undir. Vaxtaokrið hefur þó ekki komið sparifjáreigendum til góða, því að afleiðing viðreisnarinnar hefur orðið meiri rýrnun á verðgildi sparifjár en nokkru sinni fyrr og miklu meira en étið upp auknar vaxtatekjur.

Verulegur hluti af sparifé landsmanna hefur verið dreginn úr umferð inn í Seðlabankann og þar að auki verið minnkuð afurðalán úr Seðlabankanum. Frysta spariféð nemur yfir 300 millj., og er talsmönnum stjórnarinnar sagt að segja, að svona verði þetta að vera til að koma í veg fyrir verðbólgu, það myndi verðbólgu, að spariféð sé í umferð. Í Seðlabankanum er svo haldið uppi okurvöxtum á afurðalánum til að geta borgað vexti af þessu dauða sparifé, og brást ríkisstj. í vetur loforði til útgerðarsamtakanna um að lækka afurðavextina, m. a. af þessari ástæðu.

Þeir, sem fyrir þessu ráða, eru eitthvað undarlega slitnir úr tengslum við starfslíf þjóðarinnar. Þeir virðast ekki hafa hugmynd um, hverju athafnasamt myndarfólk getur komið til leiðar, ef því er trúað fyrir peningum. Framsóknarmenn sögðu strax, að þessar aðfarir allar saman hlytu að reisa óviðráðanlega dýrtíðaröldu í landinu og fengju ekki staðizt. Mundi þetta verða undirrót upplausnar og samdráttar í búskap þjóðarinnar og skapa lítt leysanleg vandamál. Slíkt öngþveiti var orðið í dýrtíðar- og kjaramálum eftir eitt ár, að ríkisstj. réð ekki við neitt. Stappaði nærri allsherjarverkfalli í upphafi síldarvertíðar í fyrrasumar, ofan á mikla stöðvun í byrjun vetrarvertíðar. Og stjórnin fann enga lausn. Þá tókst samvinnufélögunum og launasamtökunum að finna hóflega lausn, sem bjargaði síldveiðunum og þar með afkomu þjóðarinnar s. l. ár, og var því tekið með miklum fögnuði um land allt. En því var mest fagnað, að kjarasamningarnir voru þannig, að allir sáu, að kapp var á lagt að leita að raunhæfri lausn, sem gat staðizt, og hér sveif nýr andi yfir vötnunum, ólíkur því, þegar fjallað var um þessi mál á vegum sjálfstæðismanna 1958. Nú átti ríkisstj. leik á borði, sem framsóknarmenn bentu strax á. Kauphækkunin var ekki meiri en svo, að atvinnuvegirnir gátu borið hana, flestar greinar að óbreyttu, en allar, ef vextir voru lækkaðir og minnkaðar þvingunarráðstafanir í lánamálum. Um þetta þarf ekki að þræta. Þetta eru staðreyndir, sem þá voru auðsæjar kunnugum, en nú liggja skjallega staðfestar fyrir allra augum. Síldarverð til útvegsins hækkaði. Iðnaðurinn fékk yfirleitt alls ekki að hækka vörur sínar vegna kaupbreytingarinnar. Frystihúsin stóðu tæpast, en þau hefðu notið vaxtalækkunar mest, og ofan á allt er nú sannað með opinberum skýrslum, að útflutningsverð á fiski var hækkandi og hækkaði verulega á síðasta ári. Við þetta bættist stórvaxandi sjávarafli, upp í metframleiðslu, og vaxandi gjaldeyristekjur, en við þessar ástæður rak ríkisstj. samt á nýja gengislækkun, en þjóðin stóð agndofa af undrun.

Nú er komið í ljós, að sjávarframleiðslan 1961 varð 18% meiri að verðmæti en árið áður og svo sem fyrirsjáanlegt var mörg hundruð millj. meiri en ríkisstj. reiknaði með, þegar hún var að reyna að finna tyllirök fyrir gengislækkuninni í sumar.

Rétt er að geta þess, að ríkisstj. hefur aldrei gert minnstu tilraun til að sýna fram á, að gengislækkunina hafi þurft vegna atvinnuveganna, enda hefur mikið af þinghaldinu í vetur gengið í að fá lögfesta flókna og mikla lagabálka til að reyta af sjávarútveginum með nýjum álögum allan ávinning, sem ella gat komið til mála fyrir hann af gengislækkuninni í sumar, svo að fyrir sjávarútveginn stendur allt verr en áður.

Reynslan sýnir nú, að framsóknarmenn höfðu alveg rétt fyrir sér í því, sem þeir héldu fram s. l. sumar, alveg eins og fram hefur komið, að réttmætt var það, sem við sögðum 1960, að „Viðreisnar"-fásinnan hlyti að leiða til óviðráðanlegs dýrtíðaröngþveitis og röskunar á þjóðfélagsgrundvellinum, þeim sem okkur hefur bezt gefizt. En sá grundvöllur er að styðja sem drengilegast einstaklingsframtak dugmikils fólks, þótt ekki hafi fullar hendur fjár, og félagslega uppbyggingu almennings.

Gengislækkunin í sumar er eitthvert átakanlegasta frumhlaup, sem hent hefur í stjórnmálum síðustu ára. Er það nú viðurkennt af öllum, nema ríkisstj. auðvitað og nokkrum æsingamönnum í því liði, sem telja, að þetta hafi verið hraustlega útilátið högg í orustunni við almenning í launasamtökunum um lífskjaraskerðinguna og svo bændur auðvitað. En hér mun gilda, sem gamlir kváðu, „að skamma stund verður hönd höggi fegin". Hér mun líka eiga við, að „reiðin er slæmur ráðgjafi", en í bræði var hér unnið fljótræðisverk. Svo erfitt sem ástandið var fyrir gengislækkunina í sumar, er þó allt hálfu verra síðan. Ber það upp á sömu dagana og stjórnarblöðin halda því fram, að viðreisnin hafi heppnazt svo vel, að líklega komist málefni almennings endanlega í viðunandi horf núna fyrir páskana.

Það munu hafa verið gjaldeyriskrónurnar fyrir síldina í fyrra, sem örva svona þessa áhugamenn í ritstjórnarliði stjórnarinnar, og svo þessar 150 millj., sem ríkisstj. tók eignarnámi af sjávarútveginum í sumar og lagði í ríkissjóð, svo að hann fór að eiga inni í Seðlabankanum, — þótti þetta mikið afrek í þeim herbúðum.

Er þá rétt að íhuga, hvernig heppnazt hefur í raun og veru og hvað talið er viðunandi á stjórnarheimilinu. Gengið var felld í annað sinn á 16 mánuðum í einu mesta góðæri, sem komið hefur, svo vel hafði viðreisnin heppnazt. Allur

togaraflotinn, eins og hann leggur sig, liggur bundinn, og bólar ekki á neinni lausn. Framfærslukostnaðar-vísitalan hefur hækkað um 27%, eða 54 stig á gamla mælikvarðann, sem notaður var. Til þess að geta búið í lítilli íbúð nýrri þarf vísitölufjölskyldan á hinn bóginn að hafa yfir 100 þús. kr. í árstekjur. Eru þó ekki öll dýrtíðarkurl komin enn til grafar. Upp á móti þessu flóði komu kauphækkanirnar í sumar, sem ríkisstj. er búin að gera að engu aftur, þótt framleiðsluaukning hafi orðið mjög mikil.

Hliðstætt er búið að bændunum, nema nú eiga þeir einir allra að fá yfir sig 2% launalækkun upp í gengistöp viðreisnarinnar. Þá hafa ýmsar fjölskyldur fengið fjölskyldubætur, sem eru þó eins og krækiber í dýrtíðarámu ríkisstj. Við þessar ástæður er launakerfið í landinu algerlega brostið. Mannsæmandi lífi verður alls ekki lifað lengur á því kaupi, sem mikill meginþorri manna getur unnið sér inn á venjulegum vinnudegi, og það sama er að segja um bændurna. Upplausnarmerki sjást alls staðar. Opinberir starfsmenn bindast samtökum í stórhópum til að ganga úr stöðum sínum að óbreyttu. Ákveðið er nú að stokka upp öll launamál opinberra starfsmanna, ekki seinna en á miðju næsta ári, og stórir hópar þeirra knýja fram hækkanir strax. Launafólk og bændur undirbúa sókn út úr þessari sjálfheldu. Á meðan reyna menn að fleyta sér og sínum einhvern veginn með sífellt meiri og meiri þrældómi.

Út af því upplausnarástandi, sem ríkisstj. skapaði með gengislækkuninni í sumar, ofan á annað, sem fyrir var, er ríkisstj. svo núna farin að gefa út áskoranir um almennar kauphækkanir til þeirra, sem lægst eru launaðir. En fyrir nokkrum mánuðum, bara örfáum mánuðum, voru það kölluð skemmdarverk, þegar samvinnusamtökin björguðu síldarvertíðinni með því að semja um hóflegar kauphækkanir til þeirra lægst launuðu í landinu. Þannig er ríkisstj. nú komin alveg í hring í ráðleysisfálminu, en eftir situr það tjón, sem gengislækkunin hefur valdið.

Ofan á þetta ástand bætast svo horfurnar fyrir almenning í fjárfestingarmálunum. Skip og bátar hafa hækkað um 70—90%. helztu landbúnaðarvélar um 93%, iðnaðarvélar að sama skapi. Byggingarkostnaður lítillar íbúðar hefur hækkað um yfir 100 þús. kr. Til þess að eignast meðalfiskibát þurfa menn að leggja 1½—2½ millj. kr. á borðið. Og annað er í hlutfalli við þetta. Jafnframt er svo atvinnuaukningarféð til sjávarplássanna raunverulega minnkað um helming eða meira, og um það er nýr lagabálkur, — ekki vantar lagabálkana.

Áhrifin af þessu koma nú í ljós í vaxandi mæli. Framræsla hefur minnkað um þriðjung frá 1958. Báta- og fiskiskipakaup fara nú minnkandi. Byrjað var á helmingi færri íbúðum á s. l. ári en árið 1958. Sementssalan frá sementsverksmiðjunni á Akranesi hefur minnkað um þriðjung miðað við 1958. Og þannig mætti lengi telja. Þessi gífurlegu vandamál verða ekki leyst með því að státa eins og krakkar af nokkrum gjaldeyriskrónum á reikningi eftir metaflaár. Þau eru alvarlegri en svo. En á bak við allt þetta umstang, sem svo rækilega hefur umturnað efnahagskerfinu, býr ætlunin um að gerbreyta þjóðfélagsháttunum, sem skýrast var talað um í byrjun. Umbúðalaust er sú áætlun þannig, sem allir mega nú sjá á ummerkjunum. Ungt fólk á ekki að vera að bisa við að byggja upp búskap frá grunni. Bændum á að fækka. Ungir sjómenn eiga ekki að vera að streitast við að eignast eigin báta og skip. Ungu hjónin eiga ekki að vera að reyna að reisa eigin heimili. Þau eiga að leigja lítið afdrep hjá leiguíbúðafélaginu. Þetta verður svo allt sett á framkvæmdaáætlunina í tæka tíð, fyrir næstu kosningar. Það verður séð fyrir þessu öllu, segir stjórnarliðið, en bara af þeim, sem hafa nægilegt eigið fjármagn, svo að þetta geti orðið efnahagsleg fjárfesting, en ekki eins og þessar óheilbrigðu framkvæmdir almennings, sem gerðar hafa verið undanfarið með margvíslegum stuðningi þess opinbera og þeirri vaxta- og lánapólitík, sem rekin var.

Það er svo táknrænt fyrir óskammfeilnina, sem ekkert hefur breytzt, að þessi stefna hefur fengið nýtt einkunnarorð, í stað þeirra tveggja frá síðustu kosningum, sem má ekki lengur nefna, um kjarabæturnar og stöðvun dýrtíðarinnar, og hið nýja kjörorð þessarar stefnu er að finna í Morgunbl. annan hvern dag: Eign handa öllum. Til viðbótar er svo þeim, sem nú leggja kvöld og hálfar nætur með degi til að geta framfleytt sér og sínum, ráðlagt í Morgunblaðinu að kaupa hlutabréf í almenningshlutafélögunum. Er tæpast hægt að hugsa sér kaldranalegri storkanir en þennan blekkingaráróður sjálfstæðismanna. Væri synd að kvarta yfir ósamræmi í loforðum og efndum stjórnarflokkanna, þegar svo er komið, að loforðin um kjarabætur eru efnd með stórfelldri kjaraskerðingu, hátíðleg fyrirheit um stöðvun dýrtíðar með óðaverðbólgu, hörkulegar ráðstafanir til að draga úr framkvæmdum á vegum almennings eru framkvæmdar undir kjörorðinu „eign handa öllum“ og samdráttarstefnan skírð framkvæmdaáætlun.

En framkvæmdaáætlunin á að verða kosningaplagg ríkisstj. næsta vor, ef allt fer sem nú er ætlað. Voru ráðh. og þm. þó búnir að gefa mjög í skyn, að áætlunin kæmi fram í haust og til framkvæmda á þessu ári. Við nánari athugun hefur það á hinn bóginn vafalaust þótt áhættuminna, að framkvæmdaáætlunin kæmi ekki út fyrr en rétt fyrir kosningar, með því móti þyrfti minna að efna.

Auðvitað hefur það ekki farið fram hjá neinum, að með harðri baráttu hefur ríkisstj. stundum verið knúin til að bæta mál sín og leggja jafnvel ýmislegt á hilluna eða geyma til betri tíma, ef þeir kæmu síðar. Einkum hefur þetta tekizt, þegar saman hefur farið barátta á þingi og undirtektir almennings í félögum og með fundahöldum og samþykktum. Ekki þarf að nefna mörg dæmi til að sýna þetta. Ríkisstj. þorði ekki annað en beita sér fyrir því að lokum, að skuldaskilabréf bænda yrðu gerð gjaldgeng í skuldir, þótt margyfirlýst væri af landbrh. áður, að bændur yrðu að semja um slíkt sjálfir við lánardrottna sína og því væru vext-

irnir hafðir svona háir. Eftir margra mánaða áskoranaflóð úr öllum áttum fékkst ríkisstj. loks í marz til að lýsa yfir því, að hún mundi ekki hleypa togurunum inn á bátamiðin, en í des. vildi stjórnin alls ekki gefa neinar slíkar yfirlýsingar, þegar þetta mál kom upp í umr. á Alþ. að frumkvæði ríkisstj. sjálfrar. Í vaxtamálunum var ríkisstj. knúin til nokkurs undanhalds í árslok 1960, þótt það væri ekki fullnægjandi. Fyrir baráttu á Alþingi annars vegar og í útgerðarsamtökunum hins vegar lét ríkisstj. undan í vetur og breytti brbl. sínum þannig, að hækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum rennur beint í rekstur bátaútvegsins aftur, fram að árslokum 1962. Lengra komst nú ekki í fyrsta áfanga.

Fleiri dæmi mætti nefna, en verður ekki gert hér. Lát er að verða á stjórnarliðinu í vaxtamálunum undan þungri pressu og ömurlegri reynslu, og af því stafa hin tíðu loforð og yfirlýsingar í þá átt, sem enn þá er þó ekki staðið við. Þá vottar fyrir því, að undan verði látið síga í lánamálum, dregið úr lánasamdrættinum og eitthvað lánað út af því fé, sem dregið er inn í Seðlabankann úr bankakerfinu, enda magnast sífellt andúð almennings á þeirri fásinnu að taka fjármagnið, sem í landinu myndast raunverulega, þannig úr umferð og hlaða svo jafnframt drápsklyfjum nýrra skatta í ótrúlegustu myndum á almenning og atvinnuvegina, m. a. til að draga saman fé í lánasjóði landsmanna.

Þótt þetta sýni, hverju öflug stjórnarandstaða, studd almenningsálitinu, og almenningsálitið, sem látið er í ljós, getur komið til leiðar, verða menn að athuga, að nú fer í hönd sá tími, að lofað verður bót og betrun, með tvennar kosningar fram undan, enn fremur, að gerðar verði ráðstafanir í bili til að lina á og síðan hert á aftur með enn meira afli, ef tekst að komast í gegnum eldraun kosningabaráttunnar. Menn verða því að gera sér fulla grein fyrir því, að ekkert minna dugir en að ná þingmeirihlutanum af þeim tveim flokkum, sem hafa hann nú, og efla Framsfl. til aukinna áhrifa, sem hægt yrði að beita til að breyta um stefnu. Út úr þeirri sjálfheldu, sem efnahags- og atvinnumálin eru nú í komin, verður að brjótast með því fyrst og fremst að leysa þau öfl úr læðingi, sem stjórnarstefnan hefur fært í fjötra, en það er íslenzkt einstaklingsframtak og félagsframtak þeirra mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnahagslega sjálfstæðir. Það verður að snúa við og taka upp á ný þá stefnu að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga, í stað þess að leggja stein í götu hennar, eins og nú er gert með stjórnarstefnunni.

Fram undan eru nýjar flóðbylgjur hækkana vegna þess, hvernig búið er að grafa undan afkomu heimilanna og raska algerlega öllu eðlilegu hlutfalli á milli teknanna hjá meginþorra manna annars vegar og kostnaðar við nýjar framkvæmdir hins vegar. Þetta sést bezt á dæmum þeim, sem ég áðan tók um vísitölufjölskylduna, hvað hún þarf til að geta lifað og búið í nýbyggðri íbúð, og fleiri dæmum, sem í þessum umr. verða tekin. Það verður að leggja kapp á að mæta þessum flóðbylgjum frá fjórbrotum viðreisnarinnar með því að auka framleiðni og framleiðslu og þar með þjóðartekjurnar, taka upp framleiðslustefnuna á ný og ekki með því, að hér verði allt gert á vegum þeirra einna, sem hafa fullar hendur fjár, þaðan af síður útlendra hringa eða útlendra félaga, heldur með því að styðja fyrst og fremst á ný fjárfestingu og framtak þeirra fjölmörgu, sem vilja byggja upp atvinnurekstur og sín eigin heimili. Ríkisvaldinu verður að beita á ný, svo sem áður var gert og bezt gafst, hiklaust og skynsamlega til stuðnings þeim, sem vilja bjarga sér sjálfir. Slíkur stuðningur verður að koma í staðinn fyrir þvingunar- og samdráttarstefnu ríkisstj. á öllum sviðum, sem nú er að brjóta niður eðlilegt framhald þeirrar uppbyggingar, sem bezt hefur gefizt íslenzkri þjóð.

Um þessa stefnu verða nægilega margir að sameinast, og geri menn það við fyrsta tækifæri, þá mun enn takast að tryggja, að íslenzkt þjóðfélag haldi höfuðeinkennum sínum, sem við höfum verið stoltir af. Engin sterk og voldug auðfélög, sem setið geta yfir hlut manna, heldur margir, alveg óvenjulega margir sjálfstæðir einstaklingar og sjálfstæðir framleiðendur, og alveg óvenjumargir, sem eiga sín eigin heimili, öflug samvinnuhreyfing og öflug alþýðusamtök. Við viljum ekki skipta á þessu þjóðfélagi og þeim, sem við vitum að hafa verið byggð upp eftir þeim leiðum, sem íhaldið hér er nú að reyna að þvinga þjóðina inn á án þess að hafa fengið til þess nokkurt umboð.

Og að lokum þetta: Það minnkar ekki vandann, að fram undan er það verkefni að móta stöðu Íslands í nýjum heimi, en nærri stappar, að svo megi til orða taka vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem að virðist stefnt varðandi samskipti, samstarf og jafnvel sameiningu þjóða. Fyrir smáþjóð sem Íslendinga er þar vandasamt verk fram undan, og ríður mjög á því, að þar sé ekki rasað um ráð fram. Veltur á mestu í því, að þeir finni hver annan og standi saman, sem fast vilja standa á þeirri lausn, að Íslendingar tengist nágrannaþjóðum sínum nánar án þess að láta sjálfstæði sitt eða missa tök á auðlindum sínum og þjóðarbúskap yfirleitt. Verður þar að bægja frá öfgum og ógætni til beggja hliða og kappkosta að finna hinn gullna meðalveg, ganga þannig frá stöðu Íslands, að hér verði áfram sem hingað til íslenzkt mannlíf, þrátt fyrir nánari tengsl og samskipti. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við afstöðuna til Efnahagsbandalags Evrópu, sem nú er að mótast. Hefur Framsfl. í því máli m. a. lagt mikla áherzlu á, að leitazt verði við að ná sem víðtækustu samkomulagi um það, sem aðhafzt verður af Íslands hálfu, og að beðið verði átekta, unz þau mál öll skýrast betur, en það álítum við höfuðnauðsyn. — Góða nótt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Einu sinni var kveðið: Það getur komið annar verri, en ómögulega tveir. Ég held, að þetta eigi ekki við um ræðu hv. þm. Eysteins Jónssonar, sem nú var að ljúka máli sínu. Ég hygg, að hér eigi fremur við orð Njálu: „að þá væri eigi hins verra eftir ván, er slíkur fór fyrir.“ Ég held

áreiðanlega, að jafnvel hv. þm. Lúðvík Jósefsson geti ekki leikið staðreyndirnar verr en Eysteini Jónssyni tókst að gera. Er þó margt líkt orðið með þeim, enda ganga þeir hér í sölum Alþingis undir heitinu „samvöxnu austfirzku tvíburarnir". Þykir þó Eysteinn nokkru æstari og fullt eins skeleggur í að espa launþega til kröfugerðar, eins og menn heyrðu áðan. Og það er sagt, að þetta stafi af því, að Lúðvík er gamalreyndur verkalýðsleiðtogi og kommúnisti, en Eysteinn er alveg nýr af nálinni og þarf þess vegna að sýna, til hvers hann dugir, og það heyrðu menn hér áðan. Hv. þm. Eysteinn Jónsson opnaði hlustendum innsýn í reiða sál. Ég hygg, að þessi sársauki stafi mest af því, að hv. þm. hefur orðið þess var, að það, sem hann þráir mest, völdin, er ekki í augsýn. Þjóðin metur meir stórvirkar aðgerðir ríkisstj. á öllum sviðum þjóðlífsins heldur en neikvætt nöldur þessa hv. þm. og annarra stjórnarandstæðinga. Læt ég mér það vel líka og vildi semja við hann í bróðerni um, að hann segi allt, sem hann vill, satt og logið, en ég ráði þá fremur því, sem gert er.

Ég tel engum til gagns, að ég fari að karpa við hv. þm., enda mun fremur til þess ætlazt af mér, að ég leitist við á þeim stutta tíma, sem ég hef hér til umráða, að útskýra stærstu drættina í stefnu og aðgerðum ríkisstj. og þá ekki sízt, hvers vegna gengisfellingin á s. l. sumri var óumflýjanleg eftir hinar miklu kauphækkanir, sem þá fóru fram.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, hafði stjórn Emils Jónssonar, sem við tók eftir uppgjöf vinstri stjórnarinnar í árslok 1958, með bráðabirgðaráðstöfun tekizt að forða frá öngþveiti í bili. Sjálfur kjarni vandamálanna beið hins vegar núv. ríkisstj., sem tók við síðla árs 1959. Rannsókn leiddi í ljós, að arfleifð vinstri stjórnarinnar var miklu uggvænlegri en menn höfðu gert sér grein fyrir. Er sú saga svo margrakin, að ég læt nægja að minna á, að efnahagskerfið var allt úr skorðum gengið, fjármála- og atvinnulífið lamað eftir langvarandi verðbólgu og uppbótakerfi, höft og bönn. Stöðugur halli á viðskiptum við útlönd hafði tæmt alla gjaldeyrissjóði og gjöreyðilagt lánstraust þjóðarinnar. Í fæstum orðum sagt blasti ekkert við nema öngþveiti og upplausn inn á við og greiðslubrot út á við, en yfir vofði öllum sýnileg geigvænleg óðaverðbólga, sbr. og orð þáv. forsrh., Hermanns Jónassonar, sem einmitt tilkynnti það í andarslitrunum í des. 1958.

Það eru þessir draugar, sem núv. stjórn hefur síðan þurft að glíma við og furðuvel tekizt að kveða niður, þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hefur leitazt við að vekja þá upp og magna að nýju, nær aldrei lagt hönd að neinu, sem til bóta hefur verið, en virzt hrósa happi yfir öllu, sem aukið hefur örðugleika þjóðarinnar, ef það hefur gert stjórninni erfiðara um vik. Þetta er ljót lýsing, en hún er því miður sönn.

Ríkisstj. tók strax til óspilltra málanna. Ég þarf ekki að lýsa ráðstöfunum hennar í einstökum atriðum. Markmið þeirra var skýrt og ákveðið að skapa grundvöll fyrir heilbrigðu efnahagslífi, framförum og bættum lífskjörum í landinu. Sams konar ráðstafanir höfðu verið gerðar í fjölda landa s. l. áratug og þá fyrst og fremst í nágrannalöndum okkar í Vestur-Evrópu. Þær þjóðir höfðu alls staðar stuðlað að því að styrkja fjárhag landanna út á við, örvað vöxt þjóðarframleiðslunnar og stórbætt kjör almennings.

Ríkisstj. var það ljóst, að skjóts bata af þessum ráðstöfunum væri ekki að vænta, jafnslæmt og ástandið var orðið. Henni var einnig ljóst, að á því tímabili, sem liði, áður en jákvæður árangur færi að koma í ljós, mundu ráðstafanirnar hafa í för með sér erfiðleika fyrir bæði almenning og atvinnurekendur. Úr þessum örðugleikum var reynt að draga með ýmiss konar hliðarráðstöfunum án þess að spilla fyrir því, að höfuðmarkmiðið gæti náðst.

Reyndin varð sú, að óvenju erfiðar ytri aðstæður torvelduðu viðreisnina á fyrsta ári hennar. Þrátt fyrir þetta var ljóst, að miðað hafði í rétta átt.

Um mitt ár 1961 var svo komið, að gjaldeyrisstaðan hafði batnað mikið, enda þótt gjaldeyrisforðinn, sem orðinn var um 150 millj. kr., væri enn allt of lítill. Innlendur sparnaður hafði vaxið 67% meira á mánuði hverjum frá aprílmánuði 1960 til júnímánaðar 1961 heldur en hann hefði gert á árinu 1959. Jafnframt hafði tekið fyrir ofþenslu bankaútlána. Frjáls innflutningur hafði veitt bæði atvinnufyrirtækjum og almenningi aukið hagræði. Álit þjóðarinnar erlendis hafði verið endurreist.

Það reið á miklu, að sá grundvöllur, sem þannig hafði verið lagður, yrði ekki eyðilagður, heldur þvert á móti treystur enn meira. Aðeins með því móti var hægt að gera ráð fyrir, að í landinu gætu orðið eðlilegar framfarir og vaxandi velmegun á komandi árum.

Þegar svona stóðu sakir, gerðu samtök launþega kröfur um miklar og almennar kaupbætur. Ég mun ekki rekja hér gang kaupdeilnanna og verkfallanna á s. l. sumri, en vil í staðinn að gefnu tilefni frá síðasta hv. ræðumanni snúa mér að viðhorfunum, eins og þau blöstu við að kaupdeilum loknum.

Kauphækkanirnar, sem samið var um, svöruðu til þess, að launakostnaður atvinnuveganna ykist um 13—19% og peningatekjur manna um a. m. k. 550—600 millj. kr. á ári. Hvernig stóðu nú atvinnuvegirnir að vígi til þess að taka á sig slíkar hækkanir? Menn heyrðu, hvað hv. síðasti ræðumaður sagði um það. Ég segi, að á svarinu — á hinu rétta svari — veltur, hvort gengislækkunin var óumflýjanleg eða ekki.

Höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, var illa farinn eftir langvarandi verðbólgu og hafði á undanförnu ári orðið fyrir einu hinu mesta verðfalli afurða, sem átt hefur sér stað á síðari árum. Síldarvertíðin sumarið 1960 hafði brugðizt, og nýafstaðin vetrarvertíð hafði verið slæm, sérstaklega fyrir Suðurlandi. Togararnir áttu við meira aflaleysi að etja en nokkru sinni um meira en 20 ára skeið. Verð afurðanna hafði að sönnu aftur farið hækkandi á fyrstu mánuðum ársins 1961, en þó ekki nægjanlega til að vega upp á móti fyrri verðlækkun, þannig að meðalútflutningsverð sjávarafurða var enn nokkru lægra en það hafði verið í árs-

lok 1959. Engum manni gat svo mikið sem dottið í hug, að sjávarútvegurinn gæti í einu vetfangi tekið á sig launahækkanir, sem svöruðu til fimmfaldrar þeirrar aukningar afkasta á mann, sem búast má við að eigi sér stað á ári hverju, en við þetta er viðurkennt, að kauphækkanir verði almennt að miðast. Stjórnarandstaðan hefur þá líka sízt gert lítið úr erfiðleikum sjávarútvegsins, þegar það hefur hentað henni.

En hvað þá um aðrar atvinnugreinar, iðnað, verzlun og siglingar? Gátu þær tekið á sig launahækkanir án þess að hækka verð á þeim vörum, sem þær framleiða, og þeirri þjónustu, sem þær inna af hendi? Allt, sem hv. síðasti ræðumaður um þetta sagði, var hrein fjarstæða. Hið sanna er, að hér á landi hefur verið verðlagseftirlit í meira en tvo áratugi. Verðlagseftirlitið hefur átt að fylgjast með því, að sérhver vara væri seld sem næst því verði, sem kostar að framleiða hana og dreifa henni, og sérhver þjónusta á því verði, sem kostar að inna hana af hendi. Hafði þá verðlagseftirlitið brugðizt svo hrapallega hlutverki sínu, að iðnaður, verzlun og siglingar gætu allt í einu tekið af gróða sínum upphæð, sem svarar til fimm ára meðalaukningar afkastanna? Ríkisstj. krafðist að fá úr þessu skorið, — ég endurtek það, að ríkisstj. krafðist þess að fá úr þessu skorið. Geta þessara atvinnugreina til að greiða hinar umsömdu kauphækkanir var þess vegna könnuð alveg til hlítar. Í þessu skyni fóru fram umfangsmiklar athuganir á vegum verðlagsnefndar og viðskmrn. á s. l. sumri. Fulltrúar þessara atvinnugreina mættu einnig á fundum nefndarinnar og voru þar spurðir spjörunum úr. Á meðal þeirra voru einnig fulltrúar samvinnuhreyfingarinnar, og ég vænti, að hv. síðasti ræðumaður vilji ekki gera þá alla að ósannindamönnum hér með einu orði í útvarpinu. Niðurstaða þessarar athugunar var sú, að yfirleitt væru fyrirtækin þannig á vegi stödd, að ágóði þeirra nægði ekki einu sinni til þess að standa undir eðlilegri endurnýjun þeirra fjármuna, sem í þeim væru bundnir. Verðlagsnefnd taldi af þessari ástæðu ekki annað kleift en að leyfa verðhækkanir, sem svöruðu til launahækkananna. Menn beri þetta nú saman við ummæli hv. síðasta ræðumanns. Einstaka sinnum sá nefndin sér meira að segja ekki annað fært en að ganga enn þá lengra en þetta. Einasta undantekningin frá þessu var sú, að nokkur hluti þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað, sýndist betur á vegi staddur og þá fyrst og fremst vegna hagstæðra áhrifa frá gengislækkuninni í ársbyrjun 1960. Þessar iðngreinar gátu tekið á sig a. m. k. nokkurn hluta launahækkananna og voru líka fúsar til þess. Launahækkanirnar hafa þess vegna ekki leitt til hækkunar vöruverðs á þessum iðngreinum nema að nokkru leyti. Með þeirri einu undantekningu, sem ég nú hef nefnt, blasti alls staðar við sama myndin: Atvinnuvegirnir gátu ekki borið þær kauphækkanir, sem samið hefur verið um. Gilti þetta jafnt um fyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar sem önnur fyrirtæki, enda stóð ekki á þeim fremur en öðrum að hagnýta sér ýtrustu heimildir til verðhækkana. Þetta er augljós og ómótmælanleg staðreynd, sem stjórnarandstaðan hefur ekki getað borið brigður á, og raunar ekki heldur talið það nauðsynlegt. Hún hefur nefnilega þótzt eiga í fórum sínum annan miklu vænni lurk til að lemja „harðstjórana", sem hv. þm. var að lýsa, í ríkisstj. með. Hún hefur talið sig geta sannað þjóðinni úlfúð okkar og illt innræti með því að sýna fram á, að við réðum yfir óbrigðulum Kínalífselexír, sem væri allra meina bót, aðeins ef við vildum rétta hann að þjóðinni úr okkar náðarhendi, sem við auðvitað ekki fengjumst til af meinfýsni einni saman. Ég þarf ekki að segja hv. hlustendum, að ég á hér við vextina, þessa „geigvænlegu okurvexti", „þessar drápsklyfjar á þeim skuldugu." „Léttið vaxtabaggana," skrifar, talar, hrópar stjórnarandstaðan látlaust dag og nótt, „þá er leikur einn að bera kauphækkanir síðasta sumars og gengisfellingin með öllu ástæðulaus." Þetta er viðlagið í öllu rauli þeirra í vöku og svefni, svo oft kveðið, að sérhver fulltíða maður kann það og margir trúa án efa, að þar sé fólginn mikilvægur sannleikur.

Ég skal ekki fjölyrða um, að í öllum þessum vaxtavaðli stjórnarandstæðinga hefur andað ákaflega og raunar óskiljanlega köldu til sparifjáreigendanna, svo mjög sem hlutur þeirra hefur lengi verið fyrir borð borinn.

Ég sný mér að hinni hliðinni, vaxtaokrinu, sem þeir kalla, og viðurkenni, að stjórnarliðið hafi e. t. v. gert of lítið til að varpa ljósi yfir þessa höfuðrökvillu andstæðinganna. En vilji menn sjá, hvílík endemisfirra hér er á ferð, nægir að nefna örfáar og auðskildar tölur. Er þá fyrst að minna á, að launahækkanirnar nema 550—600 millj. kr. á ári. Það er þessi baggi, sem á að létta af atvinnuvegunum með einhverri lækkun á vöxtunum. Eftir því skyldi maður ætla, að vextirnir næmu þúsundum millj. kr. En hvað eru þá þessir vextir miklir? Eru þeir í raun og veru þúsundir millj. kr. á ári? Nei, því fer víðs fjarri. Allar vaxtagreiðslur af útlánum allra banka og sparisjóða á öllu landinu námu á öllu s. l. ári aðeins broti af þeirri upphæð eða ekki meira en einum 400 millj. kr., þ. e. a. s. miklu lægri upphæð en kauphækkanirnar nema. Þætti mér nú fróðlegt að vita, hvernig auðið er að bæta atvinnurekstrinum upp 550—600 millj. kr. útgjaldaauka með því að létta af honum einhverju broti af 400 millj. kr., eða svo sem 70—80 millj., og er þá miðað við uppástungu sjálfra stjórnarandstæðinga um vaxtalækkunina.

Þetta er eitthvað skrýtinn útreikningur, og væri andstæðingum hollara að fara í einkatíma í samlagningu og frádrætti, ef einhverjir þeirra skyldu ætla að reyna landspróf eða þótt ekki væri nema skussapróf eða fermingarpróf í vor.

Hvað sjávarútveginn sérstaklega varðar, verður þessi vísdómur andstæðinganna enn fjarstæðukenndari. Aukinn vaxtakostnaður útvegsins miðað við það, sem hann var áður en vaxtalækkunin gekk í gildi í ársbyrjun 1960, nemur nefnilega aðeins 15—20 millj. kr., sem eru hreinir smámunir í þessu sambandi eða innan við 1% af framleiðsluverðmæti þessa atvinnuvegar.

Sést af þessu, að vaxtalækkunin var sáralítil meinabót móti kauphækkununum, og umbúðalaust sagt eru þessi falsrök andstæðing-

anna svo auðsæ, að það er blátt áfram árás á almenning í landinu að bera þau á borð fyrir hann. Hins vegar hefði vaxtalækkun, eins og á stóð á s. l. sumri, aukið verðbólguhættuna og stuðlað að óhagstæðum greiðslujöfnuði. Þetta vita stjórnarandstæðingar líka vel. Kröfur þeirra um vaxtalækkun eru því fremur sprottnar af úlfúð í garð sparifjáreigenda en umhyggju fyrir atvinnurekstrinum.

Þá hafa stjórnarandstæðingar verið að tæpa á öðrum leiðum til lækkunar framleiðslukostnaðar. Því skal ekki neitað, að margir kostnaðarliðir sjávarútvegs, eins og t. d. tryggingagjöld, eru óeðlilega háir hér á landi. Hitt er barnaskapur einn að láta sér detta í hug, að í einu vetfangi sé hægt að lækka slíka kostnaðarliði hjá sjávarútveginum og öðrum atvinnugreinum um upphæðir, sem nema hundruðum millj. kr. á ári.

Allt ber því að einum brunni. Atvinnuvegirnir voru þess með öllu ómegnugir að taka á sig hinar miklu kauphækkanir, og hvorki gat vaxtalækkun né önnur framkvæmanleg útgjaldalækkun bætt þeim nema sáralitinn hluta þeirra 550—600 millj. kr., sem búið var að hlaða á þá. Af þessu leiðir, að gengislækkunin var eina úrræðið og þess vegna allsendis óumflýjanleg.

Þetta eru staðreyndirnar, og menn beri þær nú saman við fullyrðingar hv. þm., sem áðan var að tala hér. Margar aðrar þjóðir skilja þessi mál miklu betur en við. Til fróðleiks skal ég nefna síðasta vitnið meðal nágrannaþjóðanna þessu til staðfestingar. Ýmsir hlustendur munu sjálfsagt hafa tekið eftir fregn, sem lesin var í útvarpinu fyrir nokkrum dögum, þar sem skýrt var frá launasamningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í Svíþjóð. Þessir samningar voru til tveggja ára, eins og þeir samningar, sem gerðir voru hér á landi á s. l. ári. Þeir fólu í sér á milli 2 og 3% launahækkun hvort árið auk hækkaðrar greiðslu í lífeyrissjóðinn. Samningar þessir höfðu náðst eftir langvarandi samningaumleitanir, og þeir höfðu verið gerðir skömmu eftir að ríkisstj. hafði hækkað söluskatt í smásölu úr 4% í 6%.

Nú vil ég spyrja: Hvaða munur er það í þjóðarbúskap Íslendinga og Svía, sem geti gert íslenzkum þjóðarbúskap fært að standa undir 13—19% kauphækkun eitt árið og 4% næsta ár. Þegar verkamenn og atvinnurekendur í Svíþjóð eru sammála um, að sænskur þjóðarbúskapur þoli ekki meira en 2—3% kauphækkun á ári? Skyldi þjóðarframleiðslan á mann vaxa hraðar á Íslandi en í Svíþjóð? Nei, þvert á móti. Þjóðarframleiðslan á mann hefur vaxið um 3% í Svíþjóð á ári s. l. 5 ár, en aðeins 2% á Íslandi. Eða hefur þá kannske gróði íslenzkra atvinnufyrirtækja verið svona miklu meiri að tiltölu en gróði sænskra atvinnufyrirtækja? Slíkt hvarflar ekki að nokkrum manni í alvöru. Eða loks, var þá gjaldeyrisaðstaða Íslendinga svona miklu sterkari en gjaldeyrisaðstaða Svía, að þjóðarbúið gæti borið um nokkurt skeið þann halla, sem af miklum kauphækkunum getur hlotizt? Því er fljótsvarað. Gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga á s. l. sumri, þegar ákvörðun var tekin um gengislækkun, svaraði til hálfs mánaðar innflutnings, en gjaldeyrissjóður Svía svarar til fjögurra mánaða innflutnings.

Nei, það er sannarlega ekkert í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, sem réttlætir stórfelldari kauphækkanir en með Svíum. Það, sem veldur mismunandi aðgerðum þeirra og okkar og gæfumuninn gerir, er þroska- og þekkingarleysi okkar á sviði efnahagsmálanna. Sænska verkalýðshreyfingin skilur og veit það, sem við eigum eftir að læra, að sígandi lukka er bezt og raunar hin eina lukka í þessum efnum, vegna þess að of stórstígar kauphækkanir leiða alltaf til ófarnaðar og gengisfellingar.

Þetta er kjarni málsins. Það eru einmitt þessar staðreyndir, sem ég nú hef tilgreint, sem úr skera í deilunni milli stjórnarinnar og andstæðinganna. Þær sýna, svo að ekki verður um deilt, að það er eingöngu vegna þess að ríkisstj. hikaði ekki við að gera tafarlaust það, sem gera þurfti, þ. e. a. s. fella gengið, að í stað hallarekstrar, atvinnuleysis og þess ófagnaðar, sem í kjölfar kauphækkananna hlaut að sigla, hefur atvinnulíf landsins verið rekið með eðlilegum hætti síðan í fyrrasumar og atvinnan víðast hvar verið meiri en nokkru sinni fyrr. Hinn jákvæði árangur viðreisnarinnar hefur komið æ betur í ljós. Sú tiltrú, sem viðreisnin hafði skapað innanlands og utan í efnahagsmálum þjóðarinnar, hefur haldizt og sá grundvöllur, sem með henni var lagður að framtíðarvelmegun þjóðarinnar, hefur verið treystur.

Jafnframt halda launþegar eftir sem raunverulegri kjarabót nokkrum hluta launahækkananna. Hækkun framleiðsluvísitölu síðan 1. júlí s. l. er nú 10%, en almennast voru launahækkanirnar frá 13—15%. Í viðbót við þetta kemur svo, að atvinna hefur á undanförnum árum verið meiri en áður. Þess vegna hafa raunverulegar tekjur vaxið meira en þessar tölur benda til. Að vísu eru ekki öll verðhækkunaráhrif launahækkana og gengislækkunarinnar enn komin fram. En sú 4% launahækkun, sem fram undan er 1. júní, þarf ekki nema að litlu leyti að koma fram í verðlaginu og verður þess vegna að mestu leyti til kjarabóta.

En þegar hér er komið sögu, bregður allt í einu svo kynlega við, að stjórnarandstaðan, sem fram að þessu hefur ekki viljað viðurkenna jákvæðan árangur viðreisnarinnar, vendir sínu kvæði algerlega í kross og segir, að þessi árangur sé svo mikill, að hann sýni, að ekki hafi verið þörf neinna aðgerða á s. l. sumri. Ég hef þegar afsannað þessa staðhæfingu og gæti þó fært fram ýmis fleiri rök, sem hér vinnst þó ekki tími til. En ekki get ég stillt mig um að minna á, að fyrst sögðu þessir menn, að viðreisnin hefði farið út um þúfur, síðan, að hún væri að fara út um þúfur, þar næst, að hún mundi fara út um þúfur, og nú loks, að hún hefði tekizt svo vel, að slíks séu engin fordæmi í efnahagslífi Íslendinga og þótt víðar væri leitað. Minna má nú gagn gera. Er nokkuð torskilið, að maður kjósi fremur að reyna að leysa vandamál þjóðarinnar en að standa í stöðugu karpi við þá, sem hoppa þannig og skoppa frá réttu til rangs og daglega snúast eins og vindhanar á burst?

Megintilgangur allra aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálunum hefur frá öndverðu verið sá að leggja grundvöllinn að vaxandi velmegun í

landinu. Vaxandi velmegun byggist á vaxandi framleiðslu, vaxandi framleiðsla á heilbrigðu jafnvægi í efnahagslífinu. Kauphækkanir þær, sem áttu sér stað á s. l. sumri, stuðla ekki að kjarabótum fyrir einn né neinn. Það eina, sem þær fá áorkað, er að skapa efnahagslegt öngþveiti, verðbólgu innanlands og greiðsluhalla við önnur lönd. Með þessu móti eyðileggja þær beinlínis tækifæri til þess að bæta lífskjörin, svo framarlega sem öflugar ráðstafanir eru ekki gerðar þegar í stað til að afstýra slíkum afleiðingum. Þegar ríkisstj. gerði einmitt þetta s. l. sumar, var hún þar með að vinna fyrir hagsmuni launþega og alls almennings í landinu.

Ég hef nú með þessum fáu orðum leitt athygli að því, að núv. stjórnarflokkar tóku við þjóðarbúinu í rúst, að við réðumst tafarlaust gegn vandanum með einörðum og réttum ráðstöfunum, að á miðju s. l. ári hafði viðreisnin borið mikinn og sýnilegan árangur þrátt fyrir óhagstæð ytri skilyrði, að kauphækkanirnar, sem þá fóru fram, hefðu lagt allt í rúst að nýju, ef ekki hefði verið að gert, og að þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, hafa þegar borið ríkulegan ávöxt, sem m. a. má sjá af stöðugri atvinnu, stórauknu sparifé, sívaxandi gjaldeyrissjóðum, jákvæðum greiðslujöfnuði og þeirri heillavænlegu endurreisn lánstrausts þjóðarinnar erlendis, sem af þessu hefur leitt, og er þó enn þess ógetið, að mikill hluti þeirra yfirdráttarlána, sem tekin voru erlendis í ársbyrjun 1960, hefur verið endurgreiddur.

Samfara þessu hefur stjórnin fengið til meðferðar venju fremur mörg og vandasöm viðfangsefni, jafnt á sviði utanríkismála sem innanríkismála, sem hún hefur borið gæfu til að leysa farsællega, en jafnframt beitt sér fyrir alhliða löggjöf til sóknar og varnar. Nefni ég þar til aðeins sem dæmi björgun lánasjóða landbúnaðarins frá yfirvofandi vanmætti eða jafnvel gjaldþroti, aðstoð við togaraflotann, heildarendurskoðun skattalaga, margvíslega löggjöf til að tryggja hag ríkissjóðs og margþætta og merka löggjöf á sviði dómsmála og heilbrigðismála, menntamála, félagsmála, útvegsmála, landbúnaðarmála og samgöngumála o. s. frv. Hika ég ekki við að staðhæfa, að engin íslenzk ríkisstj. hefur verið svipað því jafnrisháa og mikilvirk í þessum efnum sem núv. stjórn. Stjórnin hefur nú á prjónunum merkar fyrirætlanir um nýjar framkvæmdir, þ. á m. stórvirkjanir og stóriðju. Ber því allt að einum brunni um það, að þjóðin geti vænzt góðra og batnandi lífskjara, ef hún sýnir biðlund og ber gæfu til að forðast fortölur þeirra. sem láta annarleg sjónarmið stjórna gerðum sínum, hvort heldur er sjúkleg valdafíkn eða þjónkun við óþjóðleg öfl.

Stjórnarandstöðuna læt ég sjálfa um að lýsa sér. „Högg, högg, högg," hrópaði hv. síðasti ræðumaður nú og raunar oft áður yfir tómum stólum deildarinnar. „Hefnd, hefnd, hefnd," hrópa aðrir. Hefnd! En yfir hverjum? Og fyrir hvað? Ég verð að játa, að mig hryllir við sálarástandi manna, sem svona tala, ef hugur fylgir máli. Ég spyr: Hefur nokkur svo bölvuð stjórn nokkru sinni farið með völd á Íslandi, að hún telji refsivert, að fólkið leitist við að bæta lífskjör sín, og fyllist fyrir það heift og hefndarhug? Ég staðhæfi, að því fer víðs fjarri. Allar stjórnir hljóta fegnar að vilja bæta kjör þjóðfélagsþegnanna. Ágreiningurinn er aðeins um getuna, og gæfumunurinn er, hvort menn finna rétt úrræði og þora að gera það, sem þjóðinni er fyrir beztu, án hliðsjónar af stundarvinsældum eða líta undan og lyppast niður í von um fylgisauka.

Núv. ríkisstjórn hefur ekki skort þrek til að fylgja sannfæringu sinni. Ég trúi því, að við höfum borið gæfu til að gera hið rétta og hvergi gengið lengra en nauðsynlegt var til að bjarga þjóðinni frá yfirvofandi voða. Ég trúi því líka, að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé á sama máli. Og loks held ég, að andstæðingar okkar gangi þessa ekki duldir og það sé einmitt þess vegna, sem þeir eru nú algerlega úr skorðum gengnir, rétt eins og efnahagslíf þjóðarinnar var, þegar þeir skildu við.

Í þessu ljósi bið ég hv. hlustendur að skoða æsingar hv. síðasta ræðumanns og þeirra, sem á eftir honum koma af stjórnarandstöðunni, æsingar þeirra, öfgar og rangfærslu. En jafnframt vona ég, að þjóðin veiti ríkisstj. brautargengi, mátt og megin til að halda áfram að vinna að auknum skilyrðum fyrir góðum og batnandi lífskjörum allra manna í þessu landi í nútíð og framtíð.

Ég lýk máli mínu með því að staðhæfa, að fái núv. stjórnarstefna að ráða hér ríkjum, muni lífskjör almennings gjörbreytast til hins betra á einum einasta áratug.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. skýrði hér frá því, að eftir lausn verkfallanna í fyrravor hafi stjórnin gert út sendimenn til þess að spyrja iðnrekendur og fleiri atvinnurekendur, hvort þeir þyldu að greiða það kaup, sem þeir sjálfir höfðu samið um. Auðvitað sögðust þeir ekki geta það. Og þetta eru rök stjórnarinnar fyrir gengisfellingunni í fyrrasumar, skilst mér. Hins vegar mun stjórninni aldrei hafa dottið í hug að spyrja launþegana, spyrja alþýðuheimilin, hvort þau þyldu gengisfellinguna. Hún spurði bændurna ekki heldur. Það sannar auðvitað, hvers stjórn þetta er og hverja hún metur einskis, og er nokkurs virði að fá þessa yfirlýsingu fram frá forsrh. í byrjun eldhúsdagsumræðnanna.

Ríkisstj. Íslands hefur, svo sem kunnugt er, lagt sér til sérstakt efnahagskerfi. Þetta er ekki nýtt kerfi, heldur ný útfærsla á þeim gömlu aðferðum að ná vaxandi auði á vald hinna ríku á kostnað starfandi fólks og meiri gróða í hendur millilliða á kostnað framleiðenda. Þó felast í því nýir þættir. Það byggist á vantrú á það, að hinir fornu atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, geti lengur verið undirstöður í búskap þjóðarinnar. Þessu lýsa talsmenn stjórnarinnar yfir, þótt hitt vefjist nokkuð fyrir þeim, að tilgreina, hvað leyst geti þá af hólmi, en þar mun erlendum auðhringum ætlað stórt hlutverk. Kerfi ríkisstj. er jafnan nefnt viðreisn, ekki vegna eðlis þess eða ágætis, heldur hlaut það þetta nafn af sínu foreldri, áður en sýnt var, hvernig það reyndist, annars er hætt við, að það hefði hlotið eitthvert annað nafn.

Kerfi þetta og stjórn þess hefur að vonum oft borið í umræður að undanförnu. Hér er því hægt að sleppa því úr að ræða viðreisnina á hinum fyrstu stigum, og er fremur vert að skoða hana í ljósi þeirra atburða, sem skeð hafa frá síðasta eldhúsdegi, og leiða hugann þá einnig að því, hvernig stjórninni fara þær orður, sem hún telur sig helzt hafa af að státa á viðreisnarskrúðanum.

Það var í lok marzmánaðar í fyrra, sem síðast var hér farið í eldhús og störf ríkisstj. vegin og metin í umr. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og margt borið til tíðinda á sviði þeirra mála, sem varða hag lands og þjóðar. Ef fáein þeirra eru rifjuð upp til glöggvunar á því, hvað gerzt hefur, verða þessi fyrst fyrir:

Flest verkalýðsfélög landsins, sem höfðu ekki skömmu áður endurnýjað samninga sína við atvinnurekendur og samið um kauphækkun til að mæta að nokkru þeim ofsalega dýrtíðarvexti, sem stjórnarstefnan hefur valdið, lögðu til kjarabaráttu. Og þótt enginn treystist til að mæla gegn sanngirninni í kröfugerð þeirra, þá studdi ríkisstj. þó að því, að engir vinnusamningar yrðu gerðir. Þetta mistókst henni að vísu, en af stirfni hennar hlutust alvarlegar framleiðslutruflanir, verkföllin í fyrravor. Þegar komið var fram á sumar, varð ljóst, að atvinnuvegur, sem ríkisstj. og talsmenn hennar höfðu lýst vantrú sinni á, sjávarútvegurinn, færði þjóðarbúinu þrátt fyrir allt meiri og verðmætari afla á land en dæmi voru til um síðustu áratugina, síldarafla, sem þrátt fyrir margs konar vanrækslu hins opinbera til að sjá um hagkvæmustu nýtingu þess afla hleypti verðmætaöflun þjóðarinnar langt upp fyrir það, sem dæmi voru um nokkru sinni áður. Landbúnaðurinn skilaði einnig metframleiðslu á s. l. ári. Þessu til viðbótar varð það svo ljóst upp úr miðju ári, að erlent markaðsverð á helztu útflutningsvörum okkar, svo sem freðfiski og saltfiski, hækkaði mjög frá fyrra ári, eða um 12—15%, að því er ætla verður, skreið hækkaði lítið eitt minna, en ísvarinn fiskur steig mest í verði. En einmitt þegar þessar staðreyndir urðu kunnar, framkvæmdi ríkisstj. þann eindæma verknað gegn fólkinu, sem var að skapa hin miklu verðmæti, og um leið öllu því fólki, sem lifir af atvinnutekjum sínum, að skrá enn á ný niður gengi íslenzku krónunnar. Sú ráðstöfun var gerð með alveg sérstökum hætti, — hætti, sem ég fæ ekki annað séð en sé brot á stjórnarskrá Íslands, þeim bálki laga, sem mest er talið um vert að menn hafi í heiðri. T. d. fær enginn að hefja störf hér á Alþingi, þótt rétt kjörinn sé, fyrr en hann hefur skrifað undir sérstaka yfirlýsingu um, að þau lög muni hann virða og halda. Í stjórnarskránni er svo fyrir mælt í 28. gr., að ríkisstj. megi gefa út brbl. milli þinga, þegar brýna nauðsyn ber til. Þetta gerði ríkisstj. á s. l. sumri til þess að fella gengið. Nú er það auðvitað matsatriði hverju sinni, hvort brýna nauðsyn ber til, að með lagasetningu sé gengi breytt. Ríkisstj. getur haft þá skoðun, að til þessa hafi borið brýna nauðsyn, þótt flestum öðrum hafi ekki sýnzt svo. Við Alþýðubandalagsmenn teljum, að í þessu atriði hafi mat stjórnarinnar verið alveg rangt. Þó er ásökun mín um stjórnarskrárbrot hennar ekki fólgin í því, að hún tók ákvörðun um gengisbreytinguna, heldur hinu, að hún afhenti Seðlabankanum í leiðinni gengisskráningarvaldið, sem Alþingi hafði áður haft. Til þess gat enga nauðsyn borið, genginu var hægt að breyta án þess. Þegar þau brbl., sem hér hefur verið rætt um, voru til afgreiðslu hér í þinginu, var þess krafizt af hálfu stjórnarandstöðunnar, að leitað væri álits lagadeildar háskólans um það, hvort ríkisstj. hefði í þessu efni haldið fyrirmæli stjórnarskrárinnar eða ekki. Þótt það sé stundum háttur stjórnarinnar, þegar um hæpnar skýringar af hennar hálfu er að ræða á lögum eða milliríkjasamningum, að verða sér úti um álit þeirrar háskóladeildar, — og þess er raunar skemmst að minnast, að í fyrravetur dró dómsmrh. álitsgerð lagadeildarinnar upp úr vasanum í umr. hér á þingi og sannaði með þeim hætti, hvernig Bretum bæri að skilja landhelgissamninginn, — þá reyndust liðsmenn stjórnarinnar með öllu ófáanlegir til þess að leita álits um það, hvort stjórnarskráin hefði verið haldin eða brotin með útgáfu nefndra brbl. En hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá reynist stjórnarskráin þess ómegnug að halda gerðum núv. ríkisstj. innan þeirra takmarka, sem flestum venjulegum mönnum sýnist, að allar sæmilegar ríkisstj. hlytu að virða. Og víst er um það, að gengisfellinguna fengum við og valdið yfir skráningunni flutt til Vilhjálms Þórs og þeirra í Seðlabankanum. Og nú hefur einn ráðherrann lýst því yfir í viðtali við erlent blað, að tilgangurinn með þessari ráðstöfun hafi verið sá að afmá allar þær kjarabætur, sem verkalýðshreyfingin hafði samið um á öndverðu árinu 1961, og mun stjórninni hafa fundizt það svo göfugt markmið að brjóta frjálsa samninga á verkafólki og raunar öllum launþegum landsins, sem yfirleitt fá breytingar í kaupi sínu í samræmi við kjör þau, sem verkalýðshreyfingin semur um, að tilgangurinn helgaði þar öll meðul.

Það skal ekki dregið í efa, að tilgangur hinnar síðustu gengisfellingar hafi öðrum þræði verið sá að brjóta samninga á þeim aðilum, sem ríkisstj. hefur áráttu til að rækja fjandskap við. Þó mun það einnig hafa ráðið miklu um þessa stjórnarákvörðun, að sjálf viðreisnin var raunar komin alveg í strand þegar á miðju s. l. ári. Þá var ríkissjóður orðinn skuldunum vafinn á reikningi sínum í Seðlabankanum og þær orðnar hærri en dæmi eru til um að þær hafi nokkru sinni áður verið. Gengisfellingin var ekki bara breyting á verðlagi erlendra peninga á móti íslenzkri krónu. Samhliða henni voru gerðar ráðstafanir til þess, að ríkið fengi allan umráðarétt yfir þeim svonefnda gengishagnaði, sem við þessa breytingu myndaðist, en það er verðlagsbreytingin, sem varð á allri þeirri útflutningsvöru, sem í landinu lá, þegar genginu var breytt, framleidd meðan eldri gengisskráningin gilti og borguð framleiðendum samkv. því, en seld út úr landinu á nýja genginu, sem auðvitað gaf fleiri íslenzkar krónur. Þannig nældi ríkið sér í um það bil 150 millj. kr. til þess að rétta sig af í sinni eigin viðreisn. En með þessum hæpna tekjustofni og því til við-

bótar, að tolltekjur ríkissjóðs jukust auðvitað mjög við það, að öll erlend vara, sem til landsins kom, hafði nú hækkað í verði um 13.2%, sem gaf jafnmikla aukningu í tolltekjum og sölusköttum af innflutningi, var ríkissjóði borgið með skuldareikning sinn, og það hefur verið mikill fagnaðarhreimur í öllum skýrslum um fjárhag ríkissjóðs síðan, því að þarna slapp ríkisstj. undan kaupanaut sínum, Seðlabankanum, líkt og lata konan undan Gilitrutt forðum, hvorug þó fyrir eigin dyggðir.

Það, sem af er árinu 1962, bendir eindregið til, að ekki muni linna vinnudeilum og þeim truflunum, sem jafnan hljótast af því, þegar fólkinu í landinu er ætlað að vinna störf sín við óréttlát kjör. Á hinu fyrra ári stöðvaðist allur bátaflotinn í einn til tvo mánuði. Nú eru það togararnir, sem hafa stöðvazt, og sér ekkert fyrir endann á þeirri deilu. Það er að vísu háttur ríkisstj. að telja allar vinnudeilur vélráð vondra kommúnista, sem ekki kunni að meta góðar ráðstafanir. En í þetta skipti er sú skýring stjórninni illa tiltæk, þar sem framámenn úr röðum hennar eigin liðsmanna eru í sameiginlegu forsvari fyrir stærstu samtökunum, sem boðuðu togaraverkfallið. En svo sem alkunnugt er um Sjómannafélag Reykjavíkur, þá er Alþýðuflokksmaðurinn Jón Sigurðsson formaður þess, en Pétur Sigurðsson alþm. Sjálfstfl. varaformaður. Að þessu sinni verður því ekki um það deilt, að hér eru ekki hafin átök til að þéna neinum þeim stjórnmálalegum tilgangi, sem óþægilegur væri ríkisstj., heldur er verkfallið eingöngu hafið af því, að kjör þessara sjómanna voru alveg óviðunandi. Hið sama er raunar að segja um allar kjaradeilur undanfarandi ára nema verkföll nokkurra hátekjustétta, sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir á tímum vinstri stjórnarinnar.

Af því, sem þegar hefur verið rakið um rás atburða nú um eins árs tímabil, verður ljóst: Í fyrsta lagi, að vegna slæmrar stjórnarstefnu hefur þjóðinni ekki notazt af öllum sínum framleiðslumöguleikum. Í öðru lagi, að þrátt fyrir það hefur fólkið við framleiðslustörfin fært þjóðarbúinu meiri verðmæti en nokkru sinni áður. Í þriðja lagi, að verðlagsþróunin á erlendum mörkuðum hefur verið íslenzkum útflutningi mjög hagstæð. Í fjórða lagi, að framleiðsluaukningunni og verðhækkuninni á útflutningsvörunum hafa stjórnarvöldin svarað með nýrri gengisfellingu, sem gerði að engu nýgerða, frjálsa vinnusamninga. Og í fimmta lagi, að enn er risin mikil vinnudeila og aðrar ekki minni fyrirsjáanlegar á næsta leiti. Hvernig samrýmist þessi veruleiki þeirri stefnu, sem stjórnin telur sig fylgja? Það er alkunna, að stjórnarflokkarnir hafa talið stefnu sína vera leið til bættra lífskjara. Forsrh. hæstv. lét reyndar að því liggja í ræðu sinni hér rétt áðan, að það mundi kannske þurfa að doka svo sem eins og 10 ár eftir þessum bættu lífskjörum, og er það meiri hreinskilni en komið hefur fram í umr. af stjórnarinnar hálfu til þessa. Engum, sem tillit tekur til staðreynda, dylst þó, að sú leið, sem stjórnin kallar að liggi til bættra lífskjara, hefur verið gengin aftur á bak. Lífskjörin hafa stórlega dregizt saman. Það finna allir þeir, sem framfæri sitt hafa af launatekjum. Þetta reyna menn að bæta sér upp með því að lengja vinnudag sinn, og er nú í þeim efnum komið út í algera hófleysu, sem hlýtur á ókomnum árum að hefna sín í lélegra heilsufari þjóðarinnar en verða mundi með skaplegri vinnudegi. Einnig hlýtur hóflaus vinnudagur að sljóvga andlegan þroska. Þegar atvinnurekandi þarf nú á verkafólki að halda, auglýsir hann gjarnan eftir því. Og helzta tálbeitan er að taka það fram, að unnið verði langan vinnudag. Þetta segir skýrar en allt annað, að stjórnin, sem boðaði leiðina til bættra lífskjara, hefur komið því til leiðar, að það, sem aðrar menningarþjóðir banna með lögum eða reisa á annan hátt skorður við, vinnuþrælkun, er hér eftirsóknarvert sem tiltækasta leiðin til að ná viðhlítandi tekjum til fjölskyldufram færis.

Um skeið bjuggu vinnandi stéttir þessa lands við kauplag, sem var sambærilegt því, sem tíðkaðist hjá öðrum menningarþjóðum. Þá gátu íslenzkir atvinnuvegir gripið til erlends vinnuafls, þegar skörð voru í, að innlenda vinnuaflið hrykki á vissum árstíðum. Nú eru íslenzku vinnulaunin komin svo langt niður fyrir allt, sem sambærilegt er í okkar grannlöndum, að engir útlendingar líta við þeim kjörum, sem hér eru í boði. Færeyjar lögðu um skeið fram vinnuafl á íslenzka vinnumarkaðinn, og töldu Færeyingar þá, að hér yrði þeim betra til tekna en í heimalandi sínu. Nú hefur stjórnarvöldunum tekizt að brjóta svo niður verkalaun, að íbúar hinnar dönsku hálfnýlendu líta ekki við því, sem hér er í boði, og vita þó allir, að kjör Færeyinga heima fyrir eru ekki mörkuð neinni ofrausn, og sú staðreynd, að okkar kjör standast ekki samanburðinn við þau, það segir sína sögu. Á s. l. ári heyrðum við oft hrakfallasögu viðreisnarinnar réttlætta með því, að hið gífurlega verðfall á lýsi og mjöli, eins og það var orðað, hefði orðið þess valdandi, að allt var eins og það var og ekki langtum betra. Nú er verðlagsþróunin ytra okkur í stórhag, ekki einasta á hliðarframleiðslu okkar, heldur á aðalframleiðslunni, fiskinum, svo að verðbreytingin upp á við nú er margföld á við verðlækkunina í fyrra, og hefði því átt að skapa grundvöll að stórbættum lífskjörum. En þessa staðreynd þrjózkast ríkisstj. við að viðurkenna. A. m. k. hefur hún allt þar til nú í gær eða fyrradag raunverulega engan kost gert verkalýðshreyfingunni á því að ljá máls á neinum kaupbreytingum, en í bréfi stjórnarinnar til Alþýðusambandsins sjást þess nokkur merki, að stjórnin treystist ekki til að halda kaupkúgunarstefnu sinni til streitu, þegar kosningabarátta er hafin. Í samskiptum sínum við samtök opinberra starfsmanna hefur stjórnin svo lengi þráazt við að líta með réttsýni á launamál, að í ýmsum greinum hafa þegar hlotizt af stórvandræði. Þannig starfa nú ýmsir skólar með ófullnægjandi starfsliði, og börn fá ekki kennslu svo sem lög standa til. Svo er líka komið, að um 90% kennaranna við Reykjavíkurskólana hefðu hætt störfum, ef ekki yrði bót ráðin á þeirra kjörum. Einnig í þessu efni sjást þess nú merki, að ríkisstj. opnist nokkur skilningur á því, að kaupkúgunarstefnan leiðir til ófarnaðar. En í

öllum slíkum efnum er stjórnin ósköp seinþroska, og raunar er langlíklegast, að stirfni hennar eigi enn eftir að kosta stórverkföll, árekstra og þjóðfélagsleg töp.

Ég tel, að stjórnin hafi unnið sér og kerfi sínu til óhelgi með því að koma í veg fyrir, að þjóðinni notist af sínum framleiðslumöguleikum, með því að halda ekki stjórnarskrá Íslands í heiðri, með því að fella gengi íslenzkrar krónu atvinnuvegunum að þarflausu og með fjölmörgu öðru, sem ég get ekki hér gert að sérstöku umræðuefni tímans vegna, svo sem ranglátri skattalöggjöf hinum ríku til hagræðis, frekari tilslökunum en orðnar voru í landhelgismálum okkar, rýmkun erlendra ómenningarafla til áhrifa á uppeldi og menningu í okkar landi. En hér verður að nema staðar um ávirðingarnar, og er skylt að líta einnig á hitt, sem stjórnin hefur sjálf fram að telja um ágæti sitt.

Er þar þá fyrst til að taka, að stjórnin ber sig ærið mannalega, þegar hún greinir frá hag ríkissjóðs. Ég hef áður vikið að því, hvað liggur því til grundvallar, að ríkissjóður safnaði ekki stórskuldum á liðnu ári. Gengisfellingin kom þar til. Það, sem stjórnin hefur sannað um ágæti sitt í þessu efni, er því það — og það eitt, að með svo sem 13.2% árlegri gengislækkun auk annarra ríkistekna, þar sem ríkið slær eign sinni á alla verðbreytingu útflutningsvörubirgðanna, mundi eyðsluhít stjórnarinnar máske verða séð fyrir nauðþurftum. Hitt er svo annað mál, hvert traust er í okkar gjaldmiðli með þessum aðförum, enda er nú svo komið, að stjórnin sjálf lætur samþykkja hér lög um það, að viss lán frá væntanlegri stofnlánadeild landbúnaðarins megi ekki lúta lögmálum íslenzkrar krónu, heldur miðast við erlenda mynt. Sú stjórn, sem þarf að verðfella krónuna á hverju ári til þess að halda skuldareikningi sínum skaplegum, getur að vísu gumað af því að hafa ekki farið á hausinn með fjárhag ríkisins, en hve göfugt afrek hefur þar verið unnið, það getur svo hver metið eftir sínum smekk.

Næsta skrautfjöðrin í hatti stjórnarinnar mundi líklega af henni sjálfri verða talin bætt gjaldeyrisstaða við útlönd, og er það líka stásslegur gripur. En ef nánar er athugað, hvernig hann er fenginn, þá verður stjórnin raunar ekki sérlega öfundsverð af honum. Í ársskýrslu Seðlabankans fyrir síðasta ár er talið, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað á árinu um nálægt 400 millj. kr., þar af sé helmingurinn eða því sem næst greiðslujöfnuður á vörum og þjónustu og hinn hlutinn af ýmsum öðrum ástæðum. Fyrst og fremst er þar um að ræða óafturkræft framlag frá Bandaríkjunum, en svo sem muna má, lögðu Bandaríkin fram 250 millj. kr. sem fæðingarstyrk með viðreisninni, og verður að telja, að þar hafi þau betur gert til þessa afkvæmis síns hér á landi en flestra annarra, enda er viðreisnin þeirra óskabarn.

Um einn þátt hinnar breyttu og bættu gjaldeyrisstöðu segir orðrétt í skýrslu Seðlabankans, með leyfi hæstv. forseta:

„Mismunurinn stafar í fyrsta lagi af óafturkræfu framlagi frá Bandaríkjunum, en af því voru 85 millj. kr. notaðar á árinu, og í öðru lagi af ýmsum fjármagnshreyfingum, en þar var aukning stuttra vörukaupalána innflytjenda 52 millj.“

Það var nú líka dálítið til að guma af sem gæfusamlegri fjármálastjórn, að Bandaríkin höfðu slett í stjórnina sína 85 millj. og að bókhald gjaldeyrisviðskiptanna við útlönd var í upphafi viðreisnarinnar gert svo hugvitsamlegt, að aukning stuttra vörukaupalána erlendis kemur inn í bókhaldið sem bætt gjaldeyrisstaða og er ekki talin með í almennri skráningu á skuldum við útlönd. En eftir stendur þó hitt, að hagstæður gjaldeyrisjöfnuður fyrir vörur og þjónustu er um 200 millj. kr., og um hann væri allt gott að segja, ef hann ætti sér eðlilegar orsakir. Hitt vita svo allir, að þessi hagstæði jöfnuður er fenginn með þeirri almennu kaupgeturýrnun landsmanna, sem orðið hefur með aðgerðum stjórnarinnar í efnahagsmálum og dregið hefur úr almennri neyzlu. Hann er einnig fenginn með því að hætta að mestu eðlilegu viðhaldi skipastólsins og sleppa með öllu aukningu hans, með því að draga svo úr íbúðarhúsabyggingum, að þær svara nú vart til meira en þriðjungs af eðlilegum þörfum vegna fjölgunar þjóðarinnar, og með þeim alhliða samdrætti í hinum nauðsynlegustu framkvæmdum framleiðsluatvinnuveganna, sem orðinn er staðreynd. Þegar hætt er að mestu byggingu íbúðarhúsa og þegar frestað er skipakaupum og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, þegar ekki er lagt í smíði neinna nýrra orkuvera og ekki neinna meiri háttar verksmiðja, er auðvitað hægt að spara gjaldeyri í bili. En hér er um óbeina skuldasöfnun að ræða, og þessar skuldir verður fyrr eða síðar að greiða, ef þjóðin ætlar ekki að missa af sínum þróunarmöguleikum og dragast aftur úr og niður á stig vanþróaðra ríkja. Það er því harla nýstárlegur skartgripur, sem þjóðin eignast við það, að einhverjar erlendar smáfjárhæðir hreiðra um sig í okkar bankareikningum, þegar þær kosta á sama tíma stórskuldasöfnun við framtíð þjóðarinnar, — skuldasöfnun, sem á eftir að verða æsku þessa lands fjötur um fót.

Og enn er raunar eftir að drepa á eitt atriði, sem stjórnin telur sér ekki hvað sízt til mikils ágætis. Það kallar hún viðskiptafrelsi. Þetta aukna viðskiptafrelsi birtist í því, að kaupmannastéttin getur fengið að vera einráð um það, hvenær og hvaðan hún vill fá vörur sínar, og rétt er það, að um þetta hefur hún nú frjálsari hendur en hún áður hafði, þegar hún var meira bundin af því, hvar hægt væri að selja íslenzkar afurðir til greiðslu á því, sem keypt var. Það ber að viðurkenna, að heildsalastéttinni hefur opnazt aukið frelsi. En því miður er ekki þessa frelsissögu að segja úr viðskiptaheimi annarra stétta. Það er ekki víst, að heildsölunum þætti það sérlega burðugt frelsi, ef þeir hefðu að gerðum viðskiptasamningum við einhvern sinn viðsemjanda fengið á sig lagasendingu um, að allur hinn áformaði ávinningur, allur gróðinn af þeim viðskiptum, sem samningurinn fjallaði um, skyldi upptækur ger. En þetta er það viðskiptafrelsi, sem launþegar landsins og bændur búa við undir viðreisnarstjórninni. Gengisfellingarlögin frá því í fyrrasumar eru nákvæmlega þess konar viðskipta-

frelsi og raunar ekki hin fyrsta frelsissending, sem úr þeirri áttinni kemur.

Þessa dagana heyrum við margar fréttir sunnan úr Alsír um starfsemi félagsskapar, sem auðkennir sig með skammstöfuninni OAS. Okkur finnst að vísu tiltæki þessa félagsskapar ekki sérlega göfug. Þó er engan veginn víst nema í augum þeirra, sem þar eru félagar, geti viðskipti þeirra, t. d. við bankana þar í landi, talizt viðskiptafrelsi. Það er sem sagt háttur OAS-hreyfingarinnar að fara í krafti síns valds inn í bankastofnanirnar, láta þar greipar sópa um tiltæka fjármuni og hafa á brott með sér og hirða hvergi um neinar bókanir í þessu sambandi. Í fréttum af því viðskiptafrelsi, sem OAS-menn í Alsír hafa tekið sér í samskiptum sínum við bankana, eru þessar aðfarir kallaðar rán, og ég held, að nýlega hafi verið talið í fréttum, að á þessu ári nemi bankarán þeirra sem svarar 400 millj. ísl. kr. Mér er ekki grunlaust um, að þessar aðfarir þarna suður frá séu af mörgum taldar til eindæma og slæmur verknaður í meira lagi, og víst er um það, að góður er hann ekki. En til eindæma verður hann varla talinn. Í þessu efni eigum við raunar hliðstæðu. Við eigum okkar OAS-hreyfingu hér heima. Hér gæti skammstöfunin staðið fyrir óstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Í ágústbyrjun í fyrrasumar gaf hún út lög til þess að jafna út nýumsamdar kjarabreytingar launafólks, sem hún sjálf telur að almennt hafi numið 13—19%. Nú er talið, að hvert prósent í almennum kaupbreytingum svari til svo sem 35—40 millj. kr. í kaupgreiðslum yfir árið. Með gengislækkunarráðstöfun sinni fór stjórnin raunar þessu samkvæmt á brott með, að því er forsrh. taldi hér áðan, 550—600 millj. kr. af kaupi launþega landsins og færði þetta hvergi til skuldar. Það er því greinilegt, að þótt stjórnin okkar hafi að vísu eignazt harðan keppinaut í viðskiptafrelsi þarna suður í Blálandi, þá heldur hún á þessu sviði algerlega velli enn sem komið er, í samkeppni við OAS-hreyfinguna í Alsír. Þótt hið sérstæða viðskiptafrelsi, sem einkennir bæði OAS suður frá og óstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. hér, geti gefizt þeim vel um skeið og iðkendur svona frelsis ætli sér oft stóran hlut, þá mun það fárra manna skoðun, að þessi viðskiptaháttur gefist vel til langframa eða styrki lengi völd þeirra, hvorki suður í heimi né á norðlægum slóðum. Það kostar auðvitað átök að venja þá, sem komnir eru upp á lagið með svona vinnubrögð, af þeim aftur. En til þess má hvorki spara krafta né fyrirhöfn. Og Alþb. heitir því fyrir sitt leyti að vinna af alefli að því, að Ísland fái betri ríkisstj. en þá, sem nú situr. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., sagði, að mikill hluti af tíma þingsins hefði gengið í að reyta af sjávarútveginum þann ávinning, sem hann hefði haft af gengislækkuninni. Þetta er dæmigerð frásögn af hálfu stjórnarandstöðunnar, því að litlu síðar í ræðu sinni sagði hann, að fyrir harða baráttu stjórnarandstöðunnar hefði verið ákveðið að láta þessi gjöld renna aftur beint til sjávarútvegsins. Þar með var viðurkennt óbeint, að hin fyrri fullyrðing var alröng, eins og raunar fjöldamargt fleira í ræðu þessa hv. þm., en hin síðari var líka röng, því að þessi ráðstöfun var gerð áður en stjórnarandstaðan lét nokkuð í sér heyra um þetta.

Annað dæmi um málflutning stjórnarandstöðunnar skal ég aðeins nefna úr ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Sunnl., Karls Guðjónssonar. Hann sagði, að verðlagsþróunin erlendis hefði verið okkur mjög hagstæð upp á síðkastið og verðlag á útflutningsvörum okkar stórhækkandi, á sama tíma sem t. d. síldarlýsið hefur fallið úr 58—59 pundum tonnið, sem það var í í fyrra, niður í ca. 40 pund, sem það er í dag. Þetta er líka dæmi upp á frásagnarmáta stjórnarandstöðunnar, og sannleikurinn er sá, að verðlag á útflutningsvörum okkar er enn allmiklu lægra en það var 1959, þegar það er tekið sem heild.

Eldhúsumr. hafa verið og eru til þess um hönd hafðar að gera upp sakirnar við ríkisstj., hvað hefur farið vel úr hendi og hvað miður, hvaða árangur hefur orðið af starfi hennar, hvað vangert eða vanefnt af því, sem hún hefur lofað, og hvaða ráðstafanir hennar hafa verið illa ráðnar eða orðið til óþurftar fyrir landslýð. Í raun hafa þessar umr. oftast ekki orðið eins og til þeirra hefur verið stofnað. Í fyrsta lagi hefur stjórnarandstaðan venjulega skotið undan því, sem vel hefur tekizt, og er kannske ekkert um það að sakast. En í öðru lagi hefur stjórnarandstaðan reynt að afflytja og gera tortryggilegt allt, sem hún hefur talið sig hafa nokkurn möguleika á að gera, og oft skotið þar mjög hátt yfir mark. Þó að þetta hafi oft áður viljað brenna við og hjá öllum eða flestum stjórnarandstöðuflokkum nokkuð, þá finnst mér, að hjá þeirri stjórnarandstöðu, sem nú ber það nafn, hafi keyrt svo úr hófi, að lengra verði tæpast komizt, og er það frægasta dæmið og sem lengst verður í minnum haft, þegar núv. efnahagsástandi á Íslandi var jafnað til Móðuharðinda og lífskjör fólks nú borin saman við lífskjörin þá, þegar mikill hluti af búpeningi landsmanna féll, en við hann voru að heita mátti allir afkomumöguleikar fólksins bundnir þá. Mikill hluti fólksins féll þá úr hor, alveg eins og búpeningurinn gerði. Þetta er að skjóta myndarlega yfir markið, og allur almenningur finnur það. Og sannleikurinn er líka sá, að miðað við þá firna erfiðleika, sem við var að glíma, þegar vinstri stjórnin svokallaða skildi við í **árslok 1958, þegar** allt var að fara fram af hengiflugsbrúninni og holskefla verðbólgunnar að ríða yfir, eins og þáv. forsrh., Hermann Jónasson, sjálfur orðaði það, og vitað var, að ekki mundi fást lagfæring á þessu ástandi, sem nokkurt gagn væri í, nema með nokkrum fórnum, þá má heita að mínu viti, að afkoma alls almennings í landinu í dag sé sæmilega góð, þrátt fyrir þá miklu viðreisn, sem íslenzkt efnahagskerfi hefur fengið á s. l. þrem árum rúmum.

En árangurinn, sem náðst hefur, er í örstuttu máli þessi:

Í fyrsta lagi: gjaldeyrisstaðan við útlönd hefur batnað mjög verulega. Í febrúarlok s. l. áttu gjaldeyrisbankarnir til ráðstöfunar 703 millj. kr.

rúmar. Og þó að þetta sé ekki nægilegur gjaldeyrisforði, er mikill munur á því að eiga þessa upphæð heldur en að eiga ekki neitt eða skulda og eiga ekkert upp á að hlaupa, hvað sem skeður. Mestur hluti þessarar upphæðar hefur safnazt á s. l. ári og því sem af er þessu ári. Frá febrúarlokum 1961 og til febrúarloka 1962 hefur gjaldeyriseignin vaxið úr 123.5 millj. í þessar 703.5 millj. kr., sem ég nefndi, eða um réttar 580 millj. kr. á einu ári. Og þessi árangur hefur ekki náðst með því að ganga á birgðir útflutningsafurða á þessu tímabili, því að þær uxu um 145 millj. kr. á sama tíma, ekki heldur hefur þessi árangur náðst með því að auka stutt erlend vörukaupalán, sem oft er minnzt á, því að þau hafa lækkað um 56 millj. kr. á sama tíma.

Í öðru lagi vildi ég nefna, að sparifjársöfnunin hefur stóraukizt. Sparifjármyndunin er ein höfuðstoðin undir heilbrigðu efnahagslífi. Trúin á gildi hennar var þó stöðugt að minnka hjá almenningi með hinni stöðugt vaxandi verðbólgu í tíð vinstri stjórnarinnar, þannig að menn vildu frekar allt annað eiga en peninga og keyptu oft hluti, sem þeir þurftu ekki með, og stofnuðu til fjárfestingar, sem vægast sagt hefði mátt bíða. Þetta hefur gjörbreytzt. Sparifjáraukningin hefur t. d. orðið síðustu 12 mánuðina — til febrúarloka 1962 — 622 millj. kr. og þar af 90 millj. kr. á fyrstu tveim mánuðum þessa árs. Á sama tíma varð aukning veltuinnlána í bönkunum 328 millj. kr. Þessar upphæðir eru geysiháar á okkar mælikvarða og sýna alveg ótvírætt, að trú manna á gildi peninga hefur gjörbreytzt, samtímis því sem skotið hefur verið styrkum stoðum undir útlánastarfsemi á heilbrigðum grundvelli til atvinnuveganna og annars.

Eitt höfuðskilyrði fyrir heilbrigðri efnahagsþróun er, að bankarnir í landinu láni ekki út óvarlega, en það hefur því miður ósjaldan verið gert. Nú hefur þetta færzt í það horf, að sparifjáraukningin og föst lán til langs tíma hafa getað staðið undir útlánastarfseminni og sparifjáraukningin ein undir útlánum viðskiptabanka og sparisjóða. Þetta er mikil breyting frá því, sem var, og einn styrkasti þátturinn í aðgerðum þeim, sem uppi hafa verið hafðar til stöðvunar verðbólgunni. Til þess að ná þessum árangri, bæta gjaldeyrisstöðuna við útlönd, endurvekja trúna á gildi peninganna og þar með sparifjársöfnunina, koma útlánastarfseminni í heilbrigðar skorður og koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólguþróun þurfti allharðhentar aðgerðir: í fyrsta lagi rétta skráningu gengisins, í öðru lagi hækkun vaxta, í þriðja lagi takmörkun útlána og bindingu nokkurs hluta sparifjárins og í fjórða lagi hallalausan ríkisbúskap, svo að nokkuð sé nefnt. Þetta nefndi stjórnarandstaðan „samdráttarstefnu" til aðgreiningar frá sinni stefnu, sem þeir kölluðu „byggðastefnu" og „umbótastefnu", og spáðu illa fyrir stefnu ríkisstj. Atvinnuvegirnir mundu dragast saman, sögðu þeir, atvinnuleysi myndast og afkoma manna versna úr hófi. En hvað sýnir reynslan? Hún sýnir, að samtímis því, að efnahagskerfið hefur verið treyst, eins og ég hef áður lýst, og þeim árangri náð, sem til var stofnað, þá hefur atvinnulíf landsmanna eflzt og framleiðsla vaxið, eftirspurnin eftir vinnuafli víða verið meiri en hægt hefur verið að fullnægja og atvinnuleysi að heita má óþekkt, eins og bezt má marka af því, að bótagreiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs urðu árið 1960, — en það er síðasta árið, sem skýrslur liggja fyrir um, — bótagreiðslurnar urðu á því ári 800 þús. kr., en nettó-tekjur atvinnuleysistryggingasjóðsins 66.7 millj. Og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um árið 1961, má ætla, að bótagreiðslurnar hafi orðið mjög svipaðar fyrir það ár. Hitt er svo aftur rétt, að gengisbreytingin hlaut að hafa í för með sér hækkun á erlendum vörum, sem gengisbreytingunni nam. Sú vöruverðshækkun átti þó að geta gengið hjá og jafnvægi að nást aftur að nokkrum tíma liðnum. Enda varð það svo, að að um það bil einu ári liðnu frá því að gengisbreytingin var gerð, var vísitala fyrir vörur, þjónustu og húsnæði að vísu komin upp í 114 stig, en vegna hliðarráðstafana ríkisstj., sérstaklega með hækkuðum bótagreiðslum almannatrygginganna, sem bættu upp verulegan hluta hækkunarinnar, varð raunveruleg hækkun framfærsluvísitölu 4 stig.

Hér var verulegum árangri náð. Efnahagskerfið hafði verið rétt við og framfærsluvísitöluhækkunin takmörkuð við 4 stig. Þessa hækkun var unnt að bæta og raunar meira, ef kauphækkununum hefði verið haldið innan þeirra takmarka, sem atvinnurekstrinn gat borið. En allir vita, hvernig það fór. Í stað 6% hækkunar strax og 4% til viðbótar eftir ár, sem sáttasemjari gerði till. um, varð ekki staðnæmzt fyrr en við 13—18% hækkun, sem þýddi rúml. 500 millj. kr. launahækkun samtals í einu stökki. Afleiðingin af þessu hlaut óumflýjanlega að verða sú, að meginhluti þessarar hækkunar hlaut að hverfa, annaðhvort með bótagreiðslum til atvinnuveganna eða gengislækkun á nýjan leik, sem varð ofan á sem hið skárra af tvennu illu. Að sitja hjá og horfa á og bíða eftir, að atvinnurekstrinn stöðvaðist eða drægist saman af þessum sökum, var óhugsandi. Það hefði verið versta hugsanlega lausnin.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að allar aðgerðir í þessa átt hafi verið óþarfar, raunar hefndarráðstöfun, eins og það hefur verið orðað. En hversu fjarstætt þetta er, sést bezt á því, að hér var um rúml. 500 millj. kr. hækkun að ræða, sem algerlega var útilokað að launagreiðendur gætu lumað á og hrist fram úr erminni aðstoðarlaust. Enda höfðu þeir, sem fyrstir gengu til þessara samninga, en það voru samvinnusamtökin í landinu, stuttu áður lýst því yfir, að fyrirhuguð hækkun á kvennakaupi í landinu samkv. jafnlaunafrv., ca. 4%, væri meira en atvinnurekstur þeirra gæti borið. En hin pólitísku öfl í samtökunum réðu, og til samninganna var gengið á óraunhæfum grundvelli.

Þær aðgerðir, sem ríkisstj. neyddist til að gera af þessu tilefni, eru ekki nýmæli, sem fundin voru upp af henni. Nákvæmlega það sama var gert í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar atvinnurekendum voru bættar oftar en einu sinni kauphækkanir með því að hækka gjöld af innfluttum vörum, sem verkaði nákvæmlega eins á vöruverðið og gengislækkun.

Árangurinn af starfi ríkisstj. og þeim aðgerðum, sem hún hefur beitt til viðreisnar efnahagskerfi þjóðarinnar, hefur því, að ég tel, orðið sá, sem að var stefnt. Það, sem enn skortir á, að fullur árangur náist, er aðeins, að stjórnarandstaðan og þeir úr þeirri sveit, sem enn teljast í forsvari fyrir verkalýðssamtökin, geri sér grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því, hversu lengi þeir geta hátt hagsmuni umbjóðenda sinna að leiksoppi vegna ímyndaðra pólitískra hagsmuna. Ég tel það víst, að vinnandi fólk, þ. e. launþegar í landinu, muni fyrr eða síðar gera sér ljóst, að það er ekki leiðin til bættrar afkomu að gera svo háar kröfur, að það sé útilokað, að atvinnurekstrinn geti borið þær einn og óstuddur. Stuðningurinn og bæturnar verða þá óumflýjanlega á einhvern hátt frá launþegunum tekin aftur. Hitt verður farsæla og til raunverulegra hagsbóta, að taka hækkanirnar í smærri stökkum og halda því, sem náðst hefur. Þá leið hafa launþegar í nágrannalöndum okkar farið og með góðum árangri.

Hin önnur tvö atriði, sem ég nefndi að ríkisstj. hefði þurft að grípa til til viðreisnar í efnahagsmálum, takmörkun útlána og vaxtahækkun, hafa einnig sætt óbilgjarnri gagnrýni frá hálfu stjórnarandstöðunnar. En hvorar tveggja aðgerðirnar voru nauðsynlegar, ef æskilegur árangur átti að nást. Fátt er hættulegra heilbrigðu efnahagslífi en útlán, sem ekkert raunverulegt stendur á bak við, hvorki innstæður né raunverulega og söluhæf verðmæti, og sú falska kaupgeta, sem af slíkri útlánastarfsemi leiðir, og hvorar tveggja aðgerðirnar miða að því að koma í veg fyrir slíka þróun. Vissulega getur þetta skapað þeim, sem á lánum þurfa að halda, tímabundna erfiðleika og kostnað. En með aukinni sparifjársöfnun og betri stöðu peningastofnana er hægt að draga úr þessum áhrifum og verður gert. T. d. hafa vextirnir nú þegar verið lækkaðir aftur um helminginn af því, sem hækkunin nam, og von til, að frekari lækkun geti enn farið fram innan skamms. Á hinn bóginn var hér um að ræða nokkrar bætur til sparifjáreigenda, sem hvað mest hafa orðið fyrir barðinu á verðbólguþróun undanfarinna ára, og vissulega voru þeir vel að þessum bótum komnir, því að engir hafa misst jafnmikið í verðbólguhítina og þeir.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum mínum um þróun efnahagsmála í tíð núv. stjórnar, sem hefur verið hennar stærsta viðfangsefni, er þá sú, að vissulega hafa aðgerðir ríkisstj. ekki verið alveg sársaukalausar, en þær hafa borið verulegan árangur. Og vissulega situr það sízt á þeim að gagnrýna þær, sem hafa valdið því, að til þessara ráðstafana þurfti að grípa. Og að lokum það, sem mikilvægast er: Þessar aðgerðir og sá árangur, sem náðst hefur, eiga að geta myndað heilbrigðan grundvöll undir bætta afkomu þjóðarinnar allrar.

Þó að efnahagsmálin hafi verið langstærsta viðfangsefni ríkisstj. hingað til, og þess vegna hef ég varið mestu af tíma mínum til að ræða þau, þá hefur mikill fjöldi annarra mála verið tekinn til meðferðar, sumt leyst og annað undirbúið á þeim rúmum tveim árum, sem stjórnin hefur starfað. Ég skal þá fyrst leyfa mér að nefna landhelgismálið. Sú farsæla lausn, sem á því vandasama máli fékkst, er nú ekki lengur gagnrýnd af neinum, sem með alvöru og skynsemi hugsar um það mál. En einn dilk hefur það þó dregið á eftir sér, og það er aflaleysi íslenzku togaranna, sem misstu nokkur af sínum fengsælustu fiskimiðum við útfærslu landhelginnar eða fiskveiðitakmarkanna. Við þetta hefur afkoma þeirra versnað mjög, svo að sumir hafa gefizt upp, en aðrir haldið við stöðvun. Þetta erfiða og vandasama mál er ríkisstj. nú að leitast við að leysa með lögum um aflatryggingasjóð, þar sem gert er ráð fyrir að greiða togurunum bætur, þegar aflinn fer niður fyrir visst magn, og verður sú aðstoð þeim væntanlega til mikillar styrktar.

En það mál, sem hvað mestur tími hefur farið í að undirbúa og hvað mest veltur á að takist að leysa á viðunandi hátt hjá ríkisstj., er þátttaka Íslands í Efnahagsbandalagi Evrópu. Án þess að ræða það mál nokkuð efnislega, því að til þess er enginn tími hér og nú, þá vildi ég aðeins segja, að ríkisstj. hefur eytt í það miklum tíma og mikilli vinnu að kynna sér og láta kynna sér skilyrði og möguleika til þátttöku. Á því veltur óendanlega mikið, að íslenzk þjóð útilokist ekki frá þátttöku í viðskiptum við Vestur-Evrópuþjóðirnar og að þau tengsl, sem við erum þegar bundnir þessum þjóðum, rofni ekki, heldur styrkist. Kommúnistar hafa þegar tekið upp harða andstöðu gegn þátttöku í bandalaginu, og hefur það farið sem oftar, að annarleg sjónarmið hafa verið tekin fram yfir íslenzkar þarfir og íslenzka hagsmuni. Ríkisstj. hefur enn enga afstöðu tekið til málsins, heldur lagt á það höfuðáherzlu að kynna sér málið til hlítar og að kynna þátttökuþjóðunum sérstöðu Íslands og vandamál í þessu sambandi og leitast við að afla skilnings á þessari sérstöðu. Málið kemur væntanlega til kasta Alþingis í haust, þegar undirbúningsathugunum og viðræðum er lokið, og gefst þá væntanlega tækifæri til að ræða það frekar.

Annað mál, mjög þýðingarmikið, sem einnig er á undirbúningsstigi, vildi ég aðeins nefna, en það er framkvæmdaáætlunin, sem var í undirbúningi mikinn hluta s. l. árs og væntanlega verður gengið frá á þessu ári. En það er skipuleg áætlunargerð um fjárfestingu næstu 5 árin. Að henni hafa unnið hinir færustu erlendu sérfræðingar með aðstoð hérlendra, hinna kunnugustu og færustu manna. Enginn vafi er á því, að áætlunargerð eins og þessi á að geta orðið styrk stoð undir heilbrigt efnahagslíf, ef vel og skynsamlega er á haldið. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem samið var um við stjórnarmyndunina, og það síðasta stóra, sem tekið hefur verið til meðferðar. Ef allt gengur vel með undirbúninginn, ætti þessi áætlun að geta komið til framkvæmda í ársbyrjun 1963.

Eitt af því, sem fyrst kemur til greina til aukningar íslenzku atvinnulífi og til aukinnar fjölbreytni á því sviði, er hagnýting hinna íslenzku orkulinda. Þessar orkulindir, fallvötnin, hverirnir og heita vatnið, eru þau náttúruauðæfi, sem íslenzka þjóðin getur vænzt mest af í

viðleitni sinni til að skapa íbúum landsins betri lífskjör. Hvarvetna í heiminum hafa menn horft til þessara náttúruauðlinda sem undirstöðu undir verklegar framkvæmdir og bætta afkomu.

Ríkisstj. hefur því beitt sér fyrir því, að undirbúningsathuganir á þessu sviði væru framkvæmdar með stórvirkjanir fyrir augum. Athuganir þessar hafa farið fram á ýmsum álitlegum virkjunarstöðum, og er ákveðið að verja til þeirra enn tugum milljóna króna, þ. e. a. s. til undirbúnings og áætlana aðeins. En þeir staðir, sem athugaðir hafa verið, eru aðallega þessir: Þjórsá, Hvítá, Jökulsá á Fjöllum og hverasvæðin í Hveragerði, við Mývatn og í Krýsuvík. Hafa undirbúningsathuganir þessar verið við það miðaðar fyrst og fremst að fullnægja orkuþörf stóriðjuvera, ef reist yrðu í sambandi við þessar virkjanir, alúmíníumverksmiðju og kísilgúrverksmiðju. Hafa undirbúningsviðræður farið fram um stofnun slíkra verksmiðja, og eins og sakir standa nú, virðast möguleikar á því, að þessar viðræður geti innan tíðar borið árangur og iðjuver þessi og orkuver orðið að veruleika, áður en langt um líður. Ég tel engan vafa á því, að hagnýting orkulinda okkar á þennan hátt eða annan svipaðan geti orðið atvinnulífi okkar og efnahagslífi styrk stoð og aukið þá fjölbreytni í íslenzku athafnalífi, sem okkur hefur svo stórlega vantað, með fiskveiðar og landbúnað að undirstöðu. Er enginn vafi á því, að aðgerðir ríkisstj. til að þoka þessum málum áfram eru hinar þýðingarmestu.

Á sviði félagsmála hefur einnig mikið áunnizt á síðustu tveim árum. Ber þar fyrst að nefna almannatryggingalögin, er samþykkt voru 1960 með stórauknum bótagreiðslum á öllum sviðum tryggginganna. Eftir þá breytingu eru íslenzku almannatryggingalögin komin nokkurn veginn upp að því bezta á því sviði, sem þekkist á Norðurlöndum, en þau eru, eins og kunnugt er, forgangsþjóðir hvað almannatryggingar snertir. Þá hefur verið ákveðið að setja mþn. í að betrumbæta þessi lög enn á ný, og hefur sú nefnd nú starfað um nokkra hríð og skilar væntanlega áliti bráðlega.

Húsbyggingamálin eru og hafa lengi verið ofarlega á baugi. Á þessu þingi, sem nú er að ljúka störfum, hafa verið samþykkt ný lög um verkamannabústaði, þar sem framlög til byggingarsjóðsins hafa verið aukin um 66⅔% og lánahámarkið aukið. Enn fremur hefur farið fram bráðabirgðaendurskoðun á lögunum um húsnæðismálastjórn og lögunum breytt í samræmi við þá endurskoðun nú á þessu þingi, þar sem m. a. hefur verið hækkuð sú upphæð, sem lána má út á hverja íbúð. Um þetta skal ég þó ekki fjölyrða, þar sem annar ræðumaður Alþfl. mun gera því máli fyllri skil. En á það vil ég aðeins benda, að fyrirgreiðsla á sviði húsnæðismála er ein hin þarfasta fyrir allan almenning og þýðingarmikið, að aukið fé sé útvegað til þeirra mála, en að því mun núv. ríkisstj. stefna og hefur með áðurnefndri lagasetningu skapað nokkur skilyrði fyrir því, að svo megi verða.

Þá hefur ríkisstj. enn á einu sviði félagsmála leitazt við að koma þeim til hjálpar, sem erfiðast eiga, en það eru annars vegar öryrkjar, en hins vegar vangefnir og fávitar. Ríkisstj. hefur staðið að lagasetningu á þessu þingi, sem veitir þessum hópum þjóðfélagsþegnanna báðum nokkur framlög til starfsemi þeirrar, sem höfð er uppi til aðstoðar þessu fólki, þ. e. til vistheimilabyggingar fyrir vangefna og til vinnuheimilabygginga fyrir öryrkja, og einnig til æfingastarfsemi og lækninga fyrir lamaða og fatlaða. Þetta fólk hefur verið sjálfu sér ónógt og til byrði fyrir aðstandendurna, en með þessum fjárframlögum, sem fyrir er séð nú og nema allt að milljónatug á ári, á að vera hægt að gera hvort tveggja í senn að losa heimilin við þunga byrði, vekja öryrkjunum nýja trú á sjálfa sig og tilveruna og gera þá að nýtum þjóðfélagsþegnum. Er hér áreiðanlega um að ræða mjög þýðingarmikið mál, sem ríkisstj. hefur gert rétt í að styrkja.

Aðaláhugamál Alþfl. hafa jafnan verið frá öndverðu félagsmál og atvinnumál. Ég tel, að á báðum þessum sviðum hafi í núv. stjórnarsamstarfi náðst merkilegur árangur. Þó að stefnumið Alþfl. og Sjálfstfl. séu í grundvallaratriðum ólík, hafa þeir þó í núverandi stjórnarsamstarfi getað komið sér saman um lausn þýðingarmikilla og aðkallandi mála á báðum þessum sviðum, sem ég er viss um að fela í sér bætt afkomuskilyrði fyrir allan almenning í landinu og þá ekki hvað sízt fyrir þá, sem erfiðast eiga uppdráttar.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði hér áðan, að nú væri það nauðsynlegast af öllu, að núv. stjórnarflokkar fengju ekki við næstu kosningar nægilegan þingmeirihluta til að standa að stjórnarmyndun. Hins vegar væri bráðnauðsynlegt, að fylgi Framsfl. væri aukið. Og hann gaf raunar með þessu fyllilega í skyn, að hann ætlaði sér að mynda þá stjórn með kommúnistum. Ég skal nú ekki um það dæma, hvort heppilegra væri, að þeir flokkar næðu saman völdum, en ég efast um, að þeir í sameiningu gætu komið fram fleiri hagsmunamálum fyrir íslenzka alþýðu heldur en Sjálfstfl. og Alþfl. hefur þó tekizt

Ég hef í þessum umr. meira dvalizt við það jákvæða í stefnu og starfi ríkisstj. heldur en að elta ólar við hinar neikvæðu fullyrðingar og steingeldu afstöðu stjórnarandstöðunnar. Ég tel mig vita, að almenningur og þjóðin í heild vilji fyrst og fremst óska, að stjórnin beiti sér af alhug og einlægni fyrir lausn aðkallandi vandamála, heldur en að taka þátt í pólitísku þrátefli, þar sem hver reynir að níða hinn niður. Þjóðin mun að síðustu dæma hina pólitísku flokka eftir verkum þeirra, og það er líka það, sem þeir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., óska eftir að þjóðin geri. — Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir kosningarnar haustið 1959 sögðu flestir frambjóðendur Sjálfstfl., að ef alþýða manna vildi fá bætt lífskjör sín, þá væri eina færa leiðin til þess sú að kjósa Sjálfstfl. Þegar kosningarnar voru svo afstaðnar og í ljós kom, að núv. stjórnarflokkar höfðu fengið út á kosningaloforðin meiri hl., og þegar þeir höfðu myndað stjórn, þá fóru þeir allt í einu

að tala um, að allir yrðu að færa fórnir. Næst kom svo boðskapurinn um nýtt efnahagskerfi. Þetta nýja efnahagskerfi var hugsað og byggt upp með það fyrir augum fyrst og fremst að draga sem mest úr almennum framkvæmdum í landinu. Hins vegar skyldi stefnt að því að rýmka athafnasvið þeirra, sem réðu yfir miklu fjármagni eða hefðu möguleika til að útvega sér það vegna stuðnings og velvildar við valdhafana.

Gengisfellingin var fyrsta sporið og það stærsta til að ná þessu marki. Næsta sporið var binding sparifjár og hækkun vaxta, sem var svo gífurleg, að afnema varð ákvæði laga um refsingu fyrir að taka okurvexti af lánsfé. Eru líklega ekki dæmi til þess, að nokkur önnur þjóð hafi gripið til slíkra ráðstafana, sem vaxtahækkunin var og afnám okurlaganna. Skattalögum var og er enn verið að breyta, þar sem það var unnið til að fella niður smávægilegan skatt af tekjum daglaunamanna til þess að geta látið líta svo út, að verið væri að ívilna þeim fátæku, þegar aðaltilgangurinn var sá að lækka opinber gjöld hinna auðugu. Síðan var settur söluskattur á næstum allar lífsnauðsynjar almennings, og kemur sá skattur auðvitað langþyngst niður á þá, sem flesta hafa til að fæða og klæða. Til þess að milda þetta ofur lítið voru fjölskyldubætur hækkaðar nokkuð, og hefur sú skrautfjöður verið látin blakta á áberandi hátt í hatti ríkisstj. Allt eru þetta kunnar staðreyndir, en það er þó aldrei of oft minnt á þær.

Ég get ekki stillt mig um, af því að stjórnin hrósar sér oft af því, að hún hafi lækkað skatta, að tilfæra hér glöggt dæmi um, hversu einkennileg aðferð hennar í því efni er og ófugmæli henni töm.

Á fjárlögum fyrir árið 1962 eru þrír helztu skattgjaldsliðir á almennar neyzlu- og fjárfestingarvörur þessir: vörumagnstollur 33 millj., verðtollur 438 millj. og söluskattur, að frádregnum þeim hluta hans, þeim 83 millj., sem sveitarfélögin fá, 510 millj. Þetta eru 981 millj. kr. samanlagt. Á fjárlögum fyrir árið 1958 voru þessir sömu skattgjaldstekjuliðir 325 millj. Þessir skattar hafa því þrefaldazt síðan 1958.

Dæmin um það, hvernig viðreisnarstefna hæstv. ríkisstj. hefur leikið bændastéttina, eru mörg. Þar tala þó tölur skýrustu máli. Ég ætla að bregða hér upp nokkrum dæmum um verðlag nokkurra rekstrarvara landbúnaðarins fyrir viðreisn og aftur nú. Á sama hátt mun ég einnig taka dæmi um verðlag nokkurra framleiðsluvara bændanna. Ég tek aðeins þrjár helztu rekstrarvörutegundirnar: fóðurbæti, áburð og rekstur véla. Ég tek einnig til samanburðar þrjár helztu tegundir framleiðsluvara: mjólk, dilkakjöt og kartöflur. Þetta er allt samkv. því verði, sem reiknað var með í verðlagsgrundvelli árið 1958 og aftur nú á s. l. hausti, og er miðað við meðalverð og meðalbú.

1958, hinn 1. sept., var meðalverð fóðurbætis kr. 3.61 pr. kg. 1961 er meðalverð fóðurbætis kr. 4.58 pr. kg., hefur hækkað um 27%. 1958 er meðalverð áburðar kr. 5.17 pr. kg, miðað við hrein áburðarefni, 1961 er það kr. 7.04 pr. kg, hefur hækkað um 36%. Árið 1958 var kostnaður véla á meðalbúinu 4527 kr., árið 1961 er þessi sami kostnaðarliður á meðalbúinu, sem þá hefur að vísu stækkað um hálfa kú og 17 kindur, orðinn 8923 kg., hefur hækkað um 97%.

Þá skal ég nefna þrjár helztu framleiðsluvörurnar. Þar er fyrst mjólkin. 1958 er lítri mjólkur reiknaður á kr. 3.92, en 1961 kr. 4.71, hefur hækkað um aðeins 20%. Árið 1958 er fyrsti verðflokkur dilkakjöts reiknaður á kr. 22.20 pr. kg, en 1961 á kr. 23.05 pr. kg, hefur hækkað um 4%. Kartöflurnar voru 1958 reiknaðar á kr. 3.10 pr. kg, en 1961 á kr. 3.62 pr. kg, höfðu hækkað um 17%.

Þessi dæmi sýna, að síðan núv. stjórnarflokkar tóku við stjórn landsins, hefur hagur bænda sífellt þrengzt. Þegar aðalrekstrarvörur bænda hækka frá 27—97%, þá hækka aðalframleiðsluvörurnar ekki nema frá 4—20%. Þegar svo einnig er höfð í huga sú gífurlega hækkun, sem orðið hefur á öllum fjárfestingarvörum, svo sem vélum og byggingarefni, þá sést bezt, við hvaða erfiðleika bændastéttin á að búa nú. Til dæmis um hækkunina á vélaverðinu frá því á árinu 1958 er það, að dráttarvél, sem þá kostaði rúmar 50 þús. kr., kostar nú yfir 100 þús. kr. Samsvarandi hækkanir hafa orðið á öllum öðrum vélum. Það eru hinar gífurlegu gengislækkanir, sem þessu valda. Bændur hafa gripið til þess ráðs í þessum vandræðum að kaupa frá Bretlandi notaðar dráttarvélar fremur en að hafa enga. Á s. l. ári munu hafa verið fluttar til landsins milli 300 og 400 dráttarvélar, flestar notaðar, og er slíkt vitanlega hreint nevðarúrræði.

Á sama tíma og þetta hefur skeð, hefur lánstími í stofnlánasjóðum landbúnaðarins verið styttur um ¼ og vextir hækkaðir um ⅓. Bóndinn, sem eftir viðreisn hefur tekið 200 þús. kr. lán í ræktunarsjóði og 100 þús. kr. í byggingarsjóði, hann borgar 44% hærra árgjald en sá, sem fyrir viðreisnina tók jafnhá lán í sömu stofnunum. Til viðbótar þessum ráðstöfunum má segja, að gengisfellingarnar hafi eyðilagt lánasjóði landbúnaðarins, þar sem þeir höfðu erlent lánsfé til þess að geta fullnægt eftirspurn bænda eftir lánum. Ríkisstj. hefur brugðizt skyldu sinni að bæta þessum stofnunum tap þeirra. Hrein eign þessara sjóða var í árslok 1958 105 millj. kr. Nú, 4 árum síðar, er hagur sjóðanna þannig, að eignirnar eru 34 millj. kr. minni en ekki neitt.

Þannig hefur viðreisnin leikið þá. Nú hefur hæstv. ríkisstj. með hæstv. landbrh. í fararbroddi tekið sér fyrir hendur að rétta hag þessara lánastofnana bændanna. En í stað þess að bæta sjóðunum tapið af sameiginlegu fé þjóðarinnar, eru þeir, sem enga sök eiga á tapi sjóðanna, bændurnir sjálfir, látnir gera það á þann hátt, að þeir eru skattlagðir með gjaldi á búvörur, og nemur sá skattur um 1700 kr. á meðalbónda árlega. Með þessari aðferð er gert ráð fyrir, að það taki 14 ár að byggja hina nýju stofnlánadeild upp. Skatturinn á bændur er áætlaður 133 millj. á þessu tímabili og gjaldið á útsöluverð landbúnaðarvara 86 millj. Gert er ráð fyrir, að stofnlánadeildin fái á þessum tíma vexti af lánum til bænda alls 485 millj. Þar sem reiknað er með 6—6½% vöxtum, er

það þriðjungshækkun frá því, sem var fyrir viðreisn. Þessi hækkun vaxtanna gerir því ekki minna allt þetta tímabil en 160 millj. kr. Þarna koma því beint á bændur umfram það, sem áður var, nálægt 300 millj. kr., auk 86 millj. gjaldsins á útsöluverðið, sem einnig lendir á bændum að einhverju leyti. Þannig hafa loforðin um bætt lífskjör verið efnd hvað bændur snertir.

Ég ætla engu að spá um það, hversu lengi bændur standa undir oki viðreisnarinnar. En það verður varla um það deilt lengur, að það hefur orðið þeim alldýrt, að núv. stjórnarflokkum var falið vald yfir málefnum landsins.

Eitt undarlegasta fyrirbærið í ævintýraheimi viðreisnarinnar er flutningur sparifjár hvaðanæva að af landinu til Reykjavíkur og frysting — eða svokölluð binding þess í Seðlabankanum.

Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1961 er frá því skýrt, að á því ári hafi innlánsstofnanir orðið að binda 253 millj. kr. í Seðlabankanum, og eru þessar innlánsstofnanir þá skv. efnahagsreikningi bankans búnar að binda þarna samtals 318 millj. Af þessu fé greiðir bankinn eigendunum 9% vexti, og er það upp undir 30 millj. kr. á ári. Hæstv. ríkisstj. tekur ekki nærri sér að láta Seðlabankann borga um 30 millj. kr. af þessu dauða fjármagni árlega, en þetta er þó hærri upphæð en þurft hefði á ári í nokkur ár til þess að bæta lánasjóðum landbúnaðarins gengistöp þeirra og efla þá á nýjan leik.

Ég hef nú sýnt með nokkrum dæmum, hvernig stjórnarstefnan hefur reynzt bændum. Afleiðingarnar láta ekki heldur á sér standa, þar sem jarðabótamönnum er nú tekið að fækka. Þeir voru 1959 3906, 1960 voru þeir 3520, en á s. l. ári lítur út fyrir skv. bráðabirgðayfirliti, að þeir hafi ekki verið nema 3281. Hefur þeim þá á tveim s. l. árum fækkað um 625 eða um 16%. Af 16 tegundum framkvæmda jarðabótamanna á s. l. þrem árum hafa tólf þessara framkvæmda farið minnkandi. Þar er þó munurinn mestur á vélgröfnum skurðum. En landþurrkun má heita undirstaða ræktunarframkvæmda í landinu. Landþurrkunin var á s. l. ári 31% minni en hún var 1958.

Þegar litið er á allar þær staðreyndir, sem ég hef hér drepið á, verður ekki annað séð en stefna hæstv. ríkisstj. sé sú að fækka bændum mjög mikið á næstu árum. Vel getur verið, að það heppnist, en ekki hef ég trú á því, að það verði gæfuspor fyrir þjóðina. Hitt gæti orðið þjóðinni til meiri farsældar, að efla og stækka bændastéttina. Þess vildi ég mega vænta, að bændurnir megi standa af sér þá aðför, sem þeim hefur verið veitt. Í þeirri baráttu eru þeirra öruggustu vígi samvinnuhreyfingin, stéttarsamtökin og Framsfl. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur nær og fjær. Hæstv. forsrh. talaði hér í kvöld og gaf tóninn í þeim málflutningi, sem hér mun fara fram af hálfu hæstv. ríkisstj. Margar voru þær fullyrðingar í þessari ræðu, sem ástæða væri til að taka til sérstakrar meðferðar, en einu atriði vil ég þó sérstaklega mótmæla. Hæstv. forsrh. reyndi að gera lítið úr þeim byrðum, sem vaxtahækkun „viðreisnarinnar“ hefur lagt á atvinnuvegina, en þetta er alrangt. Háu vextirnir hvíla þungt á öllum atvinnurekstri, og á það hefur verið bent opinberlega, að vaxtakostnaður hraðfrystihúsa nemur nálægt 50% af þeirri upphæð, sem þar er greidd í vinnulaun. Sést af því, hverju það mundi muna, ef vextir væru lækkaðir.

Það er nú farið að síga á seinni hluta kjörtímabilsins, því að nú er aðeins rúml. eitt ár til næstu alþingiskosninga. Það líður einnig að lokum þessa þings, og þessar umr. hljóta því að markast af slíkum tímamótum, sem vissulega gefa tilefni til að horft sé um öxl og virt fyrir sér sú stjórnarstefna, sem ráðið hefur hér á landi undanfarin þrjú þing. Umræðutíma mínum er skorinn svo þröngur stakkur, að ég get ekki rakið þetta yfirgripsmikla mál til hlítar og verð því að halda mig við meginlínur og benda á nokkur einstök dæmi, sem þó má skoða sem samnefnara þeirra aðgerða, sem mér virðast einkennandi fyrir stefnu hæstv. ríkisstj.

Þessi stefna kom fram fullmótuð þegar á fyrsta þingi kjörtímabilsins, og grundvöllur hennar eru lögin um efnahagsmál frá því í febrúar 1960. Hversu þau lög eru í samræmi við kosningastefnuskrá hæstv. stjórnarflokka, skal ég ekki fara út í að þessu sinni, enda gerði sá hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, því ágæt skil. Í lögum um efnahagsmál birtist stjórnarstefnan í sinni réttu gerð, og leita má um túlkun á henni í fleiri heimildir, bæði grg. frv., þegar það var lagt fram, og eins í bækling þann, sem prentaður var undir nafninu „Viðreisn“ og sendur var inn á hvert heimili í landinu á kostnað ríkissjóðs sem kveðja til almennings frá hv. stjórnarflokkum.

Og hver er þá stefnan, sem þarna kemur fram? Álíta verður við fyrstu athugun, að hún felist í nafninu, sem stjórnin valdi sínum fræga bæklingi, enda hefur það margoft verið sagt, að hæstv. ríkisstj. stefni að viðreisn efnahagslífsins. Þannig var það túlkað í bæklingnum, og sama var endurtekið í grg. fyrir frv. til laga um efnahagsmál, þessi fullyrðing hefur verið endurtekin sí og æ síðan. Skv. kenningu hæstv. ríkisstj. var stefnan sú að hverfa með öllu frá uppbóta- og styrkjakerfi og gera í þess stað ráðstafanir, sem gerðu atvinnuvegunum kleift að standa algerlega á eigin fótum. Auk þess átti að búa svo um hnútana, að ekki myndaðist greiðsluhalli við útlönd, og koma í veg fyrir skuldasöfnun erlendis, sem hæstv. ríkisstj. taldi að væri að sliga fjárhag þjóðarinnar.

Í sjálfu sér voru þessi markmið lofsverð, og vildu fleiri eiga þátt í því að draga úr styrkja- og uppbótakerfi, eftir því sem tök væru á, og vafalaust eru allir sammála um, að nauðsynlegt sé að jafna erlendar skuldir og viðskiptahalla. En hitt hlaut að leiða til ágreinings, að valdar voru þær leiðir, er hæstv. ríkisstj. bar fyrir brjósti og kappkostaði svo mjög að framkvæma eftir öll sín fögru loforð fyrir kosningar um batnandi lífskjör, stöðvun verðlags og skattalækkanir. Ekkert þessara kosningaloforða var hægt að uppfylla með þeim aðgerðum, sem hæstv. ríkisstj. valdi sem stefnu sína þetta kjörtímabil. Stefna hæstv. ríkisstj. hefur verið nefnd

samdráttarstefna, vegna þess að hún var á því reist að draga úr framkvæmdum, sem byggðust á félagslegu mati og þörf einstakra atvinnugreina og stétta, sem hefur verið ráðandi stefna að mestu undanfarin 30—35 ár. Hæstv. ríkisstj. stefndi að því að gera einkaauðmagnið að forsjá framkvæmda í landinu, sem til þess eins er fallið að auka gróða nokkurra útvalinna einstaklinga og bankanna á kostnað alls almennings í landinu. Þessi stefna mun því fyrst og fremst leiða til breyttrar og ójafnari tekjuskiptingar og verulegs samdráttar í flestum greinum, enda beinlínis að því stefnt.

Fyrstu áhrif efnahagsráðstafananna komu fram í ægilegri flóðöldu verðhækkana á allri nauðsynjavöru almennings. Höfðu verðhækkanir aldrei orðið meiri á jafnskömmum tíma, og voru lífskjör almennings því stórlega skert. Jafnframt jókst allur framleiðslukostnaður gífurlega og sagði fljótlega til sín í flestum atvinnugreinum til lands og sjávar. Víða voru þessi áhrif svo snögg og komu fram með slíkum þunga, að það varð almæli þeirra, sem í framkvæmdum stóðu, að allt venjulegt athafnalíf mundi herpast í hnút, ef þessu yrði haldið áfram. Þetta kom glögglega fram að því er útgerðina snerti, og strax fyrsta viðreisnarárið urðu útgerðarmenn að standa í ströngu gagnvart hæstv. ríkisstj. um einhverja tilslökun á krepputakinu, sem þeir voru teknir, því að ella var útgerðin og öll hennar starfsemi komin í strand. Hæstv. ríkisstj. varð að láta nokkuð undan síga um og eftir áramótin 1960—61, og eftir mikil átök hófst vetrarvertíð loks seint og síðar meir. Nú hafði það verið sagt, að viðreisnin væri alveg sérstaklega stíluð upp á þarfir útgerðarinnar, en óvíða hafði hún komið verr við en í sambandi við þá atvinnugrein, og lætur þá að líkum, hvernig fór um sumar aðrar framleiðslugreinar og atvinnustarfsemi. Kemur mér þá sérstaklega í hug landbúnaðurinn og byggingarstarfsemi í kaupstöðum, sem einna harðast hafa orðið úti af völdum viðreisnarinnar, og á það þó eftir að sýna sig enn betur.

Árið 1961 var fremur flestu öðru varðað ósigrum viðreisnarstefnunnar, eins og hún var upphaflega boðuð. Hefur hæstv. ríkissti. síðan tekið að fleyta sér yfir erfiðleika sína með því að brjóta hverja meginreglu sína á fætur annarri og þ. á m. tekið upp uppbótakerfi og játað þannig mistök sín og staðleysu fullyrðinga sinna í verki. En það varð almenningi til bjargar, að árferði var yfirleitt gott, með nokkrum undantekningum þó, og aflabrögð í heild slík, að ekki hafa þau betri verið um langt árabil, enda meiri afli úr sjó dreginn en nokkru sinni áður og verðmæti hans eftir því. Almenningi tókst með hagstæðum samningum að fá kjör sín bætt frá því, sem verið hafði, þó að mikið skorti á, að náð væri sama kaupmætti og var á tímum vinstri stjórnarinnar. Var samkomulagi verkalýðsins og atvinnurekenda almennt fagnað af báðum aðilum, og átti vinnufriður að vera tryggður næstu tvö ár, ef ekki kæmu til sérstakar aðgerðir. Vegna góðæris, aukins afla og góðra sölumöguleika á útflutningsafurðum var sýnilegt, að atvinnuvegirnir gátu risið undir kauphækkununum, enda voru þær ekki meiri en svo, að vaxtalækkun og tilslökun á lánsfjárhömlum hefði farið langt með að vega upp á móti þeim kostnaði, sem atvinnuvegirnir annars tóku á sig. Það er því ekki annað en fyrirsláttur að halda því fram, að kauphækkanirnar leiddu til aukins framleiðslukostnaðar, sem mundi sliga atvinnuvegina. Kaupgreiðslurnar á s. l. ári voru síður en svo fjötur um fót íslenzku atvinnulífi. Það, sem lamaði atvinnulífið, voru viðreisnarráðstafanirnar, vaxtaokrið, lánsfjársamdrátturinn og aukinn framleiðslukostnaður vegna gengisfellingar. Ef þessu oki hefði verið létt af, var þeim mun auðveldara að greiða það kaup, sem samið var um, og þegar einnig er tekið tillit til framleiðsluaukningar vegna sérstaks góðæris, þá hafði hæstv. ríkisstj. það á valdi sínu að bæta hag almennings og atvinnuveganna samtímis og sjá svo um, að slíkt ástand mætti haldast.

En þrátt fyrir viðreisnina er þó víða fjör í athafnalífi, og veldur þar hvort tveggja, að uppbyggingin hafði verið ör fyrir viðreisn og aflabrögð hafa verið óvenjugóð um allt land. Sjávarplássin á Norður-, Austur- og Vesturlandi njóta nú þeirrar uppbyggingar, sem þarna er um að ræða. Framsfl. beitti sér fyrir fjárhagslegum stuðningi við mörg byggðarlög, m. a. með ráðstöfun atvinnuaukningarfjár, sem hefur orðið ómetanleg lyftistöng undir framfarir á þessum stöðum. Núv. hæstv. ríkisstj. stefnir að því að draga úr stuðningi í þessu formi, eins og nýsamþykkt lög um atvinnubótasjóð bera með sér, en þar er ákveðið að verja í þessu skyni 10 millj. kr. árlega næstu 10 ár, en í tíð vinstri stjórnarinnar var atvinnuaukningarfé 13.5—15 millj. á ári. Miðað við verðgildi peninga nú er varla ofsagt, að þessi lækkun atvinnuaukningarfjár svari til þess, að nú sé varið helmingi minni fjárhæð til þessara þarfa en var á tímum vinstri stjórnarinnar. Þessa starfsemi hefði fremur átt að auka en minnka og stofna í því skyni myndarlegan framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð, sem hefði það markmið að efla atvinnulífið úti um land og gera sem flestum kleift að koma fyrir sig fótum í sjálfstæðum rekstri, m. a. til þess að eignast fiskibáta.

Ein af afleiðingum viðreisnarinnar er stórkostleg hækkun verðs allra atvinnutækja til lands og sjávar. Þetta á ekki síður við um sjávarútveginn en aðrar greinar, og get ég nefnt hér máli mínu til sönnunar eitt dæmi, sem er lýsandi tákn þess, sem gerzt hefur í verðlagsmálum í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj.

Um áramótin 1959—60 kostaði 75 rúml. eikarbátur, innfluttur, um 3 millj. kr., en kostar nú um 5 millj. kr. Verðhækkun er því 2 millj. kr. Eins og lánareglum fiskveiðasjóðs er háttað, þurfti kaupandi slíks báts að leggja fram af eigin fé um 1 millj. kr. í fyrra tilfellinu, en verður nú að leggja fram um 1.6—1.7 millj. Þá hefur hæstv. ríkisstj. rýrt lánskjörin hjá fiskveiðasjóði þannig, að lánin eru til 15 ára nú í stað 20 ára áður, og vextir nú 6½% í stað 4% áður. Þetta veldur útgerðinni stóraukinni vaxta- og afborganabyrði, og í því dæmi, sem ég hef hér nefnt, lætur nærri, að árgjaldahækkun af

fiskveiðasjóðsláni nemi um helmingi þess, sem var fyrir þremur árum, miðað við fyrstu afborgana- og vaxtagreiðslu. Þannig leikur viðreisnin útgerðina, sem hún átti þó sérstaklega að vernda. Og hver skyldi þá vera útkoman í öðrum greinum? Skoðað í ljósi kosningaloforða hv. stjórnarflokka fyrir þremur árum er þetta þungur áfellisdómur um efndir þeirra orða, sem allt of margir kjósendur tóku trúanleg. En þetta er aðeins eitt dæmi. Fleiri mætti vissulega nefna, sem ekki eru hliðhollari stjórnarstefnunni, en þau verða að bíða um sinn.

Tími minn er þrotinn, og ég get því miður ekki tekið fyrir fleiri atriði, sem ég hafði ætlað mér að tala um, og læt máli mínu lokið. — Góða nótt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mun verja þessum mínútum til þess að drepa á örfá landbúnaðarmál, en áður en ég vík að þeim, mun ég fara fáeinum orðum um samgöngumál og þá einkum vegamálin.

Samgöngumálin eru ein af frummálum hverrar þjóðar. Eru þau það ekki síður hjá okkur Íslendingum, nema fremur sé, þar sem við búum í víðáttumiklu landi. Góðar samgöngur og öruggir vegir eru lífæðar þjóðarinnar. Þær eru undirstaða allrar framleiðslu til lands og sjávar, og nefni ég þar t. d. mjólkurframleiðslu og síldveiðar, og undirstaða félagslegra skipta meðal fólksins. Og svo vill þjóðin öll þekkja sitt land með því að geta notað bílinn til þess að ferðast um nes og dali, um byggðir og óbyggðir. Það er því ekki aðeins mál þeirra, er hvert hérað byggja, að fá góða vegi, það er mál þjóðarinnar allrar. Fjárveitingar til vegamála fara vaxandi ár frá ári, en verkefnin eru stórkostleg. Alþingi 1961 samþykkti þál. um skipun mþn. til að endurskoða vegalögin, gera till. um þjóð- og héraðavegi, hvort þeirri skipan skuli halda, og um leið til fjáröflunar til samgönguæða landsins, er leitt gæti af sér stórum auknar framkvæmdir. Þessi mþn. starfar nú af fullum krafti, og fyrirhugað er, að hún ljúki störfum fyrir næsta Alþingi. Slík endurskoðun er brýn nauðsyn. Það þarf að finna leið til að kerfisbinda vegaskipanina og vegaframkvæmdirnar, þannig að unnt sé að gera áætlanir nokkur ár fram í tímann. Brú og vegur er ein heild, jarðgöng enn fremur. Meginatriðið er þó, að vegalagningar njóti ákveðinna tekjustofna, sem gera mögulegar mjög auknar framkvæmdir í vegagerðum.

Lögin um lausaskuldir bænda hafa verið afgreidd á Alþingi. Er nú verið að leggja síðustu hönd á lánsskjöl margra umsækjenda í Búnaðarbankanum. Þessi löggjöf gerbreytir aðstöðu allmargra bænda, sem hafa verið ofhlaðnir lausaskuldum. Ég hef bent á í grein í Mbl. nýlega út af samanburði á vöxtum af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs, að meðalvextir af stofnlánum landbúnaðarins, eins og þau voru um síðustu áramót og að viðbættum lausaskuldalánunum, miðað við áætlaða upphæð þeirra, 80 millj. kr., — að meðalvextir af stofnlánum landbúnaðarins séu tæplega 5%. Ég hef ekki haft aðstöðu til að afla mér hliðstæðra upplýsinga fyrir stofnlán sjávarútvegsins, en tel þó líklegt, að meðalvextir séu þar frekar hærri. Er það og að minni hyggju eðlilegt, að frekar væri munur á þá hliðina.

Það er deilt á okkur sjálfstæðismenn fyrir aðgerðaleysi og tregðu um löggjöf til stuðnings kornyrkju í landinu. Reynsla síðustu ára hefur mjög aukið trú manna á, að kornyrkja eigi hér góða framtíð. Hinar nýju uppskeruvélar hafa gerbreytt möguleikum kornyrkjunnar, og eins og framþróun er á öllum sviðum, má ætla, að nýjar byggtegundir komi smátt og smátt fram, sem geri ræktunina enn öruggari og árvissari. Kornræktaráhuginn er mjög lofsverður, og það er sjálfsagðara mál en ræða þurfi, að þessi ræktun njóti eðlilegra starfsskilyrða og þá fyrst og fremst um verð framleiðslunnar. Aðeins á þeim grundvelli er unnt að meta réttilega, hve arðvænleg byggræktin er. Jarðræktarframlagið er nú greitt í akurlendi eins og tún, en þó aðeins í eitt skipti. Í þessu felst að vísu lítill stuðningur, en er þó ekki einskis virði. En hitt verður meira virði, að væntanlega verður fljótt mögulegt samkvæmt lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins að veita lán til vélakaupa vegna kornyrkju. Ég held, að gott sé að fá meiri reynslu af hinum nýju viðhorfum í kornræktinni, áður en löggjöf er sett. Sjá þarf um, að kornræktin hafi eðlileg starfsskilyrði. En ég held, að hóflega eigi að fara í beinan fjárstuðning við þessa einu grein ræktunar umfram aðrar. Kornyrkja heyrir aðeins til hinum beztu sveitum um veðurfar og ræktunarskilyrði. Mikill stuðningur við hana umfram aðrar greinar gæti falið í sér að auka enn á innbyrðis aðstöðumun meðal bændanna í landinu.

Grasið er okkar gróður, grasræktin undirstaða búskapar okkar, og umfram allt megum við ekki láta okkur sjást yfir það, að enn er aukin grasrækt, stóraukin heyöflun mesta nauðsynjamál búskaparins í heild.

Stærsta mál landbúnaðarins, sem þetta Alþingi hefur fjallað um, er stofnlánadeild landbúnaðarins. Með því er til frambúðar leyst úr þeim vanda, sem lánamál landbúnaðarins hafa verið í raunar um langa hríð, en var orðin fullkomin sjálfhelda. Meginatriði þessa máls eru að verða nokkuð kunn, en þó er rétt að drepa á þau.

Stofnlánadeildin yfirtekur byggingar- og ræktunarsjóð, eignir þeirra, skuldir og skuldbindingar. Stofnfé er enn fremur 60.5 millj. kr., er ríkissjóður leggur fram. Auk þess fær svo deildin árlegar tekjur, sem eru þessar:

1. Úr ríkissjóði, fast framlag, 4 millj. kr.
2. 1% álag á söluvöru landbúnaðarins á sama grundvelli og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Jafnt framlag úr ríkissjóði á móti þessu 1% álagi.
4. ¾% gjald af búvörum seldum innanlands, sem innheimt er ýmist af útsölu- eða heildsöluverði.

Þessar tekjur eiga að nema samkvæmt áætlun á árinu 1963 um 26 millj. kr. Þar af er 1% álagið frá bændum rétt um eða rúmar 8 millj. kr. Auk þess eru svo vaxtatekjur. Með þetta veganesti byggir stofnlánadeildin sig ört upp, byggir upp öflugan höfuðstól, sem skv. áætlun, sem birt var sem fskj. I með frv., getur eftir 14 ár numið

um 500 millj. kr., og er þá auk þess að fullu greiddur gengishalli sá, er lagzt hefur á sjóðina vegna erlendra lána og mun nema alls um 160 millj. kr. Slík stofnun á að vera megnug þess að leysa aðkallandi lánsfjárþörf landbúnaðarins, ekki aðeins vegna bygginga og ræktunar, svo sem verið hefur að mestu hingað til, heldur einnig til vélakaupa og bústofns, en til þess hefur ávallt skort fé. Heimilt er að lána veðdeild 10 millj. kr. á ári, ef fé verður fyrir hendi. Segja má, að þetta sé veikasti þáttur þessarar löggjafar, þar sem þörf fyrir lán úr veðdeild til jarðakaupa er ákaflega brýn, ákaflega aðkallandi að greiða fyrir eignaskiptum á jörðum. Á hinn bóginn er ekki líklegt, að önnur leið yrði árangursríkari fyrir veðdeildina, þegar litið er á hina öflugu uppbyggingu stofnlánadeildarinnar, sem auðvitað gefur því betri aðstöðu til útvegunar lánsfjár að auki sem deildin er öflugri að eigin fé.

Ég vil fara nokkrum orðum um 1% búvörugjaldið. Því er haldið fram af framsóknarmönnum, að það sé ranglátur nýr skattur á kaup bænda, bændur hafi ekki skyldur umfram aðra í þjóðfélaginu að byggja slíka lánastofnun upp að nokkru leyti. Rétt er að virða málið ögn nánar fyrir sér. Stofnlánadeildin er meginaflgjafi við að rækta og byggja landið, en auk þess leggja bændur árlega fram mikið fjármagn í umbætur á jörðum sínum. Það fjármagn taka þeir m. a. af kaupi, sem þeir bera úr býtum við búskapinn. Reyndin er sú, að nokkuð af þessu fé leggja þeir þjóðfélaginu til, byggja með því upp þjóðfélagslegan höfuðstól. Flestum mun t. d. vera ljóst, að við sölu á jörðum fá bændur ekki endurgreitt að fullu það fé, sem þeir hafa lagt í umbætur á jörðum sínum, og vantar oftar mikið til. Þessar staðreyndir eru kunnar lengst af, frá því er tími umbótanna hófst í íslenzkum landbúnaði. Þetta hefur þjóðfélagið líka viðurkennt, þetta framlag bændanna til þjóðfélagsins, t. d. með stuðningi samkvæmt jarðræktarlögum. Þá vaknar sú spurning: Er það ranglæti og ný skattlagning að beina litlum hluta af því fé, sem bændur hafa sjálfir lagt í umbætur á jörðum sínum og lagt að einhverju leyti inn á reikning þjóðfélagsins, beina því eftir öðrum farvegi að sama marki, láta ofur lítinn hluta af því kaupi, sem bændur verja til umbóta á jörðum sínum, verka sem segul í stofnlánadeild landbúnaðarins og draga að henni fjármagn úr öðrum áttum. Sá munur er að vísu á þessu, að bændur ráða sjálfir því framkvæmdafé, er þeir leggja í umbætur á eigin jörð, en þeir, sem beita sér fyrir eflingu stofnlánadeildarinnar, telja hagfelldara að verja litlum hluta af þessu framkvæmdafé bændanna eftir þjóðfélagslegum leiðum að sama marki, því marki að rækta og byggja landið, afla véla, t. d. súgþurrkunartækja og dráttarvéla, til búrekstrarins og létta hlut frumbýlinganna, er þeir stíga fyrstu búskaparsporin, margfalda gildi þessa umbótafjár með því að draga að fé í stofnlánadeildina. Ég held, að hér sé farin skynsamleg leið, og raunverulega felst ekki í þessu ný skattlagning á bændastéttina sem heild. Með 1% búvörugjaldinu er einnig verið að jafna ofur lítið aðstöðuna meðal bænda innbyrðis. Þeir, sem mest hafa notið lánanna fram til þessa, hafa yfirleitt stærri bú og meiri framleiðslu en meðalbóndinn í landinu eða meðalbóndinn í héraðinu. Þeir leggja þá meira af mörkum í framtíðarstofninn í lánasjóðnum, sem þeir njóta fyrst og fremst, sem nú eiga starfið fram undan við umbætur á eigin jörð eða hefja búskap. Þetta er leið samstarfs og samhjálpar, leið félagshyggjunnar, sem reynzt hefur farsæl í umbótamálum landbúnaðarins og þjóðfélag vort grundvallast nú svo mjög á.

Um vaxtakjör þessarar stofnunar er það að segja, að auðvitað er æskilegt að bæta þau á lánunum frá því, sem nú er. En það liggur í augum uppi, að því öflugri sem lánastofnunin er, því meiri tekjur sem hún hefur á hverju ári, því betur stendur hún að vígi að lána með hagstæðum vaxtakjörum og einnig með lengri lánstíma.

Framsóknarmenn hafa undanfarin þing flutt frv. um, að ríkissjóður tæki að sér að greiða gengishalla sjóðanna. Með því var að vísu bráðasti vandinn leystur miðað við daginn í dag, en með því var lánamálið ekki leyst til frambúðar. Stofnlánadeildin fær stofnfé frá ríkissjóði, 60 millj. kr., auk árlegra tekna frá því opinbera, um 18 millj. kr., til að byrja með, en meira síðar, þar með talið neytendagjaldið. Með þessu er ekki einasta létt gengishallanum af sjóðunum, heldur einnig byggður upp stofn í lánadeildina, sem gerir hana öfluga og trygga um alla framtíð. Þá segja framsóknarmenn: Þetta er ekki eins og það á að vera. — Og nú koma þeir með till. um, að gengishallann eigi að færa á reikning í Seðlabankanum. Þetta truflar að vísu ekkert þá markvísu stefnu ríkisstj. með landbrh. í fararbroddi að leysa lánamál landbúnaðarins til frambúðar. En þegar fram eru komnar viðtækar og framsýnar till. ríkisstj. um framtíðaruppbyggingu lánasjóðanna, þá koma framsóknarmenn með till. um 25 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði til stofnlánadeildarinnar. Þeir og stjórnarandstaðan hafa gert fleiri till. um fé úr ríkissjóði. Þegar húsnæðismálin voru til umr., kom Lúðvík Jósefsson með till. um, að 1% af tekjum ríkissjóðs gengi árlega til húsnæðismála, og Framsókn var með. Og til verkamannabústaða skyldi samkvæmt þeirra till. framlag ríkissjóðs tvöfaldast. Og þegar aflatryggingamál útvegsins voru til meðferðar, mátti ekki hafa svonefnda jöfnunardeild, sem átti að létta vandræði af aflaleysi á þann hátt, að útgerðin sem heild stæði að baki, en aflaleysi togaranna á að bæta af almannafé, segja stjórnarandstæðingar, og þá væntanlega úr ríkissjóði. Ég bregð upp þessari mynd, af því að e. t. v. átta menn sig ekki að jafnaði á henni í slíku samhengi. Mér flýgur í hug auglýsingatæknin: Bara hringja, svo kemur það.

Við alla afstöðu framsóknarmanna til þessa stofnlánadeildarmáls minnist ég sögu af málarameistaranum, sem var að segja frá atvikum úr langri starfsævi. Skömmu eftir síðasta stríð var hann að mála íbúð. Er hann hafði lokið við að mála eldhúsið, er húsfreyjan ekki ánægð með litinn. Er það skemmst frá að segja, að 16 sinnum málaði hann eldhúsið, þar til hún var

ánægð. En það sem sögulegast var, hann endaði einmitt á þeim litnum, sem hann málaði með í upphafi. Ég held, að ef framsóknarmenn hefðu í alvöru átt að leysa þetta mál, þá hefðu þeir fyrr en síðar komizt að þeirri niðurstöðu, að sú lausn, er í frv. felst, er hin farsælasta, og ekki hefði þurft að athuga 16 liti til að komast að þeirri niðurstöðu.

Þótt nú sé aðeins vika til sumars, er vetur um allt land, harður vetur, óvenjuharður norðan og austanlands. Oft hefur íslenzka þjóðin mátt þreyja þorrann og góuna og einmánuðinn í ofanálag. Það var vonin og trúin á sumarið fram undan, sem gaf þróttinn. Þótt nú sé hvítagaddur um stór landssvæði, vonum við og trúum, að sumarið sé í nánd. Ég býð ykkur öllum við strönd og í dal gleðilegt sumar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, í kvöld, halda framsóknarmenn því fram, að við fall vinstri stjórnarinnar hafi hér verið ágæt afkoma, atvinnulífið í blóma, gjaldeyriseign, tekjuafgangur, allt í himnalagi, að undanskildu þessu lítilræði, að ríkisstj. réð ekki við vísitöluna og verðbólguna. Það, sem bagaði vinstri stjórnina, sagði hv. þm., var vísitölukerfið. Þetta minnir á frásögn frá ævilokum skáldsins Benedikts Gröndals. Þorvaldur Thoroddsen kom til Gröndals tveimur eða þremur dögum áður en hann dó, og var hann þá mjög veikur. „Hvernig líður þér í dag, Gröndal?" spurði Þorvaldur. Gröndal svaraði: „Ég get ekki gengið og ekki andað, en annars líður mér vel." Án þess að ég vilji líkja saman hinu skarpgáfaða skáldi og hinni vesælu vinstri stjórn, þá var henni eitthvað svipað farið, þegar hún lá banaleguna. Henni hefur orðið þungt og þröngt um andardrátt, og víst er það, að hún gat ekki gengið, hún réð ekki við dýrtíð né vísitölu, en annars leið henni vel, eða svo fannst Framsókn.

Á þeim tveim árum, sem liðin eru, síðan viðreisnin hófst, hefur verið unnið að margháttuðum umbótum á mörgum sviðum þjóðlífsins. Skulu nefndar hér nokkrar þeirra.

Afkoma þjóðarinnar í heild hefur rétt við. Ár hvert, síðan styrjöldinni lauk, hafði verið halli á þjóðarbúskapnum og skuldum safnað, þangað til í fyrra, þá varð greiðslujöfnuður þjóðarbúsins hagstæður um 200—250 millj. Í ársskýrslu Seðlabankans segir: „Er því óhætt að segja, að náðst hafi mjög mikilvægur árangur í þeirri viðleitni að styrkja stöðu þjóðarinnar gagnvart útlöndum." Í beinu sambandi við afkomu þjóðarbúsins út á við er gjaldeyrisástandið. Skortur á erlendum gjaldeyri hefur lengst af verið þjóðinni þrálát plága og fjötur um fót. Nú hefur skipt um. Þegar viðreisnin hófst í lok febr. 1960, var gjaldeyrisskuld bankanna 216 millj., reiknað með núv. gengi. En nú, tveim árum seinna, er gjaldeyriseignin 704 millj. og bati á þessum tveim árum því um 920 milllj.

Fjárhagsafkoma ríkissjóðs er einn af hyrningarsteinum efnahagslífsins. Á því eina heila ári, sem vinstri stjórnin sat, 1957, varð greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Á þeim tveim árum, sem núv. stjórn hefur starfað, hefur orðið nokkur tekjuafgangur bæði árin. Umframgreiðslur — útgjöld umfram áætlun fjárlaga — hafa lengi tíðkazt og oft verið mikill misbrestur á því, að fjárlögum væri fylgt, stundum ekki gætt nægilegs hófs um útgjöld fram yfir heimildir fjárlaga. En 1960 urðu útgjöld ríkisins í fyrsta skipti lægri en fjárlög höfðu áætlað.

Tveir hv. þm. hafa gert að umtalsefni hér í kvöld gengishagnað af útflutningsbirgðum s. l. haust, sem ríkissjóður hafi ranglega tekið traustataki af útveginum. Því er til að svara, að við fyrri gengisbreytingar hefur gengisgróði af birgðum ekki verið látinn renna til þeirra, sem áttu þær birgðir á þeim degi, er gengislækkun varð. Þessi gengishagnaður verður ekki látinn renna til ríkissjóðs, heldur í sérstakan ríkisábyrgðasjóð til þess að standa undir áföllnum ábyrgðum vegna atvinnuveganna, og fer þetta fé þannig fyrst og fremst til þarfa útvegsins.

Hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að gengisbreytingin hefði bjargað ríkissjóði og væntanlega verið til þess gerð. Þetta er misskilningur. Þær auknu tolltekjur og aðrar tekjur, sem ríkissjóður hlaut af gengisbreytingunni, námu ekki hærri upphæð en aukin útgjöld hans vegna hennar.

Lögð hefur verið rækt við það að koma á umbótum og bættu skipulagi við ýmsa opinbera starfsemi. Hefur það þegar borið verulegan árangur til sparnaðar. Hér skulu þrjú dæmi nefnd. Viðskiptafrelsið gerði kleift að leggja niður innflutningsskrifstofuna og spara þar um 3 millj. kr. á ári. Fyrirhuguð sameining innheimtu ríkisskatta, útsvara og sjúkrasamlagsiðgjalda í Reykjavík mun spara um 6 millj. kr. á ári. Sameining áfengis- og tóbaksverzlunar sparar um eða yfir 2 millj. kr. á ári. Fjöldi annarra atriða til aukins sparnaðar og hagkvæmni hefur ýmist komizt í framkvæmd þegar eða er í undirbúningi.

Skattamálin hafa verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar, beinir skattar verið lækkaðir stórlega, fyrst á einstaklingum, og á þessu þingi verða afgreiddar ýmsar lagfæringar atvinnurekstrinum til handa. Til þess að bæta ríkissjóði tekjutap hans vegna þeirrar skattalækkunar á einstaklingum, sem var framkvæmd fyrir tveimur árum, til að standa undir auknum almannatryggingum og til að fá sveitarfélögunum nýjan tekjustofn var lagður á 3% almennur söluskattur. Þessa leið hafa nágrannaþjóðir okkar farið eða eru að fara inn á. Svíar hafa um nokkurra ára skeið haft 4% söluskatt, Norðmenn 10%, og Danir munu væntanlega lögleiða á næstunni 5% söluskatt.

Gagnger endurskoðun hefur farið fram á útsvarslöggjöfinni og sveitarfélögunum útvegaðir nýir tekjustofnar, eins og hluti af söluskatti og landsútsvör.

Tollamálin öll eru í endurskoðun. Ný tollskrá verður lögð fyrir þingið í haust, en í nóv. s. l. voru samþ. verulegar tollalækkanir á ýmsum vörum.

Endurbæturnar á skatta-, útsvars- og tollamálum eru ekki aðeins fjárhagslegs eðlis, heldur ekki síður siðferðilegs. Skattsvik og smygl hafa á undanförnum árum gagnsýrt þjóðfélagið. Með hinum geysiháu skatta- og tollastigum

hefur hvers konar spilling og sviksemi þróazt, röng framtöl, misrétti milli manna, þar sem tekjur sumra hafa verið taldar fram að fullu, en aðrir komizt upp með að draga hluta tekna sinna og eigna undan sköttum. Í sambandi við lagfæringu á skatta- og tollamálum verður hert eftirlit með því, að menn telji rétt fram og að vörur fái löglega tollafgreiðslu. Eru í undirbúningi ýmsar ráðstafanir í þeim efnum. Ranglát lög leiða af sér ólöghlýðni og óheiðarleika. Þegar menn finna, að tolla- og skattalög eru réttlát og hófleg, virða þeir þau og telja sér skylt að hlýða þeim. Hér er því í senn verið að örva og efla atvinnulífið í landinu, framtak og vinnusemi og koma á heiðarlegri og réttlátari þjóðfélagsháttum en áður. Í stað þeirrar óreiðu og ógætni, sem átt hefur sér stað um veitingu ríkisábyrgða fyrir ýmsum lánum, sem síðan hafa lent í vanskilum og fallið í stórum stíl ríkissjóði til byrði, hefur nú verið komið á fastri skipan þeirra mála með lögum um ríkisábyrgðir og eftirlit með þeim og með frv. því um ríkisábyrgðasjóð, sem liggur fyrir þinginu.

Sparifjársöfnun almennings er ómissandi hlekkur í viðreisninni. Ör vöxtur sparifjárins er undirstaða heilbrigðrar lánastarfsemi. Til þess að bæta úr þeim tilfinnanlega lánsfjárskorti, sem þjakað hefur þjóðina um langan aldur, er fyrst og fremst nauðsynlegt að auka sparifé. Það hefur tekizt, bæði vegna hinna háu innlánsvaxta og vegna stöðugrar og mikillar atvinnu og loks vegna þess, að fólkið hefur fengið nýtt og aukið traust á fjármálum og efnahag þjóðarinnar. Sparifé í bönkum og sparisjóðum hefur á þessum tveim árum frá febrúarlokum 1960 til febrúarloka 1962 aukizt hvorki meira né minna en um 1017 millj. eða rúman milljarð.

Frv. um samningsrétt opinberra starfsmanna er mikilsverð réttarbót fyrir þann fjölmenna hóp starfsmanna, sem um árabil hafa barizt fyrir þessari viðurkenningu.

Þær aðgerðir og umbætur, sem núv. ríkisstj. hefur staðið að og beitt sér fyrir, hafa veruleg áhrif á afkomu manna á líðandi stund, en allar eru þær fyrst og fremst miðaðar við framtíðina. Þær stefna að því að skapa æsku Íslands sem bezta aðstöðu í lífsbaráttunni. Með viðreisninni er lagður heilbrigður og traustur grundvöllur að lífsstarfi æskunnar. Með viðreisninni er reynt að tryggja, að æskan taki við betra landi og að henni verði búin betri starfsskilyrði en fyrr. Það er unnið að því að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þessa lands, svo að íslenzk æska þurfi ekki að taka við drápsklyfjum erlendra skulda og stynja undir þeim allt sitt líf. Það er reynt að skapa fjárhagslegt jafnvægi í stað verðbólgu og öngþveitis, öruggan atvinnugrundvöll, svo að atvinnuleysi hefji aldrei oftar innreið sína í þetta land.

Það hefur verið búið í haginn fyrir íslenzka námsmenn á marga lund. Áður fyrr var oft miklum örðugleikum bundið fyrir námsmenn vegna gjaldeyrisskorts að fá á réttum tíma nauðsynlegan gjaldeyri. Nú eru þeir erfiðleikar úr sögunni. Mikið hefur verið gert til að létta undir með námsmönnum með auknum framlögum til styrkja og lána, ný löggjöf verið sett um lánasjóði íslenzkra námsmanna. Árið 1958 voru fjárframlög í fjárl. til styrkja og lána til námsmanna samtals tæpar 2 millj. kr., en í gildandi fjárl. eru það orðnar rúmar 8 millj. Þegar með er talið eigið fé lánasjóðs og þau bankalán, sem hafa fengizt til útlána, hefur fé til námslána og styrkja hækkað á fjórum árum úr ca. 2 millj. upp í rúmar 13 millj. kr.

Í skattafrv. nýja er það nýmæli, að draga skuli frá tekjum, áður en skattur er á lagður, námskostnað, sem stofnað er til eftir tvítugsaldur. Með þessu er verið að létta undir með námsmönnum, sem oft koma skuldum hlaðnir eftir langt og dýrt nám og eiga sérstaklega fyrstu árin, eftir að þeir taka við starfi, fullerfitt með að standa undir vöxtum og afborgunum námsskulda.

Húsnæðismálin eru vafalaust eitt stærsta áhugamál æskunnar. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á þessu þingi á lögum um húsnæðismálastjórn og verkamannabústaði og lánsupphæðir hækkaðar verulega. Lánsfjárskorturinn hefur háð og háir mjög húsbyggingum, ekki síður unga fólksins en annarra, en með hinni öru sparifjáraukningu, sem er ein afleiðing viðreisnarinnar, mun bráðlega batna mjög í þessu efni, svo að auðveldara verði að fá lán en áður, m. a. byggingarlán. En eitt stærsta verkefnið í þessum efnum er að sjálfsögðu að reyna að lækka byggingarkostnaðinn og gera húsnæðið þannig ódýrara. Lægri byggingar- og húsnæðiskostnaður mundi vera ein stærsta kjarabót fyrir æskulýð þessa lands, og að því verður að vinna.

Stefna viðskipta- og athafnafrelsis, stefna frjálslyndis og víðsýni skapar æskunni aukið svigrúm, hollara andrúmsloft, opnar henni fleiri möguleika. Hver sá æskumaður, sem hefur eld í æðum, kraft í kögglum, orku og áræði, fær nú fleiri tækifæri, margfalda möguleika til þess að afla sér fjár og frama, ryðja sér nýjar brautir, þjóðinni allri, sér og sínum til farsældar. Íslenzk þjóð verður að fylgja frjálslyndri og víðsýnni umbótastefnu, til þess að vel fari.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir rúmu ári kvað hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, upp þann dóm um þá ríkisstj., sem nú situr, að hún hefði þá unnið mesta stjórnmálasigur, sem nokkurn tíma hefði verið unninn í allri stjórnmálasögu Íslendinga. Við höfum það fyrir satt, Íslendingar, að sigra, sem svo bera af í sögunni, að þeir skyggi á öll afrek fyrri tíma, sé mikilmennum einum gefið að vinna, enda munum við hafa átt að skilja það af þessum hógværu orðum hæstv. dómsmrh., að það væri tími til kominn, að Íslendingar kynnu að meta að verðleikum mikilmenni sín á stjórnmálasviðinu, sem nú eru uppi, því að það lék ekki á tveim tungum, að afreksmennirnir, sem á árinu 1961 unnu þann mesta sigur, sem íslenzk stjórnmálasaga greinir, að dómi hæstv. dómsmrh., voru þeir hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, og hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, sjálfur.

Afrekið geymir sagan. Það var í því fólgið að

hleypa togaraflota Breta og Vestur-Þjóðverja aftur inn í íslenzka fiskveiðilandhelgi og taka lögsöguna yfir íslenzka landgrunninu, úrslitaákvörðunarréttinn um viðáttu íslenzkrar landhelgi, sem Alþingi hafði helgað sér með landgrunnslögunum frá 1948, af Alþingi og afhenda hann erlendri stofnun um aldur og ævi.

Svo ósamdóma erum við hér á Alþingi enn um menn og málefni, að ég þori að fullyrða, að við, sem hér erum í stjórnarandstöðu og erum fulltrúar fyrir nálega helming þjóðarinnar, erum ekki jafnsannfærðir um neitt né um neitt eins sammála og það, að þetta, sem hæstv. dómsmrh. telur mesta afrek og sigur íslenzkrar stjórnmálasögu, sé óþarfasta og versta verk þessarar ríkisstj. til þessa dags. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst yfir því, að þeir telji sig ekki bundna af samningum við Breta um íslenzka landhelgi, þar sem Alþingi var svipt ákvörðunarréttinum um hana í framtíðinni, og muni neyta fyrsta tækifæris til þess að losa þjóðina undan oki þessa samnings. Sagan mun kveða upp sinn dóm um það, hvort það hafi verið mesti stjórnmálasigur Íslendinga til þessa að gefast upp fyrir Bretum með þeim hætti, sem gert var, og á ég þar sérstaklega við afsalið á ákvörðunarrétti okkar um landhelgina, eftir að öllum heiminum var orðið ljóst, að við, smáþjóðin, höfðum sigrað bæði í hinni lagalegu deilu um 12 mílurnar, eins og jafnvel hæstv. dómsmrh. varð að viðurkenna, og siðferðilega í átökunum við ofbeldið.

En það má færa full rök að því, að hafi landhelgissamningurinn við Breta verið mesta afrek íslenzkrar stjórnmálasögu, þá hafi munað minnstu, að hæstv. ríkisstj. ynni á árinu sem leið annað afrek ámóta og í beinu framhaldi af hinu fyrra. Ég á hér við viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að innlima Ísland með samningi, sem er ætlað að gilda um aldur og ævi, í þá pólitísku ríkjasamsteypu, sem ranglega gengur undir nafninu Efnahagsbandalag Evrópu, en af slíkri innlimun hlýtur ómótmælanlega að leiða ekki aðeins stórkostlega skerðingu á fullveldi og sjálfstæði Íslands, heldur einnig vegna smæðar þjóðarinnar og veikrar aðstöðu afsal á efnahagslegu sjálfstæði hennar og sjálfsforræði um alla framtíð. Ég mun nú sýna fram á, að það var ekki hæstv. ríkisstj. að þakka, að henni tókst þetta ekki á árinu 1961.

Hinn 2. júní s. l. var utanrmn. kvödd saman til fundar að ósk hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar. Kvaðst ráðh. hafa óskað að gefa utanrmn. skýrslu um markaðsmálin í Evrópu og afstöðu ríkisstj. til þeirra. Á fundinum hélt ráðh. langa tölu um markaðsbandalögin tvö, efnahagssamsteypuna eða sameiginlega markaðinn annars vegar, en í þeirri samsteypu eru Vestur-Þýzkaland, Frakkland, Ítalía, Holland, Belgía og Lúxemburg, og Fríverzlunarbandalagið hins vegar, en í því hafa verið Bretland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Finnland, Sviss og Austurríki. Afhenti ráðh. nm. allmikil skjöl varðandi þessi bandalög og viðskipti Íslendinga við þau, en niðurstaða ræðu hans var sú að flytja utanrmn. þá yfirlýsingu í nafni ríkisstj., að hún teldi alveg óraunhæft fyrir Ísland að hugsa til þess að gerast aðili að Efnahagsbandalaginu, hugsanlegri væri aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu, en þó taldi hann svo mikil vandkvæði á henni, að ríkisstj. teldi hana ekki heldur koma til mála að svo stöddu, enda líklegast, að það bandalag leystist upp, ef Bretar og Danir gengju í Efnahagsbandalagið.

En þegar þessi fundur var haldinn, 2. júní s. l., var það mál fullkomlega komið á dagskrá. Það var þá þegar alkunnugt þeim, sem fylgdust með í alþjóðamálum, að þá og þegar mætti vænta opinberrar tilkynningar brezku stjórnarinnar um, að hún hefði ákveðið að sækja ein um aðild að Efnahagsbandalaginu. Þessi ákvörðun brezku stjórnarinnar hafði, þegar hér var komið, verið tilkynnt samveldislöndunum brezku á ráðstefnu þeirra í Accra. Danir höfðu þá einnig hlaupið til og lýst því yfir, að þeir mundu fylgja Bretum. Hlutlausu ríkin í Evrópu, Svíþjóð, Sviss, Austurríki og Finnland, sem öll eru aðilar að Fríverzlunarbandalaginu, höfðu fordæmt þessar fyrirætlanir Breta og Dana um að taka sig út úr og semja ein við efnahagssamsteypuna.

Allt þetta vissi íslenzka ríkisstj., þegar hún 2. júní taldi ástæðu til að lýsa yfir, að hún teldi engan raunhæfan grundvöll til inngöngu Íslands í þessi bandalög og nánast fjarstæðu, að Ísland sækti um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Um þessar mundir hafði ríkisstj. sett á laggirnar n., skipaða fulltrúum 14 stéttarsamtaka, til að fylgjast með þessum málum. Alþýðusamband Íslands átti einn fulltrúa í n. Á fundum þessarar n. í júní og júlí gaf viðskmrh. sömu yfirlýsingar og í utanrmn., að aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu kæmi ekki til greina að óbreyttum grundvallarskilyrðum Rómarsamningsins, slík aðild gæti alls ekki samrýmzt hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Virtust allir á einu máli um þetta, að undanskildum einum nm. Hann taldi sjálfsagt, að Ísland gengi í Efnahagsbandalagið, en álitsgerð hans um þetta var höfð að athlægi í viðskmrn., slík fjarstæða þótti hún.

En skjótt skipast veður í lofti. Með byrjun ágústmánaðar virðist ríkisstj. hafa skipt gersamlega um afstöðu í þessu máli, ef minnsta mark er takandi á fyrri yfirlýsingum hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, um hana. Hann er að vísu ekki frægur fyrir stefnufestu, en ég ætla honum það ekki, að hann hafi gefið þær yfirlýsingar í vísvitandi blekkingarskyni, en það er staðreynd, að í ágústmánuði hófu blöð ríkisstj. skyndilega heiftarlegan áróður fyrir því, að Ísland sækti tafarlaust um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Hinn 18. ágúst birti Morgunblaðið risavaxna fyrirsögn á fyrstu síðu, svo hljóðandi: „Samtök meginatvinnuvega Íslendinga styðja inntökubeiðni í Efnahagsbandalagið.“ Tilefnið var, að meiri hl. n. frá stéttarsamtökunum hafði nú skipt um skoðun eins og ríkisstj. og taldi sig nú geta fylgt inngöngu í Efnahagsbandalagið. Sumir fulltrúanna höfðu þó fyrirvara. Fulltrúar bænda vildu ekki svara afdráttarlaust á þessu stigi málsins, en fulltrúi Alþýðusambandsins mælti eindregið gegn inngöngu með ýtarlegri og rökstuddri grg.

En auk stjórnarblaðanna sýna ummæli einstakra ráðh. það ótvírætt, að ríkisstj. hafði í

ágúst tekið þá ákvörðun að stefna beint að inngöngu í Efnahagsbandalagið. Þannig lauk hæstv. forsrh., Ólafur Thors, grg. sinni til þjóðarinnar fyrir gengislækkuninni í ágúst með þessum orðum: „Loks er með þessu," þ. e. gengislækkuninni, „greitt fyrir þátttöku Íslands í þeirri víðtæku efnahagssamvinnu, sem nú er að komast á í Vestur-Evrópu, ef Íslendingar að athuguðu máli teldu rétt að gerast þátttakendur í henni." Og í lok ágústmánaðar gaf hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, kaupmannasamtökunum í Reykjavík þá skýringu á fyrirhuguðum tollalækkunum, að ljóst væri, að við yrðum að lækka þessi gjöld verulega, ef við ættum að gerast þátttakendur í Efnahagsbandalaginu, eins og margt benti nú til að óhjákvæmilegt væri.

Í mörgum löndum Evrópu hefur afstaðan til *hins svonefnda Efnahagsbandalags* verið rædd af kappi frá því í sumar. En ég þori að fullyrða, að hvergi nema hér á Íslandi hafa formælendur inngöngu í það bandalag leyft sér að falsa beinlínis fyrir þjóðum sínum, hvað þetta bandalag er og að hverju er stefnt með því. Rök stjórnarblaðanna hér, Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins, í ágústmánuði í sumar fyrir því, að ekki kæmi annað til mála en Íslendingar sæktu þá tafarlaust um inngöngu í bandalagið, munu geymast sem minnisvarði um pólitíska menningu þeirra, sem þau blöð skrifa.

Morgunblaðið sagði 19. ágúst: „Ástæðan til þess, að kunnáttumenn telja, að ekki megi lengur draga að leggja inn inntökubeiðni, er fyrst og fremst sú, að framtíðarskipun Efnahagsbandalagsins er nú í mótun. Með því að sækja nú um inngöngu geta Íslendingar haft áhrif á það, hvernig málum verður háttað, en ef við leggjum ekki fram inntökubeiðni nú, erum við frá upphafi einangraðir. Þannig er það beinlínis þjóðhættulegt," heldur blaðið áfram, „að draga að gæta hagsmuna okkar." Þegar þetta var ritað, höfðu allir æðstu forráðamenn Efnahagsbandalagsins lýst því yfir, að engar breytingar kæmu til greina á grundvallaratriðum Rómarsamningsins og þar með framtíðarskipulagi bandalagsins þrátt fyrir inntöku nýrra aðildarríkja, þau yrðu, áður en þau væru tekin í bandalagið, að fallast á öll grundvallaratriði hans, einnig hin pólitísku. Jafnvel Bretar hafa orðið að láta sér þetta lynda. Í september varð brezka stjórnin að lýsa því yfir, að hún samþykkti öll pólitísk markmið Efnahagsbandalagsins, eins og þau eru sett fram í Rómarsamningnum. Hér var því farið með skrök og blekkingar um eitt aðalatriði málsins.

Í öðru lagi lýsti einn af framkvæmdastjórum bandalagsins, Hollendingurinn Mansholt, því yfir í Kaupmannahöfn að gefnu tilefni frá Dönum í septembermánuði, að *ný aðildarríki fengju engin áhrif að hafa á stefnu bandalagsins* í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, fyrr en þau hefðu verið tekin inn í bandalagið, fyrr fengju þau ekki einu sinni að hafa áheyrnarfulltrúa við umræður um þau mál innan bandalagsins.

En ef það hefur verið þjóðhættulegt í ágúst að draga að gæta hagsmuna Íslendinga með því að sækja ekki þá þegar um inngöngu, hver er þá nú sekur um þann þjóðhættulega drátt, sem á því er orðinn? Er það ríkisstj. sjálf? Ég kem að því síðar.

En Morgunblaðið sagði meira í ágúst. Það sagði í forustugrein hinn 19. ágúst: „Menn eru sammála um, að landa Efnahagsbandalagsins bíði eitthvert mesta framfaraskeið í sögu mannkynsins." Og enn fremur sagði blaðið: „Það fer ekki milli mála, að í þessum málum sem öðrum ræður það stefnu stjórnar Alþýðusambands Íslands, hvort heimskommúnismanum sé það þóknanlegt, að við öflum okkur þeirrar hagsældar, *sem hægt er.*"

Ýmsir heiðarlegir menn, jafnvel í stjórnarliðinu, hafa látið þau orð falla, að ákvörðun Íslendinga um það, hvort þeir gangi í Efnahagsbandalagið eða ekki, hljóti að verða einhver vandasamasta og örlagaríkasta ákvörðun, sem þjóðin hafi nokkru sinni tekið. En með rökum Morgunblaðsins, sem ríkisstj. lét leiðbeina þjóðinni með valið milli þessara tveggja kosta í sumar, var þetta val ofur einfalt: annars vegar mesta hagsæld, sem hægt er að afla þjóð okkar, með löndum Efnahagsbandalagsins bíður hennar mesta framfaraskeið í sögu mannkynsins, hins vegar nokkrir þjónar heimskommúnismans, sem vilja koma í veg fyrir hagsæld þjóðar sinnar og bjarta framtíð, engir aðrir gætu verið á móti inngöngu landsins í þetta bandalag. Þannig er mál sem þetta lagt fyrir á Íslandi af ríkisstj. og blöðum hennar.

En í öllum öðrum löndum er það viðurkennd staðreynd sem grundvöllur umræðna um þetta mál, að Efnahagsbandalagið er í eðli sínu og skv. samningi, sem um það gildir og ekki verður breytt, Rómarsamningnum frá 25. marz 1957, ekki aðeins venjulegt tollabandalag, heldur pólitísk ríkjasamsteypa með eigin yfirvöldum, sem ákveða stefnu og framkvæmdir í ákveðnum málum, þ. á m. efnahags- og viðskiptamálum, landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, fyrir öll ríkin í bandalaginu í senn, í stað þess, að áður tóku lögleg yfirvöld eða ráðuneyti hvers lands um sig ákvarðanir um þessi mál. Af þessu leiðir ómótmælanlega afsal á fullveldi og sjálfstæði bandalagsríkjanna hvers um sig. Þess vegna úrskurða lærðustu lögfræðingar Norðmanna, að breyta verði norsku stjórnarskránni, áður en Noregur geti gengið í bandalagið. Þess vegna ákveða Danir, að til þess að samþ. inngöngu Danmerkur verði 5/6 þjóðþingsins að samþ. hana. Hér á Íslandi er þetta vandlega falið fyrir þjóðinni af stjórnarflokkunum *og eðli málsins því gersamlega fals*að. Hér er ekki minnzt á stjórnarskrárbreytingu, þjóðaratkvæði eða neitt slíkt í sambandi við inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu.

Rétt er þó að geta þess, að í yfirliti um ákvæði Rómarsamningsins, sem einn starfsmaður viðskmrn. hefur gert, er ekki reynt að fela þetta höfuðatriði, eins og stjórnarblöðin gera. Þar segir á bls. 9: „Þó að markmið sjálfra ákvæða Rómarsamningsins sé efnahagslegs eðlis einvörðungu, mætti vel halda því fram, að í víðtækari skilningi séu þau í raun fyrst og fremst stjórnmálalegs eðlis, þ. e. stofnun Evrópu-stórveldis." Og á bls. 15 í sama riti segir

svo um 189. gr. Rómarsamningsins: „Reglur, fyrirmæli og ákvarðanir ráðs og framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins hafa sama gildi og lög, eftir að þau hafa verið birt. Með því að aðildarríkin eru skuldbundin til að framfylgja öllum slíkum ákvörðunum sem eigin lögum, takmarkast við það vald þjóðþinganna. Það alþjóðasamstarf, sem stofnað er til með Efnahagsbandalagi Evrópu, er það sem nefnt er „supranational". Það þýðir, að aðildarríkin afsala sjálfsforræði í hendur stofnana bandalagsins." Hér lýkur tilvitnun í þetta rit, sem var útbýtt í takmörkuðum fjölda eintaka af viðskmrn.

En skýrast og hreinskilnislegast hafa þó tveir höfuðpaurar Efnahagsbandalagsins sjálfs orðað tilgang og markmið þess bandalags. Formaður framkvæmdanefndar bandalagsins, prof. Walter Hallstein, sagði í fyrirlestri við Harvard-háskóla 22. maí 1961: „Það, sem fyrir okkur vakir í Efnahagsbandalagi Evrópu, er ekki að koma á tollaívilnun eða að mynda hagsmunasamtök í því skyni að skapa stærri markað til þess að auðga okkur eða viðskiptasamsteypu tli þess að styðja verzlunarhagsmuni okkar. Við rekum alls ekki viðskipti, við rekum pólitík." Þetta voru ummæli sjálfs aðalframkvæmdastjóra Efnahagsbandalagsins, prof. Hallsteins. Annar framkvæmdastjóri Efnahagsbandalagsins, Jean Monnet, aðalfulltrúi Frakka í framkvæmdastjórn bandalagsins, hefur látið hafa eftir sér þessa yfirlýsingu um svipað efni: „Það verður ekki aðeins komið á ytri tolli fyrir bandalagið, heldur sameiginlegri stefnu í viðskiptamálum gagnvart umheiminum." Og hann heldur áfram: „Framkvæmdanefndin mun eftir nokkurn tíma koma fram fyrir hönd alls bandalagsins í samningum við þriðja ríki."

Ef fleiri vitna þyrfti við, þá er hér enn eitt, sem ekki verður neitað að sé dómbært um þetta mál. Það er sjálfur aðalframkvæmdastjóri Friverzlunarbandalags Evrópu, sem eins og ég áður sagði er myndað af Bretlandi, Norðurlöndunum (Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi) og auk þess Sviss og Austurríki. Þessi mikli trúnaðarmaður þessa stóra bandalags sagði í ræðu í Osló 26. sept. s. l.: „Ég álít, að við getum ekki komizt að réttri niðurstöðu um Efnahagsbandalagið, ef við ekki viðurkennum, að það er í grundvallaratriðum pólitísk samtök. Sú staðreynd, að Efnahagsbandalagið á að hafa sameiginlega landbúnaðar- og verzlunarpólitík, sannar þetta. Með þessu er einmitt ákveðið, að landbúnaðarvöruframleiðendur í Efnahagsbandalaginu geta ekki framvegis snúið sér til sinna eigin ríkisstjórna með beiðnir um ráðstafanir, sem varða afkomu og rekstur landbúnaðarins. Slíkar beiðnir verða ekki afgreiddar framvegis af stofnunum viðkomandi landa. Og ég álít, að ekkert sé pólitískara en slíkt fyrirkomulag." Sami maður heldur áfram: „Hið sama gildir um hina sameiginlegu verzlunarpólitík, sem felur í sér, að eftir tiltekinn tíma verður ekki um að ræða neina sérstaka viðskiptasamninga milli einstakra landa Efnahagsbandalagsins og landa utan þess. Efnahagsbandalagið er ekkert venjulegt alþjóðlegt bandalag, heldur fylgja því skuldbindingar og margvíslegar skyldur, sem ákveða má með meirihlutavaldi innan þess. Það er því ákveðin tilraun til að mynda samsteypu eða eitt ríki. Þátttaka í Efnahagsbandalaginu felur ótvírætt í sér viðurkenningu á þessu stefnumiði, og þeir, sem sækja þar um þátttöku, mega ekki reyna að breyta grundvallarskilyrðum eða markmiði þess." Hér lýk ég tilvitnun í ummæli aðalframkvæmdastjóra Fríverzlunarbandalags Evrópu, sem er myndað af þeim ríkjum, sem ég áðan taldi upp.

Ég vona, að öllum hlustendum sé ljóst, að það, sem hér er sagt um landbúnað, gildir einnig um sjávarútveg innan Efnahagsbandalagsins, en það hefur auðvitað úrslitaþýðingu fyrir okkur Íslendinga. Samkvæmt þessu yrði sjávarútvegsmálum okkar ekki stjórnað af ríkisstj. Íslands, ef Ísland væri í Efnahagsbandalaginu, heldur af embættismönnum bandalagsins. Þá hygg ég, að allir skilji, hvaða þýðingu það hefði fyrir Íslendinga, ef allir viðskiptasamningar Íslands við önnur lönd væru ekki gerðir af Íslendingum, heldur af embættismönnum Efnahagsbandalagsins.

Eitt af grundvallaratriðum Efnahagsbandalagsins er skylda aðildarríkja til að fella niður allar tálmanir á frjálsum hreyfingum fjármagns, vinnuafls og þjónustu milli aðildarríkjanna. Þetta þýðir, að erlend auðfyrirtæki ættu að fá fullt jafnrétti við íslenzka menn og fyrirtæki til atvinnurekstrar hér á landi, og enn fremur, að erlendir verkamenn eiga að fá fullt jafnrétti á við íslenzka verkamenn til starfa hér. Þeir, sem hafa reynt að gera sem minnst úr öllum skuldbindingum vegna inngöngu Íslands í bandalagið, hafa þó orðið að viðurkenna, að hér muni vera um lágmarkskröfu að ræða, sem gerð yrði til allra ríkja í bandalaginu, hvernig sem aðild þeirra kynni að vera háttað. Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur t. d. opinberlega viðurkennt í ræðu, að við mundum ekki komast hjá því „að athuga stefnu okkar varðandi rétt útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar að Efnahagsbandalaginu ætti að koma."

Við Íslendingar vitum, að við eigum a. m. k. eina auðlind, sem útlendingar hafa fullan hug á að ausa af gróða sér til handa. Það eru fiskimiðin kringum landið. Fengju útlendingar aðstöðu til atvinnurekstrar hér, er landhelgin þeim opin. Við vitum, að þrír auðhringar eiga mestallan togaraflota og fiskiðnað Englands. Við vitum, að í V.-Þýzkalandi er auðhringamyndunin svo skefjalaus, að þar eru tugir auðhringa, sem hafa meiri veltu árlega en nemur allri þjóðarframleiðslu Íslendinga samanlagðri. Yrðu varnir okkar sterkar gegn slíkum öflum, ef þau kæmu undir sig fótum hér á landi í skjóli jafnréttis innan Efnahagsbandalagsins?

Morgunblaðið sló því föstu í sumar, að hér á landi væru engir andvígir inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið nema þjónar heimskommúnismans. Skv. þessu ættu einnig allir þeir, sem nú berjast gegn inngöngu landa sinna, t. d. Bretlands, Danmerkur og Noregs, í þetta bandalag að vera þjónar heimskommúnismans. En þjónar heimskommúnismans gerast þá háskalega fjölmennir um þessar mundir, því að í öllum þessum löndum hafa myndazt sterkar hreyfing-

ar gegn inngöngu þessara landa í Efnahagsbandalagið undir forustu sumra þekktustu leiðtoga jafnaðarmanna- og verkamannaflokka þessara landa. Ég gæti nefnt marga tugi slíkra manna, sem flestir hér mundu kannast við. Ég nefni aðeins einn, Attlee lávarð, fyrrv. forsrh. Bretlands, sem gengur nú fram fyrir skjöldu og varar flokk sinn og þjóð við inngöngu í Efnahagsbandalagið, ekki vegna brezka samveldisins, heldur vegna þess, að hann telur, að sömu öflin sem studdu Hitler hafi náð raunverulegum yfirráðum í Efnahagsbandalaginu og ætli að nota það til þess að ná sínum pólitísku markmiðum. Svo getur Morgunblaðið og Alþýðublaðið titlað Attlee lávarð sem aðalþjón heimskommúnismans í heiminum í dag, ef það vill.

Fyrir sex mánuðum töldu stjórnarblöðin þjóðhættulegt að draga það stundinni lengur að leggja fram inntökubeiðni Íslands í þetta bandalag. Hvers vegna hefur það verið dregið? Við vitum ástæðuna. Í septembermánuði s. l. var ríkisstj. ekkert að vanbúnaði. Hún var við því búin að senda þá þegar frá sér inntökubeiðni fyrir hönd Íslands í Efnahagsbandalagið. Og hún sendi þá tvo hæstv. ráðh., Gylfa Þ. Gíslason og Gunnar Thoroddsen, ekki til höfuðstöðva Efnahagsbandalagsins í Brüssel, heldur til höfuðborgar V.-Þýzkalands, Bonn, þar sem þeir náðu tali af Erhard ráðherra í stjórn V.-Þýzkalands og tjáðu honum, að ísl. ríkisstj. væri reiðubúin til að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið, en hún vildi af innanlandsástæðum semja um hana með vissum undanþágum frá skuldbindingum aðildarríkja. Hinn vestur-þýzki ráðherra sagði þá hinum íslenzku sendimönnum, að ef svo væri, vildi hann ráða íslenzku ríkisstj. frá því að senda umsókn sína, því að ekki mundi svo mikið sem litið á hana að svo stöddu og alls ekki fyrr en inntökubeiðnir Breta og Dana hefðu verið afgreiddar. Ýmsir munu telja, að varla hafi íslenzkir ráðh. farið sneypulegri för en þessa, en þessir hæstv. ráðh. hafa raunar síðan verið jafnborubrattir hér og jafnan áður.

En ef skoðun Morgunblaðsins í ágúst var rétt, að það væri þjóðhættulegt að bíða með umsóknina í Efnahagsbandalagið, þá eiga þessir hæstv. ráðh. eftir að gefa þjóðinni skýringu á því, hver býr nú þjóðinni þann háska, sem af þessum drætti stafar. Ég skora á þá hæstv. ráðh., sem tala síðar hér í þessum umr., að gefa þjóðinni skýringar á þessum þjóðhættulega drætti, eins og Morgunblaðið nefndi það á sínum tíma. En ég skora jafnframt á alla, sem mál mitt heyra, að vera á verði í þessu máli, kynna sér vel allt, sem fram kemur um það, og ef þeir komast að sömu niðurstöðu og ég að athuguðu máli, að fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar sé háski búinn af innlimun Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu, að taka þá höndum saman til að koma í veg fyrir það óhappaverk.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það, sem í fyrstu gaf launþegasamtökunum gildi í huga þeirra, er raðir þeirra fylltu, var hin raunhæfa barátta, er einkenndi allt þeirra starf. Það var í raun og sannleika barizt fyrir réttinum til að lifa og geta lifað sem frjáls maður. Ég vona, að ágreiningur sé ekki um það í röðum alþýðusamtakanna nú, að sigur í þeirri baráttu er fyrir alllöngu tryggður. Barátta hins vinnandi manns á hinum síðari árum hefur langtum fremur snúizt um það að lifa betra lífi en áður, og fyrir því ber samtökunum að berjast um ókomin ár, án tillits til þess, hver eða hverjir sitja í ráðherrastólum, því að sú barátta er enn þá einn helzti aflgjafinn til bættra lífskjara. Á fyrstu áratugum verkalýðssamtakanna var baráttan því laus við að krefjast leiðsögu langskólagenginna lögfræðinga og hagfræðinga til að komast hjá botnlausum gjám talnaflækju og margslunginna taflna um réttindi þeirra óska, sem fram voru bornar, og til að geta fylgt þeim eftir með óvefengjanlegum rökum. Nú þykir það gálaus og ábyrgðarlítil verkalýðshreyfing, sem ekki brynjar sig öllum þessum þrautreyndu vopnum, og í nágrannalöndum okkar eru starfandi heilar stofnanir, sem árið um kring annast þetta hlutverk fyrir alþýðusamtökin þar.

Hér á landi hefur þessi nútímatækni lítillega verið notuð og mest eftir að til sjálfra átakanna er komið, vegna fátæktar samtakanna og e. t. v. stundum vegna mátulega mikils áhuga fyrir leiðbeiningum slíkra aðila. Þegar sjálfar baráttuaðferðirnar eru svo valdar við staðhætti síðari ára, þá hefst upp mikill ágreiningur um það, hvaða leið muni heilladrýgst. Síðasti áratugur einn sýnir það, að í þessum efnum hefur gengið á ýmsu: Vísitöludeilan 1951, verkfallið 1952, aftur verkfall 1955, vísitöluskerðingin í ágúst 1956, 19 manna nefndar samkomulagið 1958, kauplækkun og verðstöðvun 1959. Allt eru þetta deilur, sem eiga sína sérstöku sögu, og um margt ólíkar. Eitt er þó staðreynd, að á s. l. ári var fullyrt hér í sölum Alþ., að kaupmáttur almennra verkamannalauna væri 2% lakari en hann var fyrir öll þessi átök og mun af sömu aðilum ekki talin hafa batnað síðan. Þessum fullyrðingum til stuðnings var vitnað í hagfræðilega og rökstudda útreikninga. Ég skal ekki fara nánar út í einstök atriði þessarar sögu, þótt æskilegt væri. Þarf nokkurn að undra, þó að menn staldri við og hugsi: Hvað er hægt að læra af mistökum þessara ára?

Alþýðubandalagsmenn hafa svör á reiðum höndum og fullyrða, að hér sé fyrst og fremst um að ræða pólitísk hefndarverk ríkisstjórna á þessu tímabili. Ríkisstj. hafi trúað því, að allur vandi sé leystur með því að halda launum fólks niðri, svo að orðrétt sé eftir þeim haft. Vinstri stjórnin var bókstaflega mynduð til þess að sanna þessa kenningu, og þeir voru ekki fáir, sem lagt höfðu trúnað á þennan boðskap. Af þeim ástæðum hafði sú ríkisstj. mjög góðan meðbyr í upphafi síns starfs, en entist ekki nema tvö ár. Þá höfðu flestra vonir brugðizt, og ríkisstj. lét af völdum eftir sex mánaða dauðastríð.

Ég var einn í þeim hópi, er batt miklar vonir við, að nú mætti loks ljúka hinni arðlausu kjarabaráttu. Á sama hátt var ég einn þeirra, sem ekki hikuðu við að ganga gegn stefnu þessarar ríkisstj., þegar vonbrigði mín höfðu náð hámarki. Þessi merkilega tilraun til stjórnar-

myndunar, ríkisstj., sem átti að afsanna nauðsyn versnandi launakjara vegna öflugrar baráttu verkalýðssamtakanna, ávann það eitt, að launalækkanir síðan hafa þótt mun sjálfsagðari en áður. Þetta er alls ekki létt að þurfa að segja, en það ber að horfast í augu við staðreyndir og hætta þeim gráa leik að blekkja sjálfan sig, það er a. m. k. fyrsta skilyrði til að aðrir í návist manns vaði ekki sama villureyk. Ég var ekki einn um þessar skoðanir. Þær náðu langt inn í raðir stjórnarliðsins, sem og kom á daginn, þegar hinn almenni kjósandi fékk aðstöðu til að kveða upp sinn dóm. Þrátt fyrir álögur vinstri stjórnarinnar á almenning virtist svo sem hagur þjóðarinnar versnaði jöfnum höndum, og byrðarnar virtust ekki heldur bera þann árangur, sem lofað var fyrir þjóðarheildina.

Þessi orð mín skyldi enginn skoða á þann veg, að mér séu ekki fullljósar þær erfiðu og þungu byrðar, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur á herðar almennings lagt með mínu atkvæði og annarra stjórnarstuðningsmanna. Sá er þó munur, að nú sést árangur erfiðisins hvað aðstöðu þjóðarinnar í heild áhrærir, sem batnað hefur markvisst s. l. mánuði, og er nú til samjafnaðar farið að vitna til nýsköpunaráranna. Stjórnir þeirra verkalýðsfélaga, sem hafa viljað eira þessum erfiðu og þungu álögum á launþega, a. m. k. um sinn, vegna efnahagsráðstafananna og þola þá erfiðleika, sem af þeim hefur leitt, fengu hvarvetna traustsyfirlýsingar með auknu atkvæðamagni við stjórnarkjör s. l. vetur. Þessar staðreyndir ættu að færa okkur heim sanninn um, að almenningur er reiðubúinn að færa fórnir, en hann krefst þess í móti, að allir færi fórnir, og umfram allt, að það álag, sem fórnir þessar óhjákvæmilega leiða af sér, beri sýnilegan árangur fyrir þjóðarheildina.

Það er of gagnsæ þjóðernistilfinning að krefjast efnalegs sjálfstæðis þjóðarinnar, ef menn vilja svo ekkert á sig leggja til að öðlast það efnalega sjálfstæði. Það sjá allir í gegnum orðin: Ísland fyrir Íslendinga, þegar sömu menn vilja horfa á öra skuldasöfnun við erlend ríki án þess að hafast nokkuð að. Hvað er auðveldari bráð erlendum stórveldum en skuldum vafið smáríki? Þessi sannindi eiga fyrst og fremst hljómgrunn í huga frjálshuga fólks í alþýðustétt. Reynsla undanfarinna ára hefur fært sönnur á, að barátta fyrir hækkaðri krónutölu fyrir selda vinnuviku er ekki einhlít. Sú starfsaðferð hefur ekki fært almenningi raunhæfar kjarabætur, hverjir sem setið hafa í ráðherrastólunum.

Ég mun verja þeim fáu mínútum, sem ég á eftir ónotaðar, til þess að ræða þann þátt vandamálanna, sem enginn vefengir að sé einn stærsti liðurinn í sjálfri endingu launanna, þ. e. stærsti útgjaldaliðurinn. Hér á ég við húsnæðiskostnaðinn og möguleikana til að eignast húsnæði.

Um langt árabil hefur það verið eitt aðalbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar og Alþfl. að tryggja sem flestum fjölskyldum eignar- og aðstöðurétt á mannsæmandi íbúðarhúsnæði. Barátta þessi hefur verið studd þeim rökum, að trygging fyrir húsaskjóli væri frumþörf fjölskyldulífsins og þar með veigamikill liður í uppbyggingu heilbrigðra þjóðfélagshátta, um leið og saman færi lífsöryggi einstaklinganna, sem fjölskyldurnar mynda. Af þessum ástæðum hafa húsnæðismálin verið í fremstu röð þeirra málefna, er Alþfl. hefur barizt fyrir. Það var í beinu framhaldi þessarar fyrri baráttu flokksins, sem hæstv. núv. félmrh., Emil Jónsson, form. Alþfl., hefur beitt sér fyrir endurskoðun laganna um verkamannabústaði, sem lauk um s. l. áramót, og laganna um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem einnig er lokið að hluta til. Um áraraðir hefur hver ríkisstj. á fætur annarri lofað endurskoðun þessara mikilvægu laga, en lítið hefur þó staðið eftir af þessum loforðum, þegar upp hefur verið staðið. Síðasta dæmið um vanefndir í þessum málum var þegar fyrrv. félmrh. Alþb. skipaði í fjörbrotum vinstri stjórnarinnar 1958 n. til að endurskoða l. um verkamannabústaði. Það er skemmst af þessari endurskoðun að segja, að sú n. kom aldrei saman og skilaði af þeim sökum heldur aldrei neinu áliti. Þegar svo þetta sama mál kemur til Alþ. nú að lokinni endurskoðun, sem þessum mönnum hafði ekki tekizt að framkvæma, þá eiga flokksbræður hins fyrrv. félmrh. ekki nógu sterk lýsingarorð til að réttlæta endurskoðunina, en telja aðeins, að þeir hefðu unnið þá endurskoðun mun betur en gert var. Það þarf meira en lítinn kjark til að ætlast til þess af almenningi, að hann trúi því, að þessir hinir sömu menn séu sérstakir áhugamenn um lausn á húsnæðisvandamálum alþýðumanna eftir slíka frammistöðu. Meðan þeir höfðu völdin og aðstöðuna til þess að láta ljós sitt skína, þ. e. framkvæma sín eigin úrræði, fundust þau ekki og ekkert var gert. Svo sem málgögn stjórnarandstöðunnar hafa borið með sér að undanförnu, stendur nú ekki á því, að ráð sé undir hverju rifi til lausnar þessum mikla vanda, húsnæðisskortinum og kostnaðinum við að eignast húsnæði, og sést vart munur á, hvor stjórnarandstöðuflokkurinn á metið í ábyrgðarlausum fullyrðingum, sem allt fram til þessa hafa reynzt húsbyggjendum haldlitlar til lausnar vanda sínum.

Framsfl. hefur einnig fengið að reyna sig í húsnæðismálum og talið sig þar sérstakan fyrirsvarsaðila húsbygginga í sveitum og dreifbýli landsins. Hinn fjárhaglegi stuðningur við þessar byggingar átti lögum samkvæmt að mestu að koma frá veðdeild Búnaðarbankans. Áður en framsóknarmenn viku sæti úr ráðherrastólunum, var sýnt, að geta veðdeildarinnar eða byggingarsjóðs í þessum efnum var þrotin, og var við valdatöku hæstv. núv. ríkisstj. svo komið þessum málum, að veðdeild Búnaðarbankans var nánast orðin gjaldþrota. Það voru þeirra afrek í lausn húsnæðismála dreifbýlisins. Það skal því ekki síður kjark til í herbúðum framsóknarmanna heldur en kommúnista að bjóða fram úrræði sín og forustu í húsnæðismálum með slíka afrekaskrá á bakinu.

Við endurskoðun laganna um verkamannabústaði, sem litlum breyt. höfðu tekið í þrjá áratugi, varð fyrst og fremst að hafa í huga gerbreytta aðstöðu almennings um og eftir árið 1930 og nú, en sem betur fer hafa allar ytri aðstæður almennings breytzt verulega til batnað-

ar á þessum árum. Lögin um verkamannabústaði höfðu vegna hinna stórfelldu breytinga á öllum þjóðfélagsháttum orðið mjög takmarkað gildi fyrir þá, sem þau voru sérstaklega ætluð fyrir upphaflega, þ. e. lægst launaða fólkið í landinu. Í einstöku byggðarlögum munu þess m. a. dæmi, að aðrir en láglaunafólk hafi átt hægari aðgang að þessum íbúðum en láglaunafólkið eða verkamennirnir, svo langt voru ýmis ákvæði laganna komin frá uppruna sínum.

Þrátt fyrir ýmsa ágalla við framkvæmd laganna í hinu úrelta formi ber að líta til þess, að enn hefur launafólk almennt ekki átt kost á hagkvæmari lánum til að eignast húsnæði. Í hinum mikla íbúðafjölda, sem byggður hefur verið á gildistíma laganna, þ. e. frá 1930 til ársloka 1959, er talið, að um 16 þús. íbúðir hafi verið byggðar í bæjum og kauptúnum landsins, en hlutur verkamannabústaðanna á sama tíma aðeins talinn 1108 íbúðir. Við þennan samanburð ber þó þess að gæta, að án þeirra hlunninda, er lögin hafa þrátt fyrir allt veitt, væru þessar láglaunafjölskyldur án eigin íbúðar.

Með gildistöku laga þeirra, er nú hafa verið samþ. hér á Alþingi, er eftir sem áður gert ráð fyrir, að ákvæði þeirra eigi að gilda fyrir þá, sem við erfiðastar aðstæður búa vegna lágra launa, ómegðar og sjúkdóma og nægir ekki sú fyrirgreiðsla, sem húsnæðismálastofnunin eða hið almenna veðlánakerfi getur í té látið. Til að tryggja þennan höfuðtilgang laganna eru lánin úr sjóðunum enn háð ákveðnu tekju- og eignamarki, en lánsfjárhæð á íbúð að hámarki til hækkuð úr 160 þús. kr., sem almennast hefur verið, í allt að 300 þús. kr. á hverja íbúð.

Bráðabirgðabreytingar þær, sem gerðar voru á lögunum um húsnæðismálastofnunina, voru ekki stórar í sniðum. Vegna hækkaðs verðlags á byggingarefni var nauðsynlegt talið að hækka hámarkslánin úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. og útborgun lána nú leyfð til bæjar- og sveitarfélaga, þegar hús þau eru fokheld, sem ætluð eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Í stjórn stofnunarinnar eru nú þingkjörnir fimm menn í stað fjögurra áður, og er sú ráðstöfun í samræmi við sams konar breytingar á öðrum þingkjörnum stjórnum og nefndum.

Áfram verður unnið að endurskoðun þessara laga með sömu höfuðmarkmiðum, að auðvelda og bæta aðstöðu einstaklinga og sveitarfélaga til að eignast mannsæmandi húsnæði.

Að fjáröflun til húsnæðisframkvæmda er nú unnið, og er þess að vænta, að almenningur fái áfram að þreifa á bættri aðstöðu til að eignast húsnæði, þar eð telja verður, að erfiðasti hjallinn sé yfirstiginn um verðhækkanir byggingarefnis, ef ekki upphefjast á ný verðbólguáhrifin, sem öll alþýða manna hefur mest skaðazt á og þó fæstir á borð við húsbyggjendur í launastétt. Takist að ná nauðsynlegu jafnvægi í launa- og verðlagsmálum, má og vænta þess, að vextir lána lækki aftur.

Að sjálfsögðu er lánsfjárútvegunin undirstaðan undir því, að framangreindar endurskoðanir nái tilgangi sínum, en næstu mánuðir munu leiða í ljós, hvaða möguleikar eru í þeim efnum. Lánsfjárþörfin til verkamannabústaða og húsnæðismálastofnunar ríkisins er mikil, og mun aldrei fyrr í sögu þessara stofnana hafa legið fyrir annar eins umsóknafjöldi. Hjá sjóðsstjórn verkamannabústaða liggja nú fyrir lánsbeiðnir til rúmlega 120 íbúða, og hjá húsnæðismálastjórn liggja fyrir 2148 umsóknir, þar af 1241, sem enn þá hefur enga úrlausn fengið. Hér er því um vanda 2500 fjölskyldna að ræða.

Af framangreindum tölum má sjá, hve stór hluti fólks hefur beinna hagsmuna að gæta um lausn þessa vandamáls. Ljóst er og, að lausn húsnæðisvanda þessa fólks er um leið vísasti vegurinn til lækkunar húsaleigu og íbúðasölu, sem fyrst og fremst grundvallast á hinum alvarlega húsnæðisskorti.

Ég leyfi mér að fullyrða, að hér er um að ræða alvarlegasta vanda alls almennings og þá fyrst og fremst láglaunafólksins. Efnafólk leitar ekki aðstoðar húsnæðismálastjórnar eða verkamannabústaða. Lausn húsnæðisvandamálanna er brýnasta vandamálið, sem úrlausnar bíður. Raunhæfasta kjarabótin er lausn þessa vanda. Þess vegna er það einnig skylda alþýðusamtakanna að aðstoða af öllum mætti ríkjandi ríkisstj. á hverjum tíma til að fullnægja þörfum fólksins til lausnar þessum frumþörfum. Þá er farin leið raunhæfra kjarabóta. Að því, að svo geti orðið, mun Alþfl. áfram vinna í ríkisstj. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umr. verður hagað svo í kvöld, að hver þingflokkur fær 45 mín. ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, hin fyrsta 20 mín., önnur 15 og hin þriðja 10 mín. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag. Umræðan hefst nú, og tekur fyrstur til máls hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Það er margt, sem miður hefur farið hjá stjórnarflokkunum á s. l. ári. Þar er gengislækkunin efst á blaði að mínum dómi. Fyrir þeirri ráðstöfun voru alls engin frambærileg rök, eins og á stóð. Ríkisstj. taldi gengislækkunina gerða vegna kjarabóta þeirra, sem um var samið á s. l. sumri, og hefur reynt að réttlæta hana með tveim ástæðum: í fyrsta lagi, að ekki væri fyrir hendi nein sú framleiðsluaukning, sem staðið gæti undir umsömdum kauphækkunum, og í öðru lagi, að hin aukna kaupgeta almennings mundi hafa í för með sér gjaldeyrisskort og greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Dómur reynslunnar hefur sannað haldleysi þessara röksemda. Það má því kallast furðulegt, að hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. skyldu, eftir að þessar staðreyndir liggja fyrir, leyfa sér það enn í umr. hér í gær að bera þessar tylliástæður á borð. Ummæli þeirra gefa mér kærkomið tilefni til að hrekja enn þá einu sinni staðleysurnar um gengisfellingarástæðurnar.

Í grg. ríkisstj. fyrir gengislækkuninni, sem m. a. er birt í Morgunblaðinu 14. sept. s. l., er

gerð allýtarleg grein fyrir forsendum þeim, er ríkisstj. byggði á ákvörðun sína um gengisfellingu. Þar segir svo m. a., með leyfi forseta: „Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að áhrif aflabrests, verðfalls og aukins kostnaðar vegna stækkunar flotans til rýrnunar á afkomu sjávarútvegsins nema samtals um 320 millj. kr., sé árið 1961 borið saman við árið 1959. Er þetta um 13% af framleiðsluverðmæti sjávarafurða og 4—5% af þjóðarframleiðslunni.“ Þetta voru orð ríkisstj., og af þeim útreikningum grg. er augljóst, að gengislækkunin er byggð á þeirri forsendu, að aflamagn yrði miklu minna 1961 en 1959 og að framleiðsluverðmæti sjávarafurða árið 1961 yrði um 13% minna en árið 1959. Þetta töldu þeir vísu menn, ráðunautar ríkisstj., sig geta séð fyrir um mitt sumar 1961. Það fer því ekki milli mála, að gengisstýfingin var byggð á þessum hrakspám. Þessi bölsýni hefur orðið sér eftirminnilega til skammar, svo sem við mátti búast. Sannleikurinn er nefnilega sá, að um mitt s. l. sumar var full ástæða til bjartsýni í þessum efnum. Verðlag á flestum útflutningsafurðum var heldur hækkandi, og aflavonir voru í rauninni meiri en nokkru sinni fyrr, bæði vegna undangenginnar landhelgisútfærslu og aukinnar veiðitækni.

Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1961, sem birt var 15. marz s. l., eru tekin af öll tvímæli um, hver útkoman hefur orðið varðandi þessar forsendur ríkisstj. fyrir gengislækkunarákvörðun sinni. Þar segir um þetta, með leyfi forseta: „Heildaraflinn á árinu 1961 var skv. bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960. og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Áætlað er, að heildarverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3000 millj. kr. á móti 2628 millj. kr. árið 1960 og 2838 millj. kr. 1959. Eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.“ Þessi er þá dómur reynslunnar. Það liggur m. ö. o. ljóst fyrir nú og verður ekki um deilt. að aflinn á s. l. ári varð metafli. Hann var rúml. 23% meiri en árið áður, og framleiðsluverðmæti sjávarafurða hefur aukizt á árinu 1961 frá því árið áður um rúml. 14%. Ljóst er það einnig af þessum tölum, að framleiðsluverðmæti sjávaraflans 1961 var ekki 13% minna en 1959, svo sem ríkisstj. fullyrti í ágústbyrjun s. l. sumar, heldur nærri 6% meira, og skilst mér þá, að skakki 19% frá því, sem ráð var fyrir gert, er gengið var fellt. Sé hins vegar miðað við rétt verð á aflanum hvert ár og það umreiknað til núv. gengis, er verðmæti sjávarafurða 1961 um 11% meira en 1959 og 18% meira en 1960. Ég endurtek: 18% meira en 1960. Sjávaraflinn er að vísu ekki nema einn þáttur þjóðarframleiðslunnar, en í þessu sambandi er hann óneitanlega þýðingarmestur. Sjávarafurðir eru, eins og kunnugt er, um eða yfir 90% allrar útflutningsframleiðslunnar, en vegna hennar var gengislækkunin fyrst og fremst talin gerð. Engum dettur í hug að halda því fram, að gengislækkunin sé gerð vegna landbúnaðarframleiðslunnar, sem óefað hefur af henni tjón, þegar á heildina er litið.

Í umr. um þessi mál, bæði utan þings og innan, hefur margoft verið sýnt fram á, að gengislækkunar þurfti ekki við vegna iðnaðarins, enda hafa iðnaðarfyrirtæki undantekningarlítið orðið að taka á sig kaupgjaldshækkanirnar án þess að hafa fengið þeirra vegna hækkað verð framleiðsluvara sinna. Það er því alrangt, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta í umr. hér í gær. Og til að afsanna staðhæfingar hans þar um ætla ég að leiða aðalmálgagn stjórnarinnar, Morgunblaðið, sem vitni. Í Morgunblaðinu 13. sept. s. l. er grg. undir fyrirsögninni: „Iðnfyrirtæki hafa sjálf orðið að bera kauphækkanir.“ Þar segir m. a. orðrétt: „Leyfi til verðhækkana vegna kauphækkana hafa aðeins verið gefin í tveim tilfellum.“ Og síðan segir orðrétt, feitletrað: „Kauphækkanir hafa fyrirtækin orðið að taka á sig sjálf.“ Ummæli forsrh. um, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði farið fram á verðhækkun á iðnaðarvörum vegna kauphækkana, eru hreinn uppspuni. Skv. upplýsingum fyrirsvarsmanna SÍS hefur það eða iðnfyrirtæki þess ekki farið fram á neinar verðhækkanir vegna kauphækkana. Undirmenn forsrh. hafa því sagt honum ósatt um þessi atriði, og honum hefur þá ekki heldur unnizt tími til að lesa Morgunblaðið nægilega vel.

Í áðurnefndri grg. sinni áætlar ríkisstj. heildartekjuaukningu vegna kaupgjaldshækkana 500—600 millj., við skulum segja 550 millj., sem þó auðvitað er allt of hátt. Ríkisstj. taldi atvinnuvegina að óbreyttum aðstæðum og með hinar slæmu afkomuhorfur, sem hún gekk út frá, geta borið 3% kauphækkun nú þegar, en það jafngildir skv. grg. rúml. 100 millj. kr. Eftir eru þá um 450 millj. kr. Nú liggur það ljóst fyrir, að mismunurinn á raunverulegu verðmæti sjávaraflans og því verðmæti hans, sem ríkisstj. gekk skv. grg. út frá, er hún ákvað gengisfellinguna, nemur um 6—7% af þjóðarframleiðslunni. En það jafngildir, að mér virðist, skv. útreikningum ríkisstj. sjálfrar a. m. k. 500 millj. kr. eða m. ö. o. gerir nokkru betur en vega upp á móti þeirri kaupgjaldstekjuaukningu, sem ríkisstj. taldi atvinnuvegunum ofviða, vegna þess að framleiðslu vantaði til að mæta henni.

Þannig lítur þá dæmið út, þó að tölur ríkisstj. sjálfrar séu lagðar til grundvallar, sem sé, að sjávaraflinn einn nægir til að taka af þann áhalla, sem ríkisstj. taldi að verða mundi að óbreyttu gengi. Þess er enn fremur að gæta, að tilboð sáttasemjara fól í sér 6% hækkun þá þegar, og hvatti aðalmálgagn stjórnarinnar, Morgunblaðið, verkamenn til að samþ. hana. Sú röksemd, að gengislækkunin hafi verið óhjákvæmileg vegna atvinnuveganna, er því gersamlega haldlaus, enda er sannleikurinn sá, að gengishagnaður útflutningsatvinnuveganna étur sjálfan sig upp að nokkru, vegna þess að ýmis tilkostnaður þeirra hækkar verulega við gengislækkunina. Enn fremur er þess að gæta, að með gengisráðstöfunum þeim, sem fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar, var útflutningsgjald á sjávarafurðum hækkað mjög mikið, og er talið, að sú hækkun nemi rúml. 100 millj. kr. á ári. Hitt er svo annað mál, að vegna einstakra atvinnugreina, svo sem vegna togaraút-

gerðarinnar, hefði þurft og þarf þrátt fyrir gengislækkunina að gera sérstakar ráðstafanir, enda verður það sjálfsagt lengst af svo í landi hér, að afkoma atvinnugreinanna verður það misjöfn og breytileg, að grípa verður öðru hverju til einhverra miðlunarúrræða.

Það verður ekki heldur sannað, að gengislækkunin hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir greiðsluhalla við útlönd. Þegar gengið var fellt á s. l. sumri, var ekkert fullyrt um gjaldeyrisafkomu ársins, en horfur í gjaldeyrismálum voru þó tiltölulega góðar og gáfu síður en svo tilefni til nokkurrar svartsýni. Það sýna gjaldeyrisskýrslur bankanna. En hvað sem um þennan þátt málsins mátti segja á s. l. sumri, er gengislækkunin var gerð, og hvað sem mönnum þá gat sýnzt um þessi atriði, þá liggja fyrir gögn um það, hver gjaldeyrisafkoman var. Í þeirri skýrslu Seðlabankans, sem ég vitnaði í áðan, segir berum orðum, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað á árinu 1961 um 400 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi. Í skýrslu Seðlabankans segir enn fremur svo: „Jafnframt þeirri miklu bót, sem átti sér stað á gjaldeyrisstöðu bankanna og greiðslujöfnuðinum 1961, átti sér stað birgðaaukning á útflutningsvörum, er nam 186 millj. kr.“ Í margnefndri Morgunblaðsgreinargerð segir enn fremur: „Verðhækkanir innanlands draga úr áhrifum tekjuaukningarinnar á greiðslujöfnuðinn.“ En þrátt fyrir það mátti gera ráð fyrir, að 300 millj. kr. af þeim 800—900 millj. kr., sem að framan getur, hefðu komið fram í greiðslujöfnuðinum á síðari helmingi ársins 1961 og fyrri helmingi árs 1962. M. ö. o.: skv. útreikningi sjálfrar ríkisstj. mátti gera ráð fyrir, að um 150 millj. kr. af kaupgetuaukanum kæmu fram í greiðslujöfnuðinum árið 1961, þ. e. á síðari helmingi ársins. En nú liggur það fyrir skv. óyggjandi tölum, að framleiðsluverðmæti sjávarafurða varð 1961 rúml. 14% meira en árið 1960 og þó öllu heldur 18% meira og að hrein gjaldeyriseign bankanna hækkaði úr rúml. 118 millj. kr. 1. ágúst 1961 upp í tæpar 527 millj. kr. 31. des. 1961. eða um 409 millj. kr., og um mánaðamótin febrúar og marz var hún komin upp í rúml. 703 millj. kr. Fram hjá þessum staðreyndum verður ekki komizt, þær eru auðskildar hverju barni. Hvernig ætlar svo ríkisstj. að telja mönnum trú um, að komið hefði til gjaldeyrisskorts og greiðsluhalla, ef ekki hefði verið gripið til gengisfellingar? Það er alveg vonlaust verk. Hitt er svo annað mál, að framannefndar tölur ríkisstj. eru byggðar á sandi. Kaupgjaldshækkanir eru auðvitað út af fyrir sig fremur tekjutilfærsla en tekjuaukning, þegar á þjóðfélagið í heild er litið. En auk þess eru tölur þessar sjálfsagt allt of háar.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er augljóst, að gengislækkunin var þarflaus og báðar þær ástæður, sem reynt hefur verið að réttlæta hana með, hafa reynzt tylliástæður, enda var gengislækkunin fyrst og fremst aðvörun stjórnarinnar til verkamanna og annarra launþegasamtaka, hótun um það, á hverju þau ættu von, ef þau yrðu ekki góðu börnin og sættu sig við kjaraskerðingarstefnuna. Henni var ætlað að lama samtökin. Það mun þó ekki takast, enda er það nú deginum ljósara, að ríkisstj. er að missa kaupgjaldsmálin úr böndunum, eins og reyndar flest sín mál.

Framleiðsluaukningin s. l. ár og hin tiltölulega góða afkoma út á við eru auðvitað ekki að neinu leyti að þakka aðgerðum núv. ríkisstj., heldur eiga þær rætur sínar í uppbyggingu undangenginna ára, útfærslu landhelginnar, hækkandi verðlagi á útflutningsafurðum, miklum afla og þar af leiðandi mikilli atvinnu í landinu. Þvert á móti hafa ýmsar af ráðstöfunum ríkisstj. reynzt atvinnuvegunum fjötur um fót, svo sem vaxtahækkun, lánasamdráttur og stórkostleg hækkun hvers konar framkvæmdakostnaðar. Þetta sjá allir landsmenn og skilja. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hversu harkaleg og tilfinnanleg aðgerð gengislækkun er fyrir allan almenning. Það er ómótmælanleg staðreynd, að gengislækkunin s. l. sumar hefur hrundið af stað nýrri dýrtíðarskriðu. Var þó sízt af öllu bætandi á viðreisnaráhrifin í því efni.

Með hinni svokölluðu viðreisn var tekin upp ný efnahagsmálastefna. Sú stefna var í algeru ósamræmi við yfirlýsingar og kosningaheit stjórnarflokkanna um stöðvun dýrtíðar og bætt lífskjör, svo sem margoft hefur verið sýnt fram á. Viðreisnarstefna ríkisstj., eins og hún birtist í efnahagsmálalöggjöfinni 1960 og síðari ráðstöfunum, er auðvitað ekkert annað en grímuklædd íhaldsstefna. Hún er því réttnefnd íhaldsviðreisn. Gengislækkunin 1960 var óhófleg og hlaut að leiða til geigvænlegrar dýrtíðar og kjaraskerðingar. Þó þótti ríkisstj. nauðsynlegt að bæta við margháttuðum ráðstöfunum, sem yfirleitt gengu í sömu átt, svo sem nýjum og tilfinnanlegum neyzlusköttum, stórfelldri vaxtahækkun, lánasamdrætti og styttingu lánstíma ýmissa stofnlána og fleiri þvílíkum kjaraskerðingaraðgerðum, sem áttu að draga úr kaupgetu og lánsfjárnotkun, en hér yrði of langt mál að telja þær upp. Þessi íhaldsviðreisn hleypti af stað nýju verðbólguflóði, reyndist atvinnuvegunum þrándur í götu og varð uppspretta ranglætis og óeðlilegs aðstöðumunar og lagðist sem farg á fyrirhugaðar framkvæmdir og skerti lífskjör alls almennings. Hvað sem öðrum verkunum íhaldsviðreisnarinnar líður, blasa þessar staðreyndir og afleiðingar hennar hvarvetna við, þrátt fyrir nokkrar góðar gagnráðstafanir, svo sem aukningu fjölskyldubóta.

Stjórnarstuðningsmenn hafa státað af því í ræðum sínum, að íhaldsviðreisnin hafi borið tilætlaðan árangur. Þeir hafa reynt að styðja mál sitt með talnalestri um gjaldeyrisafkomu og sparifjársöfnun. Sparifjársöfnun og gjaldeyrisaukning eru góðra gjalda verðar. Af þeim atriðum einum verður þó alls ekki dregin sú ályktun um velsæld og heilbrigði efnahagslífsins og því síður um lífsafkomu og velmegun fólksins, sem stjórnarsinnar vilja vera láta. Það væri auðvelt að sanna með dæmum úr daglega lífinu.

Framkvæmdir í landinu, uppbygging atvinnulífsins, aukin framleiðsla og framleiðni eru þeir hornsteinar, sem velmegun þjóðar í nútíð og framtíð byggist á, ekki hvað sízt í okkar litt numda landi.

En það er vissulega hægt að nefna aðrar tölur en stjórnarsinnar hafa gert til marks um viðreisnaráhrifin. Þær tölur sýna allt aðrar og skuggalegri hliðar á íhaldsviðreisninni. En það eru áreiðanlega tölur, sem almenningur kannast betur við úr sínu daglega lífi, heldur en þær, sem ríkisstj. hampar. Það eru tölur um sívaxandi dýrtíð og kjaraskerðingu. Það má nefna hækkun framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar, hækkun véla og skipa og kaupmáttarrýrnun launanna. Sá útreikningur, er gerður hefur verið á kaupmætti tímakaups verkamanna í Reykjavík, er athyglisverður og táknrænn, en í maímánuði s. l. sýndi hann 16 stiga lækkun frá því 1947, en í árslokin 17 stig, og er samkv. því búið að taka aftur alla kjarabótina frá því í fyrrasumar — og þó aðeins betur. En allur talnalestur um þessi atriði er gersamlega óþarfur, og ég ætla ekki að fara út í hann. Hér getur hver og einn litið í eigin barm og dæmt um dýrtíðaraukninguna af eigin raun. Sannleikurinn er sá, að það hefðu margir átt í erfiðleikum með að framfleyta sér og sínum, ef ekki hefði notið við góðs árferðis, góðra aflabragða og þar af leiðandi mikillar atvinnu.

Þrátt fyrir hagstætt árferði yfirleitt er áreiðanlega fjöldi fólks í vandræðum með að hafa í sig og á. Já, jafnvel ríkisstj. hefur orðið fyrir barðinu á þessu afkvæmi sínu, íhaldsviðreisninni. Mikið af tíma þings og stjórnar hefur farið í það að glíma við drauga, sem viðreisnin hefur vakið upp. Ég nefni skuldaskil útgerðarinnar, lausaskuldamál bænda, landbúnaðarsjóðina, vandræði togaraútgerðarinnar og húsnæðismálin. Mér dettur auðvitað ekki í hug að halda því fram, að vandamál þessi eigi að öllu leyti rætur sínar í viðreisninni, en hinu held ég hiklaust fram, að hún eigi sinn verulega þátt, t. d. með gengislækkun og viðreisnarvöxtum.

Það er athyglisvert og ámælisvert, að skuldamálum útvegsmanna og bænda skipaði stjórnin í öndverðu með brbl., og var það í öðru tilfellinu meira að segja gert í stuttu þinghléi. Með þeim hætti setti stjórnin stuðningsmenn sína á þingi í þá aðstöðu, að þeir urðu að samþ. brbl., hvort sem þeim líkaði betur eða verr, án þess að nokkrum verulegum breytingum yrði við komið. Ef mál þessi hefðu komið til kasta þingsins án áður útgefinna brbl., er líklegt, að löggjöfin hefði orðið talsvert á aðra lund, a. m. k. lögin um lausaskuldir bænda. Í hvorugu tilfellinu hefðu framkvæmdir tafizt, þótt málin hefðu verið lögð fyrir þing með eðlilegum hætti. Því verður ekki neitað, að núv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað gripið til gerræðisfullra brbl., og eru þó brbl. um gengisskráningarvaldið frá s. l. sumri þar gleggsta dæmið. Virðist það helzt í sumum tilfellum gert til þess að setja stjórnarstuðningsmennina í sjálfheldu, og má vera, að það sé ekki alltaf að ástæðulausu, en ekki lýsir sú aðferð mikilli virðingu fyrir þingliðinu.

Engum hefur íhaldsviðreisnin orðið jafnþung í skauti og unga fólkinu, sem þarf að stofna heimili og koma fótunum fyrir sig. Það er t. d. enginn hægðarleikur fyrir frumbýlinga að stofna bú, eins og sakir standa, að kaupa jörð, bústofn og vélar. Það er ekki hlaupið að því fyrir ungu hjónin, sem stofna heimili í sveit eða kaupstað, að eignast þak yfir höfuðið, hvort heldur er að kaupa eða byggja. Sama máli gegnir um manninn, sem er að reyna að stofnsetja eigið fyrirtæki, hvort heldur er í útgerð eða iðnaði. Ummæli hæstv. fjmrh. hér í umr. í gærkvöld um æskuna og viðreisnina voru því hrein öfugmæli, en bera hins vegar órækt vitni um hina ríku og meðfæddu skáldæð, sem í hæstv. ráðh. býr.

Alls staðar er sama sagan, að viðreisnin hefur bitnað þyngst á þeim, er veikasta höfðu aðstöðuna, á fátækasta fólkinu og unga fólkinu, sem á eftir að skapa sér aðstöðu og afkomumöguleika, fólkinu, sem á e. t. v. ekkert nema vonir og viljann til að vinna, og það er kannske það alvarlegasta í þessu máli. Það er hætt við, að íhaldsviðreisnin verki lamandi á þá bjartsýni, sem ungu fólki er eiginleg, hún veiki trú þess á landinu og bjargræðisvegum þjóðarinnar. Vonandi lætur það þó ekki hugfallast.

En er þá íhaldsviðreisnin engum góð? Jú, þeim ríku. Hún gerir þá ríku ríkari. Hún eykur aðstöðumun þjóðfélagsþegnanna óeðlilega mikið. Hún er því sannkölluð ójafnaðarstefna. Það er kaldhæðni örlaganna, að það skuli vera Alþfl., sem gengur erinda þeirrar ójafnaðarstefnu.

Stjórnarstefnan í innanlandsmálum verðskuldar að mínum dómi þungan áfellisdóm. Hitt er þó í rauninni enn alvarlegra, að núv. ríkisstj. er af fjölda fólks ekki treyst til að halda á málstað Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum. Þar hafa alvarleg mistök átt sér stað, sem ég skal þó ekki ræða hér. En hér þarf ríkisstj., sem nýtur meira trausts í utanríkismálum. Það er víst, að samskipti okkar við aðrar þjóðir munu verða æ meiri, hvort sem okkur í rauninni líkar það betur eða verr. Margháttað og áður óþekkt þjóðasamstarf færist nú í aukana, þ. á m. á sviði stjórnmála, efnahagsmála og félagsmála. Þar verðum við að fara að öllu með gát. Það er sannast sagna, að í samskiptum ríkja er enginn annars bróðir í leik. Þar verður hver og einn að treysta á sjálfan sig, en ekki annarra forsjón. Það er því höfuðnauðsyn að mínum dómi að skapa hér sem víðtækasta samstöðu um utanríkismálin.

Framsfl. telur það nauðsynlegt, að sem allra fyrst sé hætt við hina skaðlegu íhaldsviðreisn og að aftur sé horfið að raunhæfri, en bjartsýnni framfarastefnu. Megindrættir þeirrar framfarastefnu eru markaðir í stjórnmálaályktun flokksþings og miðstjórnar Framsfl. Hér er aðeins tími til að drepa á örfá almenn atriði.

Framsfl. vill vinna að framförum og uppbyggingu atvinnuveganna um land allt. Fjármagni, framkvæmdum og atvinnufyrirtækjum þarf því að dreifa um landið með skynsamlegum og skipulegum hætti. Almannavaldið á að ýta undir og styðja með eðlilegum hætti framfaraviðleitni fólksins og sjálfsbjargarhvöt, hvort sem hún birtist í framtaki einstaklingsins eða í félagslegum samtökum. Lífskjör fólks þarf að bæta, svo að þau verði sambærileg við það, sem gerist með nálægum menningarþjóðum. Þess vegna þarf framleiðsluaukningin að vera miklu stórstígari en hingað til. Stuðla á að nýjum

framleiðsluatvinnugreinum. Framleiðsluaukninguna þarf að byggja á heilbrigðu framtaki, auknum framleiðsluafköstum, vaxandi verklegri menningu. Auðlindir landsins og orkugjafa þarf að nýta sem bezt, til hagsældar fyrir alla þjóðina. Tryggja þarf næga atvinnu. Það er grundvallarskilyrði fyrir framförum, kjarabótum og menningu, að landinu sé stjórnað með þessi stefnumörk í huga.

Hér hafa aðeins verið nefnd fáein dæmi um almenn stefnumál Framsfl. Að sjálfsögðu reynir flokkurinn að vinna að þeim stefnumálum eftir megni, hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Hann hefur m. a. hreyft ýmsum málum í þessa átt á því Alþ., sem nú situr. Stjórnarliðið hefur yfirleitt eytt þeim málum, ýmist fellt þau eða svæft þau í n. Þannig verður það sjálfsagt. meðan núv. stjórnarflokkar hafa meiri hl.

Það er því höfuðnauðsyn að efla Framsfl. svo í næstu kosningum, að fram hjá honum verði ekki komizt við stjórnarmyndun. Með þeim hætti er tryggt, að horfið verði frá ríkjandi íhaldsstefnu, en afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu eru því háskalegri og óviðráðanlegri sem núv. stjórn situr lengur að völdum. Þess vegna verður allt framfarasinnað fólk í landinu að neyta þess færis, sem gefst í næstu alþingiskosningum til að kveða niður kjaraskerðingarstefnuna og fella þungan, en verðskuldaðan áfellisdóm yfir íhaldsviðreisninni. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Íslenzka þjóðin fær að ýmsu leyti hvorki góða né rétta mynd af störfum Alþingis með því að hlýða á útvarpsumræður héðan. Það er óspart látið fjúka, að þeir, sem með völdin fara, brjóti sjálfa stjórnarskrána, vinni skipulega að því að skerða lífskjör manna, spilli menningarlífi þjóðarinnar og skerði frelsi hennar og fullveldi. Þeim er jafnvel líkt við ofbeldissamtök suður í Alsír, sem stunda morð og rán og hvers konar ódæðisverk. Mér kemur ekki til hugar að nota ræðutíma minn hér til að munnhöggvast um atriði sem þessi. Hlustendum er í rauninni sýnd óvirðing með slíku tali.

Sérhver ríkisstj. skoðar það auðvitað skyldu sína að hlýða stjórnarskránni, gæta sjálfstæðis þjóðarinnar og efla menningu hennar. Sömuleiðis hljóta þeir, sem með völd fara hverju sinni, að skoða það sem eitt höfuðhlutverk sitt að stuðla að því, að þjóðarframleiðslan aukist sem mest. þannig að kjör manna geti orðið sem bezt. Auðvitað hafa allar ríkisstj., sem hér hafa setið, haft þetta takmark. Hitt er svo annað mál og algerlega eðlilegt, að mönnum getur sýnzt sitt hvað um það, hvaða ráð séu vænlegust til þess, og lagt mismunandi dóm á það, hver árangur hafi náðst.

Í þeim orðum, sem ég segi hér í kvöld, ætla ég fyrst að bera þá stefnu, sem nú er fylgt í efnahagsmálum, saman við þá, sem fylgt var áður. Síðan ætla ég að fara nokkrum orðum um það, sem ég tel vera fram undan, og að síðustu ræða nokkuð eitt helzta vandamálið, sem ég tel að nú bíði úrlausnar, afstöðu Íslendinga til Efnahagsbandalagsins.

Á þeim tiltölulega stutta tíma, sem liðinn er, síðan samstarf hófst milli Alþfl. og Sjálfstfl., hafa meiri tíðindi gerzt í íslenzkum þjóðmálum en nokkurn tíma áður á jafnskömmum tíma. Kjördæmaskipun landsins hefur verið gerbreytt og henni komið í réttlátt horf. Íslenzka krónan hefur verið rétt skráð, þannig að hún hefur tekið fullgilt sæti við hlið gjaldmiðils viðskiptaþjóða okkar, en niðurlægjandi og skaðlegt svartamarkaðsbrask á þessu sviði er úr sögunni. Innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru að miklu leyti orðin frjáls, og vöruúrval innanlands hefur aldrei í sögu þjóðarinnar verið meira en nú. Skattakerfið hefur verið endurskoðað frá grunni og sköttum létt af launamönnum. Almannatryggingar hafa verið stórauknar. Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar til eflingar vísindum og listum. Aðstaða námsmanna hefur verið stórbætt. Tvö vandasöm og viðkvæm deilumál við vinveittar þjóðir hafa verið farsællega til lykta leidd, og á ég þar við landhelgisdeiluna og handritamálið. Og ég hika ekki við að fullyrða, að atvinna hafi aldrei verið tryggari og lífskjör þjóðarinnar aldrei betri en nú um þessar mundir.

En hver er grundvallarmunurinn á þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem nú er fylgt, og þeirri, sem fylgt var áður? Ef litið er á tímabilið frá stríðsárunum og til áramótanna 1959 og 1960 sem eina heild, má segja, að tvenns konar mein hafi þjakað efnahagslífið. Annars vegar var stöðug verðbólga innanlands, verðlag og kaupgjald hækkaði á víxl. Orsök þessa var röng stefna í bankamálum og fjármálum ríkisins, vísitölukerfið og ógætileg stefna launþegasamtaka í launamálum. Hins vegar var röng skráning á gengi krónunnar. Af henni leiddi útflutningsbætur og innflutningsgjöld og höft á innflutningi og gjaldeyrisviðskiptum. Sumar ríkisstj. réðust gegn verðbólgunni, aðrar gegn röngu gengisskráningunni. Árangur náðist um sinn, en meinið var aldrei læknað, af því að engin ríkisstj. bar gæfu til þess að gera hvort tveggja í senn að skrá rétt gengi á krónunni, til þess að unnt væri að afnema uppbætur og höft, og skera samtímis fyrir rætur verðbólgunnar með réttri og ábyrgri stefnu í bankamálum og fjármálum ríkisins.

Það er þetta, sem núv. ríkisstj. ákvað að gera og hefur gert. Þær ríkisstj., sem hér hafa setið síðan stríði lauk, hafa allar gert ýmsar skynsamlegar ráðstafanir til úrbóta á öðru hvoru þeirra sviða, þar sem stefnunni hefur verið ábótavant, en engri þeirra tókst að koma verðbólgunni fyrir kattarnef og eyða greiðsluhallanum gagnvart útlöndum, af því að aldrei var gert samtímis allt það, sem gera þurfti. Það var ekki fyrr en samstarf tókst milli Alþfl. og Sjálfstfl. og þeirra einna, að samkomulag náðist um samræmda heildarstefnu, rétta gengisskráningu og ábyrga stefnu í bankamálum og fjármálum ríkisins. Fyrir þessar sakir hefur árangur af störfum þessarar ríkisstj. orðið meiri en þeirra, sem á undan fóru. Þessi góði árangur kemur fram á ýmsan hátt. S. l. ár er fyrsta árið, síðan styrjöldinni lauk, sem búskapur þjóðarinnar hefur verið hallalaus gagnvart öðrum þjóðum. Íslendingar eiga nú í fyrsta skipti um

langan aldur nokkurn gjaldeyrisvarasjóð, þótt hann sé ekki orðinn eins mikill og hann þarf nauðsynlega að verða. Sparifé þjóðarinnar innanlands er nú miklu meira en það hefur verið nokkru sinni fyrr, og vöxtur þess er örari en dæmi eru til um áður, vöruframboð fjölbreyttara og viðskipti frjálsari en um áratugaskeið. Atvinna er mikil og trygg.

Nú kæmi mér ekki á óvart, þótt ýmsir spyrðu: En hvað um lífskjör fólksins, hafa þau ekki versnað á valdatíma núv. ríkisstj.? Höfum við ekki eignazt gjaldeyrisvarasjóðinn erlendis og sparifé innanlands einfaldlega vegna þess, að fólk hefur haft minni tekjur til að nota til neyzlu sinnar? Svarar ekki kjararýrnun hjá almenningi til eignaaukningarinnar erlendis og innanlands? Þar sem það var eitt höfuðmarkmið núv. ríkisstj., þegar hún var mynduð, að eyða greiðsluhallanum gagnvart útlöndum og efla innlendan sparnað, sagði hún af fullri hreinskilni við þjóðina, að hún gerði ekki ráð fyrir því, að unnt yrði að ná þessum markmiðum, án þess að þjóðin tæki á sig nokkra kjaraskerðingu í bráð, 3—5%. En þessi kjaraskerðing hefur, sem betur fer, ekki reynzt nauðsynleg. Skattaframtöl launþega sjálfra fyrir árið 1960 leiddu í ljós, að tekjur allra launþegastétta jukust á því ári meira en svaraði til hækkunar framleiðslukostnaðar. Meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna á öllu landinu reyndust t. d. um 79 þús. kr. og voru um 6% hærri en árið áður. Þær voru meira að segja 14% hærri en 1958. En framfærslukostnaður hækkaði hins vegar um tæplega 5% frá því á árinu 1958 til ársloka 1960. Samt leyfa menn sér að halda því fram, að allur vandi launamálanna væri leystur, ef lífskjörin væru nú jafngóð og 1958. Sannleikurinn er sá, að þau eru nú talsvert betri. Það er rétt, að hluti þeirra tekna, sem ég nefndi, er fyrir yfirvinnu, sem æskilegt er að komast hjá, enda ber að stefna að því að afnema hana, án þess að til skerðingar á launum komi. En yfirvinnan hefur ekki vaxið hin síðustu ár, svo að tekjuaukinn er ekki vegna þess, að menn hafi þurft að leggja meira að sér.

Á s. l. ári urðu tekjur allra stétta miklu hærri en árið 1960 vegna hinna almennu kauphækkana, sem samið var um. Þær námu 13—19%, að meðaltali líklega 14—15%. En síðan genginu var breytt í ágústbyrjun, hefur framfærslukostnaðurinn ekki hækkað nema um 9% og síðan í ársbyrjun 1961 ekki nema um 12%, svo að óhætt er að fullyrða, að síðan viðreisnarstefnan var tekin upp fyrst á árinu 1960, hafa tekjur launamanna og bænda aukizt meira en framfærslukostnaður hefur hækkað. Tekjur sjómanna hafa hækkað mun meira. Það er því beinlínis rangt, þegar því er haldið fram, að lífskjör almennings séu nú lakari en þau voru, áður en núv. ríkisstj. kom til valda. Tímakaup lægst launuðu Dagsbrúnarmanna er ekki réttur mælikvarði á raunveruleg lífskjör, heldur árstekjur launþeganna.

Með þessu er ég auðvitað ekki að segja, að ástand kaupgjaldsmálanna hafi á s. l. ári verið eða sé nú alveg eins og það eigi að vera. Ég er aðeins að andmæla þeirri röngu staðhæfingu, að kjör almennings hafi versnað undanfarin tvö ár. Ég held því ekki heldur fram, að þau hafi almennt batnað að nokkru ráði, enda ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það gerist samtímis því, sem þjóðin er að koma fótum undir heilbrigt efnahagskerfi og koma sér upp nauðsynlegum varasjóðum innanlands og erlendis. Í þessu sambandi verður hins vegar að geta þess, að 1. júní n. k. mun kaup hækka um 4%, og mun sú kauphækkun að mestu leyti verða raunveruleg kjarabót.

Ríkisstj. viðurkennir fullkomlega nauðsyn þess og réttmæti, að nokkur breyting eigi sér ávallt stað á kaupgjaldi einstakra starfshópa. Einmitt þess vegna hefur ríkisstj. nýlega lýst sig reiðubúna til að vinna að því, að lægst launuðu verkamenn fái nokkra kauphækkun. Af sömu ástæðum hefur ríkisstj. fyrir fáum dögum ákveðið að greiða kennurum nokkra þóknun fyrir aukastörf. Sama hugsun liggur að baki frv. því, sem ríkisstj. hefur flutt um samningsrétt opinberra starfsmanna, en á því sviði eru ýmsar breytingar eðlilegar og réttmætar. Er sérstaklega nauðsynlegt að taka í auknum mæli tillit til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni við ákvörðun á launum opinberra starfsmanna. En ef breyting á launum einstakra starfshópa á að færa þeim kjarabót, þá verður hún að vera takmörkuð við ákveðinn hóp. Ef kaup allra stétta hækkar jafnt og umfram það, sem þjóðarframleiðslan vex, er þá ekki augljóst hverju mannsbarni, að verðlag hlýtur að hækka og gera að engu þá kauphækkun, sem er umframaukning þjóðarframleiðslunnar? Það er þetta, sem ríkisstj. vill umfram allt forða þjóðinni frá að gerist. Hún vill, að þeir starfsmenn, starfshópar, sem ýmist þarfnast þess mest eða helzt eiga það skilið vegna breyttra starfshátta, fái þann tekjuauka, sem aukning þjóðarframleiðslunnar getur staðið undir, án þess að til nýrra verðhækkana þurfi að koma af þessum sökum. En hún telur verulegar almennar kauphækkanir ekki geta leitt til annars en nýrrar verðbólguöldu. Engum ríður meira á því en einmitt launþegunum, að slíkt gerist ekki.

En nú kynni einhver einnig að spyrja, hvort batinn í þjóðarbúskapnum hafi þá ekki orðið vegna þess, að óeðlilega mikið hafi dregið úr framkvæmdum, en því er einmitt oft haldið fram.

Á árunum 1953—1958 nam fjárfesting í íbúðabyggingum 350 millj. kr. á ári að meðaltali, miðað við verðlag ársins 1954. En á árunum 1960 og 1961 nam hún 323 millj. kr. að meðaltali miðað við sama verðlag, eða var m. ö. o. mjög svipuð. Á báðum þessum tímabilum var fjárfestingin talsvert umfram það, sem þarf til að fullnægja þörfunum vegna fjölgunar fjölskyldna. Og hvernig skyldi fjárfestingu í fiskiskipum hafa verið háttað? Á árunum 1956—1958 nam sú fjárfesting að meðaltali 54 millj. kr. á ári, en á árunum 1960 og 1961 að meðaltali á ári 106 millj. kr., miðað við sama verð. Fjárfesting í fiskiskipum hefur m. ö. o. verið næstum tvöfalt meiri á starfstíma núv. ríkisstj. en hún var á árunum 1956—1958. Batinn í þjóðarbúskapnum á því ekki heldur rót sína að rekja til neins óeðlilegs samdráttar í fram-

kvæmdum, heldur einfaldlega til skynsamlegrar heildarstefnu í efnahagsmálum.

Ég sagði áðan, að megintilgangur ríkisstj. hafi verið sá að koma veröbólgunni fyrir kattarnef og eyða greiðsluhallanum gagnvart útlöndum. Þetta hefur tekizt í aðalatriðum. En ríkisstj. var auðvitað frá upphafi ljóst, að þetta gat ekki verið nema fyrri þátturinn í starfsáætluninni. Síðari þátturinn hlaut að vera fólginn í því að efna til nýrra framkvæmda á þeim trausta grunni, sem fyrst þurfti að leggja. Af þessum sökum hefur ríkisstj. undanfarið unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunar og notið við það aðstoðar færustu sérfræðinga, erlendra og innlendra. Hlutverk slíkrar framkvæmdaáætlunar er að tryggja, að fyrst og fremst sé unnið að þeim verkefnum, sem eru arðvænlegust fyrir þjóðarbúið í heild, og stuðla að því, að fjárhagsgrundvöllur þeirra sé heilbrigður.

Í litt numdu landi eins og Íslandi blasa verkefni við hvarvetna. Það hefur því miður viljað brenna við undanfarna áratugi, að við höfum ekki ávallt vandað okkur nógu vel við val þeirra framkvæmda, sem til hefur verið stofnað. Þess vegna hefur framleiðsluaukningin ekki orðið eins mikil og hún hefði getað orðið. Þetta þarf að breytast, og það er megintilgangur framkvæmdaáætlunarinnar, að þetta breytist. Við höfum fram til þessa fyrst og fremst grundvallað lífskjör okkar á auðæfum fiskimiða umhverfis landið og því að sjálfsögðu verið háðir duttlungum náttúrunnar. Við verðum í framtíðinni í sívaxandi mæli að byggja afkomu okkar á fullkomnari hagnýtingu þessara auðlinda sjávarins og hvers konar iðnaði öðrum. Í því sambandi kemur ekki hvað sízt til greina hagnýting fallvatna okkar og jarðhita. Ísland er eitt af fáum Evrópulöndum, þar sem enn er um að ræða miklar ónotaðar orkulindir, sem hagnýta má til iðnaðarþarfa. Á þessum orkulindum má grundvalla nýjan iðnað, er framleiði til útflutnings og geri okkur því í vaxandi mæli óháða þeim framleiðslusveiflum, sem jafnan hljóta að eiga sér stað í fiskveiðunum.

En við getum hvorki hagnýtt orkulindirnar né komið á fót útflutningsiðnaði nema afla erlends fjármagns til landsins og eiga um tíma aðgang að erlendri tækniþekkingu og verkkunnáttu. Íslendingar hafa á undanförnum áratugum flutt mikið erlent fjármagn inn í landið, en þar hefur nær eingöngu verið um opinberar lántökur að ræða. Það er skoðun mín, að það, sem hér þurfi að gera á næstunni, sé ekki framkvæmanlegt, nema einkafjármagn verði jafnframt hagnýtt, ekki hvað sízt vegna þess, að ekki er völ á þeirri erlendu tækniþekkingu, sem okkur er nauðsynleg, nema í sambandi við hagnýtingu einkafjármagns. Efnahagslegu sjálfstæði okkar á engin hætta að þurfa að stafa af slíku, ef tryggilega er um búið, og er reynsla Norðmanna til vitnis um það. En áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar í þessum efnum, er nauðsynlegt, að framkvæmdirnar séu vel undirbúnar og vel samræmdar. Einmitt það er hlutverk framkvæmdaáætlunarinnar, sem ríkisstj. skoðar nú sem eitt höfuðhlutverk sitt að vinna að og mun á sínum tíma kynna Alþingi og þjóðinni.

Þá ætla ég að síðustu að fara nokkrum orðum um afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins. En þar er um að ræða eitt mesta vandamál, sem Íslendingar munu hafa við að glíma á næstu árum. Það er nauðsynlegt, að allir Íslendingar geri sér ljóst, að Efnahagsbandalagið er staðreynd, hvort sem sumum okkar líkar hún betur eða verr. Í kjölfar stofnunar Efnahagsbandalagsins og þeirrar stækkunar þess, sem allar líkur benda til að muni eiga sér stað á næstunni, munu sigla víðtækar breytingar í efnahagsmálum Vestur-Evrópu. Innan vébanda Efnahagsbandalagsins munu verða ýmsar dýrmætustu auðlindir jarðarinnar, meira fjármagn en víðast hvar annars staðar, tækniþekking á borð við það, sem hún gerist bezt í heiminum, og þar verður um að ræða einn víðáttumesta markað heimsviðskiptanna. Enginn vafi er á því, að sú þróun, sem nú er hafin, mun bæta lífskjör almennings í Vestur-Evrópu mjög á næstu árum og áratugum. Grundvallarregla Efnahagsbandalagsins er sú, að innan þess skuli allur atvinnurekstur og öll viðskipti vera frjáls, en allur innflutningur tollaður til verndar framleiðslu bandalagsríkjanna. Til þeirra landa, sem líklegt er að innan skamms verði aðilar að Efnahagsbandalaginu, fluttum við um 60% af útflutningi okkar árið 1961. Tollar af útflutningsvörum okkar til efnahagsbandalagslandanna eru nú byrjaðir að hækka og munu nema um 11%, þegar öll hækkunin er komin fram, í stað 6%, eins og áður var, hvort tveggja að meðaltali.

Hagsmunir okkar af því að eiga aðgang að þessum stóra markaði án þess að þurfa að greiða þennan toll eru augljósir. Samt er það ekki aðalatriði þess máls, sem hér er um að ræða, að losna við þá hækkun tolls á meiri hluta útflutnings okkar, sem við yrðum að bera, ef við stæðum utan bandalagsins. Enn mikilvægara er hitt, að vegna nálægðar og gamalla tengsla við Vestur-Evrópu á sviði viðskipta, menningar og stjórnmála eru Vestur-Evrópulöndin eðlilegasta markaðssvæði Íslendinga og geta auk þess selt okkur flest það, sem við þurfum að flytja inn. Það er því Íslendingum langhagkvæmast, að sú mikla aukning á útflutningi, sem hér verður að eiga sér stað, ef lífskjör þjóðarinnar eiga að geta batnað jafnmikið og við hljótum að keppa að, beinist einmitt fyrst og fremst til þessara landa. Innan bandalagsins eru ýmsar þjóðir, sem framleiða sömu vörur og við gerum nú, og bær vörur, sem við væntanlega hefjum framleiðslu á til útflutnings. Ef við stöndum algerlega utan bandalagsins, verður aðstaða þeirra svo miklu betri en okkar, að við getum ekki keppt við þær. Þess vegna er hætt við, að við getum ekki selt framleiðsluaukningu okkar á þessum markaði, sem er okkur eðlilegastur og hagkvæmastur, og jafnvel einnig, að núverandi útflutningur okkar þangað hljóti að dragast saman og við verðum að beina honum að öðrum og óhagkvæmari mörkuðum. Þetta er meginvandinn í sambandi við það að standa algerlega utan bandalagsins.

Á hinn bóginn er okkur Íslendingum algerlega ómögulegt að taka á okkur fullar skyldur bandalagsríkjanna. Því veldur fámenni landsins og nauðsyn okkar á því að tryggja, að er-

lend stórfyrirtæki nái ekki tangarhaldi á atvinnulífi okkar og stofni þannig efnahagslegu sjálfstæði okkar í voða. Þetta hef ég ávallt tekið skýrt fram, þegar ég hef rætt um Efnahagsbandalagið. Það er tilhæfulaust, að ég eða nokkur annar talsmaður ríkisstj. hafi nokkurn tíma sagt annað. En ef Íslendingar ættu kost á þess konar tengslum við Efnahagsbandalagið, að þeir gætu selt útflutningsvörur sínar á hinum stóra markaði þess með sömu skilmálum og framleiðendur þeirra innan bandalagsins án þess að þurfa að stofna yfirráðarétti Íslendinga yfir atvinnuvegum sínum í hættu og án þess að skerða forgangsrétt Íslendinga til hagnýtingar á íslenzkum fiskimiðum, skil ég ekki í, að nokkur Íslendingur gæti verið því andvígur. Við vitum hins vegar ekki, hvort við eigum kost á slíku. Og við getum að sjálfsögðu ekki vitað það, fyrr en við höfum rætt málið við Efnahagsbandalagið.

Ríkisstj. hefur talið rétt að bíða átekta, þar til nánari vitneskja liggur fyrir um, hverjar undirtektir þær mörgu þjóðir fá, sem nú um þessar mundir sumpart hafa sótt um aðild að bandalaginu eða eru í þann mund að gera það. Ríkisstj. teldi það mjög æskilegt, að um afstöðu í þessu máli gæti tekizt sem víðtækust samstaða. Það mun reynast Íslendingum örlagaríkt um langa framtíð, að stefna sú, sem þeir marka, sé hvort tveggja í senn heilbrigð og þjóðholl. Við hljótum að leggja mikla áherzlu á að einangrast ekki frá þeim þjóðum, sem okkur er ekki aðeins hagkvæmast að eiga meginviðskipti okkar við, heldur viljum einnig vera í nánum menningar- og stjórnmálatengslum við. En jafnframt hljótum við að gæta þess að fórna ekki þeim yfirráðarétti yfir íslenzkum auðlindum og íslenzkum atvinnurekstri, sem er forsenda íslenzks sjálfstæðis í efnahagsmálum, menningarmálum og stjórnmálum og smæð okkar gerir okkur sérstaklega nauðsynlegt að vernda. Við hljótum að treysta því, að þær þjóðir, sem við höfum haft nánust samskipti við og ættu því að þekkja vandamál okkar bezt, skilji sérstöðu okkar. Íslendingar eiga ekki að biðja um neitt og þurfa ekki að biðja um neitt annað en að fá að stunda sem frjálsust viðskipti við þjóðir, sem þeir hafa skipt við og vilja skipta við. Þótt við séum fáir og smáir, þurfum við engir gustukamenn að vera og eigum ekki að vera það. Landið og hafið umhverfis það á gnótt gæða, og þjóðin er dugleg og vel menntuð. Við eigum því að geta séð okkur farborða á við aðra, ef við sjálfir kunnum fótum okkar forráð, og höfum heilbrigð skilyrði til sem frjálsastra viðskipta.

Tengsl við Efnahagsbandalagið geta skapað okkur skilyrði til vaxandi og frjálsra viðskipta á einum stærsta markaði veraldar og á þann hátt stuðlað að auknum framförum og bættum lífskjörum á Íslandi. Ef þetta getur gerzt án þess að stofna efnahagslegu sjálfstæði okkar í nokkra hættu, getur þá nokkur verið í vafa um, hvaða stefnu við eigum að fylgja?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það kom greinilega fram í útvarpsumræðunum í gærkvöld, að stjórnarandstaðan er málefnalaus. Hennar verkefni er að rífa niður og reyna að gera ráðstafanir stjórnarflokkanna tortryggilegar. Stjórnarandstaðan reynir enn að telja almenningi trú um, að hagur þjóðarinnar hafi verið góður í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin gafst upp. Hv. þm. Eysteinn Jónsson hefur sagt, að ekkert hafi verið að á þessum tíma nema það, að ekki varð ráðið við vísitöluna og dýrtíðina. Þessi játning þm. er mikils virði og sannar áþreifanlega, að sú dýrtíð, sem nú er talað um, er arfur frá vinstri stjórninni. Þegar stjórnarandstaðan talar nú um hátt verðlag og gefur í skyn, að núv. ríkisstj. eigi sök á því, þá er gott að hafa í huga það, sem Eysteinn Jónsson segir um vísitöluna, og það, sem Hermann Jónasson, fyrrv. forsrh., sagði, þegar hann lýsti uppgjöfinni og taldi, að óðaverðbólga væri skollin á.

Það hefur tekizt eftir vonum að stöðva dýrtíðina og koma atvinnuvegunum á starfsgrundvöll á ný, en eins og kunnugt er var allt gengið úr skorðum í árslok 1958 vegna vísitölunnar og verðbólgunnar. Með bjargráðunum 1958 var krónan felld um 55%, en í árslok hafði krónan fallið miklu meira vegna stöðugt hækkandi verðlags á árinu. Núv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til að skrá krónuna á réttu verði í ársbyrjun 1960. Efnahagsaðgerðirnar, sem þá voru gerðar, voru nauðsynlegar til að forða þjóðinni frá gjaldþroti. Það kemur úr hörðustu átt, þegar stjórnarandstaðan, sem ber ábyrgð á því, hvernig komið var, setur sig á háan hest og er að vanda um við stjórnarflokkana, vegna þess að verðlag hefur hækkað og nokkur óþægindi geta af því stafað, meðan jafnvægi er að nást.

Stjórnarandstaðan talar mikið um, að illa sé búið að atvinnuvegunum. En sannleikurinn er sá, að giftusamlega hefur tekizt að forða þeim frá stöðvun, miðað við það ástand, sem orðið var, þegar vinstri stjórnin skilaði af sér.

Hér skal nokkuð vikið að því, á hvaða vegi landbúnaðurinn er í dag. Vissulega á hann við nokkra erfiðleika að etja, eins og fleiri atvinnugreinar. Vafalaust hafa margir bændur gert sér fulla grein fyrir því, hver hagur þeirra væri, ef vinstri stefnan hefði verið lengur ráðandi og málefni landbúnaðarins í höndum framsóknarmanna.

Afurðasölulögin frá 1947 hafa framsóknarmenn lengi talið vera lög Framsfl. og beztu lög, sem landbúnaðurinn gæti fengið til að tryggja rétt verð á afurðunum. Verðlagning landbúnaðarvara hefur farið fram samkv. afurðasölulögunum með sama hætti, síðan þau lög voru sett. Sá galli var á lögunum, að þau tryggðu ekki fullt verð fyrir þær vörur, sem fluttar voru úr landi. Annar megingalli var einnig á lögunum, að ekki mátti breyta verðlagi búvara nema einu sinni á ári, þótt kaupgjald og verðlag hefði hækkað. Afleiðingin af þessu varð sú, að bændur biðu stóran halla vegna útfluttra búvara og einnig biðu þeir mikið tjón af því að bíða allt að því eitt ár eftir verðhækkun búvörunnar. Árið 1958 ræddi búnaðarþing um þessi mál og það tjón, sem bændur biðu af útflutningnum. Framsóknarmenn voru í ríkisstj. og gerðu engar tillögur um, að bændum væri bættur þessi halli. Það var ekki fyrr en núv. ríkisstj. var mynduð, að lögunum

var breytt og bændum tryggt fullt verð fyrir útflutningsvörurnar. Greiddar voru 18 millj. kr. úr ríkissjóði fyrir s. l. verðlagsár í þessu skyni og væntanlega miklu hærri upphæð á yfirstandandi verðlagsári. Ef Framsókn hefði ráðið, mættu bændur enn bera þann halla, sem leiðir af lágu verði á útlendum markaði. Enn væri eftir að breyta því ákvæði laganna að heimila verðhækkun ársfjórðungslega, eins og nú er gert, í stað þess að bíða eitt ár eftir verðbreytingu, eins og áður var.

Á s. l. hausti náðist ekki samkomulag í sex manna nefnd um verðlagningu búvara, og hefur því verið haldið fram, að verðgrundvöllurinn sé lakari nú en áður. Um það skal ekki dæmt að þessu sinni, en geta má þess, að ýmsir forsvarsmenn bænda telja vafasamt, að verðgrundvöllurinn sé lakari nú en hann hefur oft verið áður. Hitt mun rétt vera, að verðgrundvöllur búvörunnar hefur aldrei verið réttur. Það mun aldrei hafa verið tekið fullt tillit til allra útgjaldaliðanna í búrekstrinum. Það er verkefni framleiðsluráðs að færa sem skýrust rök fyrir sínu máli og ná settu marki með þeim hætti. Sá er munurinn nú frá því, sem áður hefur verið, að bændur fá nú að fullu grundvallarverðið og bera ekki halla af því, sem selt er fyrir lægra verð úr landi, eftir að verðtryggingin var lögfest. Bændur hefur oft vantað mikið á mjólkurverðið, eitt árið 22 aura á lítra. Einnig hefur oft vantað á kjötverðið, og hafa þetta verið stórar upphæðir samanlagt hjá hverjum bónda sum árin.

Annar þáttur verðlagsmálanna má segja að sé leystur á farsælan hátt. Hinn þátturinn, að fá alla útgjaldaliði viðurkennda inn í verðgrundvöllinn, ætti einnig að leysa með rökum og staðreyndum í sex manna nefnd eða í sambandi við úrskurð yfirdóms, þegar til þess kemur, að hann úrskurðar verðið.

Framsóknarmenn eru stundum að gera samanburð á verðlagi búvara annars vegar og verðlagi rekstrarvara hins vegar. Sá samanburður, sem lesinn var upp í gærkvöld, er að ýmsu leyti mjög hæpinn. Dæmið um vextina og afborganir af lánum er einnig athugavert, þar sem vaxtahækkunin hefur að miklu leyti verið tekin inn í verðgrundvöllinn, og er nú reiknað með 16 579 kr., en sá liður var aðeins 11 614 kr. árið 1959. Ekki er heldur rétt að reikna með 15 ára lánum, þar sem yfirlýst er, að þau verða eftirleiðis til 20 ára. Meðan verðlagningin fór fram eftir þeim lögum, sem framsóknarmenn hafa kallað sín lög, framleiðsluráðslögin óendurbætt, töldu þeir, að rekstrarvörurnar og vélaverðið kæmi inn í grundvöll búvöruverðsins og á þann hátt fengju þeir það bætt í gegnum verðlagið. Með endurskoðun tollskrárinnar, sem á að verða lokið fyrir næsta haust, má gera ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda á landbúnaðarvélum. Það hefur einnig oft heyrzt á bændafundum, að það væri ekki þeirra hagur að greiða niður fóðurbæti úr ríkissjóði, vegna þess að hækkun á fóðurbæti fengist bætt með hækkuðu verði á mjólk og öðrum afurðum. Hafi þessi skoðun framsóknarmanna verið rétt, áður en lögin voru endurbætt, ætti hún miklu fremur að vera rétt nú, eftir að bændum er tryggt að fullu það verð, sem reiknað er með að þeim beri að fá samkv. verðlagningu sex manna nefndar eða yfirdóms.

Um lánasjóði landbúnaðarins hefur verið mikið rætt á þessu þingi. Framsóknarmenn fullyrða, að vel hafi verið að þeim búið, þar til núv. ríkisstj. kom til valda. Það sanna er, að sjóðirnir hafa alltaf haft of lítið fé til útlána. Í lögum um sjóðina er heimild að lána allt að 75% af kostnaðarverði framkvæmdanna. Vegna fjárskorts hefur í mörgum tilfellum ekki verið unnt að lána meira en 25—30% af kostnaðarverðinu. Heimilt hefur verið að lána út á vélar, jarðakaup, súgþurrkun og ýmsar aðrar framkvæmdir varðandi landbúnaðinn. En vegna fjárskorts hefur ekki verið unnt að sinna brýnustu þörfum bænda í lánamálum, og hafa þeir því orðið að taka víxla og safna lausaskuldum vegna hinna miklu framkvæmda, sem ráðizt hefur verið í undanfarin ár. Þetta eru staðreyndir, sem sjálfsagt er að hafa í huga, þegar rætt er um, hvernig leysa eigi mál búnaðarsjóðanna til frambúðar.

Það er of mikil nægjusemi að láta 25—30% nægja, eins og oft hefur áður verið gert. Með bjargráðunum 1958 hækkuðu erlendar skuldir sjóðanna um marga milljónatugi. Þegar framsóknarmenn tala um, að sjóðirnir hafi átt skuldlausa eign í árslok 1958 105 millj. kr., gleyma þeir að draga frá þá skuldaraukningu, sem varð vegna yfirfærslugjaldsins. Þeir gleyma einnig að taka tillit til þess, að töp sjóðanna voru orðin miklu meiri en þetta í árslok 1958, þegar óðaverðbólgan hafði orðið til þess að fella krónuna í það, sem hún var skráð samkvæmt efnahagsmálalöggjöfinni í febrúarmánuði 1960. Búnaðarsjóðirnir áttu því í rauninni engar eignir í árslok 1958, þegar þetta er tekið með í reikninginn. Það verður að teljast undrunarefni, að reynt skuli vera að setja dæmið algerlega skakkt upp frammi fyrir alþjóð. S. l. tvö ár hefur búnaðarsjóðunum verið útvegað innlent fé til útlána. Vegna þess, hvernig afkoma þeirra er og slíkt getur ekki haldið áfram með sama hætti, ber brýna nauðsyn að bæta úr þessu nú þegar með það fyrir augum, að landbúnaðurinn fái viðtækari aðstoð í lánamálunum en verið hefur.

1960 voru veitt 199 lán úr byggingarsjóði að upphæð 13 millj. 310 þús. kr. Úr ræktunarsjóði voru veitt á því ári 863 lán að upphæð 49 millj. 657 þús. kr. Það þykir rétt að benda á þetta, þar sem fram hefur komið í nál. og ræðum framsóknarmanna, að á meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj., 1947—58, hafi verið veitt til jafnaðar 600 lán árlega úr ræktunarsjóði, og þótti framsóknarmönnum það mikið, og 170 lán úr byggingarsjóði, og voru þeir enn þá ánægðari með það.

Frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem væntanlega verður að lögum á þessu þingi, er mikilvægt spor í uppbyggingu þess atvinnuvegar og munu með því móti vera á farsælan hátt tryggðir stórum auknir lánsmöguleikar fyrir bændur. Með frv. er lagt til, að ríkissjóður greiði að fullu gengishalla sjóðanna, sem er áætlaður vera 9 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram sem stofnfé 60.5 millj. kr., en það jafngildir 8—9 millj. kr. á ári næstu 5 ár eftir því, með hvaða vaxtafæti er reiknað.

Auk þess leggur ríkissjóður fram 4 millj. kr., sem hafa áður verið í fjárlögum. Auk þess er lagt á útsöluverð búvörunnar 0,75%, sem áætlað er að gefi allt að 6 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir, að bændur greiði 1% af verði búvara til stofnlánadeildarinnar. Er sú upphæð áætluð árlega rúmar 8 millj. kr. Á móti þessu greiðir ríkissjóður jafnháa upphæð. Á þennan hátt má reikna með, að árlegar tekjur stofnlánadeildarinnar verði auk vaxtatekna sem næst 35 millj. kr. Á þennan hátt byggir stofnlánadeildin sig upp og verður traust stofnun og mikils megandi. Eftir örfá ár verður eigið fé deildarinnar til útlána á ári um 100 millj. kr. Árið 1975 verður eigið fé til árlegra útlána um 150 millj. kr. og eigin höfuðstóll yfir 500 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að hækka lán til íbúðarhúsa til muna frá því, sem verið hefur, auk þess sem styrkur er veittur samkv. lögum frá 1960 til þeirra, sem verst eru settir. Íbúðalánin verða til 42 ára. Vextir eru nú 6%. Gert er ráð fyrir að veita aukin lán til margs konar framkvæmda, sem ekki hefur verið hægt að sinna fyrr, svo sem vélakaupa, og verða þau lán með 6½% vöxtum og til 20 ára yfirleitt, nema lán til vélakaupa.

Ekki þarf að fjölyrða um, hversu mikils virði það er fyrir landbúnaðinn, að stofnlánadeildin verður efld. Þess má vænta, að víxillán og lausaskuldir hjá bændum verði mun minni en áður, þegar stofnlánadeildin hefur fengið það fé, sem henni er ætlað að fá. Stofnlánadeildin verður að tryggja sér fé að láni fyrstu árin, en það mun verða miklu auðveldara en áður var, þar sem auðvelt er að sýna fram á, að deildin getur staðið í skilum með skuldbindingar sínar.

Það merkilega hefur skeð, að meiri hluti búnaðarþings hefur mótmælt frv. um uppbyggingu stofnlánadeildarinnar. Mun það aðallega vera vegna 1% gjaldsins á búvörurnar. Þetta er enn merkilegra vegna þess, að sami meiri hl. búnaðarþings hefur óskað eftir því að fá lögfest að nýju ½% gjald af búvörum bænda vegna Bændahallarinnar í Reykjavík. Þetta er óskiljanleg afstaða. Á móti hallargjaldinu kemur ekkert fé annars staðar frá, og bændur hafa ekki enn komið auga á, hvers vegna á þá er lagður skattur til að byggja hótel, sem þeir sjálfir munu lítið eða ekkert nota. Með 1% gjaldinu til stofnlánadeildarinnar fæst mikið fé annars staðar frá til að byggja upp sjóðina, eins og áður hefur verið fram tekið. Framsóknarmenn á Alþingi hafa tekið sömu afstöðu og meiri hluti búnaðarþings. Þetta er ábyrgðarlaus afstaða og markast af skammsýni, eins og síðar mun sannast. Það er ekki í fyrsta skipti, að góð mál mæta andstöðu, eins og sagan greinir, ef flett er upp í henni. Reynslan mun sýna, að hér er um gott mál að ræða. Stofnlánadeildin mun verða fær um að ýta undir aukna framleiðslu og bættan hag í landbúnaðinum.

Framsóknarmenn tala um landbúnaðinn eins og vonlausan atvinnuveg. Þeir tala um fólksflutninga úr sveitum landsins og fullyrða, að jarðir séu að fara í eyði. Þeir tala um samdrátt í ræktun og framkvæmdum. Hvað er hæft í þessu? Það er að vísu sannleikur, að undanfarna áratugi hefur verið fólksstraumur úr sveitunum. Á árunum 1950—60 fækkaði fólki í sveitum landsins um 390 manns árlega að meðaltali. Jarðir fóru þá einnig í eyði. Framsóknarmenn voru við völd á þessum árum, en þeim var um megn að stöðva flóttann. Þennan flótta verður að stöðva, og það verður bezt gert með því að byggja upp trausta lánastofnun, sem er fær um að veita fjármagni í þennan atvinnuveg. Samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar um stofnlánadeildina er gert ráð fyrir nýju utanaðkomandi fjármagni, sem flutt verður inn í sveitirnar, sem nemur yfir 20 millj. kr. árlega.

S. l. tvö ár mun eitthvað af fólki hafa flutzt úr sveitum landsins, en sízt meira en áður. Nokkrar jarðir munu einnig hafa farið í eyði, en þó færri en áður. Nýbýli eru stofnuð árlega, og vegur það á móti gömlu jörðunum, sem í eyði fara, sem er oft vegna þess, að þær eru illa í sveit settar.

Hvað er um framkvæmdirnar og samdráttinn, sem framsóknarmenn tala svo mikið um? Á árunum 1950—60 var ræktun til jafnaðar 3600 hektarar á ári. Árið 1961 var ræktunin 3960 ha., eftir því sem Arnór Sigurjónsson hefur komizt næst. Framræsla hefur minnkað nokkuð af eðlilegum ástæðum, þar sem grafið hefur verið í heilum sveitum nægilega mikið nokkur ár fram í tímann.

Jarðræktin er undirstaða velgengni í landbúnaðinum og vaxandi framleiðslu. Jarðræktarlögin hafa verið í endurskoðun og verða væntanlega tekin til meðferðar á næsta þingi. Í hinum nýju jarðræktarlögum verða kornræktinni að sjálfsögðu gerð viðeigandi skil til að rækta sem mest fóðurkorn í landinu.

Byggingarframkvæmdir voru miklar í sveitum landsins s. l. tvö ár og er augljóst, að meðal bænda er sem betur fer ekkert vonleysi, heldur dugur og framkvæmdavilji, eins og ávallt hefur einkennt íslenzka bændastétt. Framleiðslan í landbúnaðinum hefur aukizt mjög mikið árin 1960 og 1961, og talið er, að kúafjöldi á árinu 1962 sé einni þúsund hærri en var árið áður, og má því ætla, að mjólkurframleiðslan vaxi enn í hlutfalli við það, sem verið hefur s. l. tvö ár, en það er miklu meiri aukning en var að meðaltali s. l. áratug. Kjötframleiðslan hefur einnig aukizt mjög mikið, og verður á þessu verðlagsári að flytja út allt að þúsund tonnum meira af dilkakjöti en árið áður.

Þegar verið er að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins og hlustað er á gagnrýni framsóknarmanna, er rétt að minna á, að þegar landbúnaðarsjóðirnir voru rændir tugum milljóna króna vegna bjargráðanna 1958, voru engar ráðstafanir gerðar til að bæta sjóðunum þetta tap. Eysteinn Jónsson, þáv. fjmrh., lagði fram fjárlfrv. fyrir árið 1959, og á því frv. voru 4,1 millj. kr. til búnaðarsjóðanna, eins og verið hafði mörg undanfarin ár áður. Í Ed. hafa framsóknarmenn flutt frv. um, að ríkissjóður greiði gengishalla sjóðanna, sem er um 9 millj. kr. á ári. Aðrar till. til lausnar málum landbúnaðarins og lánastofnana hans höfðu framsóknarmenn ekki borið fram, fyrr en yfirboðstillögur þeirra birtust, eftir að frv. ríkisstj. var flutt. Meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj. var engin till. gerð til lausnar eða úrbóta

í þessu máli. Það er því ástæða til að ætla, að ef framsóknarmenn færu enn með þessi mál, mættu sjóðirnir vera áfram í því öngþveiti, sem þeir voru komnir í.

Það hefur verið sýnt fram á það, að stofnlánadeildin verður öflug eftir fá ár. Hefur því verið um það rætt að láta margra ára umtal bænda um lífeyrissjóð verða að veruleika, með því að stofnlánadeildin leggi til fjármagn í sjóðinn. Ríkisstj. mun gera ráðstafanir til þess, að málið verði athugað vel með það fyrir augum að láta óskir bænda um lífeyrissjóð verða að veruleika.

Þegar talað er um samdrátt í verklegum framkvæmdum, er rétt að athuga það, að allir, sem vilja vinna, fá vinnu, eftir því sem þeir hafa þol og getu til. Ætti að framkvæma miklu meira, þyrfti að flytja inn verkamenn. Ekki hefur stjórnarandstaðan enn flutt tillögur um það. Þetta tal um samdrátt á ekki við nein rök að styðjast. Unnið er að því að rafvæða landið. Stjórnarandstaðan skorar á ríkisstj. að hraða framkvæmdum. Staðreyndin er þó sú, að nú er lagt árlega rafmagn á miklu fleiri býli en á meðan vinstri stjórnin sat að völdum. Við 10 ára áætlunina verður fyllilega staðið. Unnið er að undirbúningi framhaldsáætlunar um rafvæðingu strjálbýlisins. Miklum fjármunum er nú varið til virkjanarannsókna og jarðhitarannsókna. Væntanlega verður ekki langt að bíða þess, að ráðizt verði í stórvirkjun, sem selur orkufrekum iðnaði stóran hluta af því afli, sem virkjað er. Verkefnin eru mörg í atvinnulífi þjóðarinnar. Möguleikarnir eru miklir í bættri og aukinni nýtingu framleiðslunnar. Batnandi kjör, hækkað kaup fylgir í kjölfar bættrar vinnu, aukinna afkasta og bættrar tilhögunar í vinnubrögðum. Segja má, að margt hafi vel tekizt á þeim stutta tíma, sem þjóðin hefur haft tæknina í þjónustu sinni, en áreiðanlega eigum við eftir að læra mikið af öðrum og kynnast betur því nýjasta og bezta, sem nota má á leiðinni að því marki að bæta lífskjörin og tryggja afkomu þjóðarbúsins. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Við höfum haft þann hátt á í þessum útvarpsumræðum, þingmenn Alþb., að skipta með okkur verkum, þannig að hver geri skil aðallega einu eða tveimur málum. Hv. 6. þm. Sunnl. opnaði eldhúsið f. h. Alþb. með almennri gagnrýni á stjórnarstefnuna. Hv. 5. þm. Reykn. ræddi nær einvörðungu um Efnahagsbandalag Evrópu, og hv. 4. þm. Austf. mun aðallega gera skil gengislækkuninni og frammistöðu stjórnarinnar í atvinnumálum. Ég mun í þeim orðum, sem ég segi hér, aðallega ræða um tvo þætti í syndaregistri hæstv. stjórnar, þ. e. eymd hennar í húsnæðismálunum og afbrotaferil hennar í launamálum.

Ég mun í þeim orðum, sem ég nú segi, snúa mér fyrst að húsnæðismálunum. Ég heyrði í umr. í gærkvöld, að þeir hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh. og hv. formaður húsnæðismálastjórnar, Eggert G. Þorsteinsson, gumuðu allmjög af því, sem þeir höfðu afrekað í húsnæðismálunum, alveg sérstaklega fyrir unga fólkið. Þessum herrum svara ég nú öllum í einu með dæmi, teknu úr daglegu lífi.

Það er varla til átakanlegri vitnisburður um það óstjórnlega dýrtíðarflóð, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú magnað á landslýðinn, en Hagtíðindin, sem ríkisstj. sjálf gefur út. Ég hef hér fyrir framan mig janúarhefti Hagtíðindanna 1962. Þar segir, að vísitölufjölskyldan, þ. e. fjögurra manna fjölskylda, hafi þurft að kaupa matvörur fyrir 23 þús. kr. í marzmánuði 1959 eða um það leyti, sem núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum og byrjuðu að framkvæma sína gengislækkun. En í jan. 1962 segir þessi sama heimild, að vísitölufjölskyldan þurfi að borga sama vörumagn með rúml. 30 þús. kr. Hækkunin er full 30%. Þegar með útgjöldum fjölskyldunnar eru taldar greiðslur vegna hita, rafmagns, fatnaðar, álnavöru og ýmiss konar nauðsynlegrar þjónustu, segja Hagtíðindin, að fjölskylduútgjöldin í marz 1959 hafi að þessu leyti verið 48 300 kr., en í jan. 1962 fyrir sömu vörur 63 800 kr., og nemur hækkunin þá 32%. Hagstofan telur, að opinber gjöld þessarar fjölskyldu muni vera um 8700 kr., en frádráttur hennar vegna fjölskyldubóta og niðurgreiðslna um 6600 kr. Eru útgjöld hennar að þessu leyti þá 65 900 kr. En nú hefur einn stór útgjaldaliður sérhverrar fjölskyldu þó enn þá ekki verið talinn, og það er húsnæðisliðurinn. Segjum nú, að þessi fjölskylda sé ung hjón með 2 börn og nú vilji þau færast það í fang að kaupa sér tveggja herbergja íbúð. Slík íbúð kostar nú a. m. k. 300 þús. kr. Gerum nú ráð fyrir, að ungu hjónin séu svo stálheppin, að þau fái 7% lán fyrir öllu kaupverðinu. Ársvextirnir eru þá 21 þús. kr. Gerum enn fremur ráð fyrir, að ungu hjónin séu svo lánsöm að fá lánið til 20 ára. Þá er árlega afborgunin samt 15 þús. kr. Segjum enn fremur, að skattar og tryggingagjöld af íbúðinni séu ekki nema 2500 kr. Allt er þetta hagkvæmara en almennt er fáanlegt, en samt er árlegur húsnæðiskostnaður ungu hjónanna 38 500 kr. og rúmlega 3200 kr. á mánuði. Þetta þýðir, að ungu hjónin þurfa að hafa 104 400 kr. árstekjur til að hafa tekjur á móti gjöldum. Er þá húsnæðisliðurinn áætlaður mjög varlega, eins og menn heyra, en öll önnur útgjöld eru tekin samkvæmt vísitöluútreikningi hagstofunnar. Sé ungi maðurinn nú verkamaður í Reykjavík og vinni hvern einasta virkan dag allan ársins hring, er honum þá ekki borgið? Nei, ekki aldeilis. Þá hefur hann 52 800 kr. í árslaun, og þá liggur manni við að svima, því að þá er þetta aðeins helmingur nauðsynlegra útgjalda. Hinn helminginn, um 52 þús. kr., vantar. Og hvar á að taka það? Um það munu mörg ung hjón brjóta heilann. Hann ákveður að tryggja sér tveggja stunda aukavinnu alla virka daga ársins, ef þess er nokkur kostur. Segjum, að þetta takist, og það gefur þá 1705 kr. aukatekjur á mánuði eða 20 460 kr. á ári. En samt vantar enn 32 þús. kr. á móti gjöldunum. Og hvað skal þá til ráða? Hann verður auðvitað að vinna alla sunnudagana líka. Það getur líklega gefið 18 þús. kr. Enn vantar ungu hjónin um 14 þús. kr. Annaðhvort verður nú unga konan að taka ákvörðun um að vinna úti eða ungu hjónin komast að þeirri niðurstöðu, að þau hafi blátt áfram ekki efni á að búa í húsi. Og svo sannarlega er það rétt niðurstaða, því að vitanlega er það ekkert líf að vinna 10 stund-

ir á dag alla virka daga, auk þess 50 sunnudaga ársins frá morgni til kvölds, auk þess sem konan verður einnig að vinna úti. Ungu hjónin hafa ekki efni á að búa í tveggja herbergja eigin íbúð. Þau verða að leigja sér eitthvert ódýrt hreysi. Þetta eru lífskjörin, sem ungu vinnusömu fólki eru nú búin í landi voru. Þannig er komið ástandi launamála og verðlags undir núverandi stjórnarstefnu. Þetta er sönn saga um unga fólkið og húsnæðismálin.

Á seinustu röskum þremur árum hefur byggingarverð meðalíbúðar hækkað um rúmar 100 þús. kr. Hingað til hefur hámark lánsupphæðar á íbúð líka verið um 100 þús. kr. Lánsupphæðin öll fer því til að borga verðhækkun seinustu ára. Þá er þess að geta, að húsbyggjandinn borgar ríkinu í tolla og söluskatta af efni til vísitöluhússins fast að 100 þús. kr. Hafa þm. Alþb. lagt til, að lánsupphæðin á íbúð yrði hækkuð í 200 þús. og að söluskattur og tollur af byggingarefni íbúðarhúss yrði endurgreiddur til byggjandans og þannig dregið úr byggingarkostnaðinum. En skemmst er frá því að segja, að slíkar till. hafa enga náð hlotið fyrir augum stjórnarliðsins, hafa verið kolfelldar.

En er þá ekki byggingarstarfsemin í landinu í fullum gangi? Er þar um nokkurn samdrátt að ræða? Þarf nokkrar áhyggjur af þessu að hafa? Um verzlunarhúsnæði er það að segja, samkv. upplýsingum Fjármálatíðinda, sem Landsbankinn gefur út, að á árinu 1959 hafi verið til þess varið 50 millj. kr., en á árinu 1960 var byggt verzlunarhúsnæði fyrir 98 millj. kr. eða fyrir nálega helmingi hærri upphæð. Sú þróun bendir sannarlega ekki til samdráttar, og kemur það raunar engum á óvart. En það er svolítið aðra sögu að segja, þegar kemur að íbúðarhúsnæðinu. Þá líta tölur Fjármálatíðinda þannig út: Árið 1959 var hafin smíði á 1597 íbúðum, eða tæpum 1600, næsta ár, 1960, var hafin bygging 1008 íbúða. Talað hafði lækkað um rúman þriðjung. Og nú halda menn sjálfsagt að þetta hafi lagazt aftur á árinu 1961. En það er öðru nær, því að það ár var aðeins hafin smíði á 770 íbúðum, eða 827 íbúðum færri en árið 1959. Talið er, að enn dragi úr byggingu íbúðarhúsnæðis á þessu ári, og má samdrátturinn ekki verða mikill til þess, að íbúðir þessa árs verði þúsund færri en á árinu 1959. Þetta er skuggaleg þróun, því að árlega þarf að byggja vegna fjölgunar þjóðarinnar og húsnæðis, sem gengur úr sér, 1200—1300 íbúðir á ári. Við stefnum því ört að húsnæðisskorti, enda er nú svartamarkaðsverð á leiguhúsnæði, fyrirframgreiðsla leigu og aðrir óeðlilegir viðskiptahættir í húsnæðismálum aftur farnir að færast í aukana.

Sláandi er líka þróunin um byggingu verkamannabústaða seinustu árin. Á árunum 1957—59 voru veitt lán til 260 íbúða í verkamannabústöðum víðs vegar um land, en á árinu 1960 voru veitt lán til 8 íbúða í verkamannabústöðum og á árinu 1961 14 lán. Hví sagði formaður byggingarsjóðs verkamanna, Eggert G. Þorsteinsson, ekki frá þessari þróun, svo blómleg sem hún er? Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna má því heita stöðvuð, síðan hin lamandi hönd núverandi stjórnarflokka lagðist yfir athafnalíf landsmanna.

Mig stórfurðar á gumi hv. þm. af endurskoðun laganna um húsnæðismálastofnun ríkisins og laganna um verkamannabústaði. Það er einhver vesælasta endurskoðun laga, sem um getur. Í lögunum um húsnæðismálastjórn er tölunni 100 á tveim stöðum breytt í 150, án þess að það hafi hina minnstu praktíska þýðingu. Einum íhaldsmanni er bætt inn í stjórnina og kjörtímabilið er lengt um eitt ár. Tekjur stofnunarinnar eru hins vegar ekki auknar um einn einasta eyri. Annars hafa verkamenn aðallega lagt þessari stofnun til starfsfé úr atvinnuleysistryggingunum nú seinustu árin. Aðalbreytingin á verkamannabústaðalögunum er sú að hækka framlög ríkisins og sveitarfélaganna að krónutölu, þannig að verðgildi þeirra framlaga beggja verði svipað og í upphafi var ákveðið. Lögfest er, að lána megi allt að 90% af byggingarkostnaðinum, en það ákvæði er gert að engu með miklu lægra lánahámarki, enda engin tekjuöflun tryggð.

Þá kem ég að launamálunum. Það er engu líkara en núverandi hæstv. ríkisstj. hafi litið á það sem sína æðstu köllun að vera í látlausu stríði við allar launastéttir landsins. Það er síður en svo, að hún hafi látið sér nægja að berjast við verkalýð landsins og verkalýðssamtökin. Það mun hún þó telja heilagt stríð, því að það telur stjórnin og málgagn hennar alltaf vera stríð við kommúnismann. Nei, sá herskapur hefur henni ekki nægt. Hún hefur í fleiri horn að líta.

Frægt er orðið stríð ríkisstj. við kennarastéttina. Hún hefur lengst af verið lágt launuð stétt, en eftir tvær gengislækkanir var bókstaflega ólíft af kennaralaununum. En ekki vildi ríkisstj. láta sem hún sæi það. Menn hurfu úr stéttinni til hvers konar annarra starfa. Fáir nýir bættust við. Við marga stærri skóla var aðeins hálft kennaralið. Draga varð úr lögboðinni kennslu. Við marga smærri skóla var enginn kennari með kennaramenntun. Fullt útlit var fyrir, að kennarastéttin væri að hverfa vegna óviðunandi lífskjara. En það sá ríkisstj. Íslands ekki. Hún neitaði öllum launabótakröfum kennara. Og nú hefur til tíðinda dregið á þessum vígstöðvum. Kennarastéttin missti loks þolinmæðina, lét sér ekki lengur nægja loðin svör, undanbrögð og flækjur, vilyrði né loforð, sem alltaf voru svikin. Kennarar við framhaldsskólana ákváðu að segja upp stöðum sínum frá skólaársbyrjun næsta haust. Á skömmum tíma höfðu um 90 af hverju hundraði sagt upp starfi. Hið sama gerðu barnakennarar og með sama árangri. 90% þeirra ákváðu að segja embættunum lausum. Þá fyrst vottaði fyrir skilningsglætu hjá hæstv. ríkisstj. Hún skynjaði, að það yrði engin kennarastétt til að hausti. Og nú fyrir fáum dögum voru forustumenn kennarasamtakanna kvaddir á fund menntmrh. og þeim tilkynnt 9—11% kauphækkun, sem taki gildi 7 mánuði aftur fyrir sig, eða frá 1. okt. s. l., aðeins ef þeir taki nú uppsagnirnar aftur. Samkvæmt þessu tilboði hækka árslaun barnakennara um 9% eða um 6300 kr. á ári, árslaun framhaldsskólakennara um 9.5% eða 7500 kr. og árslaun menntaskólakennara um 11% eða 9500 kr. á ári. En þetta má bara ekki heita kauphækkun. Menntmrh.

tilkynnti í útvarpinu í fyrrakvöld, að þetta væri greiðsla fyrir 4 aukatíma á viku vegna aukins undirbúnings við kennslu og vegna breyttrar vinnutilhögunar. Það má nefnilega heita allt annað en kauphækkun. Á liðnu ári fengu kennarar 13.8% kauphækkun, eins og aðrir opinberir starfsmenn, og frá 1. júní í sumar fá þeir hina almennu 4% hækkun, sem var árangur af verkföllunum s. l. sumar. Kennarastéttin hefur sýnt samheldni, sem er til mikillar fyrirmyndar öðrum stéttum. Hún hefur sigrað ríkisstj., og þegar stíflan sprakk, lá við sjálft, að ráðherrarnir yrðu undir flaumnum.

Barátta ríkisstj. við verkfræðingana er líka stórmerkileg. Þeir undu ekki launakjörum sínum og fengu enga lagfæringu. Þá leituðu ýmsir þeirra margfalt betri launakjara erlendis og flýðu land. Aðrir vildu þó umfram allt þrauka og vinna landi sínu og þjóð, ef nokkur kostur væri. Þeir beittu nú samtakamætti stéttarfélags síns og fóru í verkfall. Einkaatvinnureksturinn gekk að kröfum þeirra, en ríkisstj. sat við sinn keip og missti flesta verkfræðingana úr þjónustu sinni. Er svo var komið, aflýstu verkfræðingarnir verkfalli sínu, en auglýstu taxta í samræmi við kröfur sínar. Þannig hefur ríkisstj. komizt hjá því í orði að samþykkja nokkra kauphækkun til verkfræðinga, en borgar bara akkorðstaxta þeirra eftir þeirra eigin ákvörðun og álag á hann, þegar samið er við verktakafyrirtæki, sem ráðið hefur verkfræðinga í þjónustu sína samkv. þeirra kröfum.

S. l. sumar var ríkisstj. í hörðu stríði við læknastétt landsins. Þeir töldu laun sín, eins og aðrir, orðin óþolandi eftir gengisfellingarnar. Tugum saman höfðu þeir leitað sér atvinnu erlendis, flúið land vegna ástandsins í launamálunum. Þegar öll almenn læknaþjónusta var að stöðvast, var tvívegis gert bráðabirgðasamkomulag við læknana. Og síðan hefur ríkisstj. fengið afgreidd tvenn lög á Alþingi til launabóta fyrir lækna. Og nú er risinn harður slagur milli ríkisstj. og náttúrufræðinga og þarf enginn að efa, hvernig honum lyktar.

En ríkisstj. Íslands segir það vera eina sinna höfuðdyggða að vera stefnuföst. Hún stagast enn á þessu sama: Kaup má ekki hækka. En þó er engu líkara en einnig á þessu sviði slái út í fyrir henni við og við. Fyrir fáum dögum var t. d. frv. um hæstarétt til umr. á Alþingi. Þá ber einn þm. fram till. um nauðsyn þess að hækka laun hæstaréttardómara. Og þá stóð ekki á því, þá reis upp hæstv. dómsmrh. Bjarni Benediktsson, þakkaði þessa þörfu ábendingu og lýsti hátíðlega yfir, að hér þyrfti úr að bæta, því að hæstaréttardómarar væru mjög lágt launaðir.

En víkjum aftur að stríði ríkisstj. við almennu launastéttirnar. Landssamtök opinberra starfsmanna — Bandalag starfsmanna ríkis og bæja — hafa háð harða og þrautseiga baráttu fyrir bættum launakjörum sinna meðlima. En ríkisstj. hefur þverlega synjað um allar lagfæringar, nema hvað þeim var veitt 13.8% kauphækkun s. l. sumar, eftir að verkalýðsfélögin knúðu fram sína nýju kaupgjaldssamninga. Laun opinberra starfsmanna eru sem kunnugt er ákveðin með lögum — launalögunum — og hafa opinberir starfsmenn því hvorki samningsrétt um kjör sín né heldur verkfallsrétt. Hafa þeir hvors tveggja krafizt og háð langa og harða baráttu fyrir þessum réttindum. Loksins nú undir þinglok guggnaði ríkisstj. fyrir samtökum opinberra starfsmanna. Nú skulu þeir fá samningsrétt sinn viðurkenndan, en verkfallsréttinn fá þeir ekki. Fyrst um sinn verða þeir þó að sætta sig við gerðardóm, er skeri úr um launamál þeirra, ef samningar takast ekki, og eru slíkt miklir afarkostir. En athygli vekur það atriði í frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að launakjör ráðherra og hæstaréttardómara lúta ekki sáttameðferð eða samningum, heldur skulu þau ákveðin af kjaradómi, en í honum eru fjórir af fimm tilnefndir af ráðherra og hæstarétti. Ráðherrar og hæstaréttardómarar fá því einir manna sjálfdæmi um sín launamál. Þetta er anzi frjálslegt fyrirkomulag. Það svarar til þess, að Alþýðusambandið verði leyst frá öllu samningastússi við atvinnurekendur, en fengi að tilnefna 4 menn af 5 í dómnefnd til þess að ákveða verkafólki kaup hverju sinni. Það er ekki alveg sama, hvort maður heitir bara Jón eða séra Jón.

Samkv. frv. um samningsrétt opinberra starfsmanna eiga opinberir starfsmenn ekki að fá sinn kjarasamning fyrr en á miðju næsta ári, rétt eftir næstu alþingiskosningar. Þetta gæti fljótt á litið þýtt það, að opinberir starfsmenn hafi unnið það til samningsréttarins að bíða enn rúmt ár eftir launahækkun. Það hefðu þeir þó naumast séð sér fært, eins og launamálum þeirra flestra er nú komið, enda er það ekki svo. Aftan við frv. er nefnilega bráðabirgðaákvæði, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verða almennar og verulegar kauphækkanir, þar til kjaraákvæði samkv. lögum þessum koma til framkvæmda, og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild.“

Og hver efast um það stundinni lengur, að almennar og verulegar kauphækkanir verði fljótlega og opinberir starfsmenn öðlist þannig rétt til launabóta samkv. lögum sjálfrar kaupníðsluríkisstj.?

Af þessu, sem nú hefur verið sagt, er fullljóst, að botninn er gersamlega dottinn úr launamálapólitík ríkisstj. Hún er á öllum sviðum á undanhaldi, enda eru tvennar gengislækkanir óframkvæmanlegar, án þess að allt kaupgjald hækki í hlutfalli við þá dýrtíðarauknингu, sem ávallt fylgir í kjölfar gengisfalls.

Þessu næst skal vikið að orustu ríkisstj. við almenning. Eftir lögskipaða kauplækkun Emils Jónssonar 1959 og gengislækkun hans og Ólafs Thors 1960 sýndi verkalýðshreyfingin mikla þolinmæði, svo að árangur efnahagsaðgerða þeirra fengi að koma sem bezt í ljós. Mánuðum saman var reynt að semja við ríkisstj. um ráðstafanir til aukins kaupmáttar án kauphækkana. En sá tími fór til einskis. Öllum kauphækkunarkröfum var hafnað. Þegar út í verkföll var komið, leystu samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin mikinn vanda þjóðfélagsins með mjög hófsamlegum samningum, sem gátu tryggt vinnufrið í tvö ár. Við þá samninga fékk verkafólk bættan tæpan helming þeirrar kjaraskerðingar, sem það hafði orðið að þola. Kaupgjaldið náði því ekki að vera jafnhátt að krónutölu og það var haustið 1958. Kaupmáttur

tímakaupsins, sem var 104 í des. 1958, var kominn otan í 84, þegar verkalýðsfélögin létu til skarar skríða, og hann komst aðeins upp í 94 við samningana s. l. sumar. Nú er hann aftur kominn niður í 83. Varnarbaráttu verkalýðssamtakanna svaraði ríkisstj. með nýrri gengislækkun, en hún hefur af lærðustu þjóðréttarfræðingum sem öðrum verið talin skýlaust stjórnarskrárbrot, enda líka sannað með tölum, að hún studdist við engin efnahagsleg rök í mesta aflaári, sem yfir landið hefur komið, og við hækkandi afurðaverð. Hún var hefndarráðstöfun framin í heiftaræði þeirra manna, sem vildu, en gátu ekki komið í veg fyrir umsamda kauphækkun hinna lægst launuðu í landinu.

Ýmsir hafa álasað verkalýðssamtökunum fyrir að svara ekki ofbeldisverknaði ríkisstj. þegar í stað með víðtæku verkfalli. Vel má vera, að þessi gagnrýni sé réttmæt. Núv. ríkisstj. tekur nefnilega engin sanngirnistillit, hún virðir valdið eitt. En verkalýðshreyfingin er lýðræðisleg í öllu sínu starfi. Fjölmenn ráðstefna forustumanna verkalýðsfélaganna var kölluð saman, og hún var einhuga um þá kröfu sem algert lágmark að krefjast sama kaupmáttar vinnulauna og fengizt hafði í samningunum í júní s. l. Um þessar mundir hófu stjórnarblöðin magnaðan samsöng um, að verkafólkið ætti að tryggja sér aukinn kaupmátt án beinna kauphækkana. „Kjarabætur án kauphækkana og án verkfalla", var kjörorðið, eins og oft áður. Enn vildi forusta Alþýðusambandsins sannprófa, hver alvara væri að baki þessum stjórnarboðskap. Hún kaus viðræðunefnd við ríkisstj. og lagði fyrir hana svo hljóðandi tillögur um kjarabætur án beinna kauphækkana:

1) Allir innlánsvextir lækki a. m. k. í það, sem þeir voru í árslok 1959, og verði jafnframt tryggt, að vaxtalækkun til atvinnuveganna komi öll fram í hækkuðum launum.

2) Söluskattar og tollar verði felldir niður á öllum nauðsynjavörum og ríkinu í staðinn tryggðar auknar tekjur með fullkomnara skatteftirliti. Skattar og útsvör verði innheimt hjá launþegum jafnóðum og tekjur falla til.

3) Niðurgreiðslur á aðalnauðsynjavörum almennings verði eigi rýrðar frá því, sem nú er.

4) Aðflutningsgjöld og vátryggingargjöld verði lækkuð og tryggt, að sú lækkun komi öll fram í lækkuðu vöruverði.

5) Numið verði úr gildi bann við greiðslu verðlagsbóta á laun og tryggt, að samningsfrelsi og sjálfsákvörðunarréttur verkalýðsfélaganna verði ekki skertur.

6) 8 stunda vinnutími verði lögfestur sem hámarksvinnutími í þeim atvinnugreinum, sem slíkt þykri fært, og yfirvinna takmörkuð sem allra mest að öðru leyti, allt án skerðingar heildarlauna. Jafnframt verði yfirvinna barna og unglinga innan 16 ára umfram 8 stundir á dag bönnuð með öllu.

7) Að lokum var sú krafa borin fram við ríkisstj., að hún tryggði varanleik þeirra kjarabóta, sem samkomulag kynni þannig að nást um.

Enn fremur var það tekið fram af Alþýðusambandsins hendi, að þessar kröfur, ef þær yrðu framkvæmdar, væru metnar til jafns við beinar kauphækkanir og tekið yrði til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki væri hægt, ef kröfunum væri fullnægt, að falla frá kauphækkunum fram til 1. júní 1962, er 4% kauphækkun á að koma til framkvæmda.

Hér var, eins og menn heyra, lögð aðaláherzla á almenna lækkun vaxta og lækkun söluskatta af nauðsynjum fólksins, lækkun vátryggingargjalda og aðflutningsgjalda, með það fyrir augum að lækka vöruverð og draga úr dýrtíð. Einnig var lögð mikil áherzla á styttingu vinnudagsins og takmörkun yfirvinnu og önnur menningarlega þýðingarmikil atriði. Þá var lýst yfir, að slíkar aðgerðir ríkisstj. yrðu metnar sem beinar kauphækkanir, og ef þeim yrði fullnægt, skyldi jafnvel fallið frá öllum kauphækkunum fram til 1. júní 1962, þegar 4% kauphækkunin kemur til framkvæmda. Einnig var óskað eftir hvers konar till. frá ríkisstj. sjálfri, sem launþegum mættu verða til kjarabóta og aukins kaupmáttar. Slíkar till. komu þó engar fram. Þessar viðræður hafa nú staðið fulla fjóra mánuði og lauk með bréfi forsrh. 10. þ. m. Þar segir forsrh., að till. um að ná kjarabótum hér á landi með lækkuðu vöruverði séu ekki raunhæfar, hér verði að fara kauphækkunarleiðina. Orð forsrh. um þetta voru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá ítrekar ríkisstj., að hún telur rétt, að laun þeirra verkamanna, sem lægst eru launaðir, verði hækkuð, svo framarlega sem þetta getur átt sér stað, án þess að það hafi í för með sér hækkun annarra launa. Ríkisstj. er fús til þess að mæla með slíkri hækkun við samtök atvinnurekenda."

Seinustu orð forsrh. eru sem sé þau, að ríkisstj. telji rétt, að kaup lægst launaðra verkamanna verði hækkað, og hann býðst til að mæla með slíkri hækkun við samtök atvinnurekenda, og það hefur hann væntanlega gert nú þegar. Þetta er þá útkoman af fjögurra mánaða viðræðum við ríkisstj.

Auðvitað var ekki minnsta vitglóra í því að ætla að standa gegn kauphækkun verkamanna eftir allt það, sem nú hefur gerzt. Enn betur vísar það svo veginn, að hægt er nú að upplýsa, að ekki alls fyrir löngu sömdu nokkur stéttarfélög, þ. á m. Flugvirkjafélag Íslands og Félag íslenzkra atvinnuflugmanna, um allgóðar kauphækkanir og ýmsar kjarabætur aðrar. Samningsaðili gagnvart þessum félögum var Örn Johnson, en hann er jafnframt í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands. Mun þar einnig hafa notið við öðlingsins Guðmundar Vilhjálmssonar, sem fram að þessu hefur verið í stjórn Flugfélags Íslands og einnig verið varaformaður Vinnuveitendasambandsins. Hér fer því ekkert á milli mála, hægri höndin hlýtur að vita, hvað sú vinstri gerir. Þarf því ekki framar neinna vitna við. Sú óviturlega og mannúðarlausa stefna ríkisstj. að ætla að halda óbreyttu, já, lækkuðu kaupi þrátt fyrir tvennar gengislækkanir, er molnuð niður, allt viðnám komið á ringulreið. Stríð ríkisstj. við allar launastéttir þjóðfélagsins er tapað stríð. Verkamenn gerðu hóflegustu kröfur um kauphækkanir. Allar þær kjarabætur, sem þeir fengu s. l. sumar, hafa verið teknar aftur. Hver getur þá ætlazt til þess, að þeir einir búi áfram við óbreytt kaup. Þess getur víst enginn ætlazt til.

Verkalýðsfélögin hefja nú þegar — það er ég alveg viss um — samningaviðræður við atvinnurekendur. Lágmarkskrafan er: Ekki minni kaupmátt launa en í fyrra, þegar upp var staðið frá samningum. — Slík sanngirniskrafa á, eins og nú standa sakir, að fást, án þess að til verkfalla þurfi að koma. En sé henni neitað, hljóta verkalýðsfélögin að taka upp þann hátt, þar sem það á við, að skrá kaupið sjálf, og það er okkur miklu léttara í vöfum og á allan hátt auðveldara en ríkisvaldinu er að skrá gengið, þó að því dytti enn í hug að halda lengra áfram á þeirri vitfirrtu braut. Dagsbrún hefur þegar haldið trúnaðarmannaráðsfund og heldur félagsfund á sunnudaginn. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík hefur þegar hafið samningaviðræður við viðsemjendur sína. Nú eru allir frestir liðnir. Þróun mála liggur ljóst fyrir, og atvinnurekendur hafa fengið góðan umhugsunartíma. Launakjör verkafólks verða að breytast og batna í þessum og næsta mánuði. Gerið ykkur ljóst, verkamenn, að nú er kominn tími til að setja hnefann í borðið, eins og kennararnir gerðu, ef samningar fást ekki um sanngjarna kauphækkun.

Því miður er það staðreynd, að ágengni og óskammfeilni í garð verkalýðssamtakanna af hendi einstakra atvinnurekenda, sem treysta á ríkisvaldið á bak við sig, hefur um áratugi ekki verið neitt þvílíkt sem nú. Datt mönnum yfirleitt í hug, að slík fruntaárás sem nú hefur verið gerð á togaravökulögin væri hugsanleg? Ég held ekki. En fleira er þó á seyði. Síldveiðarnar á liðnu ári gáfu mörgum sjómönnum miklar tekjur, háa hluti — og þetta má auðvitað ekki endurtaka sig. Nú hafa útgerðarmenn um land allt sagt upp síldveiðisamningunum í þeim ákveðna tilgangi að rýra kjör sjómanna. Þeir hafa bundið flesta útgerðarmenn á einn streng, til þess að tryggja árangur atlögunnar, með því að láta þá hvern um sig skrifa upp á 300 þús. kr. tryggingarvíxil til tryggingar því, að þeir skerist ekki úr leik, þegar á herðir. Það er því mikið í húfi um, að sjómenn standi vel saman og láti ekki þrengja kjör sín um sanngirni fram.

Togaraverkfallið er þó ein áþreifanlegasta sönnun um viðhorfið til vinnandi fólks og gjaldþrots stjórnarstefnunnar. Tvær gengislækkanir hafa verið framkvæmdar til þess, eins og sagt er, að útgerðin gæti staðið á eigin fótum, án uppbóta og styrkja. Kjarasamningar sjómanna hafa verið óbreyttir frá því fyrir báðar gengislækkanir, svo að ekki hefur útgjaldaauki af þeim sökum orðið útgerðinni að falli. Togaraútgerðin væri sokkin djúpt í efnahagslega vesöld, þó að allir sjómenn hefðu unnið þar ókeypis. Og nú gefur á að líta ávöxt viðreisnarinnar. Stærstu atvinnutæki þjóðarinnar, 30 togarar, liggja í Reykjavíkurhöfn, hafa gert hana að kirkjugarði skipa. 5 togarar liggja við bryggju norður á Akureyri, svipuð tala í Hafnarfirði, rétt fram undan heimili sjútvmrh. Og svo er einn íslenzkur togari að sveima sem fyrirlitlegur verkfallsbrjótur við strendur Þýzkalands.

Er þetta allt ekki fullnægjandi sönnun þess, að viðreisnin gangi vel, efnahagsvandræðin séu komin í fastan farveg, eins og einn af snillingum stjórnarinnar orðaði það, og gangi bara ljómandi vel? Eða hver vefengir annars þetta sem talandi sönnun um fyrirmyndar stjórnarfar í landi voru? Hátt á þriðja ár var daufheyrzt við öllum kröfum togarasjómanna um kjarabætur. Fjárhagsleg aðstoð ríkisstj. við togaraútgerðina er svo öll við það miðuð nú, að eigendur togaranna geti lækkað eitthvað skuldir sínar við bankana, en alls ekki við hitt, að leysa togaraverkfallið og koma togurunum af stað. 60 millj. verða réttar togaraútgerðinni, að sumu leyti á kostnað bátaflotans, og þó verða togararnir sennilega bundnir áfram. Enginn sér fyrir enda togaraverkfallsins. Sjómannafélag Reykjavíkur dró að leggja út í verkfallsaðgerðir eins lengi og unnt var, enda forusta þess skipuð framámönnum beggja stjórnarflokkanna. Má því segja, að nú séu steinarnir farnir að tala, eins og í Biblíunni stendur, og þó öllu heldur að hrópa á viðnám og gagnráðstafanir gegn stjórnarstefnunni, eins og hún hefur verið til þessa í kjaramálum vinnandi fólks á sjó og landi.

Góðir hlustendur. Ég skírskota til reynslu launastéttanna af núv. stjórnarstefnu. Mér finnst það með ólíkindum, ef stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Alþfl., hafa skapað sér traust hjá launastéttunum með styrjöld þeirri, er þeir hafa háð gegn þeim öllum. Og aldrei mega launþegar láta hræða sig til undanhalds. Íslendingar, veitið þeim flokkum, sem þrengt hafa landhelgina og vinna nú ákaft að því að smeygja Íslandi inn í Efnahagsbandalag Evrópu, hvorki stuðning í sveitarstjórnarkosningum þeim, sem nú fara í hönd, né heldur til að fara áfram með ríkisvaldið. Núv. ríkisstj. hefur markvisst starfað að því að byggja upp þjóðfélag misréttis og ranglætis, auðs á höndum fárra og fátæktar sem hlutskiptis fjöldans. Og þetta hefur ekki verið gert af neinum óvitaskap. Fyrirgefið þeim því ekki, því að þeir vita vel, hvað þeir eru að gera.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. landbrh. var að tala hér áðan. Það er til marks um hugsunarhátt hans, að hann telur eðlilegt, að ræktun í sveitum landsins dragist saman. Hæstv. landbrh. var að gorta af útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir. Hann ætti að minnast þess, að stjórnin var knúin til að fallast á uppbæturnar af bændasamtökunum, þegar þessir flokkar voru neyddir til að bæta fyrir brbl. 1959, þar sem tekin voru 3.18% af afurðaverði bænda. Hæstv. landbrh. láðist að segja frá því, að ríkisstj. hefur ofan á allt annað, sem hv. þm. Ágúst Þorvaldsson upplýsti í gærkvöld, látið stórlækka lán út á landbúnaðarafurðir, og veldur það bændum stórtjóni að bíða því lengur eftir greiðslu á afurðum sínum. Lausn landbrh. á lánum bænda er að hækka vexti úr 3½—4% í 6—6½%, setja 8% vexti á lausaskuldir bænda og leggja á bændur 2% launaskatt í þokkabót.

Þá sagði hæstv. ráðherra Emil Jónsson í ræðu sinni í gær, að stjórnin væri að bjarga rekstri togaraflotans. Hvernig eru bjargráðin? Það á að auka tekjur aflatryggingasjóðs með stórkostlegri hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og nokkurri hækkun á ríkis-

framlagi. Hækkunin á að nema 27½ millj. kr. á ári, miðað við aflamagnið í fyrra. Og hverjir taka á sig þessa hækkun? Togararnir sjálfir rúmar 6 millj. Það eru þó bjargráð. Ríkissjóður tekur á sig rúmlega 6 millj., sama og togararnir. En bátaflotinn á að taka á sig 15 millj. kr. skatt á ári til togaraflotans. Þetta er nákvæmlega sama lögmálið og í landbúnaðarmálunum, fjárhagsaðstoð við atvinnurekstur skal tekin með skatti á atvinnureksturinn. Bátaútvegurinn skal greiða 15 millj. kr. skatt á ári til togaraútgerðar.

Hv. þm. Jónas Pétursson, sem talaði í gær, tók að sér að túlka landbúnaðarstefnu stjórnarinnar, og hann talaði sannarlega út úr hjarta hæstv. landbrh. Hann hefur nýlega í þingræðu vítt framsóknarmenn fyrir að vera ekki búnir fyrir löngu að hækka vexti af ræktunarsjóðslánum bænda. Boðskapur hans í gær var þessi: Verðhækkanir á rekstrarvörum og lífsnauðsynjum bænda gera þeim ekkert til, 40% hækkun á rekstrarvörum, 50—80% á lífsnauðsynjum, 93% á vélum, 50 þús. kr. hækkun á einni dráttarvél, þetta er bara framlag þeirra til bættra lífskjara. Vaxtahækkunin á landbúnaðarlánunum er bara gróðavegur. En beztur af öllu er þó 1700 kr. launaskatturinn á meðalbónda. Hann verkar eins og segull, sagði hv. þm. Hann dregur til sín fjármagnið. Ja, þetta má kalla segulstefnu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum. Ef bóndinn á Skriðuklaustri væri látinn borga 20% vexti og 3000 kr. launaskatt, þá mundi hann sjálfsagt græða, þá vantaði ekki segulmagnið.

Sami hv. þm. hældi stjórninni fyrir væntanlega endurskoðun vegalaga. Í þeim málum unnu stjórnarflokkarnir afrek um daginn. Þeir drápu frv. okkar framsóknarmanna um lántöku til vegagerðar á Vestfjörðum og Austurlandi, en þar eru vegasamgöngur verstar á öllu landinu. En hæstv. ríkisstj. tók í fyrra í heimildarleysi 10 millj. kr. lán til að byrja á steyptum vegi á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, samhliða öðrum vegi, sem þar liggur.

Hæstv. ráðherra Gunnar Thoroddsen, sem talaði hér í gær, lofsöng sjálfan sig fyrir skattalækkanir. Í fyrra lækkuðu stjórnarflokkarnir beina skatta þannig, að þegar láglaunamaður lækkaði um 900 kr., þá lækkaði hálaunamaðurinn um 30 000 kr. Og nú eru þeir að stórlækka skatta á gróðafélögum. En á móti þessari skattalækkun koma margfalt hærri söluskattar, sem leggjast á menn, ekki eftir tekjunum, heldur eftir fólksfjölda í fjölskyldunni, þannig að þeir borga mest, sem flesta hafa að fæða og klæða.

Kjörorð núverandi stjórnarflokka í síðustu alþingiskosningum voru þessi: Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstfl. Stöðvun verðbólgunnar án nýrra skatta. — Þetta voru fyrirheitin, sem þessir flokkar gáfu þjóðinni í kosningunum. Þetta voru loforðin, sem þeir hétu að efna, ef þjóðin veitti þeim aðstöðu til að fara með völd í landinu. Meiri hluti þjóðarinnar treysti þessum flokkum til að efna fyrirheitin. Fólkinu þótti loforðin góð og veitti flokkunum fylgi sitt til að fara með völdin. Þannig valdi meiri hluti þjóðarinnar „leiðina til bættra lífskjara". Síðan eru liðin 2½ ár. Á þessum árum hafa stjórnarflokkarnir verið að efna fyrirheitin um bættu lífskjörin og verðbólgustöðvunina. Það fer að nálgast sá tími, að þeir, sem kusu þessa flokka, megi fara að þakka fyrir sig, þakka fyrir „bættu lífskjörin". Það er einn af hornsteinum lýðræðisins að sýna þeim traust, sem gera vel, en hinum vantraust, sem gera illa. Og nú þurfa menn að gera það upp við sig, hversu mikið lífskjörin hafa batnað með „viðreisnarstefnunni" og hvernig verðbólgan var stöðvuð.

Mælikvarði á lífskjör manna er fyrst og fremst sá, hvernig vinnutekjur mannsins duga fyrir lífsnauðsynjum fjölskyldunnar. Ef þær duga vel fyrir öllum nauðsynjunum eða eitthvað meira en það, segjum við, að fjölskyldan búi við fjárhagslega góð lífskjör. Annars eru þau að meira eða minna leyti bágborin. Ég skal nefna helztu aðferðirnar, sem stjórnarflokkarnir hafa haft til þess að bæta lífskjörin, eins og þeir orða það. Í ársbyrjun 1959 lækkuðu þeir öll laun manna til sjávar og sveita með lögum. Í ársbyrjun 1960 framkvæmdu þeir hina alkunnu gengislækkun. Með henni hækkuðu þeir verðlag á öllum innfluttum vörum um 50—80%. Samtímis gengislækkuninni lögðu þeir á nýja söluskatta, sem námu hundruðum milljóna króna. Í ofanálag á þetta lögleiddu þeir stórkostlega vaxtahækkun, styttu lánstíma og drógu úr lánveitingum. Á jólaföstu 1960 hafði þessi „viðreisn" sorfið svo að fólki, að ekki þótti viðhlítandi að una þessu lengur. Þá fóru forustumenn verkalýðssamtakanna á fund ríkisstj. og óskuðu þess, að hún færi nú að feta leiðina til bættra lífskjara án verkfalla. Þeir bentu meira að segja á, að lækkun verðlags á lífsnauðsynjum kæmi að sama gagni og kauphækkun. En hæstv. ríkisstj. kannaðist ekkert við þessa leið, og svör hennar urðu neitandi. Afleiðingarnar urðu svo verkföllin s. l. vor, sem stefndu síldarvertíðinni og ýmissi annarri framleiðslu í voða. Undir forustu samvinnumanna tókust loks samningar um mjög hóflega kauphækkun, svo að framleiðslunni var bjargað. Þá gripu stjórnarflokkarnir til þess ráðs, sem harðast mun verða dæmt af öllum þeim, er lýðfrelsi og réttlæti vilja í heiðri hafa, en það var gengislækkunin s. l. sumar, sem þurrkaði út kauphækkunina með nýjum verðhækkunum.

Ég hef nefnt hér dæmi um aðferðirnar, sem stjórnarflokkarnir beittu til þess að leiða þjóðina á braut bættra lífskjara. En hver er svo árangurinn? Hver eru lífskjörin sjálf, eins og þau eru nú? Eitt mikilsverðasta viðfangsefni unga fólksins, sem stofnar heimili, hvort sem er við sjó eða í sveit, er að eignast þak yfir höfuðið. Þetta er fyrsta og stærsta verkefni ungu hjónanna. Þessa framkvæmd telja þau hluta af hjúskaparvelgengni sinni, að geta búið sér og börnum sínum hæfileg og holl húsakynni til frambúðar. Til þess klífa þau þrítugan hamarinn, leggja á sig takmarkalitla aukavinnu og verja hverjum þeim eyri, sem unnt er, í bygginguna. Það er hins vegar siðferðileg skylda stjórnarvalda að létta hinni komandi kynslóð þetta viðfangsefni, m. a. með viðráðanlegum stofnlánum, hóflegum vöxtum og sanngjörnum innflutningsgjöldum á byggingarefni. En reynsla undanfarandi ára hefur orðið á annan veg, eins og skýrslur Hagstofu Íslands sýna um hækkun á byggingarkostnaði. Það má telja

mjög hóflega íbúð, sem er um 320 rúmmetra að stærð. Samkvæmt hagskýrslum kostaði slík íbúð 375 þús. kr. í okt. 1958. Samkvæmt sömu skýrslum kostaði jafnstór íbúð 514 þús. kr. í febr. nú í vetur. Hún hefur því hækkað í verði um 139 þús. kr. á þessum þremur valdaárum stjórnarflokkanna. Byggingarsjóður ríkisins hefur lánað mest 100 þús. kr. út á íbúð. Það vantar þá 39 þús. kr. til þess, að lánið dugi fyrir viðreisnarhækkuninni. Og þótt nú sé heitið 150 þús. kr. láni, er lítill afgangur af því, þegar greidd hefur verið verðhækkunin. En hvaðan á svo unga fólkið, sem er að byggja, að taka hinn hluta byggingarkostnaðarins, þessar 364 þús. kr., sem á vantar? Á það að leggja þessa upphæð fram úr eigin vasa? Eða á það að leita eftir okurlánum? Það þarf ekki fremur vitnanna við. Févana menn byggja sér ekki íbúð með slíkum viðreisnarkjörum. Þeir eru dæmdir til að hverfa frá slíkum fyrirætlunum. Það er harkaleg meðferð á hinni vaxandi kynslóð, sem við ættum þó að láta í té það bezta, sem við eigum.

Einn af núv. hæstv. ráðherrum, hæstv. landbrh., deildi hart á vinstri stjórnina 1958 fyrir yfirfærslugjaldið, sem þá var á lagt. Hann taldi, að það mundi leiða til þess, að kornvörur, sem allir neyta, mundu hækka í verði allt upp í 15%. Svo varð þessi maður ráðherra. Lækkuðu þá ekki kornvörurnar í verði? Nei, þær hækkuðu, ekki um 15%, heldur um 87% eða nærri því eins mikið og landbúnaðarvélarnar. Þetta er hækkunin frá því í okt. 1958 þar til í jan. 1962. Líkt þessu hafa ýmsar aðrar nauðsynjar manna hækkað í verði.

Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega skrá yfir það, hvað þessar nauðsynjar kosta yfir árið hjá fjölskyldu, sem er 4.2 menn. Skráin í febr. s. l. lítur þannig út í stórum dráttum: Matvörur kosta nú um 30 þús., hiti og rafmagn 5300, fatnaður og álnavara 12900, ýmis vara og þjónusta 15600. Þessir kostnaðarliðir þessara nauðsynja eru þá 64 þús. kr. Þá er húsnæðiskostnaðurinn ekki tekinn hér með, en í Hagtíðindunum er hann miðaður við leigukjör í gömlum húsum. En þar sem hér er rætt um áhrif viðreisnarstefnunnar, verður að reikna húsnæðiskostnaðinn í samræmi við byggingarkostnaðinn, eins og hann er nú og ég hef nefnt. Þótt húseiganda tækist að leggja fram úr eigin vasa um 100 þús. kr. í íbúðarbyggingu, sem mörgum ungum manni yrði sannarlega erfitt, þá mundu skuldirnar á íbúðinni verða samt yfir 400 þús. kr. og meiri hluti þeirra til skamms tíma með háum vöxtum. Vextirnir einir af þessari upphæð yrðu þá um 34 þús. kr. yfir árið. En þá eru líka útgjöld þessarar 4 manna fjölskyldu til matvæla, ljóss og hita, fatnaðar, ýmiss konar vöru og þjónustu og til húsnæðis orðin um 98 þús. kr. Þó er enn ótalið skattar til ríkis og bæja, viðhald og opinber gjöld af íbúðinni og margt fleira. Ef ég áætla það aðeins 7 þús. kr. á ári, að frádregnum fjölskyldubótum, þá eru heildarútgjöld þessarar fjölskyldu orðin um 105 þús. kr. Ég hef þó ekki tekið með einn einasta eyri í afborganir af skuldum. Þó getur enginn haldið íbúðinni sinni, ef hann borgar ekki af skuldunum. En afborganirnar af fyrrnefndum byggingarskuldum mundu nema um 40 þús. kr. á ári, en mundu ekki lækka árlega vexti nema um rúmar 3 þús. Svona lítur þá dæmið út gjaldamegin hjá 4 manna fjölskyldu eftir þessi viðreisnarár. Hvernig er það þá hjá 6—8 manna fjölskyldu?

Ég kem þá að tekjunum, sem eiga að mæta þessum gjöldum. Tímakaup verkamanna í Reykjavík hefur hækkað frá því í okt. 1958 um 89 aura, eða árskaupið um 2136 kr., ef maðurinn vinnur 8 stundir á dag alla virka daga ársins. Og þá er árskaupið nú 54 576 kr. Með þessari upphæð á hann að greiða útgjöldin, sem eru um 105 þús. kr. Það vantar nærri helminginn eða um 50 þús. kr., ef hann hefur veitt sér þann munað að reyna að eignast þak yfir höfuðið. Þótt hann jafnvel búi í gömlu leiguhúsnæði, vantar hann samt 30—40 þús. kr., til þess að árstekjurnar dugi fyrir nauðsynjunum. Oft er til þess vitnað, að ýmsir verkamenn hafi hærra kaup en Dagsbrúnarmenn. Rétt er það, að sumir iðnaðarmenn hafa 3—5 kr. hærra tímakaup. En hvað dugir það til að brúa þetta stóra bil milli tekna og gjalda? Þá er einnig gripið til þess að segja, að menn geti unnið aukavinnu. Ja, hvert eiga þá bændur og bændasynir að sækja þá aukavinnu, en þeir eru undir þessu sama lögmáli viðreisnarstefnunnar?

Röksemdafærslan um aukavinnuna er hrein árás á hin óskráðu vökulög í landi. Og þó vinna menn aukavinnu, þeir sem eiga hennar kost, því að annars gætu þeir ekki séð fjölskyldum sínum farborða. En þótt verkamaður vinni aukavinnu 2 stundir á dag alla virka daga ársins, þá nægir það ekki hálfa leiðina til þess, að tekjurnar dugi fyrir gjöldunum.

Þau dæmi, sem ég hef nefnt, sanna það, að hvort sem það er verkamaður, bóndi, iðnaðarmaður, kennari, skrifstofumaður eða hver sem er, með lág eða miðlungslaun, þá duga honum ekki árslaunin fyrir lífsnauðsynjum sínum, sé hann fjölskyldumaður. Svona hefur hún reynzt, „leiðin til bættra lífskjara". Þannig var verðbólgan stöðvuð án nýrra skatta. Svona var verðbólgunni komið fyrir kattarnef, eins og hæstv. viðskmrh. var að orða það áðan. Þannig er kjörum fólksins komið, sem hæstv. viðskmrh. sagði áðan að hefðu ekki versnað. En til þess eru vítin að varast þau. Læri fólkið hins vegar ekkert af reynslu þessara ára, en treysti kosningaloforðum þessara flokka í annað sinn, þá mun margur maðurinn reyna það, að efnahagsvandræði hans komast áreiðanlega í fastan farveg, eins og einn Alþýðuflokksþingmaðurinn sagði hér um daginn. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er deilt um stefnu og störf ríkisstj. Í lýðræðisþjóðfélagi er það eðlilegur hlutur, að menn hafi skiptar skoðanir og hver berjist fyrir því, sem hann telur réttast. Um stefnu núv. ríkisstj. ríkir mikill ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna og oft deilt um þau mál af miklu kappi. Stjórnarsinnar færa fram margs konar rök fyrir hinni róttæku og umfangsmiklu viðreisnarstefnu ríkisstj., en stjórnarandstæðingar gagnrýna þessa stefnu harðlega og finna ekkert nýtilegt í henni. Fyrir einstaklingana eða hina óbreyttu kjósendur, sem þurfa að taka afstöðu til ágreiningsmálanna, hlýtur oft að vera erfitt

að skera úr um, hvor hafi meira til síns máls. Mörg höfuðdeilumálanna eru svo flókin og margþætt, að það þarf mikinn kunnugleika á rökum og gagnrökum til að geta myndað sér ákveðna og örugga skoðun á þeim. Ég hygg, að mjög fáir landsmanna lesi öll blöðin eða fylgist vel með umræðum héðan frá Alþingi og tryggi sér á þann hátt næga undirstöðuþekkingu til heilbrigðrar skoðanamyndunar. Allur fjöldinn verður að notast við önnur ráð. Einfaldasta og bezta ráðið er að láta reynsluna skera úr. En reynslan fæst ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Ríkisstj. hefur aðeins setið að völdum í 2½ ár, og því er auðvitað ekki enn fengin reynsla af öllum hennar verkum. Því er réttast að beina athyglinni einkum að fyrstu athöfnum stjórnarinnar og þá sérstaklega að hinum margþættu efnahagsráðstöfunum, er gerðar voru á öndverðu ári 1960, athuga, hvað reynslan hefur leitt í ljós um gildi þeirra, og gera sér grein fyrir, hvort umsagnir andstæðinganna, sem þá voru settar fram, hafi reynzt réttar og spár þeirra rætzt.

Ein höfuðröksemdin gegn efnahagsráðstöfununum 1960 var sú, að þær mundu leiða af sér geigvænlegt atvinnuleysi fyrir þjóðina. Ég vil leyfa mér af því tilefni að vitna til nokkurra fyrirsagna í Þjóðviljanum, sem flestar eru frá því í febrúarmánuði 1960. Fyrirsagnirnar hljóða á þessa leið: „Atvinnuleysi boðið heim." „Kúgunarkerfi peningavalds, atvinnuleysi og fátækt." „Innlimun íslenzks þjóðfélags í kreppuskipulag auðvaldsins." „Þung ábyrgð þeirra, er ætla að gera atvinnuleysi hlutskipti verkamanna." „Hættan á atvinnuleysi." „Stóratvinnuleysi í byggingariðnaðinum afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar." „Tilraunir með atvinnuleysi." „Viðreisn atvinnuleysisins." Þetta voru fyrirsagnirnar úr Þjóðviljanum. Nú eru liðin rúm tvö ár, síðan þessar deilur risu um það, hvort viðreisnarstefnan leiddi til aukinnar atvinnu eða atvinnuleysis. Dómur reynslunnar er fallinn, skýr og ótvíræður. Það hefur aldrei verið meiri atvinna í landinu en s. l. tvö ár.

Einn meginþátturinn í efnahagsráðstöfununum 1960 var aukið frelsi á sviði innflutnings- og gjaldeyrismála. Ekki höfðu stjórnarandstæðingar neina trú á því, að aðgerðir ríkisstj. í þessum efnum fælu í sér aukið frelsi. Því til staðfestingar vil ég vitna til nokkurra fyrirsagna í Tímanum í aprílmánuði 1960. Þær hljóða á þessa leið: „Það er ekki verið að afnema höft, heldur taka upp ný höft og verri." „Ný haftastefna." „Höftin haldast áfram. Skipt um nöfn á nefndum." „Sýndarfrumvarp ríkisstjórnarinnar um nýskipan innflutnings- og gjaldeyrismála." „Nýja verzlunarfrelsið er raunverulega stóraukin höft" „Aukið ófrelsi." „Ekki er nokkurt efamál, að aldrei hefur komið fyrir Alþingi frv., sem er önnur eins öfugmælakássa og frumvarp ríkisstjórnarinnar um innflutnings- og gjaldeyrismálin." Þetta voru fyrirsagnir og ummæli Tímans, er ég las. Einnig hér hefur reynslan kveðið upp sinn dóm. Innflytjendur, kaupmenn, kaupfélagsstjórar og landsmenn allir vita, hvernig sá dómur hljóðar.

Þó að ég hafi rakið hér nokkuð afstöðu framsóknarmanna til frv. ríkisstj. um nýskipan innflutnings- og gjaldeyrismála, gleymdi ég samt einu atriði, sem þeim framsóknarmönnum féll þyngst af öllu. En það var, að frv. kvað svo á, að úthlutunarnefnd jeppabifreiða skyldi lögð niður. Þetta töldu framsóknarmenn gleggstu sönnun þess, að hér væri virkilega vond ríkisstjórn að verki.

Einn þátturinn í efnahagsaðgerðunum 1960 voru breytingar á útsvars- og skattalögum, en það spor var ekki stigið til fulls fyrr en á þessu ári. Breytingin 1960 var m. a. fólgin í því að leggja veltuútsvar á félagsmannaviðskipti samvinnufélaganna, en fella niður samvinnuskattinn á móti. Hér var um mjög sanngjarna breytingu að ræða, þar sem samvinnuskatturinn var orðinn mjög óverulegur, en hann var byggður á fasteignamati, sem orðið var algerlega óraunhæft. Eftir sem áður var sú grundvallarregla viðurkennd, að samvinnufélög greiddu ekki tekjuútsvar af félagsmannaviðskiptum. Gegn þessari breytingu snerust framsóknarmenn mjög öndverðir. Tíminn í maí 1960 segir m. a. um þetta: „Með þessum lögum væri ríkisvaldið að heimila eins konar arðrán og leyfa óhæfuverk." „Verið er að lama samvinnuhreyfinguna." „Ríkisstjórnin er að ná sér niðri á samvinnufélögunum." „Ósanngjörnum skattgjöldum er komið á samvinnufélögin." „Níðzt er á félagssamtökum fólksins." Svo mörg voru þau fögru orð, sem Tíminn hafði um þetta vorið 1960. Hvað hefur nú reynslan sýnt í þessu efni? Afkoma Sambandsins og kaupfélaganna yfirleitt hefur aldrei verið betri en þann tíma, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Nú orðið sjá allir, að þessi skattbreyting er réttlát, og hún veldur ekki lengur neinum deilum. Meira að segja framsóknarmenn viðurkenna villu sína. Nú er verið að afnema veltuútsvörin og leggja á aðstöðugjald í staðinn, sem er mjög svipaður gjaldstofn, og framsóknarmenn andmæla því ekki einu orði, að samvinnufélögin beri það gjald eins og önnur atvinnufyrirtæki. Meira að segja berjast framsóknarmenn nú gegn því, að tekjuskattur samvinnufélaganna sé lækkaður um ⅙ hluta, en sú barátta þeirra mun verða árangurslaus. Það er því fjarri öllu lagi, að ríkisstj. sé að níðast á samvinnufélögunum. Þvert á móti mun viðreisnarstefnan verða þeim til eflingar. Það hefur reynslan þegar sýnt.

Hér að framan hef ég gert einstaka veigamikla þætti efnahagsaðgerðanna 1960 að umtalsefni og bent á, hvað andstæðingarnir sögðu þá og hvernig reynslan hefur dæmt málflutning þeirra. En það er líka nauðsynlegt að rifja upp, hvað þeir sögðu um gildi efnahagsráðstafananna almennt. Í því efni ætla ég að vitna til Tímans í febrúar og marz 1960. Þar voru birtar þingræður ýmissa leiðtoga Framsfl. undir stórum fyrirsögnum, þar sem kjarninn úr ræðum þeirra var dreginn saman. Eysteinn Jónsson sagði: „Það er fásinna og fjarri öllum veruleika að steypa sér út í annað eins ævintýri." Halldór Ásgrímsson sagði: „Leggja á dauða hönd yfir alla nauðsynlega, eðlilega og réttláta framþróun og uppbyggingu í landinu." Ágúst Þorvaldsson sagði: „Ráðstafanirnar munu þrengja kosti þjóðarinnar svo tilfinnanlega, að erfitt verður úr að bæta." Ásgeir Bjarnason sagði: „Önnur eins afturhalds-, kreppu- og óstjórnarstjórn hefur aldrei setið að völdum á Íslandi

áður, — aldrei nokkurn tíma áður. Valdafíknin er svo mikil, að hún drepur alla heilbrigða skynsemi.“

Þessi ummæli öll þurfa landsmenn að muna og bera saman við veruleikann í dag, hina miklu framleiðslu, bættan gjaldeyrishag, niðurgreiðslu erlendra skulda og fjölþætt og blómlegt atvinnulíf. Hér sem endranær er það reynslan, sem sker úr. Þótt rök framsóknarleiðtoganna, sem ég vitnaði til, hefðu reynzt haldlítil, geta þau verið nytsöm að því leyti, að einhvers staðar í þessum snjöllu ummælum megi finna einkunnarorð fyrir Framsfl., orð, sem hann gæti letrað á sinn baráttuskjöld. Til þess finnst mér langbezt fallin setning Ásgeirs Bjarnasonar: „Valdafíknin er svo mikil, að hún drepur alla heilbrigða skynsemi.“ Tel ég ógerlegt að lýsa betur í einni setningu núv. stefnu Framsfl.

Í þessum umr. hefur verið deilt ákaft um það, hvort útflutningsatvinnuvegirnir hefðu getað borið bótalaust kauphækkanir þær, sem urðu á s. l. sumri. Þessu halda stjórnarandstæðingar eindregið fram og segja, að gengislækkunin í ágúst í fyrra hafi verið algerlega óþörf og einungis hefndarráðstöfun af hálfu ríkisstj. gagnvart launþegum. Einkanlega eru það framsóknarmenn, sem halda því mjög á lofti, að það hafi verið samvinnusamtökin, sem fundu hina hóflegu og sanngjörnu lausn á vinnudeilunum í fyrra með 13% kauphækkun til verkamanna, og undir þeirri kjarabót hafi frystihúsin og útvegurinn vel getað staðið án þess að fá hækkað verð fyrir afurðir sínar með nýrri gengisfellingu. Í tilefni af þessu vildi ég gjarnan spyrja framsóknarmenn einnar spurningar. Þegar frv. til laga um launajöfnuð karla og kvenna, sem flutt var af mér og tveim öðrum Alþýðuflokksþm., var til meðferðar á Alþingi í fyrravetur, var frv. sent til umsagnar til ýmissa atvinnurekendasamtaka og þ. á m. til Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Frv. gerði ráð fyrir, að eftir eitt ár hækkaði kvennakaupið almennt um ca. 4% og síðan næstu fimm ár um svipaða upphæð, unz fullum jöfnuði væri náð. Umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna var dags. 23. nóv. 1960 og undirrituð af formanni þess, Harry Frederiksen. Í umsögninni segir m. a. svo orðrétt: „Og ekki mun leika á tveim tungum, að útflutningsatvinnuvegirnir a. m. k. þola nú ekki hærra kaupgjald, svo að ekki sé meira sagt.“ Nú vil ég spyrja framsóknarmenn: Hvað var það, sem gerbreytti svo áliti Vinnumálasambands samvinnufélaganna á getu útflutningsatvinnuveganna til að greiða hærra kaup, að Vinnumálasambandið telur hinn 23. nóv. 1960 ófært að hækka kaup kvenþjóðarinnar einnar um 4% eftir eitt ár, en hálfu ári síðar, eða í júníbyrjun 1960, telur þetta sama vinnumálasamband unnt að hækka kaup verkamanna og iðnaðarmanna þá strax um 13—15% og kaup kvenna um 15—20%? Hvaða gerbreyting er það, sem átt hefur sér stað á greiðslugetu atvinnuveganna á tímabilinu frá 23. nóv. 1960 til júníbyrjunar 1961? Þessari spurningu vonast ég eindregið til að framsóknarmenn svari í þessum útvarpsumræðum. Þegar það svar hefur borizt, er unnt að rökræða þetta mál við þá frekar.

Karl Guðjónsson sagði í ræðu sinni í gærkvöld, að kjör manna hér hefðu versnað svo mjög, að færeyskir sjómenn fengjust ekki lengur til starfa á bátaflotanum. Hér er sannleikanum alveg snúið við. Ástæðurnar til þess, að færeyskir sjómenn eru að mestu hættir að koma hingað, eru tvær: Annars vegar, að skipafloti Færeyinga hefur aukizt svo mikið á síðustu árum, að þeir hafa minni þörf fyrir að leita sér atvinnu annars staðar heldur en áður. Hins vegar, að kjör bátasjómanna hér hafa batnað svo mikið, að það gengur miklu betur en áður að manna bátana Íslendingum. Er það að sjálfsögðu einn þáttur viðreisnarinnar að losna við að greiða árlega stórar fúlgur í erlendum gjaldeyri í vinnulaun.

Ágúst Þorvaldsson fór með staðlausa stafi í ræðu sinni í gærkvöld, er hann fullyrti, að okurlögin hefðu verið afnumin og felld niður refsing við því að taka okurvexti af lánsfé. Það, sem gerðist, var einungis, að löglegir hámarksvextir voru hækkaðir, en hver sem áskilur sér hærri vexti en þá, sem Seðlabankinn leyfir á hverjum tíma, sætir sömu refsingu og áður.

Hannibal Valdimarsson tók hér dæmi áðan af ungum hjónum, sem byggðu sér tveggja herbergja íbúð, og hversu miklar tekjur þau þyrftu að hafa til þess að geta byggt og staðið undir kostnaðinum. Hann gleymdi hins vegar alveg að gera grein fyrir og gera samanburð á því, hvernig aðstaða þessara sömu ungu hjóna var, á meðan hann var sjálfur félmrh. Ekki var hún betri þá. Hann reiknaði ekki heldur með, að hjónin legðu fram neina eigin vinnu til íbúðarbyggingar, sem þó er mjög almennt. Ég fullyrði, að atvinnumöguleikar eru nú svo miklir í landinu, að mörg ung og barnlaus hjón geta náð 100 þús. kr. árstekjum, og launin nýtast nú mun betur en áður, vegna hinna miklu skattalækkana.

Mjög kvað við annan tón hjá Hannibal Valdimarssyni um launamálin en meðan hann var sjálfur ráðh. í vinstri stjórninni. Þá talaði hann um, að verkalýðurinn yrði að fórna, og kvað jafnvel svo sterkt að orði, að kauphækkanir væru mútufé frá atvinnurekendum, til þess eins gerðar að skapa ríkisstj. erfiðleika.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, hafði hér um langt árabil verið haldið uppi fölskum lífskjörum, sem byggðust á því, að erlendar skuldir höfðu sífellt farið vaxandi og þjóðin því eytt meira en hún aflaði. Hér varð því að snúa við blaðinu, og allir landsmenn urðu að færa fórnir, til þess að unnt væri að rétta við. Nú er erfiðasti hjallinn að baki. Árangur viðreisnarstefnunnar kemur m. a. fram í því, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur viðurkennt batnandi gjaldeyrisstöðu okkar og Alþjóðabankinn hefur eftir 9 ára hlé á ný tekið að lána til framkvæmda hér á landi vegna traustari efnahags þjóðarinnar. Þetta hvort tveggja er okkur mjög mikils virði. Menn mega ekki einblína á framleiðsluaukninguna eina sem úrræði til að bæta hag landsmanna. Allt frá styrjaldarlokum hefur orðið hér allmikil framleiðsluaukning. En það hefur verið svo miklu til hennar kostað, að hún hefur ekki getað staðið undir bættum kjörum eða aukið kaupmátt launa. Hér hefur verið brestur í undirstöðunni. Viðreisnin stefnir að hagsýnni fjárfestingu og þeirri framleiðslu-

aukningu, sem gefur meiri arð en áður. Núv. ríkisstj. mun ekki leiða þjóðina fram á brún hengiflugsins. Með staðreyndirnar að leiðarljósi og ábyrgðina í vegarnesti mun hún leiða þjóðina út úr ógöngunum og inn á greiðfærari brautir þroska og velfarnaðar. — Góða nótt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það þing, sem nú er senn á enda, er í vitund manna eitt athafnasamasta þing, sem haldið hefur verið lengi vel. Málaskrá þingsins ber þess ljósast vott. Auðvitað er þetta ekki úrskurður um ágæti þingsins eða stjórnarstefnunnar, en það sker úr um, að mikið hefur verið hafzt að. Stingur þetta mjög í stúf við hina örstuttu þingfundi í tíð vinstri stjórnarinnar, sem lét undir höfuð leggjast að veita þá forustu í þinghaldi og undirbúningi mála fyrir Alþingi, sem er þó ein höfuðskylda hverrar ríkisstj.

Núv. ríkisstj. tók við á mjög erfiðum tíma, eins og nógsamlega er kunnugt, en vinstri stjórnin lauk valdaferli sínum algerlega úrræðalaus og holskefla dýrtíðar og verðbólgu fram undan. Gjaldeyrisstaðan út á við var hin hörmulegasta og gífurleg skuldasöfnun erlendis. Á þessu hefur orðið gerbreyting, svo sem tíundað hefur verið í þessum umr. Í stað þess að síauka skuldir þjóðarinnar út á við hefur verið numið staðar, og lækkuðu þannig erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma nokkuð á s. l. ári. Almenningi hefur verið sagt frá erfiðleikunum, sem við áttum við að stríða, og fólkið hefur sannarlega metið þá hreinskilni og ekki látið sitt eftir liggja. Það liggur fyrir, að vöruskiptajöfnuður okkar við útlönd hefur verið hagstæður á s. l. ári um 100 millj. kr. og greiðslujöfnuðurinn við útlönd hagstæður um 200—250 millj. kr., og í því felst rekstrarafkoma þjóðarbúsins út á við. Og þetta er í fyrsta skipti, eins og bent hefur verið á, sem greiðslujöfnuður þjóðarbúsins út á við er hagstæður, síðan styrjöldinni lauk. Á árunum 1956—60, og má þar marka áhrif hinnar svokölluðu vinstri stjórnar, jukust erlendar skuldir til langs tíma um samtals 1640 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi, eða að meðaltali um 328 millj. kr. á ári. Og til viðbótar var meginið af þessari skuldaaukningu blóðpeningar, þ. e. a. s. sú stjórn, sem þá réð ríkjum, hafði gert það að höfuðstefnumáli sínu að reka ameríska varnarliðið úr landi, eins og það var látið heita, en keypti setu þess hér, án þess þó að geta skipað efnahagsmálum okkar á sæmilegan hátt. Verður þetta lengi í minnum haft.

Nú er á að líta, hver breyting hefur á orðið, síðan við losnuðum við þessa ófarsælu vinstri stjórn. Tekin hefur verið upp ný skipan innflutnings- og gjaldeyrismála með síauknu frjálsræði og bankarnir tekið að sér stjórn þessara mála. Aðstaða banka og annarra peningastofnana við Seðlabankann batnaði um nærri 300 millj. kr. á s. l. ári, en aðstaða bankanna einna og sparisjóðanna gagnvart Seðlabankanum hins vegar um 620 millj. kr., en skuldir fjárfestingarlánastofnana jukust á sama tíma um 269 millj. Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á s. l. ári, eins og upplýst hefur verið, um 400 millj. kr. Nú er oft sagt, að með þessu sé ekki öll sagan sögð og beri að líta á birgðaaukninguna eða rýrnun birgða í landinu. Rétt er að hafa það í huga. En þá kemur fram, að birgðaaukning á útflutningsvörum nemur á s. l. ári nærri 190 millj. kr. Spariinnlánin jukust meira en nokkru sinni áður á s. l. ári, og nam aukning spariinnlánanna samtals í bönkum og sparisjóðum um 550 millj. kr. á móti 374 millj. kr. aukningu á árinu 1960. Hlutfallsaukningin nemur 25%, og er það meiri aukning spariinnlána en nokkru sinni fyrr.

Innflutningsverzlunin hefur verið leyst úr læðingi smátt og smátt og þó með svo miklum hraða, að undrum gegnir. Það er eins og sumir hafi ekki til fulls áttað sig á þessu, en svona er það samt. Vinur minn norður í landi bað mig nýlega að útvega sér leyfi fyrir innflutningi á bíl. Ég hringdi hann upp og sagði honum, að innflutningur á bílum væri frjáls. Og svona hoppa sumir enn í haftinu, og hafa heyrzt þess merki hér í þingsölunum. Menn tala um tilbúin móðuharðindi, en reka sig á allt annað, næga atvinnu og grósku. Að sjálfsögðu er margt enn, sem úrbóta er þörf. Ég tel t. d., um leið og viðskipti almennt hafa orðið frjálsari, að brýn nauðsyn sé á endurbótum á sviði útflutningsverzlunarinnar. Ungir og áhugasamir athafnamenn mættu þar koma meir til skjalanna en verið hefur. Mætti hugsa sér að fara að einhverju leyti að dæmi nágranna okkar, sem verðlauna eða styrkja þá, sem vilja og hafa ráð til að taka sig upp með konu og börn og fara út í heiminn, í aðrar heimsálfur, til þess þar að kanna nýja möguleika og vera umboðsmenn íslenzkrar útflutningsverzlunar.

Ég skal minnast fáum orðum á útlán og útlánaaukningu í þjóðfélaginu. Stjórnarandstæðingar telja, að núv. stjórnarstefna hafi orðið til miska með því að draga úr útlánum banka og sparisjóða. Útlánaaukning banka og sparisjóða nam um 350 millj. kr. á s. l. ári, á móti 300 millj. kr. á árinu 1960. Ef við þetta bætist útlán stofnlánadeildar sjávarútvegsins á s. l. ári, um 300 millj. kr., er heildarútlánaaukningin um 650 millj. kr., og er þetta hin raunverulega útlánaþróun á árinu. Hvar er þá innilokunin? Hvar er útlánaskerðingin? Þessu geta stjórnarandstæðingar reynt að svara. Á árinu 1960 var aukning spariinnlána að vísu 77 millj. kr. meiri en aukning útlána, en á s. l. ári eru hlutföllin allt önnur, útlán meiri í hlutfalli við spariinnlánin, þ. e. a. s. 647 millj. kr. heildaraukning á árinu 1961, á móti 550 millj. kr. sparifjáraukningu, eða 97 millj. kr. meiri útlán.

Ég nefni þetta aðeins til mótvægis við tal stjórnarandstæðinga um frystingu og þar af leiðandi máttleysi sparifjárins.

Menn verða að hafa í huga, að vaxtaákvarðanir og réttur Seðlabankans til þess að binda nokkurn hluta sparifjárins í Seðlabankanum eru ein veigamestu tæki til að geta stjórnað peningamálum landsmanna. Innstæðubinding hefur tvíþætt verkefni: að Seðlabankanum gefist kostur þess að beina fjármagninu á hverjum tíma þangað, sem þörfin er mest, og leggja grundvöll að styrkari gjaldeyrisstöðu út á við. Á hvorn tveggja þennan hátt hefur innstæðubinding sparifjár í Seðlabankanum verkað tvö s. l. ár. Hið bundna sparifé er ekki glataður fjársjóður, og eins og núv. ríkisstj. treystist til

að lækka vexti aftur frá því, sem ákveðið var eftir setningu efnahagsmálalöggjafarinnar 1960 um 2%, eins má þess vænta, að hið bundna sparifé geti, þegar batinn í peningamálum er nógu traustur, orðið afl þeirra hluta, sem gera skal til uppbyggingar í þjóðfélaginu. Hef ég þá sérstaklega í huga eflingu íbúðalána til landsmanna, en íbúðalán á hverjum tíma grundvallast eðlilega á sjálfri sparifjármynduninni, og þannig var þessum málum skipað, þegar húsnæðismálalöggjöfin frá 1955 var undirbúin.

Núv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar tókst farsællega að leysa landhelgisdeiluna á sínum tíma og hefur hlotið almennt lof fyrir. Sama máli gegnir um handritamálið, sem segja má að sé í raun og veru til lykta leitt og mjög skammt undan, að við Íslendingar fáum þessa miklu fjársjóði aftur inn í land vort.

Ríkisstj. hófst handa á s. l. hausti að undirbúa nýjar ráðstafanir um löggjöf til almannavarna í landinu, en fjárframlögum og aðgerðum á því sviði hafði verið hætt í tíð vinstri stjórnarinnar. Þetta umfangsmikla mál hefur nýlega verið rætt hér í þinginu, og er það einnig kunnugt almenningi. Með afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var í vetur einróma samþykkt að veria 1 milli. kr. til undirbúningsframkvæmda á þessu sviði, á móti framlögum frá sveitarfélögum. Frv. um almannavarnir mun verða lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, strax og það kemur saman, en málinu var, eins og kunnugt er, frestað núna með rökstuddri dagskrá, eftir tillögu dómsmrh., sem jafnframt lýsti því yfir, að hann mundi láta hefja undirbúning, svo að framkvæmdir af þessum sökum þyrftu ekki að tefjast, og einnig, að ríkisstj. mundi afla sér heimilda með brbl. á milli þinga, ef þeir athurðir gerðust, að þess gerðist þörf og nægar heimildir væru ekki fyrir hendi.

Skattamálin og frv. að nýrri löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga hafa verið með stærri málum þessa þings. Núv. ríkisstj. hefur gert veigamiklar breytingar á skattalöggjöfinni, þar sem margra ára misrétti hefur verið leiðrétt. Skattar á einstaklingum hafa verið lækkaðir stórlega á fyrri þingum, en skattar á félögum eru nú í því frv., sem fyrir liggur, færðir til réttlátara horfs. Bæjar- og sveitarfélögin hefur á undanförnum árum skort tilfinnanlega tekjustofna, og hefur það verið eitt mesta vandamál þeirra, á sama tíma sem nýjar álögur hafa iðulega verið lagðar á bæjar- og sveitarfélögin af hálfu Alþingis. Á þessu hefur nú fengizt eða fæst veruleg bót, í fyrsta lagi, þegar bæjar- og sveitarfélögin fengu hluta af söluskattinum, og eins með þeim nýju reglum, sem nú er gert ráð fyrir að lögfesta varðandi landsútsvör og aðstöðugjöld til þessara aðila. Jafnframt er innheimtukerfi skatta og útsvara stórum endurbætt með nýrri og samræmdri skipan mála um gjörvallt land.

Launamál opinberra starfsmanna hafa nú komizt í nýjan farveg, eftir að ríkisstj. lagði fram frv. þar að lútandi og með samkomulagi við stjórn B. S. R. B. Launamálin hafa verið í hinum mesta ólestri og eitt mesta vandamál til úrlausnar á undanförnum árum, og það eru mikilvæg tíðindi, að takast megi að koma nýrri og heilbrigðari skipan á þau mál.

Öll eru þau mál, sem ég nú hef nefnt, umfangsmikil og hafa tekið langan tíma í undirbúningi hjá ríkisstj. og veitt Alþingi ærin verkefni.

Á s. l. ári var sjávarútvegi landsmanna veittur veigamikill stuðningur með því að breyta lausaskuldum útvegsins í viðskiptabönkunum í löng lán hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins. Útgerðin átti mjög í vök að verjast vegna lánsfjárskorts undanfarinna ára til fjárfestingar og uppbyggingar, og var það ein af meginorsökum þess, að lausaskuldir söfnuðust fyrir. Á þessu hefur nú verið gerð grundvallarbreyting. Það hafa verið metnar upp til samræmds mats allar eignir útgerðarinnar í landinu, og menn hafa fengið hliðstæða og sambærilega aðstoð til langra lána. Með þessu móti er rekstrargrundvöllur útgerðarinnar allt annar en áður, og þó að útgerðarmönnum finnist oft, að þeir búi við mikinn rekstrarlánaskort, þá er hitt þó miklu veigameira, að þeir hafi góða aðstöðu til nægjanlegra stofnlána, en rekstrarlánin takmörkuð, eftir því sem kostur er, því að með því móti verður útgerðin öll frjálsari og sjálfstæðari en áður var, þegar allar afurðir voru svo að segja veðsettar 100% í bönkunum.

Samhliða þessu hafa bændur fengið eða eru að fá tilsvarandi aðstoð, að breyta lausaskuldum þeirra í lengri lán, og mun Alþ. afgr. það mál, áður en lýkur, en Búnaðarbankinn hefur haft forgöngu um undirbúning hinna lengri lánveitinga.

Á s. l. ári voru þessi lengri lán til útgerðarinnar um 300 milli. og er þó ekki enn lokið, en óvíst er um, hversu háum upphæðum þessar lánabreytingar hjá bændum munu nema.

Iðnaður landsmanna hefur því miður ekki notið tilsvarandi aðstoðar, enda þótt ríkisstj. hafi haft forgöngu um að útvega iðnlánasjóði á s. l. ári um 20 milli. kr. En hjá því verður ekki komizt að hugsa í miklu ríkari mæli fyrir stofnlánaþörf iðnaðarins en gert hefur verið. Það mál kemur að sjálfsögðu til álita, þegar ríkisstj. gefst kostur á að ganga frá þeirri 5 ára framkvæmdaáætlun, sem kunnugt er að hún hefur haft í undirbúningi.

Hæstv. iðnmrh., Bjarni Benediktsson, skipaði í fyrra nefnd til að taka upp viðræður við útlendinga um hugsanlega möguleika til að koma hér upp alúmíníumverksmiðju eða annarri stóriðju. Þessi nefnd hefur þegar unnið allmikið starf, og gerði ráðh. grein fyrir því ekki alls fyrir löngu hér í fyrirspurnatíma í þinginu, að aðallega hefðu viðræður farið fram við annars vegar svissneskt fyrirtæki og hins vegar franskt fyrirtæki, sem bæði hafa látið í ljós áhuga á þessu máli. En samhliða slíkri stóriðju yrði að reisa hér stór orkuver, stærri en við höfum áður reist og nota til þess vatnsaflið eða aðrar orkulindir, sem við kunnum að ráða yfir. Mér þótti undrum sæta að heyra formann Framsfl. í umr. í gærkvöld, Eystein Jónsson, vera með getsakir um, að að þessum málum væri ekki staðið með fullri gát og til stæði að gefa útlendum hringum og auðfélögum aðstöðu hér á landi til óhagræðis fyrir Íslendinga. Auðvitað er engu slíku til að dreifa, en sjálfsagt, að kannaðir séu til hlítar þeir möguleikar, sem við kunnum að geta haft til sam-

vinnu við erlent fjármagn til að hagnýta orkulindir landsins.

Ég sagði áðan, að raforkuverin, sem reisa þyrfti, væru miklu stærri en við ella getum framkvæmt, án samfara stóriðju, en gert hefur verið ráð fyrir í lauslegum áætlunum, að þau kostuðu yfir 1000 millj. kr., kannske 1200—1300 millj. kr., hvort sem um væri að ræða orkuver við Þjórsá eða við Dettifoss, en hvort tveggja hefur komið til álita, og sjálf alúmíníumverksmiðjan mundi kosta annað eins, og má af þessu marka, að ekki yrði í lítið ráðizt, ef til framkvæmda kæmi. Standa vonir til, að síðar á þessu ári liggi fyrir nánari vitneskja um, hvaða möguleika og aðstöðu við kunnum að hafa til átaka á þessum sviðum.

Jafnframt hefur sama nefnd unnið að athugun á möguleikum þess að koma upp í samvinnu við erlenda aðila kísilgúrverksmiðju við Mývatn, til þess að vinna kísilgúr eða kísilleir úr botnleðju vatnsins. Er þar um að ræða mjög verðmæt efni til margs konar efnaiðnaðar. En að þessum málum hafa aðrir aðilar starfað einnig, svo sem rannsóknaráð ríkisins og Baldur Líndal efnaverkfræðingur, sem unnið hefur lengi að því ásamt fleirum. En nefnd sú, sem iðnmrh. skipaði, eins og áður greinir, hóf samvinnu við Hollendinga til sameiginlegra rannsókna á þeim möguleikum, sem þarna kunna að vera fyrir hendi. Fæst vonandi einnig úr því skorið á þessu ári eða fljótlega, hvort við Íslendingar með þessum hætti getum rennt fleiri stoðum undir atvinnulíf okkar en við höfum áður átt kost.

Þegar ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar geta gert Alþingi og þjóðinni nánari grein fyrir 5 ára framkvæmdaáætluninni, sem hafizt var handa um að semja á s. l. hausti í samvinnu við norska sérfræðinga, mun betur koma í ljós, hvaða möguleikar kunna að vera hér fyrir hendi.

Þegar á þau mál er litið, sem ég nú hef nefnt, þó að lauslega sé yfir farið, er erfitt að skilja allt tal stjórnarandstæðinga í umr. hér í kvöld og gærkvöld um vilja ríkisstj. til að koma á mátulegu atvinnuleysi, eins og þeir orða það, og að viðreisn ríkisstj. sé fólgin í því að magna dýrtíðina í landinu.

Ég hef eðlilega leitt hjá mér að rekja ýmis stórmerk mál, sem aðrir þingmenn Sjálfstfl. og stuðningsmenn ríkisstj. hafa gert grein fyrir í þessum umr. Nefni ég þar til frv. ríkisstj. um stofnlánasjóð landbúnaðarins, en með því er mótuð ein merkasta löggjöf á sviði landbúnaðarmála hin síðari árin, er reynast mun landbúnaði og bændum hin mesta lyftistöng. Eins mætti nefna merka löggjöf um dómsmál. hæstarétt, erfðalöggjöf og margvíslega félagsmálalöggjöf, en tími minn leyfir það ekki.

Herra forseti. Má ég hér fara með smávegis tilvitnun? „Við teljum höfuðatriði að halda jafnvægi fjárhagslega og stöðugu verðlagi. Okkur er ljóst, að margs þarf við, til þess að svo verði, greiðsluhallalausan ríkisbúskap og skynsamlega útlánapólitík í bönkunum, og það þarf meira: launasamtökin í landinu verða einnig að miða sína stefnu við þetta sjónarmið. Þessi fjármálastefna er nauðsynleg til þess að geta aukið fremur en minnkað frelsi í viðskiptum, en að því viljum við stefna. Við álítum höft neyðarúrræði. Við teljum rétt, að efnt sé til samráðs við verkalýðssamtökin með það fyrir augum, að framkvæmd kaupgjaldsstefnunnar gæti orðið miðuð við jafnvægisbúskap og stöðugt verðlag. Okkar stefna er ekki sú, að kaupgjald sé lögbundið. Við teljum, að launþegasamtökin hér verði að sjá, hvað þeim og þjóðinni er fyrir beztu í kaupgjalds- og atvinnumálum, á sama hátt og gerist í okkar nágrannalöndum. Við vitum, að að því hlýtur að koma, að verkalýðshreyfingin hér starfi sem hagsmunasamtök, en ekki sem upplausnartæki stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma undir áhrifum kommúnista.“ Hver var það, sem sagði þetta, sem ég hef nú vitnað til? Það var núv. form. Framsfl., Eysteinn Jónsson, fyrir hönd síns flokks, meðan hann var í stjórnarsamstarfi við sjálfstæðismenn. Hvílíkur reginmunur og á öllum sleggjudómunum og fjarstæðunum í ræðu þessa hv. þm. í gærkvöld.

Það hefur náðst ótrúlegur árangur á sviði efnahagsmála í tíð núv. stjórnarsamstarfs. Það verður kappkostað að slaka ekki á, heldur byggja framtíðina á þeim örugga grunni, sem lagður hefur verið, og því vaxandi trausti, sem þjóðin hefur áunnið sér.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er athyglisvert í þessum umr. að málsvarar ríkisstj. færa einkum fram þrjú atriði til stuðnings því, að viðreisnin hafi verið rétt og borið fullan árangur. Þessi þrjú atriði eru: Í fyrsta lagi, að samdráttur sá, sem stjórnarandstaðan sagði að leiða mundi af viðreisninni, hafi ekki orðið, því að mikil og góð atvinna hafi verið víðast hvar á landinu. Í öðru lagi, að gjaldeyrisstaðan hafi batnað. Og í þriðja lagi, að sparifjármyndun hafi aukizt í landinu. Það er rétt að víkja að þessum atriðum öllum, hverju um sig.

Samdráttur í uppbyggingu atvinnulífsins í landinu hefur sannarlega fylgt í kjölfar viðreisnarinnar. Þeirri staðreynd verður ekki neitað með því að benda á mikinn síldarafla og góða atvinnu á ýmsum stöðum á landinu. Sú atvinna á ekkert skylt við viðreisnarstefnuna. Viðreisnarstefnan átti auðvitað engan þátt í því, að síldveiðarnar á s. l. sumri gengu vel. Þau mörgu nýju skip, búin nýjustu og beztu veiðitækjum, sem mestan þátt áttu í hinum mikla síldarafla, voru öll keypt til landsins, áður en viðreisnarstefnan var ákveðin, og um það verður ekki deilt, að höfundar viðreisnarstefnunnar höfðu einmitt fordæmt þessi skipakaup og flokkað þau undir eyðslustefnu. Það má því telja alveg furðuleg falsrök að ætla að sanna réttmæti viðreisnarinnar með því að þakka henni afrakstur þeirra tækja, sem höfundar viðreisnarinnar höfðu talið að væru ofkeypt og ógnuðu fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er mikil gróska í atvinnulífinu, sagði hv. þm. Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, hér áðan. En hvar eru þau atvinnutæki í landinu, sem keypt hafa verið á tímum viðreisnarinnar eða ákveðið að kaupa til landsins í hennar tíð? Sú gróska, sem nú er í atvinnulífinu í landinu, er öll vegna þess, sem gert hafði verið í atvinnu-

málum fyrir tíma viðreisnarstjórnarinnar. Samdráttarstefnan kemur fram í því, að dregið er úr uppbyggingunni í landinu, að nauðsynlegar stofnframkvæmdir fyrir framtíðina eru vanræktar. Samdráttur af slíku tagi hefur einmitt verið augljós fylgifiskur viðreisnarstefnunnar. Hér skulu nefnd dæmi.

Tökum íbúðabyggingar. Árið 1956—59, eða í fjögur árin næst á undan viðreisninni, var hafin smíði á 1611 íbúðum að meðaltali á ári hverju, en á fyrsta heila viðreisnarárinu, 1961, var hafin smíði á aðeins 770 íbúðum. Þannig nam samdrátturinn í íbúðarhúsabyggingum meira en helmingi. Og tökum dæmi um kaup á nýjum fiskiskipum. Síðan viðreisnin var samþykkt, hefur stórlega dregið úr kaupum á nýjum skipum, og nú er svo komið, að ekki er keypt nýtt sem nemur árlegu viðhaldi flotans. Þegar tölur um árlegan innflutning fiskiskipa eru bornar saman, verður að hafa í huga, að nýtt skip kemur ekki á skrá, fyrr en einu til einu og hálfu ári eftir að kaupsamningur um það hefur verið gerður, þar sem smíðatíminn er venjulega svo langur. Þannig er t. d. innflutningur skipa árið 1960 allur vegna skipakaupa, sem ákveðin voru á árunum 1958 og 1959. Hæstv. viðskmrh. reyndi að mistúlka þessar tölur í ræðu sinni hér í kvöld. Hann vildi telja innflutning skipa árið 1960 til áhrifa frá viðreisninni, en slíkt er alger blekking. Viðreisnarstefnan byrjaði fyrst að segja til sín í innflutningi fiskiskipa s. l. ár, árið 1961, en enn greinilegar munu þó áhrif hennar koma fram á þessu ári, 1962. En hvað sýna þær tölur, sem fyrir liggja um innflutning fiskiskipa? Árið 1960 bættust fiskiskipaflotanum 53 skip, 5802 rúmlestir að stærð. En árið 1961, þegar viðreisnarinnar var farið að gæta, var nettóaukningin 11 skip, 1412 rúmlestir að stærð. Um þessa aukningu segir Davíð Ólafsson í Morgunblaðinu 1. marz s. l. orðrétt á þessa leið: „Þessi endurnýjun flotans á einu ári er of lítil til þess, að hún geti talizt nægjanleg.“ Og í nýútkomnu blaði af tímaritinu Ægi, sem fjallar um endurnýjun fiskiskipastólsins, má lesa þessi hógværu orð: „Á yfirstandandi ári, 1962, er ekki gert ráð fyrir teljandi innflutningi fiskiskipa.“ Þannig er ástandið um endurnýjun fiskiskipastólsins. Það er þetta, sem heitir samdráttur. Þetta er samdráttarstefnan í reynd.

Hv. Alþýðuflokksþm. Jón Þorsteinsson sagði hér áðan, að viðreisnarstefnan miðaði við hagsýna fjárfestingu. Þeir telja ekki endurnýjun fiskiskipastólsins hagsýna fjárfestingu, sem ráða stefnu núv. ríkisstj.

En gjaldeyrisstaðan hefur þó batnað, segja stjórnarsinnar. Jú, það er rétt, gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á s. l. ári. En hvers vegna þora málsvarar ríkisstj. ekki að gera grein fyrir því, hvað olli batnandi gjaldeyrisstöðu landsins? Voru þar að verki heilbrigð áhrif viðreisnarstefnunnar, eða kom eitthvað annað til? Það, sem réð úrslitum um batnandi gjaldeyrisstöðu bankanna, var þetta:

1) Síldaraflinn skilaði í þjóðarbúið 350 millj. kr. meiri gjaldeyrisverðmætum en áður, og allir vita, að viðreisnarstefnan átti engan þátt í auknum síldarafla.

2) Erlent gjafafé bætti stöðu bankanna.

3) Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði nokkuð vegna aukinna vörukaupalána.

4) Gjaldeyrisstaðan batnaði vegna þess, að svikizt var um að endurnýja framleiðslutæki þjóðarinnar.

Sú staðreynd, að viðreisnarstefnan hefur leitt til þess, að ekki eru keypt ný fiskiskip til landsins sem nemur nauðsynlegu árlegu viðhaldi, sú staðreynd, að ekki hefur verið ráðizt í byggingu eins einasta frystihúss í landinu, síðan viðreisnin var samþykkt, sú staðreynd, að bygging íbúðarhúsa í landinu hefur hrapað um helming, sú staðreynd, að framkvæmdir í landbúnaði hafa stórlega dregizt saman, sú staðreynd, að ekki hefur verið ráðizt í eina einustu orkuvirkjun á landinu á tímum viðreisnarinnar, auðvitað leiða þessar staðreyndir til þess, að nokkur laus gjaldeyrir hlýtur að safnast fyrir, svo framarlega sem atvinnuvegirnir eru ekki stöðvaðir með öllu. En eru nokkrar lausar gjaldeyriskrónur betri en ný skip? Eru peningar þýðingarmeiri fyrir þjóðarbúskapinn en ný orkuver, ný hús og ný framleiðslutæki? Það er ein magnaðasta blekking, sem heyrzt hefur í íslenzkum stjórnmálum, að ný og fullkomin framleiðslutæki og ný orkuver séu dæmi um eyðslustefnu og þýði fjárhagslegt ósjálfstæði, en að peningar, jafnvel þótt litlir séu í kassa, séu aftur á móti dæmi um ráðdeild og hyggindi.

Um sparifjármyndunina gildir í raun og veru hið sama og um gjaldeyrisstöðuna. Það gefur auga leið, að mikil framleiðsla, sem byggist á þeim tækjum, sem keypt voru, áður en hömlur viðreisnarinnar náðu að verka, er undirstaða aukinnar sparifjármyndunar í landinu. Á meðan helmingi meira var byggt af íbúðarhúsum, gekk hluti sparnaðarins þangað, og á meðan mikil kaup áttu sér stað á nýjum bátum og skipum og nýjum tækjum til landbúnaðarins, fór álitlegur hluti sparifjárins til slíkra kaupa. Spurningin er eins og áður sú: Er sá sparnaður betri, sem kemur fram í lausum peningum, en sá, sem kemur fram í nýjum íbúðarhúsum fyrir framtíðina og nýjum tækjum til að standa undir aukinni þjóðarframleiðslu á komandi árum.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, sagði hér í umr. í gærkvöld, að efnahagsmálaráðstafanir stjórnarinnar miðuðu einmitt að því að örva vöxt þjóðarframleiðslunnar. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh.: Heldur hann, að sú ráðstöfun ríkisstj. að heimila brezkum og þýzkum togurum að veiða á miðum bátanna í íslenzku fiskveiðilandhelginni muni leiða til vaxandi framleiðslu íslenzkra fiskiskipa á næstu árum? Heldur hæstv. forsrh., að ráðið til að örva vöxt þjóðarframleiðslunnar sé að hætta að halda fiskiskipaflota landsmanna við? Nei, auðvitað veit hæstv. forsrh., að þessar ráðstafanir leiða ekki til vaxandi þjóðarframleiðslu, og hann veit líka, að sú efnahagsmálastefna, sem óhjákvæmilega leiðir til endurtekinna verkfalla og framleiðslustöðvana, getur ekki leitt til efnahagslegra framfara í neinu landi.

Hæstv. forsrh. varði miklum hluta ræðu sinnar hér í gærkvöld til að afsaka gengislækkunina á s. l. sumri, og það var í sjálfu sér broslegt að heyra forsrh. rembast við að sanna

mönnum algert getuleysi atvinnuveganna eftir 1½ árs viðreisnarstjórn og eftir 2½ árs yfirráð hans flokks yfir málefnum þjóðarinnar. Hæstv. ráðh. sagði, að atvinnuvegir landsins hefðu verið allsendis ófærir um að taka á sig kauphækkanir, sem námu 550 millj. kr. Auðvitað eru allar fullyrðingar um, að kauphækkanir þær, sem verkafólk samdi um á s. l. sumri, hafi numið 550 millj. kr., alger fjarstæða. Þær fullyrðingar eru álíka haldgóðar og þær staðhæfingar, sem ríkisstj. sendi frá sér á s. l. sumri til réttlætingar gengislækkuninni. Þá birti ríkisstj. langa grg. um nauðsyn gengislækkunarinnar í útvarpinu og þó enn ýtarlegri grg. í stjórnarblöðunum. Þar birtu doktorar og hagfræðingar ríkisstj. tölulegar skýrslur um efnahagsástandið og sönnuðu auðvitað það, sem átti að sanna, að lækka þyrfti gengið um nákvæmlega það, sem gert var. Eins og alþjóð veit, byggir núv. ríkisstj. allar sínar ráðstafanir í efnahagsmálum á nákvæmum útreikningum hinna fróðustu sérfræðinga, eins og það heitir á máli ríkisstj.

Hæstv. forsrh. dregur enga dul á það, þegar hann ræðir þessi mál, að hann sé enginn sérfræðingur í efnahagsmálum. Hann er enginn doktor, ekki heldur hagfræðingur. En aftur á móti hefur hann slíka menn í þjónustu sinni. Hæstv. forsrh. hefur lýst því mjög eftirminnilega, að hann, bara venjulegur maður, hafi t. d. ekki séð með sínum venjulegu augum, að óhjákvæmilegt væri að fella gengið á s. l. sumri, hins vegar hafi sérfræðingar hans séð þetta allt nákvæmlega fyrir, og svo sýndu þeir mér í radarinn, segir hæstv. forsrh., og þá sá ég, að þessir spekingar vissu allt nákvæmlega fyrir. Og svo var krónan felld í ágústbyrjun samkvæmt myndinni í radarnum, og mikil talnaskýrsla var síðan birt þjóðinni, til þess að hún gæti skilið allan þennan vísdóm.

Í grg. hinna miklu spekinga, sem birtist í Morgunblaðinu hinn 14. sept. s. l. sumar, segja þeir nákvæmlega fyrir um aflabrögð ársins 1961 og afkomu þjóðarbúsins á því ári. Takið eftir: Strax í ágústbyrjun gátu þeir gert nákvæman samanburð á aflamagni ársins 1961, sem þá var rétt hálfnað, og áranna 1960 og 1959. Svo nákvæmur var radar þessara spekinga, að þeir gátu með fullu sagt fyrir um það í ágústmánuði, að heildarverðmæti sjávaraflans á því ári mundi verða 2431.3 millj. kr. — upp á kommu þurfti það að vera. Þessi tala var borin saman við verðmætið árið 1960 og árið 1959. Hinir vísu menn reiknuðu nákvæmlega út verðmætisvísitölur fyrir þennan sjávarafla, og reyndust vísitölurnar þessar og voru birtar í skýrslunni: Árið 1959 vísitala 100, árið 1960 vísitala 92.6 og árið 1961 — sagt fyrir á miðju ári — vísitala 96.8. Það var því ekkert um að villast, að þjóðarbúið var að tapa borið saman við árið 1959. Sjávaraflinn hlaut að verða 3% — sögðu þeir nákvæmlega fyrir — 3% minni að magni árið 1961 en 1959 og þó enn minni að verðmæti. Og niðurstaða skýrslunnar var þessi orðrétt tekið upp: „Og er því samanlögð verðmætisminnkun á árinu 1961, miðað við árið 1959, vegna aflabrests og verðfalls um 170 millj. kr.“ Og enn sögðu hinir vísu menn orðrétt: „Af þessu, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að áhrif aflabrests, verðfalls og aukins kostnaðar vegna stækkunar flotans til rýrnunar á afkomu sjávarútvegsins munu nema samtals 320 millj. kr., sé árið 1961 borið saman við árið 1959. Er þetta um 13% af framleiðsluverðmætum sjávarafurða og 4—5% þjóðarframleiðslunnar. Það getur hver og einn gert sér í hugarlund, hversu auðvelt það sé fyrir þjóðarbúskapinn að bera 13—19% almennar kauphækkanir jafnhliða slíkri minnkun framleiðsluverðmætis og aukningu kostnaðar.“ Tilvitnunin í skýrsluna er lokið. Þegar doktorar og hagfræðingar höfðu reiknað þetta allt svona nákvæmlega út og með yfirburðaframsýni sinni og þekkingu sýnt forsrh. svart á hvítu í radarnum, hvernig málin stóðu, þá lét hann sannfærast, og svo fór auðvitað um fleiri venjulega menn.

En svo komu hinar voðalegu staðreyndir í ljós. Hagfræðingarnir höfðu lesið allt vitlaust út úr radarmyndinni, og útreikningar þeirra reyndust haldlaus hugarburður. Aflamagnið 1961 varð ekki 3% minna en 1959, heldur 12% meira, og verðmæti sjávaraflans reyndist ekki 2431.3 millj. kr., eins og þeir sögðu fyrir, heldur yfir 3000 millj. kr. samkv. nýjustu athugunum Seðlabankans, sem talið hefur innkomna peninga á árinu fyrir útfluttar afurðir. Verðmæti sjávaraflans varð því 600 millj. kr. meira en ráðunautar ríkisstj. sönnuðu í ágústbyrjun. En loddaramennskan hafði heppnazt. Gengið var fellt. Kauphækkunin var tekin aftur. Þjóðin hafði verið blekkt.

Launþegasamtökin í landinu hafa lært af dýrkeyptri reynslu. Þau vita nú betur en áður, hver er raunveruleg stefna núv. ríkisstj. og hversu mjög má marka staðhæfingar hennar, útreikninga og fullyrðingar. Þau búast nú til átaka. Nokkrir starfshópar hafa þegar fengið sínar launabætur. Ríkisstj. og kuklarar hennar munu ekki koma við brögðum sínum í annað sinn. Verkalýðssamtökin munu vissulega sjá um það, til þess hafa þau nægilegt afl. Það mun ríkisstj. fá að reyna á næstu mánuðum, þegar verkalýðssamtökin endurheimta það, sem þau eiga í tekjum þjóðarbúsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það kom greinilega fram hjá hv. þm. Jóhanni Hafstein, að stjórnarliðið er svo skelkað orðið út af frystingu sparifjárins, að það er farið að halda því fram, að eiginlega hafi ekkert fé verið úr umferð dregið, allt haft í veltunni. Um þetta þarf ekkert að þræta, því að í skýrslu Seðlabankans nú fyrir tvö ár samfleytt er stjórnarstefnunni fært það mest til gildis, að mörg hundruð millj. hafa verið dregin inn úr bankakerfinu til Seðlabankans. Það heitir, að bankar og ríkisstofnanir hafi bætt aðstöðu sína gagnvart Seðlabankanum. Þar er frysta sparifé stærsti þátturinn og svo minnkuð lán út á afurðir. Þannig segir á bls. 11 í skýrslu Seðlabankans fyrir 1961: „Aðstaða banka og sparisjóða batnaði um 294 millj. kr. á árinu.“ Og á bls. 12, að staðan á reikningi ríkisins hafi batnað um 83 millj. Þetta er allt dregið úr bankakerfinu og frá ríkinu og úr veltunni og verður þess vegna atvinnulífinu ekki að neinu gagni.

Annar af ræðumönnum Alþfl., Jón Þorsteins-

son, gerði sér mjög tíðrætt um þá setningu Ásgeirs Bjarnasonar, að valdafíknin dræpi alla heilbrigða skynsemi. Það er ekki undarlegt, þó að þeir Alþýðuflokksmenn staldri við þessa setningu. Sú var tíðin, að fáir voru betri talsmenn heilbrigðrar skynsemi en einmitt forustumenn Alþfl. Þá stóð Alþfl. fast við hlið framsóknarmanna og barðist fyrir bættum kjörum alþýðunnar í landinu. Nú er þetta gerbreytt. Í dag stendur Alþfl. fast við hlið íhaldsins og gengur jafnvel fram fyrir skjöldu til að verja óhæfuverk gegn alþýðu landsins. Vissulega er það rétt, að valdafíknin drepur heilbrigða skynsemi.

Hv. talsmenn stjórnarflokkanna hafa með forsrh. í fararbroddi mjög sungið þann brag, að hér hafi verið allt í rúst, þegar þeir komu til valda í árslok 1958. Þeir hafa hins vegar varazt að lýsa því nokkuð, hvernig þessar rústir voru. Ég skal hjálpa þeim nokkuð til að gera það.

Gjaldeyrisstaða bankanna í árslok 1958, þegar lausaskuldir eru meðtaldar, var svo að segja nákvæmlega hin sama og í árslok 1961, en stjórnarsinnar segja hana hafa verið mjög góða. Erlendar skuldir til langs tíma voru hins vegar um 600 millj. kr. lægri í árslok 1958 en í árslok 1961, reiknað með núv. gengi. Ríkissjóður skilaði miklum greiðsluafgangi á árinu 1958, og afkoma landbúnaðar og sjávarútvegs var með allra bezta móti, t. d. munu togararnir aldrei hafa borið sig betur síðan í stríðslok en þá. Útreikningar hagfræðinga sýndu, að hægt væri að tryggja þessa blómlegu afkomu þjóðarbúsins, ríkisbúsins og atvinnuveganna áfram, ef kaupmáttur launa yrði festur um sinn, eins og hann var í okt. 1958, en hann var þá verulega miklu meiri en nú. Þetta staðfestu hagfræðingar Sjálfstfl., er þeir gerðu eins konar úttekt við stjórnarskiptin í des. 1958. Um þessa festingu kaupmáttarins náðist hins vegar ekki samkomulag í vinstri stjórninni, og því hlaut verðbólgualda að rísa. Framsóknarmenn vildu ekki bera ábyrgð á slíku, því að þeir eru ófúsir að fella gengi krónunnar árlega eða gera aðrar álíka gagnslausar fálmráðstafanir, eins og hv. stjórnarflokkar víla ekki fyrir sér. Af þessu sundraðist vinstri stjórnin, en ekki vegna þess að afkoma þjóðarbúskaparins eða atvinnuveganna stæði illa. En mjög mega nú verkamenn og aðrir láglaunamenn harma það, að ekki var fallizt á tillögur Framsfl. um sama kaupmátt launa og í okt. 1958, því að þess vegna hafa þeir orðið að búa við miklu minni kaupmátt launa tvö seinustu árin.

Hæstv. viðskmrh. tók það að sér að minna menn hér á sannsögli, en hann gleymdi þó sjálfur þessari aðvörun sinni æði oft og ekki sízt þegar hann var að bera saman kaupmátt launa nú og í okt. 1958. Tímakaup Dagsbrúnarmanna er nú kr. 22.78, en var í okt. 1958 kr. 21.85 eða hefur hækkað um 4.5%. Framfærslukostnaðurinn er hins vegar 17% hærri nú en í okt. 1958, og er þá byggt á vísitöluútreikningum hagstofunnar, sem birtir eru í Hagtíðindum. Kaupmáttur tímakaupsins hefur því alltaf rýrnað um 12—13%. Eftirvinna hjá verkamönnum er sízt meiri nú en haustið 1958. Samt heldur hæstv. viðskmrh. því fram, að verkamannakjörin séu yfirleitt betri nú en 1958, og þykist ekkert segja nema hreinan sannleikann.

Hæstv. fjmrh. gumaði mjög af sparnaði ríkisstj. Hann nefndi sem dæmi, að milljón króna hefði sparazt við hið nýja efnahagskerfi vegna niðurfellingar innflutningsskrifstofunnar. Bankarnir annast nú framkvæmd hins nýja efnahagskerfis, og vilji menn fá réttan samanburð, verða þeir annars vegar að taka samanlagðan rekstrarkostnað ríkisbankanna og innflutningsskrifstofunnar 1959 og hins vegar samanlagðan rekstrarkostnað ríkisbankanna 1961. Slíkur samanburður mun vissulega leiða í ljós, að hér hefur enginn sparnaður átt sér stað.

En fyrst hæstv. fjmrh. er farinn að nefna dæmi um sparnað stjórnarflokkanna, skal ég nefna nokkur til viðbótar. Síðan núv. stjórnarflokkar komu til valda í árslok 1958, hefur þetta m. a. verið gert: alþingismönnum fjölgað um 8, bætt við einum ráðh., bætt við einum bankastjóra við Seðlabankann, bætt við einum bankastjóra við Búnaðarbankann, bætt við tveimur mönnum í bankaráð Seðlabankans, bætt við tveimur mönnum í bankaráð Búnaðarbankans, bætt við tveimur mönnum í stjórn sementsverksmiðju ríkisins, bætt við tveimur mönnum í síldarútvegsnefnd, bætt við einum manni í húsnæðismálastjórn, bætt við nýjum ráðuneytisstjóra og nýju óþörfu ráðuneyti, efnahagsmálaráðuneytinu, sett upp embætti saksóknara, án þess að nokkuð væri sparað mannahald í dómsmrn., er fór með þessi mál áður. Þannig mætti lengi telja áfram, hvernig hæstv. núv. ríkisstj. hefur fjölgað embættum og þá alveg sérstaklega bitlingum handa gæðingum sínum. Þannig hafa á milli 15 og 20 nefndir undirbúið þau mál, sem hafa verið lögð fyrir Alþingi í vetur, og allar fengið ríflega borgun. Ríkisútgjöldin hafa heldur aldrei hækkað hraðar en í valdatíð núv. stjórnar, þótt dregið hafi úr framlögum til verklegra framkvæmda. Svo kemur hæstv. fjmrh. og hælir ríkisstj. fyrir sparnað. Hæstv. fjmrh. sannar það vissulega, að hann er af skáldum kominn.

Hæstv. forsrh. gat þess hér í gærkvöld, að Svíar hefðu nýlega samið um 2—3% kauphækkun á ári. En Svíar hafa ekki tvívegis fellt gengið á undanförnum tveim árum. Svíar eru of miklir fjármálamenn til að trúa á gagnsemi tíðra gengisfellinga, heldur leggja allt kapp á að viðhalda sem stöðugustu verðgildi peninganna. Þess vegna þurftu launþegar í Svíþjóð ekki að vinna upp kjaraskerðingu af völdum gengisfellingar, er þeir gerðu kjarasamninga nú, og gátu því samið um litlar kauphækkanir. Sænskir launþegar fengu líka kauphækkun á árinu 1959, á árinu 1960 og árinu 1961, en íslenzkir launþegar hafa engar raunhæfar kauphækkanir fengið á þessum árum, þar sem kauphækkunin í fyrra var strax eyðilögð með gengisfellingunni. Hæstv. forsrh. reyndi helzt að réttlæta gengislækkunina í fyrra með því, að hún hefði verið nauðsynleg vegna sjávarútvegsins. Menn, sem þekkja miklu betur til útvegsmála en hæstv. ráðherrar og hagfræðingar þeirra, eru á allt öðru máli, því að á seinasta landsfundi útvegsmanna var hafnað að þakka ríkisstj. fyrir gengisfellinguna.

Meira en þrjú ár eru nú liðin síðan núv.

stjórnarflokkar tóku höndum saman um stjórn landsins. Það er óumdeilanlegt, að á þessum 3 árum hafa þjóðartekjurnar vaxið verulega, og kemur þar sitthvað til greina, sem stjórnarstefnan hefur ekki haft nein áhrif á, eins og bætt aflabrögð af völdum útfærslu fiskveiðilandhelginnar, ný tæki við síldveiðar og hækkandi verðlag útflutningsvara á s. l. ári og það sem af er þessu ári. Þessi aukning þjóðarteknanna hefði þó getað orðið stórum meiri, ef stjórnin hefði ekki með stórhækkun vaxta og frystingu sparifjár skert og lamað framtak fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja, sem að framleiðslu vinna. Með fullum sanni má því segja, að þjóðartekjurnar hafi aukizt þrátt fyrir stjórnarstefnuna, en ekki vegna hennar.

Sú spurning, sem hlýtur að vera ofarlega í hugum manna, er þessi: Hvernig hafa hinar auknu þjóðartekjur skipzt? Það er svarið við þessari spurningu öðru fremur, sem sker úr um það, hve stjórnarstefnan er réttlát og heiðarleg. Þessari spurningu getur hver og einn svarað bezt með því að skírskota til eigin reynslu, og reynsla velflestra mun svara því, að lífskjörin eru lakari nú en þau voru í árslok 1958, þegar núv. stjórnarflokkar komu til valda. Samkvæmt útreikningi, sem hagfræðingar hafa gert fyrir Alþýðusamband Íslands og ekki hefur verið vefengdur, er kaupmáttur tímakaups verkamanna nú 16% minni en hann var í febr. 1960, þegar viðreisnarlöggjöfin tók gildi. Þessi kjararýrnun er óumdeilanleg hjá öllum þeim, sem ekki njóta fjölskyldubóta, en hjá þeim, sem njóta bótanna, er hún nokkru minni. Þetta gildir ekki aðeins um verkamenn, heldur velflesta iðnaðarmenn, opinbera starfsmenn, verzlunarfólk, skrifstofufólk hjá einkafyrirtækjum og þá síðast, en ekki sízt, bændastéttina. Þessar stéttir bera nú óumdeilanlega minna úr býtum en þær gerðu fyrir 2—3 árum, þegar þjóðartekjurnar voru þó talsvert minni.

En hvað hefur þá orðið af hinum auknu þjóðartekjum? Þær hafa runnið að mestu í vasa fárra auðmanna og auðfélaga, sem fást við milliliðastarfsemi og atvinnurekstur. Þessir aðilar hafa í skjóli gengisfellinganna, sem jafnan gera hinn ríka ríkari, og breyttra skattalaga náð til sín stórauknum hluta þjóðarteknanna, miðað við það, sem áður var. Misskiptingin í þjóðfélaginu hefur stóraukizt af þessum ástæðum. Hér er komið að kjarna viðreisnarinnar og jafnframt því, sem mest skilur á milli okkar framsóknarmanna og stjórnarflokkanna. Við framsóknarmenn trúum því, að það sé ekki aðeins undirstaða réttlátra stjórnarhátta, heldur jafnframt eitt helzta afl framfaranna, að þjóðartekjunum sé skipt sem réttlátlegast hverju sinni, svo að sem allra flestir einstaklingar séu efnalega sjálfbjarga og leggi sitt af mörkum til framkvæmda og framfara. Foringjar stjórnarflokkanna trúa því, að til þess að hinir fáu sterku athafnamenn, eins og Einar ríki og Axel Kristjánsson, vilji leggja nægilega á sig, verði að skapa þeim góða gróðaaðstöðu og því verði ekki komizt hjá því að gera tekjuskiptinguna stórum ójafnari en hún var, á meðan Framsfl. mótaði stjórnarfarið. Þessi þjóðfélagsskoðun hæstv. ráðh., Ólafs Thors, Emils Jónssonar, Bjarna Benediktssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar, hefur ráðið því, að seinustu tvö árin hafa kjör alls fjöldans versnað þrátt fyrir vaxandi þjóðartekjur, en ýmsir auðmenn og auðfélög lifa meiri uppgangstíma en nokkru sinni fyrr. Það, sem þegar er komið á daginn í þessum efnum, er þó aðeins upphaf þess, sem verða mun, ef viðreisnarstefnan fær að drottna áfram.

Til þess að koma þessari stefnu fram hefur ríkisstj. einskis svifizt og beitt óspart valdníðslu og miklum hroka, en hins vegar reynzt ráðvillt og lítil fyrir sér, þegar til átaka hefur komið. Þannig réðst ríkisstj. af miklum gauragangi í gengisfellinguna í fyrrasumar og hugðist hafa allt í hendi sér. Hún neitaði með miklu steigurlæti að semja við verkfræðinga, en verður nú fyrir hönd ríkisins að sæta miklu lakari kjörum en henni buðust í upphafi. Hún lögfesti með skrumi 13% kauphækkun hjá samlagslæknum, en hefur nú fallizt á 46—70% kauphækkun þeim til handa. Hún hugðist beygja kennara með örlítilli kauphækkun á s. l. hausti, en hefur nú boðið þeim 10% kauphækkun til viðbótar, eftir að þeir hafa hótað með uppsögnum. Fleiri og fleiri bætast nú í þennan hóp, enda nú svo komið, að allt launakerfið er úr böndunum, hver reynir að hrifsa það, sem bezt hann getur, og flestir launasamningar meira eða minna sniðgengnir. Stjórnin sér nú líka það ráð vænst að gefa verkamönnum ádrátt um að fá aftur þá kauphækkun, sem hún tók af þeim með gengislækkuninni í fyrra, enda óstætt á öðru, eftir að þeir, sem betur eru settir, hafa fengið kauphækkanir. En með þessu játar ríkisstj. líka bezt, hvílík hringavitleysa og ráðleysi gengislækkunin í fyrra var. Uppskeran er stóraukin verðbólga og alger upplausn í launamálum. En vitanlega geta þeir ekki setið hjá, sem ekkert hafa fengið, þegar ríkisstj. sjálf hefur hækkað laun hjá hinum og þessum. Þess getur enginn ætlazt til.

Þó að ég viðurkenni, að slík vinnubrögð sem verkfræðingar og læknar og kennarar hafa beitt séu óhjákvæmileg til viðnáms gegn þeirri stjórnarstefnu, sem nú er rekin, vil ég jafnframt láta þá skoðun hiklaust í ljós, að ég tel þau allt annað en æskileg, enda merki glundroða og upplausnar í þjóðfélaginu. Þegar valdhafarnir hins vegar misbeita valdi sínu, auka misrétti og ranglæti í þjóðfélaginu og stefna til úreltra og illra stjórnarhátta, er þegnunum ekki annar kostur búinn en að sækja rétt sinn, eftir því sem auðið er. Þá gilda orð skáldsins, að „þeir, sem stríði vilja verjast, verða stundum fyrst að berjast.“ En þetta er vissulega ekki sú framtíðarlausn, sem okkur ber að stefna að.

Fámenn og fátæk þjóð eins og Íslendingar, sem lifir í heimi harðrar samkeppni á milli þjóða, getur ekki haldið hlut sínum og rétti, nema hún sé sem samhentust. Því er næstum ekki ofsagt, að það sé sorglegast af öllu sorglegu, að hér skuli valdhafarnir hafa forustuna um að sundra þjóðinni með því að ætla að byggja hér upp úrelt þjóðfélag stríðandi stétta, þjóðfélag fárra auðmanna og fjölmenns efnalítils lýðs. Slíkri stjórn verður þjóðin að hafna, áður en hún eykur sundrung og upplausn meira en orðið er.

Mér hefur oft fundizt, að Íslendingar hafi

flest skilyrði til að vera gæfusamasta þjóð í heimi. Við höfum hlotið að erfðum hið fegursta land, búið þeirri auðlegð, að hér geti búið mörgum sinnum fjölmennari þjóð, en jafnframt nógu harðbýlt land til að halda við hreysti og manndómi. Hér eru því næg framtíðarskilyrði fyrir vaxandi atorkuþjóð. Við höfum fengið að erfðum sögu, tungu og menningu, sem bæði getur verið okkar stolt og leiðarljós. Og það er ekkert yfirlæti, þótt því sé haldið fram, að Íslendingar séu í fremstu röð meðal þjóða hvað snertir flest atgervi. Enn koma skáld okkar, skákmenn og íþróttamenn í efstu sæti, þar sem keppt er á alþjóðlegum vettvangi. Námsmenn okkar standa engum aftar, þar sem þeir leiða saman hesta sína við námsmenn annarra þjóða. Við eigum vísindamenn og verkfræðinga, sem standa jafnfætis þeim, sem fremstir þykja í öðrum löndum. Sjómenn okkar, bændur og iðnaðarmenn mundu vel hlutgengir hvar sem væri. Við getum því örugglega treyst á land okkar og þjóð, ef ekki skortir rétta forustu og rétta stefnu.

Þar þarf að sjálfsögðu margs að gæta, en þrennt skyldi þó haft fyrst í huga. Fyrst er það, að sökum fámennis okkar skiptir það enn meira máli hér en annars staðar, að valinn maður sé í hverju rúmi. Hér þarf því að leggja á það megináherzlu að skapa sem allra flestum einstaklingum möguleika til að njóta hæfileika sinna og framtaks, en meginundirstaða þess er efnahagslegt sjálfstæði. Ekkert vinnur meira gegn efnalegu sjálfstæði og framtaki hinna mörgu en að draga auðinn og yfirráðin í sem fæstar hendur, eins og er megintakmark núv. valdhafa. Annað það, sem við þurfum að gæta, er að forðast sem mest stéttasundrung og láta samvinnuanda og bræðraþel móta sem mest þjóðfélagshættina. Ekkert vinnur meira gegn þessu en sú stefna aukinnar stéttaskiptingar í ríka menn og fátæka, sem núv. ríkisstj. beitir sér fyrir. Í þriðja lagi þurfum við að hefja sókn umbóta, uppbyggingar á öllum sviðum þjóðfélagsins til þess að auka sem mest þjóðartekjurnar og þjóðarauðinn, en leggja ekki hina dauðu hönd vaxtaokurs og sparifjárfrystingar á framtak atorkumanna, eins og núv. ríkisstj. sannarlega gerir. Af öllum þessum ástæðum krefst þjóðarheill þess, að þeirri stjórnarstefnu, sem nú er fylgt, verði hrundið og tekin upp stefna, sem miðar að því að tryggja hag og framtak hinna mörgu einstaklinga, stuðlar að því að draga úr stéttadeilunum og tryggja sem mestar framfarir og uppbyggingu sem mögulegt er.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Alls staðar í lýðfrjálsum löndum er það sanngirniskrafa kjósenda, að stjórnmálaflokkar, sem keppa um fylgi þeirra, geri skýrt og skilmerkilega grein fyrir stefnu sinni almennt og úrræðum í einstökum vandamálum, sem efst eru á baugi í þjóðfélaginu hverju sinni. Gildir þetta af kjósendanna hálfu jafnt gagnvart stjórnarflokkum og stjórnarandstöðuflokkum. En á hinn bóginn er aðstaða flokkanna gagnvart háttvirtum kjósendum harla ólík. Stjórnarflokkarnir eru ábyrgir gerða sinna. Þeir verða að taka ákvarðanir og framfylgja þeim. Þess vegna er hægt að dæma þá af verkunum. Stjórnarandstaðan getur aftur á móti leyft sér allt önnur vinnubrögð. Hún þarf ekki að taka ábyrga afstöðu eða ákvarðanir, hún getur hagað málflutningi sínum og tillögum þannig, að ekkert af hennar málum komi til framkvæmda, og hún verður þar af leiðandi ekki dæmd af verkunum á sama hátt og ráðandi stjórn og stuðningsflokkar hennar. Þennan aðstöðumun hafa andstöðuflokkar núv. ríkisstj. notfært sér út í yztu æsar á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili, eins og ljóslega hefur komið fram í þessum eldhúsdagsumræðum og ótal sinnum áður. Samkvæmt þessari gamalreyndu forskrift þurfa hvorki Framsókn né Alþb. að binda sig í till. sínum við takmörk þess, sem er skynsamlegt og framkvæmanlegt. Þess vegna einkennast tillögur þeirra ýmist af blindri andstöðu gegn öllu, sem stjórnin og stuðningsflokkar hennar eru að gera, eða þá af gegndarlausum yfirboðum.

Því fer áreiðanlega víðs fjarri, að stjórnarandstaðan trúi sjálf á allt, sem hún lætur frá sér fara á einn eða annan hátt. Þess verða menn öðru hverju varir hjá hreinskilnum mönnum í hópi stjórnarandstöðunnar. En sjónarspilið er sett á svið vegna hv. kjósenda, sem eiga tilkall til þess, að flokkarnir geri hreint fyrir sínum dyrum. Þess er stjórnarandstaðan ekki umkomin, því að vafasamt er, að hún viti sjálf, hvað hún vill, og öruggt er það, að hún veit ekki, hvað hún mundi gera, ef svo ólíklega færi, að taflið snerist og stjórnarandstaðan fengi ráðin í sínar hendur. Þetta kemur til af því, að enginn flokkur er nógu stór í landinu, til þess að hann geti stjórnað einn, og samningar ólíkra flokka um stjórnarmyndun geta því leitt til allt annars en þess, sem hver einstakur þeirra hefur viljað eða boðað.

En það nægir stjórnarandstöðunni í bili að búa sig nú undir það að koma fram fyrir hv. kjósendur í næstu kosningum með sakleysislegt andlit og segja ýmist: Við vorum á móti þessari ráðstöfun stjórnarinnar — eða: Við vildum gera miklu meira fyrir fólkið en stjórnin gerði. — Út á þetta eru atkvæðin slegin, og síðan er e. t. v. setzt í ríkisstj. til að framkvæma einmitt það, sem harðast hefur verið barizt gegn.

Frægasta dæmið um þetta er frá árinu 1950, þegar Framsókn fékk samþ. vantraust á ríkisstj. Sjálfstfl. og felldi hana, af því að sú ríkisstj. flutti frv. til laga um gengislækkun. Síðan myndaði Framsókn stjórn með Sjálfstfl. til að lögfesta sama frv. um gengislækkun.

Núna tala framsóknarmenn mikið um það, að gengisfellingin s. l. sumar hafi verið óþörf, en með hliðsjón af reynslunni frá 1950 þurfa hv. kjósendur ekki að halda það, að Framsókn mundi gera á því leiðréttingu og hækka gengið aftur, þótt hún fengi allt í einu aðstöðu til. Bæði Framsókn og Alþb. hafa staðið að gengisfellingum eða dulbúnum gengisfellingum sem stjórnarflokkar, þótt þeir sverji nú allt slíkt af sér. Þeir hafa einnig báðir tekið þátt í kaupbindingu og kaupskerðingu, þótt þeir þykist nú vera stórlega hneykslaðir á þess konar ráðstöfunum. Þeir hafa báðir áður lofað brottför varnarliðsins og svikið það. Og gæti þá ekki

alveg eins farið svo, að Moskvu-víxill Framsóknar ætti eftir að lenda í vanskilum, enda þótt einstakir þm. hennar gangi sig upp að hnjám í Keflavíkurgöngu? Eða þá sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli. Nú er það hneykslunarhella, að leyfi það, sem Framsókn veitti hernum á sínum tíma skilmálalaust, skuli hafa verið framlengt. Stefnan í því máli gæti skjótlega breytzt eins og í öðrum málum.

Þannig notar stjórnarandstaðan yfirleitt hefðbundnar aðferðir til að forðast að láta kjósendur vita, hvað hún raunverulega vill. En hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, greip einnig annað ráð í umr. í gærkvöld til þess að villa á sér heimildir. Hann lét í það skína, að lausn landhelgisdeilunnar og afnám víxlhækkana þeirra, sem vísitalan olli, væri verk Framsfl., og átti þetta að sanna, að sá flokkur starfaði af mikilli ábyrgðartilfinningu sem stjórnarandstöðuflokkur. Út af fyrir sig er það góð einkunn, sem stjórnarflokkarnir fá hjá hv. þm. fyrir lausn þessara tveggja mála, þegar hann vill nú eigna þau sér og sínum flokki. Allir vita þó, að hvort tveggja málið var leyst af núverandi ríkisstj. í harðri andstöðu við Framsókn og Alþb. Útfærsla landhelginnar í 12 mílur var að vísu ákveðin í tíð vinstri stjórnarinnar, en sú ákvörðun fékkst ekki viðurkennd þá í reynd. Við áttum í hættulegri ctyrjöld út af útfærslunni við eitt mesta flotaveldi heims fram á síðasta ár. Þá fyrst tókust samningar, sem tryggja fullnaðarviðurkenningu annarra þjóða á 12 mílunum og gera útfærsluna raunhæfa. Um þá samninga sagði hv. þm. Finnbogi R. Valdimarsson í gærkvöld, — og hann talaði bæði fyrir hönd Alþb. og Framsóknar, að því er bezt varð skilið, — að flokkarnir teldu sig ekki bundna af landhelgissamningnum og mundu nota fyrsta tækifæri, sem gæfist, til þess að losna undan oki þess samnings. Þetta sagði þm. Alþb., á sama tíma og Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknar, reyndi að læða inn hjá fólki, að Framsókn ein hafi leyst allan vanda í sambandi við landhelgismálið. Vafalaust talar Finnbogi R. Valdimarsson í fullu umboði Alþb. En hvor þeirra má sín meira í Framsfl., hann eða Eysteinn Jónsson? Fróðlegt væri að fá á þessu nánari skýringar úr þeim herbúðum og þó sérstaklega á spurningunni um það, hvort yfirlýsing Framsóknar frá í fyrra um uppsögn landhelgissamningsins, sem Finnbogi R. Valdimarsson hefur nú endurtekið í hennar nafni, sé í fullu gildi. Um hitt þarf ekki að spyrja, að yfirlýsingar Alþb. — eða Lúðvíks Jósefssonar fyrir þess hönd — á þá leið, að hann hefði helzt kosið að semja við Breta um áframhald þorskastríðsins, eru enn í fullu gildi.

Óbreyttir liðsmenn Framsóknar hafa margir áttað sig á því, að lausn landhelgisdeilunnar í fyrra var farsæl lausn á miklu vandamáli og að flokkur þeirra gerði mikið axarskaft með afstöðu sinni þá. Forustumenn flokksins hér á Alþingi hafa nú vegna yfirlýsingar Finnboga R. Valdimarssonar í gærkvöld fengið ágætt tilefni til að lýsa yfir, að þeir hafi líka áttað sig á glappaskotinu. En því miður hafa þeir látið tækifærið ganga sér úr greipum. Þeir virðast ekkert hafa lært, og nú er samstarf þeirra við kommúnistana, sem kalla sig Alþýðubandalag, orðið svo náið, að fyrirsvarsmenn þeirra gefa hiklaust út yfirlýsingar í nafni Framsóknar. Einhvern tíma hefði það þótt ótrúlegt, að slíkt mundi ske, eftir að Eysteinn Jónsson væri nýlega orðinn formaður Framsfl.

Áður en ég hlýddi á útvarpsumr. í gærkvöld, var ég farinn að halda, að þjóðsagan um móðuharðindin, sem Karl Kristjánsson bjó til fyrir 2 árum, hefði gengið sér til húðar og þegar valdið höfundinum og flokki hans nægum óþægindum. En hinum nýkjörna formanni Framsóknar, Eysteini Jónssyni, hefur augsýnilega ekki þótt nóg komið af slíku. Ef trúa mætti orðum hans í gærkvöld, þá er þannig umhorfs í stofunum hjá ykkur, hlustendur góðir, að ókunnugir hljóta að fyllast meðaumkun. Þið eruð bæði svöng og klæðlítil og skjálfandi í kulda, og líklega eru stofurnar ykkar bæði húsgagna- og teppalausar. Óhræsis ríkisstj. hefur samkv. lýsingu Eysteins Jónssonar rúið ykkur algerlega inn að skinni. Húsbóndinn liggur sennilega uppi í rúmi, örmagna af þreytu, því að ríkisstj. vinnur skipulega að því að eyðileggja heilsu ykkar með þrotlausum þrældómi. E. t. v. sitja sum ykkar með útvarpið úti í bílskrjóðnum, af því að bannsett ríkisstj. vill ekki sjá ykkur fyrir þaki yfir höfuðið, ef trúa má orðum Eysteins Jónssonar. — Lýsingar í þessum dúr hljóta að hafa öfug áhrif við það, sem höfundar þeirra ætlast til, og má þá einu gilda fyrir okkur, sem styðjum núv. ríkisstj., hversu oft stjórnarandstæðingar taka sér slíkt í munn. Það eru þeirra málefnalegu móðuharðindi, sem skaða þá sjálfa mest, þegar staðreyndirnar svara fyrir sig.

Hlustendur fengu í gærkvöld að heyra af vörum Karls Guðjónssonar, 6. þm. Sunnl., samlíkingu, sem ég hygg að flestum muni hafa blöskrað. Hann líkti ríkisstj. við morðingja- og landráðamannafélagsskapinn OAS í Alsír, sem drepur saklaust fólk í hundraðatali, ræðst með spúandi vélbyssur inn í sjúkrahús og skóla til þess að myrða og skelfa og fremur blóðug bankarán og hvers konar ólýsanleg óhæfuverk. Þótti þm. ekki nóg að gert með þessari samlíkingu, því að hann klykkir út með því að segja, að ríkisstj. gengi þó öllu lengra í óhæfuverkum en glæpasamtök OAS. Þm Karl Guðjónsson er dagfarsprúður og viðræðugóður hversdagslega og situr hér daglega, að því er virðist alls óhræddur við þá skelfilegu íslenzku OAS-foringja, sem sæti eiga hið næsta honum. Það hlýtur þess vegna eitthvað að ama að þm., þegar hann lætur sér um munn fara aðra eins viðurstyggð og umrædda samlíkingu. Skýringin er auðvitað sú, að ekki er treyst á góðan málstað, þegar gripið er til slíkra örþrifaráða í rökræðum. Þm. var í þessu sambandi að ráðast á ríkisstj. fyrir gengisfellinguna s. l. sumar, sem var nauðsynleg, vegna þess að kauphækkaninar þá leiddu af sér hækkun framleiðslukostnaðar um 550—600 millj. kr. Þetta geta Karl Guðjónsson og félagar hans ekki hrakið með rökum, og þá á að bjarga sér með ógeðslegustu samlíkingum, sem hægt er að finna. Ekki verða þeir menn að meiri, sem þannig koma fram.

Ræður stjórnarandstæðinga í gærkvöld og í kvöld sýna vel glundroðann í herbúðum þeirra. Þar er hver höndin upp á móti annarri og eng-

in fastmótuð stefna í vandamálunum önnur en sú ein að gera ríkisstj. sem allra mest ógagn. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa hins vegar komið sér saman um ákveðna stefnu í viðreisn efnahagslífsins og margháttuðum félagslegum umbótum, og þeirri stefnu hefur verið framfylgt í góðu samstarfi annars ólíkra flokka af einbeitni og með miklum árangri. Lánstraust þjóðarinnar út á við var þrotið, þegar vinstri stjórnin skildi við. Það hefur verið endurreist, og möguleikar hafa skapazt á ný til alhliða uppbyggingar atvinnuveganna og til hagnýtingar orkulinda landsins. Gjaldeyrisvarasjóður hefur verið myndaður, og sparifjáraukning nemur nú rúmlega einum milljarð króna á 2 árum. Innflutnings- og gjaldeyrisfrelsi hefur leyst af hólmi höft og gjaldeyrisskömmtun. Jafnvægi hefur náðst á peningamarkaðinum, og sú útlánaaukning, sem átt hefur sér stað, er byggð á réttri forsendu, nefnilega á aukinni sparifjármyndun. Þetta allt reynir stjórnarandstaðan að rífa niður með því að beita sér fyrir ótímabærum kauphækkunum og ótímabærri vaxtalækkun og útlánapólitík, sem gæti ekki byggzt á öðru en prentun verðlausra peningaseðla. Sú barátta stjórnarandstöðunnar er alls ekki háð af umhyggju fyrir bættum hag launþega. Þeirra hagur getur því aðeins batnað, að endurreisn efnahagslífsins haldi áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið.

Það má fullyrða, að viðreisn efnahagslífsins hafi tekizt framar öllum vonum, þegar þess er gætt, að miklir örðugleikar hafa orðið á veginum, svo sem verðfall á útflutningsafurðum, aflaleysi togara og meiri kaupbreytingar til hækkunar en atvinnuvegirnir hafa þolað. Samt hefur jafnframt verið gert stórátak á sviði þjóðfélagslegra umbóta. Almannatryggingar hafa verið efldar og fjölskyldubætur auknar. Skerðingarákvæðin hafa verið afnumin, og fá nú allir ellilífeyri greiddan að fullu án tillits til tekna. Verið er að endurskoða lögin um almannatryggingar með það m. a. fyrir augum, að skipting landsins í verðlagssvæði falli niður. Einnig verða slysa- og dánarbætur hækkaðar.

Tekjuskattur af launatekjum hefur verið felldur niður, og þessa dagana er verið að gera breytingar á skattalögunum, sem munu stuðla að framþróun og vexti atvinnufyrirtækja, sem mikilvæg eru fyrir afkomu alls almennings. Sveitarfélögum hefur verið tryggður ⅛ hluti af söluskatti, og þar með hefur verið orðið við óskum sveitarstjórnarmanna um, að sveitarfélögin fengju nýjan tekjustofn. S. l. ár fengu sveitarfélögin um 70 millj. kr. í sinn hlut af söluskattinum, og á þessu ári er hlutur þeirra áætlaður um 83 millj. kr. Þessi ráðstöfun hefur átt ríkan þátt í því að vernda útsvarsgreiðendur fyrir óhóflegri álagningu útsvara og einnig verkað á framkvæmdagetu sveitarfélaganna. Frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem enn þá er til meðferðar í þinginu, hefur inni að halda mikilvæg ákvæði fyrir sveitarfélögin, m. a. um landsútsvör. Það er tekjustofn, sem sveitarstjórnarmenn hafa margsinnis bent á. Einnig er í því ákvæði um einn útsvarsstiga fyrir allt landið, ákvæði um aðstöðugjald í stað veltuútsvara og fleira, sem er mikilvægt fyrir gjaldendur.

Aflaleysistryggingasjóður fær að vísu á sig aukna bótaskyldu vegna togaranna, en sjóðurinn verður jafnframt stórlega efldur. Framlag ríkisins til sjóðsins er í ár samkv. fjárlögum 8½ millj. kr., en árið 1963 mun það verða 18.6 millj. kr., eða 10.1 millj. kr. hærra en það er nú. Það ár eru heildartekjur sjóðsins áætlaðar 55.8 millj. kr., og sé það borið saman við útgjöld sjóðsins eftir 12 ára starf, þá sést, að um mikla eflingu hans er að ræða. Almenna deildin hefur á 12 árum greitt um 33.4 millj. kr. í bætur, en síldveiðideildin um 36½ millj. kr.

Verið er að gera ráðstafanir til að reisa við stofnlánasjóði landbúnaðarins, sem orðnir voru gjaldþrota, og verður þannig lagður nýr grundvöllur að áframhaldandi uppbyggingu þess mikilvæga atvinnuvegar.

Á þessu þingi hafa einnig verið gerðar mikilvægar breytingar á lögum um húsnæðismálastofnun ríkisins og lögum um verkamannabústaði, og í framhaldi af þeim lagabreytingum er unnið að útvegun aukins fjármagns til húsbygginga. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson, sem gegndi embætti félmrh. í 2½ ár, reyndi í ræðu sinni hér í kvöld að gera lítið úr þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera í húsnæðismálum. Hvað gerði hann sjálfur á því sviði í 2½ ár? Ekkert, bókstaflega ekkert.

Sett hafa verið lög um launajafnrétti kvenna og karla, og fyrir þinglok verður væntanlega afgr. frv. til laga um samningsrétt opinberra starfsmanna, sem mun færa þeim mikla réttarbót.

Þannig mætti telja upp margt fleira úr jákvæðu starfi stjórnarflokkanna, sem miðar að því að bæta hag landsmanna og gera þeim kleift að lifa við mannsæmandi kjör og njóta frelsis og menntunar til jafns við það, sem bezt gerist meðal annarra þjóða. Stjórnarflokkarnir þurfa ekki að kvíða dómi kjósenda fyrir þetta starf, en þegar þar að kemur, munu Framsókn og Alþb. lenda í basli með að útskýra fyrir hv. kjósendum, hvers vegna þeir flokkar hafa ekki upp á neitt að bjóða annað en niðurrifstillögur eða fáránleg yfirboð. Íslenzkir kjósendur eru það þroskaðir, að þeir munu auðveldlega sjá í gegnum þennan blekkingavef.

Það heyrist stundum sagt, að samstarf eins og það, sem nú á sér stað um stjórn landsins milli Alþfl. og Sjálfstfl., hljóti að vera til tjóns fyrir minni aðilann í samstarfinu. Ég tel, að þetta sé rangt ályktað. Þegar málefnin eru látin ráða og vel er unnið, þá kveða kjósendur upp réttlátan dóm á kjördegi. Það gildir jafnt, hvort sem flokkar vinna saman í landsstjórn eða sveitarstjórn og hvort sem flokkarnir heita Alþfl. og Sjálfstfl. eða eitthvað annað. Aðalatriðið er, að unnið sé af heilindum, eins og nú hefur verið gert. Það tókst ekki í vinstri stjórninni, og því fór sem fór um þá sjóferð. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem endranær hefur sannazt í þessum umr., að hverjum þykir sinn fugl fagur. Lof mitt um núv. stjórn hefur þess vegna lítið gildi. Hitt hefur meiri þýðingu, að heyra, hvað hinir, sem okkur eru andvígir, segja, ekki þegar þeir koma hingað með tilbúnar árásarræður eins

og nú, heldur þegar þeir lýsa því, sem raunverulega býr í huga þeirra.

Samstarf núv. stjórnarflokka hófst eftir uppgjöf vinstri stjórnarinnar á sínum tíma. Hv. þm. Strandamanna, Hermann Jónasson, lýsti viðskilnaði hennar í sinni eftirminnilegu ræðu hinn 4. des. 1958 í þessum sama ræðustól, þar sem nú stend ég. Þá sagði hann m. a.:

„Ný verðbólgualda er þar með skollin yfir. Við þetta er svo því að bæta, að í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um þær raunhæfu ráðstafanir, sem lýst var yfir að gera þyrfti, þegar efnahagsfrv. ríkisstj. var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori."

Þessi yfirlýsing Hermanns Jónassonar er óhagganleg. Hún heyrir sögunni til. Þýðingarlaust er fyrir framsóknarmenn og kommúnista að bera brigður á það, að þeir réðu ekki við vandann, heldur flúðu frá honum, þegar mest á reyndi.

Um réttmæti tilraunarinnar með vinstri stjórn má endalaust deila, en eftir þessa yfirlýsingu forsrh. hennar um algera upplausn og sundurlyndi verður að telja það ganga glæpi næst að óska þjóðinni slíks stjórnarfars á ný. Engin ástæða er til að efast um, að aðstandendur vinstri stjórnarinnar hafi viljað hið bezta og talið sjálfa sig öðrum hæfari til að koma því fram. Þess vegna er skiljanlegt, að þeir hafi með nokkurri svartsýni litið á tilraunir annarra til að leysa þann vanda, sem þeir höfðu sjálfir flúið frá. Allir kannast við fullyrðingu hv. þm. Karls Kristjánssonar um móðuharðindi af manna völdum, um það bil sem viðreisnarráðstafanirnar voru lögfestar. En Karl Kristjánsson var ekki hinn eini, sem þá sýndist svart fram undan. Hinn 17. febr. 1960 gerði miðstjórn Alþýðusambands Íslands undir forustu Hannibals Valdimarssonar samþykkt gegn viðreisnarráðstöfununum, þar sem m. a. segir:

„Fær miðstjórnin ekki annað séð en að með þessu sé atvinnuleysinu, geigvænlegasta ógnvaldi alþýðuheimilanna, boðið í bæinn, áður en langt um líður."

Þetta sagði miðstjórn Alþýðusambandsins hinn 17. febr. 1960. Hinn 5. febr. næstan áður hafði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson haldið ræðu og sagt, að ráðstafanir þessar hljóti „að leiða til stórminnkaðrar atvinnu," eins og hann orðrétt sagði, og hann bætti við: „Hér getur verið komið atvinnuleysi fyrr en varir, ef þessum ráðstöfunum verður fylgt óbreytt fram." Og enn sagði hann: „Þá bætist við ný, stórfelld kjaraskerðing, er væri fólgin í því, að menn misstu fyrst eftirvinnu og aukavinnu og síðan jafnvel atvinnuna."

Undir þetta tók annar ræðumaður Framsfl. hér í kvöld, hv. þm. Sigurvin Einarsson, því að Tíminn hefur eftir honum hinn 2. marz 1960, að stefna ríkisstj. hljóti, eins og hann segir orðrétt, „að valda minnkandi atvinnu manna, sem fyrst og fremst bitnar á aukavinnu manna, sem greidd er 50—100% hærra verði en dagvinna". Þetta sagði Sigurvin Einarsson þá. Nú skammaðist hann alveg sérstaklega yfir því, að menn þyrftu að vinna eftirvinnu, sem hann harmaði að mundi hverfa í ræðu sinni 1960.

Að frásögn Tímans hinn 5. febr. 1960 hafði Hermann Jónasson þá nýlega haldið ræðu á fundi Framsóknarfélaganna í Reykjavík og þar sagt, orðrétt:

„Stefna núv. stjórnarflokka er ekkert nýtt fyrirbrigði. Það er í atvinnu- og fjárhagsmálum sama stefnan og olli heimskreppunni á árunum kringum 1930. Það er stefnan, sem afturhaldsstjórn Hoovers boðaði í Bandaríkjunum og þar réð ríkjum, þar til Roosevelt braut hana á bak aftur. Sú stefna ræður og að verulegu leyti í Bandaríkjunum nú með þeim afleiðingum, að þar er á fjórðu milljón atvinnuleysingja, og svarar það til þess, að þeir væru hér á fjórða þúsund. Eigum við að innleiða það ástand hér?" spurði Hermann Jónasson.

Síðan Hermann Jónasson spáði á fjórða þúsund atvinnuleysingja, ef viðreisnarráðstafanirnar yrðu samþ., eru liðin rúm tvö ár. Margt hefur gerzt á því tímabili, m. a. verkföllin, sem leiddu til hinna miklu og almennu kauphækkana í júní s. l. Skömmu áður en kom til þeirra átaka og samninga SÍS við verkalýðsfélögin, er ruddu kauphækkununum braut, hafði sjálfur formaður SÍS, Jakob Frímannsson, sagt í skýrslu til KEA, orðrétt:

„Hætt er við, að þær kaupdeilur eigi eftir að hrinda af stað nýrri skriðu dýrtíðar og verðbólgu, sem leiðir af sér gengisfellingu og enn minnkandi verðgildi íslenzku krónunnar."

Þetta sagði Jakob Frímannsson, áður en hann samdi við verkalýðsfélögin. Af þessum orðum hins glöggskyggna formanns SÍS sést, að forustumenn þess gerðu sér ljósa grein fyrir, hver afleiðing athafna þeirra hlyti að verða.

Hinn 12. júlí næstan eftir að kauphækkanirnar voru gengnar í garð birti Tíminn viðtal við hv. þm. Eystein Jónsson um ástandið á Austfjörðum. Þar segir hann m. a., orðrétt:

„Atvinna er því mikil í sjávarplássum og afkoman góð, þótt heldur illa gengi á stærri bátunum í vetur."

Þetta sagði Eysteinn Jónsson, eftir því sem Tíminn segir hinn 12. júlí, orðrétt:

„En nú horfir til samdráttar í framkvæmdum þar eins og annars staðar, unz hægt verður að hnekkja þingmeirihlutanum, sem nú er."

Þetta sagði hv. þm. þá. Hann fer ekki leynt með, að hann telur, að það sé fyrst um hinn 12. júlí 1961, sem horfi til samdráttar. Eftir kauphækkanirnar skildi Eysteinn Jónsson jafnvel og Jakob Frímannsson hafði gert fyrir þær, hver afleiðing þeirra hlyti að verða, ef ekki væri að gert. En aðgerðir ríkisstj. á s. l. sumri forðuðu frá þeirri verðbólgu, sem Jakob Frímannsson hafði sagt fyrir, og frá samdrættinum, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson var hinn 12. júlí viss um að fram undan væri. Það eru þessir menn og þeirra félagar, sem bera ábyrgð á, að ríkisstj. neyddist til að grípa til varnaraðgerðanna í ágústbyrjun. Þeirra er því sökin á öllum hinum illu afleiðingum gengislækkunarinnar, sem þeir bera svo mjög í munni sér.

Auðvitað var illt að þurfa að fella gengið. En sú ráðstöfun forðaði frá, að það ástand skapaðist, sem Jakob Frímannsson og Eysteinn Jónsson voru vissir um að leiða mundi af gerð-

um þeirra. Hvernig er ástandið nú? Um það er fróðlegt að lesa ummæli í Þjóðviljanum hinn 3. apríl 1962, eftir Jóhann Kúld, sérfræðing kommúnista í atvinnumálum. Hann segir:

„Þegar íslenzku stjórnarherrarnir eru að bjóða útlendingum að stofnsetja hér stóriðnað, þá er ekki sú ástæða fyrir hendi, að slíkt skref þurfi að stíga til að bægja frá dyrum atvinnuleysi. En sú hefur verið ástæðan hjá Norðmönnum, þegar þeir hafa leyft erlenda fjárfestingu hjá sér. Hér er ekkert atvinnuleysi nema árstíðabundið í sumum sjóplássum úti á landi."

Sérfræðingur Þjóðviljans er ekki einn um þá skoðun, að atvinnuhorfur séu hér góðar, því að hinn 29. marz s. l. birtist í Tímanum forustugrein, er nefndist: „Góðæri fram undan" — og er vafalaust eftir ábyrgðarmann blaðsins, hv. þm. Þórarin Þórarinsson. Greinin hefst á þessum orðum:

„Margt bendir til þess, að árið 1962 verði íslenzku efnahagslífi hagstætt ár, eins og s. l. ár var."

Síðar í sömu grein segir:

„Það verkefni, sem nú er nálægast, þegar við blasir góðæri, er að tryggja réttlátari skiptingu hinna vaxandi þjóðartekna og þjóðarauðs."

Þetta stendur í grein Þórarins Þórarinssonar. Hér er vissulega á orðin mikil og ánægjuleg breyting. Mennirnir, sem fyrir tveimur árum sáu fram undan geigvænlegt atvinnuleysi og móðuharðindi af manna völdum, lýsa nú yfir því hver í kapp við annan, að hér sé ekkert atvinnuleysi og við blasi góðæri með vaxandi þjóðartekjum og vaxandi þjóðarauð.

Stjórnarandstæðingum tjáir ekki, eins og þeir þó reyna, að þakka þessar góðu horfur eigin afrekum, á meðan þeir voru í stjórn, fram undir árslok 1958. Hrakspár þeirra, sem ég las áðan, voru allar gerðar löngu eftir að þeir flúðu frá vandanum, sem þeir þá töldu óviðráðanlegan. Fyrri hluta árs 1960 sögðu þeir engin af sínum gömlu verkum megna að draga úr eða hindra þau ósköp, sem þeir fullyrtu að væru fram undan. Það er því óumdeilanlegt, að það er árangur núverandi stjórnarstefnu, sem lýsir sér í hinum góðu horfum, sem stjórnarandstæðingum verður svo tíðrætt um. Auðvitað veit ábyrgðarmaður Tímans, hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, ekki frekar en við hinir, hvað er fram undan um veðurfar og aflabrögð, en hann veit jafnvel og aðrir, að nú hefur tekizt að búa svo í haginn í efnahagsmálum, að skilyrði eru sköpuð fyrir því, að góðæri njóti sín, gagnstætt því, sem var, þegar vinstri stjórnin gafst upp.

Þessi er þá dómur andstæðinganna, sem áreiðanlega vilja sízt af öllu fegra málstað núv. ríkisstj., sem vissulega er ekki gallalaus fremur en önnur mannanna börn. En eftir þennan dóm er gersamlega óþarft fyrir okkur, sem í stjórninni erum, eða stuðningsmenn okkar að leita eigin orða okkur til lofs. Okkur nægir að vísa til ummæla þeirra, sem harðastir eru í andstöðunni við okkur, því að það er rétt hjá andstæðingum okkar og hið mesta lof, að það hefur ekki einungis tekizt að forða frá atvinnuleysi, heldur blasa nú við vaxandi þjóðartekjur og þjóðarauður, ef menn kunna sér hóf og ný skemmdarverk verða ekki unnin.

Svo er að heyra sem kommúnistar hyggist nú reyna að rétta við hrynjandi fylgi sitt með því að egna til nýs vinnuófriðar og allrar þeirrar ógæfu, sem honum fylgir. Almenningur hefur þegar fengið nóg af slíku. Og menn munu sannarlega festa sér í minni yfirlýsingu Alþýðusambandsstjórnar um, að trygging raunhæfrar kauphækkunar til lægst launuðu verkamanna sé ekki í hennar verkahring. Glamur og talnamoð Hannibals Valdimarssonar, Lúðvíks Jósefssonar, Þórarins Þórarinssonar og þeirra félaga nú er ekki meira að marka en fullyrðingar þeirra 1960 um yfirvofandi atvinnuleysi hafa reynzt. Þeir verða æ færri og færri, sem láta blekkjast til að fylgja feigðarflani mannanna, sem réðu stefnunni frá 1956—58. Yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar ætlast til þess, að svo sé fram haldið sem gert hefur verið hin síðustu missiri. Forustumennirnir eru til þess kvaddir að leysa vanda, en ekki flýja frá honum. Ögranir uppgjafarmanna, þeirra, sem mest hafa brugðizt þeim er treystu þeim bezt, munu einungis verða til að efla þann ásetning, að ekkert verði látið undan fallast, sem megi verða til að tryggja efnahag þjóðarinnar, svo að hér geti lifað frjálsir og óháðir einstaklingar í frjálsu og sjálfstæðu þjóðfélagi.

Við deilum um margt, en stillum deilunum svo í hóf, að við spillum ekki þeim möguleika, að æviskeiðs þeirrar kynslóðar, sem nú lifir, verði minnzt sem glæsilegasta tímabils í Íslands sögu. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er áberandi í þessum umr., að talsmenn ríkisstj. telja það sérstakt atriði til að státa af, að ekki skuli vera skollið á almennt atvinnuleysi í landinu. En þeir eiga erfitt með að færa nokkuð það fram, sem megi réttlæta það, að mikil atvinna í landinu nú stafi frá ráðstöfunum viðreisnarstjórnarinnar. Eins og áður hefur verið bent á hér í þessum umr., verður því ekki neitað, að sá mikli afli, sem dreginn hefur verið á land á s. l. ári, og sú mikla atvinna, sem verið hefur í landinu, hefur byggzt á ráðstöfunum, sem gerðar voru í atvinnumálum þjóðarinnar, áður en viðreisnarstefnan tók við. Eða hvaða ný framleiðslutæki hafa verið keypt til landsins vegna forgöngu viðreisnarstefnunnar? Hvaða ný orkuver hafa verið byggð á landinu, síðan viðreisnarstjórnin tók við völdum? Hvernig stendur á því, að þessi nýju framleiðslutæki eru ekki nefnd? Nú hefur tekizt, segir hæstv. dómsmrh., að búa svo í haginn fyrir atvinnuvegi landsins, að búast má við aukinni framleiðslu. Það er annað en var á tímum vinstri stjórnarinnar 1958. — Já, gerum örlítinn samanburð á ástandinu í atvinnumálum nú og var 1958. S. l. ár lá í höfn óstarfræktur um þriðji hluti togaraflotans á Íslandi. Nú liggur allur togaraflotinn í verkföllum. Á s. l. ári lá nær allur bátaflotinn í janúarmánuði óstarfræktur vegna þess, að útgerðarmenn bátanna neituðu að stunda sjóróðra vegna deilna við ríkisvaldið, og mikill hluti bátaflotans var óstarfræktur einnig í febrúarmánuði, og svo komu til mánaðarverkföll á miðju sumri í mörgum bæjum lands-

ins. Og nú sjá allir, að við blasa almenn verkföll, ef ríkisstj. vill ekki láta af kaupníðslustefnu sinni. En hvernig var þetta 1958? Þá var allur togarafloti landsmanna gerður út allt árið. Þá stanzaði bátafloti landsmanna aldrei einn einasta dag. Þá stóð aldrei á samningum, hvorki á milli sjómanna og útgerðarmanna né á milli útgerðarmanna og ríkisstj. Þá voru atvinnutæki landsins nýtt til fullnustu.

Hv. þm. Alþfl., Birgir Finnsson, sagði hér áðan, að Hannibal Valdimarsson hefði hreint ekkert gert í húsnæðismálunum, þegar hann hefði verið ráðherra þeirra mála í vinstri stjórninni. Á þeim tíma voru lögin um byggingarsjóð ríkisins sett, og þá voru þeim sjóði skapaðar sérstakar tekjur, þær einu tekjur, sem sá sjóður býr við í dag. Og þá voru þeim sjóði einnig ætlaðar meiri tekjur en hann meira að segja býr við nú í dag. Þá var ákveðið með lögum, að ⅔ hlutar stóreignaskattsins, sem lagður hafði verið á, skyldu renna til byggingarsjóðs ríkisins og ganga til útlána til þeirra, sem réðust í byggingar íbúðarhúsa. En hvernig hefur farið með framkvæmd þessara mála í tíð núv. ríkisstj., þeirrar sem Alþfl.-maðurinn Birgir Finnsson styður? Stóreignaskatturinn hefur verið tekinn af byggingarsjóði, og það vantar gersamlega þær tekjur til sjóðsins til útlána, sem þar hafði verið gert ráð fyrir. Á tímum vinstri stj. hafði byggingarsjóður verkamanna mikla starfsemi með höndum. Þá var lánað út á vegum þess sjóðs nokkuð á þriðja hundrað lána. En hvernig hefur þessu verið varið nú tvö s. l. ár, í tíð viðreisnarstjórnarinnar? Annað árið voru veitt aðeins 8 lán en hitt árið 14 lán.

Þessi hv. þm., Birgir Finnsson, vék hér að landhelgismálinu. Hann taldi, að gerður hefði verið samningur við Breta og aðrar þjóðir um viðurkenningu á 12 mílna landhelgi. Jú, það er rétt, að svo hét sá samningur, þegar hann birtist hér á Alþingi, að hann væri um viðurkenningu Breta á 12 mílna landhelgi við Ísland. En samningurinn var ekki um það. Hann var um það að hleypa brezkum togurum inn í fiskveiðilandhelgina upp að 6 mílum og heimila þeim veiðar þar í næstu þrjú ár á miðum bátanna. Og það var m. a. Alþýðuflokksmaðurinn Birgir Finnsson, sem samþykkti slíka aðgerð.

Þessi hv. þm. sagði, að kauphækkanirnar á s. l. sumri hefðu verið ótímabærar. Honum fannst það ótímabært, að verkamenn fengju 10—12% kauphækkun, eftir að stjórn Alþfl. hafði fyrst með stuðningi Sjálfstfl. á árinu 1959 lækkað kaup með lögum um 5.4%, síðan lækkað gengið með viðreisnarlöggjöfinni í febr. 1960 og komið kaupmætti tímakaupsins úr 99 stigum niður í 83 stig eða lækkað kaupmáttinn um 16%. Þegar þannig var búið með stjórnarráðstöfunum að lækka kaupmátt launanna um yfir 20%, þótti þessum hv. þm. það ótímabært, að launasamtökin í landinu leituðu eftir nokkurri kauphækkun.

Hér hefur í umr. í kvöld lítillega verið minnzt á Efnahagsbandalag Evrópu og hugsanlega þátttöku Íslands í því bandalagi. Hæstv. viðskmrh. vék nokkuð í ræðu sinni að þessu máli. En hver var afstaða hæstv. ráðh. til hugsanlegrar inngöngu Íslands í það bandalag? Veit nokkur um afstöðu hans? Hann sagði að vísu, að ef Íslendingar gætu fengið í Efnahagsbandalagi Evrópu að njóta allra friðinda án þess að taka á sig nokkrar skuldbindingar, mundu menn hugsa sig um að ganga í bandalagið. Nei, það er ekki þannig, sem þau mál liggja fyrir. Spurningin er: Eigum við að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu og afsala okkur réttindum yfir íslenzkum málefnum, afsala raunverulega fullveldi landsins? Um það er spurningin, og það er við því, sem þurfti að fá svar. Það liggur ljóst fyrir, að stjórnarflokkarnir hafa á s. l. ári mjög unnið að því að undirbúa inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið. Þeir hafa dulið fyrir þjóðinni þær hættur, sem felast í slíkri þátttöku. En þeir hafa miskunnarlaust beitt blaðakosti sínum til að fegra þetta bandalag og telja fólki trú um, að okkur væri nauðugur einn kostur að ganga í það. Sú hætta vofir sannarlega yfir, að núv. stjórnarflokkar reyni að koma íslenzku þjóðinni á einn eða annan hátt inn í bandalagið, því að enn er afstaða þeirra þannig, að þeir læðast með löndum og vilja ekki gefa upp sína réttu stefnu.

Umr. þessar eru nú að komast á lokastigið. Ég ætla, að þær hafi glögglega leitt í ljós, hvernig meginlínurnar í íslenzkum stjórnmálum liggja í dag. Annars vegar er hægri stefna núv. ríkisstj., sem er í öllum höfuðatriðum mótuð af forustuliði Sjálfstfl. Hins vegar er sú vinstri stefna, sem við stjórnarandstæðingar erum sammála um í ýmsum veigamiklum atriðum. Stefna ríkisstj. er greinilega stefna hinna ríku í þjóðfélaginu, þeirra, sem vilja láta afskrifa skuldir sínar við banka þjóðarinnar með endurteknum gengislækkunum, og þeirra, sem heimta aukið frjálsræði um verzlunarálagningu og lækkun skatta á félögum og eignamönnum. Stefna ríkisstj. hefur ljóslega komið fram í því að auka söluskatta og tolla á almennum nauðsynjum, en lækka jafnframt beina skatta hátekjumanna og gróðafélaga. Stefna ríkisstj. hefur leitt til samdráttar í atvinnulegri uppbyggingu í landinu. Hún hefur leitt til stöðvunar í framleiðslu. Hún hefur leitt til skertra lífskjara bænda, sjómanna og verkamanna. Og hún hefur leitt til undanhalds í sjálfstæðismálum þjóðarinnar og vaxandi erlendra áhrifa í atvinnu- og menningarmálum. Það er þessi undanlátssemi við hið erlenda vald, sem leiddi til svikanna í landhelgismálinu og til hermannasjónvarpsins, sem heimilað hefur verið.

Í dag er sá háski mestur í íslenzkum þjóðmálum, að ríkisstj. sviki þjóðina á einn eða annan hátt inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Auðvitað yrði ákvörðun um slíkt tekin undir yfirskini þess, að verið væri að bjarga hagsmunum þjóðarinnar. Frá hinu yrði ekki sagt, að verið væri með þátttöku í bandalaginu að glata íslenzku sjálfstæði. Frá því yrði ekki greint, að með aðild að bandalaginu mundi Ísland ekki eitt ráða lengur sínum efnahagsmálum, stefnunni í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum, og ekki heldur frá því, að er-

lendir aðilar fengju þá hér á landi sama rétt og landsmenn sjálfir til hvers konar starfsemi.

Þeir tveir flokkar, sem saman skapa hér á Alþingi stjórnarandstöðuna, eru auðvitað ekki sammála í öllum málum. En þeir hafa sýnt með afstöðu sinni á Alþingi að undanförnu, að þeir eru sammála um mörg stórmál. Þeir ættu því að geta staðið saman um að hnekkja valdi núv. ríkisstj. Þeir ættu t. d. að vera sammála um eftirfarandi meginatriði:

1) Að hækka kaup launþega, bænda og sjómanna a. m. k. til jafns við það, sem raunverulegur kaupmáttur launa var fyrir gengisfellinguna s. l. sumar.

2) Að lækka vexti almennt og þó sérstaklega á íbúðalánum og lánum til framleiðsluatvinnuveganna.

3) Að stórauka stuðning við íbúðabyggjendur.

4) Að hefja að nýju atvinnulega uppbyggingu um land allt og treysta í þeim efnum fyrst og fremst á aðalatvinnuvegina: sjávarútveg, landbúnað og iðnað.

5) Að lækka söluskatta og tolla á brýnustu nauðsynjavörum, en standa gegn lækkun skatta á hátekjum og gróðafélögum.

6) Að beita sér fyrir gagnkvæmu samstarfi á milli samtaka bænda og verkamanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar.

7) Að endurheimta hið fyrsta óskerta 12 mílna fiskveiðilandhelgi.

8) Að standa gegn því, að erlendir aðilar fái atvinnurekstraraðstöðu í landinu.

9) Að vinna að brottför hersins úr landinu.

10) Að standa gegn þátttöku Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum höfuðnauðsyn á því, að allir íhaldsandstæðingar sameinist um þessi mál og standi óhikað við stefnu sína. Við vitum, að innan Framsfl. eru skiptar skoðanir til sumra þessara mála og jafnvel þeirra, sem mikilvægust eru. En Framsfl. verður að velja á milli hægri og vinstri. Hann getur ekki staðið hikandi með óljósa stefnu, t. d. varðandi afstöðuna til Efnahagsbandalagsins. Það er auðvitað engin stefna að segjast vilja bíða og athuga málið. Og sá flokkur, sem samþykkt hefur, að hann vilji vinna að því, að herinn fari úr landinu sem fyrst, getur ekki látið þingmenn sína elta Heimdallarstráka íhaldsins á Varðbergsfundum og heimta þar með þeim auknar hervarnir í landinu, enda enginn vafi á því, að mikill hluti framsóknarmanna er andvígur slíku stefnuleysi. Og Framsfl. verður að taka afstöðu milli hægri og vinstri einnig í innanlandsmálunum. Hægri fylkingin er staðreynd, íhaldið ræður þar öllu. Eina ráð vinstri aflanna í landinu er að standa líka saman og reka óhikaða og ákveðna stefnu. Nú eru að hefjast almennar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar. Í þeim munu vinstri menn í landinu þjappa sér saman gegn íhaldinu og hafa þegar gert það með mörgum sameiginlegum framboðum víða á landinu. Látum þá samstöðu verða upphaf að almennu samstarfi vinstri manna í landinu til þess að knýja fram breytta stjórnarstefnu landsmönnum til hagsældar. — Góða nótt.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 16. fundi í Nd., 10. nóv., utan dagskrár, mælti

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í blaðaskrifum undanfarið, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi óskað eftir því, að fá verulega stækkun á sjónvarpsstöðinni, sem það rekur þar, og í stjórnarblöðunum hefur það komið fram undanfarna daga, að þetta leyfi hafi verið veitt. Nú vil ég gera þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort það sé rétt, að það sé búið að veita þetta leyfi, og um hversu mikla stækkun sé hér að ræða.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn þykir mér rétt að upplýsa, að þegar varnarliðið á Keflavíkurflugvelli byrjaði á sínum tíma rekstur útvarpsstöðvar sinnar, mun það hafa fengið leyfi ríkisútvarpsins til þess. Á árinu 1955 leitaði varnarliðið eftir því að fá að starfrækja sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli. Umsókn um þetta var send til póst- og símamálastjóra, sem samkvæmt réttum lögum á að ákveða um það, hvort vissar bylgjulengdir skuli leyfðar eða ekki. Í samráði við útvarpsstjóra gaf póst- og símamálastjóri út þann 4. marz 1955 leyfi til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til að reka sjónvarpsstöð, en samkvæmt ósk utanrrn. voru sett fyrir þessu leyfi viss skilyrði, bæði af því er varðaði styrkleika stöðvarinnar og þann hring, sem sjónvarpið mátti ná til.

Á þessu ári sneri varnarliðið sér aftur til póst- og símamálastjóra og tjáði honum, að sjónvarpsstöð sú, sem rekin hefði verið á Keflavíkurflugvelli, væri orðin mjög úr sér gengin, þannig að lítt væri mögulegt að reka hana áfram, auk þess sem styrkleiki hennar væri allt of lítill. Leitaði varnarliðið eftir því að fá að setja þarna upp nýja stöð með meiri styrkleika en sú hafði, sem fyrir var. Póst- og símamálastjóri athugaði þessa umsókn og hafði samráð um afgreiðslu hennar við ríkisútvarpið. Eftir þá athugun ritaði póst- og símamálastjóri utanrrn. bréf, skýrði frá umsókninni og því jafnframt, að póst- og símamálastjóri og útvarpið væru á einu máli um að veita þetta umbeðna leyfi, og spurðist fyrir um það, hvort utanrrn. hefði nokkuð við það að athuga, að slíkt leyfi væri veitt. Utanrrn. svaraði fyrir sitt leyti, að það hefði ekkert við leyfið að athuga, og mun póst- og símamálastjóri síðan hafa gefið það út.

Það skal tekið fram, að reynslan hafði sýnt, að sú takmörkun, sem sett var á styrkleika stöðvarinnar og þess hrings, sem sjónvarpið mátti taka til, og ætlazt var til að leiddi til þess, að þetta sæist ekki hér í Reykjavík, það hafði tiltölulega litla þýðingu í framkvæmd, því að sjónvarpið sást næstum því með sama hætti í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli, og komst póst- og símamálastjóri að þeirri niðurstöðu, að ástæðulaust væri að vera með þessi skilyrði, og féll utanrrn. því fyrir sitt

leyti frá skilyrðunum. Svarið við spurningunni er því sem sagt það, að póst- og símamálastjóri hefur veitt þetta leyfi í samráði við ríkisútvarpið og með samþykki utanrrn.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka það fram í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta leyfi, sem varnarliðið hefði fengið til þess að gera sjónvarpsstöðina styrkari en nú, væri veitt í samráði við ríkisútvarpið, að það mál hefur aldrei komið fyrir útvarpsráð, þar sem ég á sæti, sem þó hefði verið eðlilegt, að það yrði borið undir það, og ég hef ekki heyrt um það fyrr en núna, að ríkisútvarpið hafi fjallað um þetta mál.

Ég verð að segja það, að mér finnst hér vera um talsvert alvarlegt mál að ræða og að þeir aðilar, sem um þetta mál hafa fjallað, hafi farið út fyrir verksvið sitt. Það má segja, að það hefði kannske ekki verið óeðlilegt að veita varnarliðinu leyfi til að reka sjónvarpsstöð eftirlitslaust, sem væri fyrst og fremst takmörkuð við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans. En að veita því leyfi til svo sterkrar sjónvarpsstöðvar eins og nú virðist vera búið að veita leyfi til, sem nær til alls Faxaflóasvæðisins, án þess að nokkurt skilyrði sé fyrir því sett, hvernig þessi stöð verði rekin, tel ég að sé allt of langt gengið, því að það vita allir, sem eitthvað þekkja til mála, að ekkert áróðurstæki er nú áhrifameira en sjónvarp, og að veita einum erlendum aðila aðstöðu til að ráða hér sjónvarpssendingum, eins og honum þóknast, án nokkurs eftirlits og aðhalds frá innlendum aðila, álít ég að sé allt of langt gengið og hættulega langt gengið. Ég álít, að það væri hið minnsta, sem hefði átt að koma hér á móti, ef slíkt leyfi hefði verið veitt, að þá hefði íslenzkum aðilum, íslenzkum stjórnarvöldum verið veitt fullkomin aðstaða til að fylgjast með því, hverju væri sjónvarpað í þessu sjónvarpi. og ekki síst strangt eftirlit með því, að það væri tryggt, að ekki væri komið hér fram óeðlilegum áróðri í þágu eins eða annars erlends aðila. Ég vildi því treysta því, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að taka þetta leyfi aftur eða endurskoða það, að þá verði a. m. k. sett þau skilyrði, að íslenzkir aðilar fengju að fylgjast með því, hverju væri sjónvarpað í þessu sjónvarpi, og eftirlit með því, að það væri ekki notað til óeðlilegs áróðurs.

Ég held, að það megi annars fullyrða, að ekkert sjálfstætt ríki hefur enn haft þann hátt á þessum málum í sambandi við sjónvarp að veita einum erlendum aðila svo að segja einkaleyfi eða einokunarrétt á því, hverju væri sjónvarpað í landinu, en það er raunverulega búið að gera það með því leyfi, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú veitt.

Ég verð að segja það og beina því sérstaklega til hæstv. menntmrh., að mér finnst það vera undarleg vinnubrögð, að svo leynilega skuli vera haldið á þessu máli, þar sem það er búið að fella úrskurð um það, að sjónvarp eigi að heyra undir ríkisútvarpið, að þá skuli þeir menn, sem eru kosnir til þess af Alþingi að fylgjast með þessum málum, vera fullkomlega sniðgengnir og fá ekkert um það að vita, fyrr en skýrt er frá því hér á Alþ., að ríkisútvarpið sé búið að veita þetta leyfi. Ég verð að átelja þau vinnubrögð alveg sérstaklega harðlega.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Út af vefengingum hv. þm. um, að fullnægjandi samráð hafi verið haft við ríkisútvarpið, áður en umbeðið leyfi var veitt, get ég upplýst, að ég hef spurt póst- og símamálastjóra um það, hvort hann hafi haft samráð við ríkisútvarpið, bæði áður en hann veitti leyfið 1955 og eins nú í sumar, og hefur hann tjáð mér, að hann hafi rætt málið bæði skiptin við útvarpið og ekki ákveðið að veita leyfið, fyrr en samþykki ríkisútvarpsins lá fyrir. Í bréfi, sem póst- og símamálastjóri ritaði utanrrn. 11. apríl s. l., þar sem hann ræðir um þetta mál og spyr um afstöðu utanrrn., segir svo berum orðum:

„Póst- og símamálastjóri hefur rætt mál þetta munnlega við útvarpsstjóra, sem hafði ekkert að athuga við orkubreytinguna."

Þannig hefur fullt samráð verið haft af hálfu póst- og símamálastjóra við forstöðumann ríkisútvarpsins, áður en nokkuð var aðhafzt í málinu.

Að því er styrkleikann varðar og þá fullyrðingu hv. þm., að varasamt væri að leyfa að gera aflstöðina sterkari en var, með tilliti til þess, að eftir styrkleikanum mundi hún frekar ná til Reykjavíkur, þá er það tekið fram í bréfi póst- og símamálastjóra til utanrrn., að stöðin sjáist með nokkuð svipuðum hætti í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli, þó að hún sé ekki meiri að styrkleika en hún hefur verið, og að þetta brot úr hring, sem tekið hefur verið úr og ekki sjónvarpað og átti að nægja til þess að útiloka Reykjavík, það hefur alls ekki verkað, og er talið, að af tekniskum ástæðum sé ekki hægt að útiloka þannig part úr hringnum. Það er því skoðun póst- og símamálastjóra og kemur fram í umsögn hans, að Reykvíkingar geti séð stöðina alveg eins og þeir, sem á Keflavíkurflugvelli búa, án tillits til þess, hvort hún sé af þeim styrkleika, sem hún hefur verið, eða samkvæmt þeim styrkleika, sem henni verður hleypt upp í.

Að því er varðar eftirlit með rekstrinum og ummæli hv. þm. um það, að honum finnist, að það hefði átt að setja skilyrði fyrir því, að Íslendingar hefðu þar eitthvert eftirlit með, þá hefur það ætíð verið þannig, frá því að stöðin fyrst var leyfð, að af Íslendinga hálfu hefur verið frá því gengið, að þeir geta haft þarna það eftirlit, sem þeir vilja, og meira að segja haft þau áhrif og ráðið því um dagskrána, sem þeir óska eftir, en þessa hefur ekki verið óskað af Íslendinga hálfu. Þetta er að sjálfsögðu opið enn og er að sjálfsögðu grundvöllur fyrir leyfinu, að Íslendingar geti gripið inn í dagskrána og ráðið þar um eins og þeim þóknast, og er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu þeirra, sem með reksturinn hafa að gera á Keflavíkurflugvelli, að svo geti orðið. Þeir hafa meira að segja þvert á móti, hvað eftir annað, leitað eftir því og viljað fallast á, að sem nánast samstarf yrði um þetta við Íslendinga og að menn frá okkur önnuðust reksturinn á þessari stöð á Keflavíkurflugvelli.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. hefur gefið hér upplýsingar, sem eru vissulega þess virði, að Alþingi athugi þær dálítið betur. Það er upplýst hér, að einn embættismaður í ríkisbákninu hafi talað við annan embættismann og síðan hafi þessir embættismenn með samþykki utanrrn. gert ráðstafanir, sem þverbrjóta í bága við öll íslenzk lög og allan þann hátt, sem hér hefur verið hafður á um útvarpsrekstur og annað slíkt fram að þessu. Það er lesið hér upp úr bréfi frá póst- og símamálastjóra, þar sem hann segist munnlega hafa talað við útvarpsstjóra, og í yfirlýsingu hæstv. utanrrh. er þetta látið heita, að póst- og símamálastjóri hafi talað við ríkisútvarpið. Samtímis er það upplýst af þeim, sem sæti eiga í stjórn útvarpsins af hálfu Alþingis og kosnir eru til þess að sjá um það mál allt, að þetta mál hafi aldrei verið borið undir ríkisútvarpið. Framkvæmdastjóri ríkisútvarpsins er ekki ríkisútvarpið, og það er tími til kominn, að embættismenn íslenzka ríkisins átti sig á því, að þeir ráða ekki þeim stofnunum, sem þeir eru yfir, og geta farið með þær rétt eins og það væri þeirra privateign, þó að það séu slíkar tilhneigingar með sumar stofnanir. Alþ. er þó enn þá til og ekki alveg búið að þurrka það út, og stjórnir, sem Alþingi hefur sett yfir þessar stofnanir, eru yfirstjórnir þeirra og eru sérstaklega til settar, eins og stjórn ríkisútvarpsins, að varðveita lög og rétt í landinu og hlutlevsi ríkisútvarpsins, og það er þetta, sem er verið að brjóta með þeim levfum, sem með aðstoð utanrrn. þarna eru veitt.

Ég vil algerlega mótmæla þeim hætti, sem þarna er hafður á, að einstakir embættismenn taki sér slíkt vald, og ég vil mótmæla því, að utanrrn. aðstoði þá við þetta. Þegar um svona mál er rætt, á að ræða það við þær stjórnir, sem eru yfir viðkomandi greinum íslenzka ríkisins. Það er þá póst- og símamálastjóri, og ég trúi því vart, að póst- og símamálastjóri hafi gert svona hluti án þess að ræða þetta við sína ráðherra. Og sömuleiðis á að vera um útvarpsstjóra, hann á að ræða þetta við stjórn útvarpsins, bæði þá þingkjörnu stjórn þess og við sinn ráðherra. Svo framarlega sem embættismenn ríkisins eru farnir að haga sér svona, þá er tími til kominn að láta þá embættismenn fara frá. Það verða að vera einhver takmörk fyrir því, hvaða vald þessir embættismenn taka sér í hendur og hvernig þeir ganga á þann rétt, sem Alþingi og þess stjórnir hafa, og þann rétt, sem þessar stjórnir eiga að hafa lögum samkvæmt. Jafnvel þó að þeir noti stuðning rn. eins og utanrrn. eða ríkissti. um það, þá er það auðsjáanlega farið að tíðkast fullmikið hér, að farið sé að höggva alloft í þann knérunn að ganga þannig á vald Alþingis og þingkjörinna stjórna í okkar þjóðfélagi.

Viðvíkjandi hins vegar valdi utanrrn. til að samþykkja þetta, — fyrir utan að vefengja vald embættismannanna til þess að gera þetta, sem þeir hafa gert. — þá vil ég líta svo á, að það sé a. m. k. ákaflega mikið spursmál, — ég hef ekki það nýlega athugað lagagreinina, að ég þori að fullyrða, en ég álít það vera ákaflega mikið spursmál, hvort hægt er að veita svona leyfi eins og til útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli og sjónvarpsrekstrar þar án lagabreytinga, vegna þess að með lögum hefur ríkisútvarpið þennan einkarétt. Og það er ekki þarna um að ræða einhverjar smábátastöðvar eða eitthvað slíkt, sem verið er að reka þar suður í Keflavík. Að svo miklu leyti hins vegar, — um það mætti sem sé deila, þegar lögin væru athuguð betur, hvort þetta er lagabrot eða ekki, en mér er nær að halda það, — að svo miklu leyti hins vegar sem utanrrn. álítur þetta koma undir sitt valdsvið, þá virðast a. m. k. vera tvær nefndir, sem utanrrn. þá ætti að ráðfæra sig við, utanrmn., ef veigamikil atriði er þarna um að ræða, og svo minnir mig hálfpartinn, að það sé alltaf til einhver nefnd, annaðhvort varnarmálanefnd eða — ég veit ekki, hvort hún hefur nokkurn tíma komizt á laggirnar, það var einhver enskur titill á henni, ef ég man rétt, einhver high-level-nefnd, sem menn voru alltaf í vandræðum með að þýða á rétta íslenzku og voru að lokum víst búnir að þýða sem „nefnd ábvrgra manna.“ Ég veit ekki, hvort ábyrgðartilfinningin hjá þeim ábyrgu mönnum hefur verið það mikil, sem í þá nefnd voru settir, að hún hafi nokkurn tíma komið saman. En hvernig sem það kann nú að vera, þá eru a. m. k. ótal nefndir, sem við höfum öðru hverju verið upplýstir um, þm., sem eigi að starfa að því, að þessi samskipti við varnarliðið færu fram með eðlilegum hætti og ekki sé gengið þar á rétt Íslendinga. En ég álít nú, að allur sá rekstur, sem á sér stað á Keflavíkurflugvelli, bæði viðvíkjandi útvarpinu og viðvíkjandi sjónvarpinu, sé bein lögbrot og sé þar að auki alveg óþolandi aðstaða fyrir íslenzkt þjóðfélag.

Í fyrsta lagi er það viðvíkjandi útvarpsrekstrinum. Ég álít, að það hefði fyrir löngu átt að vera búið, ef það leyfi hefur verið veitt, að taka það aftur og láta loka þeirri stöð, sem þar er. Þegar við sköpum hér fyrir rúmum 30 árum ríkisútvarp, ætlumst við til þess, að það sé í fyrsta lagi mikið menningarfyrirbrigði, til þess að efla íslenzka menningu. Og við ætlumst í öðru lagi til þess, að það sé sökum þess gífurlega áróðursmáttar, sem í því felst, þá sé það hlutlaust, þannig að það skýri eðlilega og hlutlaust frá deilumálum, sem uppi eru, og gefi hinum ýmsu skoðunum þar jafnan rétt. Það útvarp, sem rekið er á Keflavíkurflugvelli, er, að því er ég bezt veit og held, — ég hlusta yfirleitt ekki á það, — en eftir því sem ég heyri af útvarpi látið, þá virðist það vera litið menningarfyrirbrigði, sízt af öllu fyrir íslenzka menningu, og hafa ekki góð áhrif á okkar sérstöku þjóðmenningu, heldur þvert á móti. Í öðru lagi er það alveg greinilegt, að það útvarp, sem rekið er á Keflavíkurflugvelli, er svo langt frá því að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til hlutlauss útvarps, að það er þvert á móti mjög svo hlutdrægt, einhliða áróðursútvarp þess ríkis, sem seilzt hefur til yfirráða hér á Íslandi, reynt að sölsa hér undir sig herstöðvar og hefur sem stendur her í þessu landi. M. ö. o.: þetta er beint árásartæki á almenningsálitið á Íslandi til þess að reyna að breyta því í

hag þessa hernámsríkis, sem þarna á hlut að máli og rekur þetta útvarp. M. ö. o.: þetta er beint áróðurstæki í þjónustu framandi valds og brýtur þar með öll þau lög, sem sett hafa verið um útvarpsrekstur á Íslandi. Þess vegna vil ég eindregið mótmæla þessum útvarpsrekstri sem brjótandi í bága við íslenzk lög og allan þann tilgang, sem er með útvarpsrekstri á Íslandi, og enn fremur alveg sérstaklega mótmæla því, að með þessu er verið að reka beinlínis áróðursútvarp til þess að hafa áhrif á almenningsálit á Íslandi.

Hæstv. utanrrh. gat um það út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér um, hvort Íslendingar gætu fengið aðstöðu til að ráða um þetta útvarp, og upplýsti, að slík aðstaða hefði verið fyrir hendi, ef menn hefðu viljað nota hana, en menn hefðu ekki kært sig um það. Þar er ég hæstv. utanrrh. algerlega sammála, að það sé rétt, að það hafi ekki verið gert. Þannig skildi ég hans meiningu, fyrst það hefur ekki verið gert. Ég álít það, sem hv. 7. þm. Reykv. stakk upp á, að við Íslendingar ættum að hafa eitthvað með þetta útvarp að gera, vera rangt. Við eigum ekki að koma nærri þessu. Við eigum enga ábyrgð á því að bera. Við eigum þvert á móti að banna, að þetta útvarp sé rekið í okkar landi. Ég get máske skilið það, að út af fyrir sig væru kannske þeir flokkar, sem eru fylgjandi Atlantshafsbandalaginu, hlynntir áróðri Bandaríkjanna fyrir herstöðvum hér á Íslandi og áhrifum á íslenzku þjóðina, þeir væru kannske mjög fylgjandi því að fara að taka þátt í því að reka áróðursútvarp fyrir hernámið á Keflavíkurflugvelli. En ég held, að svo lengi sem slíkt útvarp er rekið, þá er bezt, að Ameríkumenn séu einir um það og beri einir skömmina af því og öllum þeim ómenningarblæ, sem á því er, en að Íslendingar komi þar ekki nærri, og þegar þeir komi þar nærri, þá banni þeir það.

Ég vildi annars leyfa mér að spyrja þá menn, sem hefur dottið í hug, að við Íslendingar færum að taka einhvern þátt í útvarpi á Keflavíkurflugvelli, hvernig hafa þeir hugsað sér þá þátttöku okkar? Ættum við Íslendingar að fara að tala þar á ensku kannske? Venja okkur við herraþjóðarmálið? Eða var meiningin að gera Keflavíkurútvarpið að íslenzku útvarpi, að fara að útvarpa í þágu Bandaríkjamanna á íslenzku frá Keflavíkurflugvelli? Mér er ekki kunnugt um, hvort það er gert núna, en ég hef haft þá hugmynd, að það væri ekki.

Ég held, að það sé tími til kominn að stinga við fæti í þessum efnum. Ég tók eftir því nýlega í ríkisútvarpinu, þegar sagt var frá för forseta lýðveldisins til Kanada, að það hafði einn gamall Vestur-Íslendingur sagt, sem þó talaði ekki íslenzku, að við gætum verið góðir Íslendingar á ensku. Ég hef ekki þá hugmynd, að við getum verið góðir Íslendingar á ensku. Ég held, að það sé bezt fyrir okkur að fara sem fyrst að hindra það útvarp á Keflavíkurflugvelli og sjónvarp, sem er stórskaðlegt íslenzkri þjóðmenningu og íslenzkri tungu, svo að ég tali ekki um áróðurinn, sem í því er, — að hindra, að það sé starfrækt áfram. Og ég vildi eindregið, fyrst þessar umr. urðu hér, skjóta því til hv. þingdeildar og til hæstv. ríkisstj., að þetta mál sé tekið þeim tökum, að jafnt sjónvarpsrekstri sem útvarpsrekstri á Keflavíkurflugvelli sé hætt.

Á 15. fundi í Ed., 14. nóv., utan dagskrár, mælti

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forseti gæti hlutazt til um, að hæstv. utanrrh. væri hér viðstaddur stutta stund. (**Forseti:** Eins og ég hef tjáð hv. þm., þá hef ég sagt hæstv. utanrrh. frá því, að hann hygðist biðja um orðið utan dagskrár, en hann tjáði mér, að hann þyrfti að vera viðstaddur umr. í Nd., sem hann hyggi verða í upphafi fundar. Hins vegar skal ég að ósk þm. biðja ritara um að láta utanrrh. vita. — Nú hefur ritarinn tjáð mér, að ráðherrann geti alls ekki komið á þessari stundu. Vill þm. hinkra við með fsp. eða halda henni fram, þrátt fyrir það?) Mér þætti þá betra að bíða, þangað til eftir næsta mál, ef hæstv. forseti gæti hlutazt til um, að ráðherra kæmi þá. (**Forseti:** Ég vil aðeins segja þm. það, áður en hann fer úr stólnum, að næsta mál mun verða tekið út af dagskrá, þannig að þetta munu vera fundarlok.) Þá sé ég ekki neina ástæðu til þess, að ég hætti við að segja það, sem ég þurfti að segja, en vona, að hæstv. forseti hlutist til um að flytja hæstv. ráðh. efnislega það, sem ég hef að segja, fyrst hann hefur ekki getað mætt hér í deildinni og gat ekki mætt í gær, þrátt fyrir það að ég fór fram á það og hæstv. forseti leitaði mjög eftir því, að hann mætti, en kom ekki hér í þinghúsið fyrr en í lok fundarins í gær.

Eins og mönnum er kunnugt, skýrðu flest dagblöðin í Reykjavík frá því s. l. sunnudag, að gerzt hefði allóhugnanlegur atburður suður á Keflavíkurflugvelli s. l. föstudagskvöld. Mér þótti ástæða til þess að spyrja hæstv. utanrrh. nokkurra spurninga og fá upplýsingar hjá honum um nokkur atriði þessu viðvíkjandi. En þar sem þess er ekki kostur, hef ég ekki önnur ráð en að flytja þetta mál í trausti þess, að hæstv. ráðh. geri, þótt síðar verði, einhverja grein fyrir málinu.

Í Alþýðublaðinu s. l. sunnudag, 12. nóv., er forsíðugrein með risafyrirsögn um atburð, sem gerðist á Keflavíkurflugvelli. Þessi forsíðugrein Alþýðublaðsins hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Dansleikur á vellinum. Ein fór í Steininn." Þetta er fyrirsögnin. „Landgönguliðar úr sjóher Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli héldu eins konar afmælishátíð í fyrrakvöld. Hafði hermönnunum í deildinni verið veitt undanþága og leyft að bjóða íslenzkum stúlkum á dansleikinn, sem haldinn var í tilefni hátíðarinnar. Nokkrir tugir stúlkna úr Reykjavík mættu á dansleiknum, sem endaði þannig, að a. m. k. ein stúlka var sett í fangageymslu lögreglunnar á vellinum.

Íslendingur, sem starfar á Keflavíkurflugvelli, hringdi til blaðsins í gær, og sagði hann, að íslenzkir starfsmenn á vellinum, er fylgdust með skemmtuninni og endalokum hennar, hefðu fyllzt viðbjóði á aðförunum. Lét hann blaðinu í té eftirfarandi upplýsingar:

Í fyrrakvöld komu um 50 stúlkur úr Reykja-

vík á hátíðina, sem einnig var sótt af stúlkum, er starfa á flugvellinum. Aldur þeirra var allt niður í 13 ár.

Dansleikurinn var haldinn í Viking Service Club, og áttu vegabréf stúlknanna að gilda til kl. eitt um nóttina. Þá var stór áætlunarbifreið höfð til taks fyrir framan klúbbinn, og átti hún að flytja stúlkurnar í bæinn. Tveir lögregluþjónar voru á staðnum til að fylgjast með því, að allt færi fram eins og skyldi.

Þegar skemmtuninni lauk, var erfitt að fylgjast með stúlkunum, og hurfu nokkrar þeirra út í myrkrið ásamt hermönnunum. Fáeinar stúlkur, sem voru of drukknar til að hlaupa í burtu, fóru upp í bílinn, en æsingurinn í þeim var svo mikill, að þær brutu 3—4 rúður í bifreiðinni.

Í fyrrinótt var svo verið að færa eina og eina stúlku út af vellinum, og voru nokkrar þeirra illa til hafðar, eins og þær hefðu lent í einhverjum átökum. Deildin, sem hátíðina hélt, er landgönguliðadeild.

Alþýðublaðið ræddi í gær við fulltrúa lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og spurðist fyrir um þetta mál.

Sagði hann, að um 20—30 stúlkur hefðu fengið sérstaka undanþágu til að sækja hóf þetta. Þó hefði verið vandlega fylgzt með því, að þær væru orðnar 18 ára. Ef yngri stúlkur hefðu verið þarna, væri það ekki sök lögreglunnar.

Ekki taldi hann, að nein ólæti hefðu átt sér stað að skemmtuninni lokinni, og hefði lögreglunni aðeins borizt ein skýrsla um stúlku, sem setja varð inn vegna ölvunar. Var hún eitthvað blá og marin í framan og gleraugu hennar brotin. Af hvaða sökum það var, vissi hann ekki, en taldi, að það hefði orðið vegna ölæðis hennar.

Ekki vissi hann um, að neinar stúlkur hefðu verið fluttar út af vellinum seinna um nóttina, og ekki heldur, hve margar fóru með áætlunarbílnum í bæinn."

Þetta eru orð Alþýðublaðsins, sem það hefur eftir fréttamanni sínum á Keflavíkurflugvelli. Þarna segir fréttamaðurinn, að íslenzkir starfsmenn á flugvellinum hafi fylgzt með skemmtuninni og endalokum hennar og að þeir hafi fyllzt viðbjóði. Hann segir, að 50 stúlkur úr Reykjavík hafi sótt þessa samkomu, en auk þess þær stúlkur, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, svo að það lítur út fyrir, að landgönguliðunum hafi tekizt sæmilega vel til um að verða sér úti um dömur. Þá segir þessi fréttamaður í Alþýðublaðinu, að stúlkurnar hafi haft vegabréf til að dvelja til kl. eitt á þessari hátíð, en þegar þær áttu að fara í bæinn með bifreið, sem þar var til staðar, þá varð minna úr för þeirra í bæinn. Hurfu nokkrar þeirra út í myrkrið með hermönnunum. Fáeinar stúlkur, sem voru of drukknar til að hlaupa í burtu, fóru upp í bílinn og brutu þar rúður. Loks segir þessi fréttamaður í Alþýðublaðinu, að ein og ein af þeim stúlkum, sem hlupu út í myrkrið með hermönnunum, hafi verið færð út af vellinum síðar um nóttina, og hafi verið illa til hafðar, eins og þær hefðu lent í átökum.

Öll er þessi lýsing svo greinileg, að ætla mætti, að áhorfendur segðu hér frá. Alþýðublaðið talaði við fulltrúa lögreglustjórans um þetta mál, en það kemur ekki fram, að hann hafi verið þarna viðstaddur, þó að hann skýri að sjálfsögðu frá því, sem hann veit. Hann telur, að stúlkurnar hafi ekki verið svona margar, en 20—30. Hann veit það auðsjáanlega ekki nákvæmar en það. Hann segir, að vandlega hafi verið fylgzt með því, að ekki væru yngri stúlkur þarna en 18 ára, en bætir við: En hafi þær verið yngri, þá er það ekki sök lögreglunnar. — Hann segir, að það hafi ekki verið ólæti þarna, að skemmtuninni lokinni, en þó hafi lögreglan orðið að setja eina stúlkuna í tukthús, en hún var marin og blá í framan og með brotin gleraugu. Ekki vissi þessi fulltrúi lögreglustjórans um það, að stúlkur hefðu verið færðar út af vellinum ein og ein síðar um nóttina, en hann vissi ekki heldur, hve margar fóru með bifreiðinni í bæinn. Og allar áttu þær að sjálfsögðu að fara út af vellinum með þessari bifreið, eins og vegabréf þeirra sögðu til um.

Það, sem er sameiginlegt í frásögn þessara tveggja manna, fréttamanns Alþýðublaðsins og fulltrúa lögreglustjórans, eru eftirfarandi atriði, að því er mér virðist: Í fyrsta lagi: Nokkrir tugir af íslenzkum stúlkum úr Reykjavík fá leyfi stjórnarvaldanna, sem mun vera utanrrn., til að sækja einhvers konar afmælishátíð landgönguliðs Bandaríkjasjóhers á Keflavíkurflugvelli. Í öðru lagi, að ölvun hefur orðið í svo ríkum mæli, að íslenzk stúlka er sett í fangelsi. Og í þriðja lagi, að komið hefur a. m. k. til þeirra átaka, að ein stúlka er blá og marin eftir. Ég vil auk þess benda á, að fréttamaðurinn segir, að sumar stúlkurnar hafi verið allt niður í 13 ára gamlar.

Ég býst við, að flestum hrjósi hugur við að lesa þessa lýsingu Alþýðublaðsins á því skemmtanalífi íslenzkra æskukvenna, sem utanrrn. veitir leyfi til að sækja á Keflavíkurflugvelli. Það má minna á það í þessu sambandi, að fjöldi æskukvenna hér í Reykjavík er víðs fjarri heimilum sínum og foreldrum og því aðhaldi og þeirri handleiðslu, sem foreldrar geta veitt þeim, þar sem þær dveljast hér um stundarsakir við nám eða í atvinnu. Og það má nærri geta um slíkar unglingsstúlkur, ef þær eru nú allt niður í 13 ára gamlar, í hvaða hættu þær eru fyrri ginniboðum landgönguliðs Bandaríkjasjóhers á Keflavíkurflugvelli, eins og hér hefur verið skýrt frá.

Hér virðist enginn vera til andsvara um þetta mál, svo að hér þýðir ekki að spyrja um neitt. En ég vil þó ljúka máli mínu með því, að það er vægast sagt krafa fjölda manna í þessu landi, að slíkt geti ekki endurtekið sig eins og nú hefur átt sér stað þarna syðra. Jafnvel þótt eitthvað beri á milli í frásögnum, þá er svo margt sameiginlegt þeim frásögnum, sem fram eru komnar, að hér er alvara á ferðum. Ég tel það skýlausa kröfu allra heiðvirðra manna, að þetta mál verði rannsakað og að niðurstöður þeirrar rannsóknar verði birtar opinberlega, en umfram allt, að stjórnarvöldin hætti að veita leyfi íslenzkum æskulýð til þess að sækja skemmtanalíf af þessu tagi. Og ekki virðast horfurnar batna, þegar það hefur nú gerzt, að utanrrn. hefur leyft fimmfalda stækkun á sjónvarpsstöð þessa herliðs, en það sjónvarp er ekki í þágu hermannanna, — það sjá allir, — heldur til þess að geta náð til Íslendinga. Og ef

slík sjónvarpsstöð verður kannske notuð í svipaða þágu og það boð, sem hinum ungu íslenzku stúlkum var sent með tilstyrk utanrrn., þá er uggvænlegt fram undan í þessum atriðum uppeldismálanna í landinu.

Forseti (EggÞ): Varðandi þau orð, sem þm. lét falla í upphafi um boð utanrrh. á þennan þingdeildarfund, þá vildi ég í fullri vinsemd benda honum á, að hann hefur eðlilega samkv. 31. gr. þingskapanna fullan rétt til að bera fram fyrirspurnir á venjulegan hátt, og er ráðh. þá skyldugur til að svara, þó að ég dragi ekki heldur í efa þann rétt, sem hann hefur þegar notað sér hér.

Ég skal bera ráðherra þær niðurstöður í hans ræðu, sem hann lagði mesta áherzlu á.

Á 25. fundi í Nd., 24. nóv., utan dagskrár, mælti

utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í morgun birtist í blaði Alþb., Þjóðviljanum, grein með fyrirsögninni „Vestur-þýzkar herstöðvar á Íslandi". Í upphafi þessarar greinar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn hefur örugga vitneskju um það, að vestur-þýzk stjórnarvöld hafi leitað fyrir sér um það, að þau fái aðstöðu til herstöðva og heræfinga á Íslandi. Hér er enn sem komið er aðeins um áþreifingar að ræða, og hefur verið sérstaklega rætt við Guðmund Í. Guðmundsson utanríkisráðherra og nokkra valdamenn aðra. Hins vegar mun engin formleg beiðni hafa borizt enn og ólíklegt, að hún berist, nema Vestur-Þjóðverjar telji sig örugga um jákvæðar undirtektir."

Ég les ekki lengra úr þessari grein.

Það hefur ekki verið venja mín að eltast við og mótmæla, þó að ósannar og rangar fullyrðingar kæmu í þessu blaði. En bæði sjálf frásögnin, sem hér er á ferðinni, og eins sá tilgangur, sem virðist liggja á bak við hana, er með slíkum endemum, að ekki verður komizt hjá að mótmæla þessari frásögn og víkja að henni nokkrum orðum.

Það er fullyrt í upphafi greinarinnar, að Þjóðviljinn hafi örugga vitneskju um það, að vestur-þýzk stjórnarvöld hafi leitað fyrir sér um það, að þau fái aðstöðu til herstöðva og heræfinga á Íslandi. Þessi fullyrðing er ósönn og tilefnislaus með öllu. Hvorki vestur-þýzk stjórnarvöld né neinir aðrir hafa leitað fyrir sér um það, að Þjóðverjar fengju aðstöðu til herstöðva eða heræfinga við Ísland. Það, sem blaðið segir um þetta, er þess vegna með öllu rangt og án hins minnsta tilefnis. Þá segir í greininni, að hér sé enn sem komið er aðeins um áþreifingar að ræða og hefur verið sérstaklega rætt við Guðmund Í. Guðmundsson utanrrh. og nokkra valdamenn aðra. Einnig þetta er ósatt og gersamlega tilefnislaust. Það hefur hvorki verið rætt við mig né neina aðra íslenzka valdamenn um það, að Þjóðverjar fengju hér neina aðstöðu. Allt, sem Þjóðviljinn segir um þetta, bæði hér í fyrirsögninni og það, sem síðar er sagt í greininni, er því ósannindi frá upphafi.

Þjóðviljinn segist hafa fyrir þessu örugga vitneskju. Ég er sannfærður um, að hér getur ekki verið um annað að ræða en það, að ritstjórn Þjóðviljans hefur sjálf logið sögunni upp. Ekkert slíkt, sem talað er um í Þjóðviljagreininni, hefur komið til mála. Og það er í fyrsta skipti, sem ég heyri Þjóðverja nefnda í sambandi við herstöðvar á Íslandi, það er í þessari Þjóðviljagrein í dag.

Menn hljóta nú að spyrja og furða sig á: Hver getur verið hin raunverulega ástæða fyrir því, að ritstjórn Þjóðviljans tekur það upp hjá sér að ljúga upp annarri eins sögu og hér er búin til? Og ef við lítum á ástandið í heimsmálunum, eins og það er í dag, þá virðist skýringin vera ærið nærtæk. Það eru ekki nema fáir dagar síðan ríkisstjórn Sovétríkjanna sneri sér til Finnlands með kröfu um, að Finnar tækju upp viðræður við sovétstjórnina um sameiginlegar varnaraðgerðir og hernaðaraðstöðu fyrir Sovétríkin í Finnlandi. Sem ástæðu fyrir þessari kröfu sinni færði ríkisstjórn Sovétríkjanna það, að Sovétríkin væru í yfirvofandi hættu vegna árásar erlends ríkis. Árásaraðilinn átti að vera Vestur-Þýzkaland, og jafnvel var í því sambandi talað um Noreg og Danmörku vegna þátttöku þeirra í Atlantshafsbandalaginu. Meðal raka fyrir því, að Vestur-Þýzkaland hygði á árás á Sovétríkin, var það tilfært, að að undanförnu hefðu farið fram viðræður á milli Vestur-Þjóðverja og Dana um aðild Vestur-Þjóðverja að yfirstjórn Eystrasaltsflota Dana. Þessar viðræður voru taldar færa a. m. k. líkur, ef ekki sannanir fyrir því, að Vestur-Þýzkaland hygði á árás á Sovétríkin. Síðar var því einnig bætt við af hálfu Sovétríkjanna sem frekari sönnun fyrir árásarfyrirætlunum Vestur-Þýzkalands, að landvarnaráðherra Vestur-Þýzkalands hafði verið í opinberri heimsókn í Osló, heimsókn, sem þó hafði verið ráðgerð fyrir löngu.

Ég þarf ekki að fara að ræða um það hér, hversu fráleitar og tilefnislausar þessar getsakir og ásakanir í garð bæði Noregs, Danmerkur og Vestur-Þýzkalands eru. Það ætti að vera óþarfi að gera það hér. En hinu hafa menn sjálfsagt veitt athygli, að í morgun, um sama leyti og Þjóðviljinn er að koma út, voru að hefjast viðræður á milli Kekkonens, forseta Finnlands, og Krúsjeffs, forsætisráðherra Sovétríkjanna, vegna kröfu Rússa um hernaðaraðgerðir, varnaraðgerðir, sameiginlegar varnaraðgerðir af hálfu Finna og Rússa. Á sama tíma, sem þessir tveir menn eru að hefja sínar viðræður út af kröfum Rússa gegn Finnum, er Þjóðviljinn að búa til og útbreiða til afnota þá sögu, að Íslendingar standi í viðræðum um það að veita Þjóðverjum hér sérstaka hernaðaraðstoð.

Við minnumst þess, að Þjóðviljinn hefur oft haldið því fram, að það væri ógnun við Sovétríkin og tilefni til afskipta Sovétríkjanna af okkar málum, að við værum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og að hér væri bandarískur her. Þetta hefur Þjóðviljinn og kommúnistarnir á Íslandi talið að gæti verið tilefni til þess, að Sovétríkin hafa borið sínar kröfur fram á hendur Finnum. Nú bætist það við, að Þjóðviljinn býr til þá sögu, að sá aðilinn, sem Rússar telja sér hættulegastan, Vestur-Þýzkaland, sé í samningum við ríkisstj. Íslands um að fá hér hernaðaraðstoð. Við Íslendingar vonum að sjálf-

sögðu, að Finnum og Rússum megi takast að leiða sín vandamál til lykta á vinsamlegan og friðsamlegan hátt, og umfram allt viljum við Íslendingar ekki blanda okkur í þeirra mál. Það er þessara tveggja þjóða að ráða fram úr því. En allir Íslendingar hljóta að fordæma það níðingsverk, sem Þjóðviljinn er að vinna hér á örlagastundu finnsku þjóðarinnar, þegar hann lýgur upp jafnógeðfelldri sögu og hér er fram sett.

Ég vil nota þetta tækifæri, um leið og ég lýsi frásögn Þjóðviljans algerlega ósanna, til þess að fordæma og lýsa viðbjóði mínum á því framferði, sem Þjóðviljinn hefur hér viðhaft.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitthvað að hæstv. utanrrh., þegar hann telur ástæðu til að koma hér í pontuna til að fara að segja okkur þm., hvað sé að gerast. Það er auðséð, að samvizkan hlýtur að vera alveg sérstaklega slæm hjá honum. Við erum vanir því yfirleitt, þegar eitthvað gerist í utanríkismálum okkar Íslendinga, að þá heyrum við fréttir frá London um, hvað sé að gerast, hvað sé í undirbúningi. Það er ekki vani, að hæstv. utanrrh. hafi fyrir því að skýra Alþingi frá, þegar hann er að undirbúa að svíkja þjóðina. Það er auðséð þess vegna, að samvizkan hlýtur að vera alveg sérstaklega slæm núna hjá hæstv. utanrrh., þegar hann telur ástæðu til að fara að koma upp til þess að afneita. Það er vani hinna æfðu stjórnmálamanna nú orðið og alveg sérstaklega diplómatanna og þeirra, sem eitthvað hafa átt við þá hluti, að fara alltaf, þegar þeir eru eitthvað að gera, að afneita og afneita, afneita nógu lengi, þangað til hluturinn er gerður. Við vitum, að þetta er fyrsta regla diplómatsins, og við höfum meira að segja stundum verið að finna að því, eins og þegar hæstv. fjmrh. fer að tala um, að það eigi endilega að lækka gengið á Íslandi, að þetta samrýmist ekki reglum diplómatsins, að það eigi að þegja yfir slíku, þangað til þeir gera það. En ég sé, að þetta hefur komið alveg sérstaklega illa við hæstv. utanrrh.

Við, sem munum eitthvað lengra í íslenzkum utanríkismálum, vitum ósköp vel, að þegar Þjóðviljinn hefur sagt frá í tíma því, sem verið er að undirbúa, og náttúrlega hefur því verið afneitað og náttúrlega verið lýst yfir, hvílíkur viðbjóður það væri, að Þjóðviljinn skyldi segja frá svona hlutum, þá hefur það orðið þó til þess að fresta þeim hlutum um vissan tíma. Máske ég megi minna hæstv. utanrrh. á, ef hann hefur fylgzt svo vel með í stjórnmálum, þegar í febr. 1941, fyrir réttum 20 árum, Þjóðviljinn sagði frá því, að Bandaríkjamenn væru að fara fram á, að þeir fengju hér herstöðvar á Íslandi. Auðvitað var þessu afneitað. Auðvitað var því lýst yfir, að þetta væru hreinustu ósannindi. Ég man ekki, hvort það voru notuð orð eins og viðbjóður og annað slíkt. En hvað kom svo í ljós seinna? Það kom í ljós, að í febr. 1941 voru Bandaríkin albúin að setja her á land hér, en urðu að fresta því þangað til í júlíbyrjun 1941, vegna þess að það hafði komizt upp um fyrirætlanirnar á Íslandi, hreinlega vegna þess, vegna þess að það hafði verið sagt frá því hérna heima, og það þótti þess vegna ekki fært.

Við skulum tala alveg hreint og rólega um þessa hluti. Mér þykir að vísu mjög gott, ef samvizkan fer að slá hæstv. utanrrh., því að það hefur ekki farið mikið fyrir því á undanförnum árum. Við höfum fengið að vita af því í sambandi við landhelgismálið, þegar umr. hafa verið um það á undanförnum árum, að hæstv. utanrrh. hefur ekki verið að hafa fyrir því, hvað þar væri að gerast, og það hefur dyggilega verið neitað öllu og öllum samningum, þangað til þeir voru komnir það langt, að það var svo að segja búið að semja. Þetta hefur verið síður. Eins og þurfi nokkuð að vera að nota stór orð um þessa hluti hérna!

En hins vegar skal ég vissulega viðurkenna, að það hafa verið notuð stór orð hérna áður. Ég hef sjálfur staðið í því hérna að koma með þá fsp., um það leyti sem Hitler fór fram á að fá aðstöðu til að geta lent flugvélum hérna á Íslandi, — ég held ég muni það rétt, að það hafi verið 15. marz 1939, — og ég kom með þá fsp. til þáverandi ríkisstjórnar á Íslandi, hvort þetta væri rétt, og hæstv. ríkisstj. var það hreinskilin, hún sagði frá, að þetta væri rétt, sagði frá því, að það væri þá nefnd á leiðinni. Og það urðu út frá því mjög „interessant" orðahnippingar, vegna þess að mér hafði heyrzt hæstv. forsrh. þá segja: „um leið og Emden kæmi", herskipið Emden var þá á leiðinni hingað, en hann hélt því fram eftir á, að hann hefði sagt „nefndin". Hins vegar hafði verið skrifað Emden upphaflega af þingskrifaranum, og ég hafði sent þessa frétt út um heim til þess að vekja eftirtekt á því, að Hitler hefði mikinn augastað á Íslandi. Ég fékk það framan í mig daginn eftir, þegar heimsblöðin, bæði austanhafs og vestan, birtu þessar fréttir, að þetta væru landráð af mér, að hafa sent skeyti út um það, að Hitler hefði augastað á Íslandi til fluglendingarstöðva. Við erum vanir þessum stóru orðum frá þeim, sem á hverjum tíma hafa hér eitthvað að segja, þegar við erum að reyna að sýna fram á, hvað sé að gerast í þessum efnum. Það er því alveg óþarfi fyrir hæstv. utanrrh., þó að hann sé búinn fyrst að sverja í sambandi við landhelgismálin og síðan að svíkja, fyrst gagnvart Englendingum og síðan Vestur-Þjóðverjum, að vera að nota einhver hrottaleg orð núna.

Má ég spyrja: Eru ekki Vestur-Þjóðverjar vorir ágætu bandamenn? Er hann ekki alveg sérstaklega hrifinn af þessum Vestur-Þjóðverjum? Eru þetta ekki vinir okkar og verndarar? Má ég spyrja: Hafa ekki þessir Vestur-Þjóðverjar sérstakar æfingastöðvar í Englandi og Frakklandi? Er þetta einhver voðaleg synd, ef þeir ætla sér að koma upp æfingastöðvum á Íslandi, frá sjónarmiði hæstv. utanrrh.? Er það ekki bara til þess að gera verndina enn þá miklu betri? Ef hann skyldi ekki treysta alveg amerísku hermönnunum á Keflavíkurflugvelli, vegna þess að þeir kynnu að vera í svalli og fyllirí, þegar sú voðalega rússneska árás nálgaðist, fyndist honum þá ekki alveg ágætt að auka verndina með því að fá Vestur-Þjóðverja skólaða í skóla Hitlers? Hvað er eiginlega hæstv. utanrrh. að derra sig í þessum málum? Er hann ekki búinn að koma Íslandi inn í þetta þokkalega bandalag? Er hann ekki farinn að sjá um að koma íslenzkum stúlkum hér áleiðis á Keflavíkurflugvöll, svo

að a. m. k. hermönnum leiðist þar ekki? Eins og einhverjum detti í hug, að þessi maður fari að verða þess vegna eitthvað reiður raunverulega yfir því, að það komi vestur-þýzkir hermenn hingað til Íslands? Eins og við getum ekki trúað hverju sem er upp á hæstv. utanrrh.

Við heyrum sagt, að hinn vestur-þýzka her, sem sé sterkasti og bezti her Atlantshafsbandalagsins og þar með vafalaust lýðræðisins í Evrópu, vanti tilfinnanlega æfingastöðvar. Við vitum, að vinir vorir og frændur, Danir, eiga bágt með að láta þeim æfingastöðvar í té, vegna þess að landið er svo lítið og það er svo vel ræktað, að þó að Þjóðverjar séu að kaupa þar upp sumarhús og byggja þar sumarhús, þá gengur á landbúnaðinn danska, vegna þess að ræktunin minnkar ár frá ári. Þeir geta ekki séð af þessu undir herstöðvar. Hér á Íslandi er Sprengisandur og Ódáðahraun og öll okkar óbyggð. Skyldi nokkrum manni finnast það undarlegt, þó að þessir vinir og bandamenn, sem þessir hæstv. ráðh. hafa kosið sér, færu að sækjast eftir þessu hér á Íslandi? Ég held, að hæstv. utanrrh. ætti ekki að afneita svona skarplega, nema þá hann vilji lýsa því yfir, að það komi aldrei til mála, aldrei nokkurn tíma við neinar aðstæður, að Vestur-Þjóðverjar fái nokkra aðstöðu á Íslandi. Vill hann gera svo vel að lýsa yfir, að aldrei, aldrei muni af hálfu núv. stjórnarflokka vera fallizt á það, að Vestur-Þjóðverjum verði leyfð nokkur aðstaða á Íslandi, — aldrei, — vill hann gefa þá yfirlýsingu, — hvorki í Ódáðahrauni né á Sprengisandi né annars staðar, ekki til neinna ódáða né annars? Þá fer e. t. v. að vera eitthvert mark takandi á þessu.

Fyrst hann er allt í einu farinn að verða svona tölugur um, hvað sé að gerast í utanríkismálum, máske hann vilji þá fara að segja okkur dálítið nákvæmar frá því eða fá til þess samráðherra sína, sem sitja næstir honum, hvað þeir voru að gera suður í Bonn í haust, í september, hvaða samtöl þeir áttu þar við ráðamenn í þýzku ríkisstj., hæstv. viðskmrh. og hæstv. fjmrh. Kannske hæstv. utanrrrh., sem þeir hafa vafalaust gefið skýrslu, vilji fara að upplýsa okkur um það, hvort þeir hafa t. d. verið að þreifa fyrir sér viðvíkjandi Efnahagsbandalaginu og hvernig Bonn-stjórnin, sem nú er að verða ein voldugasta stjórnin í Vestur-Evrópu viðvíkjandi Efnahagsbandalaginu, mundi taka í það, að Ísland færi inn í Efnahagsbandalagið, hvers konar undirtektir þeir hafi fengið undir það að fá alls konar undanþágur í því sambandi. Ég veit því miður ekki um þessar viðræður. Máske utanrrh. vilji upplýsa okkur um þær. En máske Vestur-Þjóðverjum hafi dottið í hug á eftir, þegar verið var að fara fram á allar þessar undanþágur, sem við Íslendingar þyrftum, ef við ættum að ganga inn í Efnahagsbandalagið, að e. t. v. mundi afstaðan breytast eitthvað á Íslandi og í Þýzkalandi líka, ef t. d. Vestur-Þjóðverjum yrði auðið að fá æfingastöðvar hérna á Íslandi, þær vantar tilfinnanlega. Máske þeir yrðu þá eitthvað mildari viðvíkjandi undanþágunum í sambandi við Efnahagsbandalagið. Máske Vestur-Þjóðverjum hafi dottið það í hug á eftir, þegar þeir heyrðu, hvað þessir tveir íslenzku ráðh. voru áfjáðir í það að fá alls konar undanþágur í sambandi við inngöngu í Efnahagsbandalagið: hví skyldum við ekki geta gefið þessum vesalings Íslendingum einhverjar undanþágur í sambandi við Efnahagsbandalagið, svo framarlega sem þeir létu okkur hafa einhverjar undanþágur á Íslandi, t. d. fyrir æfingastöðvar? Ég býst ekki við, að þeir hafi minnzt á þetta við ráðh., þegar þeir voru í Bonn, en hver veit, nema þeim hafi dottið það í hug á eftir. Er ekki staðreynd, að það er búið að taka upp samninga við Bonn, að það er verið að leita fyrir sér í Bonn, að það er verið að betla á vestur-þýzku stjórninni um undanþágur? Er það ekki staðreynd? Og ætli það séu aðrir líklegri til þess en þeir að fara að færa sig upp á skaftið og fara þá að heimta einhverjar undanþágur hérna á móti.

Svo að ég taki mér orð hæstv. utanrrh. í munn, hann verður að gá að því, að menn furðar ekki á neinu, menn furðar ekki á neinu, sem þessi hæstv. ríkisstj. gerir. Ísland hefur nýlega orðið fyrir árásum af Englendingum, hernaðarlegum árásum af Bretlandi, okkar bandamanni. Og hvað var gert? Það var svo sem ekki verið að kæra það. Það var svo sem ekki verið að gera ráðstafanir á móti því. Nei, það var einfaldlega samið við þá, farið eftir þeirra fyrirmælum og þeir látnir fá það, sem þeir vildu. Og því var lýst sem stórsigri Íslands.

En þetta er nokkurn veginn alveg gefið, að um það leyti sem hæstv. utanrrh. kemur með fínt bréf upp á vasann hér fyrir Alþingi, sem segir: Nú verður að undirskrifa í snarhasti. Við fáum hvorki meira né minna en að innlima Ísland í Efnahagsbandalagið — hvílíkur stórsigur — og þurfum ekkert að láta nema smáæfingastöðvar fyrir Vestur-Þjóðverja, Ódáðahraunið eða Sprengisandinn eða eitthvað svoleiðis, — eins og maður sjái ekki fyrirsagnirnar í Morgunblaðinu: Stórsigur fyrir íslenzkt þjóðfrelsi. Dettur hæstv. utanrrh. í hug, að nokkur maður hér á Alþingi eða hjá þjóðinni yfirleitt taki hann alvarlega í þessum efnum? Maður metur náttúrlega við hann, að hann sé það vel að sér í diplómatískri kunnáttu, að hann kunni þó að afneita. Hingað til hefur hann verið ónýtur við þetta, en ég sé, að honum er að fara fram. Þess vegna mun þjóðin vafalaust halda áfram að fylgjast með þessu máli. Það er enginn efi á því, að það er engrar varðstöðu að vænta frá hæstv. utanrrh.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get ekki annað en látið uppi áhyggjur mínar út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Reykv. Það er sök sér, þó að dagblað í bænum birti að tilefnislausu árás á stjórnmálaandstæðinga, og ættu menn þó að kunna sér það hóf í slíkum árásum að gera þær ekki á þann veg, að þær gætu orðið skaðsamlegar langt fyrir utan íslenzka landsteina, og allra síst, að þær gætu orðið skaðsamlegar þjóð, sem mjög á í vök að verjast og allir Íslendingar eða a. m. k. flestir óska friðar og frelsis. Það er sök sér, þó að slík árás sé gerð í blöðum að tilefnislausu. Hitt er þeim mun alvarlegra, að jafnmerkur þm. og hv. 3. þm. Reykv. skuli að efni til taka undir þennan gersamlega tilhæfulausa áburð hér í sinni ræðu. Hann hefði orðið maður að meiri, ef hann hefði viðurkennt, að hér væri um gersamlega

ástæðulausar getsakir að ræða. En því fór fjarri, að hann viðurkenndi það. Þvert á móti reyndi hann með öllu móti að gefa í skyn, — hann færði ekki rök fyrir, en gefa í skyn, að frásögn Þjóðviljans væri rétt. Þetta er þeim mun vítaverðara og hlýtur að vekja þeim mun meiri áhyggjur hjá öllum góðviljuðum mönnum, þegar það er hugleitt, hvernig á stendur nú fyrir Finnlandi, og enginn hefur ýtarlegar en Þjóðviljinn hér á landi rakið það, að Finnland væri sett í hættu með ágengni Þjóðverja á Norðurlöndum. Nú er þar að vísu um mjög mikið mishermi að ræða. En hitt er rétt, að sovétstjórnin hefur í kröfum sínum gegn Finnum fyrst og fremst stutt þær með því, að Þjóðverjar væru að koma sér upp bækistöðvum á Norðurlöndum. Það getur því naumast verið tilviljun, að Þjóðviljinn skuli einmitt sama daginn og viðræður Kekkonens og Krúsjeffs hefjast birta með sínu stærsta letri og á mest áberandi hátt fregn um það, að Vestur-Þjóðverjar séu í þann veg að fá herstöðvar á Íslandi. Þarna er um að ræða óskiljanlegt frumhlaup, — frumhlaup, sem ég hefði ekki með nokkru móti trúað fyrir fram, að hv. 3. þm. Reykv. gæti verið samþykkur eða gæti haft annað en fulla andúð á. En í staðinn fyrir að firra Finna vandræðum af áburði Þjóðviljans og taka undir neitun utanrrh., þá heldur þessi hv. þm. hér langa ræðu, eins og ég sagði, til þess að gefa í skyn, að áburðurinn væri réttur, og getur þó ekki farið fram hjá hv. þm., hversu alvarlegar afleiðingar slíkur áburður mundi hafa, ef hann væri tekinn alvarlega af valdamönnum Sovétríkjanna. Þá mundi hann verða notaður sem enn ein og e. t. v. úrslitarök fyrir því, að þeir yrðu að fá kröfum sínum gagnvart Finnum framgengt. Þess vegna verður að spyrja hv. þm. að því, og hann verður að svara íslenzku þjóðinni og raunar miklu fleirum: Trúir hann virkilega á, að hér sé satt frá sagt? Og ef svo er: Hvaða rök hefur hann fyrir máli sínu? Eða er hér um beina, skipulagða herferð að ræða, sem íslenzkir menn hafi léð sig til, til þess að svíkjast aftan að okkar finnsku bræðraþjóð á hennar neyðarstundu?

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Hv. forseti. Í tilefni af grein Þjóðviljans í morgun, þá sá ég ástæðu til að skýra þingheimi frá því, að í nefndri grein væri farið með tilhæfulaus ósannindi. Mér fannst líka ástæða til að benda á, að þessi ósannindi eru borin fram á mjög þýðingarmikilli örlagastund finnsku þjóðarinnar, nákvæmlega á þeim sama tíma, sem forseti Finnlands er að setjast að samningaborðinu með forsætisráðherra Sovétríkjanna um jafnþýðingarmikið mál og þar er á ferðinni, mál, sem af hálfu Sovétríkjanna hefur verið flutt á grundvelli þess, að Vestur-Þjóðverjar hefðu árás í hug á Sovétríkin, og þessi fullyrðing af hálfu Ráðstjórnarríkjanna verið byggð á því m. a., að varnarmálaráðherra Vestur-Þjóðverja hefur nýlega verið á ferðinni í Osló, auk þess sem rætt hefur verið um aðild Vestur-Þjóðverja að yfirstjórn Eystrasaltsflota Dana. Ég benti á í minni ræðu, hvað það væri alvarlegt að leyfa sér að skrökva upp jafnþýðingarmikilli fregn og hér er skrökvað upp og einmitt á því augnabliki, sem hér er um að ræða.

Hv. 3. þm. Reykv. sá ástæðu til að taka til máls um þetta mál, og átti ég von á því. En hann ræddi um málið með mjög undarlegum hætti. Hann lagði mesta áherzlu á að ræða um allt annað en það, sem hér hefur nú raunverulega verið hreyft. Hann talaði um landhelgismálið fram og aftur, sem ekkert kemur þessu máli við, og hann dró jafnvel umr. um Efnahagsbandalagið inn í þetta mál. Landhelgismálið, Efnahagsbandalagið og öll slík mál koma þessari frétt út af fyrir sig ekkert við. Því er lýst yfir, að fréttin sé röng, því að hún er röng. Og það er fordæmt, með hverjum hætti og á hvaða tíma hún er borin fram. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður komizt fram hjá, hvað mikið sem hv. 3. þm. Reykv. vill um önnur og óskyld mál ræða.

En hann gerði annað og meira. Hann fór að dylgja með það, að fréttin kynni nú að vera sönn. Og þessar dylgjur voru m. a. í því fólgnar að hreyfa því hér, hvað tveir íslenzkir ráðherrar hafi verið að ræða, þegar þeir voru á ferðinni í Bonn fyrir nokkru. Frá þessu hefur verið skýrt. Þetta er ekkert leyndarmál. Ferð þeirra hafði verið undirbúin áður. Þeir áttu leið þarna um. Þeir áttu erindi við þá ráðherra, sem þeir ræddu við, en það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við, þó að hv. 3. þm. Reykv. sé að reyna að nota þessa ferð þessara tveggja ráðh. sem dylgjur til þess að undirbyggja hina ósönnu fregn Þjóðviljans, sem birt var þar í morgun. Ég verð að segja, að þetta er næsta lúalega að farið. Þessi hv. þm. rifjaði líka upp í ræðu sinni, að fyrir allmörgum árum hafi hann hreyft því hér á Alþingi, að Hitler hefði augastað á Íslandi sem lendingarstöð fyrir flugvélar. Ég man nú ekki eftir þessu máli. En þessi hv. þm. bætti því við, að hann hefði símað fregnina af þessum umr. út um allan heim. Og er það ekki eitthvað svipað, sem er verið að undirbúa og er á ferðinni hér? Þjóðviljinn býr til fregnina um viðræður Þjóðverja við Íslendinga út af þýzkum herstöðvum á Íslandi. Síðan á að síma þessa fregn út um allan heim, koma henni í heimspressuna, og ég held, að við þurfum ekki að vera í neinum vafa um, hvernig svona fregn mundi verða notuð af þeim, sem Finnar eru að ræða við þessa stundina. Tilgangurinn leynir sér ekki.

En fyrst hv. 3. þm. Reykv. er að dylgja með, að fregnin kunni að vera sönn, og vill draga í efa mín andmæli, þá vil ég gjarnan minna hann á, að í Þjóðviljanum stendur. að blaðið hafi örugga heimild fyrir þessari fregn. Ég skora á hv. 3. þm. Reykv., ég skora á Þjóðviljann að upplýsa, hver þessi örugga heimild sé. Ég skora á þá að tilgreina, hvaðan þeir hafa þessa heimild. Ef þeir ekki geta það, ef þeir ekki vilja gera það, þá er það vegna þess, sem auðvitað er það sanna, að þeir hafa sjálfir skrökvað fregninni upp. Og það væri miklu sæmra fyrir hv. 3. þm. Reykv. að gera grein fyrir sínum heimildum, ef hann hyggst hafa þær, heldur en að vera hér með ósæmilegar og ómaklegar dylgjur.

Hv. 3. þm. Reykv. óskaði eftir því, að ég lýsti því yfir, að Íslendingar muni aldrei um alla framtíð fá Vestur-Þjóðverjum neina hernaðaraðstöðu á Íslandi. Út af þessari kröfu hans vil ég aðeins segja það, að til slíkrar yfirlýsingar er

ekkert tilefni og ég er alls ekki maður til að gefa yfirlýsingu fyrir Íslendinga um alla framtíð í þessu efnum. Slík yfirlýsing frá mér væri að sjálfsögðu einskis virði. Hinu lýsi ég yfir og lýsi því afdráttarlaust yfir, að allar fullyrðingar og allar dylgjur um það, að nokkrar viðræður hafi átt sér stað við Þjóðverja eða nokkur málaleitun hafi komið fram af þeirra hálfu um það að fá hér hernaðaraðstöðu, eru tilhæfulausar með öllu.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forsrh. beindi þeirri fsp. til mín, hvað ég áliti um þessa frétt. Ef ég á að segja honum alveg satt, þá vil ég segja það, að ég er dauðhræddur um, að hún sé rétt. Ég er dauðhræddur um, að hún sé rétt. Ég veit ekkert meira um hana en það, sem stendur í Þjóðviljanum, en reynsla mín er sú, að af öllu því, sem gerzt hefur á þessum 25 árum, sem ég hef bráðum setið hér á Alþingi, þá hefur það því miður, — og það undirstrika ég, — því miður verið svo, að þegar svona fréttir hafa komið hjá okkur í Þjóðviljanum, *og um tíma hafði ég* sjálfur allmikið með hann að gera, þá hefur það því miður reynzt svo, að þetta hefur reynzt rétt. Þetta er sú sorglega saga. Yfirlýsingar, sem Alþingi hefur gefið hér hvað eftir annað, eins og þegar við gengum í Sameinuðu þjóðirnar 1946, um, að við mundum aldrei leyfa einu sinni Sameinuðu þjóðunum herstöðvar hérna á Íslandi, þessar yfirlýsingar eru allar saman eyðilagðar rétt á eftir. Þetta er það sorglega, sem maður hefur lifað í sambandi við þessi mál, og þess vegna er maður orðinn svona. Þó að ég sé yfirleitt heldur bjartsýnn maður, þá er maður orðinn svona svartsýnn á okkar hæstv. núv. valdhafa, að við treystum þeim ekki í þessum málum. Jafnvel þegar við heyrum eitthvað ljótt eins og þetta, þá erum við hræddir um, *að þetta kunni að vera rétt.*

Því er blandað hér inn í, að þetta kunni að hafa einhver áhrif í sambandi við þá samninga, sem Finnar og Rússar eiga í, að þetta geti verið eitthvað skaðsamlegt Finnum. Mikil þykir mér nú þessi fantasía vera. Ég fyrir mitt leyti óska Finnum alls góðs í þeim samningum, sem þeir eiga í, og ég fæ ekki séð, hvernig það gæti að einhverju leyti bætt á þær hættur, sem t. d. Sovétríkin kynnu að álíta sér stafa frá herstöðvum hér á Íslandi, þar sem Bandaríkjamenn hafa hér herstöðvar alveg fullkomlega útbúnar, þó að Vestur-Þjóðverjar fengju hér æfingastöðvar. Ég sé ekki, hvernig ætti að vera hægt að nota það frá hernaðarfræðilegu sjónarmiði. Vitað er þó, að Vestur-Þjóðverjar og Bandaríkjamenn eru bandamenn, að Vestur-Þjóðverjar búast við því sjálfir, eftir yfirlýsingum landvarnaráðherrans Strauss, að fá kjarnorkuvopn á árinu 1962, og að ein höfuðástæðan til þess, að svo óvænlega lítur út í heimsmálunum og nú lítur út, er sú, að Sovétríkin vilja gefa í skyn, að þau vilji ekki bíða eftir því, að Vestur-Þjóðverjar séu búnir að fá kjarnorkuvopn. Og ég skil þó varla í, þótt ég sé ekki mikill herfræðingur, að það ætti að vera einhver sérstök ógnun fyrir Sovétríkin, þótt jafnvel Vestur-Þjóðverjar hefðu æfingastöðvar hérna, svo framarlega sem þeir kæmu upp kjarnorkuvopnum bæði í Vestur-Þýzkalandi og öðrum hlutum heims, sem liggja þó nær þeim en hér. Ég fæ þess vegna ekki séð sambandið þarna á milli, nema það, sem menn eru að reyna að skapa í áróðursskyni. Mér finnst það ósköp kjánalegt. Það er nokkurn veginn vitanlegt, að Sovétríkin líta varla svo á, að þeim stafi hætta af Vestur-Þjóðverjum einum. Það er ekki það, sem þarna liggur á bak við. Þeir búast varla við því, að Vestur-Þjóðverjar fari einir til árása. Þeir búast við því, að Vestur-Þjóðverjar kunni að fá sína bandamenn með út í styrjöld með því að blása þetta einhvern veginn upp, án þess að Bandaríkin og aðrir, sem vildu kannske vera gætnari, réðu þarna við, — þannig að ef þetta er athugað frá einhverju herstöðvalegu sjónarmiði, þá sé ég ekki, hvernig mönnum dettur í hug að fara að blanda slíku saman. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég óska Finnum alls góðs í þeim samningum, sem þeir eiga í. En minn hugur er hins vegar fyrst og fremst hjá eigin þjóð í þessum efnum.

Mér lízt ekki á þá samninga, sem verið er að gera viðvíkjandi okkar eigin þjóð, á þá samninga, *sem þegar hafa verið gerðir um herstöðvar* hérna, á þann sið, sem nú er farinn að viðgangast, að fara meira að segja að leyfa Bandaríkjunum að koma upp sjónvarpi á Keflavíkurflugvelli, að fara svo að segja að undirlagi utanrrn. að senda íslenzkar stúlkur inn á Keflavíkurflugvöll, að gera ráðstafanir til að spilla okkar þjóð og eyðileggja okkar þjóð og vinna svo þar að auki að því að ætla að innlima okkur í þetta stórþýzka ríki, sem er að rísa upp undir nafni Efnahagsbandalagsins, og skapa þar með þá hættu að þurrka út okkar þjóðerni. Þrátt fyrir samúð okkar allra saman með Finnum ber okkur að hugsa um okkar eigin þjóð nú og láta ekki gera ráðstafanir til að þurrka hana út, eins og verið er að gera ráðstafanir til með því að hefja þá samninga um inngöngu í Efnahagsbandalagið, *sem nú er verið að gera*, því að það sér hver maður, að þegar svo langt er komið, að erlent auðmagn og erlendir verkamenn streyma inn hér á Íslandi og ná tökunum hér á Íslandi, þá förum við að verða minni hluti, okkar eigin þjóð. Ég held þess vegna, að þeim mönnum, sem tala svona hjartnæmt núna um Finna, — og tek ég vissulega undir það hjá þeim, — bæri að hugsa ofur lítið meira um eigin þjóð í þessum efnum.

Svo kom hæstv. utanrrh. að því, að líklega yrði nú þetta símað út um allan heim. Ekki skal ég segja um það. Ég vissi, að það var nú svo, þótt ekki væri símað nema til Kaupmannahafnar, þegar þetta gerðist, sem hann var að tala um 1939, þá fékk ég skeyti hér til Alþingis eitthvað tveim dögum síðar frá Bandaríkjunum, þar sem var farið fram á að síma þangað, hvers konar samningaumleitanir þetta væru, sem Þýzkaland hefði farið fram á.

Ég fór fram á eitt við hæstv. utanrrh. einmitt í sambandi við það, sem hann kallaði ósæmilegar dylgjur hjá mér nú í síðustu ræðu. Ég fór fram á eitt, einn einasta hlut, og það til þess að sannreyna, hvort það væri nú alveg áreiðanlegt, að það væri enginn fótur fyrir þessu, sem ég mjög gjarnan vildi mega trúa. Ég fór fram á eitt, ég fór fram á, að hæstv. utanrrh. gæfi þá yfirlýsingu, að hann vildi lýsa því yfir, að það yrði aldrei látið undan með það að láta Vestur-Þjóðverjum í té æfingastöðvar eða herstöðvar á

Íslandi. Og þá kom hæstv. utanrrh. hér upp, þó hendur sínar sem Pílatus forðum og sagði: Hvernig á ég, vesæll maður, að lýsa því yfir fyrir Íslands hönd, — hann sagði þetta ekki orðrétt, en nokkurn veginn svona var andinn í þessu samt, — að Ísland muni aldrei láta neinar herstöðvar eða æfingastöðvar til Vestur-Þjóðverja, lýsa því yfir um alla framtíð? — Má ég nú spyrja hæstv. utanrrh.: Er hann ekki, vesæll maður, búinn nýlega að gera einn samning, þar sem því er lýst yfir um alla framtíð, að Ísland muni ætíð leita til dómstólsins í Haag, ef sá dómstóll skyldi standa um alla framtíð, ef Íslendingar ætluðu sér að útvíkka sína eigin landhelgi? M. ö. o.: ef hæstv. utanrrh. vill standa við þetta, og skyldi ég með mikilli ánægju samfylkja með honum í því, þá getum við bara lagt hér fyrir Alþingi eina yfirlýsingu, þar sem við tökum fram, að það gildi fyrir alla framtíð óuppsegjanlegt, eins og hann skýrði þann samning, að aldrei muni Vestur-Þjóðverjar fá æfingastöðvar né herstöðvar á Íslandi. Skyldum við ekki geta komið því þannig fyrir, skyldi ekki lögfræðingurinn, sem fann út landhelgissamninginn, þennan óuppsegjanlega um alla framtíð, þann fyrsta, sem Ísland hefur gert þannig, a. m. k. um nokkrar aldir, — skyldi hann ekki geta fundið út aðferð til þess að lýsa yfir, að það muni aldrei koma til, að Íslendingar geri slíkt? Ég sé ekki annað en við ættum að geta sameinazt um þetta og þar með bjarga vinum vorum Finnum, sem sumir halda að við séum að setja í einhverja erfiðleika með þessu, lýsa því yfir, hugga þá og hugga Rússa, sem þeir virðast bera svona mikla umhyggju fyrir núna, hæstv. utanrrh. og fleiri, um, að hér muni vestur-þýzkur her aldrei fá neinar æfingastöðvar né herstöðvar. Skyldum við ekki vera menn til þess að lýsa því yfir, við sem nú sitjum á Alþingi, jafngilt og hinu var lýst yfir um óuppsegjanlega landhelgissamninginn? Það mundi þá a. m. k. sýna, að allir flokkar á Alþingi, þeir sem nú eru, væru sammála um þetta nú, og það mundi þá a. m. k. ótvírætt gilda, á meðan þeir allir saman hefðu eitthvert vald í íslenzkum stjórnmálum, og bágt á ég með að trúa, að svo miklar byltingar verði hjá okkur, að það verði ekki næstu áratugina nokkurn veginn flokkar, sem hafa meira eða minna að gera með stjórnmálin hér heima. Ég býð hæstv. utanrrh. upp á það, að allir flokkar hér á Alþingi sameinist um að lýsa því yfir, að það tjói aldrei fyrir vestur-þýzka stjórn að reyna að fara hér fram á neinar æfingastöðvar né herstöðvar, því að allir þessir flokkar séu sammála um það fyrir alla framtíð, á meðan þeir ráði einhverju á Íslandi, að segja nei við öllum slíkum tilmælum. Þá erum við búnir að þvo okkar hendur og sameinast um þetta mál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. gerði ekki það, sem hann sem góður drengur og víðsýnn stjórnmálamaður, vitandi, hvaða áhrif orð hans hafa, ekki sízt austur í Rússlandi, átti að lýsa yfir, að fregn Þjóðviljans væri með öllu tilhæfulaus. Þvert á móti reyndi hann enn að gefa í skyn, að hún kynni að hafa við eitthvað að styðjast. Hann sagðist raunar ekkert vita meira um fregnina en hver okkar hinna, sem hana læsi. Það var vegna þess, að hæstv. utanrrh. og ég höfðum skorað á hann að færa fram þau rök, sem hann hefði fyrir því, að þessi fregn væri rétt. Nú þykist hann ekkert vita um þau ákveðnu rök, en færir einungis almennar líkur að sínu mati fyrir því, að fréttin sé engu að síður sönn.

En Þjóðviljinn segir í fyrstu setningu fregnar sinnar: „Þjóðviljinn hefur örugga vitneskju um það, að vestur-þýzk stjórnarvöld hafa leitað fyrir sér um það, að þau fái aðstöðu til herstöðva og heræfinga á Íslandi.“ Það er nú harla ótrúlegt, svo að ekki sé meira sagt, að aðalmálgagn þess flokks, sem hv. 3. þm. Reykv. er formaður í, birti slíka fregn og segist hafa örugga vitneskju um hana, án þess að hafa áður borið sig saman við hv. þm. og tjáð honum, hver þessi örugga vitneskja væri. Hér er vissulega um svo alvarlegt mál að ræða, að sannarlega er það með fullum ólíkindum, ef þessir aðilar hafa ekki haft samráð um það og Þjóðviljinn tjáð sínum flokksformanni, hver þessi örugga vitneskja væri. Ekki er nú hv. þm. sérlega forvitinn eða hefur honum fundizt mikið til um þessa fregn, svo stórum stöfum sem hún er þó prentuð, ef hann hefur ekki í morgun látið sér vinnast tími til að grennslast eftir, hver þessi örugga vitneskja væri. Ég verð því enn mjög eindregið að fara þess á leit við hv. þm., að hann annaðhvort lýsi yfir því, að hér sé um gersamlega staðlausa stafi að ræða, eða hann færi fram þá öruggu vitneskju, sem hans eigið málgagn telur sig hafa fyrir fregninni. Hv. þm. verður sæmdar sinnar vegna að gera annaðhvort og getur ekki sloppið með þeim getsökum, sem hann hefur látið sér nægja í málflutningi sínum hingað til.

Þá hélt hv. þm. því fram, að því færi fjarri, að þessi fregn væri til þess löguð að skaða Finna. Hann þóttist svo sem hafa samúð með þeim, þó að samúð hans með íslenzku þjóðinni væri enn þá meiri. En hann vildi halda því fram, að fregnin væri ekki til þess löguð að gera Finnum tjón. Ég leyfi mér, með samþykki hæstv. forseta, að vitna til þess, sem Þjóðviljinn sagði um þetta efni hinn 16. nóv. s. l. Þar segir orðrétt:

„Ástæðan til þess, að Sovétríkin krefjast nú tryggingar fyrir finnskri hlutleysisstefnu, er sú, að verið er að koma á laggirnar sameiginlegri yfirstjórn vestur-þýzka hersins og herjanna í NATO-ríkjunum á Norðurlöndum, og Sovétríkin hafa ekki gleymt því, þegar þýzkar hersveitir höfðu bólfestu í Finnlandi og herjuðu þaðan langt inn í Sovétríkin. Við Íslendingar erum einnig aðilar að þeirri stefnu að láta vestur-þýzku herstjórnina teygja griparma sína yfir Norðurlönd og berum því okkar fullu ábyrgð á vanda Finna.“

Það er ótvírætt, að það er ekki tilvera Atlantshafsbandalagsins eða þess almenna stefna, sem gerir það að verkum, að sovétstjórnin ber nú fram þessar nýju kröfur gagnvart Finnum. Sovétstjórnin sleppti meira að segja herstöðvum, sem hún hafði í Finnlandi, löngu eftir að Atlantshafsbandalagið hafði verið stofnað og sýnt var, hvernig það hugðist starfa. Það, sem sovétstjórnin nú ber fyrir sig, eins og Þjóðviljinn segir í tilvitnaðri grein, eru aukin áhrif Vestur-Þjóðverja í Atlantshafsbandalaginu og þá einkanlega á Norðurlöndum. Það þarf því ekki, miðað við rökstuðning og yfirlýsingar

Þjóðviljans sjálfs hinn 16. nóv., að fara í grafgötur um það, hversu þung ábyrgð okkar í huga sovétstjórnarinnar og talsmanna hennar hlýtur að vera á örlögum Finnlands, ef það er rétt, að einmitt um sömu mundir og samningar eru að hefjast milli Krúsjeffs og Kekkonens, þá séum við að veita Vestur-Þjóðverjum miklu meiri áhrif á Norðurlöndum en þeir nokkru sinni hingað til hafa haft. Hingað til hefur ekki komið til mála, að þeir fengju neinar herstöðvar neins staðar á Norðurlöndum. Eftir fullyrðingu Þjóðviljans í morgun er ætlunin sú, að þeir komi upp herstöðvum á Íslandi, að Ísland verði fyrsta landið á Norðurlöndum, sem veiti Vestur-Þjóðverjum slíka aðstöðu. Allt það, sem sovétstjórnin hefur notað sem ástæður fyrir kröfum sínum gegn Finnum, er miklu minna um vert og hefur minni hernaðarþýðingu heldur en ef landi eru veittar herstöðvar í einhverju öðru landi. Það er þess vegna, eins og ég sagði áður, ótvírætt, að aðstandendur Þjóðviljans vita ósköp vel, hvaða afleiðingar verða af slíkri fregn eins og þeirri, sem blaðið birtir með svo stórum stöfum, lagaða til þess að vekja sem allra mesta athygli á fregninni nú í morgun. Það er berum orðum sagt, að Vestur-Þjóðverjar eigi að fá sterkari hernaðaraðstöðu á Norðurlöndum en þeir hingað til hafa haft og í raun og veru í fyrsta skipti sjálfir að fá hernaðaraðstöðu á einhverju Norðurlandanna.

Þjóðviljinn segir 21. nóv. í forustugrein:

„Í kalda stríðinu býður ein herstöð annarri heim, ein ógnunin ákallar aðra.“

Þetta stendur í Þjóðviljanum 21. nóv. Eftir þessar yfirlýsingar Þjóðviljans 16. nóv. og 21. nóv. getur engum dulizt, að það hlýtur að vera ætlun blaðsins að leggja sovétstjórninni vopn í hendur til þess að heimta herstöðvar í Finnlandi, vegna þess að Íslendingar séu í þann veg að veita Þjóðverjum herstöðvar á Íslandi. Ég trúi því ekki, að jafnvíðsýnn og margreyndur stjórnmálamaður og hv. 3. þm. Reykv. sé slíku níðingsbragði samþykkur, sem er eitthvert ljótasta óþokkabragð, sem nokkurn tíma hefur verið framið í íslenzkri blaðamennsku. Ég trúi því ekki, að hv. þm. sé þessu samþykkur, og ég skora á hann að lýsa yfir, að hann fyrirlíti þvílíkar aðfarir.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég heyri á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að hæstv. ráðherrar vilja neita þeirri frétt, sem birt hefur verið í dag í Þjóðviljanum um kröfur Vestur-Þjóðverja til þess að fá hernaðarlega aðstöðu hér á Íslandi. Og ég heyri enn fremur, að hæstv. forsrh. leggur á það allmikla áherzlu, að þessi frétt geti orðið til þess að veikja aðstöðu Finna í samningum þeirra nú við Sovétríkin.

Ég skal fyrir mitt leyti ekkert um það segja á þessu stigi málsins, hvort sú frétt, sem birt er í Þjóðviljanum, er rétt eða ekki. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kanna það, en mér fer eins og fleirum hér, að mér dugir það ekki að fenginni reynslu, þó að ákveðnir ráðherrar lýsi því yfir, að orðrómur, sem er á sveimi, sé ekki réttur, svo mörg dæmi höfum við um það, að slíkar yfirlýsingar hafa ekki fengið staðizt, þegar á þurfti að reyna En mér sýnist í þessu máli eitt vera aðalatriðið og þá ekki sízt út frá því, sem hæstv. forsrh. hefur sagt um aðstöðu Finna nú um þessar mundir, en það er það, að jafnhliða því sem hæstv. ríkisstj. neitar því opinberlega, að þessi frétt, sem birzt hefur í Þjóðviljanum, sé rétt, — það er vitanlega sjálfsagt, að slíkt komi frá hæstv. ríkisstj., að hún lýsi yfir, að fréttin sé röng, sé hún röng, — en að það komi einnig til viðbótar með yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. alveg umbúðalaust, að tilgangslaust væri fyrir Vestur-Þjóðverja að biðja um slíkt, að fá nú hernaðarlega aðstöðu á einn eða annan hátt á Íslandi, því að við slíku yrði ekki orðið. Slíkt hefði kannske eitthvað að segja fyrir aðstöðu Finna nú í þessu máli og reyndar fleiri, og ég vil undirstrika það, að með öllu er óþarft að vera að hengja sig á eitthvert orðalag, eins og hæstv. utanrrh. gerði í þessum efnum, að hann geti ekki gefið hér skuldbindingar eða yfirlýsingar, sem varði afstöðu Íslands um alla framtíð. Ég skal gefa honum það fyrir mitt leyti eftir að nefna ekkert um það í slíkri yfirlýsingu, að Vestur-Þjóðverjum verði ekki veitt slík aðstaða um alla framtíð, en ég fer fram á það, að hæstv. ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum og segi afdráttarlaust, að tilgangslaust væri fyrir Vestur-Þjóðverja að biðja um slíka aðstöðu hér á Íslandi, því að hún yrði ekki veitt. Ef hæstv. ríkisstj. vill lýsa þessu yfir, þá ætti hún eftir þeirri röksemdafærslu, sem hæstv. forsrh. hefur beitt hér, að ljá Finnum lið í þeirra málefnalegu aðstöðu nú. Þá hefðu Finnar það svart á hvítu, að íslenzka ríkisstj. hefði lýst því yfir einmitt nú, að tilgangslaust væri fyrir Vestur-Þjóðverja að biðja um slíka aðstöðu á Íslandi, því að hún yrði ekki veitt. Nú reynir á, að mínum dómi, hvort hæstv. ríkisstj. vill styrkja aðstöðu Finna í þessu máli eða ekki, hvort hún vill gera hreint fyrir sínum dyrum hér eða ekki. Þetta er aðalatriði málsins. Þetta er það, sem tekur nokkuð af um það, hvort eitthvað kunni að vera rétt eða ekki í þessum orðrómi, sem Þjóðviljinn hefur birt fréttir af. En eftir hinu mun líka verða tekið í sambandi við þessa frétt, þó að hæstv. ríkisstj. afneiti fréttinni, ef hún skorast undan því að gefa slíka yfirlýsingu, sem ég fer hér fram á. Eftir því mun líka verða tekið. Í þessum efnum hljóta menn að hafa í huga, að það liggur fyrir öllum, að Vestur-Þjóðverjar hafa leitað að undanförnu til allmargra ríkja um það að fá slíka aðstöðu, eins og fréttin í Þjóðviljanum fjallar um. Við vitum, að þeir hafa leitað eftir slíku við Breta og fengið aðstöðu þar. Við vitum, að þeir hafa leitað eftir slíku við Frakka og fengið aðstöðu þar. Við vitum líka, að þeir hafa leitað eftir slíku við Portúgali og fengið aðstöðu þar. Og við vitum líka, að þeir hafa knúið á með það að fá nokkuð svipaða aðstöðu hjá öðrum Norðurlöndum í sambandi við yfirstjórn þá, sem þeir eru nú að knýja fram sér til handa yfir flotastyrk á Eystrasalti. Það fer því ekkert á milli mála, að Vestur-Þjóðverjar hafa verið að reyna að pota sér áfram í þessum efnum, og það væri því sannarlega ekki úr leið, að þeir færu fram á eitthvað slíkt hér, þar sem þeir hafa séð með eigin augum og vita um, að stjórnarvöld hér hafa verið æði leiðitöm í því að hleypa erlendum her inn í okkar land. Nú er þessi frétt komin fram, og af því álít ég, að það sé nauðsynlegt

fyrir hæstv. ríkisstj. að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Ég skal ekki eyða hér lengri tíma í þetta að sinni, en ég endurtek þá áskorun mína til hæstv. forsrh. sérstaklega og reyndar einnig til hæstv. utanrrh., að þeir lýsi því hér yfir og geri það síðan opinberlega í tilefni af þessari frétt, að jafnhliða því sem þeir neiti fréttinni, að hún sé rétt, þá lýsi þeir yfir, að tilgangslaust væri að biðja um slíkt sem þetta, því að Íslendingar mundu ekki verða við slíkri beiðni. Ég endurtek áskorun mína til hæstv. ríkisstj. að lýsa þessu yfir. Annars hefur hún ekki gert hreint fyrir sínum dyrum varðandi þetta mál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður skoraði á mig að gefa hér vissa yfirlýsingu í heyranda hljóði á Alþingi og endurtaka hana síðan opinberlega. Spurning er, hvort það væri ekki mark takandi á þeirri yfirlýsingu, sem gefin væri á Alþingi, heldur þyrfti að síma Krúsjeff hana, til þess að hv. þm. teldi hana einhvers virði. Annars er það nokkuð hlálegt, að fyrst halda þessir hv. þm. langar ræður um það, að ekki sé að marka eitt einasta orð, hvorki yfirlýsingar stjórnarinnar um, hvort ákveðnir atburðir hafi gerzt eða séu að gerast, né loforð þeirra um framtíðina, en hins vegar krefjast þeir loforða um framtíðarathafnir, sem núverandi ríkisstj. vitanlega hefur ekki á valdi sínu að binda Alþingi eða komandi ríkisstj. um. Þeir bera fram þessar kröfur um yfirlýsingar, einungis vegna þess að þeir eru að reyna að dreifa huga manna frá aðalatriði málsins, hvort þessi tiltekna fregn sé rétt eða ekki. En það er hún ein, sem hér er til umræðu og úr þarf að fá skorið, hvort fái staðizt eða ekki.

Þessi uppspuni, sem í Þjóðviljanum er prentaður og hefur verið lesinn upp og hv. þingmenn vilja ekki taka afstöðu gegn, gefur að sjálfsögðu ekkert tilefni til neinna yfirlýsinga um framtíðina eða skuldbindingar af hálfu íslenzku stjórnarinnar, Alþingis eða ríkisins. Slíkar skuldbindingar verða að sjálfsögðu gefnar, ef ástæða er til, en ekki þó að slík ósannindi séu fram borin eins og hér hefur verið gert.

Það er harla athyglisvert, að hvorugur þessara hv. þm., sem báðir eru mestu valdamenn í þeim flokki, sem stendur að Þjóðviljanum, segist geta dæmt um eða hafa staðreynt, hvort fregn Þjóðviljans sé sönn eða ekki. Þjóðviljinn segist þó hafa örugga vitneskju um, að fregnin sé rétt. Hv. þm. vilja láta okkur trúa því, að Þjóðviljinn hafi lumað á þessari öruggu vitneskju, áður en hann birti fregnina, án þess að bera sig saman við þessa tvo mestu valdamenn flokksins, og þeir vilja láta okkur trúa því, að þeir hafi látið hálfan daginn líða svo, að slík stórfrétt, sem ekki aðeins hefur mjög mikla þýðingu fyrir Íslendinga, heldur ef til vill meira en nokkur önnur fregn nokkru sinni frá Íslandi er til þess löguð að geta haft áhrif á örlög og framtíð annarrar þjóðar, — þeir vilja láta okkur trúa því, að þeir hafi látið hálfan daginn líða án þess að kynna sér, hverjar heimildir Þjóðviljinn hefði, hver sú örugg vitneskja væri, sem hann ber á borð. Slíkum málflutningi trúir enginn, og ég skora enn á þessa menn að hafa nú manndóm einu sinni til þess að standa upp og lýsa yfir því, sem þeir báðir vita, að Þjóðviljinn fari hér með vísvitandi lygi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur engu svarað enn þá um það, sem ég fór fram á við hann áðan. Mér þykir það mjög slæmt, sérstaklega ef yrði nú farið að skera niður umræðurnar, þá hefði ég ekki neitt tækifæri til að ræða ofur lítið betur við hann um það, sem ég fór fram á við hann og sýndi honum fram á, hvaða aðstöðu hann hefði til þess að gefa þarna mjög góða yfirlýsingu. Hins vegar hefur hæstv. forsrh. nú komið honum til liðveizlu, sem ekki veitti af, og byrjar nú með því að gefa það í skyn, að vafalaust hljóti ég og hv. formaður þingflokks okkar, hv. 4 þm. Austf., að fylgjast svo vel með blaðinu, að við hlytum nú að vita um allt, sem í því kæmi, og allar þess heimildir.

Ég veit, að hæstv. forsrh. var líka einu sinni ritstjóri við aðalblað þess flokks, eins og ég var við míns flokks, en ég held nú varla, að hann fylgist alveg með því, sem gerist daglega í Morgunblaðinu, eða stjórni því, sem þar er skrifað. A. m. k. höfum við nú öðru hverju fengið að heyra það í sambandi við þær deilur, sem uppi hafa verið, að ekki hafi það allt verið skoðun Sjálfstfl., sem þar hefur komið. Hvað Þjóðviljann snertir, þá setur hann fram, eins og blaðamönnum er rétt og eins og blaðamönnum er heimilt, þær hugmyndir, sem hann veit beztar og réttastar á hverjum tíma, og þegar hann heldur, að einhver hætta sé á ferðum, og ef hann hefur einhver sambönd til að geta fengið að vita slíkar fréttir, þá setur hann þær fram. Og ég vil minna hæstv. forsrh. á, að þegar hann var dómsmrh., þá kom alllengi fyrir, að það voru settar fram fréttir í Þjóðviljanum, sem var básúnað út að væru álygar og allt hvað eina, það voru afhjúpuð hér hvers konar ill verk, sem framin höfðu verið á fjármálalegu sviði. Það gekk svo meira að segja vikum og mánuðum saman, og þessu var alltaf þverneitað. Og hvað gerist svo á endanum? Á endanum gerist það, að sjálfur hæstv. núv. forsrh. verður sjálfur að láta höfða rannsóknir út af þessum málum. Ég hafði satt að segja ekki heldur þá hugmynd um, hvaða uppsprettur Þjóðviljinn hafði fyrir því, sem hann kom fram með. En það hefur verið svo, bæði þegar ég hafði sjálfur með hann að gera sem ritstjóri og síðan, að hann hefur verið fundvís á, hvað hafi verið að gerast, og það er nú einu sinni réttur blaðamannanna og raunverulega skylda þeirra að reyna að segja frá slíku. Og það er ekki heldur hægt að heimta af þeim, enda ekki þeirra síður, að þeir gefi upp allar þær heimildir, sem þeir hafa í slíku sambandi. Það er eitt af því, sem fylgir með blaðafrelsinu. Þess vegna vil ég segja það, að það skyldi engum þykja vænna um það en mér, að þetta væri allt saman ósatt, ekki vegna Finna endilega, þó að það kynni að vera gott fyrir þá, eins og hæstv. forsrh. segir, heldur fyrst og fremst vegna okkar Íslendinga, að við ættum ekki þetta yfir höfði okkar. Og það erum fyrst og fremst við, sem ég er að hugsa um, og þess vegna höfum við gefið hæstv. ríkisstj. þetta tækifæri nú til að gefa slíka yfirlýsingu, að ekkert slíkt þyrftum við að óttast, og ef þeim finnst, að þeir flokk-

ar, sem nú fari með völd, hafi ekki vald til þessa og það þýði lítið gagnvart Krúsjeff, eins og þeir segja, til að hjalpa Finnum, að þeir væru að gera slíka yfirlýsingu, þá held ég, að hinir flokkarnir, sem þeir eru alltaf að kenna við kommúnismann og Krúsjeff, Framsfl. og Alþb., ég held, að það mundi varla standa á þeim flokkum að gefa yfirlýsingu með þeim, svo að það væri ein allsherjar samfylking um, að Krúsjeff þyrfti ekkert að vera hræddur. (**Forsrh.**: Hefur hv. þm. umboðið frá Framsókn upp á vasann?) Nei, en ég var að segja, að mér fyndist það ekki ólíklegt, eins mikið og hún er kennd við Krúsjeff og kommúnisma nú af Morgunblaðinu, að hún mundi fást til að gefa þá yfirlýsingu, að hún mundi ekki heldur, þó að hún ætti eftir að taka völd hér á Íslandi, ljá máls á því, að Vestur-Þjóðverjar fengju hér herstöðvar. Hæstv. forsrh. getur spurt formann þingflokks Framsfl. að því, hvort hann mundi ekki vera fáanlegur til að gefa slíka yfirlýsingu, þannig að þótt hæstv. stjórnarflokkar óttist, að þeirra völd mundu ekki duga lengur en til næstu kosninga og þeir yrðu þá komnir í hverfandi minni hluta á Íslandi og hefðu þess vegna ekkert lengur að segja, þá eru það þó líklega hinir flokkarnir, sem væru í meiri hluta, og þeir væru þá skuldbundnir til þess að standa við þá yfirlýsingu, svo að Krúsjeff og vinir vorir, Finnar, gætu þá verið alveg öruggir.

Ég sé ekki betur en gagnvart Þjóðviljanum í fyrsta lagi, til þess að reka allt ofan í hann, gagnvart í öðru lagi að hjálpa Finnum, gagnvart í þriðja lagi því að róa taugar Krúsjeffs, ef hann er svona hræddur við æfingastöðvar á Íslandi, eins og þeir segja, þá sé ég ekki annað en við höfum einmitt núna tækifærið, allir fjórir flokkarnir, að gefa yfirlýsingu um, að það muni ekki koma til neinna mála, að við ljáum æfingastöðvar né herstöðvar fyrir Vestur-Þjóðverja hér á Íslandi. Þá erum við búnir að hrekja þetta. (**Forsrh.**: En er Krúsjeff kannske ekkert hræddur?) Ég veit það ekki.

Ég skal nú reyna að setja mig í fótspor Krúsjeffs og hugsa ofur lítið skynsamlega um þetta. Ef ég væri í fótsporum Krúsjeffs og sæi herstöðvar bæði í Frakklandi og Skotlandi, sem Vestur-Þjóðverjar hefðu, þá mundi ég, þótt ekki sé ég nú mikill herfræðingur, þó vera ofur lítið hræddari við þær herstöðvar en þær, sem Vestur-Þjóðverjar kynnu að fara fram á, t. d. æfingastöðvar á Íslandi, eða hvað finnst mönnum frá almennu landfræðilegu og hernaðarlegu sjónarmiði séð? Ef Krúsjeff hefur ekkert að óttast frá öllum fallbyssum Bandaríkjanna, hvar sem þær eru hringinn í kringum öll Sovétríkin á jörðinni, ef þær eru allar orðnar svona saklausar og allar þeirra eldflaugar og annað slíkt og það eru bara Vestur-Þjóðverjar, sem þeir óttast, er þá ekki Skotland a. m. k. eitthvað nær honum og Frakkland heldur en Ísland? Ætli það bæti nokkuð á ótta hans?

Ég fæ ekki skilið annað en hæstv. ríkisstj. sé með þessu, sem þeir hafa verið að tala hérna, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., þeir séu að reyna að blása ofur lítið upp þá mjög alvarlegu viðvörunarfrétt, sem komið hefur í Þjóðviljanum, en fást ómögulega til að neita henni, neita henni algerlega með því einu, sem eitthvert mark er takandi á, yfirlýsingu ríkisstj. og hennar flokka, jafnvel studdri af flokkum stjórnarandstöðunnar, um, að það komi yfirleitt aldrei til mála, að við förum að ljá Vestur-Þjóðverjum hér æfingastöðvar á Íslandi. Ég verð að minna hæstv. ráðh. á það, að ég er buinn að standa í því hérna að fá yfirlýsingar, hverja á fætur annarri, að hér verði engar herstöðvar veittar, yfirlýsingar 1946 um, að aldrei verði veittar hér herstöðvar, þegar við göngum inn í Sameinuðu þjóðirnar, yfirlýsingar 1949, þegar gengið er í Atlantshafsbandalagið, um, að það þyrfti ekki að ræða um þetta bandalag, ef það væri verið að tala um að setja upp herstöðvar hér á Íslandi. Ég verð að biðja þessa hv. þm. að athuga, að menn eru orðnir nokkuð varkárir, þegar slíkar yfirlýsingar liggja fyrir og eru svo svíknar rétt á eftir. Og ég verð að segja það, að ég gerði ekkert voðalega mikið með þessa fregn Þjóðviljans í morgun. Mér fannst mjög skynsamlegt af honum, ef hann hefði einhvern grun um þetta, að slá þessu upp, þannig að það yrði tekið eftir því. En ég fer fyrst að verða alvarlega hræddur, þegar ég hlusta á hæstv. forsrh. og utanrrh., að þeir skuli ekki fást til að gefa yfirlýsingar um þetta, því að það verð ég að segja, sérstaklega hvað hæstv. forsrh. snertir, að ef hann gæfi yfirlýsingu hérna — (**Forsrh.**: Hv. þm., er þá einhver grunur sama og örugg vitneskja?) Ég veit ekki, á hverju Þjóðviljinn byggir þetta. En eftir allri reynslu 24 ára að dæma um þessi mál, þá hefur sá grunur, sem Þjóðviljinn hefur haft, alltaf reynzt vera örugg vitneskja á eftir. Það veit hæstv. forsrh. En sem sé, ef hæstv. forsrh. sérstaklega vill gefa svona yfirlýsingu, og ég tala nú ekki um, ef stjórnarandstöðuflokkarnir taka síðan undir hana, þá held ég, að það væri brott numinn þessi ótti, sem skapazt hefur á vissum stöðum með frétt Þjóðviljans í morgun.

Viðvíkjandi æfingastöðvunum og því, sem hæstv. forsrh. minntist á, þá er alveg rétt, að Sovétríkin höfðu í stríðslok herstöðvar bæði í Finnlandi og Noregi og Danmörku og yfirgáfu allar þær herstöðvar. Bandaríkin höfðu hersetuaðstöðu hér og héldu þeim herstöðvum, neituðu að fara burt. Ef við eigum að fara út í almennar umr. um öll þessi mál, þá lítur það þess vegna ekkert vel út. Jæja, ég vil ekki vera að reyna á þolgæði hæstv. forseta, en ég vil segja það, að þegar mál eins og þessi koma til umr. hér á Alþingi, þá vil ég mælast til þess af hæstv. ríkisstj., að nú útbúi hún yfirlýsingu og leggi hana fyrir Alþingi og allir flokkarnir hér fái síðan aðstöðu til að taka afstöðu til þess. Þá hjálpum við vinum vorum, Finnum, svo að ég taki sérstaklega undir með hæstv. forsrh., en sérstaklega hjálpum við þó okkur sjálfum, og á því er fyrst og fremst nauðsyn.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Hv. forseti. Ég skal ekki tefja hv. þdm. miklu lengur. Það hefur komið fram, bæði frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf., að þeir neita algerlega að gefa nokkrar upplýsingar um það, hver sú örugga vitneskja er, sem þeirra málgagn segist byggja á frétt sína í morgun um þýzkar herstöðvar á Íslandi. Mér kemur það ekkert á óvart, þótt þeir vilji ekki skýra frá því, hver þessi örugga vitneskja er, því að ég hef frá fyrstu

tíð verið sannfærður um, að sagan væri algerlega tilbúin af blaðinu sjálfu, og meðan þeir gera ekki neina frekari grein fyrir fregninni, verður ekki komizt hjá því, að sá verður dómurinn og sú verður hin almenna skoðun.

Þeir hafa hins vegar krafizt þess, þessir hv. þm. tveir, að ég eða ríkisstj. lýsi yfir, að Þjóðverjar muni aldrei um alla framtíð fá neina hernaðarlega aðstöðu á Íslandi. Ég hafði gert grein fyrir því í minni fyrri ræðu, hvers vegna ég teldi þessa kröfu fráleita, og hæstv. forsrh. hefur þegar lýst því yfir mjög ákveðið og skilmerkilega einnig. En hv. 3. þm. Reykv. hefur nú enn á ný endurtekið þessa kröfu og telur, að ég hafi ekki svarað henni á fullnægjandi hátt.

Ég vil bara leyfa mér að benda hv. þdm. á, hvernig færi, ef Alþingi ætti að fara að taka upp vinnubrögð eins og þau, sem þessir þm. kommúnista fara fram á. Eitthvert dagblaðanna, hvort sem það væri Þjóðviljinn eða eitthvert annað blað, sem í stjórnarandstöðu væri, þyrfti ekki annað en búa til einhverja lygafregn, hvers efnis sem hún væri, og síðan væri hægt að koma hér inn á Alþingi og segja: Þessi fregn skal vera sönn, á meðan ríkisstj. hefur ekki lýst yfir, að hún skuli vera ósönn um aldur og ævi. — Þetta eru vinnubrögð, sem náttúrlega væru fráleit með öllu. Og ég efast ekki um, að ef inn á þessa línu yrði farið á annað borð, þá mundi Þjóðviljinn ganga mjög á lagið með þetta. Hann mundi spinna upp allar þær sögur, sem honum þóknaðist, krefjast síðan ályktunar Alþingis um, að frásögnin væri ósönn, vitna í fordæmi fyrir því, að slíkt hafi verið áður gert, og mundi þannig að verulegu leyti geta mótað stefnu og störf Alþingis með slíkum ályktunum og yfirlýsingargerðum.

Það er að sjálfsögðu alveg fráleitt að láta teygja sig inn í nokkur slík vinnubrögð og alveg sérstaklega þegar tilefnið er jafnfjarri því að hafa nokkurn grundvöll og á sér stað hér. Því hefur verið marglýst yfir, bæði af mér og hæstv. forsrh., að frásögnin í Þjóðviljanum í morgun er tilhæfulaus með öllu. Það er ekki hinn allra minnsti fótur fyrir henni. Um þetta mál hefur ekkert verið rætt og enginn fram á þetta farið. Og að ætla sér að fara að gefa út, hvort sem er með samþykki Alþingis eða ekki, sérstaka ályktun fyrir alla framtíð um slíkt efni, væri fráleitt og fjarstæða.

Hins vegar skil ég ákaflega vel, að þeir kommúnistar hér á Alþingi vilji gjarnan ganga eftir því, að einhver ályktun sem þessi sé gefin. Tilgangur ríkisstj. Sovétríkjanna með viðræðunum við Finna og að því er talið er einnig með atómsprengingunum núna undanfarið hefur m. a. verið sá að skjóta þeim þjóðum skelk í bringu, sem vilja vera viðbúnar og geta varizt, ef til styrjaldar gæti komið. Það er mjög ríkjandi skoðun, að tilgangurinn á bak við þessar aðfarir Rússa kunni ekki hvað sízt að vera sá að reyna að fá Norðurlöndin til að víkja af þeirri stefnu, sem þau hafa verið á í utanríkismálum hingað til. Ef Íslendingar færu nú að dansa eftir þessari pípu, þá væru þeir að láta undan því, sem er að gerast þarna, og láta ýta sér af þeirri braut, sem þeir hafa verið á hingað til. En það hefur tvímælalaust verið ríkjandi skoðun mikils meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, að þátttaka þeirra í varnarbandalagi Norður-Atlantshafsþjóðanna væri öruggasta vörnin, sem þær geta fengið, eins og nú er ástatt í heiminum, gegn því, að til vopnaðra átaka kunni að koma. Og einmitt það að láta af þessu, slá undan á þessari braut, mundi verða til þess að auka stórkostlega ófriðarhættuna í heiminum, en ekki til að draga úr henni. Það mundi þess vegna að mínu viti tvímælalaust hafa hin óheppilegustu áhrif fyrir Íslendinga, ef kommúnistum ætti eftir að takast, hvort það er hér á Alþingi eða annars staðar, að fá Íslendinga til að gefa einhverjar þær yfirlýsingar, sem þýddu það, að þeir væru að víkja frá þeirri stefnu, sem þeir hingað til hafa fylgt í utanríkismálum.

Ég vil enn á ný skora á þá kommúnistana og aðstandendur Þjóðviljans, — þó að þeir gerðu það kannske ekki hér í dag, að gera það þá í Þjóðviljanum á morgun, — að gera þjóðinni grein fyrir því, hver hún er, þessi örugga vitneskja, sem þeir þykjast hafa. Þjóðin á heimtingu á að fá að heyra það og það því fremur, þar sem um er að ræða svo alvarlegt mál sem hér er á ferðinni.

Forseti (RH): Nú verður gengið til dagskrárinnar og fyrir tekið 3. mál á dagskránni. (**LJós:** Ég hafði kvatt mér hljóðs, og mér hafði verið svarað. Ég óska eftir —) Hv. þm. hefur talað utan dagskrár, og ég lýsti því áðan, að það yrði að ljúka þessum umr., vegna þess að ég hygg, að hér um bil allir þm. hafi ráðstafað sér nú eftir stutta stund. Það var aðeins ætlunin að reyna að taka hér fyrir eitt dagskrármálið, sem ætla má að taki mjög stuttan tíma að afgreiða. Að öðru leyti var ætlunin að taka dagskrármálin út af dagskránni og slíta síðan fundinum. (**LJós:** Það hefur verið skorað á mig að svara, og ég óska eftir að fá að tala hér. Ég á sama rétt hér og aðrir til þess að fá að tala hér utan dagskrár.) Um umr. utan dagskrár eru ekki gefnar reglur í þingsköpum, og hygg ég engan veginn rangt, að þessum umr. sé nú slitið.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins mótmæla því, að þingmenn séu beittir slíkum rangindum að fá ekki að taka þátt í almennum umr., sem hér eru utan dagskrár. Ég hef aldrei vitað til þess fyrr, að þm. hafi ekki fengið að verða við áskorun ráðh. um að fá að svara, og fyrst ekki einu sinni á að slíta þingfundi nú, heldur taka fyrir annað mál á dagskrá, þá mótmæli ég því, og það er algert gerræði, sem ég hef ekki þekkt hér fyrr í þingsögunni, að þm., sem aðeins hefur talað einu sinni stutt um jafnalvarlegt mál sem þetta, fái ekki að svara eftir sérstakri áskorun ríkisstj. Ég vænti, að hæstv. forseti endurskoði þetta og leyfi mér að tala.

Forseti (RH): Ef hv. þm. óskar þess, að þetta dagskrármál, sem ég hafði hér lýst, að fyrir yrði tekið, verði ekki fyrir tekið, og telur sig algeru gerræði beittan, þá mun ég verða við þessum tilmælum hv. þm. og veita honum hér með orðið, til þess að hann megi bera af sér sakir, ef hann telur þær á sig bornar, en bið hann að tala aðeins í örfáar mínútur og að því búnu má til með að slíta þessum fundi.

Lúðvík Jósefsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér hér að bera af mér sakir, og ég skal ekki tala hér langt mál, þótt vissulega hefði verið tilefni til þess í sambandi við það, sem hér er fram komið í sambandi við þetta mál. Hér eru aðeins nokkur atriði, sem ég vil fyrir mitt leyti undirstrika varðandi það, sem kom fram frá hæstv. ráðh., og það, sem ég hafði sagt um þetta mál.

Ég sé, að hæstv. ráðh. vilja í þessu máli gera aðalatriði úr frétt þeirri, sem birtist í Þjóðviljanum um þetta mál, hvort fréttin væri rétt eða röng. Sjálfir þykjast þeir þó vita það fullvel, að fréttin sé röng. Ég segi: Aðalatriði þessa máls er ekki það, hvort fréttin, sem birtist í Þjóðviljanum, er rétt eða röng. Aðalatriði málsins er það, hvað stendur til að gera í þessu mikla máli. Það er það, sem íslenzku þjóðina varðar nú miklu meira um, hvað stendur til að gera í málinu. Stendur það kannske til, að þetta verði, sem fréttin fjallaði um? Það er aðalatriði málsins. Og þegar hæstv. utanrrh. sagði hér: Þjóðin heimtar að fá frekari upplýsingar um þessa frétt, — þá segi ég: Þjóðin heimtar að fá að vita það nú í dag frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefur mótað sína stefnu varðandi það mál, sem fréttin fjallar um.

Það er með öllu ástæðulaust að vera að vefja þetta mál í einhvern orðaleik um það, að menn geti ekki gefið yfirlýsingu, sem bindi íslenzku þjóðina um alla framtíð. Það er enginn að biðja um það, að hæstv. ríkisstj. hagi yfirlýsingu sinni þannig. Ríkisstj. getur í þessu máli gefið yfirlýsingu, eins og ríkisstjórnir jafnan gera, sem táknar stefnu hennar og það vald, sem hún hefur yfir að ráða, meðan hún er ríkisstj. Ef hún núna vill lýsa yfir, að það sé tilgangslaust fyrir Vestur-Þjóðverja að biðja um þessar stöðvar á Íslandi, því að slíkt verði ekki veitt, þá getur ríkisstj. gefið slíka yfirlýsingu, hafi hún gert upp sinn hug í málinu. Hitt er vitanlega aðeins loddaraleikur í þessum efnum, að tala um, að þeir geti ekki gefið út yfirlýsingu, sem eigi að standa um aldur og ævi. En hitt getur ríkisstj. gert, sem ég hef skorað á hana að gera, en hæstv. forsrh. hefur hér algerlega vikið sér undan að gera. Hann segir, að það sé ekki hægt að binda Íslendinga. Er þá ekki hægt að binda okkur að því leyti til, að við lýsum því nú yfir, að það væri tilgangslaust að biðja um slíkar herstöðvar á Íslandi fyrir Vestur-Þjóðverja? Þykir honum það of mikil binding fyrir Íslendinga að lýsa því yfir? Vill hann hafa eitthvað opið í þessum efnum?

Fréttin í blaðinu, hvort hún er rétt eða röng, er ekki aðalatriði þessa máls, heldur er hitt aðalatriði málsins, hvað stendur til að gera í þessu máli. Það er aðalatriðið. Hitt getur heldur aldrei orðið neitt aðalatriði, þó að hæstv. forsrh. vilji gera hér mikið úr því, að því verði aldrei trúað, að við hv. 3. þm. Reykv. vitum ekki nákvæmlega um þau gögn, sem Þjóðviljinn hefur fyrir sinni frétt, þar sem liðinn sé, eins og hann segir, hálfur dagur fyrir okkur til að athuga þetta. Ég skal nú trúa hæstv. ráðh. fyrir því, að það hefur komið oftar en einu sinni fyrir, að það hefur liðið heill dagur, án þess að ég hafi lesið Þjóðviljann, og auðvitað veit ég ekki nákvæmlega um alla málavexti, sem standa að þeim fréttum, sem í blaðinu birtast. Nei, það eru vitanlega léttvæg rök frá hálfu hæstv. forsrh. að ætla að gera það að aðalatriði, að ég og hv. 3. þm. Reykv. hljótum að vita nákvæmlega um þessa frétt.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum nú að þessu sinni, fyrst hæstv. forseti leyfði mér hér að tala, en ég vil leggja áherzlu á það í sambandi við þetta mál, að eins og hæstv. forsrh. sagði, að þessi frétt gæti haft mikil áhrif á örlög annarrar þjóðar, þá mundi það ekki síður hafa mikil áhrif á örlög þessarar þjóðar, ef hún fengi nú skýlausa yfirlýsingu frá íslenzku ríkisstj. um það, að slíkar herstöðvar eins og þessar yrðu ekki leyfðar á Íslandi. Og sá, sem skorast undan því að veita Finnum þessa aðstoð, virðist ekki hafa mikla samúð með þeim.

Á 41. fundi í Nd., 5. febr., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég vildi leyfa mér að gera hér fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh. og vænti, að hann treysti sér til að svara fyrirspurn minni, þó að hún sé gerð hér utan dagskrár.

Eins og hv. alþm. minnast, kom það hér fram í umræðum á Alþingi, nokkru áður en þingi var frestað fyrir jólin, að starfandi hefur verið á vegum ríkisstj. nefnd manna til að athuga um, með hvaða hætti rétt þætti að styrkja togaraútgerðina í landinu eða veita henni stuðning í þeim erfiðleikum, sem hún á nú í. Ég hygg, að það sé nokkuð síðan þessi nefnd skilaði áliti til ríkisstj.

Í umræðunum um þetta mál áður á þinginu hafði hæstv. sjútvmrh. minnzt á, að hann teldi, að aðallega væri um þrjár leiðir að ræða til að veita togurunum nokkurn stuðning. Ein af þeim leiðum, sem hann minntist á að væri hugsanleg, var sú að veita togurunum nokkurt olnbogarúm innan fiskveiðilandhelginnar, án þess þó að hann tæki þar nokkra beina afstöðu til. Nú vildi ég leyfa mér að leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. sjútvmrh., hvort ríkisstj. hafi nú þegar ákveðið, hvaða ráðstafanir hún hyggst gera til stuðnings togaraútgerðinni í landinu, og einnig þá um það, hvort ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að leggja tillögur sínar í þessum efnum fyrir Alþingi og hvenær megi búast við þessum tillögum. Það er enginn vafi á því, að þeir, sem hafa með togaraútgerðina að gera nú, bíða eftir ráðstöfunum í þessum efnum, og það er á margan hátt mjög óþægilegt að bíða í þeirri óvissu, sem nú er beðið. Ég vænti, að hæstv. sjútvmrh. geti gefið svör hér við þessum spurningum mínum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Ég hefði nú kosið að hafa heldur rýmri tíma til að svara þessari spurningu heldur en mér gefst við þetta tækifæri og hefði talið það ekki óeðlilegt, að fyrirspurnin væri borin fram á venjulegan hátt, svo að tími gæfist til að afla upplýsinga og gefa ýtarlegri svör en ég get gefið á þessari stundu.

En fyrsta spurningin hjá hv. þingmanni var eitthvað á þá leið, hvort ríkisstj. hafi þegar ákveðið, hvað gert yrði til þess að aðstoða tog-

araútgerðina. Þessu get ég svarað alveg ákveðið, að þetta hefur ríkisstj. ekki ákveðið enn. Hins vegar get ég sagt það, að hún hefur haft þetta til athugunar og það mjög ýtarlegrar athugunar og á mörgum fundum. Hún hefur einnig rætt málið allýtarlega við bankastjórn Seðlabankans og býst við því, að út úr þessum viðræðum komi á næstunni eitthvað það, sem frambærilegt kynni að vera til þess að ráða bót á því erfiða ástandi, sem togaraútgerðin á nú við að búa, en það er, eins og allir hv. alþm. þekkja, mjög alvarlegt.

Það er engum ljósara en mér, að það er nauðsynlegt að flýta þessu máli. En það hefur ekki verið unnt að komast enn að fastri niðurstöðu. Viðræður fara fram, bæði innan ríkisstj. og við bankastjórn Seðlabankans, um þetta mál, og ég vænti þess, að það líði ekki langur tími, þangað til þessar tillögur geta legið fyrir, en að sjálfsögðu verða þær lagðar fyrir Alþingi, þegar þar að kemur.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann hefur svarað því, sem ég spurði hér um, og ég skil það þannig, að ríkisstj. vinni nú að þessum málum og að það megi búast við tillögum hennar í málinu innan skamms og að hún muni leggja tillögur sínar í þessum efnum fyrir Alþingi, og það tel ég skipta höfuðmáli.

Á 42. fundi í Nd., 6. febr., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Það er aðeins örstutt fyrirspurn. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna í desember, þar sem sagt var frá samningum við ríkisstj. um ráðstafanir vegna útgerðarinnar, svo sem greiðslu tryggingariðgjalda og fleira, var samþykkt, að bátar hæfu vertíðarróðra m. a. í trausti þess, að vextir yrðu lækkaðir verulega á afurðalánum, eins og það mun hafa verið orðað í ályktuninni. Var þetta byggt á því, að undirtektir hæstv. ríkisstj. við kröfum um vaxtalækkun hefðu verið þannig, að þessu mundi mega treysta. Nú er búið að dæma fiskverð, en vaxtalækkun á afurðalánum hefur ekki verið tilkynnt. Leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvmrh., því að margan fýsir að vita, hvort reiknað sé með lækkun á afurðalánavöxtum í þeim dómi, sem fallinn er um fiskverðið, og hvenær vaxtalækkun á afurðalánunum komi til framkvæmda. Ég vil leyfa mér að beina þessari fyrirspurn utan dagskrár, en ekki skriflega, vegna þess að skriflegu fyrirspurnirnar ganga svo seint, en hér er um mjög einfalt atriði að ræða. Vona ég, að hæstv. ráðherra taki þessari fyrirspurn vel.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Austf. skal ég segja það, að vissulega er ríkisstj. áhugasöm fyrir því, að hægt verði að lækka vexti, en hún hefur ekki, hvorki við stjórn Landssambands útvegsmanna né aðra, getað sagt um það, hvenær sú lækkun gæti komið til framkvæmda, þótt að henni væri stefnt. Þess vegna var formanni verðlagsráðs sjávarútvegsins sagt, að öruggast mundi vera að reikna í þetta skipti með sömu vöxtum og verið hafa að undanförnu.

Eysteinn Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég heyri það á því, sem hann segir, að vextir á afurðalánum hafa ekki verið lækkaðir, og sýnir það þá greinilega, að útgerðarmenn hafa sýnt hæstv. ríkisstj. of mikið traust.

Á 42. fundi í Sþ., 15. marz, utan dagskrár, mælti

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Af hálfu ríkisstj. hafa verið lögð fram allmörg frv. að undanförnu, og er það góðra gjalda vert, þótt hins vegar megi deila um efni a. m. k. sumra þeirra. Ég sakna þó enn eins máls, sem ég hef talið líklegt að hæstv. ríkisstj. mundi leggja fyrir þingið.

Í ágústmánuði s. l. gaf hæstv. ríkisstj., að því er ég bezt veit, bandalagi opinberra starfsmanna fyrirheit um, að hún og stuðningsflokkar hennar mundu taka til athugunar, þegar Alþ. kæmi saman, hvort ekki bæri að leggja fyrir þingið frv. um samningsrétt opinberra starfsmanna. Ég vil í tilefni af þessu beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort þessi athugun hafi ekki farið fram og hvort eigi megi vænta þess, að frv. um samningsrétt opinberra starfsmanna verði lagt fyrir þetta þing.

Ég tel mig ekki þurfa að lýsa því fyrir hæstv. ríkisstj., hvernig ástatt er með launakjör opinberra starfsmanna. Útreikningar sýna, að síðan 1943 hefur hagur þeirra versnað um 20%, ef miðað er við aðrar stéttir. Horfur eru á, að stórar stéttir opinberra starfsmanna neyðist til að leggja niður störf sín og leita sér atvinnu á öðrum vettvangi. Slíkri óheillaþróun verður að afstýra. Hið æskilegasta væri, að hægt yrði að leysa þetta vandamál með góðu samkomulagi milli ríkisvaldsins og samtaka opinberra starfsmanna. Ég endurnýja þess vegna þá spurningu mína til hæstv. fjmrh., hvort eigi megi vænta á þessu þingi frv. frá ríkisstj. um samningsrétt opinberra starfsmanna.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1959 skipaði þáv. hæstv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, nefnd manna til að athuga og gera tillögur um samningsrétt opinberra starfsmanna. Sú nefnd náði ekki samstöðu og skilaði þrem frv., hver nefndarhluti í sínu lagi sínu frv. Í ágústmánuði s. l. var stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tjáð af hálfu ríkisstj., að þetta mál yrði tekið til umr. í stjórnarflokkunum, þegar þing kæmi saman á s. l. hausti. Þetta var gert, og hefur málið verið rætt þar og í ríkisstj. ýtarlega síðan.

Ríkisstj. hefur m. a. nú undanfarna daga fjallað um þetta mál, um kjarasamninga eða samningsrétt opinberra starfsmanna. Um niðurstöður þeirrar athugunar get ég ekki fullyrt á þessu stigi.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að bera fram fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., vegna þess að stórvirkustu atvinnutæki þjóðarinnar eru nú að stöðvast og hafa nú þegar mörg stöðvazt. Þegar svo alvarlegt ástand hefur skapazt, er það of seinvirk leið að bera fram skriflega fsp. samkv. þingsköpum, því að venjulega líður hálfur mánuður, frá því að slíkar fyrirspurnir eru fram bornar og þar til þeim fæst svarað.

Það er ömurlegt ástand, sem nú blasir við mönnum í Reykjavíkurhöfn. Þar liggja nú bundnir 25 togarar við landfestar, og á næstu dögum mun tala þessara fjötruðu fiskiskipa fara yfir 30. Þetta eru atvinnutæki um það bil eitt þúsund sjómanna og enn fleira fólks í landi, ef aflinn er unninn á fiskvinnslustöðvum. Samningafundir milli deiluaðila liggja niðri, og allt virðist vera látið reka á reiðanum um það, hvort nokkur lausn fæst á togaraverkfallinu næstu vikur eða mánuði. Ef verkfallið dregst á langinn, getur svo farið, að yfirmenn skipanna yfirgefi þau ásamt hásetunum, og er þá vandséð, hvað yrði um togaraútgerð hér á landi í næstu framtíð, þó að samningar kynnu að takast um sjálf kjaramálin. Þetta verkfall er skollið á, af því að skotið var skollaeyrum hátt í tvö ár við öllum sanngjörnum kröfum togarasjómanna um bætt kjör. Verkfallið gat engum komið á óvart. Sama óviturlega undanbragðaleiðin í kaupgjalds- og kjaramálum verkafólks er líka að leiða til vinnustöðvana, áður en varir. Vikum saman hafa verkalýðssamtökin beðið eftir svörum ríkisstj. um vaxtalækkanir og aðrar ráðstafanir ríkisvaldsins til aukins kaupmáttar vinnulauna með verðlækkunum. En engin svör hafa fengizt. Og nú er biðtíminn auðvitað liðinn, og þá hljóta hinar lægst launuðu stéttir að fylgja fram kröfum sínum um hækkað kaupgjald. Um önnur úrræði getur naumast verið að ræða. Verkfallahættan vofir því einnig yfir á vinnumarkaðinum í landi.

Það er hárrétt, sem aðalmálgagn stjórnarflokkanna sagði í forustugrein á sunnudaginn var, að „að því verður að vinda bráðan bug að bæta í senn kjör launþega og hag atvinnuveganna. Á þessu má enginn dráttur verða," sagði blaðið. Og því spyr ég: Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. gera til lausnar togaradeilunni? Það er hennar mest aðkallandi vandamál. Ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gjörhugsað þetta vandamál, og þess vegna tel ég víst, að hún muni vera reiðubúin til að skýra hv. Alþingi frá aðgerðum sínum væntanlegum. Ég get ekki séð, að Alþfl. geti setið áfram í ríkisstj. yfir bundnum togaraflota. Ég fæ ekki séð, að gamall Kveldúlfsforstjóri geti setið sem forsrh. yfir togaraflotanum bundnum, og því síður, að formaður Alþfl. geti setið sem sjútvmrh. yfir fjötruðum togaraflota við bryggjur og sjómönnunum flúnum frá borði vegna óviðunandi lífskjara.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega ekkert nýtt í sögunni, þótt átök verði á milli launþega og vinnuveitenda eða sjómanna og togaraeigenda. Slíkt hefur oft komið fyrir áður, og slíkt heldur sjálfsagt áfram að ske, á meðan frjálsir samningar eru við lýði, sem mér skilst að hv. 4. landsk. þm. telji enga ástæðu til að breyta. En átök þessi, sem orðið hafa á undanförnum árum, hafa verið að því leyti öðruvísi en þau átök, sem nú eiga sér stað á milli togarasjómanna og togaraeigenda, að fyrr á árum var þó einhver von um, að úr væri hægt að bæta af eigin fé atvinnurekendanna. Nú liggur sú staðreynd aftur fyrir, að togaraeigendur hafa á undanförnum árum gert út sín skip með halla og miklum halla, — halla, sem er svo mikill, að það hefur orðið að leita aðstoðar ríkisvaldsins til þess að reyna að bæta úr honum. Það liggur þess vegna í augum uppi, að það er ekki auðvelt að uppfylla kröfur togarasjómanna um hækkun, þegar það liggur fyrir, að skipin eru gerð út, hafa verið gerð út og verða væntanlega gerð út áfram með tapi, ef ekki breytist um aflabrögð. Hins vegar hef ég átt tal og það alveg nýlega við bæði fulltrúa sjómanna og fulltrúa togaraeigenda um gang málsins, og ég vænti þess, að haldið verði áfram til hins ýtrasta að reyna að finna lausn. Mér er það ekki síður ljóst en hv. 4. landsk. þm., hvað við liggur, ef togaraútgerðin stöðvast alveg. En hér liggur nú fyrir í Alþingi frv. til laga um nokkra aðstoð við togaraútgerðina í landinu, en þó að hún verði samþykkt, þá nægir hún aðeins til að greiða nokkurn hluta upp í töpin, sem orðið hafa á árunum 1960 og 1961. Málið er þess vegna allmiklu flóknara en svo, að það sé hægt fyrir togaraeigendur að ganga skilyrðislaust að þeim kröfum, sem gerðar eru. Það verður þá um leið að finna einhverja aðferð til að auka tekjumöguleika þeirra.

Annað og meira hef ég ekki að segja um málið að þessu sinni. Ég vænti, að samningaumleitunum verði haldið áfram, og vonandi tekst að greiða úr því. En ég vil aðeins undirstrika, að lausn þessarar vinnudeilu er kannske erfiðari en lausn nokkurrar annarrar vinnudeilu, sem átt hefur sér stað hér á landi, vegna þess, hve algerlega ómegnugir atvinnurekendurnir og eigendur togaranna eru til að greiða úr þeim kröfum, sem gerðar hafa verið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. sjútvmrh. sagði, að það er ekkert nýtt, að til vinnudeilu dragi milli vinnustéttanna og atvinnurekenda, og þannig er hér ekki um neitt einsdæmi að ræða um þessa deilu. Það er og rétt hjá honum, að mikill halli hefur verið á rekstri togaraflotans að undanförnu, svo að það mun rétt vera, að það er ekki alveg auðvelt að leysa þessa deilu, þegar útgerðarmennirnir sjálfir eru svo lítils megnugir. En einmitt af því, að útgerðarmennirnir eru lítt megnugir þess að leysa deiluna, hefði ég látið mér detta í hug, að það væri augljóst mál, að deilan væri ekki svo líkleg til að leysast af sjálfu sér, nema einhver afskipti ríkisvaldsins kæmu til. Þess vegna fannst mér málið sérstaklega eiga hingað erindi, því að ég þóttist þess fullviss, að hæstv. ríkisstj. hefði horfzt í augu við þennan mikla vanda og gjörhugsað málið og væri e. t. v. búin að komast að einhverri niðurstöðu um úrlausn, sem þá væri sjálfsagt, að hv. Alþingi fengi vitneskju um.

Hæstv. ráðh. minnti á tillögu, sem liggur hér fyrir þinginu um að skattleggja bátaflotann til að bæta úr vanda togaranna og þó aðallega til að leysa skuldamál þeirra frá liðnum tíma. En ég segi: Hugsanlegt er, að mennirnir sætti sig við þetta, að bátaflotinn verði skattlagður til hjálpar togurunum, ef þeir væru í gangi. En að ætla sér að skattleggja bátaflotann vegna bundins togaraflota, það held ég að sé ekki líklegt til þess, að þingheimur vilji sætta sig við sem úrlausn, þegar það er þá eingöngu til að leysa skuldamál hins liðna tíma, en ekki til að bæta kjör togarahásetanna, sem geta ekki farið um borð í skipin aftur án þess að fá sín lífskjör bætt. Ég vona enn fremur, að það sé þó a. m. k. orðið ljóst í þessu máli, að tilraunin, sem gerð hefur verið af hendi togaraútgerðarmanna til að hnekkja eða afnema vökulögin, sé ófær leið og menn hljóti að beina huga sínum að öðrum leiðum. En það hryggir mig sem sagt, að hæstv. ráðh. gat ekki gefið þingheimi neinar vonir um, að nein úrræði væru enn þá í augsýn í þessu mikla vandamáli.

III. Dagur Sameinuðu þjóðanna.

Á 8. fundi í Ed., 24. okt., mælti

forseti (EggÞ): Áður en gengið er til hinnar auglýstu dagskrár, vildi ég mega minna hv. þdm. á, að í dag eru liðin 16 ár, frá því að 50 þjóðir undirrituðu stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Nú samanstanda þessi samtök af 99 þjóðum, sem svarizt hafa til sameiningar um að varðveita friðinn og tryggja öllum þjóðum betra líf. Af ýmsum þeim fréttum, sem berast nær daglega af þingi þessara nálega 100 þjóða, ásamt fréttum úr heimahögum þjóðanna sjálfra, mætti ætla, að lítið hefði áunnizt í þessu höfuðmarkmiði hinnar voldugu þjóðasamsteypu. Almennt hættir mönnum við því að einblína um of á það, sem kann að hafa mistekizt, enda ávallt háværari raddir um það en hitt, sem vel tekst. Það er þó staðreynd, að enn hefur Sameinuðu þjóðunum ekki tekizt að koma í veg fyrir vígbúnaðarkapphlaup stórþjóðanna, sem nú ógnar öllu lífi jarðkringlunnar með hinum ægilegu kjarnorku- og vetnisvopnum. Reynsla undanfarinna ára sannar þó á ótvíræðan hátt, að á meðan þessir voldugu aðilar ræðast við á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða, er a. m. k. von um, að ekki brjótist út ný heimsstyrjöld. Smáþjóðir eins og Ísland, sem alizt hafa upp við þann hugsunarhátt, a. m. k. nú í margar aldir, að hafa andúð á vopnavaldi og allri beitingu vopna, eiga framtíð sína undir því komna, að Sameinuðu þjóðunum takist það höfuðmarkmið sitt að varðveita frið og réttlæti. Af þeim ástæðum erum við Íslendingar í fremstu röð þeirra þjóða, er líta vonaraugum til Sameinuðu þjóðanna með innilegum og samstilltum óskum um, að allt það starf, sem í 16 ár hefur verið unnið á vegum þessara samtaka, megi bera sem ríkulegastan ávöxt, bornum og óbornum kynslóðum til blessunar.

Megi góður ásetningur, er réð stofnun Sameinuðu þjóðanna, rætast í auknum samstarfsvilja hinna ólíku þjóða heimsins og þá einnig í milli þeirra einstaklinga, er þjóðirnar mynda.

Á 8. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (BGr): Dagur Sameinuðu þjóðanna er í dag, og verður hans minnzt í báðum deildum Alþingis.

Það böl hefur fylgt þjóðum heimsins, svo lengi sem sagan greinir, að þeim hefur gengið illa að búa saman í friði og sátt. Hagsmunir hafa rekizt á, drottnunargirnd og árásarhugur hafa vaknað hvað eftir annað, kynslóð eftir kynslóð, og blóði verið úthellt í styrjöldum. Hin síðari ár hefur tækni komizt á það stig, að styrjaldir hafa orðið að heimsátökum, svo að fáar þjóðir hafa fengið að standa fyrir utan.

Það hefur lengi verið ljóst, að ein leið mundi duga til þess að tryggja frið um alla jörð. Hún er sú, að þjóðir heimsins bindist samtökum um að leysa deilumál sín á friðsamlegan hátt, veiti þeim samtökum rétt og skyldu til að setja nauðsynleg lög til varðveizlu friðar, tryggingu mannréttinda og velmegunar. Síðan yrði að fá samtökum þessum framkvæmdavald, sem byggðist á alþjóðlegri lögreglu, er framfylgdi samþykktum réttra aðila samtakanna. Hugsjónin um slíka skipun heimsins hefur fengið vaxandi styrk á síðustu áratugum, enda hefur mannkynið mátt þola tvær heimsstyrjaldir á einu æviskeiði. Þjóðabandalagið var stórt skref í þessa átt. Sameinuðu þjóðirnar eru enn stærra skref, og nú fyrst hefur alþjóðlegt herlið verið notað til að framfylgja samþykktum allsherjarþings. Undir stjórn Hammarskjölds. hins látna aðalritara, tóku varðmenn Sameinuðu þjóðanna sér stöðu milli Araba og Gyðinga og stöðvuðu þar frekari blóðsúthellingar, og forðuðu á sama hátt Kongó frá borgarastríði, sem vel hefði getað orðið sá neisti, er kveikti nýtt heimsstríð.

Fyrir smáþjóðir getur engin skipan komið í stað bandalags Sameinuðu þjóðanna. Þar geta þær bundizt samtökum og haft áhrif á gang heimsmála, en væru að öðrum kosti að heita má valdalausar. Þess vegna sóttu Íslendingar það fast að verða sem fyrst þátttakendur í Sameinuðu þjóðunum og hafa á þeim vettvangi lagt sinn skerf til aukins frelsis, velmegunar og friðar í heiminum.

Á þessum degi Sameinuðu þjóðanna lýsum við þeirri einlægu von, að háleitar hugsjónir bandalagsins verði að veruleika og því auðnist að forða mannkyninu frá nýjum styrjöldum, auka frelsi og mannréttindi og tryggja öllum jarðarinnar börnum sómasamlegt líf.

IV. Aldarminning Hannesar Hafsteins.

Á 26. fundi í Ed., 4. des., mælti

forseti (SÓÓ): Í dag eru liðin rétt 100 ár frá fæðingu Hannesar Hafsteins ráðherra. Ég ætla ekki í tilefni þessa 100 ára afmælis að rekja æviatriði þessa merka stjórnmálaskörungs okkar Íslendinga og fyrsta innlenda ráðherra okkar, það hefur þegar verið gert á öðrum vettvangi. En mér þykir hlýða að minnast þessa afmælis hér á þessum stað og vil mælast til þess við hv. þdm., að þeir heiðri minningu hans með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 29. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (RH): Í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu Hannesar Hafsteins. Þegar hann tók sæti á Alþingi, höfðu embættisstörf hans og atgervi, en þó ekki sízt ljóð hans aflað honum frægðar meðal allra Íslendinga. Hér verða ekki rakin æviatriði hans, en á þessum vettvangi er ástæða til að minna á, að með upphafi hans stjórnartíðar hófst það þingræði, sem við Íslendingar búum nú við.

Um þessar mundir höfðu verið miklir flokkadrættir um stjórnskipunarmálin, og átti hann ekki hvað minnstan þátt í, að þau voru leyst með þeim hætti, sem raun varð á. Hann var fyrsti innlendi ráðherrann eftir stjórnarskrárbreytingu 1904 og raunar fyrsti ráðherrann, sem ábyrgð bar gagnvart Alþingi Íslendinga. Í stjórnartíð hans voru gerðar margháttaðar réttarbætur. Þá var sannkallað vaxtartímabil íslenzkra þjóðmála og íslenzkrar löggjafar. Hann sannaði með atgervi sínu öllu, að Ísland var hlutgengt meðal þjóðanna. Öll þjóðin minnist nú hins mæta manns, og ég bið hv. þdm. að heiðra minningu látins þjóðskörungs og þjóðskálds með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

V. Slysfarir á sjó — minning.

Á 54. fundi í Nd., 23. febr., mælti

forseti (RH): Það mun nú talið fullvíst, að vélskipið Stuðlaberg frá Seyðisfirði hafi sokkið út af Stafnesi aðfaranótt sunnudagsins síðasta og öll áhöfnin, 11 manns, drukknað. Víðtæk leit hefur verið gerð á sjó og úr lofti og á fjörum, en aðeins orðið til staðfestingar á þeim hörmulegu tíðindum, að svo margir hafi fallið hér í einni svipan. Slíkir atburðir slá þjóðina alla harmi. Allir voru skipverjar á Stuðlabergi menn í blóma lífsins, hinn yngsti þeirra aðeins 17 ára. Þeir voru feður, eiginmenn, bræður og synir. Þessar síðustu vikur hefur hvert sjóslysið rekið annað og skörð orðið í hóp íslenzkra sjómanna. Þess má þó minnast og þakka, að við höfum stundum getað fagnað giftusamlegri og hetjulegri björgun á úrslitastund, eins og skammt er að minnast.

Á undanförnum þrem mánuðum hafa 20 íslenzkir sjómenn farizt. Hraustir menn hafa týnt lífinu við nauðsynleg störf fyrir þjóð sína og áhættusöm störf við að afla sér og sínum bjargar.

Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að gera svo vel að heiðra minningu hinna látnu sjómanna og votta ástvinum þeirra samúð með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

VI. Minning Halldórs Steinsens.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forseti (FS): Áður en gengið er til dagskrár þessa fundar, verður minnzt nýlátins fyrrv. alþingismanns.

Á jóladag, 25. desember s. l., andaðist í sjúkrahúsi hér í bæ Halldór Steinsen læknir og fyrrv. alþingismaður, 88 ára að aldri. Hann fæddist 31. ágúst 1873 að Hvammi í Dölum. Foreldrar hans voru Steinn prestur þar Steinsen, sonur Torfa söðlasmiðs í Reykjavík Steinssonar, og kona hans, Wilhelmine Cathrine, dóttir Moritz Bierings kaupmanns í Reykjavík. Hann var ungur settur til mennta, brautskráðist úr latínuskólanum í Reykjavík árið 1894 og lauk embættisprófi frá læknaskólanum í Reykjavík 1898, hálfþrítugur að aldri. Veturinn 1898—1899 starfaði hann í sjúkrahúsum erlendis. Á árinu 1899 var hann settur aukalæknir í Ólafsvík og skipaður héraðslæknir í Ólafsvíkurhéraði árið 1900. Gegndi hann því embætti fram á árið 1934, er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Fluttist hann þá til Reykjavíkur og átti hér heimili síðan.

Í sveit og héraði vann Halldór Steinsen að ýmsum félagsmálum, og voru honum falin þar ýmis trúnaðarstörf. Hann átti sæti í hreppsnefnd Ólafsvíkur 20 ár, í sýslunefnd Snæfellsnessýslu 2 ár og í stjórn sparisjóðs Ólafsvíkur 17 ár. Hann var formaður Framfarafélags Ólafsvíkur 10 ár og formaður Verkalýðsfélags Ólafsvíkur 18 ár. Þingmaður Snæfellinga var hann á árunum 1912—1913 og 1916—1933, sat á 22 þingum alls. Lengst af átti hann sæti í Ed. og var forseti deildarinnar á þingunum 1923—1927. Hann átti um skeið sæti í byggingarnefnd landsspítalans og sat í landsbankanefnd á árunum 1928—1936.

Halldór Steinsen var góður námsmaður, vel búinn að líkamlegu atgervi, þéttur á velli og iðkaði íþróttir fram á gamalsaldur. Hann var gæddur þeim kostum, sem nauðsynlegir eru til góðrar læknisþjónustu í afskekktum sveitum við erfiðar samgöngur, þar sem mjög reynir á kunnáttu í lækningum og karlmennsku í ferðalögum. Hann var skyldurækinn embættismaður, og honum farnaðist vel við lækningar. Á Alþingi hafði hann einkum skipti af heil-

brigðismálum, fjármálum og samgöngumálum. Í umræðum á þingi var hann gagnorður og rökfastur, þéttur í lund og fastur fyrir, ef því var að skipta.

Halldóri Steinsen hefur verið svo lýst, að hann hafi verið geðríkur, en stilltur vel, dulur í skapi, en skýr í hugsun, ómannblendinn, en tryggðatröll og manna glaðastur og skemmtilegastur, þegar svo bar undir.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessa látna merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VII. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Borizt hefur svo hljóðandi bréf frá forseta efri deildar:

„Reykjavík, 17. okt. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins:

„Samkvæmt beiðni Sigurðar Ó. Ólafssonar, 5. þm. Sunnl., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Jón Kjartansson sýslumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með þessu bréfi fylgir yfirlýsing formanns yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis. Hlé verður gert á fundinum, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið, og verður hringt aftur til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Herra forseti. Þar sem hv. 5. þm. Sunnl., Sigurður Ó. Ólafsson, hefur vikið af þingi um stundarsakir vegna veikinda, hefur verið óskað eftir því, að Jón Kjartansson sýslumaður taki sæti hans á Alþingi, varamaður Sjálfstæðisfl. í Suðurlandskjördæmi. Jón Kjartansson er varamaður í tvennum skilningi, annar varamaður landskjörinna þingmanna Sjálfstfl. og fyrsti varamaður kjördæmakosinna þingmanna Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur athugað yfirlýsingu frá Torfa Jóhannssyni, formanni yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, sem lýsir yfir því, að kjörbréf hafi verið gefið út til handa honum sem fyrsta varamanni Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi. Meiri hluti kjörbréfanefndar, 4 af 5, einn greiddi ekki atkv., mælir einróma með því að taka yfirlýsingu formanns yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis gilda og leggur til, að kosning Jóns Kjartanssonar verði samþykkt.

Forseti (FS): Eins og hv. þingmenn hafa heyrt, leggur meiri hl. kjörbréfanefndar til, að kosning Jóns Kjartanssonar sem varamanns og kjörbréf hans sem slíks verði tekið gilt. Verður sú tillaga borin undir atkvæði

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 6. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Það hefur borizt svofellt bréf frá forseta neðri deildar:

„Reykjavík, 3. nóv. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Lúðvík Jósefssyni, formanni þingflokks Alþýðubandalagsins:

„Þar sem Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm., verður fjarverandi erlendis um tveggja vikna tíma, leyfi ég mér samkv. beiðni hans, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landskjörinna þingmanna Alþýðubandalagsins, Páll Kristjánsson aðalbókari, Húsavík, taki sæti hans á Alþingi, meðan hann er fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Samkvæmt þessu tekur Páll Kristjánsson sæti á Alþingi sem varaþm., enda hefur kjörbréf hans áður verið rannsakað og samþykkt.

Þá hefur borizt hér annað bréf frá forseta neðri deildar, á þessa leið:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Lúðvík Jósefssyni, formanni þingflokks Alþýðubandalagsins:

„Þar sem Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., verður fjarverandi erlendis um tveggja vikna tíma, leyfi ég mér samkv. beiðni hans, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður landskjörinna þingmanna Alþýðubandalagsins, Ingi R. Helgason lögfræðingur, taki sæti hans á Alþingi, meðan hann er fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af landskjörstjórn hinn 9. nóv. 1959. Gert verður hlé á fundinum, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið, og verður hringt til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Inga R. Helgasonar héraðsdómslögmanns, en hann hlaut annað varauppbótarþingsæti Alþb. Nefndin mælir með, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ingi R. Helgason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Ingi R. Helgason hefur nú undirritað eiðstaf, og býð ég hann hér með velkominn.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., mælti

forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 7. nóv. 1961.

Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég er á förum til útlanda vegna fundarhalda í Norðurlandaráði og víðar og með því að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, herra ritstjóri Sigurður Bjarnason, dvelur nú erlendis, óska ég þess, að 2. varamaður flokksins, herra lögfræðingur Þorvaldur Garðar Kristjánsson, taki sæti mitt á Alþingi frá 8. þ. m. að telja og þar til ég kem aftur heim, sem væntanlega verður 23. þ. m."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Samkv. þessu tekur Þorvaldur Garðar Kristjánsson sæti sem varamaður á Alþingi, enda hefur kjörbréf hans áður verði rannsakað og samþykkt.

Á 14. fundi í Sþ., 9. nóv., mælti

forseti (FS): Frá forseta neðri deildar hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1961.

Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég er á förum til útlanda til að sitja þingmannafund Norður-Atlantshafsbandalagsríkja í París og verð þar um a. m. k. tveggja vikna skeið, leyfi ég mér að óska þess, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, *Jón Pálmason bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.*"

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Samkvæmt þessu tekur Jón Pálmason nú sæti á Alþingi. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og samþykkt.

Á 16. fundi í Nd., 10. nóv., mælti

forseti (RH): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. nóv. 1961.

Með því að ég er á förum til útlanda til að sitja þingmannafund Norður-Atlantshafsríkja í París og verð þar a. m. k. um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,
Björn Fr. Björnsson."

Kjörbréf Helga Bergs hefur áður verið athugað, og tekur hann því sæti í deildinni.

Jafnframt hefur mér í dag borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1961.

Með því að ég er á förum til útlanda til að sitja þingmannafund Norður-Atlantshafsbandalagsríkja í París og verð þar a. m. k. um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal."

Kjörbréf Péturs Péturssonar hefur einnig verið áður athugað og tekur hann því sæti í deildinni.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta neðri deildar hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 26. jan. 1962.

Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér svo hljóðandi bréf, dags. 24. þ. m.:

„Vegna embættisanna mun ég ekki geta sinnt þingstörfum um sinn. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Jón Pálmason bóndi, *taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.*"

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings."

Kjörbréf Jóns Pálmasonar hefur áður verið rannsakað og samþykkt, og tekur hann því samkvæmt þessu nú sæti á Alþingi og er hér mættur, og býð ég hann velkominn.

Þá hefur borizt hér annað bréf frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 1. febr. 1962.

Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv., hefur ritað mér svo hljóðandi bréf, dags. 31. jan. s. l.:

„Þar sem ég verð erlendis næstu vikur, óska ég eftir, að varamaður minn taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Varamaður Þórarins Þórarinssonar er Einar Ágústsson, hann er hér mættur. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og samþykkt, og tekur hann því sæti nú á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf, dags. 31. jan. 1962:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Lúðvík Jósefssyni, formanni þingflokks Alþb.:

„Þar sem Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl., er veikur og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu vikur, er þess hér með óskað eftir beiðni hans, með skírskotun til 138. gr. kosningalag-

anna, að varamaður hans, Bergþór Finnbogason kennari, taki sæti hans á Alþingi í veikindaforföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ég mælist til þess, að kjörbréfanefnd taki þetta kjörbréf til meðferðar nú þegar, og verður nú fundarhlé um stund, meðan kjörbréfanefnd heldur sinn fund, og verður hringt til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Bergþórs Finnbogasonar kennara sem varaþingmanns Alþb. í Suðurlandskjördæmi. Leggur nefndin til, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Bergþór Finnbogason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Varaþingmaðurinn hefur undirritað eiðstaf. Hann tekur nú sæti á Alþingi, og ég býð hann velkominn.

Á 39. fundi í Sþ., 1. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svofellt bréf hefur borizt frá forseta neðri deildar:

„Reykjavík, 28. febr. 1962.

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Friðjón Þórðarson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis til handa Friðjóni Þórðarsyni. Ég mælist til þess, að kjörbréfanefnd haldi fund um kjörbréfið nú þegar, og verður gert hlé á fundinum á meðan, þar til kjörbréfanefnd hefur lokið athugun sinni á kjörbréfinu. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar sýslumanns, sem er varaþm. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann tæki sæti Sigurðar Ágústssonar, hv. 2. þm. Vesturl., í forföllum eða fjarveru hans. Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði tekið gilt og kjör Friðjóns Þórðarsonar sýslumanns samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 9. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur svofellt bréf:

„Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur vegna embættisanna heima fyrir, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Jón Kjartansson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Guðlaugur Gíslason."

Ég býð Jón Kjartansson velkominn til þings.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, mælti

forseti (FS): Það hafa borizt svofelld fjögur bréf frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 13. marz 1962.

Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurður Bjarnason ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Og annað bréf samsvarandi frá forseta Nd., dagsett sama dag:

„Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Sveinn S. Einarsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Og í þriðja lagi bréf frá forseta Nd., dags. sama dag, á þessa leið:

„Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður landskjörinna þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Og í fjórða og síðasta lagi bréf frá forseta Nd., dags. sama dag, á þessa leið:

„Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og verð fjarverandi í næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Margrét Sigurðardóttir húsfrú, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Allir þessir varaþingmenn hafa áður setið á þingi og kjörbréf þeirra hafa verið rannsökuð og samþykkt. Þeir taka nú sæti á Alþingi, og býð ég þá alla velkomna.

Á 43. fundi í Sþ., 16. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Áður en rannsókn kjörbréfs fer fram, vil ég leyfa mér að lesa bréf, sem borizt hefur frá forseta Nd., dags. Reykjavík, 14. marz 1962:

„Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu viku vegna embættisanna heima fyrir, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar."

Kjörbréf Daníels Ágústínussonar hefur áður verið rannsakað og samþykkt. Hann er mættur hér, og ég býð hann velkominn.

Þá hefur borizt bréf frá forseta Ed., dags. Reykjavík, 15. marz, á þessa leið:

„Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 2. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Guðbjartsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis til handa Gunnari Guðbjartssyni. Ég mælist til, að kjörbréfanefnd rannsaki kjörbréfið nú þegar og haldi fund um það, og verður gert hlé á þessum fundi, á meðan sú athugun fer fram, en áður en fundur hefst hér að nýju, verður hringt til fundar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Gunnar Guðbjartsson bónda á Hjarðarfelli, sem óskað er eftir að taki sæti í forföllum 1. þm. Vesturl., Ásgeirs Bjarnasonar. Gunnar Guðbjartsson er 2. varamaður á lista Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, en eins og lýst hefur verið af forsetastóli, hefur 1. varaþingmaður Framsfl. í því kjördæmi þegar tekið sæti á Alþingi. Kjörbréfanefnd mælir með því, að kosning Gunnars Guðbjartssonar sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Gunnar Guðbjartsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 74. fundi í Nd., 26. marz, mælti

forseti (RH): Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. marz 1962.

Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur vegna annríkis, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Pétur Sigurðsson.

Til forseta neðri deildar".

Kjörbréf varamannsins hefur þegar verið athugað, og tekur hann því sæti í deildinni, og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn.

Á 81. fundi í Nd., 2. apríl, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur vegna embættisanna heima fyrir, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Pálmason fyrrv. ráðherra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gunnar Gíslason."

Ég býð Jón Pálmason velkominn aftur til þings.

Á 51. fundi í Sþ., 7. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Það hefur borizt bréf frá forseta Nd., svo hljóðandi:

„Reykjavík, 6. apríl 1962.

Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur vegna embættisanna heima fyrir, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að annar varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Guðjón Jósefsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með til-

kynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra, til handa Guðjóni Jósefssyni sem 2. varaþingmanni Sjálfstfl. í því kjördæmi. Ég mælist til þess, að kjörbréfanefnd taki kjörbréfið til meðferðar nú þegar, og mun gera hlé á fundinum, þannig að henni gefist tækifæri til þess, og verður hringt til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir bréf það frá forseta Nd., er áðan var hér upp lesið. Fyrir fundinum lá einnig kjörbréf til handa Guðjóni Jósefssyni bónda á Ásbjarnarstöðum frá yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Nefndin samþykkti að taka kosningu Guðjóns Jósefssonar gilda og mælir með samþykkt kjörbréfsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Guðjón Jósefsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Guðjón Jósefsson hefur nú undirritað eiðstaf, og býð ég hann hér með velkominn.

VIII. Kosningar.

1. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 34. fundi í Ed., 15. des., var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1965.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Garðar Jónsson verkstjóri.

2. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 6 ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1967.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mér skilst, að það sé talið, af því að hér á að kjósa aðeins einn mann, að þá þurfi það að vera skriflegt kjör. Mig minnir að vísu, að það hafi ekki verið áður, þegar þetta hefur verið gert. Það kann að vera misminni. En ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, hvort það þá leyfðist ekki að gera uppástungu, og ef það teldist svo, þá vildi ég leyfa mér að leggja til, að frú Gunnlaug Briem yrði kjörin í þetta starf.

Ekki voru aðrir tilnefndir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væri án atkvgr.:

Gunnlaug Briem.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Jón Pálmason fyrrv. ráðherra (A),
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

4. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning 5 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Magnús Jónsson alþm. (A),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B),
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (C).

5. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri (A),

Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Sigurður Ágústsson alþm. (A),
Jóhann Möller verkamaður (A),
Þóroddur Guðmundsson fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Jónas G. Rafnar alþm. (A),
Jón Kjartansson forstjóri (B),
Eyþór Hallsson skipstjóri (A),
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri (A),
Tryggvi Helgason bæjarfulltrúi (C).

6. Síldarútvegsnefnd.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

7. Stjórn landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum og endurskoðendur.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað .og .Njarðvíkurhreppi og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1965, samkv. 4. og 13. gr. l. nr. 23 6. maí 1955.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu hafnarstjórnarinnar komu fram þrír listar. Á A-lista voru Alfreð Gíslason, Ólafur Björnsson; á B-lista Jón G. Pálsson; á C-lista Bjarni Einarsson skipasmiður. — A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Alfreð Gíslason bæjarstjóri (A),
Jón G. Pálsson fiskmatsmaður (B),
Ólafur Björnsson skipstjóri (A).

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Guðmundur Guðmundsson framkvstj. (A),
Valtýr Guðjónsson forstjóri (B).

8. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (A),
Magnús Már Lárusson prófessor (B),
Matthías Þórðarson fv. þjóðminjavörður (A).

9. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja manna í stjórn minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum, til 6 ára, frá 1. jan. 1962 til 31. des. 1967.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Jónsson verkfræðingur (A),
Jón Gauti Pétursson bóndi (B).

10. Vinnutímanefnd.

Á 31. fundi í Sþ., 19. des., var tekin til meðferðar **kosning fimm manna nefndar til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á átta stunda vinnudegi meðal verkafólks, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þál. samþ. á Alþ. 18. des. 1961.**

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því hlutu kosningu án atkvgr.:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (A),
Björn Jónsson alþm. (C).

11. Raforkuráð.

Á 24., 33. og 41. fundi í Sþ., 15. des., 7. febr. og 14. marz, var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í raforkuráð til fjögurra ára, frá 1. jan. 1962 að telja til 31. des. 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 50. gr. raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ingólfur Jónsson ráðherra (A),
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri (B),
Magnús Jónsson alþm. (A),
Bragi Sigurjónsson ritstjóri (A),
Einar Olgeirsson alþm. (C).

12. Húsnæðismálastjórn.

Á 49. fundi í Sþ., 5. apríl, var tekin til meðferðar

kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til fjögurra ára frá gildistöku laganna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til húsbygginga o. fl.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Ragnar Lárusson skrifstofustjóri (A),
Hannes Pálsson fulltrúi (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (A),
Guðmundur Vigfússon borgarfulltrúi (C).
Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Magnús Jóhannesson borgarfulltrúi (A),
Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Árni Grétar Finnsson lögfræðingur (A),
Óskar Hallgrímsson rafvirki (A),
Sigurður Sigmundsson fulltrúi (C).

13. Stjórn atvinnubótasjóðs.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var tekin á dagskrá
kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnubótasjóðs, þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. nýafgreiddra laga frá þinginu um atvinnubótasjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu við kosningu aðalmanna þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Magnús Jónsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Emil Jónsson ráðherra (A),
Tryggvi Helgason bæjarfulltrúi (C).
Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jónas Pétursson alþm. (A),
Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Jón Árnason alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (C).

14. Stjórn byggingarsjóðs verkamanna.

Á 52. og 56. fundi í Sþ., 11. og 16. apríl, var tekin á dagskrá
kosning stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 9. gr. og bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um verkamannabústaði, allra til fjögurra ára frá gildistöku laganna.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Sþ., 16. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Gunnar Helgason erindreki (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (A),
Finnbogi R. Valdimarsson bankastjóri (C).
Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Bjarni Bachmann kennari (A),
Þórarinn Sigurðsson erindreki (B).

15. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning fimm manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1962 til skálda, rithöfunda og listamanna, samkv. þál., nýafgreiddri frá Alþingi, um úthlutun listamannalauna.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Helgi Sæmundsson form. menntam.ráðs (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

16. Eftirlitsmaður með opinberum sjóðum.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá
kosning eftirlitsmanns með opinberum sjóðum til ársloka 1964 í stað Þorsteins Þorsteinssonar fyrrum sýslumanns og alþingismanns, sem andaðist 15. febr. s. l.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

IX. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Álfheiður Gísladóttir, Jónas Kristjánsson, Ásgeir B. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Auður Böðvarsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ólafsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Fríða Halldórsdóttir, Sigríður Guðbrandsdóttir, Jóhanna Edwald, Jóhanna Sigurðardóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Sigtryggur Jónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson.

Þingsveinsstörf:
Ögmundur Árnason (til 31. jan.), Skafti Stefánsson (frá 1. febr.), Árni E. Stefánsson, Gunnar Ársælsson, Stefán Ó. Guðmundsson, Stefán Einarsson, Þorkell Stefánsson, Hannes B. Freysteinsson (frá 24. apríl), Magnús Marísson (til 31. jan.), Jón Þórðarson (frá 1. febr.), Stefán Hjaltested, Eyjólfur Alfreðsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Emilsson (frá 18. nóv.).

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ella Guðmundsdóttir, Sigrún Einarsdóttir (til 30. nóv. og 6.—15. marz).

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Ragnar T. Árnason, Bragi Steinarsson (í forföllum).

X. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 36. fundi Ed., 16. des., mælti

forseti (SÓÓ): Það er gert ráð fyrir, að þetta verði síðasti fundur Ed. Alþ., áður en þinghlé hefst, sem verður að líkindum n. k. þriðjudag. Þm. hverfa nú hver til síns heima, sumir um langan veg. Ég óska öllum góðrar heimferðar, ánægjulegrar heimkomu, ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegra jóla og farsæls nýs árs, og megum við svo öll hittast heil til starfa að loknu þinghléi.

Karl Kristjánsson: Ég veit, að ég mæli það, sem þið hv. þdm. viljið allir taka undir, þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir hans vinsamlegu orð og hlýju hátíðaróskir og heimfararóskir í okkar garð. Jafnframt vil ég tjá honum þakkir fyrir hans prúðmannlegu forsetastörf og óska honum góðrar heimferðar og heimkomu og árna honum og hans vandamönnum gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Hittumst svo öll heil að þinghléi loknu. Ég bið ykkur, hv. þdm., að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð og góðu óskir í garð minn og fjölskyldu minnar. — Fleiri mál eru ekki á dagskrá fundarins. Fundi er slitið.

Á 39. fundi í Nd., 19. des., mælti

forseti (RH): Þessi fundur mun vera hinn seinasti, sem þessi hv. deild heldur á þessu ári. Af því tilefni vil ég leyfa mér að óska hv. þdm., hæstv. ríkisstj. og þeirra fjölskyldum gleðilegra jóla og alls velfarnaðar á hinu nýja ári. Hins sama leyfi ég mér að óska öllu starfsfólki Alþingis. Sérstaklega vil ég óska þeim þdm., sem nú hverfa til sinna heimkynna um langan veg, fararheilla og góðrar heimkomu. Ég þakka af heilum hug hv. þdm. öllum ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Sömuleiðis þakka ég skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis liðsinni og gott samstarf. Ég vil láta í ljós þá ósk, að við megum öll hittast hér heil að loknu þinghléi, sem væntanlega verður ekki síðar en hinn 1. febr. á næsta ári.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í garð okkar þdm. Ég vil jafnframt þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þdm. og góða og réttláta fundarstjórn. Ég vil jafnframt óska forseta og fjölskyldu forseta gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (RH): Ég leyfi mér að þakka hv. 4. þm. Austf. hlýleg orð og árnaðaróskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þdm. fyrir þeirra undirtektir. Til fundar að loknu þinghléi verður boðað með dagskrá. Þessum fundi er slitið.

Á 31. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (FS): Samkvæmt forsetabréfi, sem staðgöngumaður hæstv. forsrh. mun nú brátt birta um frestun funda Alþingis, verður þetta væntanlega síðasti fundur Alþingis á þessu ári. Ég vil þakka hv. þm. samstarfið og samvistirnar á þessu þingi. Ég óska þeim og fjölskyldum þeirra, svo og skrifstofustjóra og öðru starfsfólki Alþingis, gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Ég vona, að við megum öll hittast heil hér á Alþingi, þegar það kemur saman aftur eftir áramótin.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í garð okkar þingmanna og okkar fólks. Þá vil ég þakka hæstv. forseta fyrir mjög góða stjórn á fundum í sameinuðu Alþingi. Loks vil ég — og veit, að ég tala þar í nafni allra hv. þm. — óska

hæstv. forseta gleðilegra jóla og góðs nýs árs og þakka fyrir það liðna og bið menn að taka undir þetta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir góðar óskir og hlý orð í minn garð, og hv. þm. þakka ég fyrir að hafa tekið undir þær.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hæstv. forsrh., sem getur ekki sótt þennan þingfund sakir sjúkleika, hefur beðið mig að birta þingheimi skjöl um þingfrestun.

Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 82. löggjafarþings, frá 19. des. 1961, eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 1. febr. 1962.

Gert í Reykjavík, 19. des. 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Hæstv. forsrh. hefur í dag ritað svo hljóðandi bréf:

„Samkvæmt umboði í forsetabréfi um frestun á fundum Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis, 82. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja, og verður það kvatt til funda að nýju eigi síðar en 1. febr. 1962.

Bjarni Benediktsson."

Ég vil í nafni ríkisstj. óska alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gleðilegra jóla og farsæls nýárs, þakka samstarf á því ári, sem nú er senn á enda runnið, og láta í ljós þá von, að við hittumst heil á næsta ári á Alþingi Íslendinga.

Forseti (FS): Fyrir hönd Alþingis þakka ég hæstv. ráðherra fyrir góðar óskir hans okkur þingmönnum til handa. Segi ég svo þessum fundi slitið.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Hinn 18. jan. 1962 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi, 82. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar fimmtudaginn 1. febr. 1962, kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 18. jan. 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég vil leyfa mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (FS): Samkvæmt forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og annarra hv. þingmanna. Jafnframt býð ég hann sérstaklega velkominn, er hann tekur nú sæti á Alþingi eftir nokkra fjarveru. Hv. alþingismenn býð ég velkomna til Alþingis og óska þeim velfarnaðar á hinu nýja ári, sömuleiðis starfsfólki Alþingis, um leið og ég þakka gott samstarf og góð kynni á liðnum árum.

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., mælti

forseti (BH): Ég vil leyfa mér á þessum fyrsta fundi deildarinnar að bjóða hv. þdm. alla velkomna til starfa á ný og óska þeim farsældar á hinu nýbyrjaða ári.

XI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 98. fundi í Ed., 17. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar. Þetta verður síðasti fundur Ed. á þessu þingi. Ég vil í því tilefni færa ykkur öllum, hv. þdm., þakkir fyrir ánægjulega samvinnu á því þingi, sem nú er að ljúka störfum. Ég þakka ykkur góða fundarsókn og stundvísi. Þá vil ég sérstaklega þakka skrifurum deildarinnar fyrir sérstaka skyldurækni og stundvísi í sínu starfi. Varaforsetum þakka ég mér veitta aðstoð. Skrifstofustjóra Alþingis, fulltrúum hans og starfsfólki Alþingis öllu þakka ég fyrir ánægjulega samvinnu. Ykkur, hv. þdm., sem nú hverfið heim, sumir um langan veg, óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ykkur og fjölskyldum ykkar og öllu starfsfólki þingsins óska ég gleðilegrar páskahátíðar og gleðilegs sumars. Ég vona svo, að við megum öll hittast heil, þegar þing tekur aftur til starfa á komandi hausti.

Karl Kristjánsson: Erindi mitt í ræðustólinn á þessari kveðjustund er, að ég vil leyfa mér fyrir hönd hv. þdm. að þakka okkar ágæta forseta fyrir forsetastarf hans á þessu þingi. Og um leið vil ég líka þakka hans hlýju orð og árnaðaróskir í garð okkar þdm. Jafnframt vil ég taka undir þakkir hans og óskir til starfsfólks þingsins.

Um leið vil ég svo óska hæstv. forseta góðrar heimkomu, gleðilegrar páskahátíðar og gleðilegs sumars. Sú ósk gildir fyrir hann og hans vandamenn. Hittumst svo öll heil að liðnu farsælu sumri. Má ég biðja hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn

garð og fjölskyldu minnar. Ég vil svo endurtaka óskir mínar til ykkar allra um gleðilegt sumar, gleðilegt og ánægjulegt sumar.

b. Í neðri deild.

Á 98. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (RH): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd, en þar sem ég geri ráð fyrir, að þessi fundur muni verða hinn seinasti á þessu þingi, vil ég leyfa mér að þakka hv. þdm., skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis ánægjulega viðkynningu og gott samstarf á þessu þingi. Þessum sömu aðilum og þeirra fjölskyldum leyfi ég mér að óska gleðilegrar páskahátíðar og allra heilla á því sumri, sem nú fer í hönd. Þeim, sem nú hverfa til síns heima um langan veg, vil ég sérstaklega óska fararheilla og góðrar heimkomu og ítreka þakkir mínar til þeirra og annarra þdm. fyrir samstarfið á liðnum vetri.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta góð orð og góðar óskir í vorn garð og taka undir óskir hæstv. forseta og þakkir til starfsmanna þingsins. Oss þm. er öllum ánægja að því að geta þakkað hæstv. forseta, þeirri ungu og fögru konu, sem skipar nú í fyrsta skipti íslenzkra kvenna það heiðurssæti að vera forseti neðri deildar, fyrir réttláta og röggsama fundarstjórn, fyrir góða samvinnu við okkur þm. Ég vil í nafni þdm. óska henni og hennar fjölskyldu gleðilegs sumars og að við megum sjá hana aftur og hittast öll að hausti og að hennar fjölskyldu og henni sjálfri megi líða vel í sumar. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (RH): Ég leyfi mér að þakka hv. 3. þm. Reykv. hans góðu og fögru orð og hv. þdm. þeirra undirtektir. Fundi er slitið.

XII. Þinglausnir.

Á 58. fundi í Sþ., 18. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 19. des. 1961 og frá 1. febr. til 18. apríl 1962, alls 148 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	98
– efri deild	98
– sameinuðu þingi	58
Alls	254 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	44		
b. Lögð fyrir efri deild	38		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		84	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	43		
b. Borin fram í efri deild	14		
		57	
			141

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 8 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 4 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	74		
Þingmannafrumvörp	14		
		alls	88
b. Fellt:			
Þingmannafrumvarp			1
c. Afgreidd með rökst. dagskrá:			
Stjórnarfrumvörp	1		
Þingmannafrumvörp	4		
			5
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum			5
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	9		
Þingmannafrumvörp	33		
			42
			141

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	73	
b. Bornar fram í neðri deild	2	
		75
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	23	
b. Felldar	3	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	1	
d. Ekki útræddar	48	
		75

III. Fyrirspurnir.

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 19, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 11

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema ein.

Mál til meðferðar í þinginu voru alls	227
Tala prentaðra þingskjala	837

Síðan mælti

forseti (FS): Háttvirtir alþingismenn. Þetta var skýrsla sögð með tölum um störf Alþingis, hins 82. löggjafarþings Íslendinga. Fjölmörg vandamál hefur verið um fjallað, og margvísleg löggjöf, meira eða minna þýðingarmikil, hefur verið sett. Ágreiningur hefur verið uppi um mörg þessara mála, og er slíkt ekki tiltökumál, enda getur margt orkað tvímælis. Þar sem fullt skoðanafrelsi ríkir, er eðlilegt, að slíkt eigi sér stað, og er það raunar ekki umtalsvert. Reynslan mun hins vegar skera úr á sínum tíma um gildi þess, sem gert hefur verið.

Þar sem þessi verður hinn síðasti fundur Alþingis þess, sem nú situr, vildi ég mega nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. alþingismönnum og hæstv. ríkisstj. fyrir góða samvinnu og vinsamlegt samstarf, er ég hef notið af

þeirra hendi á þessu þingi. Sérstaklega vil ég þakka varaforsetum sameinaðs Alþingis fyrir að hafa leyst mig af hólmi, þegar á hefur þurft að halda. Skrifurum þingsins og öllu starfsfólki þess þakka ég og góða samvinnu og gott starf, en annríki þess hefur verið öllu meira en áður hefur tíðkazt og vinnutími lengri. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og öllum hv. þingmönnum og fjölskyldum þeirra óska ég gleðilegrar páskahátíðar og velfarnaðar á sumri því, sem nú fer í hönd, og vona, að við megum hittast heilir, er Alþingi kemur saman að nýju á næsta hausti. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra hv. þingmanna, þegar ég óska landsmönnum öllum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir ágæta stjórn á fundum sameinaðs Alþingis og góða samvinnu um þinghaldið. Ég veit, að ég tala fyrir munn alls þingheims, þegar ég þakka hæstv. forseta mjög vel fyrir hans hlýju kveðjur til okkar þingmanna og flyt honum árnaðaróskir og hans fjölskyldu. Ég vil einnig óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og vona, að við eigum eftir að sjá hann hér heilan að hausti. Ég vil biðja þingheim að taka undir þessar óskir í garð hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir hlý orð og árnaðaróskir og öllum hv. alþingismönnum fyrir að hafa tekið undir þær.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Það vill svo til að þessu sinni, að þinglausnir ber upp á síðasta vetrardag. Ég þakka öllum hv. þingmönnum fyrir veturinn og óska þeim gleðilegs sumars.

Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 82. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 18. apríl 1962.

Gert í Reykjavík, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir.“

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur reis úr sætum, og **forsrh., Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.